Undir afstæðum himni

Samtöl og dagbókarblöð

Bók þessi er gefin út
í 300 eintökum.

Matthías Johannessen

Undir afstæðum himni

Samtöl og dagbókarblöð

ÁRVAKUR HF.

Umdir afstæðum himni – Samtöl og dagbókarblöð
© Matthías Johannessen 2000
Prentsmiðja Morgunblaðsins
Prentsmiðjan Oddi hf.
ÁRVAKUR hf. · Reykjavík · 2000

ISBN 9979-9208-6-6

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti,
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á
annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild,
án skriflegs leyfis höfunda og útgefanda.

Barnið og ókindin

HÖFUNDUR GUÐMUNDUR DANÍELSSON

„Ég er fæddur Alþingishátíðarárið. Jóhannes afi minn var formaður Alþingishátíðarnefndar og hafði víst nóg að gera. Hann þurfti að tala við kónginn og hafði lítinn tíma fyrir mig. Við bjuggum í Kirkjustræti. Þegar móðir mín gekk með mig stóðu blaðsölustrákar á götuhornum og seldu Tímann með þessum áhrifamiklu meðmælum með efni blaðsins:

„Jóhannes bæjarfógeti Alberti Íslands!“

Þetta voru fyrstu kynni mín af svokallaðri íslenskri pólitík. Það var á þessum árum sem Kristján tíundi sagði við Jónas frá Hriflu:

„Ég hef heyrt þér séuð að leika hér lítinn Mússólíni.“

En heyrðu, þetta á ekki að vera nein ævisaga. Það nær öngri átt.“

„Nú? Hvurs vegna?“

„Maður á mínum aldri! Þú sérð það sjálfur. Þeir segja að allir karlar og allar kerlingar séu að skrifa ævisögur sínar. Ég hef nóg á minni könnu þó ég fylli ekki þann flokk.“

„Ég var ekki að biðja þig um ævisögu. En hvað segði blaðamaðurinn í þér við því, ef allir neituðu að tala við þig?“

„Ég er ekki „allir“. Skrifaðu við mig samtal þegar ég verð sextugur.“

„Það er of seint.“

„Því þá það?“

„Þá verð ég áttræður og hausinn á mér orðinn fullur af kalki.“

„Jæja, ég skal þá segja þér, að Jóhannes afi minn var prúðasti maður sem ég hef kynnst. Ég held að drengskapur hafi verið honum jafn eðlilegur veikleiki og skroið sem hann tuggði án tilburða. Hann tók aldrei í nefið, líklega hefur honum fundist það of áberandi. Í hvurt skipti sem Íslendingar taka í nefið er eins og himinn og jörð séu að farast, það hriktir í sólkerfinu. Jóhannes afi var hlédrægur maður. Eina framhleypnin, sem ég man eftir í fari hans, var fastskorðuð sjálfsvirðing. Hann var séntilmaður á gamla embættismannavísu. Og hann var einstakur reglumaður. Einu áhrifin sem hernámsliðið, braskið og eyðslusemin höfðu á

hann voru þau, að skrolengjurnar stækkuðu um svipað leyti og pestarbæli Hitlers hrundi í rúst. Þá hafði ég kynnst honum einkarvel og við vorum góðir vinir. Ég sat oft hjá honum og hann spurði mig í þaula um skólann og námið. Hann minntist einstaka sinnum á bekkjarbræður sína, en hafði einkennilega lítinn áhuga á því sem var að gerast. Þegar hann, sextugur að aldri, beið pólitískt skipbrot, kvaddi hann lífið, dró sig inn í skel heimilisins. Einu afskipti hans af tilverunni voru göngutúrar, sem hann fékk sér hvurn dag, gekk þá hægt og virðulega um götur bæjarins og tók ofan fyrir gömlu fólki. Hann var mikill á velli og fríður sýnum og nógu mikill smekkmaður til að minnast aldrei á pólitík á efri árum. Stundum raulaði hann við mig:

Það var barn í dalnum
sem datt ofaní gat,
en þar fyrir neðan
ókindin sat.
En þar fyrir neðan
sat ókindin ljót.
Náði hún naumlega
neðan í barns fót.
Náði hún naumlega
neðan í barn,
dró það út um dyrnar
og dröslaði út á hjarn.

Mér hefur dottið það í hug síðar, hvort hann hafi verið að vara mig við hirðmönnum Goðmundar á Glæsivöllum. Ég veit það ekki, hann sagði aldrei neitt.

Atvikin höguðu því svo, að ég var honum mjög handgenginn síðustu árin sem hann lifði. Í minningunni rís hann upp úr flatneskjunni eins og gróinn tindur.

Jóhannes afi dó í janúar 1950, sama árið sem ég varð stúdent. Ég vissi að hann var orðinn veikur, en vildi þó einhvurn veginn ekki trúa því að hann væri að kveðja þennan slitna heim. Í mínum augum var hann of stór partur af honum til að geta horfið eins og dögg fyrir sólu. Daginn sem hann lést fór ég að venju eldsnemma í skólann. Á heimleiðinni kom ég við á þingpöllunum, eins og venja mín var þegar ég gat komið því við, og ætlaði að hlusta á umræðurnar. Ég settist á áheyrendapallana, beið. Þingmennirnir tíndust

inn í salinn, svo stóð forseti þingsins upp og sagði: „Jóhannes Jóhannesson fyrrverandi bæjarfógeti og forseti Alþingis lést í morgun."

Þann dag brast einhvur taug í brjósti mínu. Hún hefur ekki gróið aftur. Ég held jafnvel að þeir hafi fellt niður þingfundi þennan dag, kannski hann hafi unnið fyrir því. Nokkru síðar var ég viðstaddur þegar hann var kistulagður. Þá sá ég andlit hans og skildi betur en áður, að dauðinn er „stirðnuð jörð undir klaka" eins og stendur víst í síðustu ljóðabók minni „Vor úr vetri". Á kistu hans voru öll heiðursmerkin, sem hann hafði hlotið. Þau voru ófá. En þau fóru ekki með honum í gröfina, það þótti mér skrýtið. Þau voru tekin af kistunni og síðan var þeim skilað aftur til réttra aðila. Þá fyrst gerði ég mér grein fyrir því, að hjómið verður eftir hérmegin grafar. Fornmenn hefðu sett heiðursmerkin í gröfina. Þau hefðu farið vel við hátimbraða veggi Valhallar. En okkar líf? Ætli það nái lengra en að gröfinni? Þar er því skilað til réttra aðila.

Hinn afi minn var norskur. Hann kom frá Bergen, varð ástfanginn af ungri stúlku í Reykjavík, fór svo aftur heim eins og skyldan bauð honum – en hvað heldurðu: auðvitað kom hann aftur. Ástin og skyldan, guð minn góður, síðan hvunær hafa þær verið systur? – Ég ber nafn þessa norska afa míns og af því geturðu séð, að Johannessen er ekki fordild ein. Uppruni okkar getur aldrei verið fordild, hann er einungis staðreynd. Matthías afi lést þrjátíu árum áður en ég fæddist, svo ekki er von að ég hafi orkt á hann orði. En þó finnst mér hann alltaf undarlega nálægur. Það er segin saga, að skyggnt fólk sér hann alltaf við hlið mér, samt svolítið á ská fyrir aftan mig, þennan myndarlega, svarthærða og alskeggjaða Norðmann, skapfestulegan og ákveðinn, og ávallt reiðubúinn að grípa í taumana, þegar útlit er fyrir að ég geri einhvurja vitleysu. Og hann hefur haft nóg að gera í því hlutverki: mér hættir til að vera fljótfær og sjást ekki fyrir. Og sjálfur trúi ég því að hann hafi forðað valtri sálarfleytu minni frá mörgum slæmum áföllum, og að án hans forsjár væri ég lagstur eins og hvur annar strandaður ryðkláfur í einhvurja brimfjöru mannlífsins, þar sem framsóknarmenn, kommúnistar og kjaftakerlingar stæðu sípískrandi, bendandi og hrópandi.

Frá þessum afa mínum fékk ég blóð eins dökkt og votur moldarsvörður, og eins reikult og óstýrilátt og íslensk veðrátta. Þegar þetta norska blóð blandaðist Blöndölum, Thorarensenum og öðrum Gyðingum röskuðust auðvitað öll náttúrulögmál. Eða hef ég ekki reynt að eyðileggja Ísland? Hef ég ekki gert árás á þjóðlega menningu? – Þarna sérðu! Samt er ég algerlega saklaus af hlutdeild í þessari einkennilegu blöndu. En við er-

um ekki spurð. Þú ert Rangæingur. Er ekki nóg á þig lagt með því? Forsjónin leggur sína kapla og þeir ganga sjaldnast upp. Jón Sigurðsson gekk ekki einu sinni upp. En það skiptir öngvu máli: hún leggur bara nýjan kapal og bíður eftir einhvurju, sem enginn veit hvað er. Það gerði líka Helga Magnea, amma mín í föðurætt. Ég var alnafni manns hennar, og hún bar svo mikla virðingu fyrir *nafninu*, að þegar ég var tveggja ára krafðist hún þess af hvurjum og einum, að hann péraði mig upp í hástert. Stundum spilaði hún við mig og sá þá um, að ég ynni alltaf. Ég hef hugsað hvað gerast mundi ef mennirnir umgengjust hvur annan með þessari auðmjúku reisn, trúlega mundi heimurinn farast. Þá væri taflinu lokið og hvur „iðrandi sál kvitt við guð". Ef ég hef snefil af mikilmennskubrjálæði, þá er enginn vafi á, að Freud mundi rekja það til þessa eina aðdáunarpunkts í lífi mínu. Til þess að þú skiljir betur þessa konu, get ég sagt þér að hún missti fjögur börn, þar af tvö með nokkurra mánaða millibili.

Ekki getur farið hjá því, að við fæðumst með í blóðinu einhvurn óljósan grun um harm og tortímingu. Hann sest að eins og kökkur í brjóstinu. Líklega hreinsast hann ekki burt nema á löngum tíma, og þá kemur nýr grunur. Þannig er séð fyrir jafnvæginu í jafnvægisleysi tilverunnar. En eins og óveðursskýin breytast í rigningu, þannig breytist þessi grunur oftsinnis í riss eða skáldskap, og eins og þú veist er rigningin oft góð fyrir jörðina.

Þú spyrð um Reykjavík. Já, ég er heldur stoltur af því að vera Reykvíkingur. Reykvíkingar eru að öðru jöfnu gott fólk. Þeir hafa gaman af að búa til sögur, þær eru eina drepsóttin af mannavöldum sem ég þekki. Borgin hefur löng eyru, þegar hún hlustar eftir ávirðingum sona sinna og dætra, en eyrun minnka eftir því sem hún stækkar. Við erum ekki kölluð „söguþjóðin" fyrir ekki neitt. En mér hefði svo sem verið sama þó að ég hefði fæðst annars staðar en í Reykjavík, til dæmis á Akureyri ef Örlygur Sigurðsson hefði búið í Reykjavík en ekki fyrir norðan. Og þó renna á mig tvær grímur þegar mér verður hugsað til þessa fallega bæjar og húmorsins þar. Þegar Páll Ísólfsson átti Afmælið, þá var honum haldið samsæti í Sjálfstæðishúsinu. Gestirnir þurftu að bíða í hálftíma eftir honum, en þegar hann gekk í salinn, stóðu gestirnir upp og sungu: „Ég beið þín lengi, lengi, mín liljan fríð." Aftur á móti héldu Akureyringar einu sinni upp á afmæli séra Matthíasar. Hann kom líka of seint eins og vera ber við slík tækifæri, en þá stóðu Akureyringar upp og sungu: „Ertu kominn, landsins forni fjandi?"

Nei, ég er ánægður með mitt hlutskipti. Fyrst ég er ekki fæddur í Sánkti Páli, vil ég helst vera Reykvíkingur, og það er ég að svo miklu leyti sem ég ræð sjálfur við.

Og enn rifjast upp nokkur atvik úr fábreytni æskudaganna. Mér hefur verið sagt, eins og það væru einhvur undur eða teikn, að Þórhallur biskup, sem bjó á Laufásveginum, hafi farið ríðandi til þings. Ekki er þetta eins merkilegt og það virðist í fljótu bragði. Þegar við bjuggum í Þvergötunni, var ég fjósamaður hjá Bögeskog, dönskum manni, sem bjó rausnarbúi hinum megin við götuna. Og skammt þar fyrir neðan stóð Vatnsþróin í allri sinni dýrð. Einhvurn veginn fannst mér hún standa mér nær en stæk og fúl bensínlyktin frá bílaverkstæði Egils Vilhjálmssonar á næsta horni fyrir neðan.

Og svo hófust þessir tilburðir sem kallast menntun barnanna, en er raunar að afklæðast persónuleikanum. Ég fór fyrst í tímakennslu, það voru þung spor. Ég sat lengi og velti fyrir mér hvurnig hægt væri að komast undan þessari áþján. Það var eins og að hugsa um, hvurnig hægt væri að losna úr fangelsi. En öll sund reyndust lokuð. Ekki var um annað að gera en þreyja þessa Síberíuútlegð fjarri sjálfum sér. Konan sem kenndi mér að lesa heitir Þórunn. Hún ólst upp með móður minni austur á Seyðisfirði og tók að sér starfið eingöngu fyrir vináttusakir. Mér hefur verið sagt að ég hafi haft litla ánægju af bókum þegar ég var barn. Ég vildi vera úti að leika mér, leita að peningum í fjörunni, sparka bolta. Þegar ég átti afmæli komu strákarnir sjaldnast með bækur. Þeir vissu að ég vildi ekki sjá þær. Ég var minnst bókmenntalega sinnaður af þeim öllum, las aldrei neitt nema það sem á mig var lagt, að sumu leyti á þetta við mig enn. Þó fannst mér gaman að hlusta á föður minn lesa Róbinson Crúsó, ekki vegna þess ég bæri virðingu fyrir skáldskapnum, heldur þótti mér þetta tilbreyting frá götunni: að komast til annarra landa þar sem villimenn voru partur af tilverunni og rosaleg ævintýri gerðust. Svona lagað fannst mér nýtilegt fyrir líkama og sál. Síðan þá hef ég ekki þurft að leggja stund á Róbinson Crúsó til að kynnast sæmilegum villimönnum.

Þegar ég nú hugsa um þetta, þá dettur mér í hug, hvort það geti verið niðurbældur hefndarþorsti, þegar ég skrifa bækur mínar. Er ég að ná mér niðri á bókmenntunum? Ég veit það ekki. En þú getur látið Freud lesa í málið ef þú vilt. Og þeim gagnrýnendum, sem vilja komast að því, hvurs vegna ég skrifa jafn illa og raun ber vitni, bendi ég á þennan möguleika.

Svo var ég sendur í Miðbæjarbarnaskólann, þó ég bæri alltaf litla virðingu fyrir þessu timburbákni. Heldur hækkaði þó gengi stofnunarinnar þegar ég sá skólastjórann. Hann líktist „Stóra“ í dönsku kvikmyndunum, já, þarna var hann kominn. Ekki hafði ég haldið að nokkur skóli hefði slíkt

tromp á hendi. Þannig atvikaðist það, að Hallgrímur Jónsson var um skeið rósin í hnappagati íslenskrar menningar.

En svo komst kennarinn að því, að ég hafði meiri áhuga á jakahlaupi á Tjörninni en lestri og reikningi, og af einhvurjum húmorlausum ástæðum kunni hann ekki að meta svo eðlilegt mat manns á mínu reki, að það hljóp í hann einhvur þvergirðingur. Ég lét mér fátt um finnast: Tjörnin var heillandi ævintýri, og þarna stóðu stelpurnar með flaksandi hár, sem ekkert átti skylt við hundaþúfuhárið nú á dögum, þennan vaggandi strýtuhrauk, og þær biðu þess í ofvæni að maður hlypi jakana með riddaralegum bravör. Þetta var mjög freistandi og algert aukaatriði hvort við næðum landi rennvotir eða þurrir. Síðan hefur mér alltaf þótt eftirsóknarvert að taka þátt í jakahlaupi lífsins. Samt máttu ekki halda að ég sé nokkur hetja, því síður karlmenni. Ég hafði ungur fengið skarlatssóttina og var nærri dauður úr henni. Eins og þú sérð í „Jörð úr ægi“, gekk ég árum saman með brennimark þessa sjúkdóms í brjóstinu, líkamlega veiklun og minnimáttarkennd. Aðaláhugamál nokkurra bestu vina minna í þá daga var nefnilega að minna mig á þennan sjúkdóm, auðvitað af einskærri góðmennsku:

„Réttu úr kryppunni. Réttu úr bakinu, Matthías,“ sögðu þeir hvur í kapp við annan, og hættu ekki fyrr en ég hafði með langvinnum þrautum og fyrirhöfn komið bakinu í nokkurn veginn réttar skorður. Þetta endaði auðvitað með því að ég fékk skarlatssóttina á sálina, og ég held hún hafi leikið hana mun verr en líkamann, ekki síst vegna þess að faðir minn tók þátt í þessari „heilsurækt“!

Í annað skipti hef ég verið nær dauða en lífi. Þá var ég í vegavinnu á Vatnsskarði. Við sváfum í tjöldum og vorum þrír í hvurju tjaldi. Eitt sinn sofnuðum við út frá logandi olíueldavélinni. Við vöknuðum tveimur eða þremur tímum seinna úti í móa, kolsvartir af sóti utan og innan. Ég hóstaði sóti marga daga á eftir. Nokkrir félagar okkar höfðu farið á ball í Skagafirði, það bjargaði lífi okkar. Ef þeir hefðu verið heima, þá hefðu þeir sofnað eins og við hinir og einhvur hefði fundið okkur dauða í rúmunum næsta morgun. En vegir guðs eru órannsakanlegir. Að hugsa sér að eiga líf sitt að launa balli uppi í sveit – með heysátum og landabruggi. Þegar strákarnir komu heim, þá rauk út úr tjaldinu okkar. Þeim þótti þetta undarlegt þó fullir væru, kíktu inn og urðu á samri stundu alls gáðir: þeir rifu tjalddyrnar upp á gátt og báru okkur út. Þá vorum við komnir drjúgan spöl inn í astralplanið. En ekki minnist ég þess að hafa séð þar neitt merkilegt, ég svaf aðeins þungum meðvitundarlausum svefni, og ætti það að vera þó

nokkurt vatn á myllu þeirra sem halda að lífið sé ekki annað en bein og vöðvar.

Þegar ég vaknaði, sögðu strákarnir:

„Við héldum þú værir dauður.“

Ég svaraði öngvu, hóstaði bara sóti og velti því fyrir mér, hvað Valadalshnjúkur væri nærri mér, þar sem hann bar við bláan himin. Svo fór ég að hugsa um himininn og var ekkert hræddur. Þá var maður enn ekki orðinn haldinn þessari naflastrengstilfinningu, sem kölluð er dauðageigur. En því get ég bætt við, að ég mun láta það verða mitt fyrsta verk í eilífðarlandinu, að útmála Vatnsskarðssótið fyrir Sánkti Pétri, þegar hann lítur döprum augum á svarta sál mína.“

Í Vikunni, 6. tbl. 1980, staðfestir Steingrímur Hermannsson ráðherra alveg óvænt þessa frásögn Matthíasar:

„Annars lá við að við Matthías Johannessen ættum ekki afturkvæmt úr vegavinnunni eitt sumarið. Við vorum saman í tjaldi og höfðum prímus til upphitunar. Eitt kvöldið höfðum við skrúfað niður í honum án þess að eldurinn slokknaði alveg. Hann ósaði mjög en við vorum steinsofnaðir. Það vildi okkur til lífs að einn af vinnufélögum okkar, Þorkell Sakaríasson, var að fara með síld frá Sauðárkrók í Vatnshlíð, kom seint heim um nóttina, sá reykinn og reif upp tjaldið. Ég rankaði fljótlega við mér, en það tók töluverðan tíma að koma Matta til.“

Matthías heldur áfram:

„En Skagafjörðurinn er ógleymanlegur, þar átti ég margar góðar stundir. Þar, á Höfðaströnd, var Jóhannes afi alinn upp. Og þegar hann lýsti einhvurju fallegu, líkti hann því alltaf við útsýnið til Drangeyjar og Þórðarhöfða. Í Skagafjörð sótti ég margvíslega reynslu sem hefur orðið mér notadrjúg. Þar fékk ég lús í hárið. Það voru fyrstu kynni mín af okkar marglofuðu þjóðlegu menningu. En fólkið var gott.

Já, þessi þjóðlega menning, sem alltaf er verið að tönnlast á – hvað er hún? Er hún Líkafrónsrímur kveðnar á kvöldvöku norður í Mývatnssveit? Er hún sagan, sem sögð er austan úr Skaftafellssýslum um mann, sem spurði nágranna sinn hvað þessi ungi maður, Ásgrímur Jónsson, væri að starfa.

„Hann hefur verið að mála jökulinn í dag,“ sagði nágranninn.

„O, hvur askotinn, það verður ekkert smáræði af málningu, sem hann þarf til þess!“

Eða er íslensk menning falin í ummælum föður Ásgríms, þegar hann kom eitt sinn á sýningu hjá syninum:

„Ógn er þetta nú víst fallegt hjá honum Ásgrími mínum. En einhvurn veginn finnst mér nú samt gömlu myndirnar hans betri. Þetta er orðið eitthvað svo skræpótt hjá honum í seinni tíð. Það besta sem ég hef séð eftir hann er málverk sem hann gerði af gamalli mynd, sem við áttum af Jósef og Maríu. Ég man sérstaklega eftir því, hvað hann náði vel svipnum á Jósef."

Ef þetta sem ég hef nú nefnt er sú fræga þjóðlega menning Íslendinga, þá geturðu rétt ímyndað þér hvurnig það er að vera atómskáld á Íslandi.

En Tjörnin – hún er frábær, og það var þjóðsöguleg morgunskíma yfir Reykjavík, þegar karlarnir komu á hestasleðum frá Nordalsíshúsi að sækja álnarþykka jaka. Sumir karlarnir voru með íshröngl í skegginu, aðrir tóku í nefið og höfðu sultardropa, sem lak ofan um þá, af því að kaupið var svo lágt. Þetta voru góðir karlar og einu þjóðsagnapersónurnar sem ég hef kynnst. Svo kom að því að ég var sendur í Landakotsskólann, eins og þegar óreglupésar eru settir í ögun til séra Sigurðar í Hraungerði. Ástæðan var sú, að við áttum að læra náttúrufræði eftir Bjarna Sæmundsson, bók með gulri kápu og geirfugli framaná, ef ég man rétt. Kennarinn sagði að bókin væri ófáanleg og við yrðum að leita hennar í fornbókaverslunum. Það var ævintýri út af fyrir sig að hafa gullgilda ástæðu til að fá að gramsa í þessum rykföllnu kompum. Eftir nokkra leit komst ég að því, að fáein eintök voru til af bókinni hjá fornsala einum í bænum, og þegar minn virðulegi kennari spurði okkur krakkana, hvort við hefðum rekist á eintak, rétti ég upp höndina og hugðist nú loksins vinna eitt sæmilegt afrek.

„Hvað er það, Matthías?" spurði kennarinn, Jóhannes Líndal.

„Ég veit hvar náttúrufræðin fæst," sagði ég, „hún fæst hjá honum Sódó."

Ekki vissi ég þá hvað þetta orð þýddi, en hafði aldrei heyrt veslings kaupmanninn nefndan öðru nafni. En þarna stóð kennarinn fyrir framan mig rauður og þrútinn í andliti og glápti á mig orðlaus. Ég hef aldrei séð siðgæðisvitund þjóðarinnar jafn áþreifanlega í einni persónu. Þarna belgdist kennarinn út og stækkaði: eða var það samviskubit mitt sem stækkaði hann? Ég vissi að nú hafði mér orðið mikið á, og ég sá mína sæng upp reidda.

Rétt var það: mælirinn var fullur – götustrákurinn kjaftfori var sendur í Landakotsskólann og þó var ég heldur fámáll á þessum árum, feiminn og inní mig. Þar var fólk sem kunni að slá á rétta strengi, ná úr þeim lagi, og síðan hefur aldrei komið neitt fyrir mig á þessari píslargöngu velferðar-

ríkisins, sem kölluð er skólaganga. Af þeim skólum, sem ég hef kynnst, þykir mér vænst um Landakot og Háskólann. Ástæðan er sú, að jafnframt því sem Landakotssystur efldu trú mína á guð, styrktu þær trú mína á sjálfan mig. Háskólann nefndi ég vegna þess að þar fannst mér ég vera frjáls maður, þar hef ég eignast marga bestu vini mína, og þar ríkti gleðin ofar hvurri kröfu. En ég er að sjálfsögðu einnig þakklátur fyrir þá vini, sem ég eignaðist í Menntaskólanum, þó að mér leiddist heldur í þeirri virðulegu stofnun.

Annars er orðið langt síðan þetta var og raunar engin ástæða til að rifja það upp. Nú er prentaraverkfall, svo í Morgunblaðinu sem annars staðar, og þess vegna nógur tími til að láta hugann reika. Ef ég væri hins vegar hagsýnn maður, sem ég er ekki, ætti ég eiginlega að vera öllum stundum uppi á heiðum og hálsum og skjóta hvítar rjúpur með loðnar tær, eins og aðrir prentsmiðjufóðurmeistarar. Bjarni Benediktsson hefur stundum sagt við mig að ég sé ekki nógu praktískur maður. Þetta er rétt. Meðal annars kemur það fram í því, að ég sit hér og tala við þig í staðinn fyrir að skjóta rjúpur í jólamatinn. Svona ráðdeildarlaus hef ég alltaf verið. Ég hefði átt að kaupa mér innmúraðan peningaskáp og setja á stofn heildsölu. Þess í stað streitist ég við það ár og síð að vera blaðamaður. Eykon segir ég sé svo hagsýnn og útsmoginn að auðvaldið megi þakka fyrir að ég lenti í blaðamennsku en ekki bísness. Þá hefði enginn afgangur orðið. Samt þekki ég mátt peninganna: Jóhannes afi gaf mér fimm hundruð krónur í fermingargjöf. Það voru miklir peningar þá, og mér fannst þeir gera mig sjálfstæðan og óhræddan við illt innræti heimsins. Og síðan þá hef ég oft spurt sjálfan mig, þegar mér hefur fundist ég ganga of langt í þá átt að fyrirlíta vald peninganna: „Þykir þér góður lambshryggur steiktur í ofni?“ „Já.“ „Þykir þér gaman að skreppa til Egilsstaða?“ „Já.“ „Þykir þér gaman að fara á leikarakvöldvökuna í Þjóðleikhúsinu?“ „Já.“ „Þykir þér gaman að borða í Naustinu?“ „Já.“ Og þá segi ég við sjálfan mig: „Þarna sérðu. Allt þetta kostar peninga, og án þeirra gætirðu ekki veitt þér neitt af því. Án þeirra mundirðu jafnvel missa suma vini þína.“ Og þá gefst ég upp fyrir efnishyggjunni og Mammoni. En ég vil samt taka fram, að ég hef aldrei borgað meira en 400 krónur í Klúbbnum. Finnst þér það ekki bera vott um allsæmilegan smekk?

Jæja, Guðmundur minn, langt er nú síðan við fórum á mis við æsku okkar, og flest gleymt sem betur fer. Ásmundur Sveinsson hefur sagt mér þá sögu frá Svíþjóð, að maður einn hafi gengið fram á verkamann, sem plægði akur. Hann spurði: „Er ekki erfitt að plægja í svona sterku

sólskini?“ „Jú,“ svaraði plægingarmaðurinn, „það er erfitt, en gengur samt.“ Síðan kvöddust þeir án þess að vita, að þeir voru bræður. Þeir höfðu ekki sést í þrjátíu ár. Ætli við glutrum ekki niður æsku okkar með svipuðum hætti? Hún fúnar eins og gömul flík í rakri geymslukompu og dettur sundur í slitrur, molnar og verður að mylsnu eins og brunnið bein undir fæti.

Nokkrum mánuðum áður en ég fór í Landakotsskólann höfðu foreldrar mínir flust í Hávallagötu. Hún er eini fasti punkturinn í lífi mínu. Þangað hef ég sótt jökulinn í ljóð mitt, hann óx eins og hvítt tré við endann á götunni eða hann reis öllu heldur úr sjónum, tær og með eilífðarsvip: „Þú ert dagurinn, sem hvarf með gleði okkar í jökulinn,“ segir í Hólmgönguljóðum: Og Landakotstúnið grænt og ilmandi – vorið í grasinu, það var í mínum augum það sama og Miðjarðarhafið var Rómverjum hinum fornu, „mare nostrum“. Það var áþreifanlegasta staðreynd í lífi okkar. Og svo kom Ferdínand hringjari kjagandi eftir túninu með hvítt alskegg, sem hefur eins og líf okkar dökknað með árunum. Með honum fórum við upp í turn og hringdum klukkunum. Það var síðdegisbænin. Nær himninum fannst okkur ekki hægt að komast, og ég er ekki viss um að við höfum komist nær honum síðan. Og svo hittum við Meulenberg gamla biskup á gangstígnum sunnan við Landakotsskólann. hann var með stóran glitrandi hring á baugfingri, einhvurs konar fyrirheit um Paradís. Öngri götu hef ég síðar kynnst, sem mér finnst merkilegri en þessi horfna stéttlagða tröð við Landakotstúnið. Biskupinn klappaði okkur á kollinn, svo tók hann plómur upp úr vasa sínum og rétti okkur. Nær freistingum heimsins höfðum við aldrei komist. En freistingar gamla biskupsins höfðu aldrei neinn eftirmála. Og síðast en ekki síst finnst mér undarlegt að hugsa um það nú, að það var þetta framandlega fólk í Landakoti, sumpart útlendingar eða alið upp í útlendum siðum, sem best kenndi okkur að umgangast arf okkar og samtíð. Síðan hefur mér alltaf fundist kaþólsku fólki í blóð borin einhvur reisn, sem við hin höfum ekki enn eignast. Og það varð mér áreiðanlega til góðs að standa hvurn morgun andspænis systrunum með spenntar greipar: „Heil sért þú, María…“ Móðir mín ól mig líka upp í sterkri trú og hún er besti arfur sem mér hefur hlotnast. Mér var sagt að bænin ætti að koma frá hjartanu. Þá uppgötvaði ég hjartað. Þaðan sprettur einlægnin. Án hennar verður enginn skáldskapur til.

Þú spyrð um heimsstyrjöldina. Ég hef minnst á hana í bókinni „Hugleiðingum og viðtölum“. En ég get bætt við nokkrum punktum ef þú vilt: Árin eftir styrjöldina voru jafn óviss og lægðirnar sem ganga yfir landið.

Dag einn þegar ég var smápatti, höfðu einhvurjir stórpólitíkusar kallað saman fund í Miðbænum. Mér var sagt að kommóðistar og nashixtar stæðu fyrir þessum fundi. Frá blautu barnsbeini var mér innrætt að líta á Hitler og Stalín sömu augum, það er að segja fyrirlíta báða og ismana þeirra, sem ég í bernskri einfeldni setti í samband við asma. En það mætti kannski til sanns vegar færa, sé ég nú eftir á, eða var það ekki eitt af höfuðeinkennum fylgismanna þeirra hvursu þeir stóðu á öndinni af mannhatri og ofstæki? – Á leiðinni heim úr bænum þennan dag gaf einhvur mér fallegt merki og nældi það í jakkakragann minn. Ég var stórhrifinn og gekk hægt upp Túngötuna. Á lóðinni þar sem nú stendur hús Vilhjálms Þórs á horni Hofsvallagötu og Túngötu, mætti ég verkóbísa, eins og við strákarnir kölluðum drengina í verkamannabústöðunum. Hann lítur á kragann og segir:

„Þú ert með nasistamerki.“

„Nei,“ segi ég, „mér var gefið þetta merki.“

„Þetta er víst nasistamerki. Þú ert nasisti.“

„Það var maður sem gaf mér þetta merki,“ sagði ég, „þú ert sjálfur nasisti.“

„Nei, kallinn, ég er ekki nasisti, ég er kommónisti,“ sagði hann hróðugur og kreppti hnefana.

Ég leit á merkið mitt, það var með fallegu krumsprangi í líkingu við kross, og ég var sannfærður um að það gæti ekki verið nasistamerki. Og þar að auki var maðurinn sem gaf mér það svo vingjarnlegur.

„Ég ætla að rífa af þér merkið,“ sagði verkóbísinn.

„Nei,“ sagði ég og hélt fast um það.

„Láttu mig fá það eða ég skal berja þig,“ sagði hann. Svo réðst hann á mig, barði mig og tók af mér merkið, reif það í tætlur og hljóp síðan niður götuna. „Þú ert morðingi!“ æpti hann.

Þannig flæktist ég inn í heimsmálin fyrir eintóman misskilning. Ég sé þessum manni stundum bregða fyrir í Reykjavík og þá hugsa ég með sjálfum mér: „Skyldi honum nokkurn tíma líða illa út af merkinu?“ – Ekki er ég viss um það. Margir þeirra sem voru aldir upp í kommúnisma halda trúnað við hann, sumir af öfund eða mannhatri, aðrir vegna þess að þeir halda að hann eigi eftir að fegra mannlífið. Þórbergur er í þeim hópi. Ég lasta ekki þetta fólk fyrir þá fátæktarkreppu, sem varð partur af lífi þess og lagðist á sálina eins og sjúkdómur. En ég gagnrýni ungt fólk, sem nú elst upp í allsnægtum og þykist vera kommúnistar, af því það heldur að það sé fínt. Það á einhvurn tíma eftir að skammast sín

fyrir sitt rauða merki. Það er ekkert fínt að fylla flokk þeirra, sem hafa reynt að afmá Tíbet og Eystrasaltslöndin, murkað lífið úr Ungverjum og Tékkum. Ekkert mark er takandi á málamyndafordæmingu þeirra á illvirkjunum. Hvunær sem á þarf að halda verða þeir Stalínistar að nýju. Svona er nú þetta einfalt, góði vinur. Má ég þá heldur vera íhald? Jafnvel afturhald?

Einu sinni sagði Þórbergur meðan á samskrafi okkar stóð:

„Nú hef ég heyrt ljóta sögu um spyrilinn."

„Nú, einmitt," sagði ég, „og hvurju hafa þeir logið að þér núna?"

„Mér var sagt að öll þín framkoma í Ungverjalandsmálinu hafi verið mjög vafasöm," sagði hann ásakandi.

„Hvurnig þá?" spurði ég blásaklaus.

„Mér er sagt að þú hafir varið fasistana sem gerðu uppreisn í Úngó og staðið fyrir uppþoti fyrir framan rússneska sendiráðið hér í bæ."

„Hvur hefur sagt þér það?" spurði ég.

„Hann Kristinn Andrésson," sagði Þórbergur hikandi, „og mér fannst hann ekkert hrifinn af því, sem þú hefur skrifað eftir mér. Ég las fyrir hann dálítinn kafla."

„Ég stóð á Túngötunni og mótmælti," svaraði ég.

„Þú hefur sem sagt tekið þátt í nasistískum aðgerðum," sagði meistarinn.

Ég hristi höfuðið og sagði:

„Ef það er nasismi að fyrirlíta ofbeldi Rússa og blóðsúthellingar í Ungverjalandi, þá er mér svo sem sama þó ég sé kallaður nasisti."

Síðan héldum við áfram að tala eins og ekkert væri. Þórbergur tók ekki svona hluti of alvarlega, en þó var hann viss um, að ég yrði á heldur lágu plani í næsta lífi. Hann sagðist vera konsíkvent í ályktunum sínum. Þess vegna leyfði hann ekki, að ég yrði nein undantekning, þó ég væri vinur hans. Ritstjóri Morgunblaðsins fer ekki nema í einn ákveðinn stað í útjaðri astralplansins. Þegar hann var erlendis sumarið eftir, þá sendi hann mér bréf, sem byrjaði á þessa leið:

„Góði kunningi. Sterkar leyfir Karl Marx mér ekki að titla þig."

Þórbergur var stórskemmtilegur og einhvur sá einlægasti maður, sem ég hef kynnst. Einu sinni sagði hann við mig:

„Hvað er að þér? Þú ert svo hás. Ertu eitthvað veikur?"

„Ég er með snert af hálsbólgu," sagði ég.

„Þú ert alltaf með hálsbólgu," sagði hann.

„Já, það er rétt," sagði ég. „En læknarnir geta ekki sagt mér af hvurju hún stafar." „Það get ég," sagði Þórbergur ákveðinn.

„Nú?“

„Já, ég get sagt þér af hvurju þessi hálsbólga þín stafar,“ endurtók hann. „Hún stafar af því að þú hefur talað of mikið fyrir slæmum málstað í síðasta lífi.“

Og málið var afgreitt. Þegar þessi gállinn var á Þórbergi, þá var ekki fyrir nokkurt kvikindi að malda í móinn. Og ef Þórbergur var þeirrar skoðunar að Stalín hafi verið merkur maður, þá hefði ekki einu sinni Krútsjeff getað snúið honum. Auk þess var hann tryggari en flestir sem ég hef kynnst.

Ég var eitthvað að minnast á Þjóðverja, mér líkar ágætlega við þá. Bjarni Jónsson læknir, sem þekkir þá mjög vel, hefur sagt við mig:

„Þeir eru ágætir, en ég þoli þá ekki þegar þeir byrja að gráta.“

Og hann hefur sagt mér þessa merkilegu sögu, sem hefur fest mér í minni:

„Þegar þýsk herdeild var á leiðinni til Lidice til að hefna morðsins á böðlinum Heydrich með því að jafna þorpið við jörðu, var deild brynvarðra bíla í fararbroddi og fór eftir gömlum og heldur ógreiðum vegi. Á miðri leiðinni stoppar fyrsti vagninn og foringjarnir ganga út til að athuga einhvurn farartálma í öðru hjólfarinu. Síðan er kallað á yfirmann deildarinnar og hann beðinn að koma til skrafs og ráðagerða, því að mikið próblem sé í uppsiglingu: Fuglshreiður í öðru hjólfarinu. Foringinn kom, skellti saman hælunum og sagði Heil Hitler. Hann var viðkvæmur náttúruunnandi eins og dátar hans og þótti illt í efni, því að ekki treysti hann sér til að láta herdeildina fara yfir hreiðrið. Þess vegna tók hann það til bragðs, að láta alla hervagnana aka út af veginum og framhjá hreiðrinu. Af þessum sökum tafðist morðsveitin um nokkrar dýrmætar mínútur. Síðan sagði Foringinn aftur: Heil Hitler, og hersingin fór sem leið lá til Lidice – að leggja þorpið í eyði í nafni heilags anda. Allir karlmenn voru skotnir strax, konur og börn drepin síðar í gasofnum.“

Það næsta sem ég hef komist kommúnisma var í stríðinu. Faðir minn keypti stórt landabréf af Austurvígstöðvunum, og þegar hann kom heim úr vinnunni, færðum við smækkaða pappírsfána Þýskalands og Sovétríkjanna fram og aftur á kortinu eftir því sem útvarpið sagði að staðan væri hvurju sinni. Við vorum oft brosleitir, ég held hamingjusamir, þegar við gátum fært rauðu fánana vestur á bóginn. Ég dáði hetjuskap rússnesku þjóðarinnar og óskaði henni sigurs. Ég man vel eftir dagskipunum Stalíns, sem lesnar voru í útvarpið og þótti mikið til um. Kannski hef ég ver-

ið farinn að trúa því að Stalín væri mikilmenni, ég veit það ekki, það skiptir ekki heldur neinu máli, því að Krútsjeff var löngu búinn að segja okkur að hann hafi verið hrædd gunga, sem aldrei vogaði sér til vígstöðvanna. Því get ég betur trúað. Harðstjórar eru oftast huglaus egó.

En það þurfti öngvan Krútsjeff til að segja okkur sannleikann. Hann lá í augum uppi strax að loknu stríði. Þá vorum við feðgarnir hættir að færa til flöggin á landabréfinu og nú hlakka ég mest til þeirrar stundar, þegar við getum sett fána frelsisins á nýtt landabréf, þar sem stendur USSR, eða bara Rússland. Mér er sama hvort hann verður rauður eða blár, en ég veit að sá dagur kemur, og þá verður reist stytta af Pasternak á miðju Rauðatorginu og öngvum dettur í hug, að Gunnar Benediktsson hafi verið með öllum mjalla, þegar hann setti saman trúarjátningu sína: Bóndinn í Kreml.

Annars kynntist ég Sovétríkjunum lítillega þegar ég fór til Leníngrad með Brúarfossi 1946. Ég vann alla tíð ýmisskonar störf með námi. Ég var í sveit hjá Jónasi í Stardal, vegavinnu á Stóra-Vatnsskarði, eins og ég hef sagt þér, vann sumarlangt á búgarði í Bretlandi, steypuvinnu og slippvinnu í Reykjavík, í síld á Siglufirði, var þar líka í tollinum án þess að verða fullur að gagni, og þótti stórtíðindi, var þingskrifari 1951–52, en auk þess var ég vikadrengur á Brúarfossi nokkra úrsvala mánuði. Þá kynntist ég svo kölluðu sjómannalífi, ef líf skyldi kalla. Ég var oftast sjóveikur og kastaði stundum upp á dekkið. Þá komu hásetarnir og sögðu:

„Strákdjöfull!“ – og sprautuðu sjó inn um kýraugað, og mesta mildi að ég skyldi ekki drukkna í kojunni. Þetta voru harðir karlar og öngvar barnapíur, og það var gaman að kynnast þeim, og að því hef ég lengi búið. Ég man sérstaklega eftir kyndurunum, kófsveittum og kolsvörtum af kolum og sóti. Ég held það hafi aldrei runnið af þeim. Einhvurntíma fengu þeir ekki nóg af dönskum bjór úti á miðju Atlantshafi og þá gerðu þeir verkfall, komu upp á dekk og sögðu:

„Hingað og ekki lengra.“

Þá fengu þeir sinn bjór, veifuðu hendi og sögðu lagó, eins og gamli Sveik. Og gamli Brúarfoss hélt dampi. Í Kaupmannahöfn lokuðu þeir sig inni í káetum með stelpum, sem höfðu ekki séð sígarettu frá stríðsbyrjun. Ég færði þeim mat, sem ég rétti inn um kýraugað. Þá gerði ég mér í fyrsta skipti ljóst, að kvenfólk hlyti að vera eftirsóknarverð vara. En einhvurn veginn hafði ég meiri áhuga á dýragarðinum. Af því geturðu séð, að ég átti margt ólært, þekkti til dæmis ekki það sem Hallgrímur Pétursson kallar: „Dárlega holdsins girnd í mér.“

En ég ætlaði að segja þér frá Leníngrad. Þar komst ég í nána snertingu

við kommóðismann. Öryggislögreglan kom um borð og leitaði í hvurjum krók og kima, en aðeins þar sem fólk gat leynst. Annað skipti hana ekki máli. Borgin var illa leikin eftir stríðið, og þegar þetta miðaldaskipulag Stalíns bættist ofan á hörmungarnar, geturðu ímyndað þér hvurnig umhorfs var í þessari gömlu, frægu og að mörgu leyti fögru borg. Þá þakkaði ég guði fyrir að vera fæddur Íslendingur, ojá, við eigum honum margt að þakka. Í dagbók minni frá þessum tíma stendur meðal annars:

„Allt mjög strangt. Vopnaður hervörður við skipið. Enginn má ganga í land og enginn koma um borð. Verðirnir þiggja aldrei sígarettu nema báðir í einu.“ Og síðar: „Hér virðast allir vera í hernum, meira að segja tíu og ellefu ára strákhvolpar. Kellingar vinna eins og karlmenn, þær stjórna krönum og fá fullnægingu í að vera ljótar og óhamingjusamar fyrir Flokkinn. Allt er skammtað, og það sem er ekki skammtað, það er ekki til. Einkennilegt andrúmsloft er í þessari borg, dularfullur ótti í hvurs manns auga. Mér finnst fólkið segja:

„Komdu ekki nálægt mér, það getur orðið mér dýrt spaug.“ Þetta er lokað land.“ Og enn fremur stendur í dagbókinni:

„Sumar stúlkurnar eru þýskar. Þær eru eins og vin í eyðimörk, og eyðimörkin er allur þessi tötralegi lýður, áróðursmyndir og plaggöt af Stalín. Ég sá mjög fallega hjúkrunarkonu ganga yfir eina götu. Kvinnurnar í Kaupmannahöfn voru tutlulegar samanborið við þessa rússnesku stúlku. Félagi minn sagði:

„Eigum við að heilsa henni, – bjóða henni sígarettu?“

Ég greip í handlegginn á honum og stöðvaði hann.

„Nei,“ sagði ég, „Það getur kostað hana lífið.“ Ég var þakklátur guði fyrir þessa stúlku, hún var eins og geisli í gróðurlausri fjallshlíð, smyrsl á sár – þetta stóra opna sár, sem heitir Leníngrad. – Á veggjum húsanna eru spjöld með framtíðaráætlunum og auglýsingum fyrir herinn. Mjög fáir skilja ensku, heldur fleiri þýsku. Þýskir stríðsfangar vinna undir eftirliti vopnaðra varða. Slavica þýðir stúlka, er okkur sagt. Sumir spyrja hvaðan við séðum. „Íslandi,“ segjum við. „Da-da,“ (já-já) „Eistland,“ segja þeir. Ísland er ekki til í vitund þessa framandlega fólks.“

Af dagbókinni sé ég að við komum til Leníngrad miðvikudaginn 7. ágúst 1946, en landgönguleyfi fáum við ekki fyrr en næsta föstudag. Það ætti að lýsa ástandinu betur en margt annað.

Annars var yndislegt að sigla innan skerja meðfram finnsku ströndinni upp til Leníngrad. Ef til er paradís á jörðu, þá held ég hún sé einhvurs

staðar á þessum slóðum. Paradís Finnlands er næstum því eins eftirsóknarverð og sú sem Múhameð bjó til. „Hann er sá eini sem kunnað hefur að búa til paradís,“ sagði Árni Pálsson prófessor. Það kunni Marx ekki.

Annars voru þetta undarlegir tímar og margt misjafnt lá í loftinu. Hinn gamli og þröngi afdalaheimur Íslendingsins var að hverfa fyrir nýrri veröld, sem spratt úr rústunum eins og tré á berangri. Þar sem áður brunnu glaðir eldar undir asúrbláum himni fögru veraldar, voru nú glóðir einar eða kulnuð sprek. Einhvur ókyrrð í lofti, nýtt þjóðfélag í deiglu, þjóðfélag gæjans og skutlunnar. Á kvöldin gengu stelpurnar, sem við lékum okkur við, í karlmannsfötum. Það voru fyrstu kynni mín af því sem kölluð er amerísk menning.

Enn er mér í fersku minni dagurinn, sem Ísland var hernumið. Um hádegið hjólaði ég framhjá þýska sendiráðinu í Túngötu. Bretar höfðu tekið Gerlach sendiherra og bústaður hans var á þeirra valdi. Líklega hafa þeir tekið hann með trébyssum og óvæntu áhlaupi. En hvað um það: þarna stóð hópur ungra Reykvíkinga og horfði aðdáunaraugum á hermenn hans hátignar. Ég slóst í hópinn og sjá! Bretar komu með hvurja handfyllina annarri girnilegri af þýskum karamellum og gáfu okkur krökkunum. Þannig unnu þeir hugi reykvískrar æsku. Þeir hafa ekki praktíserað pólitík fyrir ekki neitt öldum saman. Síðan hef ég verið harður fylgismaður Breta og montpattanna, sem Þórbergur nefnir svo eftir Mountbatten lávarði. Sem sagt: Þeir keyptu mig með þýskum karamellum. Af þessu mætti ætla að ekki sé nú karakterinn góður. En merkileg þjóð eru Bretar. Þeir töpuðu landhelgisstríðinu með sömu reisn og þeir unnu heimstyrjöldina.

Heimstyrjöldin gerði okkur raunsæ. Hún var ljósmóðir þess nýja Íslands, sem fæddist 10. maí 1940. Án hennar værum við enn eins og hvurt annað úteyrarkot. Fólk talar oft um hræðslu við erlend áhrif, en ég segi: ég ólst að hálfu upp í hermannabröggum, þar sem ég seldi pæ og kökur og vandist snemma á að babla einhvurs konar hrognamál við hermennina, sem margir hvurjir urðu góðir vinir mínir. Ég get ekki fundið að það hafi spillt mér á nokkurn hátt. Þetta var einungis okkar saklausa pompólafranska. Ég get ekki séð að sú æska, sem óx upp úr heimstyrjöldinni síðari sé neitt spilltari en það fólk, sem áður byggði landið. Og hún talar jafngott mál, ef ekki betra. Ég neita því eindregið að við höfum verið verr undir lífið búin en fyrri kynslóðir. Reykjavík hefur aldrei verið eins íslenskur bær og núna. Það er talað um skvísur, skutlur og gæja, eins og einhvur náttúruundur, og það er rétt. Unga

fólkið hefur búið sér til sína eigin veröld, sem jafnvel mín kynslóð skilur ekki né þekkir, þar sem bifreiðin heitir átta gata tryllitæki og skutlan gegnir hlutverki snótar og meyjar. Þetta er veröld slepjulausrar lífskúnstar, hvað sem hvur segir. Það er ekki glæpur að vera ungur, en það getur verið hættulegt. Ef skvísan lendir ekki í veiðigildrum tortímingarinnar, verður hún einn daginn kona – móðir. Þá verða hennar áhyggjur okkar gleði, og hún verður jafnleiðinleg og við. Ég trúi á æskuna, trúi á framtíð Íslands í höndum hennar – að hún muni bera það fram til sigurs. Ég hef ekki lengur neina eitraða minnimáttarkennd í brjóstinu. Við lifðum af heimstyrjöldina, við munum einnig lifa af sjónvarpið.

Nú er alltaf verið að tala um að eyðileggja þurfi braggana og helst allar minjar frá stríðinu. En það er rangur mórall. Við eigum að varðveita sumar þessar minjar. Þær minna komandi kynslóðir á stórkostlegasta kapítula íslenskrar sögu. Þær verða með tímanum ekki ómerkari fornminjar en til dæmis Víðimýrarkirkja og steinkista Páls biskups. Þetta eru síður en svo föðurlandssvik af minni hálfu. Það var í síðustu heimstyrjöld, sem Ísland rétti úr kútnum. Þrátt fyrir margan harmleik hér á landi og við strendur landsins, þá átti styrjöldin mestan þátt í framförunum, sem hér hafa átt sér stað. Hún kom með ýtuna. Hún færði veröldina heim á hlað til okkar. Hún mannaði okkur og þroskaði. Og hún stælti okkur í harmi og sorg. Ég játa hreinskilnislega að ég saknaði hermannanna þegar þeir fóru heim eftir stríð. Ég óttaðist að við mundum gleymast aftur, týnast í þessa niðursallandi ísþoku einangrunar og fátæktar. En það hefur farið á annan veg sem betur fer.

Annars var það ekki heimstyrjöldin sjálf, sem mér fannst skelfilegust á þessum árum, heldur Vilhjálmur frá Skáholti. Systir hans bjó í húsinu á móti okkur og þangað kom hann stundum. Ég óttaðist hann jafnmikið og halastjörnuna. Þegar hann hrópaði harm sinn út í kvöldmyrkrið, hélt ég að Esjan mundi hrynja yfir okkur og jörðin gleypa húsin. Þá hlupum við strákarnir inn í holur okkar eins og hræddir íkornar. Ég kynntist honum betur síðar, fyrst á Arnarhóli, þegar hann ávarpaði okkur unga stúdenta og áminnti okkur um að miklast ekki af því tækifæri, sem lífið hefði gefið okkur. Hann sagðist ekki vera stúdent – „en ég er meira en stúdent, ég er skáld.“ Síðar urðum við góðir kunningjar.

Fyrir tveimur eða þremur árum tók hann sér far með skipi til Danmerkur og hugðist verða nokkrar vikur í ferðinni. En þegar hann kom til Kaupmannahafnar, féll hann fyrir freistingum þessarar yndislegu borgar.

Ég legg honum það síður en svo til lasts. Margur maðurinn sterkari á svellinu hefur týnt karakternum á þessum vígvelli mannlegra freistinga. Vilhjálmi þótti ráðlegast að halda heim sem snarast. Og einn morgun eldsnemma sást maður ganga eftir Austurstræti. Hann var sljóeygur og með upplitaða skeggbrodda, sem vitnuðu um glatað sumar, eins og gul sina í túni, og hann hrópaði svo glumdi í sjálfum Landsbankanum:

„Skáldið er komið. Skáldið er komið!“

Það átti sem sagt ekki að fara milli mála, að Vilhjálmur frá Skáholti væri kominn heim. Skipbrotsmaður var kominn heim.

Nú er Villi dáinn, og Villi frá Skáholti, Dagur Austan og Elli Hólm sitja á kvöldin og skála við Sánkti Pétur í rauðu messuvíni. Þannig líður tíminn, jafnvel hjá okkur, sem höfum ekki leyfi til að tala um neitt nema framtíðina. Og samt hefurðu tælt mig til þessa skrafs. Mér finnst ég sitja undir grænfingruðum trjám, þar sem haust og rökkur koma neðan frá, án þess við tökum eftir því, grænt eða rautt rökkur, og það er eins og við séum að drekka kamparí og ekkert hafi gerst og ekkert muni gerast. Þegar ég hugsa um þremenningana, sem ég nefndi, finn ég til þess að Reykjavík æsku minnar er að hverfa, og ég sem hélt hún væri enn á stuttbuxum og við værum að leika okkur í Selsvörinni, en – ojæja. „Við lifum á erfiðum tímum,“ sagði Steinn, og nú er hann líka farinn.

Um Vilhjálm orti Þórbergur þessa vísu:

„Vilhjálmur frá Holti há
hýrist enn í bragga,
en þegar hann hverfur, það er mín spá,
þá mun Ísland flagga.“

Og ég stend ekki einu sinni upp og segi ekki einu sinni: „Absurdus!“ – Nei, hér sit ég eins og dæmdur maður og tek sjálfan mig af lífi. Nú veit ég hvurnig þorskinum líður þegar hann kemur út úr flatningsvélinni. Þeir töluðu ekki svona um sjálfa sig í gamla daga. Þeir voru sparir á orðin. Og þá kostaði snúðurinn fimm aura, mundi séra Bjarni segja. Þeir létu ekki móðan mása, þegar slysafréttirnar bárust í stríðinu, onei. Í næsta húsi fyrir vestan okkur við Sólvallagötuna bjó ungur maður. Hann fórst með Reykjaborginni. Ég horfði oft á kvöldin í tóma glugga þessa húss, en þar kviknaði aldrei nein ljóstýra. Ég fór að velta því fyrir mér, hvar konan hans væri.

„Hún hlýtur að ganga á hvurju kvöldi niðrað sjó og horfa eftirvæntingaraugum til hafs,“ hugsaði ég með mér, og gat ekki ímyndað mér, að dauðinn væri eilíft myrkur bak við gráa veggi og rúður, sem einn daginn hætta að vera gegnsæjar.

Síðar fórst Jón bryti á Dettifossi. Hann bjó í næsta húsi við okkur og ég þekkti son hans. Hann heilsaði okkur þegar við hittum hann á götunni. Og svo kom Steinn í heimsókn til Guðmundar Sigurðssonar, sem bjó í húsinu á móti okkur númer 44. Ég vissi ekki fyrr en löngu síðar, að þar voru einnig að gerast stórir atburðir

og lítið fátækt barn
með bláar varir
brosti til mín
yfir garðsins vegg,

eins og Steinn segir í kvæðinu „Hús við Hávallagötu“. Þá komst þessi tiltölulega hlédræga gata æsku minnar inn í heimsbókmenntirnar.

Þetta voru viðsjálir tímar. Þó að við seldum mikinn fisk til Bretlands, var það ekki leikur einn. Við keyptum auðugt land fyrir blóð íslenskra manna. En það var ekkert nýtt, þannig hefur það alltaf verið. Jafnvel heimsstríð gat verið barnaleikur einn miðað við útmánaðaveðrin á miðunum. Þau hafa mörg föðurlaus börn á samviskunni. Þannig var við öngvan að sakast, þegar Ísland varð ofaná í flotpotti stríðsgróðans. Og við höfum þurft að kaupa þennan munað enn dýrara verði. Eða mundi ekki drjúgur partur af heiðarleika og sjálfsvirðingu okkar hafa skolast burt í stórveltubrimi brasks og peningahyggju? – Þau sár getur tíminn einn læknað.

Við vorum herskáir eins og öldin. Við brutum rúður hjá nágrönnunum með köldu blóði. Einn hljóp á sokkaleistunum á eftir okkur, steytandi hnefa og síhrópandi:

„Ég skal finna ukkur í fjöru, þó seinna verði.“

Þá ákvað ég að fara aldrei niður í fjöru, nóg væri samt á mann lagt þó ekki bættist við að eiga von á að mæta karlinum í fjörunni. En þetta var góð reynsla. Þetta voru fyrstu kynni mín af íslenskri tungu, blæbrigðum hennar og líkingum, en það var ekki fyrr en löngu seinna, sem ég var leiddur í allan sannleikann um karlinn og fjöruna. Þá fór ég aftur að venja komur mínar í Selsvörina. Þar sá ég Pétur Hoffmann tilsýndar. Hann var

einasti parturinn af Íslandi, sem enn var óhernuminn. Ég mæli með því við orðunefnd, að hún víki að honum svo sem eins og einum riddarakrossi í fundarlaun fyrir allar þær orður sem hann er búinn að grafa úr sorphaugunum og fyrir landvörnina. Það væri mátulegt á hina, sem halda að lífið sé ekkert annað en skál í botn. Þetta geta þeir skilið sem skynsemina hafa.

Oft vorum við vitni að því þegar skip lögðust að bryggju með dauða eða særða sjómenn, sem voru bornir í land. Við sáum flugvélar farast við bæinn, heyrðum sprengjur og vélbyssukúlur springa í brennandi flökum, sáum unga menn deyja. Það var ekki átakalaus upplifun á þessum harmleik Hitlers, þessu útgjaldasama ævintýri germanskrar villimennsku. Síðan hefur vitundin um dauðann ásótt mig. Ég hef aldrei komist undan honum, og það er rétt sem einn gagnrýnandi sagði ekki alls fyrir löngu um ljóð mín, að í þeim flestum væri einhvur vottur af ótta við dauðann. Eins og þruman fylgir eldingunni, þannig fylgir dauðinn lífinu, segir fólkið og ypptir öxlum. Og það er rétt. Sá sem þekkir ekki dauðann getur ekki ort um lífið. Vitundin um dauðann er kannski það eina sem skilur okkur frá öðrum dýrum. Ef apann grunaði dauðann, yrði hann maður á samri stundu, ætli það ekki? Reyndar veit ég þetta ekki. En eitt veit ég samt, og það er, að oft hef ég óskað mér að vera orðinn köttur án þess að vita það. Þarna sérðu hvort ég er ekki nógu góður heimspekingur fyrir hvurn sem er. Steini þótti gaman að köttum. Einu sinni gaf Steinn mér handskrifað ljóð eftir sig og nokkur orð með. Þegar ég skrifaði „Hugleiðingar og viðtöl“, þurfti ég að vitna í þessi orð, en fann þá ekki blaðið. Nú hef ég fundið það aftur. Ég hef alltaf reynt að halda því til haga, sem Steinn gaf mér. Ég hef stórgrætt á því. Hann er einhvur merkilegasti maður sem ég hef kynnst. Hann var mér ákaflega góður og sagði: „Matthías minn.“ – Öðrum gat hann verið óþægur ljár í þúfu. Mér var nýlega sögð sú saga, að hann hefði verið á ferð með einhvurjum Íslendingum á skipi milli Svíþjóðar og Danmerkur, og hafi Jón Helgason verið einn í hópnum. Jóni líkaði ekki allskostar við Íslendingana og gekk upp á þiljur. Skömmu síðar fór Steinn þangað líka að vitja um Jón. Sér hann þá hvar hann situr í stóli í góða veðrinu og hefur látið tæla sig til yfirborðslegs rabbs við gamla danska konu um nýjasta verð á fleski, smjöri og eggjum. Steinn fær sér þar sæti skammt frá án þess að Jón viti, en þegar honum er nóg boðið stendur hann upp, gengur til Jóns og segir:

„En hvað það er nú huggulegt að heyra tvær gamlar konur tala saman.“

En nú er ég hættur að kvíða dauðanum eins og ég gerði, eða varstu

ekki að ympra á því? Ég er orðinn bjartsýnni með árunum. Ætli dauðinn sé ekki eins og að aka í þoku upp á Oddsskarð, og svo allt í einu er maður kominn upp á toppinn og þá blasir við heiður himinn og forneskjulegir tindar Austurfjallanna. Og þó: mér hefur verið sagt að sumir aki aldrei upp úr þokunni. Við skulum vona að við séum ekki í þeim hópi. Foreldrar mínir glæddu mér trú á líf eftir dauðann, og þegar ég var farinn að linast, þá tók konan mín við og efldi þessa trú – sveitastúlkan frá Hólsfjöllum, þar sem eru afskekktustu og hæstu bæir á Íslandi, hún átti í pokahorninu nóg af lífsreynslu og sæmilegu viti handa okkur báðum. Það var hún sem gaf mér jörð úr ægi. Þetta óbeislaða ljóð spratt úr ást okkar – landinu. Og svo ekki meira um það.

Þegar við tölum um dauðann dettur mér af einhvurjum ástæðum Niels Dungal í hug. En áður en ég ætla að minnast á hann ætla ég að segja þér, hvunær það hvarflaði að mér, að dauðinn gæti verið dálítið grín. Við vorum boðnir um borð í bandaríska flugvélaskipið Wasp, sem kom í heimsókn til Reykjavíkur. Úti á Faxaflóa voru þeir orðnir hundleiðir á okkur og ákváðu að fljúga með okkur í land, þrátt fyrir slæmt skyggni. En áður en við lögðum af stað í flugferðina, vorum við látnir undirrita skjal, sem byrjaði eitthvað á þessa leið: „Hvorki ég undirritaður né ættingjar mínir eiga skaðabótakröfu á hendur Bandaríkjastjórn, þótt ég af einhvurjum ástæðum farist með flugvél flotans.“

Kannski var þetta eitthvað öðru vísi orðað, en hvurju skiptir það? Þetta sýnir að Bandaríkjamenn taka kalda stríðið ekki of alvarlega, og þeir eiga húmor á við hvurn meðal Íslending sem er.

Og svo var það Dungal. Eitt sinn sátum við saman heima hjá Ragnari í Smára. Dungal hélt langa ræðu um þá forsmán að byggja svo margar kirkjur í Reykjavík. „Þær standa hálftómar alla daga,“ sagði hann. „Það nær öngri átt að eyða peningum fólks í þennan gagnslausa hégóma.“

Ég maldaði eitthvað í móinn, því að ég hef alltaf borið einhvurja sérstaka lotningu fyrir kirkjum og kristindómi.

„Það á að banna að byggja þessar kirkjur,“ sagði hann þá fast og ákveðið. „Ég er ekki viss um að það fari nema þúsund hræður í allar kirkjur í Reykjavík á sunnudögum.“

„Finnst yður Njála góð saga?“ spurði ég þá eins og afglapi. Hann leit undrandi á mig og kinkaði kolli til samþykkis.

„Haldið þér að fleiri en þúsund Reykvíkingar lesi Njáls sögu á hvurjum sunnudegi?“ spurði ég. Nei, hann hélt það nú ekki.

„Teljið þér þá, að við eigum að banna að gefa út Njáls sögu?“ spurði ég.

Og ég spyr enn. Það er ekki höfðatalan sem skiptir máli. Kirkjan er partur af íslenskri menningu, hún er eins og ljóðið: hvísl milli kynslóða. Án hennar værum við fátækari, án hennar ættum við hvorki Hallgrím Pétursson né séra Matthías. Án hennar ættum við kannski ekki Njálu. Og án Njálu værum við líklega ekki þjóð.

Níels Dungal er skemmtilegur maður. Hann er fyrst og fremst framfarasinnaður vísindamaður eins og vera ber. Hann hefur ekki, frekar en Krútsjeff, þörf fyrir líf eftir dauðann. Þó held ég þeir séu báðir relígíös, hvor á sína vísu. Dungal er hreinskiptinn maður. Hann er einhvur besti vinur Páls Ísólfssonar. Samt sagði hann við hann, þegar við sátum heima hjá Páli eftir Afmælið:

„Mundu Páll minn eftir rómversku keisurunum. Þegar þeir fóru sigurför um Róm með fjötraða herkonunga í eftirdragi og dýrð heimsins í andlitinu, þá höfðu þeir tvo þræla fyrir aftan sig á vagninum og þeir hvísluðu stöðugt í eyru keisarans: Mundu að þú ert maður."

Páll hafði gaman af þessari áminningu síns góða vinar. Hann man alltaf að hann er maður. En Páll á skilið að vera vinsælasti maður á Íslandi. Hann er í senn mikill maður og stórsení.

Einu sinni fór ég í lækniserindum til Dungals. Hann rannsakaði mig, gerði ofnæmispróf á bakinu á mér, svo sagði hann:

„Borðið þér mikinn mjólkurmat?"

„Já," sagði ég, „ég drekk mikla mjólk."

„Þér eigið að hætta því. En borðið þér mikið skyr?"

„Já, ég borða oft skyr á morgnana. Sjáið þér það á bakinu á mér?"

„Nei. En það hlaut að vera," sagði Dungal og brosti. „Ég hef séð þetta á Morgunblaðinu."

„Nú, hvurnig þá?" spurði ég.

„Jú, sjáið þér til. Þeir sem borða mikið skyr á morgnana verða óskaplega heimskir seinni part dags og fram eftir kvöldi, því að allt blóðið streymir niður í magann til að vinna úr skyrinu. Ég hef séð á Morgunblaðinu undanfarið, að það hefur lítið blóð runnið til heilans."

Svona menn vega upp á móti íslensku lægðunum. Það eru þeir sem gera landið byggilegt. Þetta tvísýna land. Þegar Klein, danskur kaupmaður og reglulegur séntilmaður, kom til Íslands í fyrsta sinn, tók skip hans land á Austfjörðum.

„Þennan dag voru fjöll á Seyðisfirði hvít niðrí rætur," segir Klein. „En ég fór auðvitað í land. Það var allsstaðar flaggað og fólkið var prúðbúið, og þegar ég spurði, hvaða hátíðahöld þetta væru, var mér svarað: Í dag er

sumardagurinn fyrsti.“ Og ég nýkominn til þessa ókunna lands, hugsaði með mér: „Hvurnig skyldi það vera á veturna?“

En Klein kaupmaður hefur samt verið hér áratugum saman, guð má vita af hvurju.

Og enn spyrðu – og nú um Morgunblaðið. Ég byrjaði að vinna þar 1952, eiginlega fyrir algera tilviljun. Faðir minn spurði Valtý einhvurn tíma að því, hvort hann vantaði ekki blaðamann. Valtýr sagði nei – „en ef til kemur, skal ég láta þig vita.“

Daginn eftir hringdi hann og sagði: „Matthías, hann er dóttursonur Jóhannesar bæjarfógeta auðvitað?“

„Að sjálfsögðu,“ sagði faðir minn.

„Láttu hann þá koma,“ sagði Valtýr.

Ég fór á fund hans – og var ráðinn. Jóhannes og Stefán skólameistari, faðir Valtýs, voru fóstbræður í pólitík. Ég var sem sagt ráðinn að Morgunblaðinu fyrir klíkuskap. En þá kynntist ég þeim manni, sem hefur haft meiri áhrif á mig en flestir aðrir. Stundum sagði hann um eitthvað sem hann vildi fá í blaðið:

„Þetta er ilmandi efni.“ Ég tek orðin af vörum hans og segi: „Hann var ilmandi maður.“ Hann var um sína daga besti fulltrúi gróandans á Íslandi. Það var enginn samur maður eftir náin kynni af honum. Kristín kona hans var honum styrk stoð í erilsömu starfi. Hún var merkur listamaður eins og þú veist, sterk persóna. Um hana skrifaði danskur blaðamaður einhvurn tíma, ef ég man rétt: „Hún minnir á íslenska jökulinn – þangað til hún brosir.“

Þá bráðnaði allt í hlýju og góðvild. Hún er ein eftirminnilegasta kona, sem ég hef kynnst. Skömmu áður en Valtýr dó, ymti ég að því við hann, að ég hefði líklega lært mikið af honum í viðtölum, en hann þvertók fyrir það. Og til að örva mig í starfi, sagði hann brosandi:

„Þú hefur ekkert lært af mér, og haltu bara áfram á þinni braut. Þér hefur jafnvel tekist að skrifa sæmilegt samtal við Vilhjálm frá Skáholti, og það eru þó nokkur meðmæli.“

Þannig var Valtýr ógleymanlegur velgerðarmaður, skilningsríkur vinur.

Ég hef átt margar góðar og skemmtilegar stundir á Morgunblaðinu. Þar hef ég kynnst sumum bestu mönnum, sem ég hef fyrir hitt. Þar hefur aðeins starfað gott fólk, góðir vinir. Þar eignaðist ég vináttu Bjarna Benediktssonar. Hann er stórbrotnasti maður sem ég hef kynnst. Valtýr talaði oft við mig um drenglyndi hans, skarpa yfirsýn og góða leiðsögn. Síðar

kynntist ég manninum sjálfum, hlýju hans og einlægni. Þau góðu hjón hafa verið okkur Hönnu ómetanlegir vinir.

Bjarni er einn mesti lýðræðissinni, sem ég hef kynnst. Í Ungverjalandsbyltingunni stóð ég með fána fyrir utan rússneska sendiráðið í Túngötu og mótmælti ofbeldinu. Þegar ég kom niður á Morgunblað undir kvöld, efndi Bjarni, sem þá var ritstjóri blaðsins, til skyndifundar að kanna lið sitt. Þegar kom að mér, sagði hann:

„Og Matthías, hvað áttir þú að gera í dag?“

„Ég á að skrifa erlendar fréttir,“ sagði ég.

„Hvar hefur þú verið allan daginn?“

„Uppi á Túngötu að mótmæla við rússneska sendiráðið,“ svaraði ég.

„Það er náttúrlega besti staðurinn til að ná í erlendar fréttir,“ sagði Bjarni með þunga.

Eins og þú veist kom til nokkurra átaka við sendiráðið, og ólýðræðislegar aðerðir voru eitur í hans beinum.

Kynni mín af þessum mönnum hafa orðið mér sá lífselexír sem aldrei þrýtur. Enginn háskóli kemst í hálfkvisti við slíka menn. Og nú er Valtýr allur. Ég vona samt að eitthvað af honum lifi í okkur, sem kynntumst honum og nutum þess elds, sem brann innra með honum.

Annars ætla ég ekki að tala um Morgunblaðið, það er of snemmt. Árni Óla á að tala um það, hann hefur verið þar í hálfa öld. Ég hef tímann fyrir mér, ef ég á að ná honum. Það hefur margt skemmtilegt skeð í Morgunblaðinu þennan langa tíma eins og þú veist. Einu sinni birtist þessi klausa: „Ólafur Þorsteinsson læknir tekur sér hálfsmánaðar frí frá störfum og fer upp í Borgarfjörð, og verður fjarverandi á meðan.“ Þetta kalla ég fínan húmor.

En þú spyrð um fyrsta boðorð ritstjóra við dagblað. Þeirri spurningu svara ég á þá leið, að hugsa ekki um blaðið sem kom út í dag, heldur blaðið sem kemur út á morgun. Og annað boðorðið, ja, hvað á ég að segja? – Ekki eiga samtal við hvurn sem er. Og þriðja boðorðið: að gefa öngvum hjarta sitt, allra síst pólitískum flokki. Og nú mátt þú fara að vara þig, Guðmundur minn.

Starfið? – Jú, ég hef átt margar skemmtilegar stundir í starfi mínu sem blaðamaður. Ég hef hitt fjölda fólks, allt gott fólk og gagnmerkt á sína vísu. Ég hef lært af því málið, það hefur kennt mér að hugsa og taka lífinu með stóískri ró, og það hefur sagt mér frá þessum kraftaverkum, undrum og stórmerkjum, sem gerst hafa þau þúsund ár, sem liðin eru frá síðustu aldamótum. Það er mesti skáldskapur sem ég þekki. Ég hafði gaman af að

tala við Arthur Miller, sem hefur skrifað mesta og kannski eina meistaraverkið á þessari öld: „Sölumaður deyr“, – Mikojan og Fúrtsevu. Í samtalinu við Arthur Miller gagnrýnir hann kommúnismann, og þegar ég kom heim frá Bandaríkjunum, hitti ég Magnús Kjartansson í kokteilboði, hann sagði við mig:

„Þér hefur líklega tekist það, sem enginn annar gæti gert. Þér hefur tekist að skrifa vont samtal við Arthur Miller.“

Ég hef hitt konung Noregs og Svíþjóðar, skrifað um Kekkónen Finnlandsforseta, talað við Adenauer, Macmillan og Gagarín á Keflavíkurflugvelli, fylgt Ben Gurion eftir á ferðum hans hér á landi og skrifað við hann samtal, og kíkt á Lyndon B. Johnson, þáverandi varaforseta Bandaríkjanna. Daginn sem hann kom, átti séra Bjarni erindi niður á Morgunblað. Þá hvíslaði hann að mér:

„Það er nú meira tilstandið með hann Johnson. Ekki létu þeir svona þegar ég kom til Ísafjarðar.“

En þetta er víst nóg upptalning til þess að einhvurjir lesendurnir, við skulum segja útspekúleraðir framsóknarmenn í Skefilsstaðahreppi, fari að pískra saman og segja:

„Mikið andskoti er hann Matthías nú snobbaður.“

En það gerir ekkert til, mér er nokkuð sama. Nú orðið veit ég, að það getur enginn hallmælt öðrum án þess að auglýsa hann um leið.

Eitt sinn sagði Jónas frá Hriflu við mig í símatali:

„Ég skal segja yður eitt, Matthías, að þið þarna á Morgunblaðinu ættuð síst af öllu að hafa horn í síðu minni. Og ég ætti raunar að vera hálfgerður Morgunblaðsmaður, – jú, sjáið þér til, það var ég sem útbreiddi Morgunblaðið, og Valtýr gerði mig að ráðherra.“

Sumir segja að ég sé nokkuð harður og óvæginn í minni blaðamennsku, en það er ekki rétt. Í eðli mínu er ég ákaflega feiminn. En þegar ég er kominn á stað, þá gleymi ég allri feimni, – ja, öllu nema þessu eina að skila sæmilegu efni – að vera blaðamaður. Einhvurju sinni kom Grómýkó utanríkisráðherra Sovétríkjanna við á Keflavíkurflugvelli. Það var um svipað leyti og Ungverjalandsmálið var til umræðu hjá Sameinuðu þjóðunum. Við fréttum um þessa för utanríkisráðherrans og ég fór suður eftir. Þar var Magnús Kjartansson mættur. Þegar Grómýkó gekk út úr flugvélinni drógu starfsmenn sendiráðsins í Reykjavík veslings manninn dauðþreyttan til Magnúsar, þangað sem hann stóð og beið sinnar stóru stundar. Þeir heilsuðust og Grómýkó afhenti Magnúsi mikið plagg og virðulegt. Magnús bukkaði og þakkaði

fyrir sig og sína. Þá fannst mér vera komið að mér. Ég ætlaði að ryðjast að utanríkisráðherranum, en rússnesku sendiráðsmennirnir ýttu mér frá, og einn þeirra, Pronin að nafni, hrinti mér burt. Ég heyrði að þeir kölluðu til utanríkisráðherrans eitthvað um kapítalismí eða kapítaliskí, en ég lét það ekki aftra mér, norska skapið var byrjað að sjóða. Það hefur líklega oft hjálpað mér í vonlitlum leik. Grómýkó og fylgdarmaður hans Kusnetzov, fulltrúi Rússa hjá Sameinuðu þjóðunum, tóku nú að ganga fram og aftur við flugvélina, enda kalt í veðri og hráslagalegt. Ég átti ekki annars úrkosti en olnboga mig til þeirra, stöðva þá á göngunni og segja:

„Afsakið, en ég er frá Morgunblaðinu."

Þeir litu vandræðalega hvor á annan, Grómýkó hristi höfuðið og ætlaði að halda áfram, en ég sagði:

„Þér hafið hitt blaðamann frá kommúnistablaðinu. Í okkar landi er það venja að tala við öll blöð."

Grómýkó þótti þetta djarflega mælt og einstök frekja og ætlaði að halda áfram, en Kusnetzov varð reiður og maldaði í móinn, og það bjargaði málinu. Upp úr því fékk ég tækifæri til að spurja þá nokkurra spurninga um Ungverjaland, og kom geðvonska þeirra að góðu haldi í Morgunblaðinu næsta dag. Ég skýrði frá viðskiptum þeirra félaga, Grómýkós og Magnúsar Kjartanssonar, og sagði að Magnús hefði líkast til sent spurningar með aðstoð Tass fréttastofunnar til Grómýkós, hann svarað þeim erlendis og afhenti svo Magnúsi svörin. Í Þjóðviljanum var aftur á móti sagt, að Grómýkó hefði sagt þetta og hitt í einkasamtali við Þjóðviljann. En satt að segja, Guðmundur minn, verð ég að játa fyrir þér, að samkeppni blaðanna er að verða að einhvurs konar sálarháska. Og fátt er jafn andstætt hlédrægni póesíunnar.

Þegar ég hitti John Hare, þáverandi fiskimálaráðherra Breta, en nú verkamálaráðherra, í skrifstofu hans í London í þorskastríðinu, var hann heldur vinsamlegur, en sagði að það sem fram færi á milli okkar, væri „off the record", það er að segja mætti ekki birta á prenti. Hann sagði ýmislegt athyglisvert, þótti mér. Ég spurði hann þess vegna, hvort honum væri ekki sama þótt ég prentaði ýmislegt úr samtali okkar. Hann var því mótfallinn fyrst í stað. Eftir nokkurt þref við hann sagði ég við hann:

„Þér hafið tekið mér mjög vel, herra ráðherra, og mér þykir leitt ef ég er ókurteis. En ég verð að segja alveg eins og er, að ég er ekki kominn alla leið frá Íslandi til þess að tala við yður um það sem ég má ekki birta í blaði mínu."

Hann kímdi ögn og sagði:

„Jæja, það er þá í lagi. Birtið þá bara það sem þér viljið.“

Þegar ég hitti Hare, var ég á heimleið frá París, þar sem ég ætlaði að vera viðstaddur fund Krútsjeffs og Eisenhowers, sem aldrei var haldinn. Um blaðamannafundinn fræga með Krútsjeff hef ég skrifað í Morgunblaðið, og þar getur þú lesið það seinna, ef við verðum ekki báðir dauðir úr nýjasta sjúkdómnum, sem á þjóðina herjar og sumir kalla því virðulega nafni: efnahagsmál.

En þú spyrð um Mikojan. Hvurs vegna hefurðu svona mikinn áhuga á honum? Venjulegum Íslendingi finnst heldur lítið til hans koma. Ég hef hitt mann, sem kallar hann Mykjujón. Þeir ættu að skilja það í kaupfélaginu fyrir austan. Mikojan er allur upp á bísness. Samt var stórgaman að hitta hann. Það fuku af honum brandarar, næstum eins margir og hausar fuku á Stalínstímanum. Hann var einkavinur og lærisveinn Stalíns.

Í síðara skiptið, sem ég hitti Mikojan í Keflavík, kvaddi hann mig innvirðulega, eins og Laxness mundi segja, og bauð mér til Sovétríkjanna. Af þessu boði hefur þó enn ekki orðið, og ég hef ekkert frá Rússum heyrt. Eina skýringin, sem ég hef tiltæka á þessari undarlegu þögn austan úr Kreml er sú, að þeir hafi ekki efni á að bjóða mér vegna erfiðrar gjaldeyrisstöðu Sovétríkjanna og margnefnds uppskerubrests. Ég var ákaflega feginn, þegar ég heyrði þetta og hugsaði með mér:

„Þetta er þá ekki eintóm ókurteisi, þeir eru bara svona blankir.“

Blaðamennskan er oft hörð. Hún krefst þess ekki aðeins að menn geti skrifað, að þeir séu viðbragðsfljótir og hafi fréttanef, heldur krefst hún líka hugrekkis, jafnvel frekju. Ég hef oft sagt, að blaðamaður þurfi í senn að vera kurteis og frekur.

Valtýr Stefánsson sagði við mig, þegar ég hafði verið ár eða svo á Morgunblaðinu:

„Annaðhvort verður þú að hætta blaðamennsku eða hrista af þér feimnina.“

Auðvitað gat ég ekki hætt blaðamennsku, maður hættir ekki við sjúkdóm, eins og þú veist, og ekki tókst mér heldur að hrista af mér feimnina. En núna er hún orðin sæmilega falin. Samt er ég kvíðinn áður en ég þarf að inna erfið verkefni af höndum, til dæmis samtöl við merka menn eins og Ben Gurion, eða að semja frásagnir af mikilvægum atburðum. Þá fer ég strax að hugsa um, hvort ég hafi sæmilegan tíma til að skrifa sæmilega. Mér er nefnilega sárast um málið. Þegar ég talaði við Ben Gurion var laugardagur og blaðið var komið í pressuna, eins og við segjum. Það

þurfti því snör handtök. Mér var sagt, að ég gæti ekki talað við hann lengur en í fimmtán mínútur. Og við gerðum ráð fyrir hálfsíðu viðtali. Það mátti ekkert út af bregða. Samt held ég að þetta hafi allt gengið sæmilega. En í blaðamennsku getur maður elst um nokkrar vikur á einum degi.

Áður en ég fór í samtalið, sáu blaðamennirnir hvurnig ég æddi fram og aftur um gólfið. Þegar þeir sjá þetta, glata ég allri virðingu, því að þeir eru miklu harðari en ég. Og svo þarf ég að taka til óspilltra málanna við að endurheimta virðinguna. Þegar maður hefur af jafn litlum manni að má, verður þetta stref ekki annað en skrýtin tilbreyting í lífi ákaflega óvirðulegs ritstjóra. Annars hef ég alltaf litið svokallaða virðingu hornauga, þangað til ég sá Nóbelshöfundinn, gríska ljóðskáldið Seferis, með orður og pípuhatt. Ég hef alltaf litið upp til póesíunnar, og ekki síst atómskáldskaparins, en aldrei verið eins stoltur fyrir hans hönd og þegar ég sá myndina af Seferis. Sigurður A. Magnússon hefur þýtt ljóð eftir hann úr grísku og látið mig heyra. Seferis er stórmerkilegt skáld. Og ég er mjög ánægður með það, að hann er ekki allur upp á þröngt tilfinningaleysi, sem er að drepa póesíuna. Og heiminn. Og allt. Jæja, nú get ég gert játningu fyrir þér: að póesían stendur hjarta mínu nær en blaðamennskan. En ég hef ávallt reynt að láta þetta tvennt fara saman, án þess það truflaði hvort annað. Ég vona að mér hafi tekist það að einhvurju leyti. Og ef svo er, hef ég unnið þann eina sigur, sem mig langar að vinna í lífinu. Svona er nú sagan um virðinguna og ritstjórann. Og þú mátt þakka fyrir meðan þú þarft ekki að setja upp þennan járnkanslarasvip, sem skyldan og ábyrgðin krefjast af okkur hinum. Ég hef stundum hugsað um hvað það væri miklu skemmtilegra að vera kynbomba og þurfa aldrei að gera annað en brosa og vagga sér í lendunum og vera til í tuskið. Ó, þið kynbombur. Þórbergur hefur lýst ukkur fyrir mér. Þegar hann sá ukkur spranga um göturnar í Sofíu og Belgrad, steig heilagi andinn í brjósti hans niður á lægra plan. Margrét sá þetta ekki, því að hún var alltaf í búðum að versla. Meistarinn hefur alltaf verið lítið fyrir svoleiðis bísness. Einn dag stóð hann á götuhorni í Belgrad og beið eftir Margréti. Þá sá hann konu og lýsti henni á þessa leið:

„Konan var vel meðalkvenmaður á hæð, nokkuð þrekvaxin og sterkleg, fremur breiðleit, dökkt hár, fallega eygð, úr augum hennar og andlitinu öllu, jafnvel úr þumalfingrinum, sindraði, blossaði, leiftraði þvílíkur kyneldur, að ég gamall maður, tók að loga og stikna miðsvæðis. Þvílík risakynbomba! Hvílík krás af guðdómi í einum kvenlíkama! Þær eru tutlulegar kynbomburnar okkar á borð við þetta eldfjall. Nokkra kyn-

bombutilburði sá ég á strætum í Kaupmannahöfn, ó, bevare mig guð; Þær eru eins og týrur í lýsislampa í líkingu við Etnuna í Belgrad."

En það voru blöðin. Allir vita að þau geta verið skemmtileg exemplör af mistökum. Án þeirra væru þau ekki eins vinsæl hér á landi og raun ber vitni. Einhvurju sinni stóð í Alþýðublaðinu undir mynd af Haraldi Guðmundssyni sendiherra, þar sem hann var að stíga út úr flugvél, nýkominn heim til Íslands einhvurra erinda: „Stóri borinn kominn" – og var auðvitað átt við nýja gufuborinn. Um daginn stóð í Morgunblaðinu þessi vafasama setning eftir Jóni Leifs: „Hið nauðsynlega upphaf er, að vel færir strokhljóðfæraleikarar komi saman til daglegra *ýfinga.*" Efst er það í huganum, sem hjartanu er kærast, eða heldurðu kannski að þetta með ýfingarnar sé prentvilla? – Og svo ég taki enn eitt dæmi: Í svargrein, sem ágætur maður skrifaði gegn öðrum ágætum manni í eitt dagblaðanna sagðist hann ekki nota sama orðbragðið og andstæðingurinn. Málstaður hans þyrfti ekki á neinum gífuryrðum að halda, hann væri ákveðinn í að halda sig við efnið. Síðan kom næsta setning:

„En þessi *maur* hefur sagt þetta og hitt…" Það hafði raunar ekki gerst annað en að einn stafur hafði fallið úr orðinu maður. Setningin átti að vera: „En þessi maður hefur sagt þetta og hitt." Þannig veltir oft lítil þúfa þungu hlassi. En hefurðu áður tekið eftir því, hvað litlu má muna, að maður verði maur? Það er óhugnanlegt til þess að hugsa, að munurinn á okkur og þessum skorkvikindum skuli ekki vera ótvíræðari en hann er: ein lítil prentvilla – og maðurinn er orðinn maur. Ein kjarnorkusprengja: Og sjá, maurarnir munu landið erfa.

Og nú ertu byrjaður að spurja um bókmenntir og skáldskap. Þá vil ég taka það strax fram, að ég vil ekkert tala um mínar eigin bækur. Það verða aðrir að gera. En það hefur orðið löng leið að þessum kafla. Ef ég man rétt vildirðu fyrst fá að heyra eitthvað um blaðamennsku og bókmenntir. Svo datt þér allt í einu í hug, að ég hefði einhvurn tíma verið barn, unglingur. Og þá fórstu að hugsa um það. „Hafiði tekið eftir því hvað forspilið er langt hjá honum Páli?" sagði séra Bjarni í afmælisræðunni um hann.

Já, skáldskapur? Á sama hátt og allt líf okkar er stjórnmál, þannig er líf okkar einnig skáldskapur. Jafnvel nýja eyjan Surtsey er orðin skáldskapur í brjósti okkar, og hún varð stórpólitík um leið og okkur datt í hug að hún gæti orðið grunnlínupunktur. Allt eru ósköp, nema einir viti. Og nú get ég sagt þér að ég hef sama álit á gagnrýnendum og Rilke hafði, og ég vona að þjóðin lifi þá af. Það besta sem ég hef heyrt um bókmenntir er dá-

lítil saga, sem Tómas skáld Guðmundsson sagði nýlega við mig. Hann sagði:

„Frumskilyrði þess að skilja skáldskap og bókmenntir er að hafa ást á þeim."

Enginn er eins hittinn og Tómas ef hann vill það við hafa. Mér finnst raunar ekki þurfa að segja annað um gagnrýni og skáldskap. Annars þykja mér tvö rit, sem ég hef lesið og fjalla um bókmenntir, bera af öðru á þeim vettvangi. Það eru „Fragmenter av en Dagbog" eftir Poul La Cour og „ABC of Reading" eftir Ezra Pound, þar sem minnst er á Grettissögu. Poul La Cour segir eitthvað á þessa leið:

„Öll mikil list er grímuleikur, allt eru tákn, allt myndir. Þú skalt óttast hið myndlausa, sem segir til sín. Það afvegaleiðir þig."

Þetta eiga íslenskir ljóðalesendur að skilja. En atómskáldin vita það.

Völuspá er sá grundvöllur, sem mér finnst eiga að byggja á. Hún er alltaf ný eins og Guðbrandur í Áfenginu. Hún á ekki minna erindi við okkur nú en þegar hún var ort á trúarskiptatímanum kringum árið 1000. Af öllum Íslendingum, sem ég veit deili á, met ég mest höfund Völuspár. Eða hugsaðu þér þennan mann, þar sem hann situr úti á hjara veraldar, uppalinn í heiðnum dómi, en berjandisk við nýjan sið kristninnar af oddi og egg í ljóði sínu. Hann var óhræddur við tískuna, hafði að vísu orðið fyrir áhrifum af henni, en samt óhræddur, og síður en svo á því að láta skírast, þó að Þorvaldur og Þangbrandur og hvað þeir nú hétu, héldu því fram að það væri fínt og hollt fyrir sálina. Nei, sagði hann: ég stend með blóði mínu – þeim arfi sem ég tók af foreldrum mínum. Og þó að kristnin sigraði og trú skáldsins tapaði, sigraði það samt: það sigraði með ljóði sínu. Það er eftirsóknarverðasti sigur sem ég þekki. Okkur sem nú lifum, á þessum viðsjárverðu og tálbeittu tímum, er hollt að hugleiða Völuspá og höfund hennar. Enginn verður nýtúlkandi nema hann þekki gamlar erfðir og byggi á þeim. Á sama hátt og þess verður að krefjast af byltingarmönnum, að þeir þekki og virði gamlar dyggðir, á sama hátt verður fólk að gera sér grein fyrir því að nýjar tilraunir eru ekki sprottnar upp af fjandskap við gamlar erfðir. Það var ekki af eintómri fordild, að Kristófer Kólumbus hélt út á hafið í leit að fyrirheitna landinu, það var ekki í því skyni að móðga Ítalíu. Þvert á móti langaði hann til að færa út landamæri hennar og guðs.

Þó mér hafi leiðst að lesa bækur, byrjaði ég snemma að yrkja. Og ég orti sjö ára um Jökulinn og landið. Þegar ég kom í menntaskóla hafði ég ort margar ljóðabækur. Ekkert þessara ljóða hefur þó verið lagt á þjóðina

og má það teljast sæmilega sloppið eins og tímarnir eru. Ég hef eiginlega alltaf verið að yrkja sama ljóðið í ýmsum myndum. Þegar ég kom í Háskólann lagði ég meðal annars stund á bókmenntir og hætti þá að yrkja að mestu, en byrjaði svo aftur þegar ég stundaði nám við Hafnarháskóla veturinn 1955 til 1956. Það eru einhvurjir galdrar í Kaupmannahöfn, sem ná hjarta Íslendingsins.

Um samtalsbækurnar hef ég ekkert að segja. Ég minntist á þær í sentímental grein í afmælisblaði Morgunblaðsins nú fyrir skömmu og þarf öngvu við að bæta, nema smá innskoti um hugarfarið á bak við þessi orð La Cours:

„Skáld er sá, sem skilar aftur innblæstri sínum til þeirra, sem gáfu honum hann."

Vonandi eignumst við einhvurn tíma samtalsbók, sem sprettur eins eðlilega úr skáldskap fólksins og sagnir og þjóðvísur.

Sigurður Nordal sagði einu sinni við mig:

„Hvurnig karl heldur þú að Egill Skallagrímsson hafi verið?"

Ég fór að hugsa um Egil. Ég hugsaði um ljóð hans. Ég hugsaði um sögu hans. Og ég sagði við sjálfan mig:

„Mundum við bíða tjón af því að eiga reglulega gott samtal við karlinn? Í slíku samtali mundu kannski fyrirfinnast svona setningar:

„Hvað hefur þér þótt skemmtilegast um ævina, Egill?"

„Að höggva mann og annan."

„Hvar hefur þér þér fundist óvinurinn berskjaldaðastur?"

„Hann er oft viðkvæmur við barkann. Og þá geta tennurnar komið sér vel…"

Hugsaðu þér hvílíkt samtal þetta hefði getað orðið!

Mér hefur alltaf þótt gott það sem George Brandes sagði um bókina:

„Bókin getur opnað okkur heila veröld. Af lestri bókar getum við kynnst ýmsum pörtum mannlegs eðlis, þar sem við ekki aðeins rekumst á eðli okkar sjálfra, síbreytilegt, heldur kynnumst við einnig óumbreytanlegu eðli og eilífu lögmáli allrar náttúrunnar. Við getum loks með því að lesa bækur af athygli aukið siðferðisþrek okkar, þannig að við finnum og vitum hvað gera á og hvað ekki."

Þetta er eins og talað út úr mínu hjarta. Sá sem kann góð skil á Njálssögu hefur minni löngun til að kveikja í samtíð sinni en hinir, sem aldrei hafa lesið annað en Familie Journal.

Já, samtíðin, það er nefnilega það. Hefurðu tekið eftir því hvað hún er fjarlæg? Það er eins og margt í fortíðinni standi okkur miklu nær. Ég var

einu sinni í boði heima hjá Ragnari í Smára og talaði við Halldór Laxness. Hann spurði um bókmenntirnar á Íslandi:

„Hvurnig ætli ástandið sé í bókmenntum þjóðarinnar?“ sagði hann. „Ætli það sé ekki heldur lítið sem hefur gerst? Eða hvurnig er það með ljóðlistina, hefur nokkur Gunnarshólmi verið ortur á þessari öld, nema þú hafir kannski ort hann sjálfur, ha?“

Nei, ég sagðist halda að enginn Gunnarshólmi hafi verið ortur á þessari öld.

„En heldur þú að nokkur Njála hafi verið skrifuð á okkar öld?“

„Njála, ha, ætli það?“ svaraði skáldið og dró sig inn í Nóbelsskelina.

Ætli þessar samræður hafi ekki verið svolítill partur af þessari glámskyggnu og fjarlægu samtíð, sem við erum alltaf að tönnlast á? Og nú er Þjóðviljinn farinn að tala um tilgerð hjá Laxness. Skyldi það ekki vera nokkuð gott dæmi um afstæðiskenninguna.

Jóhann Hjálmarsson hélt fyrirlestur um bókina „sex ljóðskáld“ í útvarpið nú fyrir skömmu. Hann hældi okkur öllum og auðvitað vorum við þakklátir fyrir það. Ekki veitir nú af. Ég hitti Stefán Hörð Grímsson nokkrum dögum seinna, og þá sagði hann:

„Mikið helvíti hældi hann okkur mikið.“

„Já,“ sagði ég.

„Þetta var mjög tortryggilegt hól,“ sagði Stefán.

„Jæja, fannst þér það?“ sagði ég. „Mér fannst ég eiginlega vera dauður.“

„Já, það er einmitt það,“ sagði Stefán Hörður. „Hann talaði um okkur alla eins og við værum löngu dauðir, en honum skal ekki verða kápan úr því klæðinu.“

Þarna sérðu: ef við fáum góða dóma, þá finnst okkur að við séum dauðir, en ef gagnrýnandinn er grassár á lofið, þá verðum við reiðir og segjum að hann sé fífl og idíót, sem hann auðvitað er! En nú held ég við ættum að snúa okkur að einhvurju öðru. Alltaf þegar ég tala um bókmenntir, finnst mér ég vera að tala um sjálfsagðan hlut, sem allir kunna betri skil á en ég. Þó get ég sagt eitt að lokum:

Sigurður í Holti sagði eitt sinn við mig:

„Hvurnig getur þú verið skáld og ort, svona harðgiftur eins og þú ert?“

Ég var feginn, að hann skyldi ekki segja, að ég væri með harðgiftingarsvip, það var þó bót í máli. En ég sagði við hann:

„Kannski get ég einmitt ort vegna þess að ég er vel giftur og eyði ekki tímanum í allskyns streð og partí.“

Ég þykist samt vera sæmilegur bóhem í aðra röndina. En það er bjargföst sannfæring mín, að list og skáldskapur spretti ekki síður úr normal tilfinningu en geðbilun og komplexum.

Einhvurjir hafa legið mér á hálsi fyrir það, að ég hafi skrifað of margar bækur, svona kornungur maður. Ég get þó ekki séð það sé neitt yfirtak, þetta lítilræði, sem ég hef látið frá mér fara. Prófessor Holberg var ekki neitt glundroðamenni eða öngþveitismaður, samt skrifaði hann fimmtán kómedíur á hálfu öðru ári.

Ég get ekki betur séð en þetta sé allt í áttina, þrátt fyrir það sem Eggert Stefánsson sagði um listina og menninguna á Íslandi.

„Maður má þakka fyrir að geta dregið andann í þessu ólofti."

Á sama hátt og íslenskt þjóðfélag mun lifa það af að hafa breyst úr heldur frumstæðu bændaþjóðfélagi í nútímalegt borgarþjóðfélag, þannig mun íslenskur skáldskapur ekki bíða tjón af svokölluðum atómljóðum, nema síður sé. Ég hygg að í kjölfar þeirra muni sigla margar glæstar gnoðir. Við erum á réttri leið, hvað sem hvur segir. Eggert sagði nefnilega líka:

„Kæru vinir, hafið ekki áhyggjur af skáldskapnum. Skáldskapurinn lifir, en við munum deyja. Það er allt og sumt."

(1964)

Jarlinn af Sigtúnum og fleira fólk, 1980

Nær ljóðið ekki lengur eyrum þjóðarinnar?

HÖFUNDUR GÍSLI SIGURÐSSON

Þórbergur hefur einhverntíma sagt við þig: „Það er sama hvort þú yrkir rímað eða ekki, þú verður alltaf atómskáld.“ Ertu samþykkur?

– Ef ég er skáld, þá er ég fyrst og fremst skáld míns tíma og nú stendur yfir tímabil atómskáldskaparins. Þetta er ekki endilega tími skynsemi eða skilnings, heldur einnig og ekki síður tími tilfinninga. Tilfinningar og atóm fara vel saman. Þú sást hvað Ekelöf sagði um ljóðið. Ég vona að ég sé partur af minni samtíð, en ekki einhverri annari samtíð, sem ég ekki þekki. Þó vil ég ekki kalla mig atómskáld, að minnsta kosti ekki í þeirri merkingu, sem ýmsir leggja í það orð, þ.e. að hvergi finnist rökrétt hugsun í ljóðum mínum.

– Heldurðu að það geti verið að Þórbergur leggi einhverja vonda merkingu í þetta orð, atómkveðskapur?

– Það geri ég ráð fyrir og vona jafnvel; ég held að pottþétt mat á nútíma ljóðlist sé nú ekki sterkasta hlið Þórbergs.

– Er það þín skoðun Matthías, að ungu skáldin nái til þjóðarinnar?

– Er nauðsynlegt að „ná til þjóðarinnar“? Þú veizt að stjórnmálamenn vilja „ná til þjóðarinnar“ – og mér finnst að þeir eigi að vera einir um það. Hlutverkið er engan veginn eftirsóknarvert, að mínum dómi. Við vitum báðir að mikill hluti fólks hefur ekki áhuga á öðru en því, sem skiptir engu máli fyrir manninn eða sál hans. Mér finnst sumt fólk lifa eins og það geri ekki ráð fyrir, að það eigi að deyja. En það, að vita ekki lengur þessa einu staðreynd lífsins, færir okkur nær dýrunum. Vísindamenn hafa sagt, að dýr geri sér ekki fulla grein fyrir dauðanum. Þar skilur milli þeirra og okkar, eða ætti að gera. Ljóðið minnir okkur á fallvaltleikann, það dýpkar mat okkar, hjálpar okkur til að skilja stöðu okkar í tilverunni. Dýrin yrkja ekki ljóð, en þau berjast um fæðu og völd; þau

eru öll í pólitíkinni, eins og þeir í Víetnam og Indónesíu. Kannski að nútímamaðurinn óttist ljóðið af þeim sökum, að það er áminning. Það er sælt að lifa í sjálfsblekkingunni, en ekki hollt að sama skapi. Segja má, að það sé nóg af dauða og tortímingu allt í kringum okkur, þó við séum ekki á þönum eftir að fá staðfestingar á því; þegar við leitum afþreyingar. En lífið er ekki afþreying – Það er selta í augum, brim og boðar. Og mundi ekki vera nauðsynlegt að vera sæmilega viðbúinn og kunna skil á brimgarðinum. Það þótti körlunum austur á Stokkseyri í gamla daga. Og þeirra reynsla hefur komið sér vel fyrir sénî eins og Pál Ísólfsson. Þessi reynsla – eða á ég að segja vitneskja? eða staðreynd? – leynist með ljóðinu. Og svo á það einnig unað óendanlegra fyrirheita; unað vors og grænna túna – upprisu. Pasternak orti fallega um upprisuna. En hann komst líka í kynni við krossinn. Eða Steinn. Það var ekki hungur kreppuáranna, sem gerði hann að skáldi, heldur návist dauðans. Skoðaðu þetta í ljóðum hans. Þau eru ekki bara kímni og háðglettni, hann upplifði krossfestingu á Valhúsahæðinni, eins og þú manst. Eða sr. Hallgrímur, hvers vegna yrkir hann Passíusálmana – nema til að skora Dauðann á hólm, minna á Upprisuna. Hann orti ekki fyrir gagnrýnendur – hann orti guði til dýrðar. Það var nokkuð gott hjá honum. En hann var líka járnsmiður og ódeigur við járn og eld. Hann hefur hert marga mannssálina.

– Það er um tvennt að ræða fyrir þig og önnur ung skáld. Í fyrsta lagi, að þú lokar þig inni í þínu skúmaskoti og þú yrkir eitthvað fyrir sjálfan þig, eða tiltölulega mjög fámennan hóp manna, en það er ekki að ná til þjóðarinnar. Hitt sem ég kalla að ná til þjóðarinnar, það er að yrkja á sama hátt og menn gerðu hérna kannski um aldamótin og þjóðin lærði svo til jafnóðum eitthvað af því utanað. Hefur það ekkert gildi lengur?

– Það eru ekki alltaf beztu ljóðin sem „ná til þjóðarinnar“, eins og þú segir. Ég held ekki að Ezra Pound og Eliot hafi nokkurn tíma „náð til þjóðarinnar“, samt eru þeir líklega einhver mestu ljóðskáld sem uppi hafa verið, og engir tveir menn hafa haft önnur eins áhrif á ljóðlistina.

– Ná þau áhrif út fyrir raðir menntamanna og listamanna?

– Fyrst í stað kunnu aðeins örfáir menn að meta ljóð þeirra. Síðar fjölgaði í þeim hóp, og nú koma áhrif frá mönnum eins og Eliot og Pound frá öllum sterkustu menningarpostulum samtímans. Þannig hafa þeir óbeinlínis haft stórkostleg áhrif á samtíð sína. Auðvitað er það eftirsóknarvert fyrir ljóðskáld að vera lesið; að fólk hafi áhuga á ljóðum þess o.s.frv. og ég held, að sá áhugi sé fyrir hendi á Íslandi í ríkari mæli en menn vita. Mér

finnst það aðallega vera atvinnupólitíkusar, sem alltaf eru að tala um að menn hafi ekki áhuga á ljóðlist. Hversvegna einmitt þeir? Tertz gæti svarað þeirri spurningu.

– Er ekki alveg óhætt að slá því föstu, að það hljóti að vera betra fyrir skáld, ef þjóðin fylgist með því sem hann yrkir, hvort sem þú lærir það utanað eða ekki?

– Það getur verið skemmtilegra. En mundu eftir einu – að fólk var ekki að læra utanbókar ljóð Jónasar Hallgrímssonar á fyrra hluta síðustu aldar. Það voru einungis vinir hans sem kunnu að meta þau. En finnst þér það ekki einmitt einkennandi fyrir Jónas? Skáld getur haft samtíðina á móti sér, en næstu kynslóð eða kynslóðir með sér. Og svo getur þessu einnig verið öfugt farið, gættu að því.

– Hvað finnst þér þá eftirsóknarverðast fyrir ljóðskáld?

– Að vera gott skáld.

– Jafnvel þó að það komi ekki í ljós fyrr en eftir marga mannsaldra.

– Já. Þú heldur nú kannske að þetta sé vörn hjá mér, af því að margir telja mig svo afskaplega vont skáld! En skáld hljóta að mega dunda við þetta í hugskotsholinu í andlegum þrengingum sínum. Það ætti að vera saklaust, meðan þau fá ekki listamannalaun. Björn bóndi á Sveinsstöðum segir í Tímanum að ég sé „viðkvæmur“ fyrir ljóðum mínum. Þetta er misskilningur hjá svo ágætum manni. En hitt er rétt að ég er og á að vera „viðkvæmur“ fyrir því, þegar menn leggja einungis pólitískan mælikvarða á ljóð mín. Slíkt mat er siðleysi. En það er víst eitt af því sem ritstjóri Morgunblaðsins verður að láta sér lynda. Satt að segja hugsar maður aldrei um það, hvort öðrum líka ljóð manns eða ekki. Ég held að það sé dálítið hættulegt að vera bara ljóðskáld; það sé gott að hafa eitthvað með. Ég skrifa aðrar bækur og er einnig blaðamaður. Þannig myndast, að mínu viti lærdómsrík víxláhrif sem hljóta að vera heillavænleg fyrir ljóðskáld; þau hljóta að gera hann frjórri – þessi sífelldu kynni við allar tegundir fólks í þjóðfélaginu. Og svo er heilsusamlegt að hafa eitthvað í bakhöndinni, ef ljóðlistin bregzt manni. Þá eitrast maður síður af samkeppni.

– Hefurðu hitt fólk, sem kann utan að ljóð eftir þig?

– Já, ólíklegasta fólk, en ekki margt. Og mér finnst það skemmtilegra en annað fólk! En ég segi ekki að ég sé meira skáld, þó einhver kunni eftir mig ljóð.

– Er nægilegt að skáld yrki bara fyrir sjálfan sig; að ljóðið komist bara á pappír og hafni svo í ruslakörfunni á eftir?

– Ég held að það sé mjög leiðinlegt hlutskipti – ef menn hafa köllun til

að vera skáld. Þá fara þeir að rugla saman þjóðfélaginu og pappírskörfunni. Það hefur í för með sér endalausan misskilning. En aftur á móti held ég geti verið heilnæmt að yrkja sér til „hugarhægðar“ – það er annað mál. En að yrkja fyrir ruslakörfuna og ætla sér þó að verða skáld, það er eins og að drekka einn. Mikið helvíti held ég að það sé leiðinlegt að drekka einn.

– Ertu kunnugur því, hversu há eru upplög þeirra ljóðabóka, sem ung skáld hafa látið frá sér fara upp á síðkastið hér á Íslandi?

– Nei, ég þekki það ekki. En mér var sagt að „Hólmgönguljóð“, önnur ljóðabókin mín, hafi fyrsta árið selzt í milli 5 og 700 eintökum. Kannski er það ekki rétt. En skiptir það máli?

– Núna í haust komu út hjá Menningarsjóði tvær ljóðabækur. Önnur eftir Jón úr Vör, í 300 eintökum, hin eftir Þorgeir Sveinbjarnarson og kom út í 500 eintökum. Nú má gera ráð fyrir því, að 300 eintaka upplag seljist til safnara, sem kaupa hérumbil hverja einustu ljóðabók, hvort sem þeir líta nokkurntíma í hana eða ekki. Afganginn kaupa svo vinir og kunningjar skáldsins. Þetta upplag gefur hreinlega til kynna, að bókin seljist alls ekki á venjulegum markaði, ekki eitt einasta eintak af henni.

– Það er leiðinlegt, bæði Jón úr Vör og Þorgeir eiga annað skilið. Ljóðlistin á annað skilið. En hún er ekki í tízku á Íslandi í dag. Mikið hef ég oft óskað þess að fegurðardrottning eða kynbomba færi að yrkja. Þá tæki kannske einhver við sér sem nú er á glapstigum í menningunni. En ég get sagt þér eitt til huggunar; 1. desember síðastliðinn las ég upp fyrir nemendur Kennaraskólans. Það var uppörvandi reynsla. Ég hef tröllatrú á íslenzkri æsku. Ætli hún eigi ekki eftir að bera ljóðið fram til sigurs. Hún er a.m.k. góður akur. Vonandi eigum við einnig góða sáðmenn.

– Þú ferð nú að halda að ég hafi eitthvað á móti ljóðlist, en þvert á móti nýt ég þess mjög sem vel er gert á því sviði. En ég er bara skeptiskur vegna þess sem ég hef séð og heyrt í kringum mig. Mig grunar að ég hafi ákveðin rök til að fylgja þeirri grunsemd eftir, að þjóðin sé hundleið á nútíma ljóðagerð og að ljóðin nái ekki lengur eyrum fólksins eins og þau gerðu áður.

– Ef íslenzk ljóðlist ferst í bræðslupotti velmegunarinnar missir þjóðin bezta spóninn úr aski sínum.

– En hún fær sjónvarp í staðinn, gleymdu því ekki.

– Sjónvarp kemur ekki í stað ljóðs, ekki frekar en golf eða rjúpnaveiðar. Vikan eða Morgunblaðið. Íslenzka þjóðin hefur átt og iðkað betri ljóðlist en flestar aðrar þjóðir. Ljóðlistin er í miklu áliti og jafnvel tízkufyrir-

brigði í löndum eins og Bandaríkjunum, Bretlandi og Sovétríkjunum, svo dæmi séu tekin. Það væri hörmulegt, ef við glötuðum á sama tíma ást okkar á ljóðlistinni. Það mundi varla vera ungu skáldunum einum að kenna, svo ólík sem þau eru. Annars held ég að vonbrigði tveggja heimsstyrjalda eigi nokkurn þátt í þeirri innilokunarstefnu sem ríkt hefur undanfarna áratugi í ljóðlist. Skáldin hafa misst trú á „selskabslífi" í bókmenntum. Þau þrá einveru, kyrrð. Að því leyti er tónn þeirra sannur.

– Ég er hræddur um, að ekki séu allir sammála því, að ljóðlistin sé svona mikils metin úti um allar trissur, eins og þú segir. Sænskur listmálari og skáld, sem hingað kom, Börge Sandelin, sagði að í Svíþjóð væru ljóðskáld beinlínis álitin klikkuð á geðsmunum.

– Var hann sjálfur alveg heill á geðsmunum?

– Ég hef engar skýrslur um það.

– Ég er sannfærður um, og hef raunar reynslu fyrir því, að tilfinning fyrir ljóðinu leynist með fólki miklu meira en margir halda. Alveg eins og trúin. Það er alltaf verið að tönnlast á að Íslendingar séu orðnir trúlausir og bent er á að þeir sæki ekki kirkju. En trúin á guð leynist með fólkinu í þessu landi, ekki síður en fyrr á tímum, og ég hugsa að það sé nú sælla í sinni trú, en þegar það var þvingað til að kyngja kreddunum. En Íslendingar sýna þetta ekki í verki í kirkjunum, það er rétt. En hvað yrði sagt, ef ætti að afnema trúna eða ef við ættum að hætta að hafa leyfi til að trúa á okkar guð. Ég held að þessu sé ekki ósvipað farið með ljóðlistina. Hún leynist með okkur. Og hún fer ekki í manngreiningarálit. Þú ættir að hlusta á Einar ríka fara með brot úr ljóðum.

– Ég veit að það er rétt sem þú segir Matthías, að ljóðlist er í góðu gengi sums staðar úti í heimi og ég hef það fyrir satt, að t.d. skáld eins og Evtushenko geti fengið húsfylli hvar sem er í Sovétríkjunum, þar sem hann les upp sín ljóð.

– En okkur vantar upplesara. Ef við eignuðumst upplesara sem læsu ljóð eins og t.d. Richard Burton eða Vincent Price – og þeir færu með íslenzk nútímaljóð út til fólksins, færu með þau út um sveitirnar, út í þorpin, þá mundi glaðna yfir ljóðlistinni á augabragði. Að þessu hlýtur að koma. Hver hefði trúað því að 5.000 Reykvíkingar ættu eftir að hlusta á 9. sinfóníu Beethovens í einni og sömu vikunni og það af svo mikilli andagt, að einn þeirra sagði við kerlingu sína: Helvíti er að hafa misst af hinum átta. Samt stendur í prógramminu að tónlistin í þessu verki sé svo stórkostleg, að mannkynið muni aldrei skilja hana til fulls. Í samanburði við þessa fullyrðingu eru atómljóðin eins og Gagn og gaman.

– Hugsaðu þér að Jón frá Pálmholti eða Dagur Sigurðarson læsu upp ljóð sín í Háskólabíói, eða jafnvel annar þeirra. Gætirðu ímyndað þér að þar yrði margt um manninn?

– Ég mundi stinga upp á að þeir fengju heldur Louis Armstrong til að syngja þau. Annars hefur oltið á ýmsu í ljóðlistinni. Og tiltölulega fá skáld hafa hitt sinn tíma. Steinn hitti ekki sína samtíð eins og t.d. Davíð, en hann var aðeins á undan og hefur verið að vinna á. Það er eftirsóknarvert hlutskipti. Það íslenzkt nútímaskáld, sem sameinar þetta bezt – að hitta sinn eigin tíma og framtíðina er Tómas Guðmundsson.

– Ég talaði við Harald, bókavörð í Landsbókasafninu og hann sagði mér, að það væri hrein undantekning og kæmi raunar nálega aldrei fyrir, að nokkur lifandi maður spyrði um ljóðabók eftir eitthvert af þessum ungu skáldum. Hinsvegar kæmi það fyrir að menn bæðu um ljóð Steins Steinars.

– Einu sinni vann ég mikið í Landsbókasafninu og kynntist þá Haraldi, ágætum manni. Þá var ég í háskóla. Í Landsbókasafninu var gott að vera – þar var engin samtíð. Og það sem bezt var: maður var hættur að trúa því að hún væri utan dyra.

– Þú víkur þér fimlega undan, en sleppum því. Sumir halda því fram, að það sé farið að halla allmikið undan fæti fyrir þessu hreina abstrakta formi í myndlist en þesskonar myndlist og atómljóð eiga, eins og þú veizt, talsvert sameiginlegt. Mörgum virðist, að ljóðið sé orðið meiri og minni dekorasjón, meiningarlaus samsetning orða.

– Ég lít ekki á sjálfan mig sem atómskáld að þessu leyti. En þó þessi ljóð séu dekorasjón eins og þú segir, eiga þau fullan rétt á sér. Mundi ekki vera ástæða til að punta svolítið upp á meiningarleysið? Og svo er annað, ljóðlistinni er ekkert óviðkomandi. Forstjóri Helgafells sagði eitt sinn við mig að túnið verði grænast þar sem mestur skíturinn er. Gæti þetta ekki einnig átt við ljóðlistina? Annars þykir mér merkilegt að útgefandinn hefur frá því fyrir jól verið að afsanna þessa kenningu sína.

– Svo þú leggur til að puntað verði upp á meiningarleysið með öðru meiningarleysi. Þá mætti eins gefa öllum myndlistarmönnum frí og láta auglýsingateiknara dunda við að líma upp mislitan pappír í staðinn.

– Ég legg ekkert til, ég minntist aðeins á það sem hefur verið gert. Það sem ég á við er það, að ég vonast til að hin nýja stefna í ljóðlist verði ekki aðeins sjálfstætt fyrirbrigði í íslenzku menningarlífi, heldur muni hún endurnýja hið gamla form – en það verður ekki gert eins og nú er ástatt, nema með ýringi af atómhugsun, þ.e. samtíminn sé í ljóðinu sjálfu, en

ekki aðeins formskreyting þess. Þú minntist á myndlistina. Heldurðu að Gunnlaugur Scheving málaði eins og hann gerir, ef hann hefði aldrei kynnzt afstraktlist? Nei, auðvitað ekki – hún m.a. hjálpaði honum að finna sinn sérstæða ógleymanlega tón.

– Finnst þér að það þurfi að vera boðskapur eða ádeila í ljóði?

– Nei, nei, nei. Ádeilu- og boðskaparljóð lykta, ef þau eru ekkert annað.

– Finnst þér þá að ljóð þurfi að segja einhverja sögu?

– Mér finnst að allt í lífinu eigi að segja sögu.

– Þér finnst ekki, að maður þurfi að yrkja annaðhvort rímað eða órímað?

– Nei, það finnst mér ekki, ekki frekar en maður þurfi að vera annaðhvort vondur eða góður; maður getur verið hvortveggja. Ég yrki jöfnum höndum rímuð, hálfrímuð og órímuð ljóð. Í minni nýju ljóðabók eru öll þessi form – en ég vona samt aðeins einn tónn. Tómas Guðmundsson fór yfir ljóðin og gaf mér margar góðar bendingar. Hann sýndi mér fram á ýmislegt sem betur mátti fara. Það er háskóli í ljóðlist að tala við Tómas.

– Eru stjórnmálamenn nokkuð farnir að vitna í ljóð þín í ræðum um stóriðjuna.

– Nei, þeir eru of miklir smekkmenn til þess.

– Fara stjórnmál og skáldskapur saman?

– Sumir stjórnmálamenn hafa verið allgóð skáld og nokkur góð skáld hafa verið álitlegir stjórnmálamenn. Við erum öll brot af stjórnmálamanni. Á sama hátt erum við öll brot af skáldi. Ég get sagt þér stutta sögu um pólitískan áhuga á menningunni. Þegar Jónas frá Hriflu var ráðherra, kom Ísak Jónsson til hans og bað hann að styrkja sig til þess að fara til útlanda í því skyni að læra nýja tegund af lestrarkennslu fyrir börn. Háttvirtur ráðherrann reisti sig upp í stólnum og sagði að það væri því miður ekki hægt. En ef hann vildi fara til útlanda og kynna sér hænsnarækt, þá væri það sjálfsagt. Af þessu sérðu, að það eru hvorki ég né þú, sem hafa komið óorði á pólitíkina. Ætli það sé ekki með pólitíkina eins og brennivínið, að rónarnir hafa komið óorði á hana. Annars vil ég bæta því við að ég gef ekkert fyrir pólitískar skoðanir skálda og listamanna. Ég las um daginn að Yeats hefði unnið það afrek, þegar hann var loksins kominn á írska þingið á efri árum, að flytja stórkostlega hrósræðu um Mussolini. Jafnvel Yeats.

– Mér skilst að þú teljir þrátt fyrir allt, að ljóðlistin standi sig hreint ekki svo illa, borið saman við aðrar listgreinar.

– Ég held ekki, að hún sé illa á vegi stödd, listrænt séð. En hún á ekki

upp á pallborðið sem stendur. Þótt málaralistin sé t.d. vinsælli, stendur hún sig ekkert betur.

– Þá er ég ekki viss um að þú sért sammála leiðarahöfundi Morgunblaðsins, sem skrifaði leiðara um „Menningarríkið“ og er mjög hrifinn af því sem áorkazt hefur á Íslandi. Hann segir svo orðrétt: „Frjálsræði er á öllum sviðum þjóðlífsins og vaxandi velmegun landsmanna hefur stuðlað að gróskumiklu listalífi, sem á miðstöð sína í höfuðborg landsins, sem nú er sannkölluð menningarborg. Menningarstraumar erlendis frá leika nú um okkur og heimsóknir mikilla erlendra listamanna eru tíðar, en voru áður einstakur viðburður í fámenni og einangrun. Greinilegt hefur verið á undanförnum árum, að meðal skapandi listamanna ríkir mikil gróska. Um það bera vitni hinar fjölmörgu málverkasýningar, sem hér eru haldnar, nýstárleg tónverk, sem ung, menntuð tónskáld hafa samið og hafa verið flutt af hljómsveitum hér á landi, bækur og önnur rit ungra rithöfunda, sem eru að koma fram á sjónarsviðið.“ Hér er hvergi nokkurs staðar drepið einu orði á ljóðlist, og enn heldur leiðarahöfundur áfram: „Það hefur einnig verið ánægjulegur vottur gróskumikils og blómlegs menningarlífs höfuðborgarinnar, að aðsókn að leikhúsum og málverkasýningum hefur aukizt jafnt og þétt á undanförnum árum og sérstaka athygli vekur að unga kynslóðin setur mjög svip sinn á þessar samkomur.“ Hér er ekki minnzt á ljóðlistina frekar en hún sé ekki til í landinu.

– Ástæðan er kannski sú, að ég átti talsverðan þátt í þessum leiðara.

– Skrifaðir þú hann kannski sjálfur?

– Ég skrifaði hann ekki sjálfur, en ég sagði efni hans fyrir að nokkru leyti. Annars þykir mér skemmtilegt að þú skulir ganga með leiðara Morgunblaðsins upp á vasann!

– Nú já, þá skil ég það. Þetta hefur verið tóm hógværð.

– Nei, ekki hógværð – heldur gleymska!

– Ekki hef ég trú á því og ekki er ég heldur viss um, að allir séu á því hreina á þessum viðreisnartímum, hvað er ljóð og hvað ekki. Viltu skilgreina hugtakið fyrir mig?

– Þetta er eins og að spyrja: hvað er sál. En ég skal reyna: Ljóð er: maðurinn sem yrkir það. Og maðurinn sem yrkir það er: brot af sjálfum sér, en mest hitt fólkið. Hann er svampur, þ.e. hann dregur í sig alla samtíðina, þykir gaman að henni eða hefur þungar áhyggjur af henni. Ljóð eru auðvitað góð og vond. Oscar Wilde sagði, að yfirleitt væru þau skáld góð, sem þyrðu ekki að lifa ljóð sín. En þeir sem lifa ljóð sín yrkja yfirleitt illa. Það er t.d. mjög hættulegt að vera of mikið í Naustinu. En Naustið er seg-

ull við skeifurnar, svo ég vitni í Edgar Lee Masters. Ég vona að Guðmundur Böðvarsson fyrirgefi mér það.

– Þú líkir ljóðskáldinu við svamp. Það hlýtur einhver að koma og kreista svampinn. Hver gerir það?

– Mig langar til að svara því með annarri spurningu. Þegar Davíð frétti að Sál konungur væri dáinn, orti hann ljóð, afar fallegt, sem byrjar svona:

„Prýðin þín, Ísrael, liggur vegin á fjöllum þínum.
En að hetjurnar skuli vera fallnar!
Segið ekki frá því í Gat,
kunngjörið það eigi á Askalon-strætum
svo að dætur Filistea fagni eigi
og dætur óumskorinna hlakki eigi.“

– Hver heldur þú að hafi kreist þennan svamp?

– Það er bezt að þú svarir þeirri spurningu sjálfur.

– Mundi það ekki hafa verið guð? Það var hann, sem hafði það í hendi sér, að Sál lifði eða dæi og Davíði orti eftir hann. Hann hefur okkur öll í hendi sér. Þetta er órímað ljóð, að formi til, en samt ágætt ljóð.

– Heldurðu sem sagt, að guð sé það afl, sem kemur skáldunum til að yrkja?

– Hann og þú. Og allir hinir. Lítil stúlka með brún augu.

– Gerirðu greinarmun á kvæði og ljóði?

– Já.

– Hver er sá munur?

– Kvæði ætti að vera stuðlað, a.m.k. með háttbundinni hrynjandi, samanber sögnina að kveða. Ljóðið getur verið óbundið, eins og Ljóðaljóðin. En við vorum eitthvað að minnast á guð. Hefurðu tekið eftir því, hvað guð Gamla testamentisins er reiður?

– Já, hann er guð reiðinnar.

– Ósköp finnst mér hann leiðinlegur guð. Og það er athyglisvert, að þetta er ekki okkar guð. Þetta er guð Ísraelsmanna. Þeir bjuggu hann til í sinni eigin mynd. Þeir sneru lögmálinu við; í staðinn fyrir að guð skapaði manninn í sinni mynd, þá komu Ísraelsmenn og bjuggu til guð í sinni eigin mynd. Það er ekki að furða þó hann sé leiðinlegur – að hafa manninn að fyrirmynd.

– Hefur þú búið til guð í þinni eigin mynd?

– Minn guð kristallaðist í brjósti Jesú Krists. Hann er guð kærleikans. Mundum við ekki oft þurfa á honum að halda?

– Má ég snúa mér aftur að jarðneskari hlutum. Kemur það fyrir, þegar

þú sérð gömul ljóð eftir þig, t.d. í bókum, sem eru þegar komnar út, að þú óskar þér, að þú hefðir haft þetta öðruvísi og mundir gjarna vilja breyta ljóðinu?

– Mér finnst það rangt þegar menn fara að fullorðnast og breyta æskuljóðum sínum. Af hverju yrkja menn? Menn yrkja vegna þess að þeir vilja sjóða niður einhvern tíma, geyma geðblæ einhverrar reynslu, sem þeir mundu glata að öðrum kosti. Og svo hafa þeir ekkert á móti því, þegar einhver kemur með dósahníf og eignast hlutdeild í þessari reynslu. „Ljóðið er barátta við ágengni tímans," svo ég taki mér í munn orð þess merka bókmenntamanns, Kristjáns Karlssonar.

– 0 –

Á heimili Matthíasar við Hjarðarhagann flæddi síðdegissólin inn um stofugluggana og baðaði í ljósi málverkin á veggjunum og hann sjálfan, þar sem hann sat í ruggustólnum. Þessi ruggustóll er einhver allra skemmtilegasti gripur, sem ég hef séð af því tagi og til þess að koma í veg fyrir allan misskilning tók Matthías það fram, að stóllinn hefði verið í eigu hans löngu áður en hann heyrði minnzt á Kennedy. Í skrifstofu Matthíasar þekja bækur veggi, en myndlistasafnið byrjar strax frammi í forstofu og nær hámarki sínu með nokkrum frábærum verkum inni í stofunni. Minnisstæðust er mér ein mynd Kjarvals; sú mynd er einskonar hugleiðing um eitt af ljóðum Matthíasar; Hörpuslátt í Borgin hló, og gjöf frá málaranum. Þar eru og nokkrar ágætar myndir eftir Nínu Tryggvadóttur, Svavar Guðnason, Kristján Davíðsson og margar myndir eftir Gunnlaug Scheving. Teikningar eftir Hörð Ágústsson og Valtý Pétursson. Það er varla hægt að komast hjá því, að andinn komi yfir mann í þessu menningarlega umhverfi. Þar er enginn íburður eða auðmannsbragur, en svo viðfelldið og heimilislegt, að þar er unun að koma. Hanna kom með kaffi og við fórum að bera saman strákana þeirra tvo: Annar hefur eldfjallaskap eins og ég, sagði Matthías, en hinn er miklu léttari. En þeir eru einu ljóðin sem ég er ánægður með að hafa ort. Ég sagði:

– Nú ert þú ritstjóri víðlesnasta dagblaðs landsins, Matthías. Hlýtur það ekki að gefa þér nokkra yfirburðaaðstöðu sem ljóðskáld, þar sem frægðin hefur alltaf mikið að segja í þessum efnum?

– Frægð? Ætli ég hafi ekki heldur eignazt þó nokkra andstæðinga út á ritstjórnina. Annars er það óverðskuldaður heiður fyrir mig að hafa eignazt nokkra verðuga andstæðinga. En frægð? Ég hef hvorki sótzt eftir henni, né hef ég áhuga á að auka á geðvonzku þeirra, sem aldrei geta látið aðra í friði.

– Ert þú ekki upp með þér af því að hafa verið gerður ódauðleg persóna í skáldsögu?

– Ódauðleg persóna? Ef ódauðleikinn er ekki merkari en þetta, þá gef ég lítið fyrir hann. Annars tel ég mér mikinn heiður að því að vera persóna í skáldsögu. En það er heldur óskemmtilegt, og illt að fyrirgefa að vera gerður svo þrautleiðinlegur sem raun ber vitni. Það verður enginn ódauðlegur af því – auk þess deyja leiðinlegar bækur. En þetta var þó nokkuð heiðarleg tilraun til að koma manni inn í bókmenntirnar; synd að hún skyldi mistakast.

– Mér er sagt, að í nýjustu bók þinni hafir þú ort sálm, eða sálma. Eru þeir gerðir með það fyrir augum að vera sungnir í kirkjum?

– Sálmar – það er stórt orð Hákot. Ég kalla þetta sálma, aðeins til aðgreiningar frá öðrum ljóðum. En hvort þeir verða sungnir í kirkjum, veit ég ekki. Það eru fleiri musteri en kirkjur. Ég læt mér nægja það sem býr í brjósti mannsins. Annars byggjast sálmarnir á því, að hversdagsleikinn í lífi okkar er sú eina sanna hátíð. Þann tón hef ég reynt að slá.

– Eru sálmarnir rímaðir?

– Nei, en þeir eru mjög einfaldir að allri gerð og með sérstökum tóni, sem ég var lengi að finna og vona nú satt að segja, að einhverjum muni geðjast að. Hluturinn er sá, að ég hef stundum verið skammaður fyrir það í Þjóðviljanum að ég sé hálfgert sálmaskáld og reynt að gera grín að mínu „religiösa“ upplagi. Það þykir mér góð og kristileg auglýsing. Mig langar ekki til að lifa trúlaus, efast um að ég gæti það og ég held að við þurfum á trú að halda í dag, kannski meir en nokkru sinni fyrr. En hvernig eigum við að nálgast forsjónina, hvernig eigum við að tala við hana, hvernig eigum við að trúa henni fyrir vandamálum okkar – nú á þessum viðsjálu tímum friðsamlegrar sambúðar? Við þurfum nýtt form, nýja leið.

– Telurðu að ungu skáldin hafi vanrækt þetta um of að yrkja sálma?

– Ungu skáldin mættu trúa meira en raun ber vitni á guð sinn, og minna á þessa pólitísku hjáguði í öllum álfum.

– Nú geta menn verið prýðilega hagorðir án þess að vera skáld. En heldurðu að nauðsynlegt sé fyrir skáld, jafnvel atómskáld, að geta sett saman laglega stöku?

– Það hlýtur að hjálpa.

– Getur þú mælt lausavísur af munni fram?

– Ég yrki oft stökur og hef gaman af. Þú manst að ég var einu sinni með skegg og um það leyti var ég boðinn í þingmannaveizlu ásamt Jóni á Akri.

Jón var eitthvað að stríða mér með skegginu og kastaði fram stöku. Ég svaraði svona:

Skeggið svart mun sýna þér,
sótt er á öllum miðum:
Viðreisnin í verki er
vöxtur á flestum sviðum.

Upp frá því amaðist Íhaldið ekki við skegginu. Til að nefna þér fleira af þessu tagi, get ég lofað þér að heyra síðasta erindið úr flokki, sem auðvitað er ortur í annars orðastað:

Læt ég nótt sem nemur, fer
næsta fljótt, á bitrum degi,
rekur flóttann feigð sem ber
fallna tóft af réttum vegi.

– Þú ert ekki aðeins skáld, heldur líka prýðilegur hagyrðingur. Þurfa ekki ljóðskáld að komast yfir byrjendaörðugleika líkt og aðrir listamenn?

– Þú veizt, að þegar fólk er nýgift, heldur það að það hafi höndlað hamingjuna. Ætli það sé ekki eitthvað svipað með ljóðskáldið. Þegar það er búið að gefa út fyrstu bókina sína, heldur það, að það sé nú loksins búið að ná settu marki. En þú veizt hvernig hjónabandið er; það verður að rækta það, maður verður að leggja eitthvað í sölurnar fyrir það. En ef það er gert, þá er það yndisleg reynsla.

– Þú hefur ekki fengið neina þjóðskáldakomplexa?

– Ég held að það hafi hjálpað mér að það hefur enginn ætlazt til þess af mér að ég sé perfekt skáld eins og sumir aðrir – og þessvegna hef ég kannski fengið að láta gamminn geisa. Það líkar mér vel – að gefa lausan tauminn. En auðvitað er æskilegt að detta ekki of oft af baki.

– Punktarðu hjá þér hendingar eða jafnvel einstök ljóð, hvenær sem er?

– Það kemur fyrir.

– Þú tekur þér ekki tíma til að yrkja?

– Jú, auðvitað. En ég lofa alltaf guð, þegar ég þarf ekki að yrkja.

– Þú lokar þig sem sagt ekki inni í skrifstofu eftir kvöldmatinn og segir við konuna þína: Nú ætla ég að yrkja svolítið?

– Nei. Og ég hef aldrei aldrei haft það eins og kaupmaðurinn upp á Njálsgötu – eða er hann á Grettisgötu? Hann orti bók á sínum tíma og gaf

út. Þegar hann var svo í miðju kafi að afgreiða virðulega frú, sem bað um eitt kíló af molasykri, kom andinn yfir hann allt í einu, kannski þegar hann var búinn að vigta 700 grömm – þá fórnaði hann höndum og sagði: Nú verðið þér að afsaka, frú mín góð, andinn hefur hlaupið í mig. Og svo fór hann inn í skrifstofu, lokaði peningaskápnum og orti ódauðleg ljóð um ástina og Heklugosið – og vesalings frúin beið á meðan. Svo brátt hefur andinn aldrei komið yfir mig niðri á Morgunblaði. En það stendur kannski til bóta.

Vikan, 1966

„Ljóð án samtals er skýrsla“

HÖFUNDUR ÁRNI ÞÓRARINSSON, FYRRI HLUTI

„Heyrðu,“ segir Matthías, „mikið djöfull eru þetta góðar kartöflur.“

Hann er með kúfaðan disk af pínulitlum soðnum, íslenskum kartöflum sem hverfa oní hann hver af annarri.

Er þetta hádegismaturinn þinn? spyr ég.

„Já, blessaður vertu, þetta er það besta sem ég fæ.“

Ég er búinn að borða. Þegar ég kom var Matthías í símanum og talaði ensku við einhvern dánumann. Hann hafði verið í erlinum á Morgunblaðinu fyrir hádegið og um leið og hann er kominn inn úr dyrunum heima hjá sér fer síminn að hringja. Matthías fær ekki frí á Íslandi. Hann þarf að flýja land til að fá að vera í friði. Ótrúlegasta fólk þykist eiga erindi við ritstjóra Morgunblaðsins, og hringir þá á hvaða tíma sem er. Gömul kona í Austurbænum hringir kannski klukkan níu á sunnudagsmorgni og vekur ritstjórann til að kvarta yfir því að hún sem áskrifandi sé ekki búin að fá blaðið sitt enn þá.

Matthías fær sumsé ekki frí á Íslandi. Hann var nýkominn úr frí á ðan utan þegar ég hafði samband við hann og spurði hvort hann væri ekki tilleiðanlegur í að spjalla við mig í Helgarblaðið. Honum þótti nógur ófriðurinn samt, að vera allt í öllu á Morgunblaðinu, vegna sumarleyfis Styrmis, þótt hann færi ekki að breiða yfir sig aðra fjölmiðla líka. Ég færði fram þau rök, að einmitt vegna þess að hann er orðinn eins konar persónugervingur Morgunblaðsins er aldrei rætt við hann sem skáld og mann með víðtæka reynslu af íslenskum þjóðmálum og menningarmálum undanfarna áratugi. Ég held hann hafi ekki tekið nema passlegt mark á þessu. Ég held hann hafi fyrst og fremst fallist á þessa beiðni fyrir gamlan kunningsskap.

„Ég er líka ekki eins heppinn og Tómas Guðmundsson,“ hafði hann sagt hlæjandi. „Ég er á þeim aldri að raddböndin eru í lagi, þannig að mér er enn hætt við því að tala af mér.“

Á meðan Matthías spænir í sig þessar dásamlegu kartöflur spjöllum við saman um dvöl hans á meginlandinu í sumar, sem kemur upp á 25 ára

blaðamannsafmæli hans. Hann er sískrifandi og orti talsvert á meginlandinu. Við rjúkum uppá kontór Matthíasar frá teinu hans og kaffinu mínu sem Hanna hefur fært okkur. Á meðan það kólnar innan um listaverkin í stofunni les hann fyrir mig nokkur af nýjustu ljóðunum, sem ort eru beint úr kviku tímans, eins og fram kemur annars staðar hér á síðunum.

Mig hefur alltaf furðað hversu mikið þrek Matthías hefur haft til ritstarfa utan þess geggjaða ófriðar sem oft á tíðum er umhverfis blaðamennskuna. Auk sífrjórrar ljóðagerðar er Matthías um þessar mundir að skrifa ævisögubrot um látinn leiðtoga Sjálfstæðisflokksins og þjóðarinnar, – Þætti úr ævi Ólafs Thors og byggir á kynnum þeirra, samtölum við Ingibjörgu, ekkju Ólafs, og öðrum heimildum sem hann hefur undir höndum. Væntanleg er einnig listaverkabók nú fyrir jólin helguð Sverri Haraldssyni, þar sem Matthías skrifar textann. Sá texti er reistur á samtölum þeirra Sverris.

Skrásett samtöl eru sú list sem Matthías hefur ræktað öðrum mönnum betur á Íslandi. Nýkomin er út staðfesting á því í bókarformi, þar sem er fyrsta bindi af úrvali blaðasamtala hans. Samtal – fundur undir fjögur augu, víxlverkan milli tveggja manna – er form sem stendur Matthíasi nær en öll önnur, bæði í hversdagslegum samskiptum fólks og í ritstörfum. Hann segist líka taka mið af samtalsforminu í ljóðagerð sinni. Ekki síst á það við um eitt ritverkið til viðbótar sem nú er í deiglu, – nýjan ljóðaflokk myndskreyttan af Erró og væntanlegur er á bók í vor.

Þetta verkefni er ofarlega í huga hans. Þegar við erum aftur sestir niðri í stofu og búið er að taka símann úr sambandi les hann flokkinn fyrir mig, – samfelldan bálk 40–50 ljóða. Þetta eru blossar frá bernsku skáldsins þegar stríðið kom í gamla Vesturbæinn í Reykjavík.

Þrestir úti – þrestir inni

Flokkurinn heitir Morgunn í maí. Nafnið, sem er skírskotun í ljóð eftir Davíð Stefánsson, gaf Kristján Karlsson bókinni. Þegar Matthías hefur lokið lestrinum spyr ég hann hvernig þessi ljóð hafi orðið til.

„Ég ætlaði ekki að yrkja þennan ljóðaflokk,“ segir hann. „Ég var að vinna að annarri ljóðabók í vor þegar þessi flokkur kom til mín um svipað leyti og þrestirnir koma í garðinn af einhverri eðlishvöt eða náttúrulögmáli sem við þekkjum ekki. Hann kom til mín eins og þröstur, settist á grein í huga mínum og fór að láta í sér heyra. Og þegar þrestirnir sungu úti, þá söng ég þetta hér uppi á skrifstofunni minni eins og miðill. Ég orti

þetta nánast í einni lotu, því ég vissi að ef ég hefði hætt í miðjum klíðum þá hefði ég ekki getað haldið tóninum. Afturámóti hefur þessi bók verið í mér lengur en nokkur önnur sem ég hef skrifað. Ég hef eiginlega verið að yrkja þessi ljóð í upp undir tuttugu ár eða frá því fyrsta ljóðabókin mín, Borgin hló, kom út árið 1958. Ástæðan til þess að ég hef ekki lagt út í að glíma við þetta verkefni fyrr en nú er sú, að ég varð að yrkja áður þær bækur sem ég hef nú gefið út til þess að geta fundið þann tón, sem ég tel að hæfi þessum ljóðaflokki."

Eltingaleikur við stríðið

Geturðu sagt mér ofurlítið nánar frá efnislegu baksviði þessara ljóða?

„Þetta er andrúm æsku minnar. Og umgjörðin er Reykjavík fyrir og í stríðinu. Stríðið hafði að sjálfsögðu mjög mikil áhrif á okkur sem þá vorum í deiglu, og ég á ekki von á því að ég verði svo gamall að styrjöldin fylgi mér ekki. Í raun og veru horfðumst við drengirnir í augu við dauða og harmleik á hverjum degi. Þetta er mikið veganesti. Nauðsynlegur skuggi til að gefa myndinni þá dýpt sem gerir reynslu manns og líf raunverulegt. Og það er einkennilegt, að ég er alltaf að rekast á ljósmyndir teknar á stríðsárunum hér í Reykjavík, þar sem ég þekki sjálfan mig eða einhvern okkar drengjanna sem ólumst upp saman í Vesturbænum. Ég sá til dæmis nýlega mynd af fólki að koma út af loftvarnaræfingu í Landsbankanum í Austurstræti. Á þessari mynd þekkti ég strax lítinn dreng á stuttbuxum og prjónapeysu. Það er ég sjálfur. Sama er að segja um mynd frá komu Fróða í Reykjavíkurhöfn eftir árásina. Þar er ég og gamlir leikfélagar mínir. Við höfum bókstaflega elt styrjöldina. Mér finnst einhvern veginn eftirá, að það gæti ekki hafa verið nein styrjöld án okkar. Þetta er baksvið þessara ljóða."

Leitin að tóninum

Hvers vegna var svona erfitt að finna þann tón sem þú taldir hæfa þessum ljóðaflokki?

„Á þessum árum hrundi veröldin í kringum okkur," segir Matthías. „Það gamla stóðst ekki þau átök sem þarna urðu og fæðingarhríðirnar urðu meiri en áður, þegar nýr tími hefur fæðst. Þessi nýi tími kom einsog þú veist úr óhugnanlegasta harmleik sem mannkynssagan þekkir. Okkur fannst því ástæða til að binda miklar vonir við það sem á eftir kæmi. En þessar vonir hafa einatt verið vonbrigði. Kannski vegna þess að það var gerð atlaga gegn mörgu því besta sem við höfð-

um fengið í arf, – verðmætum sem hefði verið ástæða til að hlúa betur að. En um það var ekki hugsað. Menn voru svo uppteknir af að byggja upp nýja veröld eftir stríðið. Í þessu stríði og þeim hrunadansi sem fylgdi í kjölfarið urðu sem sagt margvísleg gömul verðmæti að engu. Þeirra á meðal var hefðbundið íslenskt ljóðform sem var að vísu byrjað að úreldast og staðna, og gat ekki sótt endurnýjun í annað en andstæðu sína. Það er gömul saga. Þessi ljóðabók mín, Morgunn í maí, fjallar um þennan tíma, og það hefði verið fölsun frá minni hendi að yrkja hana í formi sem var með öllu andstætt andrúmi íslensks þjóðfélags um þetta leyti. Ég gat hvorki ort hana í hefðbundnu íslensku ljóðformi né óbundnu formi. Ég varð að finna nýtt form sem umgjörð um lífið í þessum ljóðum. Ég hef því leitað að fyrirmyndum bæði í formi nýs og gamals tíma. Andspænis gengishruninu reyni ég að halda mér í einn og einn stuðul eða eitt og eitt rímorð, svona einsog þegar maður nær taki á snös í fallinu og handlásar sig svo upp á brúnina aftur. Það var ekki fyrr en ég hafði ort Dagur ei meir að ég taldi mig hafa reynslu til að upplifa þessa gleymdu veröld með þeim hætti sem hún á skilið og glíma við þetta verkefni. En nú höfum við Erró leitað saman að þessum tíma og ég vona að við höfum fundið hann. Kannski tekst okkur að afsanna afstæðiskenninguna, sem ég held að sé að verða nauðsynlegt eins og ástandið er!“

Ljóð án samtals...

Málfar ljóða þinna, hversdagslegt tungutak þeirra, er samt óbreytt?

„Já, ég reyni ævinlega að nota óhátíðlegt orðalag, daglegt mál eins og það gerist í samtölum fólks. Ég er að komast á þá skoðun, að ljóð án samtals sé skýrsla. Við Kristján Karlsson og Jorge Luis Borges erum sammála um það. Sálmar á atómöld voru m.a. ortir í þessum hversdagslega búningi til að minna menn á að þeir þurfa ekki að fara í kirkju til að sýna lífinu lotningu, þó það geti verið gott að fara í kirkju. Það er í einfaldleikanum, hversdagslífinu sjálfu sem lífið er fegurst. Í ágætum sálmi er talað um „lukkunnar hjól“, en Tómas Guðmundsson hefur sagt mér að það minni sig alltaf á Tívolí. Það er einmitt það sem ég á við. Lífið er ekki skrautsýning þar sem við sitjum öllum stundum í paradísarhjóli innanum flugelda og stjörnuljós. Þegar ég orti Sálma á atómöld vakti eitthvað svipað fyrir mér og þegar Halldór Laxness sagði nýlega á blaðamannafundi að sér þætti hlægilegt að hafa hástemmdan stíl um hversdagslega atburði.“

Um gamlan og nýjan pappír

Ég tek eftir því að þú yrkir frumgerðir ljóða þinna einatt á spássíur dagblaða, umslög og aðrar umbúðir, eða blaðræksni af heldur ótótlegu tagi. Hvers vegna?

„Já," segir Matthías og brosir. „Ég vil helst skrifa á eitthvert pappírsrifrildi sem hefur verið notað að öðru leyti. Ég forðast ónotaðan pappír. Ef ég nota hreint blað finnst mér eins og ég sé að yrkja fyrir einhverja hátíð. Ég hef séð Jónas Svafár ganga með ljóðauppköst í rassvasanum. Það geri ég að vísu ekki, en hérna heima umgengst ég ljóðin mín eins og gesti sem hafa komið í heimsókn og fara svo eiginlega án þess að ég hafi frekari áhyggjur af því. Sérstaklega er ég hættur að yrkja – eins og ég gerði ungur – af óskaplegri ástríðu og einhvern veginn upp á líf og dauða. Ég yrki oft mér til gamans ef ég hef tíma aflögu. Ég held að sumir ráði krossgátu í svipuðum tilgangi og ég yrki núorðið."

Brottför heilags anda

Af hverju heldurðu að þessi breyting á afstöðu þinni til yrkinga stafi?

„Ég veit það ekki. En mér finnst þetta góð breyting. Manni gefst miklu betra tóm til að yrkja ljóðin áfram og losa þau úr viðjum fyrsta innblásturs ins. Oft eru menn kirfilega blekktir fyrst eftir að þeir hafa ort ljóð, og halda að það sé harla gott, þótt í raun og veru sé það ekki prenthæft. Breytingin er sú að manni finnst ekki lengur allt sem maður setur á pappír innblásið af heilögum anda, framyfir þá inspírasjón sem er nauðsynleg til að byrja á kvæði. Sú inspírasjón er oft og einatt tengd eins konar ofnæmi gagnvart umhverfinu, nauðsynlegum viðbrögðum við utanaðkomandi áhrifum, – eins og margir hafa ofnæmi fyrir til dæmis ryki eða gróðri. Ég hef ofnæmi fyrir óskaplega mörgu í veröldinni. Ég get nefnt sem dæmi að þegar ég sé frétt um hörmulegan dauða einhverra barna í útlöndum þá er ég hreinlega veikur í tvo-þrjá daga á eftir. En við þessa breytingu er maður farinn að geta unnið sín ljóð eins og handverksmaður, sem hefur gaman af því að gera smíðisgripina sína eins vel úr garði og hann getur. Án þess hann haldi að altilveran hafi blásið honum í brjóst."

„Þá vantar ekki það í hann"

Ertu fljótur að yrkja?

„Það er misjafnt. Yfirleitt er ég fljótur að leggja undirstöðu að ljóði, en það líður oftast langur tími uns ég tel það birtingarhæft. Ég hef alltaf haft mjög góða ráðgjafa, sem hafa reynt að koma í veg fyrir stærstu skandal-

ana. Steinn Steinarr las yfir Borgin hló, Andrés Björnsson næstu tvær bækur, og Tómas Guðmundsson og Kristján Karlsson hafa borið ábyrgð á ljóðabókum mínum síðan. Kannski hefðu þeir viljað losna við að ég gæti þessa, því það hlýtur að vera hverjum manni mikil raun að þurfa að skrifa upp á svo ótryggan víxil. Tómas er að vísu vanur víxlum, einsog þú veist. En þegar ég er síðan búinn að gefa út bók – hvort sem það er ljóðabók eða annað – hugsa ég ekki meir um það og undantekning er ef ég tek mér hana í hönd. Afturámóti gleðst ég að sjálfsögðu ef einhver finnur eitthvað nýtilegt í henni. Við hina sem eru óánægðir get ég bara sagt það sem Kjarval svaraði einu sinni Vilmundi landlækni er þeir hittust á Hverfisgötunni. Vilmundur hafði verið austur á landi og séð kofa Kjarvals í Hjaltastaðaþinghá, og sagði: „Mikið andskoti er kofinn þinn ljótur." Kjarval hneigði sig og þakkaði pent fyrir að venju og sagði: „Þá vantar ekki það í hann."

Ég held að skáldum og listamönnum sé nauðsynlegt að reyna að sjá sjálfa sig í nokkuð réttu ljósi. En það er ekki heiglum hent og oft vilja öll hlutföll brenglast. Ég hef þekkt fólk sem hefur fengið ofbirtu í augun af því að horfa í spegil. Jafnvel svo merkur og lífsreyndur stjórnmálamaður og bókmenntakönnuður og Bjarni frá Vogi gekk einu sinni illa í vatnið. Adrian Mhor hafði sagt undir heilsíðumynd af Bjarna í vondri bók um Ísland: „Islands bedste digter". Kristján Albertsson óskaði Bjarna til hamingju úti í þingi og meinti ekkert illt með því. En Bjarni sagði snúðugur og raunar upp úr þurru: „Ef þér eigið við Einar Benediktsson þá er ég alveg óhræddur við hann." Mér finnst þessi glámskyggni vera eitt af einkennum okkar tíðar. Símon Dalaskáld erfði vesti frá Hannesi Hafstein. Símon ákvað síðar að gefa Steingrími Thorsteinssyni þetta vesti og sagði við afhendinguna: „Nú hafa þrjú þjóðskáld verið í þessu vesti." Ég hef verið að velta því fyrir mér hver skyldi vera í vestinu nú, og mér skilst að frægasti rithöfundur þjóðarinnar af blaðafregnum að dæma, Ólafur á Oddhóli, sé í þessu vesti. Það kvað hafa gert mikla lukku hjá kvenfólki, ekki síst í Svíþjóð!"

Grasið og áburðurinn

„Sannleikurinn er sá, að þegar það sem ég hef skrifað er á þrykk út gengið kemur það mér sáralítið við. Ég átti mjög erfitt uppdráttar þegar ég var að byrja að yrkja. Annars vegar var ég kallaður atómskáld og illa þokkaður af góðborgurum sem sungu Steingrím Thorsteinsson og fóru með Einar Benediktsson, eins og þeir væru hin eina sannanlega móður-

mjólk þeirra. Hins vegar kölluðu atómskáldin mig gagnbyltingarmann, af því mér líkaði ekki sú þróun íslenskrar ljóðlistar að hún lokaðist og yxi sjálfrátt og ósjálfrátt frá fólkinu í landinu, svo snar þáttur sem ljóðlist hefur alla tíð verið af lífi alþýðunnar á Íslandi. Síðan hefur þetta viðhorf breyst og ég hef ekki yfir neinu að kvarta. Hef farið mínar leiðir án þess að spyrja kóng eða prest."

Þegar síðasta ljóðabókin þín, Dagur ei meir, kom út var á sumum gagnrýnendum að skilja að hér hefði íslensk ljóðlist tekið nýja stefnu, – hún væri að opnast aftur og smíðaður var frasinn „opið ljóð". Var hér um að ræða vísvitandi stefnubreytingu af þinni hálfu?

„Ég held að ljóðskáld geri ekkert nema að parti til vísvitandi. Hitt kemur einsog grasið. Grasið vex án þess að semja um það greinargerð. En svo á öll list, og ekki síst ljóðlist, það sameiginlegt með grasinu, að því meir sem borið er á það af skít þeim mun betra gras. Tengsl mín sem blaðamanns við samtíðina hafa verið mér sem skáldi feikilegur áburður og næring. Gunnlaugur Scheving sagði að hann væri alæta á list. Þannig finnst mér að listamenn eigi að vera. Maðurinn, rottan og svínið eru einu alæturnar á jörðinni og þau dýr sem best hafa dafnað. Skáld er ekki guðleg vera fremur en annað fólk. Og skáld sem er allt nema annað fólk finnst mér lítils virði. En því persónulegra sem gott ljóðskáld er, þeim mun lokaðra verður það oft og einatt, þó að allir haldi að sá sem yrkir svokölluð „opin ljóð" sé opin bók. Ég held að enginn hafi skilgreint „opið ljóð" með viðunandi hætti. Ég held að opin ljóð geti verið lokaðasti skáldskapur sem hugsast getur. Mönnum getur liðið vel í návist slíkra ljóða, en það er ekki þar með sagt að þeir þekki þau eins og fingurna á sér. Ljóðskáld er eins og spóinn sem verndar unga sína og beinir oft athygli frá sér jafnvel þegar menn halda að þeir sjái það best. Og öfugt. En ljóðskáld sem er að flækjast fyrir lesendum sínum ætti að fást við eitthvað annað en ljóðlist. Það gæti orðið sjónvarpsþulur eða fjölmiðlari af einhverju tagi."

Mafían

Ýmsir hafa líka orðið til að gera hálfpartinn grín að þessum frasa, „opið ljóð", og sagt að þeir sem lofað hafa og prísað þessi ljóð þín mest séu persónulegir vildarvinir þínir og pólitískir jábræður. Þú veist að vinstrimenn einkanlega halda því sumir fram að þú sért guðfaðir heillar menningarmafíu sem hefur Morgunblaðið að höfuðvígi sínu. Er eitthvað til í þessu?

„Ég er ekki svo skyni skroppinn, Árni minn," segir Matthías og brosir breitt, „að mér sé ekki kunnugt um allt þetta. Mér finnst í sjálfu sér ekk-

ert óeðlilegt að þeir telji aðra reyna að misnota vini sína og jafnvoldugt blað og Morgunblaðið sem vita innst inni að þeir gætu sjálfir ekki staðist þá freistingu að misnota hvort tveggja. Sjálfur er ég sannfærður um að ég lifi ekki í loftþéttu rúmi ótta og undirlægjuháttar. Ég veit ekki til að ég hafi nokkurn tíma skipt mér af gagnrýni í Morgunblaðinu. Ég hef afturámóti talið rétt að gagnrýnendur blaðsins skrifi um mínar bækur sem annarra. Ég get viðurkennt að mér finnst það stundum dálítið vandræðalegt þegar skrifað er um bækur mínar í Morgunblaðið. En skáldið og ritstjórinn eru tveir menn, og er ekki ástæða til að rugla þeim saman einsog oft er gert. Ég tel að vísu rétt að skáldið hafi stundum haft áhrif á ritstjórann, og starf ritstjórans hefur haft áhrif á skáldið. Hinsvegar legg ég ekki mikið upp úr því sem menn skrifa um ljóðlist eða listir yfirleitt, og ég hef verið gagnrýndur í Morgunblaðinu og ég hef fengið hlýtt viðmót í öðrum blöðum. En ég get ekki hugsað mér neitt lágkúrulegra en að safna utanum sig eintómum viðhlæjendum til þess eins að hafa meðvituð áhrif á að þeir hrósi manni. Hitt er svo annað mál, að það er ekki undarlegt að menn sem eiga svipuð áhugamál laðist hver að öðrum, án þess að um mafíu eða klíku sé að ræða. Ég hef að sjálfsögðu ráðið því hverjir hafa annast þessi skrif í Morgunblaðinu, en ég veit ekki betur en ástæða hafi verið til að trúa þeim fyrir því. Ég ætlast til þess að þeir sem skrifa um bækur fjalli um þær frá ýmsum hliðum og reyni að gera sér einhverja grein fyrir því hvert höfundur er að fara. Það er stundum gert, en mjög sjaldan. Geðþóttadómar loða því miður enn við íslenska gagnrýnendur, og ég hef þá of oft grunaða um að setjast niður og spyrja sjálfa sig: er þetta pólitískur vinur minn eða andstæðingur? og ég fullyrði að dómurinn geti farið eftir því hvert svarið er. Ég hef alveg haft bolmagn til að standast skrif sem eiga að slátra skáldinu um leið og ritstjóranum. Mótbyr er ekki einasta skáldi skaðlaus, heldur nauðsynlegur."

Íslenska holtapokan

Varstu viðkvæmari fyrir þessu ungur?

„Já. Ég var að minnsta kosti meira undrandi, því ég trúði því ekki að menn skrifuðu um list eins og skrifað er um pólitík. Annars eru þessi mál kostuleg. Pólitískir andstæðingar mínir segja að ég noti Morgunblaðið fyrir mig og mína „klíku", en pólitískum samherjum, eins og vini mínum Ingimar Erlendi, er ekki svefnsamt útaf dálæti Morgunblaðsins á róttækum höfundum. Ég get ekki hugsað mér betri staðfestingu á því að í Morgunblaðið sé verið að reyna að skrifa um listir, en ekki menn og pólitískar skoðanir þeirra. Þú

spurðir mig og ég reyni að svara. Annars er ég orðinn drepleiður á þessari íslensku holtaþoku og tel mig ekki hafa unnið til þess að ræða þetta alla mína hundstíð. Ég skrifaði á sínum tíma bók um Þórberg Þórðarson vegna þess að ég virti hann og skoðanir hans þó ég væri ósammála flestu því sem hann sagði um pólitík. En svo skemmtilegur maður sem Þórbergur var getur haft hvaða skoðanir sem hann vill. Afturámóti getur maður ætlast til þess að leiðinlegir menn hafi skemmtilegar skoðanir!“

Dæmi sem gert verður upp síðar...

Telur þú þig sem skáld hafa grætt eða tapað á því að vera ritstjóri Morgunblaðsins?

„Það gefur náttúrulega augaleið, að ég hefði aldrei orðið ritstjóri blaðsins ef mér hefði liðið illa í því hlutverki. Ég hef þar þurft að gera upp hug minn til þjóðfélagsmála. Ég á rætur í borgaralegri menningu og þó ég sé oft óánægður með ýmsa hluti í okkar borgaralega þjóðfélagi og öðrum slíkum þá dettur mér ekki bylting í hug. Ef okkur líkar illa við skoðanir eða gerðir fólks verðum við að mæta þeim eins og gert hefur verið í vestrænum lýðræðisþjóðfélögum eftir bandarísku og frönsku byltingarnar. Ofbeldi er mér fjarlægt og raunar má ég ekki blóð sjá. Ég tel ekki réttlætanlegt að koma á nýju þjóðskipulagi ef það kostar eitt einasta mannslíf. Ég veit ekki til að eitt mannslíf sé öðru ómerkara. Sem skáld hef ég að sjálfsögðu grætt á því að vera ritstjóri. Ég hef kynnst mörgu merku fólki og hlotið reynslu sem ég hefði farið á mis við að öðrum kosti. Margt af því fólki hefur að vísu ekki skilið skáldið. Og skáldið hefur lifað og hrærst í heimi ritstjórans með miklum fyrirvara. Það dæmi verður kannski gert upp síðar. Hins vegar finnst mér að framan af hafi skáldið ekki hlotið þær viðtökur alls staðar sem ungur saklaus maður á skilið þegar hann ber fram ritverk sín af heilum hug og blekkingalaust. Núorðið getur skáldið vel við unað og meira en það.“

Fjaðrafok

Í eftirmála leikritasafns þíns sem út kom fyrir fáum árum mátti merkja talsverða beiskju út af viðtökum leikritanna. Ertu bitur?

„Það var ekki um annað að ræða en það, að mér hefði fundist ýmsir sem að mér vógu hvað óvægilegast vegna Fjaðrafoks geta minnst einu orði á að litla stúlkan í leikritinu ætti bágt og þyrfti á hjálp að halda. Það er söguleg staðreynd að fyrirmynd hennar hefur þurft að glíma við örlög sín í okkar þjóðfélagi og svokallaðir áhugamenn um þjóðfélagsmál hefðu átt að beina athyglinni að þessu unga fólki sem ekki sér út úr hríðinni, en

ekki vera að berja á einhverjum leikritahöfundi í sjö mánuði. Það er kannski einber hugarburður minn, en ég held að þessir menn séu frekar að berjast fyrir sjálfa sig og sína pólitík en það fólk sem þeir þykjast hafa áhuga á. Af þessu varð ég vonsvikinn, og jú kannski dálítið bitur. En síðan hafa verið leikin eftir mig leikrit í útvarpi og sjónvarpi og ég hef engin leiðindi haft af því. Þvert á móti. En ég reikna ekki með að ég sé kærkominn gestur á svið leikhúsanna í bráð."

Hvers vegna?

„Vegna þess að ég held að menn vilji ekki ótilkvaddir kalla nýtt fjaðrafok yfir sín leikhús. Kjarval sagði einu sinni við mig: Það er hvíld í því að vera sleginn út. Ég hef í samræmi við þetta ekki viljað raska ró minni eða annarra með því að arka upp á leiksvið!"

Heimsmenningin og Ísland

Skrifarðu enn leikrit?

„Jájá. Ég geri það. Ég hef dálítið gaman af því að hugsa í leikriti. Og það hefur ekki verið af neinni fordild sem ég hef sýnt leikritin mín, heldur af löngun og af því ég hef haldið að þau ættu eitthvert erindi. Afturámóti finnst mér gott að hafa dálítið hægar um mig. Ég tel að allt of mikill hávaði sé í kringum sumt af því sem er pródúserað hér á landi. Andlegar afurðir eru að verða helsta útflutningsvara Íslendinga ef dæma má af fjölmiðlum! Ég verð samt aldrei var við neitt slíkt þótt ég sé vikum saman erlendis. Hér er áróðurinn svo yfirgengilegur að menn halda að hér sé ekki framleitt annað en heimsmenning. Ef það er rétt að heimsmenning sé eitthvað sem menn verða ekki varir við, þá má vafalaust færa rök að því að punktum saliens sé að finna í íslenskri samtíð. Hér eru öll hlutföll brengluð."

Og Matthías er farinn að ganga um gólf, sem er ótvírætt merki þess að honum er mikið niðri fyrir.

„Svo virðist sem enginn trúi á eigin verk," segir hann, „fyrr en útlenskir galgopar eru búnir að klappa honum á öxlina. Þó það sé kannski helst gert af nærgætni og virðingu fyrir fámenni þjóðarinnar! Hér er of mikill hávaði um venjulega hluti. Of miklar umbúðir utanum íslenska tólg. Menn verða að fara að gera sér grein fyrir þessu og þykja verðugt hlutverk að skrifa fyrir Íslendinga eina. Rithöfundar annarra þjóða sjá um þær. Og þar sem ég þekki til íslensks andrúmslofts getur enginn talið mér það til hégómaskapar þó ég setji mér varnagla og minni á að ég tala ekki úr glerhúsi! Svo oft sem ég hef fengið besta dóma í heimsmenningunni á Norðurlöndum!"

Egill og Elvis

„Hitt er annað mál að íslenskir listamenn þurfa ekki þessa uppáskrift frá útlöndum. Útlend list nú um stundir er ekki með þeim hætti að ástæða sé til að rækta minnimáttarkennd sína svo að hún verði að ólæknandi krabbameini. Útí Evrópu voru menn að spyrja mig að því í sumar hvort við töluðum norsku eða dönsku. Til þess að leiðrétta þennan misskilning ættum við að gefa út mikið af íslenskum verkum í útlöndum, – á íslensku! Við erum hvorki Guliver í Putalandi né Guliver í Risalandi. Við erum bara fólk í skjóli menningar sem við þurfum ekki að segja að sé tiltölulega mikil á heimsmælikvarða. Við erum heldur ekki stafkarlar sem þurfa að fara betlandi um nágrannalöndin að sækja orðstír sinn. En það er ágætt að skreppa þangað eins og Íslendingar gerðu til forna, þegar þeir fluttu Ísland út og útlönd heim, án þess að það þætti í frásögur færandi, nema sem sjálfsagður hlutur í merkum skáldskap. Við höfum að minnsta kosti ekki þurft að horfa upp á Egil Skallagrímsson þeysast út og suður að sækja góða gagnrýni einhverrar Gunnhildar kóngamóður eða Eiríks blóðaxar! Ég tel það rétt sem Tómas Guðmundsson segir, að enginn verði frægur fyrr en hann verður frægur af frægð sinni. Eins og Presley. Það er frétt þegar hann deyr.

En það verður aðeins dánartilkynning þegar við deyjum.“

Vísir, 1978

„Stundum óska ég þess heitast að ég væri ósýnilegur“

HÖFUNDUR ÁRNI ÞÓRARINSSON, SÍÐARI HLUTI

Á tröppunum hjá Matthíasi var ég búinn að bíða í fimm mínútur eða svo. Enginn heima. Það var rétt byrjað að örla á þeirri hugsun að kannski hefði hann gleymt stefnumótinu. Annað eins hefur nú gerst. Í því rennur ritstjórabronkóinn upp að.

„Ertu ekki nýkominn Árni minn?“ segir Matthías glaðbeittur þegar þau Hanna koma inn gangstéttina. Jú, segi ég. Margur hefur mátt bíða lengur eftir Matthíasi en í fimm mínútur. Ég hafði gaman af því á Mogganum þegar hann var í ham að stjórna blaðinu, að allskyns ráðherrar og toppar í símanum máttu veskú bíða eins og aðrir þangað til röðin kom að þeim. Reyndar sagði Matthías einu sinni við mig að hann væri yfirleitt einum degi á eftir áætlun.

Eftir hádegismatinn sitjum við inni í stofu og tökum upp þráðinn þar sem við hættum í fyrri lotu. Við höfðum verið að ræða um sálarástandið á íslenskri menningu nú og Matthías hafði lýst áhyggjum sínum af þjóðlegum minnimáttarkomplex sem gjarnan birtist í alls kyns rembingi. Ég spyr hann hvort hann sé ekki samt mikill Íslendingur í sér.

„Út af fyrir sig leikrænt“

„Íslenskt mannlíf hefur sótt mjög á mig,“ segir Matthías, „og því meir sem ég hef elst. Ég er vissulega sterkt tengdur þessu landi, eins og þú getur séð af ljóðum mínum. En á sama tíma, og af því hve ég hef verið mikið erlendis, hef ég getað horft á það úr fjarlægð. Meðan ég var úti í sumar fékk ég bréf frá Kristjáni Karlssyni, þar sem hann gerir svolitla úttekt á helstu atburðum sumarsins á Íslandi. Við gerum oft slíkar úttektir. Það er nauðsynlegt, m.a. til þess að fá ekki mikilmennskubrjálæði.

Mig langar til að vitna í bréf Kristjáns. Hann segir m.a.: „Aumingja Finnlandsforseti virðist hafa verið hérna í heimsókn, og yfirvöldin létu

hann aldrei í friði… Á Þingvöllum stóð maður af einhverjum ástæðum niðri í gjótu meðan hann lék lögsögumann í rigningu fyrir forsetann. Annar maður stóð með fótinn á öxlinni á hinum og það átti að tákna skort á framkvæmdavaldi í fornöld, sem var út af fyrir sig leikrænt. Síðan sást Kekkonen á laxveiðum í Kjós ásamt fylgdarliði, sem var miklu fínna en hann, eins og vænta má. Nema einhver sem var á gúmmískóm og virtist vera með beitu frá Hvalstöðinni, því að þetta voru mjög stór flykki, nema það hafi átt að vera í lunch seinna. Þú mátt ekki skilja það svo að Íslendingar séu ekki merkileg þjóð. Þeir eru miklu merkilegri að sínu leyti en landið, sem er leiðigjarnt fyrir minn smekk. En ég þreytist aldrei á að íhuga Íslendinga og finnst þeir því merkilegri og stórfenglegri sem ég hugsa meira um þá.“ – Þetta finnst mér góð lýsing hjá Kristjáni,“ segir Matthías.

Glámsaugun

„Ég verð þó að andmæla þessu um landið,“ bætir hann við. „Það er mér mesti leyndardómur sem ég þekki. Ekki síst jötunheimar öræfanna. Það hefur haft mikil áhrif á allt sem ég hef skrifað. Ég hugsa að ástæðan sé sú að ég er fæddur og alinn upp í Reykjavík, og þegar ég kynntist ungur þessum hrikalegu öræfum var eins og þau settust að í blóði mínu. Við danska skáldið Thorkild Björnvig komum okkur saman um það í vor, að áhrifin frá auðnum Íslands og mikilúðlegri, óspilltri fegurð landsins væru okkur einhver óskilgreinanleg trúarbrögð.

Afturámóti stóð mér ógn af smæð landsins þegar ég hugsaði til þess að utan í sumar, og sérstaklega þeirri miklu taugaveiklun og stressi sem maður verður var við hér. Hér eru allir að reyna að sanna eitthvað sem þarf ekki að sanna. Helst þarf hver einstaklingur hérna að vera heil heimsálfa útaf fyrir sig. Og heimsálfa sem ekki er heimsálfa verður náttúrlega taugaveikluð! Ég held þetta streð geti leitt til ógæfu. Hér er návígi manna of mikið. Það er margt í örlögum íslensku þjóðarinnar sem minnir mig á Grettissögu. Það er eitthvað í Gretti sem loðir við okkur. Við erum alltaf að slást við einhver Glámsaugu án þess að þurfa þess. Grettir hefði getað orðið gæfusamur maður með alla þá hæfileika sem forsjónin hafði gefið honum. En hann gat ekki lifað nema í einhverjum útistöðum sem allt eyðilögðu. Í athugasemdum sínum um bókmenntir minntist Ezra Pound á Grettissögu eina íslenskra ritverka. Hún hafði heillað hann með sérstökum hætti. Birtan og skuggarnir á réttum stað, blóðið tryllt og örlögin ófyrirsjáanleg. Ég held að margir útlendingar sjái líf okkar svipuð-

um augum og Pound Grettissögu. Þrátt fyrir margvíslega útúrdúra hefur líf íslensku þjóðarinnar verið eins konar skáldskapur, og kannski einmitt vegna andstæðnanna; gjörvuleikans og gæfuleysisins. Hér eru menn jafnvel að burðast við að hata hver annan. Það er hatrið í fornum sögum íslenskum sem er kveikja allrar ógæfu. Ég held við ættum að reyna að láta okkur þykja ofurlítið vænt hverju um annað. Við erum ekki svo mörg. En svo er hitt: Ef Glámsaugun og hatrið vantaði í Grettissögu hefði hún aldrei verið skrifuð. Við verðum víst að skrifa sögu okkar þjóðar með þeim hætti að blóðið storkni ekki fljótt á kálfsskinninu. Heyrðu, nú veit ég að farnar eru að renna tvær grímur á einhverja þjóðlega Íslendinga og því betra að fara að gæta sín áður en manni verður fórnað til hátíðarbrigða," segir Matthías og hlær.

Stórar og litlar persónur

„Mér dettur Þórbergur í hug í þessu sambandi. Hönnu, konunni minni hefur alltaf þótt mikið til þess koma hvað hann var samkvæmur sjálfum sér. Hann taldi til að mynda, að maður gæti ekki lifað jarðnesku mannlífi án þess að standa skil á gerðum sínum eftir dauðann. Ég er afturámóti ekki viss um þetta. Það er ekki samræmi í því að gefa mönnum mannlegan breyskleika í vöggugjöf og eltast svo við þennan sama breyskleika á astralplaninu. Það er annað sem heillar mig meira í afstöðu Þórbergs. Það kom fram í samtali okkar í Kompaníinu þegar hann sagði:

„Annars er það einkennilegt hvað margt fólk á erfitt með að laga sig hvert eftir öðru. Það vill verða svo rismiklar persónur að hvorug lætur undan fyrir hinni. Þegar ég mæti stórri persónu reyni ég alltaf að vera lítil persóna til þess að stóra persónan hafi þá ánægju að verða ennþá stærri. Það er líka nokkuð algengur veikleiki í fari manna að slá sér upp á annarra kostnað, verða stórir þegar nokkrir eru viðstaddir, segja þá eitthvað vanvirðulegt um einn, gera hann hlægilegan, og horfa svo upp á hina og spyrja með uppétandi augnaráði: Var þetta ekki helvíti sniðugt hjá mér? – Þetta er nokkuð algengt í fari manna. Annars er stór persóna aldrei stór. Hún dregur sig í hlé og þegir." Þessi orð Þórbergs ættu þeir að hugleiða sem skrifa í blöð og samkjafta ekki í ríkisfjölmiðlum.

Það er gott og nauðsynlegt að láta lítið á sér bera í litlu þjóðfélagi," segir Matthías svo. „Það kunna ríkir gáfumenn. En heimskir auðmenn kalla á öfund og ókyrrð í þjóðfélaginu. Sá sem er einhvers virði hreykir sér ekki. Hann getur, eins og Lao Tse, þekkt allan heiminn án þess að fara út fyrir hússins dyr. Það er of mikið af meðalmennsku og þó einkum hæfi-

leikaleysi í íslenskum stjórnmálum, listum, og ekki síst fjölmiðlum. Hér situr fjöldinn allur af verðmætasta fólkinu og hreyfir hvorki legg né lið, en ræktar garðinn sinn að fyrirmynd Voltaires og feðganna í Innansveitarkróniku, perlunni í skáldsagnagerð Íslendinga á þessari öld. Blaðamennskan hefur að vísu ekki gefið mér tækifæri til að rækta garðinn minn, eins og ég kysi nú orðið. Ég finn að ég hef meiri þörf fyrir það eftir því sem ég eldist. Kannski hef ég einhvern tíma efni á að dunda eingöngu í þessum garði, hver veit."

Alterego

Það væri synd að segja að þú hafir fengið mörg tækifæri til að láta lítið á þér bera. Svo langt hefur þetta gengið að þín persóna hefur í lifanda lífi orðið öðrum skáldum að yrkisefni, bæði dulbúið í bókum eins og Borgarlífi Ingimars Erlendar og Svartri messu Jóhannesar Helga, og ódulbúið í bók eins og Landshornamönnum Guðmundar Daníelssonar. Hvað finnst þér um svona „heimildaskáldskap"?

„Ég hef ekkert nema gott um þetta að segja," segir Matthías og grettir sig svolítið. „Mér kemur þetta raunverulega ekkert við. Nema kannski það sem Guðmundur Dan skrifaði í Landshornamönnum, því samráð var haft við M-ið og við Guðmundur vorum félagar í þessari veiðiferð sem bókin fjallar um. Guðmundur hefur sannarlega lagt rækt við fígúru mína. Ég get játað, að það hefur náttúrlega hvarflað að mér þegar ég hef séð hvað ég hef orðið fyrirmynd margra rithöfunda að þeir telji lífsspursmál að ég komist inn í bókmenntasöguna og hafi af eðlilegum ástæðum ekki treyst sjálfum mér til að vinna það afrek. Þetta eru allt góðir kunningjar mínir og vinir, en voru það kannski ekki öllum stundum. Enda verða engir vinir listamanna öllum stundum nema viðhlæjendur. Eitt vil ég þó segja, að þótt ég telji Landshornamenn skemmtilega bók með listrænum sprettum, þá hefði ég nú heldur óskað eftir því að vera persóna í skáldverkum eins og Ofvitanum eða Idjótanum en þeim skáldsögum sem þú nefndir. Nú er mér sagt að Jóhannes Helgi sé búinn að gefa út Svarta messu endurskoðaða og litli púkinn sem var undirlægja Bjarna Benediktssonar mun vera horfinn úr sögunni, enda átti hann þar aldrei heima og var eins konar krabbamein frá listrænu sjónarmiði. Ég sakna þess þó náttúrlega að fá ekki að lifa áfram í þessu skáldverki í því gervi sem mér var ætlað þar. Mitt alterego í Borgarlífi er ekkert sérlega ógeðfelld persóna, enda gat Ingimar Erlendi aldrei orðið jafn illa við mig og reynt var að innræta honum. Og svo eru þetta náttúrlega skáldverk með skálda-

leyfum, en ekki minningargreinar. Minningargreinina ætla ég að skrifa sjálfur.“

Persónugervingur valds og kerfis?

En særðu þessi skáldverk þig á sínum tíma?

„Það held ég ekki. Fyrst ég var hins vegar að flækjast í bókum annarra manna á annað borð þá hefði ég kosið að ég væri þar með meiri reisn, og ekki síst skáldlegri reisn, en raun ber vitni. En skáldverk getur ekki lotið öðru en eigin lögmálum og ég virði fullkomlega það sem þessir höfundar ætluðu verkum sínum. Ég hlýt sem ritstjóri Morgunblaðsins að vera sjálfrátt eða ósjálfrátt metinn af öðru fólki sem fulltrúi og persónugervingur valds og kerfis á Íslandi. Þótt hvort tveggja sé mér í rauninni framandi og ég hafi aldrei sóst eftir þeim völdum sem margir eigna mér. Og sérílagi veit ég ekki til þess að ég hafi beitt þeim gegn öðru fólki. Ég man ekki betur en Borgarlíf og Svört messa hlytu hvergi verulega góða dóma nema í Morgunblaðinu. Það gladdi mig, án þess ég hafi þar nokkru um ráðið, en sýndi mér jafnframt að gagnrýnendur Morgunblaðsins geta verið misbrestasamir ekki síður en aðrir, því báðir þessir höfundar hafa skrifað betri verk.“

Vinir og óvinir

Hvernig skyldi standa á því að þú kemur svo mörgu fólki úr jafnvægi sem raun ber vitni, jafnvel með þeim afleiðingum að menn fá þig bókstaflega á heilann?

„Ég hef stundum spurt sjálfan mig hvernig á þessu standi, að svo friðsamur maður að eðlisfari og hæglátur veki svo sterka andstöðu með sumu öðru fólki, og ögri pólitískum andstæðingum sýknt og heilagt án þess það sé ætlunin, enda virði ég þá marga og sumir eru kunningjar mínir. Ég hef ekki fengið svar við þessari spurningu. En ég vona þó að ástæðan sé sú að ég hafi haft sæmilega breitt bak til að axla þá byrði sem stjórnendur Morgunblaðsins réttu mér þegar ég varð ritstjóri þess 29 ára gamall, og jafnframt að pólitískir andstæðingar hafi fundið einhverja fyrirstöðu þar sem ég hef verið.“

Áttu marga óvini?

„Nei, ekki svo mér sé kunnugt um. Við Þórbergur vorum sammála um, að það versta sem hægt væri að burðast með yfir á astralplanið sé hatur. Sá sem hatar fær aldrei frið í sálu sinni. Þegar sá grunur hefur læðst að mér, að einhver maður hataði mig þá hefur mér reynst best að biðja fyrir

honum. Þá hefur hann ævinlega jafnað sig. Þetta er dagsatt. Ég hef oft þurft að bíta á jaxlinn, bæði sem skáld og blaðamaður, og ekki síður þegar ég hef þurft að lifa af þungbæra reynslu. Ég trúi öðru fremur á ótakmarkaðan mátt bænarinnar og guðlega forsjón Krists, enda hef ég reynt hvort tveggja. Og ég hef aldrei farið í launkofa með það í skrifum mínum að Kristslaus veröld væri mér óbærilegt vandamál."

Hefurðu alla tíð verið trúmaður?

„Ég er að upplagi afar vantrúaður, eins og allir sæmilegir trúmenn. Ég óska ekki eftir framhaldslífi. Langar ekkert til að fara að lesa Staksteina og Klippt og skorið hinum megin. En hjá því verður víst ekki komist, a.m.k. ekki fyrst í stað!"

Átök við músarrindla

Við snúum talinu nú að starfsvettvangi Matthíasar, Morgunblaðinu, þessum risa í íslenskri fjölmiðlun sem svo mörgum virðist standa ógn af. Ég spyr Matthías um margumrætt samband Morgunblaðsins og Sjálfstæðisflokksins.

„Margir halda að ekki komist hnífurinn á milli flokksins og blaðsins," segir hann. „En það er rangt. Sjálfstæðisflokkurinn er eitt, en Morgunblaðið annað, þótt þessir aðilar hafi átt samleið á margan hátt, vegna uppruna, arfs og sömu skoðana í mikilvægum málum. En ég veit ekki betur en blaðið sé málgagn margra annarra en Sjálfstæðisflokksins. Það er aðalmálgagn Gylfa Þ. Gíslasonar og Vilhjálms Hjálmarssonar, og ýmissa annarra forystumanna Alþýðuflokksins og Framsóknarflokksins, og Magnús Torfi hefur mátt vel við una. Það hefur oft gagnrýnt sjálfstæðismenn, og ég tel að blaðið eigi að vera eitt helsta aðhald þeirra, því sá er vinur sem til vamms segir. Sá sjálfstæðismaður sem virðir það ekki verður að ganga í einhvern sértrúarflokk heittrúarmanna.

Ég kom sjálfur inn á Morgunblaðið sem blaðamaður, en ekki sem pólitíkus, og ég hef aldrei verið í framboði í stjórnmálum. Á bak við tjöldin hafa farið fram harðvítug átök milli þingmanna og ráðherra Sjálfstæðisflokksins annars vegar og ritstjórnar Morgunblaðsins hins vegar, – oft mun meiri átök en fólk veit. Ég get nefnt dæmi. Ég skrifaði á sínum tíma leiðara, þar sem blaðið gagnrýndi harðlega stefnu ríkisstjórnarinnar í lánamálum námsfólks, enda er fáránlegt að refsa stúdentum fyrir að gifta sig eða vinna, eins og gert er í reglum lánasjóðsins. Sýnt var fram á með rökum að þetta dygði ekki. Hér skildi leiðir forystumanna flokksins og Morgunblaðsins. Sama dag og leiðarinn birtist hitti ég tilfinningamesta og

þess vegna einn hreinskiptnasta ráðherra flokksins, Matthías Bjarnason. Þá flugu hnútur um borð. Hann sagði að það stæðu nú tveir idíótar fyrir framan Alþingishúsið með mótmælaspjöld. Réttast væri að ég yrði þriðja fíflið sem stæði undir svona spjaldi. Eftir þetta urðum við betri vinir en áður, og hélt hvor sínu, – fulltrúi flokksins og fulltrúi Morgunblaðsins – og yfirleitt hafa samskipti blaðsins og foringja flokksins einkennst af drengskap og vináttu. Hitt er svo annað mál, að sá sem er margar vikur í Mið-Evrópu og kemur svo heim úr frí, fer ekki að horfa á íslenska sveitarstjórnar- og þingmenn gegnum einhvern stjörnukíki. Þegar ég mæti íslenskum þingmanni á götu hugsa ég nú ekki hærra en til músarrindils, og þykir það verst þegar músarrindlarnir reyna að telja sjálfum sér og öðrum trú um að þeir séu komnir úr arnarhreiðri!"

Stjórnin í hættu

Við ræðum áfram samskipti ritstjórnarinnar og flokksforingjanna, og Matthías nefnir annað dæmi um árekstra milli þessara aðila – tilraunir flokks til að hafa áhrif á blað.

„Árið 1967 urðu miklar umræður í Morgunblaðinu um skólamál. Okkur líkaði ekki aðgerðarleysi Viðreisnarstjórnarinnar í mennta- og fræðslumálum. Ég skrifaði mikið um málið og fór á marga fundi, enda hélt maður þá að hægt væri að rækta hugsjónir sínar. Þann 18. september 1967 hringir Bjarni Benediktsson til mín og segir að Gylfi Þ. Gíslason menntamálaráðherra sé miður sín út af þessum skrifum Morgunblaðsins. Spyr hvort sé ástæða til þessarar gagnrýni allrar. Ég sagði að svo væri, enda vissi hann það sjálfur að skólakerfið væri úrelt og bitnaði á unglingum og foreldrum þeirra. Bjarni sagði að stjórn sín gæti verið í hættu vegna þessara skrifa, og ég fann að hann taldi þau ekki sanngjörn. Ég sagði honum að ritstjórar Morgunblaðsins væru á annarri skoðun. Það yrði að taka til hendi í menntamálum, en kannski væri ofætlan að sami maður gæti sinnt fræðslumálum og viðskiptamálum. Bjarni sagði: „Þú hefur heyrt hvað ég segi." Ég sagði: „Já, en ég treysti mér ekki til að breyta stefnu blaðsins í þessu máli því við teljum hana rétta." Þá sagði Bjarni: „En má ég biðja þig að vera aldrei persónulegur, heldur einungis málefnalegur í þessum skrifum." „Þarftu að biðja mig um það?" spurði ég. „Nei," sagði hann. Samtalinu var lokið og við vorum jafn góðir vinir eftir sem áður. En það er af Gylfa Þ. Gíslasyni að segja að hann einbeitti sér að menntamálum, vann af alefli að endurbótum á fræðslukerfinu með þeim árangri sem við nú sjáum. Við Gylfi urðum miklir mátar og erum nú

góðir vinir. Og pínulitli kratinn í vinstra framhólfi hjartans í brjóstinu á mér er stórhrifinn af því með hve mikilli reisn Gylfi ætlar út úr pólitík. Ég vona aðeins að afleiðingin verði ekki sú, að Alþýðuflokkurinn fari sömu leið. Seinna skal ég segja þér meira af viðskiptum okkar og Alþýðuflokksins, en það er trúa mín að Viðreisnarstjórnin sé það næsta sem stjórnvöldum hér hefur tekist að koma til móts við óskir fólksins um frjálslegt og rúmgott þjóðfélag. Kannski getum við náð þessu takmarki aftur ef okkur tekst að sigrast á verðbólgunni og fjárhagserfiðleikum á næsta kjörtímabili, – hver veit."

„Hitt er svo annað mál," bætir Matthías við, „að auðvitað hefur fjöldi fólks reynt að hafa áhrif á ritstjórn Morgunblaðsins fyrr og síðar, – ekki aðeins forystumenn Sjálfstæðisflokksins, heldur bókstaflega allir sem telja sig hafa einhvern málstað. Öll þjóðin vill stjórna Morgunblaðinu. Ingimar Erlendur vill stjórna Morgunblaðinu!" segir hann og glottir. „Ég tel þetta einungis sýna trú manna á áhrifum blaðsins."

Ríkisstjórn Morgunblaðsins?

Skyldi þá vera eitthvað til í þeirri kenningu, að þessi áhrif blaðsins séu svo mikil, að þótt ríkisstjórnin stjórni landinu, þá stjórni Morgunblaðið ríkisstjórninni?

„Ég reikna með því," segir hann, „að Morgunblaðið hafi oft haft gífurleg áhrif á Sjálfstæðisflokkinn og þær stjórnir sem hann hefur átt aðild að, – ekki síst síðustu tvö-þrjú árin. Og vel mætti segja mér að ýmsum forystumönnum flokksins hafi þótt nóg um í þorskastríðinu þegar Morgunblaðið tók forystu um það, að ganga gegn almenningsálitinu á Íslandi og krefjast þess að þorskastríðinu yrði ekki blandað saman við aðildina að NATO og öðrum ráðstöfunum sem við höfum gert í öryggisskyni. Þórbergur sagði við mig á sínum tíma: „Það biluðu margir í ungó," og ég segi við þig, án þess að bera saman svo gjörólíka hluti: Það biluðu margir í þorskastríðinu, – ekki síst sumir þingmenn Sjálfstæðisflokksins, svo ekki sé talað um almenna fylgismenn hans. Þá tók Morgunblaðið af skarið og ég er ekki frá því að það hafi haft forystu um að rétta þau hlutföll sem þá brengluðust í íslenskum stjórnmálum. Og kannski hefur þetta oftar gerst, án þess Morgunblaðið vilji hreykja sér af því. En ef maður hefur þetta í huga, þá er kannski ekki svo skrítið þó einhverjir pólitískir andstæðingar hafi nokkurn fyrirvara á ást sinni á okkur Styrmi Gunnarssyni. Hitt er svo annað mál að það er ekki auðvelt að hafa afskipti af þjóðmálum í landi þar sem allt getur tekið kollsteypu í einu vetfangi. Ég tala nú ekki um þegar

svo drastísk endaskipti verða á hlutunum að Hannibal Valdimarsson harmar það með átakanlegum hætti í samtali við þig í Helgarblaðinu í fyrravetur, að það skorti íhald í Sjálfstæðisflokkinn. Bjarni Benediktsson hafði litlar mætur á kerfum og kennisetningum. Hann var mjög pragmatískur stjórnmálamaður og sveigði til eftir því sem hann taldi þjóðinni fyrir bestu. Íhald og róttækni fylgja ekki endilega einstökum flokkum, heldur eru þetta eðlisþættir í hverjum manni. Það er auðvitað einber tilbúningur þegar verið er að setja þetta í kerfi. Það er ekki efi í mínum huga hvor er raunverulega róttækari stjórnmálamaður Kosygin eða Geir Hallgrímsson, og í þau fáu skipti sem ég hef hitt þjóðlegan íhaldsmann þá skal hann ævinlega vera úr Alþýðubandalaginu. Allt afturhald í heiminum er samankomið í kommúnistaflokkum hingað og þangað um allar jarðir."

„Þá átti öllu að vera óhætt"

Matthías hefur sem ritstjóri Morgunblaðsins að sjálfsögðu haft náin kynni af leiðtogum Sjálfstæðisflokksins, sem oftar en ekki hafa einnig verið í forsvari ríkisstjórnar. Hann hefur reyndar átt þess betri kost en flestir aðrir að fylgjast með gangi þjóðmála og stjórnmála undanfarna áratugi, ekki síst því sem gerist bak við tjöldin. Þegar ég bið hann að segja mér dálítið frá persónulegum kynnum sínum af þessum forystumönnum svarar hann að þótt hann eigi margt í huganum sé sumt þess eðlis að hann geti ekki tekið það upp núna. Eins og fram kom í fyrri samtalslotu okkar er Matthías að skrifa þætti úr ævi Ólafs Thors og um kynni sín af honum, og snýst tal okkar mest um Bjarna heitinn Benediktsson.

„Kynni okkar Bjarna byrjuðu ekki vel," segir hann, „Hann skildi mig ekki og ég ekki hann. En eftir því sem þau urðu nánari urðum við meiri vinir og svo fór að við Hanna nutum alls þess besta sem Sigríður og Bjarni áttu, og það var meira en öðru fólki er venjulega gefið. Það er of viðkvæmt mál til þess að unnt sé að tíunda það allt nú. Við Hanna vorum oft á Þingvöllum meðan Bjarni var forsætisráðherra. Það var yndislegur og ógleymanlegur tími, og helst vildi ég geta vakið hann upp. Ég skrifaði ýmislegt á Þingvöllum og sat þá venjulega í herbergi okkar uppi á lofti í Konungshúsinu. Þar og við vatnið orti ég Vor úr vetri og skrifaði kaflann um Stein Steinarr sem lýkur Hugleiðingum og viðtölum. Sigríði var illa við, að við og börnin og aðrir gestir svæfum uppi á lofti í þessu timburhúsi og hafði oft orð á því. Hún sagði að það gæti verið hættulegt að vera á efri hæð hússins ef kviknaði í, en það væri enginn vandi að bjarga sér á neðri hæðinni. Eitt sinn þegar við komum var búið að setja brunastiga úr

kaðli í herbergið okkar uppi. En það þótti ekki nægilegt. Þau voru ekki í rónni fyrr en nýtt gestahús hafði verið byggt við konungshúsið. Þá þurfti enginn að sofa uppi á lofti. Þá átti öllu að vera óhætt.

Ég get sagt frá því hér," bætir Matthías við, „að Bjarni hafði sagt okkur að þetta yrði síðasta kjörtímabil hans. Hann ætlaði ekki aftur í framboð. Hann hugsaði sér að snúa sér að ritstörfum og skrifa minningar um merka menn sem hann hafði kynnst, og af nógu var að taka, ekki bara af innlendum vettvangi, heldur alþjóðlegum.

Bjarni og Velvakandi

Þeir voru ólíkir menn, Bjarni og Ólafur Thors. En þeir bættu hvor annan upp með þeim hætti að ég efast um að nokkur flokkur hafi átt sterkari leiðtoga en Sjálfstæðisflokkurinn þegar þeir voru og hétu. Bjarni var með eindæmum gáfaður maður. Menntun hans, þekking og yfirsýn meiri en gerist hér á landi, og ómetanleg reynsla að kynnast ungur svo mikilhæfum leiðtoga. Ég hef alltaf haft dálítinn komplex útaf mannfæð íslensku þjóðarinnar, en Bjarni hafði aldrei áhyggjur af slíkum hlutum. Ég gleymi því ekki þegar dómsmálaráðherrar Norðurlanda voru eitt sinn heima hjá honum og hver þóttist mestur fyrir hönd sinnar þjóðar. Þá gekk Bjarni allt í einu inn í miðjan hópinn og sagði stundarhátt: „Þið vitið það allir, að íslenska þjóðin er merkasta þjóð á Norðurlöndum." Þeir þögðu við, og næsti hálftími fór í að viðurkenna þetta. Ég dáðist að þeim krafti og þeim persónuleika sem gerði Bjarna fært að slá með þessum hætti á hégómaskap frænda okkar.

Ég sagði áðan að kynni okkar Bjarna hefðu ekki farið vel af stað. Ástæðan var sú, að mér var falin umsjón með Velvakanda í blaðinu og var jafnframt í háskólanum. Bjarni var dómsmálaráðherra þá og taldi að Velvakandi væri sýknt og heilagt að pota einhverjum tituprjónum í lögreglustjórnina í Reykjavík. Hann var viðkvæmur á þessum árum, enda nýkominn út úr hörðustu stjórnmálaátökum síðari tíma hérlendis, – aðild Íslands að NATO, og þá voru landráð borin á hann viðstöðulaust, bæði af músarrindlum og öðrum foglum. Auk þess stóð ég í baráttu fyrir því í háskólanum að Keflavíkurútvarpinu væri lokað og töldu ýmsir mig þá, eins og nú, fremur eiga heima í herbúðum kommúnista en íhaldsins. Sem ritstjóri mat Bjarni mest, fannst mér, sjálfstæð vinnubrögð og skorinorða afstöðu, og spurði þá ekki um skoðanir, heldur einurð. Hann átti það sameiginlegt með Dean Acheson, að hann þoldi ekki bjálfa, en hann gat líka séð skoplegu hliðarnar á tilverunni, enda er ólíft á Íslandi án einhvers

konar húmors. Þeir voru ekki margir, sem þekktu skopskyn Bjarna, en það var í ætt við Bessastaðafyndni Jónasar Hallgrímssonar og gálgahúmor þeirra félaga. Í þeim húmor er íslenskt þjóðfélag í réttu perspektívi. Eftir því sem tíminn leið kynntumst við með þeim hætti að ég er forsjóninni þakklátur.

Bjarni vildi Geir sem eftirmann

Eins og fram kom áðan vorum við Bjarni alls ekki alltaf sammála og ég var stundum ósammála því sem stóð í Morgunblaðinu. Ég þoldi til dæmis önn fyrir það hvernig Morgunblaðið skrifaði gegn Ásgeiri Ásgeirssyni þegar hann fór í forsetaframboð 1952 og hef reynt að koma í veg fyrir að blaðið lenti í öðrum eins hildarleik aftur. Ég gagnrýndi Bjarna þegar Morgunblaðið í stjórnarandstöðu kynti undir verkföllum gegn vinstri stjórninni fyrri. Við ræddum þetta og hann tók gagnrýni minni vel. En ég man, að hann sagði um þessa fyrri vinstri stjórn, að hann teldi öryggi Íslands beinlínis stafa hætta af aðild kommúnista að stjórninni. „Það er um líf og dauða að tefla fyrir Ísland að þessi stjórn fari frá völdum," sagði hann.

Eftir að Bjarni Benediktsson dó var okkur mikill vandi á höndum. Morgunblaðið tók þá forystu í stjórnmálabaráttunni hér, og ég held mér sé óhætt að fullyrða að upp úr því urðu mun lausari tengsl milli Sjálfstæðisflokksins og blaðsins. Síðan hefur gengið á ýmsu, og við höfum farið okkar fram. En þó ekki átakalaust. Áður en Bjarni dó bað hann mig að vinna að því öllum árum að Geir Hallgrímsson yrði formaður Sjálfstæðisflokksins. Ég þekkti dómgreind hans og vissi að hún brást honum ekki.

„Hvað hafa þeir að gera með skörung?"

Ég fagna því að Geir tók við Sjálfstæðisflokknum, enda drengskaparmaður með afbrigðum og vel til forystu fallinn, þótt hægt fari, eins og Jón Magnússon. Þú manst hvað þeir sögðu um Jón: „En hann er enginn skörungur." Og þá svaraði Jón: „Hvað hafa þeir að gera með skörung?" Geir minnir mig um margt á Jón Magnússon. Hann var einn farsælasti stjórnmálamaður landsins og átti einn mestan þátt í að Íslendingar tryggðu sjálfstæði sitt með fullveldinu 1918. Það er kannski merkilegast að á sama tíma og stjórnarformaður útgáfufélags Morgunblaðsins verður formaður Sjálfstæðisflokksins og forsætisráðherra landsins tekst blaðinu að

verða sjálfstæðara en nokkru sinni. Ein ástæða þess að unnt var að ná þessum mikilvæga áfanga í sögu blaðsins er að mínu mati sú að Geir Hallgrímsson virðir störf annars fólks og reynir ekki, svo mér sé kunnugt, að setja sjálfstæði þess skorður. Hann er lýðræðissinni sem ég treysti vel fyrir framtíð þjóðarinnar."

Bóndinn og húskarlinn

En hvað um Jóhann Hafstein? Af hverju minnistu ekki á hann?

„Það var bara af nærgætni við hann," segir Matthías. „Hann situr á friðarstóli að loknu miklu dagsverki og stórátökum við bolsa. Auk þess vil ég ekki vera að tíunda störf Sjálfstæðisflokksins, heldur halda mig við það sem að Morgunblaðinu snýr. En úr því þú spyrð mig af alkunnri ýtni get ég svo sem tekið fram, að ég tel að Jóhann Hafstein hafi verið nauðsynlegur sögulegur tengiliður milli fallinna foringja og nýs tíma. Hann var varaformaður Bjarna Benediktssonar og því eðlilegt að hann tæki við af honum, enda öllum hnútum kunnugur. Hann sagði eitt sinn við mig eftir lát Bjarna: „Húskarlinn tók við búinu þegar bóndinn féll frá." Þetta sýnir vel hógværð og lítillæti Jóhanns Hafstein. Drengskapur hans, pólitískt raunsæi, samfara skáldlegri tilfinningu, sem m.a. kemur fram á ást hans á ljóðlist, svo og manneskjuleg viðbrögð voru gæfa okkar á þessu viðkvæma skeiði. Og svo má ekki gleyma kletti eins og Ingólfi Jónssyni, – og ekki síður Magnúsi Jónssyni, síðar varaformanni Sjálfstæðisflokksins. Jóhann Hafstein bauð mér þá að verða fulltrúi flokksins hjá Sameinuðu þjóðunum, en ég kom því ekki við. Hef þó séð eftir því. En þetta lýsir vel hlýhug hans.

Á örlagastundu, þegar Sjálfstæðisflokkurinn var tvílráður og reikull eftir slysið á Þingvöllum, skrifaði ég samtal við Jóhann sem birtist á forsíðu Morgunblaðsins, þar sem stutt var við bakið á honum. Við töldum það rétt og nauðsynlegt, því ekki gat Morgunblaðið stutt stjórnlausan Sjálfstæðisflokk. Þessu var misjafnlega tekið. Við Eyjólfur Konráð Jónsson vorum yfirleitt sammála í okkar ritstjóratíð þó við tækjumst stundum á, og við vorum báðir sannfærðir um að hinn væri frekasti maður landsins. Það mætti vafalaust til sanns vegar færa, enda stjórnar enginn Morgunblaðinu með elsku mömmu að leiðarljósi. Við Eykon urðum svo sammála um fyrrgreinda afgreiðslu á þessu máli. En þú skalt spyrja hann hvaða ágreiningur var okkar á milli fyrst í stað. Mér finnst hann muna allt betur en ég þegar við berum saman bækur okkar. Það er vegna þess að hann er heldur betra skáld en ég. Í umræðunum um stóriðjuna var honum eitt sinn á fundi líkt við Einar Benediktsson. Aldrei

hef ég náð svo langt. Mér hefur ekki einu sinni verið líkt við Úlfar Þormóðsson!

Sjálfstæðisflokkurinn hefði klofnað, ef…

Svo ég snúi aftur að foringjaskiptunum, þá er ég sannfærður um eða mér er a.m.k. nær að halda að Sjálfstæðisflokkurinn hefði klofnað ef Jóhann hefði ekki orðið formaður hans á þessari örlagastund og harkaleg átök hefðu orðið um eftirmann Bjarna Benediktssonar. Gunnar Thoroddsen var mjög umdeildur maður í flokknum eftir að hann studdi Ásgeir í forsetakosningunum og óþarft að fara með það einsog viðkvæmt leyndarmál. Enda kom það berlega í ljós þegar hann bauð sig fram til forsetakjörs að margir sjálfstæðismenn treystu sér ekki til að styðja hann, t.d. nánir samstarfsmenn Ólafs Thors, eins og Pétur Benediktsson, tengdasonur hans. Pétur var einn helsti andstæðingur Gunnars Thoroddsen og ákafasti stuðningsmaður Kristjáns Eldjárns. Við Morgunblaðsmenn studdum Gunnar vegna reynslu hans og hæfni, en af einhverjum ástæðum virtist hann ekki kunna að meta þennan stuðning að kosningum loknum. Við skrifuðum þó ekki nema einn leiðara til stuðnings Gunnari og það undir lokin. Það var gert í samráði við hann sjálfan, enda hárrétt hjá honum að óska ekki eftir meiri stuðningi, eins og þjóðin virðist hafa gaman af að kjósa annað forsetaefni en það sem Morgunblaðið styður! Annars skaltu spyrja Þorstein ritstjóra þinn um þessi mál. Hann er öllum hnútum kunnugur.“

Afvötnun

Getur reynsla í blaðamennsku ekki auðveldlega afblekkt hugsjónamenn í pólitík?

„Jú,“ segir Matthías, „og ekki aðeins í pólitík. Það er mikil afvötnun í því fólgin að taka þátt í störfum dagblaðs. Ég tel að menn eigi að geta orðið raunsærri og hégómalausari. Blaðamenn verða svo óskaplega mikið varir við alls kyns blekkingar í þjóðfélaginu og þeir upplifa viðstöðulaust þennan mannlega breyskleika sem loðir við okkur öll, hégóma í margs konar mynd. Blaðamaður sem kynnist sæmilega vel hégóma stjórnmálamanna og listamanna svo við tökum dæmi, hlýtur að fá ofnæmi fyrir alls kyns tildri og blekkingum. Blaðamaður sækist ekki eftir orðum og skrauti og gerir sér grein fyrir því að bak við viðurkenningar og verðlaun standa yfirleitt hagsmunir þeirra sem úthluta þeim. Hann veit að þeir

sem eru einhvers virði, eins og Menuhin, Auden og Louis Armstrong, svo ég nefni nokkra sem ég hef kynnst í minni blaðamennsku, eru eðlilegastir allra í fasi og framkomu. Þeir þurfa ekki á þessari sífelldu fjölmiðlaauglýsingu að halda, en hún gerir hvern mann að viðundri þegar til lengdar lætur."

Öskuhaugurinn

En hvernig líður þér yfirleitt nú í faginu eftir 25 ára starf sem blaðamaður?

„Mér líður vel úr því sem komið er. Ástæðan er sú að ég hef það frjálsræði sem ég óska mér. Ég hefði ekki getað til þess hugsað að láta dirigera mér út og suður, og auk þess fæ ég tækifæri til þess að fullnægja meira og minna löngun minni til ritstarfa. Kynni mín af fólki gegnum blaðamennsku hafa ekki síst verið mér næring sem skáldi, og þetta hefur tvinnast saman í samtölum mínum, eins og þú veist. En ég er hræddur um að samtöl eigi undir högg að sækja á Íslandi. Sjónvarpið gengur fram fyrir skjöldu í atlögunni gegn þessu listformi með alls kyns umræðuþáttum þar sem enginn hlustar á það sem annar segir. Ég held það sparaði mikinn tíma að taka þessa umræðuþætti upp á segulbönd og leyfa þeim sem áhuga hafa að sækja böndin niðrí Gjaldheimtu!"

Verðurðu ekki stundum þreyttur í þessu starfi?

„Jú, og ekkert fer í raun og veru eins í taugarnar á mér og Morgunblaðið. Vitaskuld er ritstjórastarfið oft mjög lýjandi, og stundum finnst mér ég vera eins konar öskuhaugur andlegrar lágkúru og taugaveiklunar. Ragnar í Smára sagði, að lestur fyrstu stóru skáldsögu Guðbergs Bergssonar hefði verið eins og að drekka úr koppnum sínum. Mér finnst ég hafa reynt þetta í blaðamennskunni, en einhvers staðar verða menn að geta náð sér niðri, og því þá ekki á ritstjórum Morgunblaðsins. Margt fer óskaplega í taugarnar á mér, ekki síst alls kyns hugsanavillur, brengl og málglöp. Morgunblaðið sagði til að mynda nýlega að gíraffi hefði látist í Lundúnum. Nú bíð ég í ofvæni eftir því að blaðið tíundi hve margir þorskar hafi látist á næstu vertíð! Það hefur komið fyrir að ég hafi átt þá ósk heitasta þegar ég hef gengið niðri í miðbæ, að ég væri ósýnilegur.

Skrímslafræðin

Magnús Kjartansson sagði einu sinni við mig að ég væri pragmatisti," segir Matthías þegar við kveðjumst. „Það var þegar ég lagði til að Hallgrímskirkja yrði nýtt sem söngleikahöll fyrir utan guðsþjónustur. Senni-

lega er það rétt hjá Magnúsi. Hann sagðist sjálfur vera centristi. Við Magnús höfum alltaf verið mestu mátar. Við hittumst einu sinni í London og borðuðum saman. Hann var að koma frá Prag, og ég spurði hvernig honum hefði líkað það. Þá sagði Magnús: „Hvorugur okkar gæti nú búið þar, Matthías minn.“ – En fyrir utan að vera pragmatisti er ég auðvitað, eins og þú veist, mesti maóisti á Íslandi. Ég er mesti maóisti á Íslandi með sama rétti og meistari Þórbergur var skrímslafræðingur hennar hátignar Bretadrottningar.“

Og maóistinn brosir breitt. Eins breitt og vinir hans í kínverska sendiráðinu.

Vísir, 1978

Ég er ekki fugl á hendi

HÖFUNDUR MATTHÍAS VIÐAR SÆMUNDSSON

Ég er ekki glaðlyndur að eðlisfari. Sem drengur var ég á varðbergi, hægur og ákaflega feiminn. Ég átti og hef alltaf átt erfitt með að tala um sársauka minn. Menn halda að ég tali mikið. Menn halda að ég sé fugl á hendi. Valtýr Stefánsson sagði eitt sinn við mig: Matthías minn. Þú verður annaðhvort að hætta blaðamennsku eða venja þig af feimni. Ég valdi síðari kostinn, því hvað lætur maður sig ekki hafa? En ég er fæddur feiminn og hef aldrei getað talað um minn innri mann nema í kvæðum. Og þar er hann milli skelja.

Þegar leið að lokum kreppunnar féll skuggi yfir umhverfi mitt. Þá var drengurinn níu og tíu ára gamall. Ég sé hann núorðið sem fjarlæga minningu, en ég man að sársaukinn var mikill. Himinn hans hrundi.

Þannig var að foreldrar mínir báru ekki gæfu til að vera saman um skeið og faðir minn fluttist að heiman. Það var mikið áfall því þá var slíkt litið öðrum augum en nú. Seinna lagaðist allt, faðir minn kom heim og foreldrar mínir áttu saman fallegt og eftirminnilegt haust. Ég fór mikið einförum meðan á þessu stóð því ég þurfti að hugsa inn í mig og tala við forsjónina. Orti líka reiðinnar ósköp. Ég er í engum vafa um að þetta skeið hefur vakið í mér skáldið, enda eðlilegt að menn leiti til skáldskapar í kreppu. Ég hélt dauðahaldi í móður mína, en um líkt leyti varð hún mjög veik. Eitt sinn þegar ég var að leik uppi á Túngötu var ég sóttur til að kveðja hana. Þá hélt ég að ég væri orðinn einstæðingur. En hún náði sér. Mér þótti líka mjög vænt um föður minn. Samt var hann stærsti hluti þessa sársauka sem mér var bakaður. Hann vissi það og sagði að ég skildi þetta þegar ég yrði fullorðinn. Einhvern veginn hef ég aldrei gleymt þessum orðum og ávallt reynt að láta þau ekki verða að veruleika. Lífið hefur hins vegar gert þær kröfur til mín að ég skil. Núorðið.

Ég undi oft hag mínum í Selsvörinni þar sem ég leitaði mér skjóls á milli skelja eins og segir í Morgni í maí. Myndin er annars tvíræð því hún getur líka átt við fiskinn sem ver sig með skel fyrir krossfiskinum.

Árangurslaust. Það var mikið talað um halastjörnu og heimsendi á þessum tíma. Einhverju sinni sátum við krakkarnir undir nýbyggðum húsvegg á Hávallagötunni. Við töldum að þar gætum við kannski lifað af. Mig hefur síðar furðað á þessari minningu því um þetta leyti var ég öldungis sáttur við að Guð léti stjörnurnar hrynja yfir okkur. Ég hefði ekki tekið það illa upp fyrir honum eins og á stóð.

Morgunn í maí á rætur sínar í sársauka þessara ára. Bókin lýsir undir rós stríði drengs og leit hans að föður sínum. Minningin skýtur og víðar upp kollinum, til dæmis í Hólmgönguljóðum þar sem fullorðinn maður minnist sjálfs sín sem drengs er situr við glugga og horfir á frostrósir. Þessi reynsla hefur nært mig sem skáld því eins og þú veist þá er það úr skítnum sem grasið vex grænast.

Hávallagata 49 er tún æsku minnar. En ég fæddist á Ásvallagötu 10 þann þriðja janúar 1930. Þar bjuggu foreldrar mínir, þau Anna og Haraldur Johannessen, í nokkra mánuði en fluttust síðan niður í Kirkjustræti 10, þar sem ég ólst upp fyrstu fimm árin. Ég man óljóst eftir að hafa gengið um í matrósafötum og með matrósahúfu og heilsað öllum, tekið ofan eða gert honnör. Systur minni Jósefínu þótti skömm að því að sýna sig með þessum heilsandi strák. Helst man ég eftir mér í lífsháska á þessum árum. Eitt sinn komst ég einhvern veginn upp á húsþakið heima. Það var mikið fyrirtæki að ná mér niður.

Þegar ég var fimm ára fluttumst við upp í ÍR–hús en faðir minn var íþróttafrömuður og lengi formaður Íþróttafélags Reykjavíkur. Sama ár fékk ég skarlatssótt sem mér er minnisstæð. Hún kemur reyndar við sögu í Jörð úr ægi þar sem talað er um rauða flekki. Þeir hafa bókstaflega en ekki táknlega merkingu. Þannig var að við Guðjón Lárusson, vinur minn og frændi, fórum ásamt föður hans upp að Elliðaám þar sem hann ætlaði að veiða. Það var mikið ferðalag í þá tíð. Lárus lét leigubílinn stansa á horninu á Barónsstíg og Hverfisgötu og fór inn í búð til að kaupa gosdrykki. Þegar hann kom aftur var mér orðið óglatt en lét þó á litlu bera. Eftir nokkurn tíma við Elliðaárnar hafði ég fengið svo mikinn hroll í mig að Lárus sendi mig ásamt Guðjóni í bæinn með strætó.

Þegar kom niður á Torg var ég með óráði og alla leiðina upp Túngötu talaði ég um nagla. Stundum hef ég velt því fyrir mér hvort dauðabeygurinn hafi lýst sér á þennan hátt. Móðir mín var ákaflega trúhneigð og ræktaði með mér frá blautu barnsbeini trú á Jesú Krist. Ég var ekki gamall þegar ég vissi hvernig hann hafði verið tekinn af lífi og líklega hef ég haldið að allir þeir sem dæju væru krossfestir. Það gæti verið án þess að ég viti það.

Eftir að í ÍR–húsið kom úrskurðaði Matthías Einarsson læknir, mágur föður míns, að ég væri með skarlatssótt. Það var mikið áfall því hún var banvæn á þessum tíma. Íbúðin var því næst tæmd, og næstu vikur sat móðir mín ein yfir mér. Ég fann það að mér var ekki hugað líf, enda varð stríðið mikið og hart. En eins og fólkið í gamla daga sagði: Ég hafði lífið. Mest var það að þakka móður minni og Jens Jóhannessyni lækni að ég lifði af. Það vall gröftur úr eyrunum á mér, en hann barðist frá degi til dags án þess að hika nokkru sinni. Ég naut mikillar hlýju. Móðir mín fór þannig fram að dyrum á hverjum morgni til að sækja poka sem í voru plómur frá Meulenberg biskupi í Landakoti. Louísa Matthíasdóttir, frænka mín, sendi mér fallegar vatnslitamyndir úr þjóðsögum sem móðir mín festi á vegg. Eftir á var öllu brennt. Mér þótti það sárt, en þegar við Louísa rifjuðum það upp seinna sagði hún: Stundum er maður heppinn.

Eftir þessi veikindi var ég svo boginn í baki að það fór í fínu taugarnar á föður mínum. Hann áminnti mig oft að rétta úr bakinu, bankaði jafnvel í mig, og af því fékk ég minnimáttarkennd sem ég þurfti að glíma við fram yfir tvítugt. Ég hef alla tíð síðan verið heldur álútur. Væri ég fjall hefði ég verið látinn heita sama nafni og Álútur í Ölfusinu. Ég hef alltaf vorkennt þessu vesalings fjalli.

Í Kirkjustræti 10 bjó föðuramma mín, Helga Magnea Norðfjörð. Hún hafði verið gift kaupmanninum norska sem ég heiti eftir, Matthíasi Johannessen. Hann kom hingað á sínum tíma til að gera upp norsku Björgvinjarverslunina, en sá þá þessa ungu stúlku, sextán ára gamla, í elsta húsi bæjarins við Aðalstræti. Hennar hlutverk varð hvorki meira né minna en að keppa við náttúrufegurð Noregs og sigra.

Föðurætt mín hefur verið rakin aftur til hjáleigubónda sem var uppi skömmu eftir 1600 og hét Matthías. Það er elsta dæmið um Matthíasarnafnið sem ég þekki. Langafi minn var einnig hjáleigubóndi og bjó fyrir norðan Sogn. Hann hætti hins vegar búskap, fluttist til Björgvinjar og gerðist þar tómthússmaður. Kona hans var norsk alþýðukona og hét Bertha.

Ég á gamla Biblíu sem Matthías, afi minn, kom með til Íslands. Hann hefur augsýnilega verið mjög trúaður maður því hann átti mikið af trúarlegum bókum. Einhvern tíma sagði dulræn manneskja við mig: Þú skalt taka Biblíuna hans afa þíns og halda á henni þegar þér líður illa og sjá hvað gerist. Þetta hef ég gert, og það hefur komið fyrir að ég hafi fundið verkinn líða úr brjóstinu og niður eftir handleggnum. Staðið síðan upp eins og

eftir andlegt steypibað. Þetta er skrítið. Kannski mín hjátrú. En það skiptir ekki máli.

Ég ólst upp í rómantískri afstöðu til afa, en hann dó árið 1900 þegar faðir minn var tveggja ára. Sú mynd sem ég hef af honum og lífi hans minnir mig á Hansaandrúm Buddenbrooks eftir Mann. Það sá ég glöggt þegar ég kom til Lübeck. Mér er sagt að upphaflega hafi ég átt að heita öðru nafni. Faðir minn kom hins vegar að máli við móður mína og sagði að Matthías hefði komið til sín, gengið með sér niður í grafhvelfingu, tekið sig tali og sagt: Konan þín gengur með dreng sem ég vil að heiti nafni mínu. Móður minni fannst eðlilegra að afi hefði vitjað nafns hjá henni en lét samt undan. Hún sagði að ég væri allur í sína ætt.

Móðurafi minn var Jóhannes Jóhannesson bæjarfógeti. Hann var giftur Jósefínu Lárusdóttur Blöndal, þannig að Björn Blöndal yfirvald í Húnavatnssýslu er langa–langafi minn. Afi og amma voru mikilvægir tindar í æskuumhverfi mínu, enda fór skjólið af þeim ekki framhjá neinum. Þau bjuggu lengi í Suðurgötu 4 og þar var samkomustaður fjölskyldunnar.

Minningin um afa er sérstaklega björt, enda hefur hann haft djúptækust áhrif á mig af öllum mönnum. Það kemur að nokkru leyti fram í Sálmum á atómöld þar sem ég segi að hann hafi verið alls staðar nálægur án þess að segja nokkuð. Þögn hans var máttug. Hún var lögmál. Jóhannes var dóttursonur Elínar Hafstein og Lárusar Thorarensens, sýslumanns í Enni á Höfðaströnd. Hafði hlotið fínan bókmenntasmekk í arf. Bókasafn hans var mér opinberun.

Afi tók mikinn þátt í pólitískum átökum um sína daga þótt hann væri friðsamur maður að eðlisfari. Honum lenti til dæmis harkalega saman við Jónas frá Hriflu og þeir urðu miklir pólitískir andstæðingar. Jónas gat verið óvæginn og átti þátt í að gamli maðurinn fór frá embætti fyrir aldur fram. Það varð honum og hans fólki mikið áfall, enda vorum við ekki alin upp í þeirri trú að Jónas væri Guð almáttugur. Tveimur árum fyrir dauða sinn kom afi einu sinni sem oftar úr gönguferð og sagðist hafa hitt hann Jónas frá Hriflu uppi á Túngötu. Jæja, sagði Guðrún Blöndal, mágkona hans. Heilsaðirðu honum? Já, auðvitað, sagði afi, hann heilsaði mér og það fór ágætlega á með okkur. Hvað ertu að segja, Jóhannes, fórstu að tala við hann Jónas frá Hriflu, sagði Guðrún. Já, ég hef aldrei gert honum neitt, svaraði afi.

Guðrún var merkileg kona. Við kölluðum hana alltaf Töntu Blöndal. Hún vann í Miðbæjarskólanum og þótti góður kennari en átti til að slá með reglustiku á puttana á krökkunum. Góð þeim sem hún tók en hörð

við hina. Það er blöndælskt. Ung hafði hún orðið ástfangin af myndarmanni austur á Seyðisfirði. Hann dó úr bráðri lungnabólgu og stóð uppi innan um nýju húsgögnin í væntanlegri íbúð þeirra daginn sem brúðkaupið hafði verið ráðgert. Um árabil var ég daglegur gestur hjá Töntu í kjallaranum á Ránargötu 20 en afi og amma bjuggu þar á efstu hæðinni hjá Elínu móðursystur minni og Bergsveini lækni, manni hennar. Ránargata 20 var einu sinni merkilegt hús en núna er það mér eins og glötuð minning. Á vegg í kjallaranum hékk mynd af Lárusi, föður Töntu. Eitt sinn spurði hún mig á hvað ég væri að horfa. Þennan mann í úniforminu, svaraði ég. Þú veist náttúrlega hver þetta er? spurði hún. Ég jánkaði því en hikandi þó. Þetta er auðvitað hann langafi þinn, sagði hún, finnst þér hann ekki fallegasti maður sem þú hefur séð? Jú, Tanta mín, sagði ég, heiðarlegur í framan. Hún fagnaði frammistöðu minni og bauð mér upp á súkkulaði með rjóma. En mér þótti það lengi á eftir skrítið að kafteinn Vom í Familie Journal væri langafi minn. Og mér stóð nokkur stuggur af því að Knoll og Tott væru frændur mínir.

Ofnæmi og heldur óvarða viðkvæmni hef ég sótt í sálarlíf beggja foreldra minna. Óforbetranlega svartsýni í einhver ómeðvituð vonbrigði sem ég kann ekki almennileg skil á, enda hef ég sagt í Morgni í maí að við þekkjum sjálf okkur ekki nema til hálfs. En kannski er það of djúpt í árinni tekið þegar nánar er að gætt. Ég er steingeit. Ég verð að geta fótað mig. Ég tek ekki áhættu nema af illri nauðsyn, læt ekki arka að auðnu, verð að hafa vaðið fyrir neðan mig. Samt hef ég lent á sundi eins og verða vill. En varfærni og tillitssemi eru eðliskostir sem hafa bæði orðið mér að gagni og staðið mér fyrir þrifum.

Öll erum við hégómleg, einungis misjafnlega hégómleg. Þórbergur sagði að mesti hégómaskapurinn væri sá að vilja ræða um allt nema sjálfan sig. Ég þjáist ekki af slíkum hégómaskap og því hef ég látið til leiðast að tala við þig, þótt ég þoli ekki bókmál né prentað talmál af segulbandi. Eini hégóminn sem ég gerði mig sekan um í æsku var að færast undan því að aka barnavagni Jóhannesar bróður míns um Vesturbæinn. Hann var uppgerður og bar vott um nýtni sem ég kann ekki að meta. Þá að minnsta kosti hafði ég ekki áhuga á að verða að athlægi. Annars hafði ég áhyggjur af móður minni þegar Jóhannes fæddist, sjö árum á eftir mér. Mér fannst einhver vera að taka hús á okkur og þótt mér væri sagt að það væri bróðir minn lét ég mér ekki segjast heldur sat á tröppunum og vaktaði húsið. Neitaði að fara í skólann þangað til faðir minn kom út og rak mig af stað. Ég held að það hafi verið Þórdís ljósmóðir og lýsóllyktin af

henni sem olli ólgunni í sálarlífi mínu og kallaði fram tortryggni gagnvart hinum nýja gesti. Síðar liðu tíu ár á milli sona okkar Hönnu, Haralds og Ingólfs. Ég held það sé í það lengsta. En við þurftum að sjá okkur farborða. Þá varð fólk að treysta á sjálft sig í jafnréttisbaráttunni en ekki aðra. Þess vegna var lífsbaráttan kröfuhart en skemmtilegt ævintýri án óska um að aðrir væru með nefið niðri í því hvernig við höguðum ást okkar og lífshamingju. Slíkt kemur að innan þótt nú sé ekki í tísku að viðurkenna það. En synir okkar hafa verið mér gleði og innblástur og miklir sálufélagar.

Æskuheimili mitt var snobblaust millistéttarsamfélag, óspillt af auði og veraldargæðum þótt við hefðum alltaf nóg fyrir okkur að leggja. Það háði föður mínum að fjárhagsgeta hans var ekki alltaf í samræmi við stórhug hans. Það vissi móðir mín og reyndi að særa hann ekki með of mikilli fyrirhyggju í búrekstri. Sjálf krafðist hún ekki neins fyrir sjálfa sig. Þau kynntust með nokkuð kynlegum hætti. Faðir minn sá mömmu á göngu í Austurstræti skömmu eftir að hún var komin í bæinn frá Seyðisfirði þar sem afi hafði verið bæjarfógeti, hnippti í vin sinn og sagði: Ef þessi stúlka lítur við þá verður hún konan mín. Og hún leit við.

Tómas Guðmundsson sagði eitt sinn við mig að enginn yrði fullorðinn fyrr en hann hefði misst móður sína. Ungum þótti mér gott að leita skjóls undir væng móður minnar. Þar var öryggi ef það var til á annað borð. Svo varð ég fullorðinn eins og aðrir. Ég hef þó aldrei gleymt holdteknum orðum guðspjallanna í lífi og viðhorfum móður minnar. Ég hef reynt að gera það góða sem ég vil þótt ég hafi eins og aðrir einnig gert það illa sem ég vil ekki. En um það á ég við sjálfan mig, ekki aðra.

Mér leið vel fyrstu árin. Umhverfið var mér hlýtt og gott. Þá varð allt að ævintýri. Kýr í fjósi, skeljar í fjöru.

Foreldrar mínir bjuggu í sumarhúsi við Helluvatn árið 1938. Dag nokkurn kemur faðir minn heim, heldur í seinna lagi. Dagurinn var bjartur og fagur og logn veðurs. Ég beið þess með óþreyju að faðir minn kæmi úr Reykjavík því að við feðgar fórum oftast undir kvöld á árabáti út á Helluvatn til að veiða. Í þetta sinn birtist faðir minn eins og hann hefði höndlað allan heiminn. Ég sá að hann snerti varla jörðina þegar hann gekk í hlað. Andlit hans ljómaði. Mikil undur höfðu gerst, svo mikið vissi ég. Ég þurfti einskis að spyrja og átta ára hnokki heyrir föður sinn segja þessa setningu: Ólafur Guðmundsson hefur sett Íslandsmet í kringlukasti sem er við Norðurlandametið. Síðan var farið út á vatn og engu líkara en heimurinn lægi við fætur okkar feðga. Þessi minning hefur fylgt

mér eins og sumardagur; eins og ævintýrið um íslenska birtu, íslenskan sigur.

Skömmu síðar voru síðdegin við Helluvatn liðin undir lok.

Faðir minn var skapmikill maður og gat verið dulur. Stundum hvarf hann undir skelina. Hjartalag hans var gott. Hann þoldi ekki stórbokka og hafði samúð með þeim sem áttu undir högg að sækja. Hins vegar var hann stríðlundaður og átti erfitt með að fyrirgefa ef á hlut hans var gert og varð þá oft fyrir gagnrýni vegna hörkulegrar afstöðu sinnar. Hann lét ekkert slíkt á sig fá en sinnti því betur þeim sem voru að hans skapi.

Íþróttafélag Reykjavíkur hefur aldrei staðið með eins miklum blóma og þegar faðir minn var formaður þess á fimmta áratuginum. Þá báru heimsstjörnur eins og Clausen–bræður, Finnbjörn, Jóel, Kjartan, Óskar og fleiri kempur félaginu fagurt vitni og voru eftirlæti þjóðarinnar. Þessir kappar glöddu föður minn stórlega og hann gaf þeim allt sem hann átti til og umgekkst þá jafnvel með föðurlegri tilfinningu. Hann ætlaði sér þó af. Formenn íþróttafélaganna höfðu samið með sér að reyna ekki að ná stjörnum hver frá öðrum. Eitt sinn hlustaði ég á símtal milli föður míns og Gunnars Huseby. Gunnar var óánægður í KR og vildi komast í ÍR en faðir minn talaði um fyrir honum. Það hefur þurft sálarþrek til að standast freistinguna í það skiptið. En faðir minn stóð við orð sín. Þú verður áfram í KR, heyrði ég hann segja, en ég skal reyna að útvega þér vinnu.

Faðir minn lét hverjum degi nægja sína þjáningu. Eftir að hann hafði fengið heilablóðfall varð hann að fara í mikinn og hættulegan uppskurð. Kvöldið áður heimsóttum við Gunnar Norland, mágur minn, hann upp á Landakotsspítala og töluðum við hann um alla heima og geima. Hann reykti sinn vindil að venju, fullkomlega rólegur og kveið engu. Það var í annarra höndum hvort hann lifði uppskurðinn af eða ekki. Ég held að hann hafi lítið sem ekkert hugsað um líf eftir dauðann, en mig grunar að hann hafi stuðst við barnatrúna í þeim efnum. Hann var ákaflega óvílsamur maður. Ég óska þess stundum að eiga jafnaðargeð hans. Vonandi hef ég fengið eitthvað frá honum. En sá draumur gat þó ekki ræst að ég yrði íþróttahetja sem hefði glatt hann öðru fremur. Kannski sú vammi firða íþrótt Óðins vegi þar eitthvað á móti.

Þegar ég var í tíu ára B í Miðbæjarskólanum óskaði einn kennarinn, Jóhannes Líndal, eftir því að við leituðum að Náttúrufræði Bjarna Sæmundssonar í fornbókabúðum. Þessi bók var gul og á kápunni mynd af geirfugli. Við gengumst inn á það og skiptum liði. Ég fékk í minn hlut búð í Vesturbænum, fór þangað og fann nokkrar bækur. Næsta dag spurði

kennarinn hvernig hefði gengið. Það eru þrjár bækur hjá honum Sódó, sagði ég. Það varð þögn og ekkert sagt meir. Næsta dag er ég svo kallaður ásamt föður mínum fyrir skólastjórann og ég rekinn fyrir að ögra kennaranum. Enginn botnaði neitt í þessum kurteisa og feimna dreng. Sakleysi mitt var svo yfirgengilegt að ég hélt að bóksalinn héti Sódó Jónsson eða Sigurðsson, og hafði ekki hugmynd um hvað orðið þýddi. Mér var talið þetta til strákapara og hrökk öfugur úr Miðbæjarskóla við lítinn orðstír.

Þá lenti ég í hlýju og umfaðmandi umhverfi kaþólikka í Landakoti. Vistin þar er falleg í minningunni. Hún opnaði mér veröld sem hefur fylgt mér, veröld móður minnar í nýrri mynd. Síðan hefur mig gilt einu hvort Guð er kaþólskur eða lúterskur.

Þegar stríðið kom losnaði allt úr læðingi. Þá var drengurinn fluttur á Hávallagötuna og farinn að kynnast aðfluttum heimi. Við höfðum með okkur félag í Vesturbænum, litlu strákarnir, og kölluðum það Röska drengi. Lékum hermennsku og börðumst við Þjóðverja. Ímynduðum okkur útlenskan veruleika. Ég kynntist heimilum margra merkra manna á þessum árum. Við Haukur, sonur Haralds Guðmundssonar ráðherra, vorum til dæmis bekkjarbræður og andrúmið á heimili hans eitthvert hið fallegasta sem ég hef kynnst. Við vorum líka oft heima hjá Steingrími Hermannssyni.

Það var gaman að ærslast í Ráðherrabústaðnum enda tóku Hermann og frú Vigdís okkur vel. Við áttum staðinn og höfðum mikinn áhuga á að Hermann yrði sem lengst forsætisráðherra. Einu sinni langaði okkur til að stökkva ofan af altani en Vigdís lagði við því blátt bann og talaði við Hermann. Þá fór hann með okkur upp á altan og stökk sjálfur, gekk síðan til Vigdísar og sagði: Strákarnir mega stökkva. Ég er búinn að reyna það.

Denni var formaður félagsins, enda hefur hann aldrei kunnað við sig nema hann væri formaður einhvers staðar. Væri hann gæs flygi hann áreiðanlega fremstur í oddaflugi. Einu sinni ætluðum við að setja hann af en þá sagði hann: Það er allt í lagi en þá verða fundirnir ekki haldnir í Ráðherrabústaðnum. Og hann var áfram formaður. Svona er nú lífið, fullt af hégómlegum niðurstöðum frá upphafi til enda.

Seinna, á menntaskólaárunum, vorum við Denni saman í vegavinnu á Stóravatnsskarði og sváfum í sama tjaldi. Einu sinni sem oftar það sumar fengu strákarnir sér landa og brugðu sér á ball í Skagafirði, en af einhverjum ástæðum vorum við Denni eftir. Þegar sá síðasti kemur um nóttina sér hann sótmökk leggja út úr tjaldinu okkar. Þó að hann væri kenndur

gerði hann sér grein fyrir að við höfðum sofnað út frá vélinni og að hætta var á ferðum. Það tók langan tíma að vekja okkur og ég hóstaði sóti í margar vikur á eftir. Lauslætið kom sér vel þarna. En Steingrímur sagði við mig seinna: Blessaður vertu. Þetta hefði verið miklu merkilegra hefði það gerst núna. Þá hefði það þótt frétt.

Ég sá fyrir mér Hávallagötuna eins og friðsælt bjarg með miklu lífi fugla. En þegar Vilhjálmur frá Skáholti birtist reyndu rituungarnir að forða sér, hver sem betur gat. Villi var bróðir konunnar sem bjó í húsinu á móti okkur, Hávallagötu 34, og var gift Ragnari bryta. Villi kom þangað stundum og mér stóð ógn af honum þegar hann hrópaði. Seinna kynntist ég honum betur og við urðum miklir mátar. Þá sá ég að hann notaði minna áfengi en menn höfðu talið. Ég held að hann hafi notað það til að dylja andleg veikindi. Hann vissi sjálfur hvenær þau voru í aðsigi og þá þyrmdi yfir hann óskaplegri angist. Þess á milli var hann góður og engin ástæða til að vera hræddur við hann. Þegar ég varð stúdent hélt Villi ræðu yfir okkur á Arnarhóli. Það var merkileg ræða.

Steinn Steinarr var líkt og Villi hluti af Vesturbænum. Hann kom oft í fylgd með Magnúsi Ásgeirssyni og Guðmundi Sigurðssyni á Hávallagötu 44. Þar bjuggu synir frú Miller og voru vinir mínir. Hún hafði verið gift kanadískum hermanni en var nú í tilhugalífi með breskum kafteini sem hún giftist síðar. Hún var dóttir séra Friðriks Hallgrímssonar. Við seldum hermönnum pæ fyrir þær systur og höfðum einhvern grun um að þeir kysstu þær og lágum á skráargatinu. Það bjuggu margir í Hávallagötu 44 og andrúmið þar minnti á Trommuna eftir Günter Grass. Í húsinu var, held ég, fyrsta kommúnan á Íslandi.

Melavöllurinn var mitt annað heimili. Þar voru félagar mínir í ÍR. Sem dæmi um hvað ætlast var til að við gengjumst upp í íþróttum get ég sagt þér dálitla sögu. Þegar Clausen–bræður komu eitt sinn heim eftir frækilega sigra átti ég erindi í Landsbankann að tala við föður minn. Þar hitti ég Areboe Clausen. Hann þreif í mig, hvessti á mig augun og sagði: Hvað, þú hér! Hvernig dettur þér í hug að vera hér? Ha? sagði ég klumsa, hvað áttu við? Nú, bræðurnir eru að koma til Íslands með Gullfossi eftir frækilega sigra erlendis eins og þú veist. Samt ert þú hér. Og það er ekki einu sinni lúðrasveit niðri á höfn. Þannig var andinn í þá daga.

Við Albert Guðmundsson kynntumst á Melavelli á árunum eftir styrjöldina. Alli var alltaf einn með boltann því hann þurfti ekki á öðrum að halda. Ég hef reyndar aldrei skilið hvernig hann gat leikið með öðrum í liði. Stundum var ég með honum langt fram á kvöld og sótti boltann fyrir

hann. Síðar varð hann heimsfrægur knattspyrnumaður, borgarfulltrúi, næstum forseti – og loks fjármálaráðherra. Einhvern tíma greindi okkur á um pólitískt atriði og þá sagði ég við hann: Þetta er misskilningur hjá þér, Alli minn, ég er löngu hættur að sækja boltann fyrir þig. Hann tók því vel eins og öðru en af einhverjum dularfullum ástæðum þótti honum ekki við hæfi að geta þessa í ævisögu sinni. Á það hef ég minnt hann, enda telur hann að ég sé aðalkalkún landsins. Þegar alls er gætt hef ég þó líklega aldrei náð eins langt á framabrautinni og þegar mér veittist sá heiður að sækja boltann fyrir Alla á Melavelli.

Stríðið kom miklu róti á tilfinningalífið, ekki síst af því dauðinn var daglegur gestur. Margt varð mér ógleymanlegt.

Í kömpunum dóu ungir piltar úr lungnabólgu fyrir augunum á okkur. Þeir voru allt í einu horfnir og við vissum að það var óskaplegur harmleikur. Vissum að þeir áttu fjölskyldur og unnustur. Við sáum flugvélar farast. Sáum þær brenna ýmist í Skerjafirði, fyrir neðan Háskólann eða á flugbrautinni. Það hvein í vélbyssu– og sprengikúlum og við vissum að þeir voru fastir í vélunum. Við sáum sjómennina sem fluttir voru særðir eða dauðir í land. Enn stend ég við höfnina þegar Fróði kemur inn með líkkisturnar á dekkinu. Sá dagur er í blóði mínu eins og hann hafi aldrei liðið.

Ég hef aldrei getað útilokað umhverfið. Alltaf tekið nærri mér örlög annars fólks, enda er ég alinn þannig upp. Þegar ég heyri um stríð og sjúkdóma, slysfarir og grimmdarverk spyr ég eins og aðrir: *Hvers vegna?* Ég held að náttúran og við sem hluti af henni eigi mestan þátt í hörmungunum. Við getum ekki aðgreint okkur frá öðru í náttúrunni. Það sem henni er eiginlegt er okkur líka eiginlegt. Þess vegna er ekkert eins skeinuhætt náttúrunni og hún sjálf. Hún tortímir sjálfri sér líkt og við tortímum okkur.

Mér dettur ekki í hug að nein lausn sé til þegar kemur að þjáningu og dauða. Við verðum að samþykkja svo margt sem gjörsamlega ómögulegt er að sætta sig við. Gangast við takmörkun okkar og ganga, hvert og eitt, í gegnum þá elda sem jarðvistin býður upp á. Samt leitum við, ég og aðrir, við spyrjum og við reynum. Og við mjökumst eins og snigillinn sem einn góðan veðurdag er kominn yfir túnið án þess að vita hvernig hann fór að því. *Hvers vegna?* Núorðið leita ég til ljóðsins því það er ekki svar heldur spurn.

Ég sé menntaskólaárin fyrir mér eins og málverk án hreyfingar. Sem kyrralífsmynd.

Ég var ákaflega feiminn og hlédrægur. Hafði engan metnað og las lít-

ið. Var hálfgerður dúllari. Æskuheimili mitt var aftur orðið að fallegri, gróðursælli vin og sjálfur aðhafðist ég ekkert sem vakið gæti öldurót umhverfis mig. Það eina sem ég þurfti að gera var að komast á milli bekkja. Ég var seinþroska og lítill afreksmaður í námi. Gunnar Norland kennari sagði einhvern tíma við mig: Þetta var góður bekkur sem þú varst í. Gjörsamlega vandræðalaus. Dæmigerð meðalmennska. Skólavistin einkenndist þannig af viðburðalitlu áhyggjuleysi. Þó féll ég í stærðfræði upp úr þriðja bekk, fékk einn komma núll. Fór heim við svo búið og sagðist vera hættur í skóla foreldrum mínum til hrellingar. Þegar leið á sumarið bráðnaði ég þó og svo fór að ég tók prófið aftur um haustið.

Ég hugsaði lítið um sjálfan mig og orti minna en áður. Setti þó saman kvæði í tilefni af aldarafmæli MR þegar ég var sextán ára, sendi það frá mér en fékk það endursent um hæl í ábyrgðarpósti. Það hvarflaði ekki að ritnefnd skólans að birta samsetninginn enda smekkmenn við stýrið í þá daga. Fyrsta kvæði sem var prentað eftir mig, svo ég muni, var borgarkvæði sem var lesið upp í útvarpi 1. des. 1951, en birt í Stúdentablaðinu. Þá þekktumst við Tómas Guðmundsson ekkert en þeir faðir minn voru miklir mátar. Tómas hringdi í hann og lét skila því til mín að hann hefði áhuga á að birta kvæðið í næsta hefti Helgafells. Þann dag flaug ég um bæinn með vængi á hælunum. Ég hafði gaman af því að seinustu árin sem Tómas lifði þá minnti hann mig stundum á þetta. Hann vildi að ég gleymdi því ekki. Tómas sagði við mig: „Þegar ég las kvæðið þitt vissi ég að við ættum eftir að verða vinir."

Skáld míns heima voru Davíð og Tómas. Steinn og Villi frá Skáholti voru hins vegar álitnir lassarónar, Laxness bolsi og Einar Benediktsson ævintýramaður sem seldi norðurljós. Faðir minn átti gott bókasafn sem ég lagðist snemma í eins og ormur á gull. En hann talaði sjaldan við mig um skáldskap. Þó sagði hann eitt sinn eftir að ég var byrjaður að yrkja: Lestu bara Litla fossinn eftir Pál Ólafsson, Matti minn. Það var snjöll ábending því Páll er gott dæmi um skáld sem yrkir mikilvæg ljóð á einföldu en dýrðlegu talmáli. Hann er Mozart íslenskrar ljóðlistar. Einu sinni talaði faðir minn við mig um mín eigin ljóð. Það var eftir að Fagur er dalur kom út. Hann fletti upp í Sálmum á atómöld og staldraði við sálm númer 35 sem hefst svo: Tíminn er þerriblað / sýgur í sig litlausa daga / og nætur svartar af þéttum skógi. Þetta er gott og fallegt kvæði hjá þér, Matti minn, sagði hann. Við föðmuðumst í þessari setningu.

Móðir mín talaði oft við mig um ljóðin mín. Hún var ekki hrifin af órím-

uðum kvæðum en gladdist mjög þegar upprisuljóð mitt var valið í sálmabókina. Páll Ísólfsson samdi við það áhrifamikla áskorun fyrir kirkjukóra. Kannski þessi sálmur eigi eftir að verða mér notadrjúgur þótt síðar verði. Ég er laglaus en mig hefur alltaf langað til að syngja eins og góðum Blöndal sæmir, enda viljum við helst gera það sem við getum ekki. Það vakti kátínu þegar ég söng Bokki sat í brunni fyrir strákana í Vesturbænum í gamla daga, og líklega hef ég haft einhvern hnút á sálinni fram eftir aldri vegna lagleysis. Það breyttist þegar Páll Ísólfsson sagði mér að hann væri einnig nánast laglaus og að Dómkirkjukórinn færi alltaf að hlæja þegar hann syngi á æfingu. Páll sagði að þetta kæmi tónlist ekkert við, heldur væri um líffærafræðilegt atriði að ræða. Þá tók ég söngleði mína og söngla nú með ef ég kann textann sem er sjaldgæft. Hvað sem þessu líður ætlast náttúran víst til að mitt dulda músíkalítet fari í hrynjandi ljóða minna og ég vona að þar sé einhverja tónlist að finna sem mér er í blóð borin.

Við vorum ósköp pervisalegir, bekkjarfélagarnir. Í fyrsta bekk ætlaði Sigga Púrtner meira að segja að reka Þránd Thoroddsen á dyr á þeirri forsendu að það væri bannað að selja Vísi í skólanum. Þegar ég sá skeggjúðana í sjötta bekk dámaði mér ekki. Mér fannst þeir vera menn á sjötugsaldri og skildi ekki hvað við værum að gera í sama skóla. Þá voru þeir um tvítugt en ég fjórtán.

Maður reyndi eftir megni að bera virðingu fyrir skólafélögum sínum. En það gat verið erfitt þegar allt var upp í loft í gangaslagi og látum. Einu sinni kom ég út úr slíkum átökum draghaltur. Þá vildi Pálmi rektor fá að vita hver hefði sparkað í Matthías. Ég var ákveðinn í að segja allt nema það. Nú er sá hinn sami sparkari prestur á landsbyggðinni. Ég vona að hann geti sparkað sóknarbörnum sínum inn í himnaríki.

Við vorum ákaflega klaufskir í framkomu og það háði okkur að fara á böll því við kunnum ekki að dansa. Fórum samt og ekki alltaf allsgáðir. Áfengið dró úr feimninni. Ég er í sjálfu sér ekkert á móti því að menn kynnist áfengi í skóla. Hef þá trú að þeim sé hættast sem fara á miðjum aldri að nota það sem lyf gegn lífsflótta og fælni. Slíkt gerir ungt fólk miklu síður.

Sumarið 1949 dvaldist ég í Englandi við landbúnaðarstörf. Bjó þar á búgarði í Nottinghamskíri nálægt Linkolni þar sem Þorlákur helgi nam ungur og sjá má gamlan steindan myndglugga af honum. Ég þurfti að vinna mikið þennan tíma en opnaðist margt nýtt því ég ferðaðist mikið um nálæg héruð og borgir. Stundum komu ungar stúlkur að forvitnast um þetta

fyrirbæri norðan af ísnum og tóku það með sér á ball. Þar var einkum dansaður hringdans sem mér leiddist svo til lengdar að ég ákvað með sjálfum mér að besti kosturinn væri einlífi. Með þá hugsun fór ég til Íslands um haustið.

Ég hafði ekki verið lengi heima þegar ég lagði leið mína í Oddfellow. Það var á fyrsta degi októbermánaðar. Ég ætlaði að skemmta mér en þótti fljótlega miður hvað félagar mínir voru órólegir og þegar átti að fara að slást var mér öllum lokið. Ég kærði mig ekki um að missa framtennurnar í Oddfellow. Stóð því upp og ætlaði að læðast út. Þá er kallað á mig af öðru borði. Þar er Gunnar Sigurjónsson, knattspyrnuhetja í Val, mikill vinur minn, nú dáinn. Hann býður mér að setjast, en ég hafði ekki áhuga á því enda enginn laus stóll. Þá lítur á mig stúlka handan borðsins og segir: Viltu ekki setjast hjá mér? Ég horfi á móti stundarkorn og svara: Jú, þakka þér fyrir. Settist síðan á stólinn hjá henni og hef setið þar síðan.

Þetta var Hanna. Mér fannst hún öðruvísi en aðrar stúlkur, einhver hlédrægur en frískur blær yfir henni. Síðan dönsuðum við saman. Ég kvaðst vera nýkominn frá Englandi og þóttist býsna heimsvanur. Spurði hana síðan hvaðan hún væri. Ég er af Hólsfjöllum, svaraði hún. Jæja, sagði ég, og hvar er það? Þú hefur þó heyrt talað um Hólsfjallahangikjöt? spurði hún. Nei, segi ég, það þekki ég ekki. Úr þessu gekk dansinn heldur stirðlega, enda sagði Hanna mér síðar að hún hefði álitið mig fábjána á borð við kennarann í Vestmannaeyjum sem sagði að á Hólsfjöllum væru engar beljur af því að þar yxi ekkert gras. En ævintýrið var hafið.

Það veitti mér mikinn innblástur að kynnast stúlku frá Hólsfjöllum. Hún kom til mín með moldina og sköpunarverkið. Svo samvaxin er hún hugmynd minni um landið að ég hef aldrei getað greint á milli þeirra eins og sjá má í Jörð úr ægi. Hún kom inn í líf mitt með tign og fegurð sem ég hefði annars ekki kynnst. Þegar ég var ungur var ást mín til hennar óöguð, óstýrilát og eigingjörn. Nú hefur hún fengið á sig þroskaðri og kyrrlátari blæ. Hún hefur breyst í kærleika, umhyggju og vináttu sem hefur dýpkað með árunum. Ég held að þessi þróun hafi leitt til meiri tilfinningalegrar fullnægingar.

Við Hanna erum ólík eins og vel kom í ljós þegar við lögðum leið okkar til Öskju um árið. Ég festi bílinn í snjóskafli svo við urðum að gista heila nótt á gosstöðvum Dyngjufjalla. Mér kom ekki dúr á auga enda skalf jörð um nóttina en hún svaf vært í aftursætinu. Það lýsir okkur báðum vel, öræfabarninu og borgarstráknum.

Hanna hefur skýlt mér í miklum barningi. Þögn hennar og sálarþrek

minna mig helst á seiglu manna eins og Fjalla–Bensa. Ingólfur, faðir hennar, bóndi á Grímsstöðum og síðar Víðirhóli á Hólsfjöllum, var oft í fylgd með Bensa í Ódáðahrauni. Ingólfur er sá maður sem ég nefndi fyrst ef ég ætti að benda á einhvern sem er fjallræðan holdi klædd.

Vinir mínir hafa metið Hönnu mikils. Sigurður Nordal lofaði til dæmis eitt sinn kvæði sem hún hafði blásið mér í brjóst, og sagði: Það fjallar auðvitað um hana Hönnu. Allt hið besta sem þú hefur gert stendur í einhverju sambandi við hana. Líklega hefði ekkert orðið úr þér ef þú hefðir ekki kynnst henni. Mér líkaði þetta að vísu allvel, en svaraði: Ég valdi hana sjálfur, Sigurður. Þá brosti hann kankvíslega.

Við Hanna höfum alla tíð verið mjög samrýnd. Ég hef óhjákvæmilega þurft að sinna opinberum málum, en ræktun okkar eigin garðs hefur þó skipt mig mestu máli. Á okkar heimili þykir það ekki eftirsóknarvert að vera í þjóðfélagslegum stellingum. Á yngri árum hafði ég gaman af að sleppa fram af mér beislinu í góðum félagsskap. Ég er steingeit en um leið skáld og það býr bóhem í hverju skáldi. Ást mín til Hönnu hefur þó alltaf verið mér mikilvægari en leiftur af slíkum toga. Einn af vinum mínum í kaþólska söfnuðinum var séra Hacking, hollenskur maður. Ég sagði einu sinni við hann: Jæja, séra Hacking. Er ekki erfitt fyrir þig, svona myndarlegan mann að lifa einlífi? Hann horfði á mig og sagði: Það truflar mig stundum, en ég er giftur kaþólsku kirkjunni. Það er ætlast til að ég standi mig í því hjónabandi eins og þú í þínu.

Hanna rak hárgreiðslustofu þangað til Ingólfur, yngri sonur okkar fæddist. Þá seldi hún stofuna og sagðist heldur vilja vera heima. Hún réð því sjálf, enda er ekki rétt að segja konum hvernig þær eigi að lifa. Ég á stundum erfitt með að skilja kynjamisréttið sem ég veit þó að er víða mikið. Mig grunar að málið sé flóknara en fólk lætur í veðri vaka. Það getur verið að hjónabandið sé að úreldast, en þó dreg ég það í efa því maðurinn leitar sér alltaf að reglu, jafnvel mestu byltingarmenn í þessum efnum verða óskaplega íhaldssamir þegar að þeim sjálfum kemur. Hitt er annað mál að maðurinn virðist ekki vera hæfur til að koma á eins góðri reglu og æskilegt væri. Kannski væri auðveldara að verða við ýtrustu kröfum rauðsokka ef við værum rauðmagar. Karlinn gætir hrognanna og kerlingin fer á flakk. Eða ef við værum trjónukrabbar. Það tekur karlinn þrjá mánuði að koma kerlingunni til og sleppir hann þó aldrei tönginni af henni allan tímann. Ég tek þessi dæmi til gamans en einnig af því að við getum lært mikið af náttúrunni. Erum við ekki byrjuð á því að skapa ónáttúrulegan mann, mann sem hefur annað hlutverk en honum er eigin-

legt? Við verðum eins og önnur dýr jarðar að fylgja eðli okkar. Í náttúrunni er allt eðlilegt.

Við höfum talað nokkuð um ástina. Stysta og fegursta ástarsaga íslenskra bókmennta er þátturinn um Sturlu og Solveigu í Íslendingasögu. Hvort gerðu þeir ekki Solveigu? sagði Sturla þegar hann frétti Sauðafellsför. Er þeir höfðu sagt honum að hún væri óskódduð spurði hann ekki meira. Þó að Sturla Þórðarson hefði ekki skrifað neitt annað væri hann ódauðlegur rithöfundur. Aðra fegurstu ástarsögu íslenskra bókmennta er að finna í ævisögu Friðriks Eggerz. Hann gengur eftir túninu sínu fyrir vestan ásamt ungri eiginkonu og lýsir ást sinni til hennar. Frásögnin er ótrúlega áhrifamikil, skrifuð með hjartablóði harðgerðs veraldarhyggjumanns sem margir ætluðu að væri taugalaus. Þessar tvær frásagnir minna mig á ljóð Guðfinnu frá Hömrum. Þau eru tær og einlæg og í þeim sársauki sem á ekkert skylt við hugarvíl og þakklæti sem er órafjarri ofsagleði. Þó að Guðfinna sé hefðbundin er hún engum öðrum lík. Það finnst mér mikið afrek. Ekki veit ég af hverju ljóð hennar leita svo mjög á mig. Kannski hef ég fundið eitthvað í þeim sem mig hefði sjálfan langað til að yrkja. Líkt og Stefán frá Hvítadal lýsir hún reynslu sem ég eignaðist ungur með Hönnu, til dæmis í ljóðinu Hið gullna augnablik:

Ég hvísla óði í eyra þér,
um æskunnar týndu sýn,
en ljóð mitt á framar engin orð,
og engan tón sem skín.
Þú vissir það ei, þetta augnablik
var eilífðin þín og mín.

Þetta er flott, það er hefðbundið og gott, laust við gálgahúmor og fínan smekk.

Gullin augnablik? Ég held að við glötum þeim ekki með aldrinum. En það sem skiptir öllu máli er að halda áfram að hlakka til. Og ég held að eftirvænting haustsins jafnist á við hvaða æskueld sem er. Það væri skemmtilegt að geta verið tré í eitt ár og upplifað eftirvæntingu þess rétt áður en vorið gengur í garð. Eða kríunnar þegar hún leggur af stað til Íslands. Eða blómsins áður en sólin kallar það úr jörðinni.

Ég varð fljótt var við að Hanna hafði eðliskosti sem ég hafði ekki kynnst áður. Veturinn 1949–50 gaf ég henni bláan akvamarínhring í jóla-

gjöf. Þá voru fjárráðin lítil og úr vöndu að ráða svo ég seldi bestu fötin mín og fékk fyrir þau fé sem dugði. Undir vorið spurði ég svo Hönnu hvort við ættum ekki að trúlofa okkur í júní. Hún tók vel í það en gat ekki vegna vinnu sinnar komið með mér að máta trúlofunarhring. Ég bað hana þá um að lána mér akvamarínhringinn. Hún sagði nei. Ég gekk á hana og sagðist mundu gæta hans eins og sjáaldurs auga míns. Hún neitaði enn og sagði að hringinn fengi ég ekki, sig hefði dreymt að ég glataði honum. Þá brosti ég og sagði að draumurinn væri kominn fram og ég hlyti að skila hringnum. Svo fór að lokum að ég hafði mitt fram. Nokkrum dögum seinna sótti ég svo hringana. Á heimleiðinni hélt ég um akvamarínhringinn með hægri hendi en hafði hina lausa í vasanum. Þegar heim kom afhenti ég Hönnu fyrst trúlofunarhringana og opnaði síðan lófann. Hann var tómur.

Dulræn reynsla? Í mínum huga er enginn vafi á því að margt yfirnáttúrulegt á sér stað innra með okkur og umhverfis. Sjálfan dreymir mig stundum mikilvæga drauma sem koma fram. Ég veit að einhver talar til mín, kannast við röddina og man orðin. Oftast hef ég verið fullur kvíða áður en ég sofnaði. Eftir á eru allar áhyggjur horfnar eins og dögg fyrir sólu. Ekki veit ég hver nær sambandi við mig með þessum hætti en gæti ímyndað mér að það sé framliðin vera. Ég veit þó að heilinn er lítt rannsakaður. Níels Dungal sagði einhvern tíma við mig: Hugsið þér yður Matthías hvað heilinn er merkilegt tæki. Hann er merkilegasta tæki sem til er og það sem við vitum minnst um.

Á milli okkar og undirvitundarinnar er dregið þykkt tjald. Ég sest þannig aldrei niður af því ég ætli að yrkja. Ég er eins og tré. Ég ætla ekki að laufgast. Það gerist. Allra síst ætla ég að kalla fugla í tréð. En þeir koma. Sköpunin er eins og náttúran að þessu leyti. Hún er ekki viljabundin, heldur lýtur hún eigin lögum. Mig dreymdi eitt sinn mjög fallegt kvæði um Tjörnina í Reykjavík. Daginn eftir leitaði það á mig viðstöðulaust. Ég gat ekki munað það en rámaði í þá sælutilfinningu sem ég upplifði í draumnum. Ég er ekki einn um reynslu af þessu tagi. Tómas Guðmundsson dreymdi oft merkilega drauma. Þegar hann var með síðustu bókina sína, Heim til þín, Ísland, í síðupróförkum, tók hann síðustu síðuna út, strikaði yfir hana og gaf mér. Það var fjórða nóvember 1977. Mér finnst að kvæðið sé ekki eftir mig einan, sagði hann, því mig dreymdi það tvisvar sömu nóttina. Á síðunni stendur efst: Morgunn, en það átti kvæðið að heita. Neðst stendur blaðsíðutalið 126, en Tómas hefur bætt við: Verði auð. Ljóðið er svona.

Nú syngur hver lind,
nú sindrar hvert strá
í sólbjörtu geislaflóði.
Æ, heillandi morgunn,
sem minnir oss á,
hve margur er sá,
sem deyr frá ævinnar dýrasta ljóði.

Ég naut mín í Háskóla Íslands og tók mikinn þátt í félagslífi þar, var meðal annars formaður Stúdentaráðs og Stúdentafélags Reykjavíkur. Ég hafði líka ánægju af náminu og langaði um tíma til að gerast fræðimaður og háskólakennari. Af því varð ekki en áhugi minn á norrænum fræðum hefur þó ekki dvínað. Núna er ég einkum með hugann við Sturlungaöldina og Sturlu Þórðarson sem aldrei hefur fengið að njóta sannmælis fyrir þessum fína smekk sem ekki viðurkennir hina einu sönnu tólg. Það er hún sem hefur haldið í okkur lífinu en ekki það sem hefur borist hingað völskunum meður og er á góðri leið með að breyta Íslandi í vasabókarútgáfu af ómerkilegri heimsmenningu sem er eins konar samræmd meðalmennska, sprottin úr yfirborðslegum tilhlaupum auglýsingafjölmiðla sem finna enga lykt nema af peningum. Úr þessum hrærigraut hefur orðið til alþjóðleg gerviþjóð í öllum álfum heims með döllösum og hjáguðum þeirra.

Einkennalaus íslensk þjóð er flökkulýður án ættjarðar. En sagt hefur verið að slík þjóð sé eins og dauður maður án legstaðar. Við eigum ekki að láta okkur nægja lúsina af nýgengnum laxinum eins og kríugreyið. Konungur hafsins einn er okkur samboðinn. Hann getur nærst af maðki og skeldýrum án þess að breytast í maðk eða skeldýr. Á þrettándu öld breyttum við reynslu okkar í heimssögulega menningu. Okkur er vorkunnlaust að rækta umhverfi okkar núna með sama árangri og þá. Ekki ætti lífsháskann að vanta í heiminn.

Það eru ljósár liðin frá því ég var ungur. Samt finnst mér ég stundum yngri en þá.

Það var erfitt að vera atómskáld og blaðamaður á Morgunblaðinu á sjötta áratuginum. Tímarnir voru kaldranalegir og ég fór ekki varhluta af því. Vinstri menn kölluðu mig atómskáld íhaldsins, en hægrimenn kommaskáldið á Mogganum. Að mér var sótt með öðrum hætti en að þeim sem hafa vit á að vera með fætur í báðum herbúðum. Það þarf sterk bein til að þola góða daga, er sagt. Það þurfti líka talsvert þrek til að þola

andstreymið, kannski stolt sem var í engu samræmi við raunsætt mat. En hvað um það: þarna var ég og gat ekki annað.

Á vissan hátt var það mín gæfa að fá misjafnar viðtökur í upphafi. Ég varð að heita sjálfum mér og þeim sem tóku mér vel að standa mig. Og ég veit að gælur eru ákaflega hættulegar. Sá sársauki sem menn fara á mis við ungir vegna ritdóma kemur niður á þeim síðar í minni gæðum. Svo má ekki taka gagnrýni of hátíðlega. Stefán Jónsson, sá ágæti maður, skrifaði einu sinni að Borgin hló væri alibi fyrir skáldskap. Löngu seinna sýndi hann mér þá vináttu að óska eftir að lesa upp ljóð mín í útvarp. Það þótti mér lýsa Stefáni vel því til þess þurfti mikið endurmat og talsvert hugrekki.

Stundum finnst mér ég hafa ort í þúsund ár. Breytingarnar eru svo miklar. Og þá er ég kominn í spor gamla mannsins sem sagði við mig: Þú getur ekki skilið þetta. Milli mín og þín eru þúsund ár. Ég er samtíðarmaður Egils Skallagrímssonar. Það hefur alltaf verið löngun mín og takmark að geta orðið Agli samtíða.

Guðmundur Daníelsson lýsti mér eins og Agli í Landshornamönnum. Þar ligg ég uppi í rúmi alklæddur og narsla kæstan skyrhákarl og engu líkara en ég sé lagstur í þunglyndi. Þarna ligg ég og yrki eins og Egill, ógurlegur ásýndum. Þegar Bjarni Benediktsson hafði lesið bókina sagði hann: Og þennan mann kallarðu vin þinn! Það eina sem mér mislíkaði við Landshornamenn er lýsingin á okkur í Ásbyrgi þar sem ég segi við einhvern ungmennafélagsgaur: Veistu hver ég er? – og nefni svo Morgunblaðið í næstu andrá. Þannig tala ég aldrei og hef raunar skömm á slíku orðbragði. Ég hef aldrei skilið af hverju Guðmundur þarf að láta mig tala eins og götustrák sem heldur að hann eigi eitthvað undir sér.

Landshornamenn urðu þannig til að við Guðmundur stóðum á bökkum Ölfusár og veiddum sjóbirting. Það var komið undir kvöld þegar ég sagði við Guðmund: Þú ættir að skrifa sannsögulegt, ritstýrt skáldverk úr samtímanum. Það er gott að hvíla sig á þessum löngu skáldsögum. Guðmundur tók við sér, það sá ég á svipnum. Alllöngu síðar sagði hann við mig: Nú hef ég skrifað þetta verk sem þú talaðir um. Jæja, sagði ég, en sá að Guðmundur var eitthvað undirfurðulegur. Um hvað fjallar það? Ja, segir Guðmundur hikandi, það fjallar nú eiginlega um ferðir og ævintýri. Og hverjar eru sögupersónurnar? spurði ég. Ja, það erum nú við, og aðallega þú! Jæja, sagði ég undrandi. Já, sagði Guðmundur, ég treysti engum fyrir því að gegna hlutverki slíkrar bókpersónu nema þér einum. Á þeirri stundu varð ég að taka því sem að höndum bæri til að vera traustsins verður.

Þegar ég var við nám í Kaupmannahöfn 1955–56 orti ég talsvert.

Megnið týndist á leiðinni heim um vorið. Mér tókst þó að setja saman dálitla ljóðabók og fór með handritið til Steins Steinars. Hann raðaði ljóðunum og skrifaði athugasemdir við hvert þeirra. Borgin hló er nákvæmlega eins og Steinn gekk frá henni með einni undantekningu. Hann vildi ekki hafa með kvæðið um Jóhann Sigurjónsson. Fannst ástæðulaust að ég hefði dálæti á Jóhanni.

Þegar Borgin hló var nýkomin út, 1958, var botnlanginn tekinn úr mér. Eftir svæfinguna leið mér stórilla og var með ógleði. Í stofu með mér voru sex forneskjukarlar, allir utan af landi, og hét einn þeirra hvorki meira né minna en Davíð Stefánsson. Annar var bóndi á bæ sem eitthvað er kenndur við álftir, og var kallaður Laugi. Sem ég er að rakna úr rotinu heyri ég að karlarnir eru eitthvað að hvíslast á og tala niðrandi um mig sín á milli, að minnsta kosti miður vinsamlega, og segir Laugi: Það er framlágt atómskáldið núna. Hinir hlógu og tóku undir þessa athugasemd. Þá fauk í mig og ég reis upp við dogg, hvessti á þá augun og sagði:

Álftirnar fljúga frjálst að fjallabaki
það er líkt og Laugi taki
lokasprett á sínu skaki.

Við þetta hrukku þeir við og steinþögnuðu. Það var engu líkara en kominn væri örn í æðarvarpið. Helvítis atómskáldið gat rímað, það var kollrak. Og nú var tekin upp eins konar hlutleysisstefna á stofunni.

Á háskólaárunum byrjaði ég að vinna á Morgunblaðinu. Faðir minn hringdi í Valtý og spurði hvort sonur hans gæti fengið sumarstarf á blaðinu. Svo var ekki. En tveimur dögum seinna hringdi Valtýr aftur í föður minn og sagði: þú varst að biðja um vinnu fyrir son þinn, hann er auðvitað dóttursonur Jóhannesar bæjarfógeta. Jú, það hlýtur að vera, sagði faðir minn. Sendu hann þá til mín strax á morgun, sagði Valtýr. Faðir hans, Stefán skólameistari, og afi minn höfðu nefnilega verið miklir samherjar í sjálfstæðisbaráttunni og vinir alla tíð.

Fyrst þýddi ég sögur á Morgunblaðinu, einkum smásögur úr Post. Síðan hef ég unnið öll störf sem til falla á einni ritstjórn og mun líklega hafna í því virðulega embætti að verða eini maðurinn á blaðinu sem ekki er ómissandi. Það er í sjálfu sér talsvert afrek miðað við fyrstu fimmtán ár mín sem ritstjóri Morgunblaðsins og trúðu víst fæstir að slíkir skipulagshæfileikar leyndust með skáldinu!

Þegar ég var orðinn ritstjóri árið 1959 var mér boðið í veislu þingflokks

Sjálfstæðisflokksins. Það var fínt borðhald í Ráðherrabústaðnum og allir þurftu að láta til sín taka. Ég var með svart alskegg eins og ungu skáldi sómdi og tóku nú öll stórskáld flokksins að flytja vísur um þetta skegg. Atómskáldið skyldi tekið til bæna. Vísurnar voru að sjálfsögðu allar þrælrímaðar. Ég varð miður mín þarna í fuglabjargi íhaldsins en Ólafur Thors stjórnaði selskapinu af alkunnri gamansemi, lét sér vel líka og örvaði þingmenn sína til dáða. Mig langaði mest til að hverfa en nú var annaðhvort að duga eða drepast. Ég mátti ekki verða Bjarna Benediktssyni til skammar en hann réð því að okkur Hönnu var boðið. Ég hvíslaði nú að Hönnu að ég ætlaði að svara og dró hún ekki úr mér, aldrei þessu vant. Síðan sló ég í glasið og um leið og fórnardýrið tók til máls datt á dúnalogn. Ég sagði þingmönnum að ég vildi þakka þann heiður sem skeggi mínu hefði verið sýndur. Viðreisnarstjórnin væri nýmynduð og af því tilefni ætlaði ég að fara með vísukorn sem lýsti ástandinu undir stjórn Ólafs Thors og þingflokksins:

Skeggið svart mun sýna þér
sótt er á öllum miðum:
Viðreisnin í verki er
vöxtur á flestum sviðum.

Ég hef aldrei fengið aðrar eins viðtökur. Flokkurinn hafði eignast nýjan rímara. Bravó, sagði Ólafur Thors. Bjarna létti. Ég hneigði mig og settist. Vissi sem var að lítið og ómerkilegt vísukorn hafði bjargað lífi mínu eins og á stóð. Ég var tekinn í samfélag heilagra.

Ég hef þá reglu að tala ekki um sjálfan mig eins og ginnheilaga veru. Ég er allsendis óhræddur við að horfast í augu við það sem ég hef gert. Ég hef svalað lífsþorsta mínum með eðlilegum hætti og er hvorki hryggur né glaður út af því.

Við Hannes Pétursson höfðum alltaf verið vinir. Hann varð skáld á undan mér og ég dáðist mjög að honum. Það líkaði Hannesi vel. Við staupuðum okkur stundum í gamla daga í minningu Kristjáns Fjallaskálds eða einhvers annars sem ekki var lengur samkvæmishæfur. Einu sinni slepptum við fram af okkur beislinu í bóhemskri rispu. Við höfðum hist á Nausti og gert okkur dagamun lengi dags. Þá mundi annar eftir því að Guðmundur Hagalín átti að halda fyrirlestur í Háskólanum. Ég hafði átt þátt í að Guðmundur væri gerður að gistiprófessor svo mér þótti tími kominn til að heiðra hann með nærveru minni. Hannes var mér sammála,

en ekki treystumst við til að fara birgðalausir og fengum okkur því þrjár eða fjórar flöskur af rauðvíni sem settar voru í stóran, brúnan poka. Þegar við komum inn í fyrstu kennslustofu Háskólans var hún sneisafull af fólki og Hagalín í miðjum fyrirlestri. Eitthvert lát varð á lestrinum meðan skáldin komu sér fyrir og fylgdust allir grannt með því sem fram fór. Þegar við vorum sestir kom í ljós að Hagalín var að fjalla um okkur. Leist okkur ekki meira en svo á blikuna en sperrtum þó eyrun. Ég gerði óspart athugasemdir þegar eitthvað vafasamt var sagt, en Hannes urraði á bak við pokann góða þegar minnst var á hann. Mér fannst það merkilegt að hann skyldi ekki mótmæla hraustlegar. Þetta vakti náttúrlega athygli og menn vissu ekki hvaðan á þá stóð veðrið.

Að fyrirlestri loknum heilsuðu skáldin upp á Hagalín, en hann var síður en svo á þeim buxum að fagna komu þeirra. Ég sá þó að hann brosti í laumi. Við svo búið héldum við á Háskólabókasafn því einhvern samastað þurfti fyrir pokann. Vissum þá ekki fyrr til en staðurinn fylltist af lögregluþjónum sem tóku okkur haustaki. Þá fannst okkur illa kreppt að Fjallakonunni. Ég gleymi seint stúdentunum sem stóðu meðfram veggjum þegar við vorum leiddir út. Við hrópuðum: Lengi lifi Fjallkonan! Og því meir sem við hylltum Fjallkonuna því gneypari urðu þeir, enda hafa stúdentar sjaldnast lagt í vana sinn að siga lögreglu á skáld. Nokkrum dögum seinna hleraði ég að kommarnir í Háskólanum hefðu hvíslað því sín á milli að helvítis ritstjórinn á Mogganum væri bara mannlegur! Þá varð ég glaður.

Síðan komu vikublöðin út. Ég var formaður Þjóðhátíðarnefndar þegar þetta gerðist og auðvitað stóð feitletrað á forsíðu: Krafa þjóðarinnar að formaður Þjóðhátíðarnefndar segi af sér vegna drykkjuskapar!

Núorðið ræð ég betur við óhemjuskapinn í sjálfum mér þótt ofnæmið sé alltaf fyrir hendi. Stundum er sumum nóg boðið og finnst ég með öllu óþolandi. Það er gott því ég vil ekki vera vel þolandi. Færi svo væri ég hættur að spyrja. Það má ekki láta lífið leggja sér í naust. Maður á að sigla úfið haf allan tímann. Þess vegna hef ég ekki viljað vera opinber starfsmaður. Og þess vegna hef ég ekki viljað fálkakross, þótt mér hafi boðist hann eftir þjóðhátíðina. Mér finnst fáránlegt að dingla með aðalsmannapjatt á brjóstinu. Önnur fjarstæða í íslensku þjóðlífi er að forsetaembættið skuli vera eins konar framhald af dönsku kóngapuði. Mér finnst það tímaskekkja, þetta tilstand. Ég vil hafa svissneska kerfið þar sem ráðherrar fara með forsetaembætti til skiptis. Ég er lýðveldissinni í húð og hár. Mín bylting var gerð í Frakklandi 1789. Og ég er þekktur að því að skammast mín ekk-

ert fyrir að vera borgaralegt skáld, nema síður sé. Lífið hefur á stundum verið kuldalegt og ég tekið margt nærri mér. Íslenskt þjóðfélag er helgrindahjarn í aðra röndina og enginn lifir af í næðingnum nema hann hafi allsterk bein. Ég tala ekki um ef hann er skáldspíra með óvarðar tilfinningar. Áður fyrr gat ég aldrei látið hverjum degi nægja sína þjáningu. En ljóðið hefur verið mér skjól og smám saman hefur mér tekist að tileinka mér boð Krists: að horfa til fugla himinsins og lilja vallarins.

Núna er mikið talað um ljóðið. Ég held að það sé sæmilega haldið hvað sem líður samkeppni við fjölmiðlun og skemmtiiðnað. Ljóðið kom hingað til lands með landnámsmönnum og á örugglega eftir að gegna mikilvægu hlutverki í framtíðinni því ég fæ ekki séð að við getum haldið áfram að lifa sams konar gervilífi og við höfum gert frá lýðveldistöku. Við mælum jafnvel lífshamingjuna í peningum. Það hlýtur að koma að því að önnur mælistika verði fundin. Þá mun ljóðið koma til hjálpar. Það hefur gert það áður. Forseti Íslands talaði við mig um ljóðlist í danska útvarpið. Það lýsir á skemmtilegan hátt sérstöðu íslensks þjóðfélags. Mér er nær að halda að slíkt gæti ekki gerst annars staðar.

Ljóðið er kröfuhart og ekki hægt að sinna því með hálfum huga. En um leið er það gjöfult þeim sem því er handgenginn. Ljóðið hefur haft mikil áhrif á þróun tungunnar og það varðveitir tímann. Ég tel að íslensk ljóðskáld eigi að nota skírskotanir í samanlagðar bókmenntir okkar. Gott ljóð er samtíða allri sögu Íslands. Raunar efast ég um að nokkuð sé til sem heitir samtíð þegar ljóð er annars vegar. Reynsla manna er á öllum tímum svipuð. Þannig er gamla ljóðlistin okkar nútímalegri en margt það sem er ort í dag. Ljóðið ögrar dauðanum því í því segir maðurinn: Ég var og er ennþá! Ég efast um að aðrir menn séu meiri veruleiki á Íslandi en synir Egils, þeir sem hann orti um Sonatorrek. Hversu oft verður okkur ekki hugsað til hans og þeirra, ósjálfrátt? Við getum lært af því hvernig Egill skoraði harm sinn á hólm. Þegar hann hafði sigrað, með ljóð sitt að vopni, varð honum unnt að lifa. Þannig hefur íslenska þjóðin lifað af kolsvartar miðaldir. Þannig ég.

Eilífðarmálin hafa alla tíð verið mér áleitið umhugsunar– og yrkisefni. Áður fyrr hafði ég miklar áhuggjur af trú og dauða. Dauðinn nærði mig á sama hátt og Gúlagið hefur orðið sovéskum rithöfundum næring. Núna er ég sannfærður um að líf sé eftir dauðann. Verið getur að í þeirri trú felist dulbúinn ótti við ógnvaldinn. En með aldrinum hef ég öðlast meira jafnaðargeð og því fleiri vinum sem ég sé á eftir, því minna vandamál verður hún, þessi ægilega staðreynd að við deyjum.

Ég er ekki eindreginn spíritisti þó að sumir álíti það. En ég á Hafsteini miðli mikið að þakka. Við vorum vinir. Ég held að dulræn fyrirbæri séu oftast nær af náttúrlegum toga og bundin heilastarfi okkar. Ég tel mig þó hafa séð framliðna veru. Ég var einn að veiðum við Ormarsá, stend einn og kasta flugu. Allt í einu fer um mig hrollur. Ég lít þá í kringum mig og sé mann í um það bil fimmtíu metra fjarlægð niður með ánni. Hann var í svörtum fötum og með svartan hatt. Þegar ég sé hann kemur á mig ótti en ég legg þó af stað í átt til hans. Þá líður hann undan svo fjarlægðin helst óbreytt. Ég hugsa mitt ráð en tek síðan á rás yfir ás sem liggur fram að ánni þar sem hún tekur á sig hlykk og hyggst komast í veg fyrir manninn. Þegar ég kem niður af ásnum er sýnin horfin. Ég hleyp þá til félaga minna sem voru nokkrum kílómetrum neðar og er orðinn mjög óttasleginn. Þeir spyrja hvort eitthvað sé að. Ég segi að það hafi farið hrollur í mig. Þá horfa þeir á mig og annar segir: Sástu hann? Ha, er einhver þarna? spyr ég. Já. Síðan sögðu þeir mér deili á manninum svarta, ekkert hafði komið þeim á óvart.

Ég spyr sjálfan mig að því hvað maðurinn hafi verið að bardúsa við ána. Varla að bíða eftir mér! Getur framhaldslífið verið svo ómerkilegt að maður verði að híma til eilífðarnóns á árbakka án þess einu sinni að hafa stöng! Ég hef því gælt við þá skýringu að sá framliðni hafi verið orka einhvers. Tíminn er því víður og það sem gerðist gerist og það sem gerist gerðist. Við lifum í afstæðum tíma og vitum aldrei hvenær við upplifum hlutina. Reynsla Valtýs Stefánssonar styður þessa skýringu. Hann var skyggn og er sagt að hann hafi ráðið fólk á Morgunblaðið eftir áru þess. Eitt sinn sagði hann við mig: Mesta ára sem ég hef séð var í kringum séra Árna Sigurðsson þegar hann blessaði yfir líkkisturnar á Fróða. Valtýr fór einu sinni inn í herbergi nýlátins vinar síns. Það var búið að fjarlægja líkið og rúmið en samt lá hinn dáni enn endilangur í rúmstæðinu. Hafði skilið eftir sig þéttan áruhjúp sem Valtýr sá í öllum regnbogans litum.

Ég er jafn leitandi núna og þegar ég var ungur. Hef þó náð þeim áfanga að óttast ekki framtíðina hvað trú snertir. Bænalífið hefur hjálpað mér mikið, enda held ég að mikil orka búi í bæninni. Hins vegar finnst mér við lúterstrúarmenn of framir í bænahaldi okkar. Kristur sagði við lærisveina sína að þeir ættu ekki að bera trú sína á torg eins og heiðingjar. Það er afar mikilvægt því að öðrum kosti líkist bænalífið trjámaðki sem vefur laufið utan um sig og drepur það.

Kristur hefur verið þungamiðja í mínu lífi. Ég get skilið guðdóm þegar

búið er að spenna hann niður í Krist því hann er maður í okkar mynd. Ég hef áður sagt að það hefði nægt að gefa út eina bók. Hún heitir Orð Jesú Krists og hefur aldrei verið skrifuð. Kristur á það sameiginlegt með Sókratesi að hafa aldrei skráð neitt svo vitað sé. Þeir sem skrifuðu eftir þeim urðu hins vegar meistarar sem er engin tilviljun.

Kraftaverkin báru Kristi hvað gleggst vitni, en það er merkilegt að jafnvel honum tókst ekki að gera nein kraftaverk á heimaslóðum sínum í Nasaret. Mesta kraftaverk hans var ekki þegar hann bar guðlegum krafti sínum vitni þannig að fólk sá og upplifði, heldur ein setning: Elskið óvini ykkar! Kristur gerði byltingu í hjarta mannsins.

Þegar mér líður illa lygni ég aftur augum og horfi inn í mig. Þá finnst mér ég sjá Krist líða framhjá yfir sanda Gyðingalands í sínum hvíta kufli. Samstundis hverfur mér allur kvíði.

Ég hef ekki glatað öllum mínum ótta. Ég vil ekki verða fullkominn og líflaus eins og hraundrangur. Óttinn við sig sjálfan, umhverfið og óvissu dauðans er innblástur allrar mikillar listar. Sá sem best er útbúinn óttast mest. Því meira sem hann veit því berskjaldaðri verður hann. Því meiri listamaður sem hann er því skelfdari verður hann við list sína. Páll Ísólfsson hóf alla tónleika sína með því að lúta höfði við orgelið og biðjast fyrir. Hræðsla hans við að spila gat á stundum orðið ólýsanleg. Mikill listamaður hefur djúpa ábyrgðartilfinningu. Mikil manneksja hefur það einnig gagnvart lífi sínu og annarra, dauðanum.

Ég er sannfærður um það fyrirheit Biblíunnar að við séum guðir í sköpun. Í því felst erfið áskorun því við erum líka dýr, grimmar alætur, og étum okkar eigin. Finni einhver arfa, svínabein og rottubein þá veit hann að maðurinn hefur verið á ferð. Sækjast sér um líkir. Engu að síður held ég að manneskjan reyni að sinna því guðlega hlutverki að búa sér siðrænt umhverfi. Í þeirri viðleitni skiptir ljóðið miklu máli. Það er hlédrægt. Þess vegna er það hættulegt þeim sem óttast það og þeir eru ekki fáir. Ljóðið fylgir ekki apanum. Öskrið er honum eiginlegra inni í frumskóginum.

Stríð og söngur, 1985

Á áttræðisafmæli Morgunblaðsins

HÖFUNDUR ÁRNI ÞÓRARINSSON

Skáldið verður að heiman á áttræðisafmæli áhrifamesta fjölmiðils landsins. En ritstjórinn Matthías Johannessen ræðir hér um lífið og starfið á Morgunblaðinu fyrr og síðar: Hverjir eiga Morgunblaðið? Hvernig voru samskiptin við flokksforingjana? Hafa hugsjónir ritstjórans ræst? Breytist hafsjór blaðamennskunnar í bunulæk?

Risaeðlan er komin á inniskó. Í stað bramboltsins og þrengslanna á ritstjórnarskrifstofunum í hjarta gamla miðbæjarins eru kyrrlátar víðáttur í stórhýsi í nýja miðbænum, því steinsteypta Legolandi sem kallað er Kringlan. Anddyri nýja Morgunblaðshússins er eins og gestamóttaka á lúxushóteli og á hæðinni fyrir ofan er fátt sem minnir á ysinn og þysinn í Aðalstræti; skothríð gamalla ritvélahólka við hlið yfirfullra öskubakka hefur fyrir löngu vikið fyrir dúnmjúku tifi tölvanna og lágt hljóðskraf blaðamanna og umbrotsmanna sem nú starfa hlið við hlið á samfelldu reyklausu svæði á meira skylt við bókasafn en rótgrónar hugmyndir um dagblað. Í Aðalstræti var eins og Morgunblaðið væri á háverum hermannastígvélum. En hin áttræða risaeðla íslenskrar fjölmiðlunar er með góðu lífsmarki þótt hún hafi fengið sér nútímalega inniskó. Hún getur enn stigið þungt til jarðar. Kannski er hún komin heim í sinn eigin Júragarð.

Þegar komið er upp á ritstjórahæðina, þá þriðju, berast kunnugleg hljóð úr horni þar sem er skrifstofa Matthíasar Johannessen. Þeir Styrmir Gunnarsson sitja þar hvor á móti öðrum, að margra áliti tveir áhrifamestu menn landsins, og hlæja svo rosalega að við liggur að gamla, græna sófasettið úr kontór Matthíasar í Aðalstræti takist á loft í nýjum og rúmbetri heimkynnum sínum. Aðhlátursefnið er ljósmyndir teknar af Matthíasi sem birst hafa nokkra sunnudaga í röð. Styrmir er í sókn og segir að allur samanlagður tækjabúnaður Morgunblaðsins hafi ekki dugað til að gera þær birtingarhæfar; Matthías er í vörn og heldur því fram að myndir hans hafi vakið þjóðarathygli.

Hann er í skyrtu og með bindi. Á blaðinu er sú kenning uppi að þegar Matthías mætir til starfa í skyrtu og með bindi sé hann í ritstjóraskapi. Ef hann mætir í rúllukragapeysu er skáldið á ferð. Samkvæmt kenningunni fer þetta eftir því í hvaða stuði hann vaknar. Þennan dag virðist kenningin ganga upp því hann hefur fallist á að verja síðdeginu í að spjalla við mig í tilefni af áttræðisafmæli Morgunblaðsins 2. nóvember. Var reyndar tregur til. Mér fannst eins og hann væri orðinn leiður á því að tala um Morgunblaðið. „Getum við ekki talað um eitthvað annað, kannski bókmenntir?“ spurði hann biðjandi. En af því tímamótin í sögu blaðsins eru óumdeilanleg – áttræðisafmæli í langþráðum, nýjum húsakynnum – fann hann ekki undankomuleið. Þar að auki verður hann að heiman á afmælinu. Hann verður peysuklæddur og bindislaus að lesa upp ljóðin sín í útlöndum. Þetta haust verður skáldið Matthías eins og poppstjarna á tónleikaferð: París, London, New York.

Þótt Matthías sé í ritstjórafötunum er hann snöggklæddur eins og venjulega. Hann hefur aldrei sést í frakka svo vitað sé. Hanna, kona hans, ekur okkur á næsta áfangastað – Átthagasal Hótels Sögu. Það er miðvikudagur og því hádegisverðarfundur í Rótarýklúbbi Reykjavíkur sem Matthías hefur verið félagi í um þriggja áratuga skeið og lagt töluvert á sig til þess því þar ríkir býsna ströng mætingarskylda, svo ströng að ónefndur forsætisráðherra var rekinn úr klúbbnum fyrir lélega mætingu á meðan hann var borgarstjóri. „Ég hitti þarna ýmsa karla sem ég annars myndi ekki þekkja,“ segir Matthías. Og þessir „karlar“ eru öll yfirbyggingin í íslensku þjóðfélagi sýnist mér þegar við göngum í salinn; ráðherrar, bankastjórar, stórforstjórar. Ef spryngi sprengja þarna í hádeginu er hætt við að allt kerfið stöðvaðist um tvöleytið. Að loknum málsverði og erindi frá skipulagsstjóra ríkisins laumumst við út gegnum eldhúsið og höldum heim á Reynimel.

„Viltu djús?“ spyr Matthías þegar við erum sestir í ró og næði í stofunni. Ég svara játandi. Hann færir mér þá glas af dæetkóki.

Matthías getur verið jafn óútreiknanlegur og Morgunblaðið sjálft sem stundum virðist ekki lúta neinum venjulegum lögmálum fjölmiðils. Það er erfitt að hugsa sér íslenskt þjóðfélag án Morgunblaðsins; það er jafn erfitt að ímynda sér Morgunblaðið án Matthíasar. Hann er persónugervingur þess og um leið eins konar sögulegt bindiefni; fyrstu árin sem ritstjóri vann hann við hlið Valtýs Stefánssonar sem verið hafði á blaðinu frá því það var rúmlega tíu ára gamalt. Sjálfur var Matthías ráðinn að blaðinu fyrir 42 árum þegar það var í gamla Ísafoldarhúsinu í Austurstræti. Síðan

var flutt í „höllina“ svokölluðu við Aðalstræti og nú er Matthías kominn með blaðinu í Kringluna. „Í gamla Ísafoldarhúsinu var lítið pláss,“ segir hann, „en því meira andrúm gamalla minninga og mergjaðrar sögu; niðri voru afgreiðslan og prentsmiðjan en uppi á lofti ritstjórn, skrifstofa og framkvæmdastjóri. Mér fannst alltaf sérstök lykt í þessu gamla húsi, eitthvað sem minnti á gamlan pappír og daglega sögu sem hvarf inn í gleymskuna með hverju nýju blaði. Ég var ráðinn að blaðinu eins og einatt hefur gefist best í þröngu samfélagi okkar – gegnum klíkuskap. Ég hafði þýtt eitthvert efni í það, einkum fyrir tilstilli Gunnars G. Schram, nú prófessors; hann átti þá innhlaup í blaðið enda móðir hans og Kristín, kona Valtýs, systur. Ég var nýbyrjaður í Háskólanum og hafði m.a. unnið á þinginu við að skrifa upp eftir þjóðkunnum stjórnmálamönnum sem höfðu ekkert á móti því að ræðum þeirra væri breytt til batnaðar. Þegar ég sótti síðan um fasta vinnu við Morgunblaðið fékk ég neitun. En daginn eftir hringdi Valtýr í föður minn og spurði hvort ég væri ekki dóttursonur Jóhannesar, bæjarfógeta og þingforseta; þeir höfðu verið miklir vinir og samherjar í þingpólitík, Jóhannes, afi minn og Stefán, faðir Valtýs. Jú, faðir minn svaraði að svo væri en þá sagði Valtýr: „Láttu hann koma á morgun!“

Og þessi morgunn er nú að verða að einhvers konar eilífð.“

Honum bauð ekki í grun að Morgunblaðseilífð væri framundan; hann ætlaði einungis að sjá sjálfum sér farborða og nýta um leið áhuga á skriftum og nám í norrænudeild Háskólans. Að því námi loknu hélt hann til Kaupmannahafnar, ásamt fjölskyldu sinni, í framhaldsnám; árið var 1955 og Matthías hugðist skrifa bók um Grím Thomsen. Af því varð ekki. Valtýr kvaddi hann á ný til starfa um það leyti sem blaðið fluttist í Aðalstrætið og þeir Bjarni Benediktsson, sem þá var meðritstjóri Valtýs, hvöttu til þess að Matthías yrði ráðinn ritstjóri með þeim ásamt Sigurði Bjarnasyni frá Vigur þegar Einar Ásmundsson hætti. Matthías varð ritstjóri 1959, aðeins 29 ára að aldri. Hann benti á eldri starfsbræður sína en þá var sagt: „Ef þú tekur ekki við starfinu verður leitað annað.“ Þegar Matthías spurði Bjarna hverjum yrði þá boðið ritstjórastarfið svaraði hann: „Jóhannesi Nordal.“ Matthías hugsaði sig um í sólarhring og tók svo við starfinu því hann vildi ekki að leitað yrði út fyrir blaðið. Um ráðningu hans var eining í stjórn Árvakurs og gott samstarf náðist á ritstjórn þótt einhverjum hafi þótt fram hjá sér gengið eins og alltaf er. Síðar kom Eyjólfur Konráð Jónsson til ritstjórastarfa fyrir orð Matthíasar og loks beittu þeir sér fyrir því, ásamt Haraldi Sveinssyni framkvæmdastjóra, að

Styrmir Gunnarsson yrði ráðinn við hlið Matthíasar og Eykons. Saman hafa þeir Styrmir, í samvinnu við framkvæmdastjórn og útgáfustjórn Árvakurs hf., leitt Morgunblaðið gegnum hið mikla breytinga- og útþensluskeið þess síðustu tvo áratugi.

Þeir eru ákaflega ólíkir menn. En samstarfið er með eindæmum gott. „Það byggist á vináttu," segir Matthías. „Við erum oftast sammála og aldrei ósammála í stóru máli. Við erum nógu ólíkir til að vel fari á með okkur. Ég hef öðlast mikið frelsi vegna starfa hans; Styrmir hefur átt þátt í því að ég hef verið lengur á Morgunblaðinu er ég ætlaði mér og ævinlega tekið fullt tillit til óska minna. Verkaskipting okkar á milli er engin í sjálfu sér; ef hennar er þörf ákveðum við hana dag frá degi. Erfiðustu málin afgreiðum við sameiginlega og öll pólitík er ákvörðun okkar beggja. Og samstarfið við Harald Sveinsson hefur verið framúrskarandi gott."

Matthías leggur ríka áherslu á mikilvægi vináttunnar í öllu samstarfi á Morgunblaðinu. „Við höfum alltaf reynt að leysa ágreining en ekki ýfa hann, eins og oft er gert. Ég tel að velgengni Morgunblaðsins eigi ekki síst rætur í gagnkvæmri tillitssemi þeirra sem þar stjórna og gamalgróinni vináttu. Ég fyrir mitt leyti hefði ekki getað nærst í andrúmslofti illinda og öfundar."

En það vita þeir sem starfað hafa á Morgunblaðinu að oft hefur gustað þar um ganga. Matthías var allt í öllu; fór sjálfur eins og stormsveipur um ritstjórnina og stýrði henni stundum með látum, skildi eftir sig hófaför á veggjunum ef blaðið var ekki í lagi, ef málfarið var ekki í lagi eða hugsunin eða tónninn eða hugmyndirnar. Þá hélt hann maraþonfundi með blaðamönnum, sem gátu staðið hálfan vinnudag, og lét þar móðan mása út og suður og einatt alls ekki um hvað ætti að standa í blaðinu daginn eftir. Hann gat tekið menn á teppið og suma hefði verið hægt að skrapa upp af gólfinu. En eftir að þeir höfðu púslað sér saman að nýju voru þeir betri blaðamenn, kannski betri menn. Matthías var ekki aðeins að búa til blað; hann var að búa til blaðamenn. Hann er mesta útungunarstöð íslenskrar blaðamennsku. Af því er sprottið hugtakið „Morgunblaðsegg", les: Matthíasaregg.

Nú hefur færst meiri ró yfir ritstjórann Matthías og skáldið hefur fengið meira svigrúm í seinni tíð, sem ekki er furða. Hann hefur helst stýrt þeim seinni af tveimur ritstjórnarfundum – klukkan fimm síðdegis, en Styrmir þeim fyrri, klukkan hálfníu. Í nýju og stóru húsi er hann enn sálin í Morgunblaðinu. Hvað fór gegnum hugann þegar hann flutti föggur sínar þangað inn um síðustu páska?

„Mér er til efs að þeir, sem hafa vaxið og elst með blaðinu svona lengi, hafi gert sér grein fyrir því fyrr en þá hversu viðamikið þetta fyrirtæki er orðið,“ svarar hann. „En þegar ég kom inn í Kringluhúsið undraðist ég eins og aðrir og gladdist yfir þeirri velgengni sem þessi fallega umgjörð ber vitni. Þetta hús er hannað af kunnáttu enda var Gunnar Hansson arkitekt ótrúlega næmur á forsendur góðs blaðs en Helga, dóttir þeirra Huldu Valtýsdóttur, tók við hönnuninni að föður sínum látnum. Ég get ekki hugsað mér betra blaðhús en Kringluna 1. Nú er hver maður á sínum stað en áður var starfsemin dreifð um alla Reykjavík. Það er mikið talað um stjórnun og gæðamál; ég tel, af nokkurri reynslu, að besta stjórnunin sé nærvera án allt of margra orða. Slíka nærveru höfum við í þessu nýja húsi og með henni er hægt að miðla svo miklu án þess að vera með hnefann á lofti sýknt og heilagt; þess þarf þó stundum því blaðamenn eru ekkert öðruvísi en annað fólk. Brýning er best með nærveru og helst nærfærni. Mér hafa stundum verið mislagðar hendur í því efni, svo mikill ákafamaður og tilfinningavera, eins og sagt er. Í nýja húsinu er einhvern veginn auðveldara að hemja skap sitt því umhverfið kallar á vandaðri vinnubrögð og betri viðmiðun en áður.“

Eigendahópur Morgunblaðsins hefur jafnan verið sveipaður nokkrum dularhjúp. Hlutafélagið Árvakur hf. er lokað félag, lokuð klíka segja sumir. Hvers konar hópur er þetta?

„Á þeim tíma þegar Vilhjálmur Finsen og Þorsteinn Gíslason voru ritstjórar blaðsins fyrir margt löngu sóttu að því miklir fjárhagslegir erfiðleikar. Þá voru kallaðir til hjálpar nokkrir kaupmenn í Reykjavík. Sumir þeirra báru ættarnöfn eins og ég og í pólitíska hasarnum var farið að tala um danska Mogga sem var auðvitað út í hött eins og sagan sýnir. Morgunblaðið varð upp úr þessu brjóstvörn borgaralegrar hreyfingar á Íslandi, öflugt mótvægi við sósíalisma og aðsópsmikla samvinnuhreyfingu sem sumir sjálfstæðismenn studdu þó – án einokunar. Þessir kaupmenn lögðu fé í blaðið á grundvelli þessarar hugsjónar og trúar á einkaframtak og markaðslögmál, sem nú eru mjög í tísku – sem framlag í baráttunni miklu frekar en af arðsemisvon. Morgunblaðið hvatti til þess að Sjálfstæðisflokkurinn yrði stofnaður, að borgaraleg öfl, sem höfðu verið mjög tvístruð, sameinuðust. Því höfum við nú stundum gælt við það í gamni að stefna Morgunblaðsins væri jafn gild hvaða sjálfstæðisstefnu sem væri. Lengi vel var þetta ein og sama stefnan en þegar þjóðfélagslegar aðstæður breyttust, höfuðóvinirnir að velli lagðir, tók Morgunblaðið áskorun nýs tíma og hefur oftar farið eigin leiðir en áður. Morgunblaðið átti þátt í

að breyta umhverfinu og öfugt. Þessi þróun hefur farið vel fram þótt hæg hafi verið; Morgunblaðið hefur reynt að skapa sér eins sterka stöðu við breyttar aðstæður og unnt er, án meiðsla eða vinslita. Við verðum stundum fyrir vonbrigðum með afstöðu hvors annars, Morgunblaðið og forystumenn Sjálfstæðisflokksins, en ég veit ekki betur en góður hugur ríki á milli. Stundum halda sumir sjálfstæðismenn því þó fram að Styrmir, kollegi minn, sé meiri krati en góðu hófi gegnir. En það er bara vitleysa; hann er einhver sannkristnasti sjálfstæðismaður sem ég hef kynnst og harður íhaldsmaður þegar það á við. Engum hefur víst dottið í hug að ég sé krati þótt Gylfi Þ. Gíslason haldi því fram að ég sé sunnudagskrati; það fer vel á því þegar stefna flokkanna skarast. En þeir sem þú spurðir svo andaktugur hverjir væru," segir Matthías þegar ég er um það bil að gefa upp von um svar við spurningunni, „eru að mestu leyti afkomendur þeirra sem lögðu fjármagn til fyrrnefndra hugsjóna. Við borgaralegar aðstæður er algengt að hlutafélög þróist í fjölskyldufyrirtæki og ekkert við það að athuga þótt það sé ekki endilega æskilegt að mínu viti. Einhvern tímann verður þetta fyrirtæki kannski á opnum markaði þegar eigendum hefur enn fjölgað til mikilla muna, hver veit? Einhver mesti frjálshyggjupostuli allra alda, Adam Smith, var síður en svo hrifinn af hlutafélögum. Ástæðan var sú að þau vilja gjarnan fara á hendur þeirra sem umsvifamestir eru í félögunum þótt þeir eigi ekki nema brot af eigninni; afskiptaleysi eigenda sem hefðu ekki rænu á að mynda samstöðu gegn slíku væri megingalli á forminu. Þetta höfum við þurft að horfa upp á, þegar klíkur hafa lagt undir sig fámenn en sterk félög. En ég hef ekki getað hugsað mér betra samstarf stjórnenda og eigenda en ríkt hefur við stjórn Árvakurs. Ég myndi ekki liggja á því ef önnur væri raunin. Og þú værir þá ekki að tala við þennan blekbera, svo við vitnum einu sinni í Innansveitarkróníku, því hann væri löngu farinn til annarra starfa og þú sætir uppi með skapminna fyrirbrigði."

Matthías segir að ritstjórnin hafi haft fullan stuðning eigenda til að gera þær breytingar sem hún taldi nauðsynlegar. „Og þegar Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið óánægður með okkur hafa þeir aldrei látið bilbug á sér finna, síst af öllu Hallgrímur Geirsson (stjórnarformaður Árvakurs), sonur Geirs Hallgrímssonar, sem var einhver frjálslyndasti bakhjarl sem við höfum haft þótt hann væri stjórnarformaður Árvakurs og formaður Sjálfstæðisflokksins á sama tíma; ef upp kom ágreiningur var hann jafnaður með skemmtilegum og eftirminnilegum samtölum og án eftirmála. Við

ritstjórar Morgunblaðsins erum valdir af eigendum og þeir hafa síðasta orðið; þeir gætu gert ágreining við okkur, gert okkur lífið leitt, rekið okkur. Þeir hafa þannig sterkari stöðu því ekki getum við rekið þá frá eign sinni. En á meðan þeir treysta okkur og við þeim eflist Morgunblaðið."

Væri Morgunblaðið öðruvísi blað ef þú ættir það sjálfur?

„Ég hef aldrei velt því fyrir mér. Í sjálfu sér væri Morgunblaðið góð fjárfesting því það er mjög sterkt fyrirtæki, skilar góðum arði og hefur mikil áhrif. Það er harla nálægt lesendum sínum því ella myndu þeir ekki kaupa það. Eitt af því sem gladdi mig hvað mest þegar við fluttumst í nýja húsið var að finna hversu hinn almenni lesandi blaðsins gladdist yfir bættum aðbúnaði þess; þetta fann ég í ótal samtölum og símtölum og fékk á tilfinninguna að allt þetta fólk hugsaði aldrei um neina eigendur eða stjórnendur, heldur væri það inngróin sannfæring þess að það ætti sjálft blaðið. Hví skyldi ég þá vilja annað blað? Af hugsjónaástæðum? Nei, ég held að Morgunblaðið sé eins nálægt hugmyndum mínum um dagblað í litlu samfélagi og unnt er. Það gæti auðvitað verið betra, betur skrifað og betur hugsað. En það getur ekki verið gallalaust. Það getur ekki verið öðruvísi en fólkið sem vinnur við það. Morgunblaðið er að sjálfsögðu aldrei eins og ég vildi hafa það. Ég er rithöfundur og kröfuharður þegar frágangur og ritmál eru annars vegar. Að minnsta kosti vona ég að það sé ekki ofmælt, svo mikla vinnu sem ég legg í eigin ritverk. En ég get ekki ætlast til að hundrað blaðamenn vinni eins og ég krefst. Oft er margvíslegt efni í blaðinu sem ég er andvígur. Ég hef stundum sagt að ég sé ekki ánægður með neitt í blaðinu nema forystugreinina, jafnvel ekki Víkverja, enda skrifa hann margir þótt ég beri ábyrgð á honum eins og öðrum nafnlausum greinum.

Morgunblaðið er ofið úr mörgum þáttum og við það vinna margir vefarar. Mér kemur því ávallt jafn spánskt fyrir sjónir þegar misvitrir kollegar eru að ráðast að blaðinu með skít og skömmum, þvæla um geðleysi þess og gæðaleysi, tímaskekkjuna og risann á brauðfótum. Þótt þessu mýbiti eigi að vera beint að okkur Styrmi bitnar það á fólkinu sem vinnur blaðið og er jafn ólíkt að upplagi og skoðunum og á hvaða öðrum vinnustað sem er."

Þá lægi beint við að spyrja: Gerir þetta fólk ekki aðeins það sem þið ætlist til af því?

„Það er augljóst að enginn getur stjórnað hundrað blaðamönnum með þeim hætti að þeir hafi engan sjálfstæðan vilja, engar skoðanir og enga heiðarlega afstöðu til viðfangsefna. En menn leita ráða og hugmynda hver hjá öðrum, stinga saman nefjum eins og nauðsynlegt er á ritstjórn dag-

blaðs. Og mér dettur ekki í hug að neita því að við ritstjórarnir höfum leiðandi afstöðu og erum kannski stundum of frekir til fjörsins, svo mannlegir sem við erum og ófullkomnir. Ósjaldan erum við afar varfærnir af ótta við mistök og skrif sem gætu orðið öðrum að meini."

Þegar ég spyr Matthías um mestu mistökin svarar hann: „Það er ýmislegt sem maður sér eftir og sumt harla sársaukafullt. En sárast þótti mér þegar við fullyrtum á baksíðu að Guðmundur Jörundsson, sá stórmerki útgerðarmaður, hefði verið settur undir rannsókn vegna gjaldeyrissvika. Við vissum ekki þá að óvildarmenn hans sóttu að honum og höfðu forystu um að heiður hans var troðinn í svaðið með hugsunarlausri aðstoð Morgunblaðsins. Allar voru þessar ásakanir úr lausu lofti gripnar; við höfðum gengið í vatnið. Þessi stórfelldu mistök áttu rætur að rekja til öruggustu heimildarmanna sem við gátum hugsað okkur. Við Guðmundur áttum mörg samtöl um þennan atburð, sem varð eins konar sameiginleg píslarganga okkar beggja því ég held að ég hafi ekki tekið þetta síður nærri mér en hann. Uppfrá því urðum við miklir vinir. Hann spurði mig oft hvaðan fréttin væri komin en ég gat ekki brotið trúnað við hina „öruggu" heimildarmenn. Hins vegar var fréttin um það þegar hann var hreinsaður ekki fyrirferðarminni á baksíðunni en upprunalegu mistökin. Starf þeirra sem við dagblöð vinna liggur fyrir hvern dag og mistök verða ekki aftur tekin. Það eru margar ástæðulausar aðfarir að orðstír og mannorði nú um stundir og gómsætt fóður fyrir fjölmiðlamenn hins nýja tíma. Við vorum sjálfir í þeim sporum í máli Guðmundar Jörundssonar."

Það hefur loðað við blaðið að það hafi ákveðna einstaklinga og ákveðna hópa undir sínum verndarvæng, að svokallaðir „Vinir Morgunblaðsins" njóti þar sérstakrar fyrirgreiðslu umfram aðra. Geturðu fallist á að svo sé?

„Ég get ekkert neitað því," svarar Matthías. „Ef menn hafa framfylgt stefnu sem við teljum rétta má vel segja að þeir hafi notið velþóknunar blaðsins og þess hafi séð stað á síðum þess. En þegar þessir „Vinir Morgunblaðsins" snúa baðinu við og hlaupa útundan sér, kannski vegna eigin hagsmuna, þá njóta þessir „Vinir" ekki lengur velþóknunar. Þá upphefjast átök og orðaskak. Og til þess að finna orðum mínum stað vil ég einungis nefna hvernig farið hefur milli Morgunblaðsins og kvótaeigenda og þeirra sem stjórnað hafa Eimskip í andstöðu við þá kröfu að opin almenningshlutafélög rækti eigin garð en reyni ekki sífellt að nota eignir og fjármuni til að komast til valda í öðrum hlutafélögum, eins og Flugleiðum. Þetta eru dugnaðarmenn en þeir hafa að okkar viti seilst til áhrifa og valda

með of fyrirferðarmiklum hætti í litlu samfélagi. Þeir vakna þá upp við það einn góðan veðurdag að þeir njóta ekki lengur þeirrar góðvildar sem þeir töldu sér gulltryggða.

Ég met Kristján Ragnarsson og Halldór Ásgrímsson þótt við höfum ekki átt samleið í því hitamáli sem kvótinn er. Þeir eru þéttir á velli og þéttir í lund eins og gamlir skútukarlar sem fóru eftir eigin veðurspá. Halldór var fastur fyrir við afgreiðslu EES-málsins á þingi. En það hefði aldrei verið afgreitt án núverandi ríkisstjórnar og er stórpólitískasta alvörumál sem Alþingi hefur samþykkt árum saman. En flokkar riðluðust í þessu máli, eins og öðrum nú um stundir, og sterkasti forystumaður Kvennalistans, Ingibjörg Sólrún, var í raun fylgjandi aðild að EES-sáttmálanum. Ég virði sannfæringarsjálfstæði hennar og Eyjólfs Konráðs við afgreiðslu málsins því að pólitískur kjarkur þeirra átti ekkert skylt við atkvæðaveiðar sem virðast helsta leiðarljós þingmanna, því miður; vinsældir þeirra Eykons og Ingibjargar aukast að vísu meðal þeirra sem eiga aldrei eftir að kjósa þau, t.a.m. í prófkjörum, en dvína í eigin herbúðum. Helmut Schmidt hefur bæst í hóp þeirra virtu erlendu stjórnmálamanna sem telja að við eigum ekki að ana inn í Evrópubandalagið heldur sjá hvað setur enda er ég sannfærður um að það sé rétt afstaða.

Velþóknun nær til þess sem er velþóknunarlegt. Ef við teljum, til dæmis, að Alþýðuflokkurinn hafi betri stefnu en sjálfstæðismenn hafa sæst á þá hlýtur það að koma fram í Morgunblaðinu án þess að réttmætt sé að úthrópa okkur eins og hverja aðra krata. Þverpólitíkur sér víða stað á þeim stefnulitlu upplausnartímum sem við nú lifum. Sú var tíðin að breitt var yfir öll blæbrigði í afstöðu borgaralegra afla því þá var svo mikilvægt að allir væru sammála og sameinaðir – ekki síst í Sjálfstæðisflokknum. Nú, þegar gömlu óvinirnir, kommúnisminn og einokun samvinnuhreyfingar, eru horfnir af vígvellinum, eiga menn að vera óhræddir við að takast á í öllum málum.“

Við ræðum samskipti Morgunblaðsins við forystumenn Sjálfstæðisflokksins og breytingarnar sem orðið hafa á þeim gegnum tíðina. Hann segir að vissulega hafi sambandið við gömlu forystumennina verið nánara en við þá sem stýrt hafa flokknum undanfarin ár. Davíð Oddsson sé ekkert að ónáða ritstjórana núna með upphringingum öfugt við foringja fyrri tíma eins og t.d. Ingólf Jónsson á Hellu sem taldi sig eiga greiðan aðgang að nýráðnum ritstjóra, Matthíasi: „Hann hringdi upp á gamla móðinn og sagði: Jæja, ég var að koma úr hörkurifrildi við Eystein.

Einmitt, sagði ég. Sem þarf að koma fram, sagði hann. Já, sagði ég. Ertu tilbúinn? sagði hann. Ég er alltaf tilbúinn, sagði ég. Jæja: Ingólfur Jónsson hnekkti öllum málflutningi Eysteins Jónssonar á þingi í gær... Ertu ekki byrjaður að skrifa? Nei, sagði ég. Hefurðu ekki blýant? spurði hann. Jú, sagði ég. Hvað er þá að? spurði hann. Ekkert, sagði ég. Ég endurtek þetta þá, sagði Ingólfur og hóf að senda þingfréttir sínar að venju útúrdúralaust inn í Morgunblaðið. Þú ert ekki byrjaður að skrifa? spurði hann þegar hann fann eitthvað lítið gerast hinum megin á línunni. Nei, sagði ég. Nú, af hverju ekki? spurði hann. Vegna þess, Ingólfur, að það var ráðinn ritstjóri hingað að blaðinu en ekki ritvél, svaraði ég. Við vorum aldrei meiri mátar en eftir þetta," segir Matthías og bætir við: „Morgunblaðið breyttist hægt og sígandi hvað þessi tengsl varðar. Aðlögunartíminn var nauðsynlegur. Það gat verið sárt að hlusta á það sýknt og heilagt að við hefðum engan áhuga á að losa um tengslin milli blaðsins og flokksins. Ef við hefðum gert það með byltingu og ólátum gæti ég best trúað því að Morgunblaðið væri nú gefið út í Valhöll en ekki Kringlunni."

Ýmsir hafa komið sér upp einhvers konar „Kremlólógíu" um afstöðu Morgunblaðsins, „velþóknun" þess á einstökum forystumönnum nú; Morgunblaðið styður Davíð, ræðst á Þorstein, hefur ekki velþóknun á Friðriki og svo framvegis, og foringjarnir hafa annað slagið sent blaðinu skeyti m.a. hér í Mannlífi. Matthías kveður menn lesa of mikið út úr tilviljunum. Hitt sé rétt að vinátta ritstjóranna og gömlu forystumannanna hafi verið með öðrum hætti en sambandið við ungu forystumennina sem raunar eru flestir „Morgunblaðsegg" þótt kaldhæðnislegt sé, þ.e. hafa starfað sem blaðamenn þar um lengri eða skemmri tíma. „Formaður þingflokksins, Geir H. Haarde, spurði mig eitt sinn að því með sínum alkunna húmor," segir Matthías, „hvort hann væri ekki gullegg. Ég tók því ekki fjarri."

Ég reyni að fá hænuna til að gefa þeim einkunnir, Þorsteini Pálssyni og Davíð Oddssyni, því þeir teljast báðir Morgunblaðsegg en Matthías er tregur til: „Þó að okkur greini á við Þorstein Pálsson, t.d. um sjávarútvegsstefnuna," svarar hann eftir nokkra umhugsun, „er ég þeirrar skoðunar að hann hafi staðið sig afar vel í ráðherraembætti nú og vaxið að ýmsu leyti. Formannsskiptin voru óvænt. Ég hafði áður sagt að ég treysti þeim Þorsteini og Davíð vel fyrir Sjálfstæðisflokknum en þá vissi ég ekki að hverju fór."

Þegar talið berst að Davíð Oddssyni kemur upp umdeild vígsla hans á ameríska hamborgarastaðnum McDonald's sem athygli vakti í fjölmiðl-

um. Um það segir Matthías: „Ég tel það ekki pólitík að opna hamborgarastað. En fjölmiðlar segja frá slíkum viðburði þegar forsætisráðherra á í hlut og með því taka þeir þátt í uppákomu sem á ekkert skylt við stjórnmál. Fólk á að borða lítið af hamborgurum; þeir stuðla að ofvexti neytandans. Ég gæti skilið að forsætisráðherra borðaði hamborgara ef nautið, sem slátrað var, hefði atkvæðisrétt. Það er víst ekki og þess vegna skil ég ekki uppákomuna. En Davíð hefur oft tekist það sem öðrum hefur mistekist – að breyta sérkennilegum uppákomum í fylgisaukandi skemmtun. Hann hefur þannig sjarma. Og engum dettur í hug annað en hann sé að skemmta sér með öðru skemmtilegu og uppáfyndingarsömu fólki. Slíkt er ekki öllum lagið og er sérgáfa í stjórnmálum. Davíð hefur átt mikið af henni en hún nýtur sín ekki eins vel í ábúðarmiklu embætti forsætisráðherra. Svo eru tímarnir erfiðari og alvarlegri nú en áður; margir eru atvinnulausir, fleiri hafa vart í sig og á, eiga í hörkubaráttu fyrir lífi sínu og sinna. Það er kannski þess vegna sem fólk er ekki eins kátt og áður, enda eðlilegt. Davíð hefur oft sýnt stjórnvisku í embætti. Aðstæður eru honum nú öndverðar og erfiðar á margan hátt. Ég gæti ímyndað mér að hann hefði kosið að stjórna landinu í betra árferði; þá hefðu vængir fálkans dugað honum betur. En þrátt fyrir litlar vinsældir ríkisstjórnarinnar og einstakra ráðherra hefur Davíð haldið henni saman við þessar erfiðu aðstæður. Ég tel það athyglisverðan árangur eins og hann hefur sjálfur átt undir högg að sækja, aldrei þessu vant. Hann er þekktur af því að hlaupa ekki frá vinum sínum á erfiðum stundum og hefur ekki síst goldið Hrafnsmálsins svokallaða eins og allir vita.“

Þótt Morgunblaðið standi á tímamótum þetta árið, m.a.s. tvöföldum, hefur Matthías meira hugann við önnur tímamót – þau tímamót sem fjölmiðlun, og þar með þjóðfélagið, standa á. Þegar sjónvarpið hélt innreið sína á Íslandi segir hann Morgunblaðið hafa þurft á öllu sínu að halda til að lifa af þá samkeppni; fjölmiðill sem flytur mynd og hljóð um loftin blá njóti óhjákvæmilega forskots fram yfir þann sem þarf að burðast með sjálfan sig að næturþeli um torfært land til lesenda sinna. „Við tókum á honum stóra okkar, hristum þessa samkeppni af okkur og höfum sífellt aukið við útbreiðsluna. Ég hef ekki lengur áhyggjur af þessari sjónvarpssamkeppni því blöð veita lesendum sínum fróðleik og yfirsýn sem aðrir miðlar geta ekki veitt. En þegar ég fór fyrir allnokkru í heimsókn á tvö dagblöð á Flórída, hið virðulega Miami Herald og hið tæknivædda Florida Today, kynntist ég erindi Tony Ridder, forstjóra Knight-Ridder

Newspapers, sem ég held að komist nokkuð vel að kjarna málsins varðandi framtíðina. Hann telur að hraðfleyg tækni og nýir miðlar, aukin áhersla á beinar fréttaútsendingar, fjölgun gervihnattarása, hágæðasjónvarp, vídeótex og audíótex, faxdagblöð, tenging einkatölva við alls kyns gagnabanka, að ekki sé minnst á sjónvarpsblaðið svokallaða, svo nokkur dæmi séu tekin, muni eftir næstu aldamót gjörbreyta notkun dagblaða. Lesendur muni þó ekki snúa baki við blöðunum en til þess að halda velli verði þau að sérhæfast æ meira, sinna sérþörfum fremur en almennum þörfum.

Ekki er þetta beint kræsilegt og býður ekki upp á sömu heildarsýn og við gerum kröfur um nú; aftur á móti yrðu möguleikarnir meiri á að hver fengi sinn skammt. Kvíðvænlegast finnst mér hvort við verðum í stakk búin hér á Íslandi til að vinna verðmæti úr öllum þeim sendingum sem dembt verður yfir okkur að ofan. Við höfum alltaf verið menn til að vinna úr áhrifum sem við höfum sjálfir sótt að utan. Hvernig okkur tekst upp þegar þau verða send hingað óumbeðið er stór spurning, svo mikilvægt sem það er fyrir hefðbundin íslensk sérkenni og menningarverðmæti að eiga í eitthvert hús að venda andspænis alþjóðlegu áreiti."

Og í þessu sambandi hafa bókmenntamaðurinn og fjölmiðlamaðurinn Matthías Johannessen fengið sameiginlega hugmynd: „Mér hefur dottið í hug að sagan sé að endurtaka sig. 20. öldin er blaða- og fjölmiðlaöld og öld geimvísinda. Mikið af hinni nýju fjölmiðlatækni er tengt þeim miklu ævintýrum sem geimferðirnar hafa verið á okkar tímum. Eins og dagblaðamenningin hófst íslensk bókmenntahefð í litlum lænum; síðan féllu þær saman í mikinn farveg sem við köllum Konungasögur og Íslendingasögur. Svo hurfu þær til upphafs síns og sagnahefðin greindist á ný í margvíslegar lænur á 15. öld. Allar eru þær merkilegar en svipur hjá sjón miðað við breitt fljót okkar miklu menningarsögulegu hefðar í sagnaritun 13. aldar. Það skyldi þó ekki vera að á 20. öld höfum við verið í meginstraumi fjölmiðlunarinnar en förum nú að upplifa lænurnar: Hvernig sérhæfingin greinist hægt og sígandi úr fljótinu og það kvíslast í lænur, rétt eins og í upphafinu, áður en dagblaðið mikla varð til á þessari öld."

Þá gæti orðið þröngt á þingi í Júragarði fjölmiðlunarinnar.

„Viltu meiri djús, Árni minn?" spyr Matthías. „Jú takk," segi ég. Og fæ fullt glas af dæetkóki.

Um pólitík og fólkið í landinu

„Þú ert alltaf að þýfga mig um þessa eilífu pólitík en mér leiðist að tala um hana og gefa vinum mínum einkunnir. Það er eiginlega hálfgerður ósiður. Auk þess er ég orðinn hálfleiður á að tala um eggin og hænuna en þessi kauðalega líking á rætur í einhverjum pólitískum brandara, sem var líklega nothæfur fyrir margt löngu, og ég get svo sem ekki neitað því að mér finnst þessi líking hæfa efninu, enda finnst mér pólitík oft og einatt fjaðrafok og hanaslagur. Valtýr Stefánsson fékk uppnefnið fjólupabbi vegna þess að orðið fiðurfé birtist í Morgunblaðinu og pólitískir angurgapar hentu það á lofti.

Þegar allt landið stendur á öndinni út af danskri skinku og kalkúnalærum er mér nóg boðið og þá reyni ég að leita skjóls í skáldskap sem er verðugri en lífið sjálft þótt ótrúlegt sé; við fengum læraskjálfta þegar við ætluðum að bjóða skólasystrum okkar upp á dansæfingum í MR en menn ættu ekki að gera hann að helsta einkenni íslenskra stjórnmála. Mér er að sjálfsögðu ljóst að slík upphlaup fjalla ekki um viðfangsefnið kalkúnalæri heldur grundvallaratriði en þar sem ég hef ávallt talið að við ættum að leita leiðsagnar náttúrunnar og draga ályktanir af henni finnst mér í þessu efni, sem öðrum, að menn eigi frekar að tala um útsýnið úr Flóanum en þúfurnar sem þar eru.

Jón Baldvin sagði einhvern tímann við mig að ég skyldi ekki vera að reyna að afneita stjórnmálaáhuga mínum þar sem ég hefði alla tíð verið pólitískt animal, eins og hann komst að orði. Og það er rétt að á sínum tíma fjölluðu stjórnmál um lífsháskann sjálfan; meðan kommúnisminn beið eftir Íslandi eins og úlfurinn eftir Rauðhettu. En nú er þetta orðinn barnaleikur eins og við sjáum á því að kommúnistar vinna sigur í kosningum í Póllandi, ekki vegna þess að þeir leggi áherslu á marxisma, heldur hins að þeir vilja fara eitthvað hóflegar í sakirnar í markaðsbúskap en aðrir flokkar í Póllandi. Miðað við það, sem áður var, og þær skörpu andstæður, sem við ólumst upp við, virðist allt vera orðið þverpólitískt og óljósar línur milli flokka. Ég tel til að mynda að það séu skarpari línur milli þeirra sjálfstæðismanna sem vilja kvótakerfi og hinna sem eru andstæðingar kvótans eða þeirra sjálfstæðismanna sem vilja ekki leyfa frjálsan innflutning á landbúnaðarvörum og hinna sem það vilja en til að mynda milli Kvennalistans og Alþýðubandalagsins eða Framsóknarflokksins en í slíku andrúmslofti eru stjórnmál heldur óspennandi póker þar sem

menn eru að leika villta vestrið án hests og skammbyssu og minna fremur á Roy Rogers en Clint Eastwood. Ég hafði aldrei neina ánægju af Roy Rogers en Clint Eastwood er minn maður og arftaki Tim Holts æsku minnar.

Þetta er orðinn hasarlaus leikur af litlum tilefnum miðað við það sem áður var.

Pólitík hefur raunar aldrei verið neitt geðfelld, að mínu viti, og það eru ekki stjórnmálamenn sem hafa breytt heiminum, heldur vísindamenn. Við ættum að fara að gera okkur grein fyrir því og meta umhverfið samkvæmt þeirri augljósu staðreynd. Það eru vísindamenn sem hafa leitt mannkynið inn í þær framfarir sem sköpum skipta en þeir eru oftast nær fjölmiðlalausir einbúar á rannsóknarstofum sínum og láta eins lítið fyrir sér fara og unnt er. Harla sjaldgæft að nokkur þekki þá sem veginn vísa. Í stjórnmálahasar er allt annað upp á teningnum og þar leika fjölmiðlarnir sitt hlutverk. En sumir þeirra halda að þeir séu arftakar Colosseum þar sem villidýrum var hleypt á saklaust fólk. Pólitík breytir oft fullorðnu fólki í stór börn og kotroskin börn eru ekkert sérstaklega skemmtileg.

Ég hef farið allvíða um landið í sumar. Við Hanna fórum um Vestfirði og það var ógleymanleg ferð. Við fórum nánast í hvert einasta pláss, um alla firði og fjölda fjallvega. Þar heyrði ég margt og jók alin við þekkingu mína og sjónhring. Ég vissi til að mynda ekki að Ólafur Þórðarson, sem geisar í þingsölum, er frá afskekktu býli við Súgandafjörð. Þeir sögðu mér fyrir vestan að hann hefði verið orðinn úrkula vonar um að komast í framboð og því farið til kennslu suður í Borgarfjörð. En þegar Steingrímur Hermannsson flutti sig milli kjördæma og bauð sig fram í Reykjaneskjördæmi fór Ólafur vestur og gaf kost á sér. Frændi hans eða vinur sagði þá við hann eitthvað á þá leið að það hefði verið betra ef hann hefði ekki farið og næstbest að hann hefði komið oftar vestur en þá á Ólafur að hafa svarað: Hvað kom Jón Sigurðsson oft?

Ég verð að viðurkenna að ég hef gaman af svona fólki sem lætur sér fátt fyrir brjósti brenna og hefur samskonar viðhorf til sjálfs sín og sjónvarpsstjörnur. Þær eiga það sammerkt með öðrum stjörnum að þær ljóma af eigin ljósi. Tunglið notar aftur á móti sólina til að láta á sér bera. Og oft sjáum við ljósblik af stjörnum sem eru löngu útkulnaðar.

Í haust hef ég einnig farið í margar réttir fyrir norðan. Mér finnst skemmtilegast þegar íslenski fáninn blaktir við réttina eins og í Öxnadal. Réttir undir íslenskum fána eru einhver mesta yfirlýsing um sjálfstæði landsins sem ég þekki. Ég get varla hugsað mér neitt ólíkara því sjón-

varpssamfélagi sem er að breyta okkur öllum í einn tindáta ef svo fer sem horfir. Ég heyrði fyrir norðan sögu um karl sem kom til Reykjavíkur og fór í miðasölu leikhúss og spurði hvað væri á boðstólum.

„Sem yður þóknast," sagði konan í miðasölunni. „Það er ágætt," sagði karlinn. „þá ætla ég að fá miða á Skugga-Svein."

Þetta er pólitík, hún er nákvæmlega svona. Auk þess er þetta hið fullkomna lýðræði. Það er boðið upp á Sem yður þóknast og við þyrpumst á Skugga-Svein. Annars er landið okkar ómetanlegt. Ekkert kennir okkur betur að lifa en návistin við íslenska náttúru. Hugsaðu þér, að ganga upp með Hrútu og hitta alla múkkana sem foreldrarnir hafa yfirgefið í september. Þeir veltast um á árbakkanum og leggjast í grjótið og gefast upp í hjólfarinu. Sumir ná ánni og komast til hafs. Þeim er borgið. Hinir verða vargfugli að bráð. Fýllinn verpir í gljúfrunum við Svartafoss og sér svo vel um ungana sína að þeir eru að springa úr fitu þegar þeir detta úr hreiðrunum og eru yfirgefnir. Þeir hafa stóra vængi og berjast um á hæl og hnakka til að lyfta sér til flugs. En það tekst ekki. Þeir eru of þungir. Velsældin hefur gert þá ósamkeppnishæfa þarna úti í villtri og grimmri náttúrunni. Þeir hafa fengið of mikið lýsi hjá foreldrum sínum. Þeir eru ofaldir, þeir eru varnarlausir þrátt fyrir þessa stóru, gráu vængi sem guð hefur gefið þeim. Þannig getur velferðin farið með þá sem sjást ekki fyrir. Það er vont er múkkinn spýr lýsi á mann. Þá verður maður helst að fleygja fötunum. Samt aumkvuðumst við yfir einn þeirra, sem var alveg ósjálfbjarga, og fórum með hann niður að árósum vegna þess að Kristján, sonarsonur minn, bar umhyggju fyrir honum og vildi sýna af sér einhverja mannúð. Kristján er átta ára. Hann hafði taugar til múkkans og það var stórkostlegt að sjá þegar fuglinn synti niður fljótið að heimkynnum sínum við sjó. Og það hvarflaði ekki að honum að spúa lýsi á okkur. Dýrin eru næm fyrir umhverfi sínu. Múkkinn hefur vitað að við vorum ekki veiðimenn heldur einskonar björgunarsveit og við þurftum ekki að fleygja fötunum okkar. Hann tók okkur vel og virtist næmur fyrir mannúðlegri hlýju. Og seinna getur hann notað sína stóru vængi og sagt ungunum sínum frá þessum skrýtnu verum sem hjálpuðu honum á leiðinni úr gljúfrum Svartafoss að úthafinu mikla sem fagnar þeim múkka sem foreldralaus lifir af hætturnar í Hrútafirði.

Já, við ættum að huga betur að heimkynnum sveitafólksins sem hefur íslenska náttúru í blóðinu og varðveitir enn eitthvað af því viðkvæma næmi sem varð til þess ekki síst að við lifðum af í þessum erfiðu gljúfrum sem kallast Ísland. En þau eiga sér þá einnig sérstæða fegurð sem getur

nálgast guðlega opinberun ef því er að skipta. Og þessi gljúfur hafa ekki alið af sér neina andlega fúskara eða dusilmenni, nei, í þessu umhverfi hafa menn herst og lifað af eins og múkkinn. Og þetta fólk hefur átt sér guðlega forsjón, athvarf og líknandi hendur og þá hefur það ekki síst verið stolt af vængjum sínum.

Þegar við vorum á ættarslóðum mínum í Vatnsdal og drukkum í okkur sögu þessa sérstæða samfélags gegnum tíðina þótti mér sérstakur fengur í frásögninni um bóndann sem átti margar dætur en taldi þær allar hafa tekið niður fyrir sig og voru þær þó giftar eintómum stórmennum, að talið var. En fyrsti biðillinn, sem kom þar á bæ, fékk heldur óblíðar viðtökur því bóndi varði dóttur sína og hafnaði bónorði á þeim forsendum að biðilinn skorti þá reisn sem til væri ætlast – og svo bætti bóndinn við: „En ég skal selja þér góða meri."

Við kynnumst þessu fólki í Íslendingasögunum en þær voru líka skrifaðar af höfðingjum þrettándu aldar sem höfðu svipað viðhorf til umhverfisins og Vatnsdælingurinn.

Þetta er kannski útúrdúr, ég veit það ekki, en þegar þú fórst að þýfga mig um pólitík fór ég að hugsa um umhverfi múkkans og örlög hans. Þetta er okkar umhverfi og okkar örlög. Og bóndinn í Vatnsdalnum er holdigerð saga þjóðar okkar um þúsund ár. En það vantar þessa sögu og þetta umhverfi í stjórnmál nú á dögum.

Albert Guðmundsson notar kalkún sem skammaryrði. Einhverju sinni sagði hann að ég væri aðalkalkún landsins. Það var ágætt hjá honum en hann hafði ekki þrek til að setja þetta í ævisögu sína. Hann gæti kannski setið uppi með svona yfirlýsingu! En saga Íslands getur að minnsta kosti ekki fjallað um danska skinku og soðin kalkúnslæri. Ekki einu sinni hægt að nota slíkt þras sem dæmisögu um grundvallaratriði og mikil tíðindi. Það er að taka niður fyrir sig og þá kann ég betur að meta sögurnar um Vatnsdalsmerina og Vestfjarðaferðir Jóns forseta.

Steinn Steinarr sagði við mig: „Við lifum á erfiðum tímum." Hann hafði margt til síns máls. Við lifum að minnsta kosti ekki á tímum mikilla hugsjóna og ég er ansi hræddur um að þeir séu margir nú um stundir sem ætla sér heimasætuna en sitja uppi með merina."

Um stjórnmálaflokkana

„En svo við snúum okkur aftur að stjórnmálum efast ég um að það sé rétt hjá Jóni Baldvin að ég sé „pólitískt animal" þótt mér hafi verið áskapað að berjast gegn ofbeldinu í Animal Farm, eða Dýrabæ, og það

breytist ekki. En ég ætla ekki að hefja neina krossferð gegn rollum einsog Don Kíkóti. Ég hef fengið útrás fyrir dýrið í öðru en pólitísku æði. En mér er nær að halda að breytingarnar hafi orðið svo örar eftir fall kommúnismans að Sjálfstæðisflokkurinn hafi ekki haft ráðrúm til að laga sig að breyttum aðstæðum. Það er ávallt hætta á því að svona breiður flokkur leysist upp í frumeindir sínar á hættulausum tímum þegar lífsháskann vantar, kommúnismann og kaupfélagseinokun. Nú eru að minnsta kosti fimm sjálfstæðisflokkar að þjarka hver við annan, kvótaflokkur og andkvótaflokkur, landbúnaðar- eða landsbyggðarflokkur og neytendaflokkur suðvestursvæðisins. Og svo er auðvitað sá gamli góði Sjálfstæðisflokkur sem Davíð Oddsson hefur verið að reyna að stjórna og halda saman á erfiðum tímum. En það er ekki einungis Sjálfstæðisflokkurinn einn sem hefur átt við það böl að stríða því að í raun mætti segja að flokkarnir allir hafi myndað núverandi ríkisstjórn, auk tveggja alþýðuflokka, þess hægri sinnaða frjálshyggjuflokks sem Jón Baldvin stjórnar og svo þeirrar „félagsmálastofnunar“ sem Jóhanna Sigurðardóttir útmálar með húsbréfagilligogg að stefnuskrá en ég sé ekki betur en þessir flokkar séu óralangt frá Skutulsfjarðarsósíalisma gömlu kratanna, enda eiga þeir fullt í fangi með að auðkenna sig, ekki síður en aðrir flokkar á Íslandi.

Í Alþýðubandalaginu eru öndverð öfl sem takast sífelldlega á og láta á sér kræla við formannskjör og virðist einatt erfitt að samræma landsbyggðarstefnu flokksins og verkalýðsbaráttu sem virðist einkennast af því að forystumenn launþega njóta ekki stuðnings fólksins í samtökunum ef marka má þær kosningar um stefnumörkun sem þar hefur farið fram vegna verkfallsboðana.

Framsóknarflokkurinn hefur misst glæpinn, eins og allir vita, en það virðist ekki há honum í stjórnarandstöðu. Hann á auk þess allálitlegan óvin þar sem er frjálshyggjan og það virðist halda honum kirfilega saman. Það skyldi þó ekki vera að Hannes Hólmsteinn Gissurarson sé aðalsameiningartákn Framsóknarflokksins nú um stundir?

Nú, svo er það Kvennalistinn, ég veit að vísu lítið um hann en stundum virðist mér hann vinstra megin við Alþýðubandalagið og er með ólíkindum með tilliti til þess að kommúnistaflokkur Póllands er talinn til hægri við Sjálfstæðisflokkinn. En það sem heldur Kvennalistanum saman er auðvitað stjórnarandstaða og svo das ewig weibliche sem allir þekkja en enginn veit hvað er, ekki frekar en taó.

Svona lít ég nú á þessa blessuðu pólitík á talandi stundu, Árni minn, og

margt hefur þannig breyst frá því við vorum að puða saman á Morgunblaðinu og ég var að reyna að kenna þér einhverja praktíska pólitík en mistókst. Aftur á móti hefurðu lært ýmislegt annað, þar á meðal að fljúga eins og múkkinn þegar hann er kominn að vatnaskilum í lífi sínu og ósinn hverfur í úthafið og engum dettur í hug að gera greinarmun á því og þessum vængjaða himni sem hverfur með hugsun okkar inn í óvissuna. En ég vona að ég hafi átt einhvern þátt í því að þú settist ekki að í hjólfarinu undir gráðugum augum vargfugla.

Alþýðubandalagið hefur glatað sinni miklu hugsjón, marxismanum, og jafnvel það reynir nú að laga sig að því sem allt snýst um í heiminum; einkavæðingu og markaðsbúskap; eða öllu heldur hvers konar einkavæðingu og hvers konar markaðsbúskap? Um það fjalla stjórnmál nú á dögum og hvernig eigi að jafna tekjur með sköttum. Er hægt að hugsa sér meiri breytingu eða hvað væri nú sagt ef Sjálfstæðisflokkurinn væri í óða önn að laga sig að sósíalisma eða marxisma vegna hruns borgaralegrar stefnu? Slíkt væri raunar óhugsandi vegna fylgikvilla marxismans eða forsendna alræðisins sem við höfum þurft að horfa upp á undanfarin sjötíu ár. En nú fjallar öll efnahagspólitík um grundvallarhugsjónir borgaralegrar frjálshyggju í einhverri mynd, hvort sem mönnum líkar betur eða verr. Af þeim sökum eigum við allt undir því að samkeppnisgrimmd markaðsþjóðfélagsins verði innan þess sem við ráðum við. Við verðum að temja ótemjuna, hvað sem það kostar, en megum ekki sleppa henni lausri. Hún þarf aðhald eins og annað. Og ég efast um að íslenskur markaður sé nógu stór til að veita það aðhald sem nauðsynlegt er. Menn geta því orðið frekir til fjörsins og notað hann til að koma sér upp einokunaraðstöðu sem þarf ekki að vera neitt betri en sú einokun sem við þekkjum frá tímum hins eftirsótta sósíalisma. Við þurfum sem sagt að veita kolkrabbanum viðnám, hvar og hvernig sem hann birtist. Og síðast en ekki síst verður hið nýja þjóðfélag að laga sig að þeim kröfum sem gott og vísthollt umhverfi gerir til okkar. Þannig verður regnskógurinn enn og ávallt einhvers konar viðfangsefni okkar.

„Verið jörðinni trú," sagði Nietzsche. Um það munu stjórnmál 21. aldar ekki síst snúast. Maðurinn er jörð. Hann er gerður úr sama efni og trén; geimryki. Og rykið fór að hugsa. Og rykið var innblásið af guði. En það er ekki guð. Marxistar settu kenningu sína í guðs stað og við sáum hvað gerðist. Hitt er svo annað mál að stjórnmál eiga að fjalla um lífsháskann. Þess vegna hefur barátta Morgunblaðsins gegn alræði kommúnismans verið mikilvæg. Og nú er að snúa sér að næsta lífsháska. En

hann snýst ekki um kalkúnalæri, svo mikið er víst. Hann fjallar m.a. um það hvernig eigi að vernda jörðina en ekki hvort. Umhverfisvernd er þannig einn þáttur þeirrar pólitísku viðleitni sem á að tryggja manninum það umhverfi sem vonir okkar standa til. En það er hvorki hægra umhverfi né vinstra umhverfi. Það er sú perla sem fyrstu geimfararnir festu á filmu utan úr geimnum.

En ég nefndi hlutverk Morgunblaðsins í ólgu þessarar aldar. Jón Kjartansson ritstjóri fjallar um það í grein í afmælisblaði fyrir meir en hálfri öld eða 1933. Hann segir að stjórnmálastefna blaðsins hafi ávallt fjallað um frelsi, þ.e. frelsi einstaklingsins í frjálsu þjóðfélagi – og þá ekki síst athafnafrelsi. Þessi barátta hófst löngu áður en Sjálfstæðisflokkurinn var stofnaður og ég sé því ekki endilega að menn eigi að vera að þjarka um það hvort Morgunblaðið styðji Sjálfstæðisflokkinn því það mætti alveg eins halda því fram með tilliti til sögulegrar reynslu að flokkurinn ætti að styðja Morgunblaðið enda átti það meiri þátt í stofnun hans en menn hafa gert sér grein fyrir. Og Morgunblaðið hefur ávallt reynt að vera þessari gömlu sjálfstæðisstefnu trútt, hvað sem ásökunum um annað líður. En það er hvorki blaðinu né Sjálfstæðisflokknum að kenna þótt aðrir hafi tileinkað sér þessa stefnu í einhverri mynd og ruglað pólitískum reytum með þeim hætti að pólitískar línur eru nú óljósari en áður og einkenni íslenskra stjórnmála nú um stundir eru þverpólitísk. Menn þurfa góðan pólitískan áttavita til að stinga út þá leið sem best er og hagkvæmust inn í þá eftirsóknarverðu framtíð sem við þekkjum jafn vel og framhaldslífið. En þar sem Morgunblaðið hefur ávallt barist fyrir frelsi gefur augaleið að það gerir ekki aðrar kröfur til sjálfs sín en umhverfisins. Það ræktar því að sjálfsögðu eigið frelsi eins og Voltaire sagði að menn ættu að rækta garðinn sinn. Þetta höfum við reynt að gera og frá því verður ekki hvikað. En frelsi kallar á ábyrgð. Og það gerir miklar kröfur til þeirra sem njóta þess.

Júrí Resítov, sendiherra Rússlands á Íslandi, kom hingað fyrst ungur kommúnisti kringum 1960 og starfaði í sovéska sendiráðinu. Hann talar ágæta íslensku og hefur unnið að mannúðarmálum síðustu ár og skoðanir hans hafa breyst í grundvallaratriðum, ef marka má samtöl okkar. Hann fagnar lýðræðisþróun í Rússlandi og telur að ekki verði unnt að snúa aftur til hins gamla marxíska kerfis sem endaði í rjúkandi rúst, eins og allir vita. Kona Júrís spurði mig ekki alls fyrir löngu hvernig mér hefði litist á eða líkað við Júrí sem ungan kommúnista í gamla daga. Maður hennar hlustaði á þessa óvæntu spurningu en lét sér vel líka. Ég sagði að við

hefðum þá tekist á í pólitík og hvor haldið fram sínum hugmyndum, stundum hefðum við deilt. Þá hefðum við horft út um ólíka glugga. Hann hefði horft úr sínum austurglugga en ég úr mínum vesturglugga. Útsýnið hefði verið ákaflega ólíkt. Það var ekki sama framtíð sem við okkur blasti. En nú horfðum við út um sama glugga og eygðum svipaða framtíð. En engir gætu séð framtíðina sömu augum því augun eru mörg og framtíðin óviss.

Það er sjálfsagt rétt hjá Davíð Oddssyni þegar hann segir í nýlegu Morgunblaðssamtali að grundvöllur Sjálfstæðisflokksins sé sterkur. Ástæðan er auðvitað sú að grundvöllurinn er sjálfstæðisstefnan en ekki endilega hvernig henni er framfylgt. Hún hefur dugað vel og hún gerir ráð fyrir margvíslegum blæbrigðum, krefst ekki einlitrar afstöðu. Þess vegna hefur alltaf verið tekist á um málefni í Sjálfstæðisflokknum. Það hefur verið styrkur hans og er enn. Sjálfstæðisstefnan leggur áherslu á einstaklinginn og mikilvægi hans í samfélaginu. Engir tveir einstaklingar eru eins af guði gerðir. Einsmenning félagshyggjusósíalismans gengur ekki upp, það hefur tíminn sýnt og sannað. Ég fagna afstöðu Davíðs til landbúnaðarmála í þessu sama samtali. Hann boðar þróun en ekki byltingu. Það höfum við líka gert á Morgunblaðinu, eins og þú hefur séð. Það á að stefna að lausn á þessum vanda en ekki upplausn. Við þurfum á sveitunum og menningu þeirra að halda – og þá ekki síst þeim góðu afurðum sem þaðan koma – en neytendur verða þá einnig að geta notið samkeppninnar á markaðnum. Það hefur gengið brösuglega að sætta þessi sjónarmið og ég fagna því þegar Davíð segir í samtalinu að það sé sátt í Sjálfstæðisflokknum um það „að landbúnaðurinn mun(i) laga sig að þörfum neyslunnar“. En ég er ekki eins viss um það sem hann segir um stefnuna í sjávarútvegsmálum. Hann segir að menn hafi talið að andstæðar skoðanir stjórnarflokkanna í málefnum sjávarútvegsins hafi verið eins og tímasprengja í stjórnarsamstarfinu, eins og hann kemst að orði. „Hún var afstillt og flokkarnir náðu samkomulagi.“ En um hvað náðu þeir samkomulagi? Ég sé ekki betur en heimilt sé að framselja kvóta; og græða á kvótasölu. Ég hef ekki sannfæringu fyrir því að þetta samkomulag leiði til lausnar sem fullnægi réttlætiskennd okkar en það hlýtur að vera markmiðið. Kvótakerfið er enn óleyst verkefni. Þó að tímasprengja sé aftengd í stjórnarráðinu þarf það ekki endilega að fullnægja öllu réttlæti. Það þarf að finna flöt á viðunandi kvótaleigu því varla dettur nokkrum manni í hug að selja miðin; ekki frekar en landið sjálft (þótt samkomulag geti verið um að einkavæða einstök fyrirtæki, eins og

banka og orkustofnanir, en það er nú annað mál). Þessi kvótastefna í sjávarútvegi er andstæð allri réttlætiskennd – og það eitt skiptir máli. Mér er að öðru leyti alveg sama hvernig auðlindin er nýtt en vil þó auðvitað, sem einn af eigendum hennar, að þeir nýti hana helst sem best eru til þess fallnir. En það er ekki alltaf víst að þeir ráði yfir því fjármagni sem til þarf.

Við þurfum að endurskoða þessa stefnu frá grunni svo góðir sjósóknarar geti nýtt eignina í friði og án þess nokkrir meinbugir séu þar á. En um þetta er aldrei talað. Einungis blásið upp að við, sem þannig hugsum, hötumst við sjávarútveginn. Það er auðvitað fáránlegt. Við viljum bara að mönnum sé ekki leyfilegt að selja það, sem þeir eiga ekki, eins og um eign þeirra sé að ræða. Það er allt og sumt. Einhverskonar kvótagjald eða leigugjald væri því nær réttlætinu en núverandi kerfi. En náttúrlega væri best að hafa sem mest frelsi á höfunum en auðlindin leyfir það ekki, svo takmörkuð sem hún er. Jafnvel trillukarlinum eru skorður settar en ég get ekki hugsað mér meira frelsi en hvíta vængi mávsins í skimandi augum þeirra harðgeru fiskimanna sem eru sjálfstæðisstefnan í verki. En nú eiga þeir og stefnan um sárt að binda.

En ég tek undir það sem Davíð Oddsson segir í fyrrnefndu samtali um stjórnmálaflokkana. Auðvitað eru þeir ekki þarflausir í lýðræðisríki. Þeir eru einungis óþarfir í einræðisríkjum. Lýðræði gerir ráð fyrir stjórnmálaflokkum; andstæðum og átökum. En svokallaðir félagshyggjuflokkar hafa auðvitað gerbreytt stefnu sinni á undanförnum misserum. Þeir hafa tekið upp einkavæðingu, markaðskerfi, og segjast nú vilja byggja á grundvallarstefnu þeirra borgaralegu afla sem hrundu kommúnismanum af höndum sér. Vinstri flokkar hér á landi, svokallaðir, þurfa að endurmeta grundvöll sinn og gera upp við miðstýringaráráttuna af festu og einurð.

Það er aftur á móti ekkert í sjálfstæðisstefnunni sem hefur beðið hnekki í pólitískri ólgu samtímans. Það er í raun og veru verið að framfylgja henni í löndum þar sem marxisminn beið skipbrot fyrir nokkrum misserum og mér skilst á Jónasi Haralz að þessi stefna sé jafnvel á leið inn í hálflokað veldi kínverska kommúnistaflokksins. Það kæmi mér ekki á óvart þótt Kastró yrði að játast undir það sjókort sem sjálfstæðismenn hafa siglt eftir. Ég sé ekki að þeir hafi beðið neitt skipbrot í öldurótinu mikla þótt þeir hafi ekki verið búnir undir þær snöggu breytingar sem orðið hafa. Það getur margur sagt eins og Jónas forðum, „Tíminn vill ei tengja sig við mig.““

Í fáum orðum sagt

Nafn: Matthías Johannessen
Fæddur: 3. janúar 1930.
Foreldrar: Anna Jóhannesdóttir Johannessen
og Haraldur Johannessen.
Maki: Jóhanna K. Ingólfsdóttir Johannessen.
Börn: Haraldur og Ingólfur.
Starf: Skáld og ritstjóri.

Laun: „Ég hef há laun og hafa ýmsir tekið eftir því og haft af því áhyggjur þegar þau hafa verið tíunduð í DV. Ég hef haft sambærileg laun við þá sem mikla ábyrgð bera í stórum einkafyrirtækjum en það er rangt að ég hafi milljón á mánuði hjá Morgunblaðinu. Ég hef sem skáld fengið heiðurslaun frá Alþingi sem er sú viðurkenning sem mér þykir mest til koma því hún er sameiginleg niðurstaða allra þingmanna. Ég hef líka tekjur af bókum mínum. Samanlagt kallar þetta á háa skatta til samfélagsins og væntanlega til þeirra sem á þurfa að halda og því óþarfi að rífast út af launum eins vesæls skálds. Laun eru eitt, ráðstöfunartekjur annað."

Hvaða matur finnst þér góður: „Margt er gott en skemmtilegast þykir mér að borða kútmaga, skötu, kinnar og hrogn. Ég er alinn upp í sjávarplássi sem nú er orðið að þjónustumiðstöð."

En drykkur? „Góður bjór."

Kanntu að elda? „Ég er góður í glærum pakkasúpum."

Hvaða bækur lestu/hlustar á af spólum? „Helst vil ég lesa Simenon og góðar ljóðabækur. Og hlusta á skáldsögur, ekki síst útlenskar, svo og Íslendingasögur, einnig góðar ævisögur. Raunar er ég alæta á ritað mál. Ég hef undanfarin ár verið að reyna að mennta mig svolítið og til þess þarf maður að kynnast merkum bókum. Mér er óskiljanlegt hvers vegna Simenon og Borges fengu ekki Nóbelsverðlaun, en svona er lífið!"

Hvers konar bíómyndir finnst þér skemmtilegastar? „Ljóðrænar kvikmyndir og vestrar sem voru aðalafþreying mín í æsku."

Hvert finnst þér skemmtilegast að ferðast? „Þangað sem ég á eitthvert erindi við umhverfið og samfélagið. Ég hef ekki gaman af mannlausu umhverfi. Laðast einkum að sögulegu landslagi."

Ertu betri afi en þú varst pabbi? „Þú spyrð eins og Lási kokkur og ég svaraði honum alltaf því sem hann vildi heyra. En í alvöru sagt, ég hef notið þess að vera faðir og afi – ég vona að það sé gagnkvæmt."

Hvaða eiginleika meturðu mest hjá konunni þinni? „Þú getur lesið það í ljóði sem heitir Vor í skafli.“

Hvernig viltu hafa ellina? „Eins og sagt hefur verið: Vildi ég lifa lengi og deyja ungur. Allt er afstætt. Ungur hefði ég ekki staðnæmst við þessa setningu: Hann var gamall maður, nær sextugu. Nú legg ég kollhúfur.“

Mannlíf, 1993

Hef talið mig fyrst og síðast viðreisnarritstjóra

HÖFUNDUR KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR

Matthías Johannessen er eitt þeirra starfandi ljóðskálda sem mestrar virðingar njóta í íslenskum bókmenntaheimi. Nýjasta ljóðabók hans kom út fyrir nokkrum dögum og nefnist Vötn þín og vængur. Matthías hefur verið afkastamikill á ritvellinum og skrá Þjóðarbókhlöðunnar sýnir að nafn hans tengist 97 titlum. Dags daglega ritstýrir hann Morgunblaðinu og hefur verið þar við stjórnvölinn frá árinu 1959.

Þú varst tuttugu og níu ára þegar þú varðst ritstjóri Morgunblaðsins. Óx þér ekki í augum að taka svo ungur að þér jafn veigamikið starf?

„Þegar mér var boðið að verða ritstjóri Morgunblaðsins spurði ég hvort það væru ekki einhverjir aðrir á blaðinu sem kæmu frekar til greina, en mér var sagt að ef ég hafnaði boðinu yrði leitað út fyrir blaðið að nýjum ritstjóra. Ég féllst þá á að taka við starfinu þó ungur væri. Ég hefði kannski átt að bera í brjósti meiri kvíða en ég bar, en það er eðli ungra manna að vera fullhugar. Ég tók mikinn þátt í opinberu lífi á þessum árum og lét sem blaðamaður talsvert til mín taka. Þetta var á hinum hrjóstrugu tímum kalda stríðsins og margt óvægið sem þá var sagt og gert. Menn urðu að standa slíkt af sér og ég gekk í gegnum hreinsunareld sem var að mörgu leyti hollur. Þegar ég kom úr þeim eldi hafði stálið orðið eftir.

Ég hef breyst mjög mikið. Ég hef ekki lengur gaman af að vera í fjölmiðlum. Ég hef enga löngun til að láta á mér bera. Eiginlega vil ég helst vera í friði. Ég vil njóta þess frelsis að vera ég sjálfur, án uppstillingar. Að þessu leyti er ég eins og yfirgnæfandi meirihluti Íslendinga.“

Og Morgunblaðið hefur breyst í tímans rás. Það virðist nú ekki eins flokkshollt blað og það áður var.

„Það var sterkt flokksblað en hægt og sígandi hefur þróunin orðið sú að Morgunblaðið hefur sótt styrk í eigið þrek en ekki utanaðkomandi fyrirskipanir. Nú lifum við á þverpólitískum tímum og sitthvað í stefnuskrá annarra

flokka virðist vera Morgunblaðinu meira að skapi en sumt í framkvæmd Sjálfstæðisflokksins, til að mynda þessi margumtalaða fiskveiðistjórnun sem hefur leitt til kvótabrasks og siðleysis og á eftir að kalla yfir okkur, að ég óttast, mikið öngþveiti síðar meir, svo ekki sé dýpra í árinni tekið."

Kratisminn og Sjálfstæðisflokkurinn

Þú og blaðið virðist stundum vera á nokkuð kratískri línu meðan kratisminn innan raða Sjálfstæðisflokksins hefur oft verið meiri.

„Ég hef oft talið mig fyrst og fremst viðreisnarritstjóra og það segir nú sína sögu. Ég held að það hafi verið til fyrirmyndar hvernig ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks starfaði á sjöunda áratugnum. Ég held að það hafi verið mikil gæfa fyrir þjóðina af hve miklum heilindum þetta samstarf fór fram, bæði undir forystu Ólafs og Bjarna. Ég er sannfærður um að alþýðuflokksmenn eru á sama máli.

Ég held að kratisminn innan Sjálfstæðisflokksins verði meiri þegar forystumenn hans eldast. Ungir menn vilja alltaf skerpa línur. Lífsreyndir menn breytast að þessu leyti. Hitt er annað mál að nú geri ég engan verulegan mun á þessum flokkum öllum. Við lifum í þverpólitísku limbói. Ég yrði ekki hissa á því þótt þróunin yrði sú að í framtíðinni yrðu til tveir flokkar, þannig samansettir að það skipti í rauninni litlu máli hvor þeirra væri í meirihluta."

En þessi ágreiningur um stefnumið milli blaðs og flokks, eins og til dæmis í sjávarútvegsmálum, hefur hann ekki haft áhrif á samskipti þín og núverandi formanns flokksins?

„Það er enginn kali á milli okkar Davíðs Oddssonar. Við höfum ekki verið sammála um alla hluti undanfarið, en það gerir ekkert til. Þegar við hittumst þá mætast hjörtun úr Grímsnesinu og þessi frá Súdan – og slá saman. Mér finnst skáldið í stjórnmálamanninum Davíð Oddssyni mjög geðþekkur þáttur. Það fellir mig þegar við hittumst."

En það var stjórnmálamaðurinn Davíð Oddsson sem felldi sitjandi formann Þorstein Pálsson í formannskjöri flokksins. Hvað finnst þér um þá gjörð?

„Ég tel að það hafi verið óhjákvæmilegt eins og aðstæður voru og kom mér ekki á óvart. Flokkurinn var kominn út í horn."

Þú hefur átt samskipti við fjölmarga forystumenn. Sjálfstæðisflokksins í gegnum tíðina. Mig langar til að biðja þig um að gefa mér mynd af Bjarna Benediktssyni og Ólafi Thors, eins og þeir komu þér fyrir sjónir.

„Við Bjarni urðum miklir vinir þegar hann starfaði hér á Morgunblaðinu. Ég hefði sérstaka ánægju af því að styðja stjórnmálastefnu hans því hún var einörð en mannúðleg. Bjarni hafði yfirburða gáfur, en hann þurfti að fara í gegnum mikla elda sem settu sitt mark á hann. Við töluðum mikið saman og áhugi hans var víðfeðmur. Hann hafði sérkennilegan húmor og var opinskár í samræðum. Það sem hann sagði hafði vægi. Það var einstök ánægja að vera í samfylgd hans.

Ólafur Thors var náttúrlega engum líkur. Persónuleiki hans var svo litríkur og margvíslegur að það var ógleymanlegt að vera í samfélagi við hann.

Þessir menn höfðu fyrir mikilli hugsjón að berjast því á þessum árum var baráttan við heimskommúnismann upp á líf og dauða. Hugsjónin veitti þeim styrk og stækkaði þá. Hún kallaði fram í þeim allt sem þeir áttu og þeir gáfu allt sem þeir áttu – og það var mikið. Mér leið vel í návist þessara manna.“

Og þeir börðust gegn kommúnismanum. Var einhver sigurvegari í kalda stríðinu?

„Ég tel ekki að hægt sé að hrópa upp að einhver hafi tapað og einhver unnið því kommúnisminn tapaði fyrir kommúnismanum. Það var hið innra þrekleysi rangrar stefnu sem varð kommúnismanum að falli, jafnframt því sem vestræn ríki stóðu að vörnum sínum með þeim hætti að hann fékk ekki við ráðið. Kommúnisminn, eins og hann var framkvæmdur í Sovétríkjunum, var ómennskur. Ég mundi því segja að mennskan hafi sigrað.“

„Mildly conservative“

Þú hefur aldrei metið menn eftir stjórnmálaskoðunum.

„Það er rétt. Ég hef reynt að meta samferðamenn mína eftir mannkostum og því hverju þeir hafa átt til að miðla mér og öðrum. Það var engin tilviljun að ég laðaðist að mörgum marxistum, sem voru miklir mannúðarmenn og hinir merkustu hugsuðir.“

Eins og?

„Eins og Þórbergur og náttúrlega Halldór Laxness, sem hægt og sígandi flutti sig yfir á miðjuna og sagði einhvern tímann í samtali við New York Times að hann væri „mildly conservative“. Þar er byggt á mannúðarstefnu sem hugar að einstaklingnum, frelsi hans og stöðu í þjóðfélaginu.“

Ef við víkjum að bókmenntum en hlaupum samt ekki alveg frá pólitík-

inni. Finnst þér ekki kaldhæðnislegt að á meðan Almenna bókafélagið, sem stofnað var til mótvægis við Mál og menningu, er undir hamrinum þá ber Mál og menning höfuð og herðar yfir önnur bókaforlög?

„Mál og menning nýtur árvekni sinnar og þess að hafa kunnað að beita sér á markaðnum. Þeir hafa gert þetta viturlega á sama tíma og AB hvarf af vettvangi með þeim hætti að ég harma það sem gamall hugsjónamaður og skáld. AB hefur augsýnilega ekki kunnað á markaðinn undir lokin meðan markaðshyggjumennirnir í Máli og menningu gerðu sér markaðinn undirgefinn. Það er ekki síst þáttur í þeirri borgaralegu frjálshyggju sem ég tel mig aðhyllast. Þeir hafa getað notað hana. Ef þeir hefðu haldið áfram sínu marxíska streði og fölsku hugsjónabaráttu með Sovétríkin að bakhjarli sem ógnandi stórveldi þá hefði ég litið öðruvísi á málin. Þá hefði ég talið að niðurlag AB hefði verið hroðalegt. En fyrst heimur kalda stríðsins og heimskommúnismans hrundi á sama tíma og AB þá get ég sætt mig við það.“

Að skapa sína eigin Esju

Telurðu þig hafa goldið þess sem skáld að hafa ritstýrt Morgunblaðinu?

„Ég reikna með því að ég hafi goldið þess nokkuð lengi. Ég varð fyrir margvíslegu aðkasti, ungt skáld, því er ekki að leyna. En mér fannst þá að ég hlyti að vera á réttri leið. Ég var ekki að yrkja það sem búið var að yrkja og öllum fannst ástæða til að klappa fyrir. Ljóð mín spruttu úr annars konar heimi en menn þekktu.

Það voru ekki einungis pólitískir andstæðingar mínir sem reyndu að niðurlægja mig sem skáld. Það voru einnig margvíslegir fulltrúar hins borgaralega skírlífis sem töldu að Matthías væri atómskáld og að öllum líkindum nokkuð vinstrisinnaður, kannski kommi. Ég átti undir högg að sækja úr öllum áttum hvað þetta snerti. En þegar fyrsta ljóðabókin mín, Borgin hló, kom út 1959, þá var skrifað óvenju mikið um hana, bæði vel og illa. Ég þurfti ekki að kvarta yfir því að hún væri ekki til umræðu.

Um miðjan sjöunda áratuginn var farið að þýða ljóð mín á erlendar tungur. Þá komu út tvær ljóðabækur í Danmörku með íslenskum ljóðum. Önnur var safn af íslenskum ljóðum, hin var ljóðabók eftir mig sem hét Klagen i jorden. Það var skrifað mjög mikið um þessar bækur og meira og minna hástemmt lof. Þegar þessar fréttir bárust frá Danmörku varð Matthías Johannessen skáld á Íslandi. Fyrr ekki.

Ég hef aldrei þurft að kvarta yfir því að ljóðabækur mínar væru ekki lesnar eða seldust ekki. Síðustu árin hef ég dregið mig svo mikið í hlé að

bækur mínar hafa goldið þess. En ég vil heldur að þær gjaldi þess fremur en þær njóti yfirborðslegra og falskra auglýsinga.

Þegar ég var ungur maður talaði ég einu sinni við gamlan mann sem sagði við mig: „Þú getur ekki talað við mig. Þú getur ekki skilið mig.“ Ég spurði: „Af hverju get ég ekki skilið þig?“ Hann svaraði: „Vegna þess að milli þín og mín eru þúsund ár. Ég er samtímamaður Egils Skallagrímssonar.“ Steinn Steinarr sagði á sínum tíma í samtali við mig að við værum á leið í kaupstað en hefðum gleymt því hvað við ætluðum að kaupa. Ég hef í ljóðum mínum reynt að minna á þessi verðmæti; hvað við ætluðum að kaupa, reynt að sætta þessi þúsund ár. Hin nýja ljóðabók mín er ekki síst tilraun til þess. Hún á rætur í djúpum jarðvegi en ég vona að laufið sjáist líka undir þeim óörugga himni sem fylgir okkur inn í framtíðina.“

Þegar við ritstjórinn minn ræðum um samtalstækni þá nefnir hann iðulega nafn þitt og segir þig hafa skrifað bestu samtöl hér á landi á þessari öld. Þú hefur gert samtalið að listformi. Hvað á sá sem ætlar sér að skrifa samtal að leggja höfuðáherslu á að þínu mati?

„Þegar þú baðst mig um þetta samtal sagðir þú: „Þú ræður því, ég gef þér fullt frelsi. Mig langar bara til að eiga samtal við þig, svo sjáum við til.“ Það veitti mér trúnaðartraust. Á sínum tíma fann ég að Þórbergur var tortrygginn út í þennan íhaldsstrák sem ætlaði að ræða við hann. Ég sá að ég þurfti að vinna hjarta hans. Ég gat það ekki nema vinna Margréti. Fyrstu vikuna sneri ég mér að því að vinna Margréti og hún varð bandamaður minn í samtalinu. Síðan fór ég að vinna Þórberg. Ef ég hefði komið og einungis sagt: „Hér er ég. Nú spyr ég og þú svarar,“ þá hefði ég um leið ónýtt samtalið. Það hefði ekkert orðið.“

Er lykilatriði þá að vinna traust þess sem ætlunin er að eiga samtalið við?

„Já.“

Hvað svo?

„Þetta snýst um tvennt. Vinna traustið og skrifa síðan samtalið eins og væri maður Kjarval að mála Esjuna. Það er enginn sem segir að Esjur Kjarvals séu hinar einu sönnu Esjur en þær eru Esjur Kjarvals. Ég vona að þegar við erum að tala saman þá sjáir þú mig eins og Esjuna. Ég vona að þér finnist þú vera að glíma við Esjuna og skapir nýja Esju sem allir þekkja ekki og er þín Esja.“

Finnst þér að samtalið njóti ekki sannmælis sem listform?

„Það er ekki vanmetið af fólkinu. Fólk hefur ekki áhuga á neinu eins og samtölum. En nú er búið að útbía það. Það er alltaf verið að tala við fólk

sem alltaf er verið að tala við. Og það er alltaf verið að tala við ytra borð sem þjóðfélagið sér og þarf að átta sig á. Það sem ég hafði einna mesta ánægju af, öll þessi ár sem ég skrifaði samtöl, var að skrifa samtöl við fólk sem enginn þekkti. Fólk sem var persónugerð ljóðlist í mínum huga."

Hvert er eftirminnilegasta samtal sem þú hefur tekið?

„Ég veit það ekki. Þetta er svo mikið. Hitt er annað mál að mér þótti vænt um þetta starf mitt vegna þess að mér var hlýtt til þessa fólks. Það gaf mér mikið og ég lærði af því."

Eins og hvað?

„Mannúðlega afstöðu til umhverfisins og kröfu um dómgreindarlegt mat á verðmætum. Þetta fólk vissi að þjóðin ætti mikil verðmæti úr sögu sinni og arfleifð. Margt af þessu fólki var ómenntað alþýðufólk og margt af því er menntaðasta fólk sem ég hef kynnst á lífsleiðinni. Ekkert af þessu fólki var á verðbréfamarkaðnum. Það var á öðrum markaði."

Verðlaun gera mig órólegan og feiminn

Finnst þér við nútímafólk vera að tapa mikilvægum gildum?

„Það er daðrað við mikið af einskisverðum hlutum, yfirgnæfandi plast og erlent dót sem kemur okkur ekkert við. Það er ekki til að skerpa hugmyndir okkar um gildi og verðmæti."

Er þjóðin að láta af trúnni á skáldskapinn?

„Skáldskapurinn er eins og grasið, menn geta gleymt honum og menn geta traðkað á honum, en ef hann dugar þá kemur hann upp grænn þar sem enginn á von á honum. Og ef illa árar þá búum við að honum. Ég efast um að rússneska þjóðin hefði lifað Gulagið af án skáldskaparins. Og ég er ekki einn um þá skoðun. Skáldskapurinn er það sem hann á að vera þegar menn þurfa á honum að halda. Og það er ósköp indælt. En hann á ekki að vera eins og gína í glugga."

Ég þurfti að eltast nokkuð við þig til að fá þig í þetta samtal. Þú sagðir við mig að þér fyndist það ágætt hlutskipti að vera eins konar huldumaður í yfirborðslegu auglýsingasamfélagi. Finnst þér erfitt að tala um sjálfan þig?

„Ég hef miklu meira gaman af að tala við og um annað fólk. Þórbergur sagði að það væri tilgerð að geta ekki talað um sjálfan sig, það sýndi bara hofmóð og að viðkomandi væri svo viðkvæmur fyrir sjálfum sér að hann væri allur á verði. Ég lít nú ekki þannig á. Ég hef einfaldlega verið í svo náinni snertingu við fólk sem alltaf er að tala um sjálft sig og eig-

ið ágæti að ég er búinn að fá ofnæmi fyrir því. Ég vil ekki vera í þeirra hópi.

Það eru engar umbúðir um líf mitt. Engar uppákomur. Það er þá helst þegar ég hef gefið út bækur. Mér hefur skilist á útgefendum að þær þyrftu að seljast. Ég er lítið fyrir verðlaun, þau gera mig órólegan og feiminn. En þegar ég fékk Móðurmálsverðlaunin þótti mér vænt um það. Einnig þegar ég fékk heiðursmerki Rauða kross Íslands. Ég hef haft áhuga á slíkum störfum. Það hefur líka sett svip á heimili okkar Hönnu. Hún hefur haft mestan áhuga á líknarstörfum. Ég geri ráð fyrir að það hafi haft áhrif á syni okkar. Haraldur, sá eldri, er lögfræðingur og hefur, við erfiðar aðstæður, bætt umhverfi og aðbúnað fanga. Ingólfur er læknir og vinnur við vísindastörf á Bretlandi. Mér hugnast þetta vel. Menn sinna ekki slíkum störfum til að safna veraldlegum auð. Ekki frekar en það er ábatasamt að yrkja ljóð.

Ég er haldinn þó nokkurri fjölmiðlafælni og vil helst geta sinnt störfum mínum í andrúmslofti sem leiðir til andlegs jafnvægis. En blaðamennskan er átakasöm. Nú snýst hún að mínu viti allt of mikið um einstaklinga en of lítið um hugsjónir. Í kalda stríðinu áttu menn sterkar hugsjónir þrátt fyrir allt og þá var tekist á um þær svo brakaði í. Nú er tekist á um þverpólitíska afstöðu. Það er svosem ágætt að vera laus við svartagaldur kalda stríðsins, en uppákomurnar eru sumar, að mörgu leyti, ekkert geðslegri. En þá ber þess líka að geta að gamall heimur er hruninn og nýr í deiglunni. Það er allt og sumt."

Alþýðublaðið, 1996

Kónguló sem spinnur inn í tómið

HÖFUNDUR SILJA AÐALSTEINSDÓTTIR

Matthías Johannessen skáld og ritstjóri er fæddur í Reykjavík 3. janúar 1930. Hann varð stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík 1950 og hóf nám í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands um haustið. Fyrsta veturinn var hann þingskrifari með náminu, en 1951 réðst hann sem blaðamaður á Morgunblaðið. „Þetta nám þótti ekki árennilegt, nemendur áttu að bjarga sér svo mikið sjálfir," segir hann, „en ég vann allan tímann með því. Þess vegna er ég kannski svolítið harður á því að vorkenna stúdentum ekki sérstaklega."

Á fjórða námsári fannst honum komið nóg. „Steingrímur J. Þorsteinsson prófessor tók það sem brandara þegar ég innritaði mig í lokapróf og taldi að ég hefði ekki sótt alla tíma sem ég hefði þurft. Ég gat ekki sótt alla tíma vegna þess að ég var á vöktum á blaðinu. En Steingrímur sætti sig við þetta og ég var svo heppinn að standa mig alveg ágætlega í bókmenntasögu hjá honum. Steingrímur varð glaður við því honum var ekki sama um nemendur sína og hafði verið hræddur um mig. Ég man að þegar ég varð ritstjóri þá fékk ég eitt hamingjuóskaskeyti og það var frá mínum gamla kennara, Steingrími J. Þorsteinssyni."

Matthías lauk námi 1955, og lokaritgerð hans, *Njála í íslenskum skáldskap*, kom út 1958. Haustið 1955 hætti hann á Morgunblaðinu og fór í framhaldsnám í almennri bókmenntasögu og leiklistarfræði í Kaupmannahöfn. Aðalerindið til Hafnar var þó að skrifa doktorsritgerð um Grím Thomsen. Þegar Matthías var kominn nokkuð áleiðis með ritgerðina bauðst honum von Humboldt-styrkur til Þýskalands, sem hann þáði. En þá fékk hann annað tilboð: „Ég var beðinn um að koma aftur á Morgunblaðið, og þangað fór ég. Það átti að vera tímabundið og ég ætlaði svo að ljúka ritgerðinni. En 1959 var ég beðinn að taka við ritstjórn Morgunblaðsins og þá hætti ég við doktorsritgerðina. Ég vissi að þetta gæti ekki farið saman, og einbeitti mér að blaðamennsku."

Matthías varð yngsti ritstjóri stórblaðs á Norðurlöndum, en fyrir voru ritstjórar á blaðinu þeir Bjarni Benediktsson, Valtýr Stefánsson og Sigurður Bjarnason. Einar Ásmundsson var nýhættur.

Árið áður hafði fyrsta ljóðabók Matthíasar, *Borgin hló*, komið út, en Matthías hefur ort frá bernskuárum. Meðan við unnum þetta viðtal fann hann í gömlum plöggum afmælisdagabók sem hann fékk þegar hann varð 13 ára. Við afmælisdaginn hans er þetta erindi Þorsteins Erlingssonar:

Ef þú ert fús að halda á haf,
  þótt hrönnin sé óð,
og hefur enga ábyrgð keypt
  í eilífðarsjóð,
en lætur bátinn bruna djarft
  um boða og sker,
þá skal ég sæll um sjóinn allan
  sigla með þér.

Undir erindið hefur Matthías skrifað, skömmu eftir að hann fékk bókina, þetta svar við Þorsteini:

Nú er ég fús að sigla um sjá,
þótt svelli báran hljóð,
– því skáldið hefur helgað mér
sitt hjarta, sál – og ljóð –
og halda beint mót bárum hám
– ei bjargarlaus og fár,
því bak við hafsins hrikaleik
eru hjartans innstu þrár.

Berta föðursystir hans sem bjó á heimilinu var sú eina sem hann gat lesið kvæðin sín fyrir, og þegar hún hafði hlustað á innblásið kvæði um Heklugosið eftir unglinginn sautján ára varð hún sannfærð um að þarna væri skáld á ferðinni. „En amma mín, Helga Magnea, hún var alltaf sannfærð um að ég yrði biskup!“ Og Matthías hlær hressilega.

Nú hefur Matthías gefið út alls 17 frumsamdar ljóðabækur sem sumar eru miklar að vöxtum, þrjú smásagnasöfn og eina skáldsögu. Hann hefur samið leikrit fyrir svið og sjónvarp, fræðibækur og viðtalsbækur, auk greina, viðtala, Reykjavíkurbréfa, leiðara og „helgispjalls“ í málgagn sitt.

Ekki er fjarri lagi að telja hann afkastamestan núlifandi íslenskra höfunda. Matthías hefur fengið heiðurslaun Alþingis síðan 1984. Hann lítur á þau sem æðsta heiður sem rithöfundi getur fallið í skaut hér á landi, og hefur ekki viljað taka þátt í samkeppni um bókmenntaverðlaun hér á landi síðan þá. Öðru máli gegnir um Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs: „Þá hleyp ég með Ísland á brjóstinu, og það þykir mér upphefð," segir hann.

Matthías kynntist konu sinni, Hönnu Ingólfsdóttur frá Hólsfjöllum, haustið 1949. Hún er hárgreiðslukona og rak stofu í mörg ár. Í viðtali við nafna sinn Matthías Viðar Sæmundsson í bókinni *Stríð og söngur* (1985) gefur Matthías þessa skýru smámynd af þeim hjónum:

> Við Hanna erum ólík eins og vel kom í ljós þegar við lögðum leið okkar til Öskju um árið. Ég festi bílinn í snjóskafli svo við urðum að gista heila nótt á gosstöðvum Dyngjufjalla. Mér kom ekki dúr á auga enda skalf jörð um nóttina en hún svaf vært í aftursætinu. Það lýsir okkur báðum vel, öræfabarninu og borgarstráknum.

Hanna og Matthías eiga tvo syni sem heita nöfnum feðra þeirra, Haraldur og Ingólfur.

Sósíalt fyrirbrigði

Nokkuð kvíðvænlegt var að vinna viðtal við mann sem kannski er ennþá þekktari fyrir viðtöl sín en önnur verk. Þegar hann sá litla upptökutækið, ómissandi gleymnum blaðamönnum í hraða nútímans, sagði hann í óspurðum fréttum að hann hefði aldrei notað slík tæki. Öll viðtöl sín hefði hann handskrifað, og aldrei skrifað þau sjaldnar en þrisvar. Víst er að eftirfarandi samtal hefði orðið allmiklu styttra ef þau vinnubrögð hefðu verið notuð. Við hittumst þrisvar heima hjá spyrli og töluðum saman í þrjá klukkutíma í hvert skipti. Á fyrsta fundi drakk ritstjórinn svo mikið kaffi að stór hitakanna var í skyndi keypt á heimilið. Á næsta fundi þáði hann aðeins einn bolla, svo að fjárfestingin varð vafasöm; en á lokafundinum kom nýja kannan sem betur fór að góðum notum. Og það skorti ekki umræðuefnin. „Mér finnst að þú opnir poka og fiðrið fer bara út um allt!" sagði hann einu sinni, en í rauninni tókst prýðilega að halda sig við ljóðagerðina og láta ljóðabækur Matthíasar ráða ferðinni. En með hugann við erfitt val sem von Humboldt-styrkþeginn hlýtur að hafa staðið frammi fyrir þegar kallið kom að heiman spurði ég fyrst:

Hefurðu séð eftir þessu vali?

„Ég held ekki að það hefði orðið mér til góðs að lifa einskonar klausturlífi í fámennum hóp. Ég hef í mér svo sterka tilhneigingu til að loka mig af og vera sjálfum mér nægur. Blaðamennskan gerði það að verkum að ég varð sósíalt fyrirbrigði og fékk alls konar strauma inn í mig. Bæði var ég farvegur fyrir þessa strauma og gat fyllt geyminn af áhrifum. Innan við andlega klausturveggi hefði ég einangrast og týnt tengslum við þjóðfélagið. Það var uppörvandi að taka við svona starfi, og ég hef grætt á því á mjög margan hátt. En því er ekki að leyna að stundum hefur það farið í taugarnar á mér og stundum hef ég fengið svo sterkt ofnæmi fyrir umhverfi mínu að mér hefur liðið illa. Og það kom fyrir að ég þurfti að taka á öllu mínu til þess að horfast í augu við þessa krefjandi samtíð og gífurlega þrýsting sem var á ritstjóra Morgunblaðsins öllum stundum. Úr þessu hef ég þurft að vinna, og ég held að það hafi passað mér betur en ef ég hefði orðið doktor í Grími Thomsen og lokast inni í slíkri veröld."

Ég finn einstöku sinnum í ljóðum þínum fyrir fyrirlitningu skáldsins á ritstjóranum, – til dæmis segir í Hólmgönguljóðum:

þú
ert morgunblað
og þeir senda þig upp úr hádegi
til fisksalans á framnesvegi
sem les þig með peningasvip
áður en hann vefur þig utan um saltaðar kinnar
svo frúin í næsta húsi
hafi eitthvað til að setja í öskuna

„Sambúðin gat verið erfið. Skáldið naut þó stundum ritstjórans og hefði stundum mátt vera þakklátara fyrir það. Ef til vill hefði ég að öðrum kosti orðið eins og þurrkuð jurt í miðri bók, en þess í stað hef ég vaxið í alls kyns umhverfi og með alls konar litbrigðum. Í smásögunni *Hvíldarlaus ferð inn í drauminn* í samnefndri bók er ég að fjalla um sambúð skálds og ritstjóra. Úr áreiti og ofnæmi sem sprettur úr ofurviðkvæmni, tilfinningalegum sársauka, úr reynslu í æsku og tilhneigingu til þunglyndis öðru hverju – úr þessu sprettur skáldskapurinn. Og eiginlega man ég ekki eftir mér án þess að vera að yrkja."

Þó varstu 28 ára þegar þú gafst út fyrstu bókina þína.

„Þegar ég var drengur las ég geysilega mikið af skáldskap. Ég var búinn að lesa Ibsen meira og minna innan við 18 ára aldur. Ég kunni ótrú-

lega mikið í Jónasi og þessum gömlu skáldum, sökkti mér niður í þau og fékk mikla andlega svölun af að vera í þeirra samfylgd. Síðan þegar ég er kominn í háskóla þá fer ég að fylgjast með nýjungum í skáldskap, heillast af þeim, dragast að Steini mjög sterklega og atómskáldskap. Þá fer ég að gera mér grein fyrir því að mig langar ekkert til að vera í jakkafötunum sem gömlu skáldin voru í, ég vildi fá nýja múnderingu. Ég sá að þessi gömlu föt voru orðin heldur snjáð og slitin. Það sem ég var búinn að yrkja það hentaði mér ekki lengur."

Ljóðin í Borgin hló eru þá ný, ekki safn frá mörgum árum?

„Þegar ég fór til Kaupmannahafnar þá átti ég þykkt ljóðabókarhandrit en hugsaði með mér: ég ætla ekki að gefa þetta út, ég ætla heldur að sjá til. Ég var kominn með gott vit á bókmenntum og meðvitaðan smekk, og ég vissi að þetta var liðin saga sem ekki átti að fara á prent. Handritið er til en ekkert af því hefur komið út.

Ég tók mikinn þátt í að gleðjast með öðrum skáldum sem voru að gefa út á þessum árum, til dæmis atómskáldunum og Gunnari Dal. Ég las ljóð Anonymusar í Tímariti Máls og menningar, sem kom svo í ljós að voru eftir Jóhannes úr Kötlum. Allt slíkt var spennandi. Svo umgengumst við Hannes Pétursson nokkuð mikið á vissu tímabili og ég gladdist yfir hans skáldskap.

Ég var ekkert upptekinn af mínum skáldskap á þessum tíma. Ég ætlaði ekkert endilega að verða skáld, ég varð bara að fá að yrkja.

Í Danmörku byrjaði ég svo á nýrri ljóðabók…"

Er þá Kaupmannahöfn borgin sem hlær?

„Þar eru kvæði sem eru ort í Kaupmannahöfn og eftir að ég kem heim þaðan, með nýja útsýn, nýjan veruleika og nýja tilfinningalega veröld sem ég eignaðist þar. En rauði þráðurinn er úr Reykjavík eins og fyrsta og síðasta kvæðið benda til."

En þegar bókin þín kom út varstu orðinn þekktur fyrir blaðaviðtöl. Hvern hug berðu til þessara samtala núna?

„Góðan hug. Ég er ekkert að lesa þau mikið. Þó tók ég mig til nýlega og las nokkur samtöl sem ég hafði ekki viljað setja í bók og rifjaði þau upp í Helgispjalli. Ég tel að það þurfi bæði þrek og einbeitni til að skrifa gott samtal. Það er ekki nein færibandavinna. Helst á það að vera þannig að viðkomandi lesi þetta og segi við sjálfan sig: Já, andskoti var þetta gott hjá mér! En þá veist þú hvað það var sem hann sagði í raun og veru. Hann lagði til hráefnið, en kokkurinn verður að vera góður. Ég les oft samtöl sem fara rosalega í taugarnar á mér."

Þú kennir þér ekki beinlínis um þetta flóð af viðtölum og viðtalsbókum sem hefur dunið yfir okkur undanfarin ár?

„Nei, ég tel mig ekki bera ábyrgð á þeim hráslagalegu vinnubrögðum sem ég sé oft í viðtalsbókum. Oft hef ég gefist upp við þær af því ég hef fundið svo mikla plastlykt af þeim. Vissulega er hægt með yfirgengilegri vinnu að nota segulband, en það er engin von til þess að viðmælandinn, spyrðillinn, komi alskapaður af einhverju segulbandi. Því í íslenskri tungu er lengra á milli talmáls og bókmáls en í flestum öðrum tungum sem ég þekki. Lengsta leið sem ég veit um er leiðin af vörum eins á blaðið hjá öðrum. Ég ber ekki ábyrgð á því að menn reyni að stytta sér leið með plasti. Plast er bara plast. En ég hef séð góða hluti unna af segulbandi, og þeir hafa glatt mig. Það fólk hefur gert sér grein fyrir því að þetta er bara hjálpartæki."

Mér finnst skipta máli að geta horft á viðmælandann meðan hann talar í stað þess að bogra yfir pappír, geta séð svipbrigði, viðbrögð.

„Já, aðalatriðið er traustið. Án þess er ekkert samtal. En ég skrifaði helst ekkert niður og punktaði sem minnst.

Ég var búinn að gefa út mikið af samtölum og þau voru vinsæl, en mesta ánægju hafði ég af að skrifa samtöl við fólk sem var ekkert endilega þekkt, fólk sem átti sterkar rætur í arfleifðinni. Ég skrifaði þessi samtöl oft eins lýrískt og ég gat, – mér fannst það líkt þessu fólki. Skáldskapurinn fylgdi því eins og söngur fuglanna í móum og mýrum."

Hvort heldurðu að muni halda nafni þínu lengur á lofti, ljóðin eða viðtölin?

„Ég hef haft þær hugmyndir um líf okkar hér á jörðinni að það sé ákaflega ósennilegt að nafn okkar muni lifa. Til þess þarf meira en einhver samtöl eða bækur. Við höfum séð hve óskaplega margt hefur glatast, og glatkistan – öskutunnan! – bíður alveg hreint fagnandi! Ég hef alltaf hugsað um að lifa lífinu, taka þátt í því, reynt að njóta þess, aðlagast því með mínum sveiflum, leita að verðmætum og koma þeim á framfæri. Ég vildi breyta Morgunblaðinu úr þröngu málgagni í opið blað allra landsmanna þar sem menn ættu heima þótt þeir hefðu ólíkar skoðanir. Ég gæti trúað að þetta yrði kannski einhvern tíma metið. Að öðru leyti ætlast ég ekki til neins af framtíðinni. Hún er valtur vinur.

Þó er samtíðin náttúrlega miklu glámskyggnari! Allur skáldskapur er barátta við tortímingu, og í þessari baráttu er tilraun til að stöðva tímann, tilraun til þess að taka þátt í einhvers konar verðmætasköpun. Og öll skáld vona innst inni að þeim hafi tekist að skapa einhver þau verðmæti

sem einhver geti einhvers staðar og einhvern tíma notið góðs af. En ég hef verið allt of upptekinn við að lifa til þess að grufla yfir því hvort ég muni lifa eða deyja.

Dauðinn er mér mikil áskorun. Og mér líkar ekki við dauðann af því að ég er steingeit. Ég vil hafa vaðið fyrir neðan mig, og helst af öllu vil ég hafa dauðann fyrir neðan mig! En það hef ég ekki, því er nú ver!“

Ef ég væri söngvari

Það má finna áhrif frá ýmsum skáldum í Borgin hló, til dæmis Tómasi Guðmundssyni, Steini Steinarr og Hannesi Péturssyni af þálifandi íslenskum skáldum; en mér finnst áhrifin frjórri frá mun eldra skáldi bandarísku, Walt Whitman.

Þú talaðir við mig.
Og eggjandi nætur hlógu í fangi þínu
og mislyndir dagar grétu í brjósti þínu
og hvítar stjörnur spegluðust í svörtum augum
og gráum einmana götum,
þegar ég lék á hörpuna og orti sönginn um sjálfan mig.

„Ég kynntist Whitman ungur, í menntaskóla, fann hann í bókabúð. Það kynnti mig enginn fyrir Walt Whitman. Sko. Það eru tvö skáld sem höfðu meðvituð áhrif á mig í *Borgin hló,* – sem ég *vildi* að hefðu áhrif á mig. Bara tvö. Og þau sem þú nefndir, það eru bara samtöl milli skálda eða eitthvað sem er óvart og manni er alveg sama um.

Fyrst og fremst nefni ég Walt Whitman. *Söngurinn um sjálfan mig* eftir Whitman er ekki eins sjálfhverfur og nafnið bendir til. Hann er að syngja um Bandaríkin. „Myself“ er nýr heimur, ný veröld að rísa, og hann er söngvari þessarar veraldar. Þegar *Leaves of Grass* birtist 1855 varð bandarísk ljóðlist til, laus við breska áferð. Bandarískt tungutak ónotað í ljóði fram að því. Ég er reykvískur strákur og ég kunni ekkert annað tungumál en reykvískt talmál. Það var ekki fínt að skrifa á reykvísku. Það var óskáldlegt tungutak og hafði ekki fyrr verið notað í ljóðlist. Hún hafði verið öguð á upplýstu sveitamáli sem var áferðin á öllum skáldskap, líka hjá ungum mönnum. Ég þekkti það af bókum en það var mér ekki tamt. Þetta var ein af ástæðum þess að menn stungu við fótum þegar þeir lásu *Borgin hló* og sögðu: „Nei þetta er ekki hið ljóðræna tungutak!“

Walt Whitman var söngvari eins og ég vildi verða, og hann sagði mér ungum að tungutak mitt væri fullgilt skáldskaparmál, þó að það væri ekki ofið úr gullaldarvef íslenskrar málsmenningarhefðar.

Kvæðið sem þú fórst með heitir „Hörpusláttur“. Þegar Steinn las handritið yfir ákvað hann að það yrði fyrsta kvæðið í bókinni. Og Steinn skrifaði við þetta kvæði: „Ágætt.“ Og þegar ég sá þetta fyrsta blað þegar ég sótti handritið til Steins þá þurfti ég ekki meira. Þá átti ég hálfan heiminn.

Ég nefndi áðan að skáldskapur væri tilraun til að stöðva tímann. Í þessu kvæði er talað um Kolbeinshaus. Nú eru þeir búnir að leggja götu yfir Kolbeinshaus, hann er horfinn. En hann er til í þessu kvæði! Það sýnir að þeir geta ekki drepið Kolbeinshaus. Hann er þarna. Finnst þér þetta ekki dálítið merkilegt? Þú getur ekki tekið mynd af Kolbeinshaus, en hann er þarna!

Hitt skáldið var breska ljóðskáldið Dylan Thomas. Hann var fljúgandi skáld með ótrúlega veröld undir vængjum. Ég gladdist yfir ljóðum hans, ég las þau upphátt, ég skrifaði um hann, og svo var annað: Hann lifði í samtíð sinni, ekki innan klausturmúranna heldur fyrir utan þar sem ég hafði einnig viljað hasla mér völl. Og hann náði tengslum við samtíðina, hann talaði við fólkið í kringum sig, hann flaug inn í hvers manns hjarta og hann flutti sín kvæði. Þetta heillaði mig, gjörsamlega. Hann og Whitman voru einu skáldin sem ég hirði ekki um þótt merki sjáist um í ljóðum mínum.“

„Komdu svo ég geti kysst þig áður en þú deyrð“ – segirðu í „Þögnin var eina svarið“ í Borgin hló. Er þetta arfur Bjarna Thorarensens eða þín eigin rómantík?

„Ég þekkti Bjarna Thor vel, og virti hann mikils. En ég held að þetta séu ekki áhrif frá honum heldur eðlislæg rómantík og grunur um dauðann.“

Dauðinn er frekur í þessari fyrstu bók þinni.

„Já, ég þekkti fólk sem dó.“

Dauðinn er svo ótrúlega nálægur og þó ertu ekki þrítugur maður. Misstirðu ástvin?

„Ég fékk skarlatssóttina þegar ég var drengur, og hún var dauðadómur. Ég gleymi aldrei þegar læknarnir stumruðu yfir mér í óráði og dæmdu þetta skarlatssótt og allir bara forðuðu sér! Maður hefur upplifað hálfgerðan svarta dauða! Dauðinn fylgdi mér og ég vissi að hann var alltaf nálægur.“

En þú misstir ekki beinlínis neinn þér mjög nákominn?

„Þegar ég vann í Siglufirði ungur maður þá eignaðist ég marga góða vini. Þarna var lífsglatt ungt fólk. Meðal þess var ung stúlka sem dó úr botnlangabólgu nítján ára gömul. Hún er kannski þarna, til dæmis í ljóðinu „Svört mold". Og þó er ég ekki viss. Þarna er slengt saman skáldlegum draumi og veruleika. Þegar þetta kvæði er ort voru mörg ár liðin frá því ég kynntist Hönnu og öll síldarævintýri löngu liðin saga! Án skáldaleyfis kemst ekkert kvæði á flug. Við verðum að fljúga á vængjum þess ef ljóðið á ekki að vera eins og hver önnur tölvuútskrift. Skáld skilja ekki á milli veruleika og skáldskapar. Þau upplifa veruleikann oft sem skáldskap og öfugt. Ævisaga Goethes heitir *Dichtung und Wahrheit*. Það segir allt."

Þessi bók er byggð eins og lífshlaup. Í henni eru öll efni sem skáld tekur fyrir, bernska, ást, erótík, elli, dauði, stríð, ofbeldi. Finnst þér núna eins og þú hafir haldið að þetta yrði eina bókin þín?

„Ég held að ég hafi vitað að ég myndi yrkja þessa æskubók og hún yrði með ýmsum andstæðum sem alltaf hafa verið í mér sjálfum. Ég vildi túlka og geyma þennan skemmtilega tíma sem ég upplifði mjög sterkt. Ætli ég hafi ekki verið eins og hunangsflugan, hún veit ekki að ef hún stingur þá deyr hún en hana langar til að fá allt hunangið, og ef einhver er fyrir henni þá bara stingur hún!"

Ertu þá að hugsa um sjálfan þig, þetta tímabil í lífi þínu, eða samtímann, kaldastríðsárin?

„Hvort tveggja. Sjáðu til, ég sýg stríðið í mig eins og þerriblað. Ég var í bröggunum innan um hermennina, og ég kynntist þessum ungu drengjum, Kanadamönnum, Ástralíumönnum, Bretum, Ameríkönum. Stundum komum við að þar sem einhver var nýdáinn, til dæmis úr lungnabólgu. Þetta voru tvítugir menn. Þegar ég var tíu ára fór ég með föður mínum norður í land og við gistum á Blönduósi. Þá voru hermenn við ósinn á Blöndu og pabbi spurði hvað þeir væru að gera, það var svo draugalegt að sjá til þeirra. Þá voru þeir að tína upp félaga sína sem höfðu farið á kaðli yfir Blöndu og drukknað í ánni. Foreldrar þeirra, unnustur þeirra fengu bara upplýsingar um að þeir hefðu farist í íslensku fljóti. Það var líka skotin niður flugvél yfir Langadalnum þegar við vorum á leiðinni norður. Þetta stríð var styrjöld dauðans og við upplifðum dauðann í mjög nálægri fjarlægð. Við horfðum á menn brenna inni í flugvélum og lík borin úr brennandi skipum. Dauðinn var partur af veröld okkar, og þetta hafði áreiðanlega gífurleg áhrif á mig. Ég hugsaði mikið um ungu mennina sem

urðu fórnarlömb þessa hildarleiks og líka um hvaða skilaboð fólkið þeirra fékk. Og mér fannst og hefur alltaf fundist að þessum mannslífum hafi verið sóað á Íslandi. Það var verið að gera alls konar tilraunir með unga menn sem þekktu ekki landið. Þeir áttu að fara á kaðli yfir Blöndu. Aldrei færi ég á kaðli yfir Blöndu. Þeir áttu að fara á hálfónýtum prömmum yfir Hrútafjörð og fóru 20–30 í sjóinn. Bein þeirra voru enn fiskuð upp tuttugu árum seinna. Þetta var svona.

Ég heimsótti vin minn á Vífilsstaði á gamlárskvöld, fársjúkan af berklum, og þá segir hann: Við bíðum eftir að karlinn í næsta rúmi deyi. Nú, segi ég, af hverju? Af því að við megum ekki sprengja á miðnætti ef hann lifir, en ef hann deyr þá megum við sprengja!

Það er ekki tilbúinn skáldskapardauði sem ég er að fjalla um. Ógn og óhugnaður voru mjög nálægt manni. En þrátt fyrir allt var vor í lofti og framtíðin vonandi skemmtileg. Whitman orti kvæði um kóngulóna sem spinnur og spinnur en veit ekki með hvaða árangri. Skáldin reyna að spinna inn í samtíð sína, ná tengslum við umhverfið, en vita aldrei hvort nokkur uppgötvar vefinn. Og Whitman, hann spinnur meira að segja inn í himinhvolfið. Þú spurðir áðan hvort ég telji að lifi lengur, samtölin mín eða kvæðin og ég get svarað: ég er bara kónguló. Ég spinn. Og ég veit það ekki. Ég spinn inn í tóm og veit ekkert hvort einhver uppgötvar vefinn eða ekki. Kannski er þessi vefur bara fyrir flugurnar, en kóngulóin er að reyna að ná sambandi við einhverja; skáldið er að reyna að ná sambandi. Það er ekkert eins einmana og skáld.

En ljóðlistin tengir okkur við annars hugsun. Stækkar umhverfið í þessu glórulausa tómi.“

„og ég kyssti rauð berin á brjósti þér“

Til er að ljóðin í Borgin hló séu erótískari en sést hafði í virðulegum ljóðabókum hér á landi – fyrir utan æskuljóð Davíðs og Stefáns frá Hvítadal. Ég nefni ljóðin „Ást“ og „Þú svaraðir“, sem er ísmeygilega erótísk saga. Dagur Sigurðarson var auðvitað berorður um samband kynjanna, og fyrsta bókin hans kom út sama ár, en hann var svo strákslegur að erótíkin hjá honum virkar ekki eins. Ástir hjá öðrum skáldum voru oft eins og þau væru að segja frá einhverju sem hefði komið fyrir annað fólk og þau hefðu frétt um; en hjá þér finnst lesanda að hann fái hlutdeild í nýrri og heitri reynslu.

Það var á miðju sumri
og drottinn hafði lagt grænt teppi á jörðina
og ég kyssti rauð berin
á brjósti þér,
leit í augu þín
og þú svaraðir: já.

Var það ásetningur þinn að ögra lesendum þínum og borgaralegu samfélagi?

„Nei, ég var bara að yrkja út frá mínum eigin tilfinningum og hugmyndum um lífið. Ég ætlaði ekki að ögra einum eða neinum. Bandarískur gagnrýnandi sagði löngu seinna: Ástarljóð Matthíasar fjalla um lesandann þegar hann les."

Nú? Hvað meinti hann með því?

„Það sem þú varst að segja. Að ástarljóðin yrðu reynsla lesandans. Fyrir mér var þetta einlægt, eins og lindin sprettur úr jörðinni. Ég hugsa að ég hafi alltaf haft sterkar tilfinningar í tengslum við ást og upplifun þessa þáttar í lífi mannsins. Ég hef ekki þurft að setja mig í neinar stellingar í kvæðunum mínum til að yrkja um hann. En ég held að ég hafi samt gert mér grein fyrir því, þegar ég var að gefa út *Borgin hló*, að þetta var nýstárlegt, og það kom líka í ljós. Annaðhvort líkaði mönnum þetta eða þeim líkaði það ekki. Einn gagnrýnandi sagði að þetta væri eins og skrifstofustúlka í Vesturbænum væri að yrkja. En ég stæltist bara við gagnrýnina."

Enda komu Hólmgönguljóð næst (1960) og þar er tvisvar talað um karlmannslim – „við … týnum hórgefnum limi í einverunni" stendur á einum stað og á öðrum gleypir kona lim mannsins „eins og gráðugur steinbítskjaftur". Sennilega er þetta í fyrsta skipti í íslenskri ljóðagerð af þessu tagi – þ.e.a.s. ljóðum sem eru ekki klámfengin – sem þessi líkamshluti er nefndur. Og í sömu bók er þessi fullkomlega óvænta setning: „… meðan við erum önnum kafnir við að færa konur vina okkar úr buxunum". Það hefur ekki verið nefnt að þessi ljóð væru eftir skrifstofustúlku úr Vesturbænum?

„Nei, *Hólmgönguljóð* þóttu nýstárlegur skáldskapur og hálfgerð bylting. Djarfur flokkur. Menn sættu sig miklu betur við hann en *Borgin hló*. Kannski af því þeir sáu að það þýddi ekkert að aga atómskáldið, en hann var þarna bara, líklega var hann kommi svona innst inni, allavega byltingarmaður! Ég komst upp með þetta, líka erótíkina, enda var ég að vísa í Óðin og ástir hans.

Ég leit misjöfnum augum á ástina og samband karls og konu því ég upplifði það ungur að faðir minn fór að heiman vegna annarrar konu. Á þeim árum var umhverfið pískrandi heilagleiki, og slíkur viðburður var yfirnáttúrulegt álag á barn. Hann jafngilti dauða. Ef ég ætti að svara því hvað hefði haft mest áhrif í þá átt að ég varð skáld þá tel ég að það hafi verið þessi þjáning. Maður var aleinn og hjálparlaus andspænis hrikalegum ragnarökum. En svo kemur tíminn og vinnur úr þessu með manni og þetta er eins og stórfljót sem fellur í fossum og flúðum, hvítnar og skellur á klettum og steinum en rennur svo síðasta spölinn lygnt og hægt að ósi. Faðir minn kom aftur heim og foreldrar mínir áttu fallegt haustkvöld saman.

Það er oft talað um karl og konu en ég held að réttara sé að tala um konu og karldýr.“

„Arfinn er rótlítið blóm og fýkur“

Hver er ávarpaður í Hólmgönguljóðum? „Þú ert viti guðs á gömlum freknóttum himni“? Hver ert „þú“? Er það alltaf sá sami?

„„Þú“ er hér ópersónulegt fornafn – „maður“ – þetta er enginn einstakur heldur maðurinn, sálin.“

Við göngum í gegnum þróun í fyrri hluta flokksins – hugsaðirðu þér hann sem einhvers konar þróunarsögu mannkynsins?

„Nei, en þróunarsögu mannsins, einstaklingsins sem lifir lífinu, uppfyllir sjálfan sig, umhverfi sitt, arfleifð sína.“

Þessi bók er vísanaveisla, enda gafstu hana út aftur 1985 með skýringum. Þarna eru gyðinglegar, grískar, rómverskar, norrænar goðsagnir undir, og raunar bókmenntaarfleifðin eins og hún leggur sig.

„Ég er norrænufræðingur og það er engin tilviljun. Hugur minn stóð til þess. Ég hef alltaf haft þá tilfinningu að við séum hluti af hinni miklu veröld arfleifðar okkar. Ég get ekki hugsað mér samtíma okkar án hennar; þá værum við eins og rótlaus blóm. Arfinn er rótlítið blóm og fýkur.

Arfleifðin er mikið veganesti, en um leið er hún dálítil blekking vegna þess að við höfum leitað skjóls í henni, reynt að sanna tilveru okkar með skírskotun í hana. Það er lítilli þjóð nauðsynlegt. Við göngum undir þessum himni, arfleifð okkar, og við sjáum stjörnurnar á heiðum kvöldum, allar stjörnurnar, þó að þær séu misgamlar. Sumar eru milljarða ára gamlar, sumar miklu yngri, sumar eru að verða til, aðrar eru að deyja, ekkert eftir nema ljósið frá þeim. Við göngum undir þessum stjörnuhimni arfleifð-

ar okkar og upplifum hana alla í einni andrá. Þess vegna finnst mér alveg eðlilegt að skírskota í allar stjörnurnar í einu, eins og ég hefði skapað þær. Vitna í kvæði sem er 2000 ára gamalt eins og ég hafi ort það. Þannig styrkjumst við. Við nærumst á verðmætunum sem þessi stjörnuhiminn veitir. Hann er gífurlega mikilvægur á þessari löngu göngu. Ég yrki þetta ómeðvitað en þó sterklega meðvitað þegar ég er að vinna úr því. Þá er ég ekki að tala um *Hólmgönguljóð* sérstaklega heldur tilvitnanir og skírskotanir í öllum bókum mínum. Það er eins eðlilegt og að ég er að tala við þig að tala við allan tíma. Hvert orð er ljóð. Ég vil heldur nota tveim*ur* og þrem*ur* en tveim og þrem vegna þess að Alexander Jóhannesson sagði okkur í norrænudeildinni í gamla daga að þessi ur-ending væri að öllum líkindum stirðnað þágufall úr sanskrít! Og ef ég get verið samfylgdarmaður einhverra sem töluðu sanskrít fyrir þrjú þúsund árum, af hverju skyldi ég kasta því í burtu. Ég vil heyra þetta hvísl og nærast á því og njóta þess að þetta fólk var til.

Í síðustu bókinni minni er ég enn sterklega undir þessum afstæða himni. Ekki bara íslenskrar arfleifðar heldur arfleifðar mannkyns á jörðinni, og það finnst mér heillandi. Það gefur okkur von og efni í nýtt verðmætaskyn.“

Hvernig urðu Hólmgönguljóð til?

„Eins og allt sem ég yrki, meira og minna ómeðvitað og óvart. Ég settist ekki niður og sagði: nú ætla ég að yrkja *Hólmgönguljóð*, eða *Jörð úr ægi*. Ég finn að þetta er að koma inn í tilfinningalíf mitt og svo verður ekki undan því vikist.“

En mitt í hátíðleika Hólmgönguljóða með gyðinglega, gríska og norræna goðafræði þá segir stúlkan við þiltinn sinn: „ég heyri hjarta þitt slá / það er eins og vélbátur stími á miðin“. Þarna kemurðu úr allt annarri átt, alveg óvænt.

„Ég vildi líka stugga við fólki!“

Jörð úr ægi (1961) er áfram erótísk en ber þó annan svip en fyrri bækurnar. Mér finnst hún geta verið tilhugalíf og brúðkaupsferð í ljóði svo þrungin er hún heitri ást. Jafnvel náttúran smitast af mannfólkinu – eins og þegar „hvílubráð sólin leggst undir jökul“.

„Það finnst mér góð lýsing!“

Hvernig hugsarðu heiti bókarinnar?

„Ég var við landbúnaðarstörf í Bretlandi átján ára, og þegar ég kom heim kynntist ég Hönnu. Hún átti svo mikið af þessu landi okkar. Ég hafði kynnst því á sjó, í vegavinnu, á síld, en náði því aldrei í fókus fyrr en

ég kynntist henni. Hún færði mér þessa grónu sveitamenningu sem hún var alin upp við. Þótt ég væri reykvískur strákur alinn upp við hernám og í bröggum og annað þvíumlíkt, þá var ég alltaf móttækilegur fyrir arfleifð okkar, og það skerptist rækilega við kynni okkar Hönnu. Við giftum okkur 1953, en það var ekki fyrr en löngu síðar sem ég orti *Jörð úr ægi*, því að ég var þá enn að dunda við þessar æfingar sem dugðu ekki.

Hanna kom með landið til mín og ég hætti að greina milli hennar og tilfinningarinnar fyrir landinu. *Jörð úr ægi* er vísun í Völuspá þegar sagt er að þeir eignist nýja jörð, hún rís upp. Það er þessi nýja jörð sem ég hef eignast með ást minni á þessari stúlku. Hún kom hlaupandi með öll öræfin og allt landið upp í fangið á mér. *Jörð úr ægi* er um það."

Húmor og rím

Þegar þú ert ögrandi og óvæntur þá virkar það oft á mann sem fyndni, eins og þegar gamli maðurinn segir um konuna sína í „Hversdagsljóðum": „Ég væri löngu búinn að drepa hana / ef ég væri ekki svona myrkfælinn." Hvaða hlutverki gegnir húmor í ljóðum?

„Sama og í lífinu sjálfu. Húmorslaust líf er ömurlegt. En það er ekki sama hvar fyndni á sér stað. Hún á sinn tíma. Það er ekki hægt að vera fyndinn í ljóði bara til að vera fyndinn. Eins og í lífinu sjálfu heitir það aulafyndni og er ekki eftirsóknarvert í skáldskap. Húmor verður að vera hluti af alvörunni, bregða ljósi á eitthvað sem er alvarlegt. Hann verður að vera annaðhvort sólin sem kallar fram skuggana eða skugginn sem verður til af sólinni. Það er ekkert ömurlegra til en þegar menn eru að reyna að vera fyndnir og eru það ekki."

Á stöku stað í Jörð úr ægi bresturðu í rím og stuðla, og Vor úr vetri sem kom 1963 er öll hefðbundin. Um hvað er hún?

„Hún er viðbrögð við ferðum mínum um landið og þeirri ógnvænlegu veröld sem grúfði yfir okkur þegar hún var ort. Þetta er bók sprottin úr kalda stríðinu en í íslensku umhverfi. „Ó þessi nótt með hroll í hverju spori / helgrindaköld með engan svip af vori" segir þar, en í lokin „rís fold úr mar með sól er stendur kyr". Þetta eru andstæðurnar von og ógn. Þessi bók er ekki ort í fínum ljóðrænum sonnettum heldur með hráslagalegum hætti, öðruvísi en menn sögðu að sonnettan ætti að vera. Það er meðvituð tækni sem ég nota til að minna á þann hrjúfa heim sem við lifðum í þegar bókin var ort.

Ég held áfram að vísa í Völuspá í þessum flokki. Hann var ortur á ferðum um landið og göngu í Reykjavík. Meðan ég var að yrkja hann var ég

alltaf með hugann við hann. Það komu alltaf einhverjar sonnettur og ég varð dálítið hissa því þetta var ekki það sem stóð hjarta mínu næst. En ég varð að gera upp umhverfi mitt á þessum tíma. Koma reglu á hlutina í reglubundnu formi."

Finnst þér alveg eins létt eða erfitt að yrkja bundið og óbundið?

„Að sumu leyti þykir mér erfiðara að yrkja bundið þannig að mér finnist það takast. Þú hefur séð það í síðustu bundnu ljóðunum mínum að þau eru eiginlega allt öðruvísi hefðbundin kvæði en hefðbundin kvæði eiga að vera. Og ég held að það hafi verið alveg rétt hjá Þórbergi þegar hann sagði að ég yrði alltaf atómskáld, alveg sama í hvaða stíl ég væri að yrkja. Ég hef alltaf svolítið súrrealistíska afstöðu til umhverfisins, er það ekki?"

Það hugtak kemur oft upp í hugann þegar maður les ljóðin þín.

„Þá skiptir ekki máli hvort ég yrki óbundið eða bundið. En mér finnst ég vera farinn að ná tökum á því sem mig langar til að yrkja bundið, það var löng leið að því. Eitt af því sem ég gerði mér grein fyrir þegar ég var ungur er að ég var seinþroska og átti að bíða þangað til ég dytti af trénu. Hannes Pétursson var til dæmis óskaplega bráðþroska skáld. Líklega ekki annað jafnbráðþroska skáld á Íslandi nema kannski Hannes Hafstein eða Kristján Fjallaskáld.

Eftir að *Fagur er dalur* kom út fékk ég fallegt bréf frá Jóni úr Vör. En hann varar mig líka við og segir: „Ég held að þetta sé heilsteyptasta bókin þín, og rímuðu kvæðin eru svo vel gerð, að satt að segja held ég að síðustu árin hafi ekki öðrum tekist betur, þegar frá er skilinn Jóhannes úr Kötlum… Ekki skaltu samt halda, að ég ætli sérstaklega að hvetja þig til að taka rímið framyfir rímleysið, en það er gott að geta brugðið hinu fyrir sig." Þetta bréf er skrifað 15. maí '66. Það var uppörvandi og mér þótti vænt um það. Og þá ekki síst þessa klausu: „Nú skrifar Ólafur (Jónsson) í dag, og það er nú kannski þessvegna sem ég skrifa. Honum finnst þú vera of margorður. En ef þú værir það ekki, Matthías minn, værir þú ekki höfundur ljóðanna, heldur einhver annar. Þetta er nú einmitt þinn máti, það sem gerir ljóð þín ágætlega læsileg og gefur þeim sérstakan blæ. Ég hef ekki trú á því, að þú gerir betri bækur með t.d. stuttum ljóðum, en kannski á ég eftir að lifa það. Kvæði af þessari gerð er ósköp auðvelt að tæta í sundur, taka úr þeim eitt til tvö erindi og segja að hinu öllu sé ofaukið. Það væri vissulega auðvelt að fullvissa smekkmenn eins og okkur um að í einstökum tilfellum væri þetta rétt. En þú mundir bara ekki yrkja svona, – það er einmitt hraðinn í ljóðaveðri þínu – og svo sá blær í ljóðabókinni, sem við það skapast, sem gerir bókina að þinni bók."

Þú getur rétt ímyndað þér hvað mér þótti vænt um þessi orð brautryðjandans í íslenskri ljóðagerð. Þau voru mér ómetanlegt veganesti og ég tel enga goðgá að minna á þau í þessu samtali okkar."

„Uppalningur Steins"

Fagur er dalur kom út 1966, myndarleg ljóðabók, 150 síður og vel notaðar. Þetta er líka fyrsta ljóðabókin sem Almenna bókafélagið gaf út, áður hafðirðu verið hjá Helgafelli. Er saga af þessum útgefendaskiptum?

„Nei það var bara gott samstarf milli Ragnars í Smára og bókafélagsins og bókafélagið tók mig að sér með fullu samþykki hans. En það er saga af byrjuninni. Ég fór með handritið að *Borgin hló* til AB. Þar var stórt bókmenntaráð sem afgreiddi ekki hlutina strax. Mér þótti vont að þurfa að bíða svo ég segi við Ragnar einhvern tíma að það liggi óafgreitt handrit eftir mig hjá AB. Þá segir Ragnar: Sæktu það og komdu með það til mín. Og hann gaf það út eins og skot. Þess vegna var ég með næstu bækur mínar hjá honum, þangað til ég óx alveg eðlilega inn í bókafélagið og við Tómas Guðmundsson vorum orðnir vinir.

Ég fór með handritið að *Borgin hló* til Steins og hún er næstum því að öllu leyti eins og hann raðaði henni upp. Við vorum afar góðir vinir, en það var ekki hægt að vera vinur Steins og Tómasar beggja. Kannski hafði Magnús Ásgeirsson leyfi til þess, ég efast um Snorra Hjartarson sem var vinur Tómasar alltaf, en fyrir strák eins og mig á þeim árum var það ókleift. Þó var aldrei illt milli Steins og Tómasar heldur hlutlaust. Eftir að Steinn dó tók Tómas mér tveimur höndum, og skömmu seinna vann ég viðtalsbók við hann, *Svo kvað Tómas*. Mér þótti jafnmikilvægt að eiga hugmyndir Tómasar um eigin skáldskap og ef það væri til viðtalsbók við Jónas Hallgrímsson. En það var ekki auðhlaupið að því verki; öll samtöl skrifuð út og kjarninn einn eftir. En upp úr þessu urðum við vinir og hann las öll mín ljóð meðan hann hafði heilsu til.

Tómas var í bókmenntaráði AB þegar *Borgin hló* var þar til umræðu, og þá var fyrirstaðan kannski þessi: „uppalningur Steins". Tómasi leist ekki á blikuna þegar ég gaf út tvær bækur með stuttu millibili. Einu sinni kom hann inn í Bókaverslun Ísafoldar, horfði í kringum sig og sagði grafalvarlegur við afgreiðslustúlkuna: Hefur nokkur bók eftir Matthías Johannessen komið út í dag?"

Í fagur er dalur eru Sálmar á atómöld, nýstárleg trúarljóð, tilgerðarlaus og einlæg en oft óvænt og jafnvel léttúðug. Hvaða hlutverk ætlaðirðu þeim?

„Ég ætlaði þeim að minna á þá bjargföstu skoðun mína, að hátíðleikinn

er í hversdagsleikanum. Ekki í kirkjum eða á hátíðastundum. Hátíðleikinn er þar sem maðurinn er í hversdagslegu lífi sínu andspænis forsjóninni en ekki í tilbúnum stellingum þar sem hann heldur að lotningin hæfi honum best. Það er ekki laust við að ég sé að þessu leyti pínulítill sósíalrealisti. Það skyldi þó ekki vera?"

Mér fannst ég finna fyrir Sálminum um blómið í sálmunum þínum. Getur það verið?

„Ekki mér vitanlega, en ef það er tilfellið þá gleðst ég yfir því. Það fyndist mér gott veganesti."

Kannski er afstaða Þórbergs og einlægni bara sviðuð tóninum í Sálmunum. En hvað með „Mater dolorosa" eftir Jóhannes úr Kötlum?

„Nei, ég get ekki séð nein meðvituð áhrif á Sálmana. Þeir eru bara náttúrufyrirbrigði. Þeir komu í einu, ortir í æði eins og *Hólmgönguljóð*, ég var varla mönnum sinnandi. En heitið á þeim getur verið meðvituð ögrun. Atómskáldið slær í borðið og segir: Það er ekkert eitt fyrirbrigði sem heitir sálmur. Þetta geta verið sálmar eins og hvaða hefðbundnir sálmar sem eru. Í þessum sálmum er lotning, en það er lotning fyrir hversdagslegu lífi mannsins þar sem hann stendur andspænis forsjóninni, skrautlaust og einlægt. Engar krúsídúllur eða tákn til að fela sig bak við, og engar skírskotanir eins og oft annars í kvæðunum mínum."

Þó finnst mér í 13. sálmi að þú sért að spjalla við Hannes Pétursson þegar þú segir „Asklok er ekki himinn. // Og ég trúi því ekki / að kistulok taki við / af himni og heiðum stjörnum."

„Já, þetta er svar við „Söngvum til jarðarinnar" eftir Hannes – „Undarleg ó-sköp að deyja / hafna í holum stokki, / himinninn fúablaut fjöl / með fáeina kvisti að stjörnum." Þetta er ekki mín skynjun en ég reyni að svara honum hlýlega."

Aldarfjórðungi síðar komu Sálmarnir út sér í bók, og nú eru þeir ekki lengur 49 sem mér fannst falleg táknræn tala – þú segir með henni að þú sért ekki að keppa við Hallgrím Pétursson – heldur 65 – er það líka tánkræn tala?

„Ja, kannski ekki táknræn tala en táknar þó meira öryggi. Ég er búinn að kanna það að enginn getur hafnað því að þetta séu sálmar – *á okkar öld*. Ef ég trúi því, eins og ég gerði þegar ég gaf þá út í annað sinn, þá legg ég til hliðar alla hæversku. En Hallgrímur Pétursson fylgdi mér úr æsku því móðir mín talaði oft um hann við mig og kenndi mér hann. Ég átti mjög trúaða móður. Hún var bæjarfógetadóttir í Reykjavík, og þegar inflúensan kom 1918, Spánska veikin, þá fór hún niður í Miðbæjarskóla og líknaði

veiku og deyjandi fólki. Þar tók hún fátækan dreng að sér og foreldrar hennar ættleiddu hann, hann var eins og bróðir hennar. Hann hét Ólafur Engilbert og átti að fá nafn afa míns þegar hann yrði fermdur en hann dó áður. Það var mikil sorg í fjölskyldunni. Eina skiptið sem hann hét fullu nafni þessa fólks var í dánartilkynningunni.

Svona kona var móðir mín."

Þú fjölgar sálmunum en styttir líka oft þá gömlu og breytingarnar eru yfirleitt til bóta, en margar mætti ræða. Mér finnst þú hátíðlegri í endurgerðinni, og ekki eins pólitískur. Til dæmis skrifaði ég hjá mér þessa setningu úr frumgerðinni: „Getur nokkrum stokkið bros / í heimi svo hróplegrar eymdar?" Í seinni gerðinni er hún horfin!

„Er það? Ég reikna með því að hún hafi horfið ekki vegna meiningar heldur vegna þess að mér hafi fundist hún of prósaísk."

Einu sinni í þessari endurgerð tók ég eftir að þú notar tækisþágufall í samræmi við breyttan ljóðstíl þinn á árunum sem líða á milli gerðanna tveggja af Sálmunum: „Við höfum séð vindinn / leggja hönd svartra skugga / á vatn árinnar" í XLIII. sálmi verður í 52. sálmi nýju gerðarinnar:

Við höfum séð vindinn
fara ána
svörtum skuggum.

Hvers vegna ertu svona hrifinn af tækisþágufalli?

„Mér finnst þetta seinna helvíti fallegt. Elegant. Áherslan færist frá prósatilfinningu yfir í ljóðræna tilfinningu. En er ekki gaman að eiga þetta í báðum gerðunum? Til þess að bókmenntafræðingar hafi eitthvað að gera!"

Þetta stílbragð kemur ekki fyrir í fyrstu bókunum þínum, fer svo að leita á þig. Þetta er ein leiðin sem þú notar til að þjappa. Gera myndina beinni. En er þetta upp á fegurðina?

„Já, ljóðrænni blæ."

Vísur um vötn koma næst, 1971. Gamansamir bragir í anda Annesja og eyja eftir Jónas. Bæði er formið afbrigði af forminu sem hann notar og aðferðin: að tala um samferðamenn eins og þetta sé prívat kveðskapur.

„Þetta er tilbúið tilbrigði við Jónas. Ég hafði ort eitt kvæði af þessu tagi áður, eftir Ameríkuferð, það er í *Ferðarispum* og fyrirsögnin er *Stop the bloody war* ef ég man rétt. Það er um Víetnam. Þessi bók er upplyfting, en ég afneita henni ekki."

„Hvers vegna er ég ekki hagamús“

Karlmaðurinn sem persóna, bæði í ljóðum karla og kvenna, er oftast hviklyndur, hann kemur og fer. Í „Myndum í hjarta mínu“ í Fagur er dalur fengum við fyrstu myndirnar þínar af heimilisföðurnum, ástríkum föður og eiginmanni, sem heyrir vorið koma í hjali barnsins síns. Ennþá nær honum komumst við í „Hversdagsljóðum“ í Mörg eru dags augu frá 1972, þar sem þú opnar inn á öryggisleysi hans, kvíða, löngun til að flýja ábyrgð. Þarna ertu líka hefðabrjótur. Hvernig var þessum heimilislegu ljóðum tekið?

„Ég orti þessi ljóð eins og alla ljóðaflokka sem ég hef ort, í einhvers konar æðiskasti. Það hvíldi á mér að svona ljóð hefðu ekki verið ort. Mér fannst að þetta væri hin hátíðlega gleði lífsins, að vera svona hversdagslegur. Eins og í Sálmunum. Ég reikna með því að „Hversdagsljóð“ hafi ekki þótt nógu fínn skáldskapur, en ég man ekki til þess að það hafi verið haft orð á því. Á þessum flokki er algerlega mitt tungutak.

Þegar við Hanna vorum í Everglades þá sáum við fugla sem voru eins og fiskar og fiska sem voru eins og fuglar. Um það orti ég nokkur kvæði svona mér til minnis í staðinn fyrir að hnýta hnút á vasaklútinn minn. Það eru kvæði eftir mig um allt heima, á alls konar minnismiðum. Hanna hefur stundum geymt þetta að gamni sínu. Í nýju umhverfi breytist ég sjálfur í eitthvað nýtt og ég fer að spinna inn í þetta umhverfi til að ná einhverri handfestu. Í náttúrunni tekur allt á sig þá mynd sem hentar, og í einni af þessum fínu sjónvarpskvikmyndum Attenboroughs þá getum við séð hvernig fuglar sem frjóvga plöntur laga sig að þeim, og hvernig þær laga sig að fuglsnefjunum sem eiga að dreifa fræjunum. Maður sér pínulitla fugla með ógurlega löng nef sem þeir stinga ofan í blómkrónu eftir fæðu en taka um leið frjó blómanna og dreifa þeim. Ég verð æ meir þeirrar skoðunar að hið lífræna efni hugsi. Náttúran lagar sig að aðstæðum eins og hún hugsi eftir aðstæðum. Hún býr til nef fyrir blóm, hún býr til blóm fyrir nef. Og okkur er alltaf hollt að draga ályktanir af náttúrunni. Hún er sá stóri lærimeistari. Gott ljóð lagar líka form sitt eftir efninu. Og þegar við tölum um nýtt form, þá er það umhverfið, nýr tími, sem kallar á þetta nýja form. Við erum partur af náttúrunni, þess vegna notar hún okkur til þess að búa til nýtt form sem hæfir því sem við erum að gera. Sama formið hentar ekki öllum kvæðum. Kvæðið verður að leita að forminu í samræmi við það efni sem um er fjallað. En það er mikil list að velja kvæði ytra form sem efninu hæfir. Það geta ekki nema mikil skáld. Ég held að þar skilji á milli. Óskaplega mörg ljóðskáld yrkja út úr blýmótum.

Þá fer skáldskapurinn á mis við fjölbreytni náttúrunnar.

Enginn skyldi halda að svokölluð opinská ljóð séu endilega opin. Þau leyna á sér; segja oft eitt en meina annað; eins og öll góð ljóð."

Þú ert að skrifa um þína kynslóð í Mörg eru dags augu, og þú ert að skrifa um ungu kynslóðina í landinu, þú ert að gefa breiða mynd af íslensku samfélagi á þessum tíma, okkur og ykkur…

„… án þess að gera mér grein fyrir að þetta væri eitthvað nýstárlegt. Sálmarnir voru meðvituð gleði yfir hversdagsleikanum og uppreisn gegn hinni hátíðlegu trú. Hversdagsljóðin voru líklega eðlilegt framhald. En þau voru ort af ást, og í þeim er mikið þakklæti yfir þeirri veröld sem ég hafði eignast þrátt fyrir misjafna reynslu mína í æsku. En hið arfborna öryggisleysi togast á við þessa gleði, ég kveið því að missa það sem ég hafði eignast. Ótti við dauðann sótti sterklega á mig, því ekki vildi ég yfirgefa þetta hreiður. Það háði mér um tíma á ferðalögum. Þessi ljóðabálkur er ókaraður hversdagsleiki; eins og maður segi: ég ætla að fá mér jógúrt. Óskaplega óskáldlegt. Hvar er hreina skyrtan mín! Þegar ég hef lesið það kvæði þá veltist fólk um af hlátri.

Manni dettur ekki í hug að eitthvað sem er fullkomlega eðlilegt geti verið frumlegt. En kannski er það frumlegt, ég veit það ekki."

Þú talar líka um kynslóðina sem er ung í landinu á þessum árum, hippakynslóðina. Hvernig finnst þér hafa ræst úr henni?

„Vel. Framúrskarandi vel. Ég er óskaplega hrifinn af blómakynslóðinni. Hún kenndi mér margt þegar ég var að nálgast fertugt. Og ég fylgdist vel með henni því Haraldur sonur minn var af þessari kynslóð. Hann lét mig hafa hitann í haldinu ekki síður en ég hann. Þetta samtal á milli okkar gagnaðist mér sem ritstjóra og ekki síður sem skáldi. Ég tel að þessi kynslóð hafi augðað okkar þjóðlíf, en á sínum tíma voru margir svartsýnir út af henni, með öndina í hálsinum út af henni, en það var óþarfi. Ég hafði gaman af að yrkja um hana og leiða hana fram gegn klisjum og ómerkilegri pólitík."

Í bókinni eru líka „Ljóð fyrir börn". Í lok þeirra segir: „Ó, ef allar styrjaldir / væru háðar / í barnaherbergjum." Hvað meinarðu með því?

„Þegar ég var drengur í stríðinu þá vorum við alltaf í stríðsleik, lékum okkur að stríðstólum eins og strákar hafa alltaf gert. Við gengum í röðum og við lékum hermenn og svo framvegis. Þarna er ég að skírskota í þá köldu veröld sem var í kringum okkur, og velta því fyrir mér hvað heimurinn væri indæll ef allar styrjaldir færu fram í barnaherbergjum og aðrar styrjaldir væru ekki til."

Á þessum árum var mikið talað um stríðsleikföng, og ég man eftir að ég hugsaði: Ef styrjaldirnar væru ekki háðar í barnaherbergjunum þá væru þær kannski hvergi háðar. Þegar börn leika sér í stríðsleikjum þá venjast þau við stríðshugsunarhátt.

„Það er svo mikið eftir af dýrinu í okkur, slagsmálahundinum, að það myndi engu breyta þótt öll stríðsleikföng væru bönnuð. En það væri gott ef börnin gætu lokið styrjöldum sínum af í barnaherbergjunum. Þessi upphrópun felur í sér löngun um að við fáum að upplifa góðan og friðsaman heim. Einhvern tíma."

„Þessi bók er ofnæmi"

Dagur ei meir kom út 1975 og hefst á beinu svari við „Óljóðum" Jóhannesar úr Kötlum, „Óljóð um 1. maí", þar sem segir meðal annars: „það er ekkert spaug / að vera ekki alþýðuskáld / á þessum umrótatímum." Voru þetta vondir tímar?

„Mér þóttu þetta óþægilegir tímar, neikvæðir, mér fannst vanta sátt í þjóðfélagið og meiri skilning. En ég er líka að kallast á við Jóhannes, sem mér var afar hlýtt til. Þegar Jóhannes átti að koma fram í sjónvarpi þá hefði maður haldið að hann færi eitthvað annað en til ritstjóra Morgunblaðsins til að sækja sér viðmælanda, en hann tók þvert fyrir að neinn annar talaði við hann en ég. Við þekktumst ekkert mikið þá. Ég átti samtal við Jóhannes úr Kötlum í sjónvarpinu, og mér þótti vænt um að hann skyldi velja mig. Það varð mér eins konar opinberun um upphaf að betra heimi."

En mér finnst einhver þirringur út í Jóhannes í bókinni, sem kom þó út eftir þetta samtal ykkar – og raunar eftir lát Jóhannesar.

„Nei, en það er einhver stríðni, einhver hrekkur í bókinni, meðvitaður hrekkur. Í þessari bók er ég eiginlega að skemmta mér. Þetta er þjóðhátíðarbókin. Ég stjórnaði hátíðahöldunum 1974 …"

En þetta er ekki sátt og prúð bók eins og hefði sæmt þjóðhátíðarskáldi. Það er í henni hálfkæringur og undrun á endemum í þjóðlífinu. Nafnið sjálft er býsna róttæk vísun í þjóðsönginn: „Dagur ei meir." Er þetta feigðarspá yfir frjálsu Íslandi?

„Nei, en þetta er bók gegn stellingum."

Dagur ei meir: Aldrei framar dagur!

„Nei, ég er ekki svo svartsýnn. En það er hrekkur í nafninu. Bókin er öll einn allsherjar fyrirvari á þeim hátíðlegu stellingum sem ég var ábyrgðarmaður fyrir. Þessi bók er ofnæmi."

Hvernig var henni tekið?

„Hún seldist upp á þremur vikum. „Allir eru hégómlegir og hamingjusamir eftir innræti sínu og allir hlusta á ræður kóngsins og forsetans. Ó, ástin mín.“ Þetta eru náttúrlega gamanmál …“

En með þungum undirtóni. Þetta er ekki létt spaug!

„Nei, þetta er áminning. Samt sem áður eru þarna alvarleg tök á því sem er þjóðlega gróið og fallegt, til dæmis í 16. kvæði. Þar er ást mín á kjarna hátiðarinnar.“

Þú varst heppinn með veður.

„Já, hvað sem öðru líður þá er ég í uppáhaldi hjá veðurguðunum!

Þessi bók var líka ort í æði, og þá er ég ekkert að hugsa um smáatriði. Er þetta hrekkur, er þetta stríðni? Er þetta gegn einhverjum eða fyrir einhvern. Ég er bara að skemmta mér við að vera ég sjálfur. Ég les ekki gömlu bækurnar mínar. Ég er búinn með þær. Ég verð alltaf að finna mér eitthvað nýtt. Ég get ekki beðið lengi á krossgötum. Samt er ég feiminn og hlédrægur. Ég er alltaf á ferðalögum í huganum. Mín veröld er hérna inni. Ég fæ ekki einu sinni frið fyrir sjálfum mér á nóttunni því þá dreymir mig nýjar veraldir, ný ævintýri. Ég ræð ekkert yfir mínum heila, hann ræður yfir mér. Og ég á oft í útistöðum við hann. Marglyndur einfari, það er það sem ég er.“

„Skerin úr hafi tímans“

„Þannig koma skerin / úr hafi tímans“ segir í Fagur er dalur, og í síðasta bálki þeirrar bókar er unnið með bernskuminningar. En fyrst og fremst notarðu þær í Morgni í maí sem kom út 1978 og er gerólík næstu bók á undan að öllu leyti nema í útliti. Þetta er fjölskyldusaga og minningabók og hefst á truflandi setningu um æskuheimili þitt: „Í þessu húsi áttum við aldrei neinn frið“. Hvað meinarðu og af hverju sótti fortíðin á þig einmitt á þessum tíma?

„Þessi bók gerist á styrjaldarárum og ytri umgerðin er styrjaldarumhverfi þessa litla drengs. En inntak bókarinnar er hans eigið stríð og leit hans að föður sínum. Ég segi einhvers staðar að ég hafi verið að yrkja þessa bók í tuttugu ár, en eftir að ég hafði ort *Dagur ei meir* þá fannst mér ég hafa burði til að yrkja hana. Þetta var erfið bók, því annaðhvort takast ljóðin í þessu formi eða þau takast ekki. Þetta er einstigi milli hefðar og nýs tíma, bundins forms og formleysu. Á árunum þegar ég ólst upp var þúsund ára hefð að brotna upp, ekki síst vegna þess að Ísland var hernumið. Það koma hundrað þúsund ungir hermenn utan úr heimi. Heimurinn er kominn í heimsókn í fyrsta skipti og hann kemur með ófrið.

Ófrið sem setur allt úr skorðum, en er um leið upphafið að nýrri þjóð, nýju landi, nýrri veröld. Nýtt upphaf. Í þessum hildarleik og þessum átökum er ég á viðkvæmum aldri og bý á átakamiklu heimili. Þessi bók kom allt í einu, í þessu formi. Ég gæti ekki ort hana í dag."

Myndir Errós passa betur við þessa bók en myndirnar í Dagur ei meir

„Þó langar mig til þess að sjá hvernig kvæðin eru án myndanna. Líklega verða þau persónulegri ein, myndirnar trufla svolítið, þær eru svo sterkar. En mér þykir vænt um samfylgd okkar Errós."

Tveggja bakka veður kom út 1981. Tónn hennar er óvæntur, tær, mildur og rómantískur, tregablandinn – eins og kökkur í hálsi. Þarna er nýr Matthías. Það er eins og næstu bækur á undan hafi skúrað huga þinn. Þú losnaðir við samtímann og fortíðina og gast tekist á við þína eigin sál, þitt eigið innra líf.

„Og endurmetið ljóðlist í rólegheitum. Það er mikil sátt í þessari bók, og vísbending um hvernig reykvískur strákur getur sæst við arfleifðina."

Það eru þó fremur persónulegu ljóðin sem maður festir sig við en þau sögulegu. Í Mörg eru dags augu varð vart annarrar konu en eiginkonunnar, til dæmis í ljóði IV í „Á ferð um landið" sem endar á erótískri og fallegri mynd. Ennþá fleiri falleg ljóð um konur koma í Tveggja bakka veðri, þar sem þú líkir þeim til dæmis við kvöldsól á heiðinni, freistingu og ögurstund. Finnst þér þú vera of opinskár í þessum ljóðum?

„Nei. Þessi ljóð eru bara eins og þau eiga að vera."

Þú ert sjaldgæflega opinskár í ljóðum þínum – þó að opinská ljóð séu ekki endilega opin, eins og þú sagðir áðan, þau geta sagt annað en þau þykjast segja. En óneitanlega talarðu við lesandann um margt sem önnur skáld myndu setja í neðstu skúffuna innst af hræðslu við að koma upp um það.

„Það er annar hlutur í þessu. Í bókinni minni um Jónas Hallgrímsson bendi ég á að maður geti aldrei verið viss um hvenær hann er að tala um landið og hvenær hann er að tala um konuna. Og hvaða konu? *Tveggja bakka veður* er framhald af *Jörð úr ægi*. Konan er vafin inn í landið."

Í Tveggja bakka veðri eru nokkur söguleg kvæði, en ég verð að viðurkenna að mér finnst úrvinnsla þín úr fortíðinni oft vera of tilfinningaleg til að vera spennandi. Mér finnst ekki nóg ný hugsun í þeim, bara aðdáun. Til hvers yrkirðu um þessa frægu einstaklinga? Hvaða erindi ætlarðu þessum ljóðum?

„Ég reikna með því að þetta sé eins og gleði yfir minningu sem ég vil deila með lesendum. Ég er ekki að vinna eitthvert skylduverk heldur fjalla um fólk sem hefur haft áhrif á mig. En þessi kafli í *Tveggja bakka veðri* er

ortur fyrir bein áhrif frá Borges, og eitt kvæðið fjallar um hann. Ég hef líka gaman af að yrkja á ferðalögum, og hér er kafli um staði sem ég hef stöðvast við. Ekkert af þessu er tilviljun.

Einn þeirra sem ég yrki um er japanska skáldið Mishima sem skrifaði bókina um sjómanninn sem hafið hafnaði. Mér fannst ég sem Íslendingur eiga margt sameiginlegt með Mishima sem Japana. Hann átti að hafa þessa yfirgengilegu aðdáun á bandarískri menningu og bandarísku þjóðfélagi á sama hátt og ég á að hafa svo mikla aðdáun á bandarísku þjóðfélagi og menningu, en ég skildi hann svo vel þegar kom í ljós að þessi aðdáun var takmörkuð. Tengslin við hinn þjóðlega arf eru mér mikið súrefni. Ég get ekki hugsað mér Ísland án hans. Og Mishima var alltof bundinn sínum japanska arfi til að geta gengist upp í amerískri menningu. Þessari nýju veröld. Ég hefði aldrei getað ort kvæði um New York af sama fögnuði og Lorca. Minn hugur er að þessu leyti nær Mishima en Lorca.

Eiginlega fer svo margt í Bandaríkjunum hryllilega í taugarnar á mér. Hins vegar fór ég sextán ára gamall til Rússlands sem háseti á Brúarfossi; á tímum Stalíns. Margt í öllum óhugnaðinum þar fassíneraði mig."

Þetta hef ég nú ekki eftir þér, Matthías!

„Jú, fólkið, umhverfið, konurnar, þetta var fólk. Það er engin tilviljun að ég skrifaði „Spunnið um Stalín". Rússland fylgdi mér alltaf eftir að ég hafði verið í Leningrad þessa viku. Fólkið fylgdi manni – og andrúmsloftið. En það var til að menn sögðu eftir „Spunnið um Stalín": hvernig er þetta með hann Matthías, ætli hann sé alræðissinni? Mikið óskaplega skilur hann þetta vel!

Ég hafði mjög gaman af því. Ég skrifaði þessa sögu þannig að ég skrifaði fyrst leikrit sem dugði ekki, en ég var svo heillaður af efninu að ég lét ekki bugast heldur tók ég leikritið og skrifaði sögu upp úr því. Ég hef gert það oftar. Sagan um Hamsun í Konungur í Aragon, var fyrst leikrit."

Tveggja bakka veður endar á ljóðabálki um John Lennon. Af hverju ortirðu um poppstjörnu?

„Ég var alltaf hrifinn af Elvis Presley og Bítlunum. Ég var í Genf þegar Elvis dó og ég man þegar ég sá fyrirsögnina í fimm dálkum á forsíðu einhvers dagblaðs: „Le roi est mort!" Dauði Lennons snart mig vegna þess að þeir höfðu snortið mig. Mér fannst svo sorglegt að hann þyrfti að skilja drenginn sinn eftir. Morðið á honum var atlaga að goðsögn. Hann var tákn. Í kvæðinu er minnt á hvað það var margt ekta í áherslum Bítlanna miðað við allt mögulegt plast í kringum okkur.

Ég ræð ekki, Silja, hvað ég yrki. Ég sest aldrei niður og yrki. Stundum

hvílir eitthvað á mér um tíma sem ég kem svo frá mér í kvæði, en það er ekki óskastaða mín. Baudelaire söng ekki sín kvæði heldur vann hann með orð. Whitman vann ekki með orð, þau komu, hann söng. Þarna er munur á. Ég reikna með því að Baudelaire hafi ort „Svaninn“ um ömurleika Parísar vegna þess að hann þurfti að sýna fram á að það var ekki bara náttúran sem hægt var að vinna með heldur líka borgin. En Whitman vinnur ekki með orð til að sýna fram á að borgin sé verðugt yrkisefni, hann syngur bara um hana. Það er líka mín leið.“

Því má skjóta að hér, að þessi söngur skilar sér í upplestri, eins og þeir vita sem hafa heyrt Matthías lesa upp ljóð sín.

Ómeðvituð endurnýjun

Veður ræður akri kom út 1981, sama árið og Tveggja bakka veður. Mér datt í hug, sem er dónalegt, að í þessari bók væru eiginlega afgangar frá Tveggja bakka veðri.

„Ég mundi telja að í *Veður ræður akri* séu ljóð sem ég var að skemmta mér með og vildi ekki setja í mínar aðalbækur. Samt sem áður ljóð sem ég hafði gaman af að yrkja, og það var vandi að yrkja þau sum.“

Algeng athugasemd um þig er að sem skáld sértu ekki nógu harður og gagnrýninn á sjálfan þig. Finnst þér þú hafa birt of mikið?

„Nei. Ég get alltaf minnkað það.“

Næsta bókin þín er eiginlega svar við síðustu spurningu. Í Flýgur örn yfir (1984) gerirðu tilraun til að losna við allt úr ljóðinu nema myndina og þróar aðferð til að þjappa í mynd með lýsingarorðasamsetningum sem varð vart strax í Fagur er dalur, en varð fyrst áberandi í þessari bók og æ síðan. Samsetningarnar eru iðulega frumlegar og eiga að tryggja að myndin verði bæði snögg og skýr: nýrúin fjöll, kvöldrautt vatn, fífuhvítar júnítýrur, klófífuhvítir draumar, kvöldlaus kyrrð, flugnasuðslaus flugumýri, líkngræn gleymska, moldhaugnahálslegur draugur, skófhvítir bæir, sandblátt þáfjall, dríllaga svanir á fjallbláu núvatni hugans… Öll þessi orð eru á fyrstu blaðsíðum bókarinnar. Hvað olli þessari umbyltingu í stíl? Varstu búinn að hugsa þessa formbyltingu þína?

„Ég held að *Flýgur örn yfir* sé mikilvæg fyrir mig sem ljóðskáld þó að fáir þekki hana. Hún kom bara eins og hún kom. Mig langaði bara til að yrkja þessa bók svona. Ég var ekki með neitt forrit.“

Þó minnir hún stundum á Tímann og vatnið. Þessi aðferð að búa til lýsingarorð er talsvert notuð þar.

„Það er ekki meðvitað. Hitt er annað mál að ég hef áður sagt að engin

endurnýjun íslenskrar ljóðlistar geti farið fram án vitundar um *Tímann og vatnið.* En endurnýjunin hér er ómeðvituð. Ég er að yrkja eins og mig langaði til að yrkja þetta sumar, því ég orti þessa bók allt sumarið, hingað og þangað um landið. Þessi bók er íslenskt sumar.

En eftir þessa bók er löngunin meðvituð til að halda þessu striki. Það kemur rækilega fram í *Árstíðaferð um innri mann,* sem er merkt þessari ljóðrænu afstöðu, og líka síðasta bókin. Heilir ljóðaflokkar í síðustu bókinni minni eiga rætur í *Flýgur örn yfir*. Þetta sé ég eftir á."

Dagur af degi (1988) er einkennilega tregafull bók. Hin opnu ljóð sem þú varst frægur/illræmdur fyrir hafa lokast, og þó er fremur eins og hið persónulega sé orðið fjarlægt en að þú viljir markvisst leyna tilefnum kvæða. Ég tek sem dæmi ljóðið Hugmynd:

Hugsanir þínar
hverfa
á svörtum vængjum
inní hljóðlátt
myrkur

leðurblökur
úr djúpum bergmálslausum
helli.

„Ég verð alltaf helvíti glaður þegar ég get ort svona kvæði. Hvernig getur maður ort svona kvæði, segi ég við sjálfan mig. En ég veit það ekki, og þó það ætti að drepa mig þá gæti ég það ekki núna. Þetta er óhugnanlegt kvæði."

Ef það væri í Mörg eru dags augu hefðirðu útskýrt vandlega hvernig stæði á því að þér liði svona, en þarna er allt farið, tilefni, skýringar, allt þetta persónulega, allt nema myndin.

„Þetta eru auðvitað meðvituð vinnubrögð, eftir að strikið hefur verið tekið. Svona vil ég vinna þetta. En án *Flýgur örn yfir* hefði ég ekki ort þetta kvæði, þó að ég hafi ekki gert mér grein fyrir því fyrr en núna."

Það verður bylting í ljóðagerð þinni, en þú hefur sem sagt ekki hugsað hana? Ljóðin verða innhverf, tær, myndmálið ópersónulegra að sumu leyti en um leið margræðara…

„Ég sagði þér áðan að þegar ég var ungur skildi ég Walt Whitman, en þegar ég eldist skil ég betur Emily Dickinson. Hún var hin hliðin á banda-

ríska peningnum. Hún var andfélagslegt skáld og ljóðin lokuð eins og hún sjálf. Dickinson var hin ósýnilega kona 19. aldarinnar. Nú eru flestir horfnir nema hún.

Dagur af degi er náttúrlega framhald af *Tveggja bakka veðri* að því leyti til að hér er tungutak sem er nær klassísku tungutaki íslenskrar ljóðahefðar en ég hafði notað áður. Svona líður þetta fljót áfram – það þekkir ekki bakka sína heldur líður bara áfram. Kannski er maður bara hissa sjálfur. Stundum er maður auðvitað með meðvitaðar fyrirætlanir og þegar *Flýgur örn yfir* var komin þá var ég með meðvitaðar fyrirætlanir um að mig langaði til að halda áfram að yrkja nær þessum ljóðum en eldri ljóðunum. Ég reikna ekki með því að ég gæti í dag ort kvæði eins og eru í *Borgin hló*, hvað þá næstu bókum á eftir. En ég hef ákveðið með sjálfum mér að ég ætla ekki að breyta *Borgin hló,* ekki snerta hana, vegna þess að ég veit að þá breyti ég æsku minni í yfirvegaðan þroska. Og það eyðilegði bókina.

En ég vildi ganga frá *Sálmum á atómöld* og *Hólmgönguljóðum* eins og ég vildi deyja frá þeim; upprunalega gerðin væri hvort sem er til. Eftir því sem ég eldist hef ég miklu meira gaman af því að strika út, breyta. Ég hef nautn af því að gera uppköst og breyta þeim, strika út, vinna. Þegar ég var ungur hafði ég nautn af að gefa út. Og ég hef nautn af því að eiga handritin. Mér finnst ég stundum eins og nirfill. En svo getur maður eyðilagt með því að breyta."

Vængir og vötn

Frá með Degi af degi fer að vekja athygli lesanda hvað þú notar oft tré og fugla, vængi og vötn í ljóðmálinu. Þetta mega heita þín einkatákn. Standa þau fyrir eitthvað ákveðið?

„Vængur, vötn, fuglar, tré – það er hreyfingin."

En nú eru trén rótföst.

„Nei. Þau fyllast af fuglum og laufi á hverju einasta vori. Og vatn hefur alltaf verið fyrir mér tengingin við lífið og eilífðina. Og vængur fuglsins er þessi snerting við eilífðina, lífið. Og tréð er tákn fyrir endurnýjun, líf, eilífð. Ég hef ekki hugsað um þetta áður, en þetta sem þú taldir upp: fuglar, vængir, vötn og tré, þetta er allt andstæða við dauðann, við kyrrstöðuna, frostið. Við tortíminguna. Hreyfing og eilífð. En þetta eru líka falleg tákn, og það sem er fallegt er líka rétt og satt. Fjölnismenn litu líka svo á að fegurðin væri sannleikur. Þó að ég sé borgarbarn hef ég alltaf hugsað sterkt með hliðsjón af náttúrunni. Þar er gleði, fögnuður, aðdáun; þar er viss tegund af ótta líka. Gamalt fólk elskaði guð og

óttaðist. Ég held að ég líti þannig á Ísland, náttúru þess."

Fuglar og annað fólk kom 1991 – hún minnir mig svolítið á Æra-Tobba.

„Ég sætti mig vel við það. Gagnrýnendur hrukku við þegar þeir sáu hana og vissu ekkert hvað ég var að fara, en ég er bara að skemmta mér, efna til veislu, minna á ástina en líka alvarlega hluti. Stundum er ég að villa um eins og spóinn þegar hann er með ungana sína. Þetta eru allt ljóð eftir mig, en ég læt menn halda að þau séu eftir aðra. Eiginlega tek ég þessa bók mjög alvarlega. Ég hélt að ég gæti ekki ort hana."

Það er í henni hamsleysi og kæruleysi.

„Já, en samt eru á milli meðvitaðar ljóðrænar stemningar, og ekki laust við meðvituð áhrif frá breska skáldinu Philip Larkin. Ég tel að það sé ávinningur af því að verða fyrir áhrifum ef maður getur unnið úr þeim eitthvað sem mann langar til að gera sjálfan og sem er nýtt, þau áhrif á maður að rækta meðvitað en ekki pukrast með þau. Mér finnst alltof oft að menn séu að pukrast með sín áhrif. Öll kvæði eru samtöl við þá sem eru komnir á undan og eru í kringum okkur."

Ég spurði sjálfa mig að loknum lestri: Er þessi bók viðbrögð við starfinu, eilífu áreitinu sem þú hefur talað um eða er þetta fögnuður yfir því að múrinn skuli vera fallinn? Eða kannski hvort tveggja?

„Það er einhver gleði yfir nýrri reynslu í þessari bók, og hún sýnir að ég er ekkert hræddur við að taka sjálfan mig ekki allt of hátíðlega. Ég hefði áreiðanlega ekki ort hana þegar ég átti undir högg að sækja. Hún er yfirlýsing um að ég tel mig lausan úr þeirri kreppu. Ég er frjáls og yrki það sem mér sýnist!"

Mætir dauður á frumsýningu

Einir smámunirnir í Fuglunum heita „Horft um öxl" og hefjast svo: „Það var skrýtið að upplifa fjaðrafok". Þessi lína leiddi huga minn að leikritunum þínum sem hafa fengið misjafnari dóma en ljóðin. Finnst þér þú vera leikritaskáld? Hefðirðu viljað skrifa fleiri leikrit?

„Nei, en mér finnst gott að hafa fengið tækifæri til að reyna þetta svið eins og önnur. Ég hafði gaman af að skrifa leikritin meðan ég var að því. En þegar maður skrifar leikrit þá er maður í svo fjölmennu kompaníi að maður ræður litlu. Og niðurstaðan er eins og hún er hvort sem manni líkar betur eða ekki. En það er mikið ævintýri að sjá leikrit lifna og annað fólk túlka það sem maður hefur verið að reyna að hugsa

og setja á svið, þó að það verði aldrei eins og maður hugsaði sjálfur. Ég hef minni áhuga á að skrifa leikrit eftir því sem ég eldist, og ég held að mér finnist síðasta leikritið mitt, „Sjóarinn, spákonan, blómasalinn, skóarinn, málarinn og Sveinn“, eins ljóðrænt og ég get orðað mínar hugsanir um annað fólk í leikritsformi. Eiginlega liggur engin leið þaðan.

„Sólmyrkvi“, fyrsta leikritið mitt, hefur aldrei verið sýnt, en Ragnar gaf það út. Það fjallaði um næsta nágrenni mitt þegar ég var ungur blaðamaður, og ég hef þá rómantísku skoðun að það sé viðamesta verkið mitt. En ég hef ekkert verið að biðja um að það verði sýnt, af því ég vil lifa í þessari blekkingu og eiga þá eitthvað inni ef út í það færi. Svo er annað verk sem ég lagði mikið upp úr, það var „Sólborg“, sem hefur bara verið prentað. Mér var boðið að láta færa það upp í Þjóðleikhúsinu en ég vildi það helst ekki af því ég var dálítið lemstraður ennþá eftir „Fjaðrafok“. Þá. Stundum síðan hef ég gælt við þá hugmynd að það væri hægt að gera úr „Sólborgu“ dramatíska sýningu um ægilegar kvalir móðurinnar sem varð að upplifa þau ósköp sem á hana voru lögð í kringum þennan harmleik. Sem sagt, leikrit um Job. Það getur verið að einhver snillingur geti einhvern tíma komið þessu til skila. Ef „Sólmyrkvi“ verður einhvern tíma sýndur að mér dauðum þá verð ég mættur á frumsýningu.

Leikritin mín fjalla um hversdagslegar martraðir fólks sem hefur lent utangarðs. Þetta fólk er ekki í neinum stellingum og lifir oft betur í eigin heimi en margur innangarðs. Ég hef oftast beinar fyrirmyndir að persónum – ég þekkti stúlkuna sem ég skrifaði um í „Fjaðrafoki“ og í „Sjóaranum…“ eru Júlli skóari, Villi frá Skáholti og aðrir vinir mínir utangarðsmennirnir sem ég kynntist ungur og sem mér fannst oft meira ekta en ýmislegt fólk hærra sett í þjóðfélaginu.“

Finnst þér þá að þú, Matthías Johannessen, ritstjóri Morgunblaðsins, sért á einhvern hátt utangarðsmaður?

„Á margan hátt hvítur hrafn, já, það hef ég verið í umhverfi mínu.“

„Einn / við ána // eyðibýli / í gnauðandi vindum.“ Finnst þér þú standa einn?

„Ég skil vel eyðibýlið í gnauðandi vindum. En það eru forréttindi að standa við ána.

Ég er ekki alinn upp á efnuðu heimili heldur mjög dæmigerðu heimili opinbers starfsmanns sem átti áreiðanlega oft erfitt með að láta enda ná saman. Einu sinni á kreppuárunum heyrði ég pabba segja: ég

hef ekki mikla peninga en ég hef vinnu. Þetta mótaði mann. Mínir vinir voru sumir heildsalasynir og í þeirra augum var ég venjulegur strákur. Svo átti ég líka vini sem voru óskaplega fátækir. Þú manst eftir kvæðinu um Jósef Björnsson í *Morgni í maí*. Hann var góður vinur minn en þau voru svo fátæk að móðir hans bjó með drengjunum sínum í kompu inn af þvottahúsi í kjallara við Sólvallagötuna. Þessi strákur er á bak við söguna af Absalon í *Hvíldarlaus ferð inn í drauminn*. Hann býr í þvottahúsi en fyrirheitna landið er hús bankastjórans hinum megin við götuna, og hann endar í því húsi. En þá deyr hann. Og þetta var staðreynd. Jósef var ekki fyrr fluttur í húsið en hann dó. Þetta er sönn saga, en hún er auðvitað ósönn líka af því hún er alger skáldsaga. Mamma Jósefs var til dæmis allt önnur persóna en móðir Absalons. Margt er beint frá sjálfum mér í sögunni og annað ímynda ég mér út frá persónunni. En Jósef vinur minn var fyrirmyndin að manninum sem þarf að komast yfir götuna. Þetta er eiginlega allegórísk saga í aðra röndina.

Þegar ég var að alast upp þá spurði enginn hvort einhver væri fátækur eða ríkur. Eina skiptið sem ég man eftir peningalegri stéttaskiptingu var þegar pabbi eins vinar míns eignaðist bíl í byrjun stríðsins og við stóðum við nýja bílinn hans fyrir framan húsið þeirra á Hávallagötunni; hann var auðugur heildsali þessi maður, og þessi leikbróðir minn setti höndina á bílinn og sagði: „Ekki á pabbi þinn svona bíl.“ Ég gleymi þessu aldrei. Og ég hef sagt það við hann fullorðinn að þetta sé ein af örlagasetningunum í lífi mínu!“

Skilaboð skáldskapar eru skáldskapur

Árstíðaferð um innri mann (1992) er falleg bók en þunglyndisleg.

„Já, í þessari bók er farið að örla á því að skrifarinn er farinn að merkja haustið. En ekki þannig að hann sé eitthvað dapur yfir því. Þú sérð í þessari bók fögnuð sem er tengdur ástinni. Það er hægt að upplifa ástina aftur og aftur og ekkert síður að hausti en vori, vegna þess að það er svo margt í náttúrunni sem kemur í ljós á haustin – sem við sjáum ekki alltaf. Það er ekki dauðabeygur í þessari bók heldur vitund, grunur eins og grunur trésins um að það hausti og tréð býr sig undir það. En skáld verða að vera sígræn eins og lerkið. Þau geta ekki verið eins og birkið. Mér finnst það auðvelt. Þegar ég var ungur hugsaði ég mikið um dauðann. Þegar ég hef elst hugsa ég mikið um lífið. Ég held að sú hugsun sé í þess-

ari ferð um innri mann, af því að það er engin uppgjöf í þessari bók. Hún er framhald af *Flýgur örn yfir* sem er ferð um umhverfi mitt og gleði sem það veitir."

Þjóðhátíðarárið 1994 kom út ljóðabókin Om vindheim vide frumútgefin á norsku í þýðingu Knuts Ödegårds, en var svo í ár felld inn í nýju bókina á frummálinu. Sama ár kom út á íslensku bókin Land mitt og jörð sem hefst á miklum ljóðabálki, „Að vökunnar mildandi ljósi". Hvaða boðskap flytur þessi bók á þjóðhátíðarári til landa þinna?

„Þessi bók er flæðandi óður um land og náttúru, arfleifð okkar. Þessi bók er mikill fögnuður."

En hver eru skilaboðin í henni?

„Skilaboðin. Þú vilt fá skilaboðin? Skilaboðin í þessari bók eru nýtt form sem lagaði sig að hugsun minni þegar ég orti hana. Ég hafði aldrei ort í þessum breiða hálfprósa, og skilaboðin voru fögnuður yfir því að ég hefði enn hugmyndaflug og tilhlökkun í mér til að geta ort í þessum hætti í framhaldi af *Jörð úr ægi*. Boðskapurinn er um ljóðlistina sjálfa.

Land mitt og jörð var náttúrlega framhald af bókinni um Jónas. En hún er ekki boðskapur um Jónas heldur minnir hún á að Jónas og Eggert eru á næstu grösum. Hún er full af innrætingu Jónasar, en hún er fyrst og fremst spuni inn í samtíð sem hefur gefið mér svo mikið og sem mig langar til að skila einhverju til baka. Samtal við þjóðlífið, fortíð og nútíð og þessa gleði…

Ég er alltaf að reyna að forðast að nota orðið þjóðernissinni, ég er nefnilega svo djöfull mikill þjóðernissinni, en ég þori ekki að nefna þetta orð. Það er forréttindastaða að vera íslenskt skáld."

Nýja bókin þín heitir Vötn þín og vængur (1996), en þrátt fyrir ljóðrænt nafn er í henni einhver heimsendastemning. Tökum fyrsta ljóðið, „Minningu um Valhúsahæð", sem hefst á þessu erindi:

Hundshræ liggur hugmynd mannsins
og rotnar við sorphauga hverfulla
daga en tennurnar hvítar perlur,
á Valhúsahæð er verið að krossfesta mann
og verktakar almenningsálitsins önnum kafnir
að reka blóðuga nagla í hann.

Þetta er alvörugefin bók.

„Þetta er bók sem er sprottin úr langri og stundum dýrkeyptri reynslu

manns sem hefur horft á veröldina í kringum sig og upplifað hana með ýmsum hætti, sem hefur horft á ógæfu fólks og ofbeldisverk og ekki alltaf verið yfirgengilega hamingjusamur með vegferð mannsins á tuttugustu öldinni. Í þessu erindi er auðvitað skírskotun í Stein, 51. passíusálm, og líka í Sigurð Nordal sem segir frá þessu hundshræi í Einlyndi og marglyndi. Allir gengu framhjá því með fyrirlitningu, spörkuðu í það, héldu fyrir nefið. En svo kom Kristur og sagði: Þessar hvítu tennur glitra eins og perlur! Svo heldur kvæðið áfram og þar er minnst á erfiðleika mannsins, en í lokin kemur fram viss gleði yfir þessari reynslu þegar ég segi:

> við gróin haustspor í huga
> eins og vötn og fugl bregði væng
> að hringiðu deyjandi báru
> og vitund þín vex eins og minnislaus
> tími felli ár sín að ári og geislandi
> daga að deyjandi skímu.

Við erum auðvitað á vegferð um dauðann. En það er viss fögnuður þarna líka."

Svo talarðu um Shiva, Bagavad-gida, Indra og svo framvegis. Heldur þú að almennur lesandi skilji ljóðin í fyrsta hluta þessarar bókar án þess að vita eitthvað um austræn trúarbrögð?

„Ég ætlast ekki endilega til þess, en ég ætlast til þess að góður lesandi skilji eða komist í samband við það ljóðræna andrúmsloft sem er nægilegur boðskapur að mínu viti."

Er ekki nauðsynlegt til skilnings að þekkja þetta?

„Nei. Vegna þess að ljóð eru til þess að breyta lesendum í skáld. Þau eru eins og efnahvörf – losa um skáldið í huga lesandans. Og í svona kvæðum fá lesendur mörg tækifæri til að njóta þess að vera sjálfir skáld, og halda áfram að velta fyrir sér þessari vegferð okkar frá Indlandi og heim til Íslands og upplifa hana eins og þeir vilja sjálfir. Þetta er minning um okkur sjálf, vegna þess að við erum með þessar skírskotanir í blóðinu. Í litningunum. Það hefur verið sagt að mesta minni sem til er sé minni litninganna. Í fyrsta hluta bókarinnar er fjallað um almenna sögulega geymd mannsins, dýrmætasta arf sem við eigum. En reynt að setja hann í þann skáldlega búning að hver og einn ætti að geta upplifað þessa reynslu eins og honum þóknast en ekki eins og ég geri tilkall til, því ég geri ekkert tilkall. Þessi fyrstu ljóð eru minning um þessa löngu vegferð

okkar sem er að mínu viti álíka heillandi og himinninn yfir okkur.

Ég tel að maður eigi ekki að gera kröfur til lesenda sinna um að þeir skilji allt, – fyrir nú utan það að ég er ekkert viss um að lesendur skilji allt eins og skáldið þó að kvæðið sé opið og einfalt. Borges biður lesendur sína afsökunar ef þeir skilji kvæði hans undir eins, vegna þess að þá hafi þeir verið búnir að yrkja það sjálfir áður!"

En ljóðaflokkurinn „Hið eilífa þroskar djúpin sín"…

„Hann er skírskotun í kvæði eftir spánska skáldið Unamuno og samtal mitt við þau spænsku skáld sem Guðbergur Bergsson þýddi í bókinni sem ber sama nafn og ljóðaflokkurinn og kom út 1992. Ég fór með þá bók af ásettu ráði með mér um landið og fylltist af landinu á þessu ferðalagi og fann að ég átti svo mikið vantalað við þessi útlendu skáld. Þessi flokkur er ortur af manni sem er eins konar farvegur fyrir arfleifð okkar, umhverfi og náttúru og telur fagnaðarefni að eiga samtal við starfsbræður sína og fulltrúa þessarar spænsku menningar sem Guðbergur kynnti fyrir okkur og mér þótti mjög vænt um að fá í hendurnar því ég get ekki lesið spænsku. En ljóðaflokkurinn er bara mitt samtal og kemur ekki Spánverjunum við að öðru leyti. Verk Gunnlaugs Schevings eru eins íslensk og hægt er en samt eru þau stundum samtal Gunnlaugs við stóru spænsku málarana. Þegar ég fékk þessa bók í hendur þá var ég eins og Gunnlaugur Scheving og stend í listasafni og er að horfa á spænska myndlist sem ég hef ekki séð áður, ég fæ hana bara í ljóði.

Það getur verið að í þessum ljóðaflokki sé ákveðið íslenskt stolt yfir því hvað við eigum mikla arfleifð. Sem íslenskt skáld hef ég aldrei minnimáttarkennd gagnvart skáldum annarra þjóða."

Návist Jónasar Hallgrímssonar er sterkari í þessari bók en nokkru sinni fyrr, og auk þess gafstu út bókina Um Jónas árið 1993. Hvers vegna er Jónas svona mikilvægur – og sterkur – undir lok 20. aldar?

„Ég held að það séu ekki endilega ljóð Jónasar sem eru svo óskaplega mikilvæg – þó að þau séu mikilvæg í sjálfu sér og falleg og áminning um það að menn eigi að yrkja vel og hugsa stórt. En þau eru svo ólík okkar heimi, okkar umhverfi, okkar arfleifð eins og hún er núna að við erum náttúrlega vaxin frá Jónasi. Það sem gerir Jónas alltaf jafnmikilvægan er að í tengslum við hann og skáldskap hans er alltaf með einhverjum hætti það sem skiptir mestu máli á Íslandi. Hann sagði okkur hvernig við ættum að upplifa það dýrmætasta sem við eigum, hvernig við ættum að vera við sjálf, hvernig við ættum að endurnýja arfinn, og hann sagði okkur hvernig við ættum að gera Heine að íslensku skáldi. Svo sagði hann okk-

ur einnig að nútímavísindi geta verið full forsenda fyrir guðstrú okkar. Hann var fæddur með mesta trúhneigð allra íslenskra skálda, en trú hans gekk í berhögg við vísindi hans tíma sem héldu því fram að efnið hefði ekki svigrúm fyrir guð. Hann hlustaði aldrei á það, og nú hafa skammtafræðingar sýnt fram á að efnið er ekki með forriti sem segir að guð sé ekki til. Þvert á móti er ekkert í efninu sem ætti að hafna þeim hugmyndum Jónasar að það sé skapari á bak við sköpunarverkið. Nú er búið að sýna fram á að efnið getur breytt sér og birst í öllum mögulegum myndum sem 19. öldin gerði ekki ráð fyrir en Jónas hafnaði aldrei sem náttúruvísindamaður. Hann sagði bara „Faðir og vinur alls sem er". Hann var svo trúaður að framan af ævi sinni þurfti hann ekki á Kristi að halda. Jónas hafði milliliðalaust samband við forsjónina. Ég hef aftur á móti ekkert samband við forsjónina af því að ég er svo mikill efasemdamaður – án Krists. Og mín trú er bundin við Krist. Að öðrum kosti væri ég að öllum líkindum guðleysingi. Ég segi í „Undir októberlaufi" í nýju bókinni:

og dagur og nótt vaxa saman
í andrárlaust formleysi tímans
sem táknmyndafræðingar kalla guð

Jónas hefði aldrei getað ort þessa setningu.

Í sambandi við skírskotanir í fyrri hluta þessarar bókar þá mætti kannski benda á að ég hef með köflum þar orðið fyrir áhrifum af bandaríska goðsagnafræðingnum Joseph Campbell sem ég hef lesið mikið. Hann hefur heillað mig með greiningu sinni á bókmenntum og goðsögulegri arfleifð, og hann kann betur en allir aðrir að leyfa bókmenntunum, þeirri stóru list, að njóta sín í greiningunni, til dæmis þegar hann fjallar um Thomas Mann og Joyce. Hann sýnir fram á hvernig stórir rithöfundar setja goðsögulegar súlur undir hof sitt – en hofið er skáldskapurinn. Campbell er mesti sérfræðingur okkar tíma í táknlegri meðferð mannsins á goðsögulegum minnum og alveg ómissandi skáldum sem hafa metnað. Og ég segi við þá lesendur sem fárast yfir því að geta ekki skilið fyrsta hluta þessarar bókar: Lesið Campbell og verðið handgengin þeim skáldlega innblæstri sem hann hefur fram að færa. Þetta eru vísindi, en maður getur aldrei skilið á milli þeirra og innblásturs í afstöðu hans og verkum. Við höfum átt menn sem hafa fjallað um íslenska arfleifð á svipaðan hátt og það á ekki að vanmeta það – þá er ég ekki síst að hugsa um Sigurð Nordal og Einar Ólaf Sveinsson. Þessir menn horfðu á stór verk í arfleifð

okkar með skáldlegum innblæstri án þess að þeir hafi talið sig finna einhvern stórasannleika. Vonandi finnst hann aldrei, þó að Einar Pálsson sé að glíma við hann af ódrepandi hugsjón.

Tilgáta mín um Sturlu Þórðarson sem höfund Njáls sögu stenst fullkomlega í *öllum* atriðum og virðist jafngilda sönnun. En hún er það ekki, heldur tilgáta. Vonandi verður hún alltaf eins og heillandi grunur; óvissa. Það væri í samræmi við goðsögulega stærð sögunnar. Hið sama á við um þá kenningu að Snorri hafi skrifað Eglu og tilgátu Hermanns Pálssonar um Brand biskup sem höfund Hrafnkötlu, en rök hans eru mjög sannfærandi, þótt þau jafngildi ekki sönnun."

Jónas hafði mótaða fagurfræði. Hver er þín fagurfræði? Hvernig á skáldskapur að vera?

„Boðskapur skáldskapar á að vera skáldskapur. Boðskapur listar á að vera list. Ef menn eru svo miklir listamenn að þeir geti komið með annan boðskap inn í sinn skáldskap án þess að það sé hrár áróður, þá er það dýrlegt. En það er ekki takmark skáldskapar vegna þess að við höfum óbundið mál, ritgerðir, þar sem við getum skrifað um það sem við viljum án skáldskapar."

Ertu þá að segja „Listin fyrir listina"?

„Nei, ekki endilega. Ég er að segja að skáldskapur sé mikil áskorun, nógu mikil áskorun til þess að það er ærið hlutverk að glíma við hann og fæstum tekst það. Það að skrifa vel og yrkja vel er þvílík íþrótt að það þarf ekkert annað til þess að eiga erindi við skáldskapinn og umhverfi sitt. En hvað menn skrifa um skiptir engu máli, það er hægt að skrifa gífurlega merkilegan skáldskap um hráslagalegustu hluti. Ef menn skrifa góðan skáldskap í búningi þjóðfélagskönnunar, eins og Halldór Laxness hefur gert, og nota hæfileika sína sem framlag til betra þjóðfélags, þá er það náttúrlega tvöfalt hlutverk."

Finnst þér skáldskapurinn verða meiri þá?

„Nei, ekki endilega. Mér finnst hann hnýsilegur sem slíkur en ekkert meira en skáldskapur sem fjallar ekki um neitt annað en skáldskap eins og Rilke eða Valéry. Eða Mallarmé. Þeir eru að rækta tunguna og hugsunina og það er ærið viðfangsefni. Ég hef aldrei séð neinn nasisma í verkum Hamsuns, samt vitum við að hann dýrkaði Hitler. En skáldskapurinn var honum nægileg áskorun til þess að vera ekki að dýrka neitt annað í verkum sínum. Ég hef heldur ekki séð kommúnisma í verkum Halldórs Laxness heldur bara boðskap um manninn. Ekkert er meira þroskandi eða mannbætandi en mikil list. Það er enginn boðskapur í Mozart. Tón-

list Beethovens er ekki að segja okkur að hafa frjálst markaðskerfi, þó að níunda sinfónían sé einhvers konar Evrópusambandslag! Það verk er mikil áskorun og boðskapur um mikilvægi listarinnar. Hún er líka veggir Almannagjár fyrir bergmálið í manninum; þannig er mikil list.

Ég hef verið ritstjóri Morgunblaðsins í 37 ár og mér hefur aldrei dottið í hug að það væri hlutverk mitt sem skálds að tilkynna það sýknt og heilagt í mínum skáldskap að einhverjir útgerðarmenn og fjölskyldur þeirra verði að eiga fiskinn, auðlindina. Þvert á móti hef ég talið það rangt og farið herferð gegn því. En ekki í skáldskap.

Jónas notaði þjóðfélagslegt umhverfi sitt í skáldskap sínum, og hann minnti okkur á hagnýtinguna og upplýsinguna, en það er ekki það sem gerir skáldskap hans mikilvægan heldur hefur skáldskapur hans gert þessi viðfangsefni merkilegri en ella. Af því hann var nógu stór til þess. Ef Jónas hefði verið ómerkilegt skáld þá skipti engu máli hvað hann orti um.

Ég hef með tímanum fengið æ meiri áhuga á þjóðfélaginu innan hauskúpunnar. Þar er mitt þjóðfélag. Það er mjög húmanistískt þjóðfélag, en það er þjóðfélag draumsins, milli draums og veruleika. Ég held að á þeim mörkum verði meira og minna allur skáldskapur til, og á sömu mörkum sé hægt að rækta mennskuna í manninum og skila henni út í þjóðfélagið."

Rómantískur raunsæismaður?

Við höfum haft ýmis orð um þig sem skáld, Matthías; við höfum nefnt raunsæi, rómantík, súrrealisma, jafnvel sósíalrealisma! Hvernig myndirðu lýsa þessum Matthíasi Johannessen og setja hann í flokk?

„Ég myndi lýsa honum sem atómskáldi upphaflega, sem tók þátt í að umbylta ljóðforminu, en með ákveðnum fyrirvara. Hann hefði ævinlega haft áhuga á því að vinna úr reynslu okkar skáldskap sem væri samstígandi við tíma okkar og umhverfi. En þótt hann hefði mikla hefðbundna tilhneigingu, bæði vegna upplags og menntunar, þá hefði hann talið að sú gamla leið hefði gengið sér til húðar og það yrði að endurnýja hana og nota til þess þá leið sem Jón úr Vör bendir á upphaflega, Steinn bendir á og atómskáldin. Jafnframt mundi ég telja að þessi maður hefði ekki gaman af að skrifa um heimilislíf kaupmanna og allra síst að lýsa umhverfinu á Bessastöðum heldur hefði hann mestan áhuga á fólki sem væri nálægt íslenskri jörð og íslenskum sjó, alþýðufólki og listamönnum sem hann telur hafa skapað þjóðinni ómetanleg verðmæti. Þessi maður er alltaf að leita að arfleifð sem sé nýtileg í samtímanum og til frambúðar fyrir okkur. Hann hefur haft svolítið fyrir því hlutskipti að stjórna stærsta blaði

þjóðarinnar áratugum saman en hefur aldrei litið á sig sem þátttakanda í borgaralegri yfirstétt heldur hefur honum liðið best sem hlédrægum utangarðsmanni.“

Það er erfitt að koma einhverjum stimpli á þennan mann. Kannski er hann rómantískur raunsæismaður? Af því þetta er jarðbundinn maður en þó með höfuðið í skýjunum stundum og rósrauðri kvöldbirtu. Það passar enginn einfaldur stimpill á hann.

„Nei. Hann er líka maður sem hefur þurft að borga skáldskapinn með ótrúlegu ofnæmi gagnvart umhverfinu, sem hann hefur með köflum þurft að glíma við.

Það er satt. Ég hef þurft að glíma við þetta ofnæmi og kyngja mörgum hlutum sem ég hef ekki þolað. En úr þessu ofnæmi hefur náttúrlega sprottið margt af því sem ég hef skrifað. Þetta er bara eins og hvert annað ofnæmi. Líkaminn berst við ofnæmið með sínum hætti og sálin með sínum hætti, ætli það ekki?“

„Ef skáldskapurinn dugar þá hefur hann síðasta orðið“

Ég tek eftir því að þú birtir ítarlega útdrætti úr erlendum ritdómum um ljóðin þín á hlífðarkápu bóka þinna, en aldrei staf úr íslenskum ritdómum. Ertu ánægðari með þá erlendu? Og hver er munurinn?

„Þetta byrjaði þegar *Klagen i jorden* kom út 1968 í Danmörku. Þegar dómarnir bárust hingað þá tel ég að ég hafi fengið leyfi til að vera skáld hér heima; þá fyrst. Það var skrifað af miklu meiri skilningi um ljóð mín í útlöndum en hér heima. Hérna var alltaf verið að skrifa um ritstjórann, erlendis var verið að skrifa um skáldið. Þeir vissu fæstir úti að ég væri ritstjóri. Ég reikna með að munurinn hafi legið í því. En ég birti einnig stundum íslenska dóma!“

Armarnir tóku auðvitað ekki mark hvor á öðrum. Þótt þú fengir lof í hægri pressunni þá var blásið á það…

„Og hægri menn tóku ekkert mark á gagnrýni vinstra liðsins – þeir eru bara að hefna sín á ritstjóranum, var sagt. Og öllum var skítsama – nema mér! Ég held að þegar Jóhannes úr Kötlum vildi að ég talaði við hann í sjónvarpið þá hafi honum fundist að ég hefði farið í gegnum svipaða hluti og hann að þessu leyti og þess vegna skildi ég hann. Við vorum báðir með vissum hætti fórnarlömb ástandsins.“

Til hvers finnst þér ljóðagagnrýni í blöðum og tímaritum vera og fyrir hvern er hún?

„Þú ættir nú að vita þetta betur en ég!

Gagnrýni á að vera upplýsandi, rétta lesandanum hjálparhönd, en hún á ekki að vera til þess að stúta skáldinu. Mig varðar ekkert um þessa expressjónistísku gagnrýni eða þessa hatrömmu gagnrýni þar sem mestu skiptir hvað gagnrýnandinn er ofsalega klár. Mér er nákvæmlega sama hvað einhver persóna segir. Það getur verið óþægilegt um tíma en hún hefur aldrei síðasta orðið. Ekki einu sinni gagnrýni mikilla áhrifamanna eins og Georgs Brandes hefur síðasta orðið, þótt eflaust hafi verið þjáningafullt að láta hann skera sig niður við trog! Ef skáldskapurinn dugar þá hefur hann síðasta orðið. En upplýsandi gagnrýni vekur með lesendum nýjar hugmyndir, víkkar sjónarsviðið, hjálpar lesandanum að njóta þess að verða skáld með skáldinu, og hún er gífurlega mikilvæg. En sú gagnrýni er afkvæmi bókmennta en ekki þeirrar blaðagagnrýni sem er meira í ætt við kjaftasögur. Og ég geri greinarmun á þessu. Ég hef fengið þannig gagnrýni áður fyrr að það var alvarleg ástæða til að pakka saman og hætta þessu ef maður hefði tekið hana alvarlega, en maður hefur ekki leyfi til að taka gagnrýni alvarlega ef hún er ekki alvarleg. Ef hún er bara uppákoma fyrir einhvern sem þarf á því að halda, að einhver segi: Hefurðu séð hvað hann skrifaði? Sástu hvernig hún afgreiddi hann? Sástu hvernig hann fór með hann? Sástu hvernig hún varð úti? Þá kemur hún manni ekkert við.“

Síðasta aðdáunarkynslóðin

Þú ert vel heima í evrópskri og bandarískri ljóðlist á þessari öld og þeirri síðustu, en lestu ung íslensk skáld?

„Ég les þau þegar ég rekst á þau. Ég er ekki eins og Sigurður Nordal var. Þegar ég heimsótti hann og drakk með honum kaffi og koníak þá var hann alltaf með allar nýju bækurnar á borðinu og búinn að kynna sér þær. Ég hef ekki fylgst kerfisbundið með ungum skáldum eins og hann gerði þó að mér fyndist það að mörgu leyti til fyrirmyndar. En ég hef vissa nautn af því þegar ég sé ljóð eftir ungan höfund og finn að ég hefði sjálfur viljað yrkja það. Það er minn mælikvarði. Og ég get alveg sagt það hér að ég var að lesa verðlaunabók Listahátíðar, *Blánótt*, og þar eru einstaka hlutir frá fólki sem ég þekki ekki sem vekja hjá mér gleði og ég segi við sjálfan mig: Það verður aldrei ort síðasta ljóðið á Íslandi!“

Dáistu að einhverju ungskáldi?

„Nei. Ég er búinn að dást að svo mörgum mér eldri að nú finnst mér kominn tími til að einhverjir fari að dást að mér! En hluturinn er sá að

okkur sem vorum aldir upp í kreppunni fannst sjálfsagt að dást að þeim sem okkur þóttu merkileg skáld og voru eldri en við, en nú finnst mér nýjar kynslóðir gera eiginlega of miklar kröfur til að ég dáist að þeim. Ég held að mín kynslóð sé síðasta aðdáunarkynslóðin á Íslandi! Mín kynslóð gerði engar kröfur til að aðrir dáðust að henni en mér finnst ég verða var við það að miklu yngri skáld geri kröfur um að maður dáist að þeim.

Ég hef stundum orðið var við áhrif frá sjálfum mér hjá ungu fólki og ég tala ekki um það og það talar ekki um það, því ennþá loðir það við að það sé ekkert skemmtilegt að verða fyrir áhrifum af ritstjóra Morgunblaðsins. Sum ljóð ákveðinna skálda minna mig svo á sjálfan mig að það er eiginlega svolítið fyndið."

Styrkur af kompaníi

Louisa Matthíasdóttir gerði myndir við Hólmgönguljóð og Gunnlaugur Scheving við Jörð úr ægi og Vor úr vetri. Svo gerði Áslaug Sverrisdóttir nosturslegar teikningar við Vísur um vötn og Erró myndir í sínum stíl við Dagur ei meir og Morgunn í maí. Varstu ánægður með myndirnar við ljóðin þín?

„Tiltölulega ungt skáld sem átti í vök að verjast þá fann ég styrk af því að einhver vildi vera í kompaníi við mig.

Ég varð hissa þegar Louisa frænka mín vildi gera þetta, en hún hafði fyrr gefið mér myndir. Þegar ég fékk skarlatssóttina fimm ára gamall þá átti að flytja mig á farsóttarhúsið svo að ég gæti dáið þar. En móðir mín neitaði því og varð eftir hjá mér í sóttkvínni en allir aðrir fluttu burt úr húsinu. Enginn fékk að koma til okkar nema læknirinn. Þá málaði Louisa myndir handa mér og sendi mér eins og kveðju á hverjum degi, stórar litríkar vatnslitamyndir sem móðir mín festi á veggina í herberginu mínu þangað til það var orðið eins og ævintýri. En þegar mér batnaði var öllu brennt sem ekki var hægt að sótthreinsa á heimilinu, líka myndunum frá Louisu. Ég sé eftir þeim ennþá.

Ég fékk líka kveðju frá kaþólska biskupnum á hverjum degi. Hann sendi mér körfu af plómum sem hann fékk með skipi frá útlöndum. Seinna fór ég í kaþólska skólann í Reykjavík, en það gerðist ekki fyrr en ég var rekinn úr Miðbæjarskólanum. Á ég að segja þér frá því?

Þegar ég var í tíu ára bekk var ég beðinn að gá að því, af því ég var alltaf á hjóli, hvort það væri hægt að fá einhvers staðar á fornbókasölum náttúrufræði eftir Bjarna Sæmundsson. Ég fór eins og sá þægi drengur sem

ég hef alltaf verið og fann einar þrjár eða fjórar bækur hjá ákveðnum fornbókasala í bænum. Svo var ég spurður í tíma hvernig hefði gengið, og ég sagðist hafa fundið þrjár eða fjórar bækur hjá Sódó. Og það var eins og við manninn mælt: kennarinn lamaðist og ég var klagaður og rekinn fyrir klám úr Miðbæjarskólanum tíu ára gamall! Þá lenti ég í Landakotsskólanum og það bjargaði áreiðanlega lífi mínu. En þetta þótti svo alvarlegur glæpur að foreldrum mínum var aldrei sagt af hverju ég var rekinn úr skólanum. Og ég vissi það aldrei heldur, ég fann það bara út löngu löngu seinna. Ég vissi ekkert hvað sódó þýddi. Ég hélt bara að maðurinn héti Sódó Jónsson eða Sódó Sveinsson.

Gunnlaugur Scheving gerði mér ljóst að hann væri ekki bara að þessu af því að við værum vinir heldur af því að hann hefði gaman af að myndskreyta bækurnar mínar. Og það var mér mikill styrkur þá því ég vissi að Gunnlaugur gerði ekkert sem hann vildi ekki gera sjálfur. Þegar Erró myndskreytti bækurnar mínar þá var það eðlilegt framhald af því að ég átti þátt í því að Erró kom heim aftur. Það munaði minnstu að Erró hyrfi Íslendingum á þessum árum. Ég frétti að hann hefði ekkert samband við Íslendinga í París nema einu sinni á ári þegar hann kom í sendiráðið til að framlengja passann sinn. Og ég taldi þetta fyrir neðan allar hellur. Ég hafði kynnst Erró á sjötta áratugnum og með okkur tókst vinátta. Við erum á svipuðum aldri. Og ég held að honum hafi þótt vænt um það því hann þótti nú ekkert lítill framúrstefnumaður á þessum árum. Upp úr þessu talaðist svo til að hann skreytti þessar ljóðabækur og hann gerði það með ánægju.“

En síðan hefurðu ekki látið myndskreyta bækur þínar.

„Nei, ég held að forlög hafi ekki verið æst í að láta myndskreyta ljóðabækur, það kostar sitt og ég vildi ekkert vera að leggja það á mína útgefendur. Auk þess fannst mér orðið ágætt að vera einn á ferð.“

Áttu eftirlætisljóð eftir sjálfan þig?

„Mér finnst svolítið erfitt – þetta er nú moj-plata að spila hana – að segja við ljóðin sín: þetta er uppáhaldsljóðið mitt – mér þykir vænna um þig en ykkur hin. Og ég er ekki viss um að mér þyki það. En kannski finnst mér meira gaman að lesa og líta á sum ljóð en önnur.

Það var sagt í dönsku dómnum að *Fagur er dalur* væri mitt „gennembruds“ verk, og hún varð vinsæl og seldist í tæplega 2000 eintökum hér heima. En þegar ég hugsa um þetta þá er ég ekki frá því að ég telji sjálfur að – ég er ekki að segja *Jörð úr ægi* sé besta bókin mín, ég myndi aldrei segja það, en ég held að hún sé sú bók sem var mér mikilvægast að yrkja

þegar hún var ort. Það var erfitt að halda svona löngum ljóðaflokki til streitu, og ég varð að vera í sérstöku hugarástandi þegar ég var að yrkja hann. Ég þurfti að halda sérstökum andblæ gegnum allan flokkinn og það var virkilega mikil áskorun, og ég gladdist mikið þegar ég fann að þessi fuglasöngur hélst til enda. Það var mér mikils virði. En maður veit aldrei um aðra.

Skáldið er einn við sinn spuna, og undir hælinn lagt hvort honum tekst að tengja sig einhverjum öðrum. Hann vonast til að þögult tómið sé ekki eina svarið, en hann er einn eins og köngulóin og þarf að bíða og bíða. Lífið er löng bið eftir því að eitthvað gerist, einhver ljúki einhverju, eitthvað hefjist. Bið eftir fæðingu, bið eftir dauða. Umfram allt bið."

Tímarit Máls og menningar, 1996

Hjartað er ávallt besti vegvísirinn

HÖFUNDUR ÓSKAR ÞÓR AXELSSON

Ferill Matthíasar í fjölmiðlasögu þessa lands er einstakur, en tveimur árum eftir að hann lét af ritstjórn Stefnis settist hann í ritstjórastól á Morgunblaðinu, þar sem hann situr nú enn, fjörutíu árum síðar. Áhrif hans sem ritstjóra „blaðs allra landsmanna" eru illmælanleg en víst er að skoðanir hans hafa spilað mikilvægan þátt í þjóðmálaumræðu undanfarinna áratuga. Það er ljóst hverjum sem átt hafa orðastað við Matthías að honum er fátt óviðkomandi. Skoðan hans um frelsi, jöfnuð, manngæsku og fegurð tilverunnar, eru honum ástríða og láta engan ósnortinn sem á hlýðir. Óskar Þór Axelsson hitti Matthías að máli á dögunum og ræddi við hann fyrir Stefni.

Stefnir verður vettvangur menningarumræðu á hægri vængnum

Þegar Matthías var beðinn að annast útgáfu eins heftis af Stefni árið 1955 hafði höfuðáherslan fram að því verið á innlend og erlend stjórnmál. Hann ákvað strax í byrjun að reyna að gera út á önnur mið og var það aðdragandi þess að honum var trúað fyrir ritstjórn blaðsins ásamt kollegum sínum á Morgunblaðinu, þeim Gunnari og Þorsteini. Matthías rifjar upp aðdragandann að ritstjórnartíð sinni:

„Við tókum við ritinu 1955 og sáum um það næstu tvö árin. Samstarf okkar var mjög gott enda höfðum við allir eina afstöðu til flestra mála. Við vorum sammála um að leggja höfuðáherslu á víðtæka menningarpólitíska umræðu í stað stjórnmálaumræðu eða viðfangsefna Sjálfstæðisflokksins. Okkur langaði til að opna fleiri glugga og veita inn í þetta hús Sjálfstæðisflokksins nýju, fersku lofti."

Matthías bendir á að á þeim tíma hafi Morgunblaðið verið harðsvírað málgagn Sjálfstæðisflokksins og þrátt fyrir að þeir félagarnir hafi litið á sig sem fréttamenn en ekki pólitíkusa, hafi þeir látið það gott heita. Þeir hafi á hinn bóginn fengið frjálsar hendur með Stefni og ákveðið því að

gera blaðið að einhvers konar framlagi til menningarumræðu hér á landi þar sem vinstri öflin hefðu ráðið ferðinni á því sviði í áraraðir.

„Marxistar höfðu alfarið stjórnað allri menningarpólitískri umræð hér á landi en við vorum allir miklir andkommúnistar og töldum m.a. nauðsynlegt að hafa sterkar varnir á Íslandi svo unnt yrði að verjast stalínismanum ef með þyrfti. Þessi hugmyndafræði setti að sjálfsögðu mark sitt á allt umhverfi okkar, hugsun og áform og aðgreindi okkur frá hernámsandstæðingum, hvort sem þeir voru sósíalistar eða ekki. Ástandið í landspólitíkinni var gríðarlega erfitt vegna þessara miklu átaka. Gerðar voru miklar kröfur til manns bæði af öðrum sem og manni sjálfum um að selja sig ekki þessum ófögnuði sem maður taldi stalínismann vera."

Þeir félagarnir töldu að undirstaða baráttunnar við heimskommúnismann þyrfti að vera af menningarlegum toga og ber Stefnir undir þeirra ritstjórn öll merki þess viðhorfs:

„Við fengum unga rithöfunda, myndlistarmenn og annað menningarlega sinnað fólk til samstarfs við okkur, ásamt eldri listamönnum eins og Kristmanni Guðmundssyni, Agnari Þórðarsyni, Jakobi Thorarensen og Jóni Dan. Það var ekki ætlun okkar að hefja íhalds- eða hægrimenn upp til skýjanna. Við spurðum aldrei hvaða skoðanir það fólk hafði sem lagði efni til ritsins, heldur tókum fagnandi þeim sem vildu vera með okkur og birta eitthvað bitastætt og skemmtilegt eða fróðlegt."

Meðal þeirra sem lögðu til efni voru ungskáld á borð við Hannes Pétursson, Steingrím Sigurðsson, Dag Sigurðarson, Jökul Jakobsson og Indriða G. Þorsteinsson. Enn fremur er athyglisvert að Þorsteinn frá Hamri birti sitt fyrsta ljóð á prenti í fyrsta hefti Stefnis 1956 (svokölluðu Skólahefti) þá 18 ára gamall. Mesta athygli vakti þó að sögn Matthíasar ljóð Steins Steinars sem birtist í Stefni undir nafninu Landsýn, en Steinn hafði þá ekki birt ljóð mörg undanfarin misseri. Matthías hefur gaman af að rifja þetta upp:

„Marxistar sáu ofsjónum yfir þessu og ég heyrði þá rakka ljóðið niður, ekki þess sjálfs vegna heldur vegna blaðsins sem það birtist í, að sjálfsögðu."

Það er óhætt að segja að Stefnir undir ritstjórn Matthíasar og félaga sé traust heimild um menningu líðandi stundar því í blaðinu birtust auk frumsamins efnis ýmissa listamanna, margir afar marktækir ritdómar auk umsagna um myndlist og kvikmyndir svo nokkuð sé nefnt. Matthías kveður ritdómana, sem voru á háu plani og mikið lesnir, hafa verið mjög mikilvæga fyrir útbreiðslu og virðingu blaðsins.

Stefnir olli talsverðu fjaðrafoki meðal fólksins í landinu

Mikill titringur var í kringum Stefni þegar hann birtist í þessum nýja búningi:

„Það kom flatt upp á þjóðfélagið að við skyldum hafa þennan menningarlega áhuga og létum efnahagsmálin lönd og leið ef því var að skipta. Það var augljóst að þetta fór mjög í fínu taugarnar á helstu menningarvitum marxista, en það ýtti undir okkur fremur en hitt og við tvíefldumst í baráttunni. Við vildum láta marxistana finna fyrir því en jafnframt tala við þá á menningarlegum grundvelli sem þeir skildu. Margt marxista var að sjálfsögðu merkt menningarfólk sem gaman var að eiga við orðastað. Við reyndum að minna á að það væri rangt sem marxistar höfðu reynt að telja fólki trú um, að borgaralegt fólk væri andmenningarlegt. Okkur fannst þessi áróður vinstri manna fáránlegur enda hefur sagan margsýnt okkur að mikil list sprettur úr borgaralegu samfélagi, bæði á okkar tímum og ekki síður fyrr á öldum.“

Matthías segir meginmarkmið þeirra hafa verið að vekja borgarastéttina til vitundar um að menningin væri um margt merkilegri en sú auðhyggja sem ávallt hafi verið að tönnlast á og gjarnan einkennt Sjálfstæðisflokkinn öðru fremur.

„Að okkar mati hafði Sjálfstæðisflokkurinn allt of lítinn áhuga á þessum efnum og hnoðaðist endalaust í efnahagsmálum eins og reyndar margt ungt fólk á verðbréfamarkaði enn í dag. Víst var umræða um efnahagsmál nauðsynleg en aðeins í góðu hófi. Líf okkar er margslungnara en svo að fjármagn skipti öllu máli – en það skiptir máli, því er ekki hægt að neita.“

Matthías segir þá félaga í ritstjórninni varla hafa þótt þóknanlega forystu Sjálfstæðisflokksins. Líkt og gjarnan er viðloðandi unga sjálfstæðismenn þá og nú, þóttu þeir helst til róttækir í skoðunum.

„Við vildum afgirða Keflavíkurflugvöll sem mest, vildum m.a. láta loka fyrir Keflavíkurútvarpið. Við höfðum þjóðlegan metnað sem gömlu karlarnir skildu ekki almennilega. Þeir höfðu svo sem nóg af honum sjálfir, en fannst óþarft að amast út af þessu þegar öryggi og varnir landsins voru annars vegar. Við gátum verið dálítið róttækir í tali; ég sagði eitt sinn við Bjarna Ben að þetta lýðræði dygði ekki neitt, það væri best að taka upp menntað einveldi. Bjarni hrökk við og sagði „nei, nei, nei, – bara þingræði!““ rifjar Matthías upp hlæjandi.

Stefnir fékk góða útbreiðslu í ritstjórnartíð Matthíasar og félaga: „Fólk beið hvers blaðs með mikilli eftirvæntingu.

„Hverju skyldu þessir ungu íhaldsstrákar taka upp á næst?“ var spurt. Ritið var selt víða í verslunum og við höfðum fullt af áskrifendum. Fólki þótti ritið bæði hnýsilegt og fýsilegt.“

Matthías segir þetta hafi verið erfitt tímabil fyrir sig persónulega sem ungt skáld á hægri vængnum:

„Ýmsir vinstri menn reyndu að hafa tímaritið í flimtingum. Ég þurfti að súpa marga fjöruna vegna áhuga á menningu og skáldskap. En það er liðin tíð og margt er gjörbreytt sem áður var óþolandi.“

Grunnurinn lagður

Þegar á leið gekk til liðs við þremenningana Sigurður A. Magnússon sem einnig starfaði á Morgunblaðinu. Matthías segir að á þessum tíma hafi þeir haft svipaðar skoðanir, jafnt á vettvangi skáldskapar sem pólitíkur:

„Síðar hélt Sigurður að unnt væri að breyta Morgunblaðinu úr Sjálfstæðisflokksmálgagni á einni nóttu í opið og menningarlega sinnað blað. Ég vissi að það væri ekki hægt þá, á tímum kaldastríðsáranna. Slíkt yrði að gerast skref fyrir skref og á mörgum árum. Þegar ég var orðinn ritstjóri Morgunblaðisns 1959, eða tveimur árum eftir að Stefnisævintýrinu lauk, tók ég upp þráðinn þar sem frá var horfið í Stefni og reri á önnur mið en venja var þar á bæ. Línurnar voru lagðar í Stefni enda heppnaðist hann vel sem nýstárlegt ævintýri.“

Matthías segir að langan tíma hafi tekið að koma Morgunblaðinu í þá mynd sem það er í í dag. Stefnan hafi verið sett strax í upphafi en varlega farið af stað, enda auðvelt að misstíga sig í því mikla ölduróti sem einkennt hafi þetta tímabil. Örlög Morgunblaðsins hefðu hæglega getað orðið þau sömu og hjá öðrum flokksmálgögnum og Matthías segir það oft hafa tekið á taugarnar að þurfa í sífellu að beita list hins mögulega. Matthías kveðst í gegnum tíðina oft hafa verið spurður hvort ekki hafi verið erfitt að vera í senn ritstjóri Morgunblaðsins og skáld eða rithöfundur.

„Ég hef að sjálfsögðu svarað slíku til játandi, þetta var oft og einatt erfitt. En margt breyttist þegar blaðið tók að opnast og gamla andrúmið okkar í Stefni forðum daga var orðið einsog hver annar sjálfsagður hlutur í viðleitni og viðhorfum á hægri kantinum. Ég hef því ekki fundið fyrir neinum sérstökum þrýstingi eða erfiðleikum hin síðari árin, þvert á móti. Ég held að fólk hafi kunnað að meta viðleitni okkar að þessu leyti.

Svavar Gestsson minnti jafnvel á í athyglisverðri ræðu á sínum tíma að menningarumræðan færi helst fram á síðum Morgunblaðsins. Þannig

hefur uppskeran verið eins og til var sáð. Eins og Stefnir forðum hefur blað allra landsmanna lagt höfuðáherslu á list og menningu og þá ekki síður menntun; ekki endilega í tengslum við neinn sérstakan stjórnmálaflokk heldur þjóðina sjálfa, fólkið í landinu, þrá þess og metnað. Og þróun Morgunblaðsins hefur verið með svipuðum hætti og það sem gerðist í Stefni undir ritstjórn okkar Morgunblaðsstrákanna. Á Stefnisárunum var tónninn sleginn þó auðvitað hafi framvindan verið ólík á stórblaðinu og litla tímaritinu. Þar var meiri barátta enda meira í húfi og þar voru slagsmálin oft og einatt blóðugri í öfgafullu andrúmi kalda stríðsins."

Vinstri vængurinn var allt of mikið leiðandi í menningarumræðunni

Matthíasi hefur ávallt líkað illa við það þegar fólk á vinstri vængnum lítur á menninguna sem sitt yfirráðasvæði, en það er í senn gömul og ný staðreynd:

„E.t.v. má rekja ástæður þess að vinstri menn nánast einokuðu menninguna um miðja öldina, til þess að í umhverfi borgaralegra afla á Íslandi sem ávallt hefur fylgt verslun og viðskipti, hefur gjarnan gleymst að sinna menningunni. Þess vegna fengu öfgamenn á borð við stalínista oft frítt spil á þessu svæði. En eins og ég nefndi hefur þetta verið að breytast í seinni tíð – eða ég vona það a.m.k. Sjálfur á ég djúpar rætur í því borgaralega verslunarsamfélagi sem myndaðist í Reykjavík í kringum aldamótin 1900, en Matthías afi minn var norskur kaupmaður sem fluttist til Íslands og stofnaði hér verslanir. Tímarnir hafa sýnt okkur að verslun og viðskiptum fylgir menning og því meiri viðskipti því sterkari menning. Við sjáum þetta m.a. í Buddenbrook Tomasar Manns og umhverfi konsúlanna í fæðingarborg hans, Lübeck, en sumt þar minnir á það sem ég sjálfur er alinn upp við. En gamli Sjálfstæðisflokkurinn hafði tilhneigingu til að gleyma þessari borgaralegu fléttu efnahags og menningar og það útskýrir að miklu leyti hina sterku stöðu sem vinstri menn náðu á menningarsviðinu."

Matthías segir að á Stefnisárunum hafi andstæðurnar hjá þeim sem þátt tóku í menningarpólitík verið mjög harðar og baráttan afar persónuleg. Hann segir marxistana hafa litið á þá Stefnismenn sem eins konar aðskotadýr sem voru að sýsla á þeirra eigin yfirráðasvæði.

„Við vorum óvelkomnir og illa séðir og að okkur var vegið næstu árin á eftir. Það var sérstaklega erfitt fyrir unga skáldspíru eins og mig að þurfa að fara í gegnum alla þessa elda," bætir Matthías við alvarlegur í bragði.

Þörfin fyrir menningarpólitískt tímarit ekkert minni í dag

Aðspurður um áreiti- og ahyglissamkeppni samfélagsins í dag kveðst Matthías telja að það þurfi að vekja máls á menningarmálum af meiri krafti. Hann heldur jafnframt að tímarit sé enn hentugasta formið til að fjalla um listir og menningu, þrátt fyrir harða samkeppni við aðra fjölmiðla og upplýsingamiðla á borð við Netið:

„Umhverfi dagsins í dag kallar á margvíslega umræðu og víst er að samkeppnin um athygli fólks er mun meiri en áður. En Netið held ég að geti ekki hýst mikla list eða listumræðu á sama hátt og tímaritið getur það. Í dag þyrfti að stofna til alvöru tímarits – ekki enn eins poppritsins – sem hugsaði af mikilli alvöru um listir og menningu. Ef ritið er fjölbreytt og menn eiga von á einhverju fýsilegu þá er hægt að koma slíku riti til fjölda manna, mörghundruð manna sem skipta máli. Í þjóðfélaginu skiptir mergðin ekki máli heldur einstaklingarnir. Fólk er alltaf að reyna að gera út á mergðina, það er einsog hún ein skipti máli. Stjórnmálamenn verða að vísu að finna einhvern samnefnara í mergðinni því hún ræður úrslitum, atkvæðin koma frá henni. En það er einstaklingurinn sem skiptir öllu máli í samfélaginu. Þótt við höldum að við séum að tala til þúsunda manna erum við í raun ævinlega að tala til einhverra örfárra sem stjórna ferðinni. Líttu t.a.m. á Reykjavíkurbréfin, en þau eru aðalstefnumörkun Morgunblaðsins, hver les þau?“

Sem dæmi um gott tímarit sem blandaði saman umræðu um menningarmál, heimspeki, efnahagsmál og stjórnmál, nefnir Matthías tímaritið Frelsið sem Hannes Hólmsteinn Gissurarson hleypti af stokkunum. Að sögn Matthíasar var útgáfa Frelsisins sem ferskur andblær en á árunum eftir að Matthías og félagar hættu sem ritstjórar Stefnis fjaraði smám saman út hin öfluga menningarumræða sem þeir höfðu staðið fyrir og ritið tók að einbeita sér meir að stjórnmálaumræðu.

„Það var mikill fengur að Frelsinu enda fékk ritið góðar undirtektir. Ég lagði þar einnig hönd á plóginn því mér þótti það framtak í senn mikilvægt og skemmtilegt. Ritið varð góð brjóstvörn í pólitíska atinu á kaldastríðsárunum og ég fagnaði því sérstaklega vegna þess að nú þurftu marxistar að etja við nýjan andstæðing, eða eigum við að segja áskoranda og spjótin beindust síður að mér persónulega en verið hafði. Vel var vandað til útgáfu þessarar og hafði Frelsið verulegu hlutverki að gegna í umræðunni.“

Að rækta með sér mennskuna

Í Stefni Matthíasar og félaga var lögð áhersla á að frjálshyggjan væri menningarleg stefna og sterk afstaða tekin gegn of miklu lífskjarakapphlaupi. Í pistlum ritstjórnarmeðlima kemur þessi skoðun ítrekað fram. En hefur lífskjarakapphlaupið ekki hreinlega aukist með árunum? Er fólk í dag ekki uppteknara af veraldlegum eignum og auði en nokkru sinni áður?

„Það hefur alltaf loðað við mig að boða það að menn stingi niður fæti í sambandi við þessa yfirgengilegu eftirsókn í auð og ofurspillingu nútímans. Þetta á við nú jafnt sem áður. Ég er þeirrar skoðunar að margir þeirra sem mest hafa talað í nafni frjálshyggjunnar séu ekki raunverulegir frjálshyggjumenn því þeir hafa í máli sínu einblínt á eftirsókn eftir fjármagni. Nú fjallar flest um græðgi og mér er nær að halda að fólk telji að þessi græðgi sé einkenni frjálshyggjunnar. Þessir menn hafa þannig komið óorði á frjálshyggjuna og orðið til þess að margir rangtúlka stefnuna og markmið hennar. Frjálshyggja er fyrst og fremst menningarleg stefna, ekki krafa um óhóflega græðgi og eftirsókn eftir vindi. Að sjálfsögðu er frjálshyggjan ekki endanleg stefna, en hún er stefna þess efnis að við eigum að rækta mikilvæga hluti í sjálfum okkur og umhverfinu. Við eigum að rækta með okkur mennskuna og hún verður ekki betur ræktuð en með nánum tengslum og skírskotun í náttúruna. Og þegar komið er að landinu okkar og þeim rótum sem mikilvægastar eru, rótum okkar sjálfra, er arfleifðin ekki langt undan og svo það sem mestu skiptir fyrir okkur Íslendinga og engir aðrir eiga, tungan. Það eru þessi verðmæti sem við reyndum að leggja áherslu á í Stefni forðum daga og þau hafa fylgt okkur æ síðan. Ég tel þessa afstöðu miklu frekar vera frjálshyggju en þá græðgishyggju sem alltaf er reynt að festa við hana. Það má segja að græðgishyggjunni hafi verið útrýmt í okkar Stefni.“

Aðspurður hvort vilji og réttur einstaklingsins um að ávaxta sitt pund sé ekki liður í frjálshyggjunni, segir Matthías svo auðvitað vera, en menn megi ekki tapa sér í græðginni og að fjármunir séu fyrst og síðast ætlaðir til að auðvelda fólki að lifa við góð kjör. „Mín skoðun er sú að það þyrfti núna hallarbyltingu innan frjálshyggjunnar. Við eigum að ryðja burt peningafjasinu og leggja áherslu á það sem er í andstöðu við frumskóginn. En þá verður líka hver og einn að geta séð sér farborða með góðu móti. Markaðurinn getur bætt kjör fólks og lækkað vöruverð án þess að milljarðar safnist á fárra hendur, ég tala nú ekki um í litlu landi eins og okkar, þar sem stéttaskipting fylgir ekki hömlulausum stórkapítalisma og hefur

aldrei gert. Það var aldrei markmiðið og getur varla verið hlutverk okkar á Íslandi að búa til tvær þjóðir, tvö tungumál; alþjóðatungu milljarðanna og tungutak þeirra sem hafa einungis löngun til að rækta garðinn sinn – og mundi þá ekki þessi garður vera í okkur sjálfum?“

Sjálfstæðisstefnan er fyrst og síðast mannúðarstefna

„Það er nauðsynlegt að taka allt til endurskoðunar, jafn nauðsynlegt og hlúa að gömlum rótum. En það er ekki hægt að nærast á gömlum lummum endalaust. Við verðum að viðra okkur með nýjum hætti og skoða umhverfið af nýjum kögunarhóli. Í því sambandi þykir mér ástæða til að minna á að ungir sjálfstæðismenn þurfa að gæta sín á því að festa sig ekki á lágum plönum auðs og valda. Þeir eiga að hafa víðari útsýn, sjálfstæðisstefnan á það skilið, að mínu mati.“

Matthías bendir á að skrifað hafi verið um þessa hluti í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins 2. apríl sl. Þar kemur skýrt fram hin mannúðlega hlið frjálshyggjunnar sem honum er hjartnæm og mikilvæg en hann óttast að geti kafnað á þessum tímum græðgishyggju. Í þessari skoðun má finna kjarna þess sem þeir Stefnismenn höfðu að leiðarljósi þegar þeir lögðu línurnar að útgáfu blaðsins á sínum tíma. Hann leggur jafnframt áherslu á að það hafi aldrei verið markmið boðbera einkavæðingar ríkisfyrirtækja, hvorki á Morgunblaðinu né innan Sjálfstæðisflokksins, að slíkt leiddi til auðsöfnunar fárra, heldur frekar sem flestra. Þrátt fyrir það hafi fjármagnseigendur getað nýtt fjármuni sína til meiri auðsöfnunar en þekkst hefur í íslensku þjóðfélagi:

„Menn hafa ekki einu sinni þurft að greiða skatt af söluhagnaði af kvótabraski – einatt ofsagróða – þótt tákngervingur frjálshyggjunnar, trillukarlinn, hafi að vísu þurft að gera það!“ bætir Matthías við. Í Reykjavíkurbréfinu segir enn fremur: „Frjálshyggja er ekki endilega nein síðkapítalísk stefna sem skilur þá eftir á köldum klaka sem minna mega sín eða þurfa við fátækt að búa. Þvert á móti er það innbyggt í mannúðarstefnu hennar sem á rætur að rekja í þjóðarsáttmála byltingarmanna í Frakklandi 1789, þ.e. að þjóðfélaginu beri skylda til að sjá þeim farborða sem geta það ekki sjálfir. Hitt er svo auðvitað kjarni þessarar stefnu að menn fái tækifæri til að haga lífi sínu að eigin hætti, en ekki samkvæmt fyrirmælum ríkis og valdhafa og þá ekki síður, að þeir hafi svigrúm til að koma undir sig fótunum, megi ráðskast með líf sitt og efni að eigin vild og

án mikillar afskiptasemi hins opinbera, svo fremi sem allt fari þetta fram að siðlegum hætti og innan þeirra takmarka sem siðalögmál nútímasamfélags gera kröfur til.

Frjálshyggjan er endalaus leit að lausnum eins og sagt hefur verið, tilraun til að takmarka valdið, binda það, svo að það geti horft til heilla fyrir fólk. Frjálshyggjan verður ekki útlistuð eins og marxisminn, hún verður ekki skýrð sem endanlegt guðsorð, ef svo mætti segja, heldur kallar hún á spennu – og þá ekki síst milli þeirra sem telja sig frjálshyggjumenn."

Það á að pína ríkið til að eyða eins miklu og hægt er í menninguna!

Á Stefnisárum Matthíasar kemur ítrekað fram einörð afstaða ritstjórnar til þátttöku ríkisins í menningu á Íslandi. T.d. fagnaði Stefnir á þessum tíma stofnun Þjóðleikhússins og taldi að það myndi rífa upp samkeppni og metnað í leikhúsgeiranum. Í umhverfi okkar í dag er þetta býsna íhaldssöm skoðun þar sem margir vilja meina að Þjóðleikhúsið sé að drepa fátæk einkaleikhúsin. Skyldi Matthías vera sömu skoðunar og forðum eða tekur hann undir sjónarmið flestra ungra sjálfstæðismanna sem vilja leggja Þjóðleikhúsið og aðrar sambærilegar stofnanir niður.

„Ég stend óhaggaður á skoðun minni á Þjóðleikhúsinu. Ég er ekki að boða að ríkið eigi að drepa einkaframtakið, heldur einungis að það eigi að lyfta undir mikla list; að það eigi að hlúa að menningu. Einstaklingar hafa ekki bolmagn til að reka menningarstofnun á borð við Þjóðleikhús eða Ríkisútvarp, eða standa undir stórbrotnum kvikmyndum – þeir hafa einfaldlega ekki bolmagn til þess. Þeir verða að fá aðstoð ríkisins, a.m.k. hér á landi þar sem einkafyrirtæki hafa tiltölulega lítið bolmagn miðað við stór fyrirtæki erlendis. Einstaklingar geta rekið revíur og poppútvarp og lítil útgáfufyrirtæki ef því er að skipta. En þeir ráða ekki við milljónahundruð til lista og menningar, ekki frekar en þeir geta rekið alla skóla á Íslandi; t.a.m. Háskóla Íslands eða menntaskólana. Við eigum að vera stoltari en svo að láta það henda okkur að festast í kenningavaðli sem yrði einungis til þess að ríkið eyddi meiri peningum í ómerkilega hluti þegar það þyrfti ekki að eyða þeim í merkileg verðmæti – því eitt skulum við muna: Stjórnmálamenn munu aldrei lækka skatta! Slíkt skyldi engum detta í hug. Ef eitthvað lækkar, þá hækkar annað. Við megum ekki gleyma því að skattar eru eitt mikilvægasta valdatæki stjórnmálamanna. Hitt er svo annað mál að ég viðurkenni fúslega að hægt er að misfara með skattpeninga fólks, verja þeim í margvíslegt rusl eða í það sem ríkið á

ekki að skipta sér af. Þjóðleikhúsið á t.d. alls ekki að setja upp revíur, það er ekki rétt. Ríkisstofnanir eiga ekki að koðna niður og staðna og verða stór skrímsli sem allt gleypa. Miklu frekar ættu færir einstaklingar að fá leyfi til að taka þátt í þeirri framleiðslu sem ríkið borgar fyrir. Þjóðleikhúsið á náttúrulega að vera sveigjanlegt og opið fyrir hvers kyns hæfileikafólki. En mestu máli skiptir að garðurinn sé ræktaður, „undirstaðan sé réttleg fundin“ einsog segir í Lilju, – þá höfum við efni á að borga skatta í það.“

Matthías hefur svipaða afstöðu gagnvart Ríkisútvarpinu sem hann telur nauðsynlega stofnun, ekki síst til að vernda íslenska tungu. Hann telur að Ríkisútvarpið hafi eitt burði til þess að halda uppi þeim menningarlega metnaði sem nauðsynlegur sé fyrir lítið og sérstakt land á borð við okkar.

„Ríkisútvarp á ekki að vera einhver lággróður, heldur harður skóli þar sem fer fram mikilvæg ræktun, ekki síst ræktun tungunnar. Ríkisútvarp á ekki að keppa um léttmeti og klám eins og stundum brennur við í sjónvarpinu. Ómerkilegar einkastöðvar sem koma okkur lítið eða ekkert við og eru einungis einhvers konar peningamaskínur og umgjörð alls kyns athyglisfíkla eiga ekki að vera viðmiðun metnaðarfulls ríkisútvarps. En þær eiga rétt á sér eins og aðrar uppákomur þótt þær minni fremur á suðandi fiskiflugur en sjónhvassa erni.“

Í Reykjavíkurbréfinu sem vísað er til hér að framan, er einnig vikið að mikilvægi þess að ríkið annist rekstur umræddra stofnana:

„Þetta hefur náttúrulega tekist misjafnlega eins og allt sem við þurfum að glíma við, en þó er áreiðanlega unnt að fullyrða, að starfsemi þessara ríkisfyrirtækja (þ.e. Þjóðleikhúss, Ríkisútvarps) hafi verið íslenskri menningu og arfleifð okkar mikilvægur og skjólgóður vermireitur og þá eru þau ekki síst mikilvæg í þeirri hatrömmu baráttu sem nú fer fram um varðveislu tungunnar en hún var að dómi Jóns forseta hornsteinn íslensks sjálfstæðis. Hann talaði jafnvel um rétt íslenskrar tungu.“ Það má því segja að Matthías sé trúr skoðunum sínum frá Stefnisárunum og hann bætir við að ungir sjálfstæðismenn mættu huga betur að mikilvægi menningarlegrar arfleifðar okkar Íslendinga en gert hafi verið síðustu misserin:

„Ég tel alranga þá trú margra að ríkið megi ekki verja skattpeningum til uppbyggingar á því sviði menningarlífs sem einstaklingum væri ofraun. Þá á ég við Þjóðleikhús og Ríkisútvarp náttúrulega, en einnig tónleikahús og Borgarleikhús, svo dæmi séu nefnd. Þá á þetta ekki síður við

um skólarekstur. Ég er hræddur um að hörðu frjálshyggjumennirnir myndu ekki taka því þegjandi ef þeim væri gert gert að greiða fyrir háskólanám sem svarar einni milljón króna á ári eins og kröfur eru gerðar um víðast hvar erlendis. Og hvað um aðra skóla? Hvað um heilsuverndarstöðvar? Hvað um velferð þegnanna? Hvað um velferðarríkið sjálft sem við höfum trúað á og hefur ekki brugðist hvað sem hver segir? – Ég er ekki á þessari línu. Enda kallaði Hannes Hólmsteinn mig ýmist sveigjanlegan frjálshyggjumann eða fjölhyggjumann. Hvort tveggja er sennilega rétt, en mér er alveg sama hvað ég er kallaður, því þar sem hjarta mitt slær þar vil ég vera. Munum að hjartað er ekki síðri vegvísir en heilinn – og oftast besti vegvísirinn – þó best sé þegar þessi tvö líffæri vinna saman."

Líklega er Matthíasi þessi skoðun hvað mest hugleikin og til að undirstrika mál sitt enn frekar bætir hann við:

„Hin harða frjálshyggja græðginnar gengur einfaldlega ekki upp. Þar sem hún fær að ráða er einungis teymingur eftir í frumskóginn. Við erum ekki á leiðinni þangað, heldur útúr skóginum; þangað sem jökulinn ber við loft. Það er a.m.k. ætlunin að komast að þessu marki þar sem mennskan og fegurðin eru í fyrirrúmi; ofar hverri kröfu."

Fólk verður að fá að lifa lífi sínu sjálft

Fáir hafa í gegnum tíðina haft sömu tækifæri til almennra skoðanaskipta á opinberum vettvangi og ritstjórar Morgunblaðsins, en eins og fram hefur komið hefur Matthías gegnt því starfi í rúm fjörutíu ár. En hver hefur þróunin orðið á þessum vettvangi á svo löngum tíma? Fjölmiðlasíbyljan og fall kommúnismans hefur fært okkur nær hvert öðru í skoðunum og e.t.v. getið af sér nokkurs konar almennt skoðanaleysi, öfugt við þær öfgafullu andstæður sem ríktu fyrr á öldinni?

„Ég veit ekki hvort er hvimleiðara, skoðanaleysi eða ofskoðanir. Skoðanaleysi er eins og andleg gelding, ofskoðanir eins og ofskynjanir; blekkingar. En hvimleiðastar eru þó skoðanavélarnar í fjölmiðlunum. Þeir sem eru alltaf að hugsa fyrir aðra og gera jafnvel stundum kröfu til þess að lifa fyrir aðra. En það lifir enginn eftir formúlu eða kerfi og enginn getur lifað fyrir annan. Við verðum sjálf að lifa lífi okkar. Það er hæsta stig þröngsýni að vera sífellt að fetta fingur út í hvernig annað fólk lifir lífi sínu. Slíkt er auðvelt en óhyggilegt. Ég tala nú ekki um þegar þetta sama fólk hefur klúðrað öllu í eigin lífi sem unnt er að klúðra. En allt fólk breytist með tíð

og tíma og þroskast, þó á mismunandi hátt sé. Við getum ekki lifað siðmenntuðu lífi án tillitssemi og samúðar. Hún er einn dýrmætasti eðlisþáttur mannsins."

Það er ljóst að Matthíasi er annt um frelsi og rétt einstaklingsins en ekki síður það að einstaklingurinn notfæri sér rétt sinn.

„Annars virðast mér nánast engir vera að segja neina stóra hluti í dag og kannski er ekki eins mikil þörf á því þar sem búið er að losa um svo mikið af agnúum afskiptaseminnar. Það er engin barátta, helst ekkert í húfi. Engu líkara en blaðrið sé guðspjall dagsins. Það eru þó helst einhver átök um umhverfismál. Það var merkilegt að upplifa Eyjabakka, þegar ritstjórinn fór þangað í september í fyrra, en skáldið kom aftur til byggða. Um það orti ég í síðustu ljóðabók minni, en hver les það?"

Á svipuðum nótum telur Matthías það fyrirlitlegt þegar fólk svíkur hugmyndir sínar og hugsjónir fyrir skammgóð verðmæti. Ætla mætti að hann ætti hér einna helst við valdgráðuga pólitíkusa en svo segir hann ekki endilega vera, enda gildi í pólitík – heimi þar sem málamiðlanir og seinagangur ráða jafnan ferðinni – dálítið önnur lögmál en hjá öðru fólki.

„Flestir pólitíkusar eru neyddir til að verða hentistefnumenn, tækifærissinnar. Ég álasa að vísu engum fyrir það því að stjórnmál eru list þess sem hægt er að gera, en það fer ekki alltaf saman við það sem manni finnst að nauðsynlegt sé að gera. Með hentistefnu er hægt að þoka góðum málstað áleiðis. Það er sjaldnast hægt með þvermóðsku og varla með valdbeitingu nema bakhjarlinn sé einhvers konar alræðisvald. En hvað sem þessu líður er fyrirlitlegt að svíkja grundvallarhugmyndir sínar fyrir völd eða auð, en það gera margir því miður, ekki síst nú á tímum. En þeir sem hafa komist í kynni við list og menningu og ræktað með sér þá mennsku og þá mannúð sem fylgir þessum þáttum í lífi okkar, þeir eru að maður skyldi ætla nær siðmenningu fyrir bragðið, nær því þjóðfélagi sem er draumsjón okkar og markmið. Og þá væntanlega einnig nær því en þeir sem eiga ekki aðra mælistiku á manngildi og verðmæti en gyðingurinn í leikriti Shakespeares, Kaupmanninum í Feneyjum."

Stefnir, 2000

Hann bjó um sig í Drangey samtímans

Indriði G. Þorsteinsson lifði margar ævir. Hann var rithöfundur, framkvæmdastjóri, ritstjóri; hvarvetna í fremstu víglínu. Styrkur hans sú íslenzka þjóðmenning og þúsund ára arfleifð sem setti mark sitt á æskuumhverfið í Skagafirði. Þessi arfleifð var umgjörð fræknustu afreka Indriða G. Þorsteinssonar, skáldsagna sem spruttu úr umhverfi hans sjálfs. Deiglan þjóðfélagsbreytingar stríðsáranna. Þessi skáldverk voru sérstæð og mörkuðu tímamót í íslenzkri bókmenntasögu. Samt átti Indriði við andróður að stríða enda var skaplyndi hans með þeim hætti sem einkenndi þjóðfélagstákn eins og Gretti Ásmundarson. Undir lokin bjó hann um sig í Drangey samtímans. Þar varðist hann ef að honum var sótt og hafði engar áhyggjur af örlögum sínum að öðru leyti. Féll að lokum fyrir þeim eina vígamanni sem allt hefur í hendi sér, þessum með ljáinn. En hann kallar á andstöðu sína, upprisuna. Nú er upprisa Indriða G. Þorsteinssonar hafin þarna á bökkum þess mikla fljóts sem við köllum tíma og hverfur í hafið án þess hugsa um bakka sína:

> Spegill er vatnið og vökul er nóttin við ána
> og vaxandi tunglið er glitrandi daggir við ljána,
> þannig er dauðinn og dregur sinn slóða við stráin
> unz deyjandi sólin hún hnígur við grasið og ljáinn.
> En spegillinn gárast og vatnið er söngfugl í sárum
> og síðustu ljósbrotin ýfast sem vindur í gárum,
> svo dagar að morgni og gustar við glitrandi ána
> og grasrótin styrkist og upprisan hefst nú við ljána.

Indriði G. tók mikinn þátt í þjóðmálum og gegndi reyndar einskonar forystuhlutverki í þeim efnum, meðan hann var ritstjóri Tímans. Þá gekk á ýmsu. Stundum kenndi hann áreiðanlega til í stormum sinna tíða eins og klisjan hermir. Stundum minnti hann á að illt er að egna óbilgjarnan.

Hann var ritstjóri Tímans þegar blaðið gerði harða hríð að okkur Jóni úr Vör. Þá hóf Rithöfundasambandið málssókn vegna ritlauna og tapaði! En við Jón úr Vör stóðum uppi sem fórnardýr einhvers konar íslenzkrar þjóðmálaheimsku. Slíkt erfir maður ekki, það hverfur með fljótinu eins og morið. Þetta var að vísu skemmtilegur tími en harður og illskeyttur. Hann fór ekki vel með Indriða enda átti hann það sjálfur til að vera óbilgjarn og minnti á suma þá vígamenn sem eru helzt nefndir í Skagafirði á dögum sturlunga eða Gretti, sem gat ekki einu sinni látið gæsfugla foreldra sinna í friði! En hann var sanngjarn og ræktaði með sér réttlætiskennd. Þegar að honum var sótt gat hann verið langrækinn. Ég minnist hans ekki sízt í baráttunni um Fjaðrafok, þá tók hann upp hanzkann fyrir þetta óvelkomna leikrit og varði ritstjóra Morgunblaðsins sem var óvígur á heimavígstöðvum. Hann hafði sannfæringu og hún gilti. Hann átti í erjum við allskyns vinstri menn sem töldu sig af einhverjum óskiljanlegum ástæðum andstæðinga hans, sóttu að verkum hans en nefndu þau þó helzt ekki á opinberum vettvangi. Indriði lét sér fátt um finnast. Hann bjó um sig í Drangey og varðist eins og honum einum var lagið. Þar einangraðist hann æ meir og í síðasta samtali okkar heyrði ég ekki betur en hann væri sáttur við þessa einangrun og trúði því áreiðanlega innra með sér að verk hans stæðust þetta próf, þegar til lengdar léti. Á því er ekki heldur neinn vafi. Það hafa ekki verið rituð betri skáldverk um þessa umbrotatíma og þessar tvísýnu uppákomur sem hafa verið eins og Ionescu hafi skrifað þær. Indriði tók ríkan þátt í þessu íslenzka fjarstæðuleikriti. Hann lifði og hrærðist í alls kyns kenningum og pólitískum vafningum sem ég botnaði ekkert í. Hættu að berjast við þessar vindmyllur, sagði ég við hann í sumar, komdu og láttu Eddu gefa út verkin þín. Vindmyllur eru óverðugir andstæðingar, segir bókmenntasagan. En Indriði lagði kollhúfur. Hann vitnaði í reynsluna. Ég talaði um fyrir honum þegar Rithöfundasambandið var sameinað, en hann þóttist síðar illa svikinn. Hann nærðist á þessari baráttu við þá sem að honum sóttu, vildi einhvern veginn ekki missa af henni. Rússnesku andófsskáldin nærðust á illsku kommúnismans. Þá voru þau í tízku um allan heim, nú að mestu gleymd á óseðjandi markaðnum sem allt gleypir og engu skilar; jafnvel Solzhenitsyn!

Það er alltaf verið að fjalla um einhverja pólitík, einhverja uppákomu, eitthvað sem skiptir listir og bókmenntir í raun og veru litlu sem engu. Sjaldan um kjarnann; verðmætin; listina; handbragðið sjálft sem öllu skiptir. Ef skáldsaga er skrifuð um fólk er fjallað um hana sem þjóðfélagssögu. Og þá helzt sem einhvers konar dæmisögu. Blikktromma Grass

fjallar fyrst og síðast um fólk, um það er sjaldnast talað. Hún á að fjalla um Þjóðfélagið. Menn eru alltaf að tala um það sem stendur ekki í bókum, sagði Halldór Laxness.

Ég hef einhvern tíma haldið því fram að 13. öldin sé höfundur Njáls sögu. Það mætti til sanns vegar færa, þó að margt sé þar af arfsögulegu ívafi. Hún fjallar að sjálfsögðu um fólk, en þó ekki fólkið á söguöld, heldur fólkið á 13. öld, sturlungaaldarfólkið, hvernig það lifði í mótsögnum sínum eins og sagt hefur verið um Njál; og hvernig það dó. En ekki um Þjóðfélagið sem slíkt. Þannig fjallaði Indriði einnig um tímamótin í 20. aldar sögu samtímans. Hann skrifaði um fólk, að vísu í samfélagsumhverfi sínu, en umfram allt fólk. Og það lifir í fáguðum stíl, eða eins og Jóhann Hjálmarsson sagði svo ágætlega hér í blaðinu þegar hann minntist Indriða, „Sögur hans gerast í stílnum og andrúminu með sérkennilegum hætti".

Indriði skrifaði eins og skáldi er lagið, en ekki leiðarahöfundi. Féll þannig ekki að formúlunni um pólitíska gagnsemi skáldverka. Hann vissi að markaðurinn er samtímalegt tízkuok, olnbogaskot þeirra sem lifa og hrærast í fjölmiðlatóminu mikla. En það er mýflugnalíf, sjaldnast reist á mikilvægri eða frumlegri listrænni sköpun, og raunar með ólíkindum hvað þessi hávaði getur gert mikið úr litlu.

Indriði G. Þorsteinsson reyndi að vernda skáldið í brjósti sínu og gerði sér grettisbæli þar sem enginn náði til hans. Þar er hann minnisstæðastur, þar er hann allur. Eins og fjall úr fjarlægð. Við sjáum það allt, kalblettirnir horfnir og aurskriðurnar.

Indriði G. var framkvæmdastjóri þjóðhátíðarnefndar 1974. Það var engin tilviljun að hann var valinn í þetta erfiða starf sem hann gegndi af miklum sóma og stakri samvizkusemi. Sem slíkur var hann framkvæmdastjóri fjölmennustu samkomu í sögu íslenzku þjóðarinnar og ekki þarf að tíunda, hvernig til tókst. Samstarf okkar var framúrskarandi. Ég hef aldrei kynnzt duglegri manni eða útsjónarsamari, ef því var að skipta. Hann komst jafnvel í samband við veðurguðina og það lék ítalskur lognblær um Þingvöll á þjóðhátíðinni. Allt eftirminnilegt. Og niðurstaðan heiðblá minning og þríefldur þjóðarmetnaður eftir váleg tíðindi Vestmannaeyjagoss. Það var mikið gos og þjóðhátíðin mikilvæg uppörvandi hátíð. Ég er enn að hitta þakklátt fólk sem býr að henni. Það er ekki hægt að minnast hennar án þess í hugann komi nafn skáldsins úr Skagafirði, Indriða G. Þorsteinssonar.

Það er inní þennan bláma sem minning hans mun vaxa, nú þegar upprisan er hafin.

Matthías Johannessen.

Dagbókarblöð úr Spánarferð

21. apríl, föstudagurinn langi

Hófum Spánarferðina, fengum gott flug til Lundúna þar sem Ingólfur, sonur okkar, tók á móti okkur. Flugfreyjan annaðist okkur eins og ungbörn. Við Hanna vorum ein á Saga-farrými en þar vil ég heldur vera vegna þess að þar er rýmra um mig. Ég hef alltaf haft aðkenningu að innilokunarkennd, það hefur háð mér, ég átti t.a.m. í hinu mesta basli með að fá mér bíómiða á barnamyndir þegar ég var drengur vegna þess ég gat helzt ekki staðið í biðröð.

Flugmennirnir ungir og einstaklega alúðlegir. Þeir buðu mér fram í og var ég þar part af leiðinni og einnig við lendingu. Þessi tækni er í raun og veru einhvers konar furðuverk og kunnátta mannanna og reynsla, þótt ungir séu, áreiðanlega framúrskarandi. Flugstjórinn, kornungur maður og tók við Boeing 757 í janúar sl., heitir Ágúst Arnbjörnsson, sonur Arnbjörns í Setbergi, en nú er svo komið að ég spyr annaðhvort um foreldrana eða afann! Hinn flugmaðurinn heitir Þráinn Höskuldsson, ekki Sigfússon eins og kempan í Njálu, fyrrum flugmaður hjá Atlanta og var þá flugstjóri á Boeing 737. Þeir sögðu mér margt og sýndu enn fleira. Ég hef aldrei séð London svona vel úr lofti, gat stungið hana út með viðmiðun við Thames og hafði hana þannig á hreinu eins og krakkarnir segja.

Við erum á Þistla-hótelinu í London, það er bak við Oxford-götu, skammt frá Cumberland. Ágætt hótel en enginn íburður. Gamalt, nýuppgert. Við gengum niður í Soho í gærkvöldi, fengum okkur kínverskan mat. Það var ánægjulegt að vera með Ingólfi, það er endurtekning sem er alltaf ný. Við höfum það ágætt, slöppum af.

Ég er að hugsa um 50 ára afmæli Þjóðleikhússins, það gekk vel. Ég flutti mína ræðu og gat svo farið. Jónsmessunæturdraumur í leikstjórn Baltasars var fjörlegur en upp úr stóð framlag gömlu leikaranna, Herdísar Þorvaldsdóttur og Róberts Arnfinnssonar, sem er einhver verðugasti trúður, veggur eða tungl sem ég hef séð og Bessa Bjarnasonar sem var ágæt ástmey í sínu gervi – og síðast en ekki sízt Gunnars Eyjólfssonar

sem var ógleymanlegur. Það hafði hann einnig verið þegar hann fór á kostum yfir Pétur Gaut á afmælishátíðinni fyrr um daginn. Gunnar er mikill leikari og raunar allt þetta fólk. Sveinn Einarsson heldur því fram að eldri leikarar fari betur með texta en unga fólkið, nái því meiri áhrifum. Það má vel vera en við eigum samt marga ágæta unga leikara. Þeir þroskast eins og hinir.

Kvöldið

Fórum á leikrit eftir Alan Benett, The Lady in The Van, en sú mikla leikkona Maggie Smith lék aðalhlutverkið; þ.e. utangarðskonuna sem eitt sinn hafði verið menntaður píanóleikari. Leikritið er mjög vel skrifað en ég held það hefði orðið sterkara sem einþáttungur. Það útvatnast dálítið undir lokin og leysist síðan upp í einhvers konar fjarstæðuleikhús, þegar sú gamla rís upp úr kistunni og hverfur til himna. En þetta er semsagt brezkt leikhús eins og það getur bezt orðið og meira er ekki hægt að krefjast. Ég hef áður hlustað á einþáttunga eftir Bennett, en hann er þekktastur fyrir slík útvarpsleikrit að ég held. Ég hef einnig lesið glefsur úr dagbókum hans. Hann er sérstæður höfundur og fer sínar leiðir. Ég keypti dálitla bók með glefsum úr dagbókum hans þar sem talað er um Konuna í vagninum, en leikritið er samið beint út úr raunveruleikanum, mig minnir að Konan í vagninum, sem hét víst ungfrú Shepherd, hafi dáið 1989.

Við búum á þistlahóteli en þessi leikhúsreynsla lofar góðu, hún var allt – nema þistlar.

Sáum einnig í kvöld ballettinn Coppelíu í Konunglegu óperunni. Þangað höfum við ekki farið eftir þá stórkostlegu endurnýjun sem gerð hefur verið. Getum margt af henni lært.

Coppelía er skemmtileg sýning, létt og auðmeltanleg. Ég þekki ekkert til höfundarins, Delibes, sem lifði á síðari hluta 19. aldar; heyrði ekki betur en eitthvað úr tónlistinni í þriðja þætti sé komið inn í Evítu, það skyldi þó ekki vera! Held sá kafli heiti Bænin.

Páskadagur

Fórum í síðdegismessu í St. Patric-kirkju í Soho, þar sem Ingólfur turnaðist til kaþólsku á sínum tíma. Ágæt páskamessa, einlæg og einföld. Á fremsta bekk sat utangarðsmaður. Hann var í þremur þykkum peysum. Hann lagðist á gólfið þegar hann bað. Hann gekk fyrstur út eftir messuna, þögull og virðulegur. Ég hugsaði með mér að hinir síðustu verði fyrstir.

Annar í páskum

Flugum með BA til Madrid. Fórum með Boeing 767, fínt flug. Á miðri leið kom flugstjórinn aftur í til farþeganna og heilsaði. Það þótti mér skemmtileg nýbreytni. Vekur traust og öryggi. Ég sagði honum að við værum frá Íslandi. Hann sagði „og nú ætlið þið að komast í heitara loftslag“. „Já,“ sagði ég.

Síðan fór hann að tala um Keflavíkurflugvöll og þennan hafsjó af storknuðu hrauni, Reykjanes.

Ísland er alltaf þekkt í útlöndum af einhverju einu; aðeins af einhverju einu.

Veðrið var afar gott þegar við komum til Madrid, sól og 18 stiga hiti. Sá nautaat í sjónvarpinu, þjóðaríþrótt Spánverja. Það er ljótur leikur. Nautabaninn þreytti nautið og stakk það svo í gegn. Síðan drógu þeir sverðið úr dýrinu, þá lagðist það. Þá gekk nautabaninn að því og drap það. Þó að þetta sé hluti af menningararfi Spánverja tel ég þennan dauðadans úreltan á okkar dögum. Ég gæti a.m.k. ekki kvalið dýr með þessum hætti. Samt finnst mér nautakjöt ágætt, það er annað mál. Hvar eru nú græningjarnir, hvar eru hvalverndunarmennirnir nú? Ætli þeir séu allir Spánverjar?! Það var engin furða þótt Hemmingway hefði ánægju af nautaati. Það var honum leikur við dauðann. Hann var heillaður eða bergnuminn af dauðanum eins og maður sér í sögum hans – en þó einkum hvernig hann lifði.

Og hvernig hann dó.

Dauðinn er mér umhugsunarefni að vísu, en hann er mér enginn leikur, heldur ógn. Hann hefur alltaf síðasta orðið. Mér leiðast þeir sem hafa alltaf síðasta orðið. Nautabaninn getur drepið eins mörg naut og hann vill, en það breytir engu. Sjálfur getur hann ekki umflúið dauðann. Að lokum stendur sverð dauðans í gegnum hjarta hans – eða eigum við heldur að segja horn dauðans?

Lífið er skrýtinn leikur; minnir á guðastyttuna sem hindúinn gefur mjólk að drekka til að halda í henni lífi. En hún er jafndauð fyrir það.

25. apríl, þriðjudagur

Sól og blíða í Madrid.

Ég hef verið að hlusta á hugleiðingar Alain DeBottons um heimspeki, einkum Sókrates, Epíkúrus, Seneca, Montaigne, Schopenhauer og Nietzsche. Afar fróðlegt. Ég þekkti lítið til Seneca. Hann var heimiliskennari Nerós keisara. Mér skilst samt að fanturinn hafi gert kröfu til að

þessi gamli kennari hans fargaði lífi sínu undir lokin. Seneca hafði augsýnilega mikið jarðsamband. Hann fjallar um lífið í kringum sig og dregur ályktanir af því. Hann leggur mikið upp úr vináttunni. Hann segir það geti verið heilsusamlegt að vera góður við sjálfan sig. Vertu vinur sjálfs þín einn dag, segir hann. Margir gleyma þessu og láta allt fara í taugarnar á sér. En Seneca leggur ekki mikið upp úr mörgum vinum, heldur fáum.

Montaigne átti í raun aðeins einn vin og hann beið þess aldrei bætur þegar þessi verðmæti vinur hans lézt. Sjálfur lifði hann tvo eða þrjá áratugi eftir dauða hans.

Montaigne var augsýnilega einnig með sterkt jarðsamband. Hann fjallaði um hversdagslífið í kringum sig, dró jafnvel ályktanir af kynlífi. Taldi að við ættum að stjórna líkama okkar og dregur ályktanir af því, þegar karlmaður missir getu til konu og fær af því miklar hugarkvalir, sem enda með því að hann vantreystir sjálfum sér. Og ef hann stjórnar ekki líkamanum, getur honum ekki framar risið hold!! Þetta er líklega mikil heimspeki og áreiðanlega jarðbundnari og raunsannari en margt annað sem þykir merkilegra! Montaigne segir einnig að ekkert stórmenni hafi verið dáð í umhverfi sínu, tökum Tómasarkirkjuna í Leipzig, þegar Bach var þar. Hann nefnir að vísu ekki þetta dæmi, en það er ekki út í hött að skírskota til þess. Þar var Bach ekki kallaður fimmti guðspjallamaðurinn, heldur Gamli karlinn!

Montaigne var mikill bókaormur. Hann hefur augsýnilega lesið feiknin öll af allskyns bókum og vitnar í þær fram og aftur, ekki sízt Seneca. Hann segir það sé betra að vitna í merkilegar athugasemdir annarra en flaska á sínum eigin. Góð regla fyrir hugsuði! Þó að Montaigne hafi verið mikill bókamaður gerði hann sér grein fyrir því að bækur ráða engum úrslitum um hamingjuna. Hann benti á allt bændafókið, ólæst og óskrifandi, sem virtist vera fullkomlega hamingjusamt í sínu frumstæða umhverfi.

Montaigne segir að klám hafi runnið út eins og heitar lummur um sína daga, þ.e. siðaskiptin. Semsagt, ekkert er nýtt undir sólinni!

Stundum er sagt að þessi 16. aldar esseyisti hafi verið fyrsti nútímamaðurinn. Ástæðan: bersögli, ekki sízt um sjálfan sig.

Þegar kemur að hamingjunni er Schopenhauer ekki langt undan. Hann var ekki meiri tízkudraugur en svo að hann þurfti að gefa út fjölda rita, áður en nokkur maður kynntist þeim. Fyrsta bók hans, sem mér skilst hafi verið einhvers konar meistaraverk, seldist í 260 eintökum. Ekki ónýtt að hafa það í huga nú á dögum! Schopenhauer hafði ekki mikið álit

á hamingjunni. Hann taldi að hún væri ekki hlutskipti mannsins, heldur vonbrigðin. Í svip allra gamlingja mætti lesa þetta orð, vonbrigði.

Sumt í heimspeki Schopenhauers er að mínu viti eintóm della; t.a.m. sú fullyrðing að ástin sé einungis til þess að framleiða börn, helzt falleg börn. Ástin er ekki til eins eða neins, hún kemur öllum á óvart og það er enginn að velta því fyrir sér hvort hann sé einhvers konar barnaverksmiðja eða ekki. Það er oft mikil ást án þess börn komi þar við sögu. En ást leiðir náttúrulega af sér börn, ef út í það fer.

Og þó! Hvað skyldu fæðast mörg börn fyrir mistök og án allrar ástar?!

Nietzsche dáði ungur Schopenhauer en hugsaði sig frá honum; hugsaði sig inn í Nietzsche. En Schopenhauer var ein helzta varðan á þeirri leið.

Og nú er klukkan orðin tólf á hádegi. Nýlistasafnið bíður og Prado.

Kvöldið

Það var gaman að skoða Prado-safnið, en yfirþyrmandi. Botticelli er ótrúlega fínn málari. Ætli hann hafi ekki átt mestan þátt í að draga himneskar persónur frum-renesansins niður á jörðina. Fólkið hans er a.m.k. komið með fótfestu. Áður sveif það í lausu lofti. Það eru fínar myndir eftir hann í safninu. Þegar við gengum í gegnum salina með Tiziian og Tinteretto, sagði Hanna, Það er fallegt betrekkið hérna! Ég held hún sé orðin hálfþreytt á klassíkinni! Við sáum uppáhaldsmálara Gunnlaugs Schevings, Zurbarán, m.a. einhverja mögnuðustu Kristsmynd sem ég hef séð. Þegar ég horfði á hana og síðar á myndir El Grecos og Goyas minntist ég Baltazars. Það er ekki vandi að gizka á hverrar ættar myndir hans eru. Goya var hirðmálari konungsins og af myndunum mætti ætla að hann hafi verið heldur þunnur, eins og kóngar eru, þegar svo ber undir; kannski líka dálítið hlægilegur eins og þjóðhöfðingjar verða, þegar þeir vaxa inní pjatt og hégóma. Fjölskyldumyndin af konungspersónunum er heimsfræg. Mikið óskaplega held ég að þetta hafi verið leiðinleg fjölskylda. Drottningin er jafn þóttafull inni í stofu og á hestbaki. Hún hefur líklega aldrei tekið niður grímuna.

Goya er líklega fyrsti módernistinn. Hann er ótrúlega fjölhæfur listmálari, en myndirnar af andlitum almúgafólks minna á orð Schopenhauers þess efnis að vonbrigðin leyna sér ekki í andlitum gamals fólks. Þessi andlit Goyas eru einnig fyrirmyndir Munchs, ef nánar er að gætt.

Á leiðinni í salarkynni Goyas gengum við framhjá gamalli bústu af Neró. Vangasvipurinn minnti á neróa allra landa, en þegar maður leit

beint framaní Neró kom ljóðskáldið Ari Gísli Bragason í ljós!

Þessi píslarganga var þannig hið mesta ævintýri, fróðlegt og óvænt.

Í gær missti ég Visa-kort í peningavél. Í dag American Express-kortið mitt. Nú er platínukortið eitt eftir. Þær eru gráðugar þessar maskínur og minna á ýmsa þá sem nú eru helzt þekktir á íslenzka verðbréfamarkaðnum. Það er vonlaust að fá kortin aftur. Vélarnir skila engu. Bezt að láta þær eiga sig. Maður þarf ekki annað en lesa ljóðsögu Ovids um Midas konung til að átta sig á þessu umhverfi: Nú sé ég ekkert lifir af í veröld gullsins!

Og svo var það óperan í kvöld, Svefngengillinn eftir Bellini. Við hefðum líklega ekki farið í óperu, ef Þórbergur hefði verið með okkur. Hann hataði óperur eins og pestina og taldi þær útslag fyrir almenna geðveiki.

Óperan var ágæt. Síðasta arían frábær, einhver sú fallegasta sem ég hef heyrt. Bellini dó 34 ára gamall. Þá hafði hann samið þrjár heimsfrægar óperur. Hann hlýtur að hafa verið einhvers konar sení, þessi ungi maður. Norma er þekktasta ópera hans, en ég hef ekki heyrt hana.

Svefngengillinn afsannar allar hugmyndir Schopenhauers um hamingjuna. Ástæðan; hún endar í yfirgengilegri hamingju! Það vakti athygli okkar að bass-barítóninn er íslenzkur óperusöngvari, Tómas Tómasson. Hann stóð sig með prýði og uppskar mikið lófaklapp að lokum. Ég þekki ekki til hans, en við vorum stolt af frammistöðu hans.

Madrid-óperan var þannig mikið ævintýri.

En Tómas er ekki einn af þessum fastagestum í íslenzkum fjölmiðlum. Hann virðist vinna sín afrek í listinni en ekki í fjölmiðlum eins og margir pólitíkusar og listamenn. Margir – alltof margir – eru eins og síldin í Vísi á sínum tíma. Þó að ekkert veiddist fyrir norðan, var alltaf feiknasíldveiði í Vísi. Þannig eru margir athyglisfíklar nú um stundir; vinna sín mestu afrek í fjölmiðlum!

En þessi síldarævintýri eru heldur lítils virði – og enda með krakki.

Annars er margt með ólíkindum í samfélagi okkar, sumt afar ógeðfellt; snobb og manndýrkun. Margt annað eins og hver annar farsi, t.a.m. séðogheyrt-væðing fyrirfólks; það er rétt. Nútímaþjóðfélag gengur eiginlega fyrir gerviatburðum eins og deilum ásatrúarmanna við þjóðkirkjuna. Ósköp eru það nú hallærislegar deilur og minna einna helzt á ek. andlegt kolósseum. Samt er enginn drepinn – og öllum er sama!

Allt er þetta endalaus veizla hjá frú Dalloway.

Lífið er terpentína!

Sagði Kjarval.

26. apríl, miðvikudagur

Fórum í klaustrið El Escorial í Caídos-dalnum þar sem grafhýsi Frankós er og loks til Toledó þar sem við sáum Tajo-ána sem rennur til hafs í Lissabon, dómkirkjuna með listaverkum El Grecós, málverk hans af guðspjallamönnunum og hina stóru útfararmynd Orgaz greifa (1586)sem margfræg er, en hún er í kapellu heilags Tómasar. Hún minnir á mynd eftir Giotto í Assisi þar sem listamaðurinn málar sjálfan sig með páfanum, en á þessari mynd El Grecós er hann sjálfur ásamt ýmsum fyrirmönnum í Toledó, kardinálanum og að sjálfsögðu greifanum dauðum, en í efri hluta myndarinnar trónar guðsmóðir og Kristur sjálfur; lykilmenn kristninnar á næstu grösum og lyklar himnaríkis dingla við heilagan Pétur.

Tajo-áin er einhvers konar rennandi skolp eins og flestar ár Evrópu nú orðið. Yfir henni trónar munkaklaustur Fransiscusa, en utan á klaustrinu eru hlekkir sem Ísabella drottning lét koma þar fyrir þegar kristnir menn frelsuðu bandingja múslima eða mára, en þeir höfðu kristna andspyrnumenn venjulega í járnhlekkjum.

Filippus II Spánarkonungur (1527-98) stofnaði klaustrið í El Escorial og kirkjan þar er einskonar fjöldagrafhýsi kóngafólks á Spáni gegnum tíðina, eða allt frá 16. öld. Filippus virðist hafa verið heldur önuglyndur, ef marka má málverk af karlinum, og hann þjáðist af liðagigt eins og sjá má af skrift hans. Hann átti fjórar drottningar og ríkti yfir mörgum löndum. Filippseyjar heita í höfuðið á honum. Ég er að vísu orðinn dálítið leiður á kóngafólki og þessi eilífa kóngasaga heldur athygli minni ekki sem skyldi, en hún er auðvitað bundin við þau listrænu afreksverk sem þessar þjóðir eiga, þ. á m. kirkjuna í El Escorial.

En það var annað sem vakti athygli mína, landakort á veggjum aðalsalarins í klaustrinu. Þar sá ég m.a. kort af Norður-Evrópu, líklega frá upphafi 16. aldar. Þar blasti Ísland við undir Grænlandi, kallað Islant og Thule. Það er augljóst að höfundur þessa korts hefur ekki haft nein kynni af Vínlandskortinu svonefnda, því að öll afstaða er út í bláinn og bæði Ísland og Grænland óþekkjanleg. Þau liggja í hafi sem heitir Oceanus Hyper Boreus. Færeyjar eru aftur á móti á sínum stað og sjálfum sér líkar, svo að ekki sé nú talað um England og löndin þar suður af. Það vakti athygli mína að Ísland var nefnt Thule og önnur staðanöfn voru t.a.m. Foglasker, Helgfiel, Holen, fyrir miðju landi en ekki endilega á Norðurlandi, Lagnes, Snaueliokel, sem á víst að vera Snæfellsjökull. Það væri áreiðanlega verðugt verkefni að rannsaka þessi staðanöfn á kortinu og

kanna tengsl þess við önnur Íslandskort. Nyrzta staðarnafnið við Ísland er svo Grimse. En mest kemur á óvart staðarnafnið Bergen sem er austast á Íslandi og augljóst að höfundur þessa landakorts rennir blint í sjóinn með staðsetningu Björgvinjar og þá einnig að sjálfsögðu útlínur Noregs. Hann veit samt ýmislegt, hefur nasasjón af ýmsu en allar eru upplýsingar þessa korts handahófskenndar, einhvers konar vísbendingar, en þá helzt brenglaðar.

En semsagt, Filippus Spánarkóngur II hefur haft einhvern pata af Íslandi, ef hann hefur þá einhvern tíma barið þessi kort augum. Það er þó óvíst því að hann þurfti á öllu sínu að halda í baráttunni við „óvini ríkisins“, þ.e. mótmælendur, Tyrki, gyðinga og Englendinga. Sat uppi með Flotann ósigrandi sem tapaði fyrir Englendingum 1588. Það var hans þorskastríð – og fór illa.

Grikkir vöruðu við ofmetnaði.

Filippus II var af Habsborgaraætt, sonur Karls 5.

Grafhýsi Frankós er einhvers konar tæknilegt undur út af fyrir sig. Það er grafið inn í fjallið, en á efstu klettum þess stendur kross sem er 150 metra hár og 200.000 tonn að þyngd. Grafhýsið er nú sérstök kirkja og hvíla foringjar falangista í gólfinu fyrir kórnum, þeir Frankó og stofnandi Falangistaflokksins, Jose Antonio de Ribeira. Leiðsögumennirnir voru tveir, annar sagði að í grafhýsinu hvíldu 40.000 þeirra sem féllu í borgarastyrjöldinni 1936-39, hinn taldi að þeir væru um 60.000. Alls féll í styrjöldinni um ein milljón Spánverja. Þarna eru því 4-6% hinna föllnu, bæði lýðveldissinnar og falangistar.

Það er skrýtin tilfinning að vera túristi. Það er sífelldlega verið að minna mann á að halda hópinn, ferðamennirnir eru merktir með gulum, rauðum eða grænum miðum sem minna á að þeir hafa borgað inngangseyri; þeir eru eins og rollur í réttum, dregnir í dilka eftir tungumálum og markaðir, miðarnir gegna samskonar hlutverki og t.a.m. bitið aftan hægra!

Toledó var höfuðborg Spánar þar til Madrid tók við; ekki vegna þess að þar bjó El Grecó, eða Grikkinn, heldur vegna þess að þar bjuggu Ísabella drottning og Ferdinand maður hennar.

Filippus II dó í El Escorial-klaustrinu en þangað leitaði hann frá skarkala heimsins. Í grafhýsinu þar eru tvær kistur tómar. Karl Spánarkóngur vill víst að þær hýsi jarðneskar leifar foreldra sinna, en faðir hans varð aldrei konungur Spánar. Frankó sá til þess. Mér skilst Karl eigi einnig að hvíla þar, þegar hans tími kemur og dagarnir eru uppi. Hann

stundaði laganám í klaustrinu en þar er bæði háskóli og starfandi munkasetur. Dómkirkjan er einskonar samkomustaður dauðs kóngafólks, rétt eins og Hróarskeldu-dómkirkja þar sem loftið er eins og í stórum helli; rökum og dimmum, samanber gefið lífsanda loft, eins og séra Matthías sagði í frægu kvæði eftir heimsókn þangað.

Á morgun er ferðinni heitið til Avila og Segóvía.

P.s. Við nánari umhugsun minnir Frankó á landnámsmennina sem trúðu því að þeir mundu deyja inn í fjöllin. Mér er nær að halda að Ingólfur Arnarson hafi verið einn þeirra. Ásatrúarmenn höfðu fallega sýn til dauðans.

Síðar

Avila og Segóvía eru gamlar borgir og hafa breytzt lítið sem ekkert frá því á miðöldum. Það eru þá helzt rafmagnsvírar á veggjum húsanna og klæðaburður fólks sem breyta umhverfinu; annað ekki. Kirkjurnar eru sambland af gömlum rómönskum skreytingum, gotneskri list og svo að lokum alls kyns viðbótum frá endurreisninni.

Þetta eru vinalegar borgir og eiga sér langa og mikla sögu.

Í Segóvíu er tvö þúsund ára gömul vatnsleiðsla sem Rómverjar lögðu á sínum tíma. Þessar steinhleðslur eru með ólíkindum, rétt eins og kirkjurnar sem enginn skilur, hvernig hægt var að byggja án þeirrar tækni sem nú er tíðkuð. Hið sama má einnig segja um kastalann fræga í Segóvíu. Þar er flott mynd af Ísabellu drottningu, þar eru skreytingaráhrif frá márum sem komu til Spánar á 9. öld og þar er stórt málverk af Filippusi II Spánarkonungi, ungum. Samt virðist mér hann þá þegar orðinn dálítið leiður á lífinu og engin furða. Báðum megin við hann eru málverk af tveimur af fjórum konum hans. Þær eru dálítið fínar með sig og hafa líklega verið einhvers konar díönur á sínum tíma. Þarna, eins og annars staðar, er sagan upp um alla veggi, þ.e.a.s. saga kóngafólksins, hin opinbera saga sem allt snýst um, en saga almúgans er einungis sögð með vinnulúnum höndum; steinilögðum götum, gömlum húsum, yfirgengilegum vatnsleiðslum og fallega höggnu graníti í kirkjum og köstulum. Kastilja merkir land kastalanna, það var land Kíkóta; fremur hrjóstrugt norðan fjalla, minnir dálítið á Ísland og raunar snjóaði þegar við fórum um fjöllin, en grænni sléttur sunnar. Tré á stangli norðan fjalla en sunnan fjalla meiri trjágróður og spánskara land, ef svo mætti segja.

Í dag fengu Spánverjar nýja ríkisstjórn og héldu upp á það í sjónvarpinu. Það var náttúrulega jafn leiðinleg athöfn og heima undir slíkum kringumstæðum, en það er þó bót í máli að forsætisráðherrann er svo fallegur

maður að hann ætti fremur heima í gömlu Hollywood en þarna á spænska þinginu. Það er margt fallegt fólk í þessu landi, en það er lágvaxið og sjaldnast glæsilegt.

Heilög Teresa var fædd í Segóvíu. Kannski var hún fyrsti femínisti sögunnar (1515-'82). Hún skrifaði fjölda bóka og skildi ekki hvers vegna jafnrétti ríkti ekki milli karla og kvenna. Hún var karmelíta-nunna, stofnaði 15 nunnuklaustur á Spáni og tvö munkaklaustur. Sjálfsævisaga hennar, Vida, er víðfræg.

Enn síðar

Við sáum málverk eftir Zurbarán af heilagri Teresu í dómkirkjunni í Sevilla en þangað komum við föstudaginn 28. apríl.

Það var merkilegt að koma til Sevilla eftir öll þessi ár; mínarettan á sínum stað, einnig dómkirkjan. Önnur eins listaverk er vart hægt að ímynda sér. Nú gekk allt betur en síðast. Við komumst inn í kirkjuna án þess athugasemd væri gerð við fatnað okkar. Síðast mátti Hanna ekki vera beraxla og ég ekki í stuttbuxum. Engin athugasemd var gerð við Ingólf, en hann keyrði okkur þá frá Carvóeira í Algarve þar sem ég skrifaði Sól á heimsenda. Nú komum við með hraðlestinni frá Madrid. Hún er frábær. Mér líður hvergi betur en í góðum lestum. Þessi lest keppir við hraðlestina milli Lundúna og Parísar, ef ég ætti að gera einhvern samanburð. En hún fer að vísu ekki undir Ermarsund!

29. apríl, laugardagur

Sama fólkið í Sevilla og síðast. Ekkert hefur breytzt, nema við.

Alcázar-kastali í Sevilla

1 Blómin
gular sólir
fikra sig
upp eftir pálmatrjám,
það er leið þeirra
til himins.

2 Hvítar dúfur
í garðinum,
nýflognar úr málverkum
meistaranna,

samtalslausar
eru þessar myndir,
Sókrates!

3 Blómin anga
í opinni skel
fínlegar fléttur
og fikra sig
inní hugann.

Merkilegt að skoða gömul hús og rústir; engu líkara en ein öld vaxi af annarri. Þannig bregður öld við aðra eins og segir í Velleklu (þ.e. gullskortur) Einars skálaglamms. Eftirminnilegt að sjá þessa smágerðu list máranna, bæði á gólfi, veggjum og í lofti. Þetta fólk hafði fínlegan smekk. Ef eftirkomendur þeirra hefðu ræktað þennan smekk væru færri hryðjuverkamenn á meðal okkar.

„Múhammeðsmenn gætu talið upp alla þá valdhafa, listamenn, skáld, vísindamenn og heimspekinga," segja Durant-hjónin í ritinu Í ljósi sögunnar, „sem lögðu undir sig og settu svip sinn á vænan hluta af veröld hvíta mannsins frá Bagdad til Cordova meðan þjóðir Vestur-Evrópu stauluðust um í daufri miðaldaskímu (u.þ.b. 565- u.þ.b. 1095)."

Kvöldið

Fórum í listasafnið hér í Sevilla, að mörgu leyti ágætt safn, ekki sízt vegna þess ég hef hvergi séð fleiri myndir eftir Zurbarán. Kristsmynd hans er óviðjafnanleg.

Hef verið að lesa Í ljósi sögunnar eftir Durant-hjónin. Það leiðir hugann að aðstæðum heima á Íslandi:

„Að sögn Plutarkosar var málum svo komið í Aþenu 594 f.Kr. að „munur ríkra og fátækra hafði náð hámarki svo að borgin virtist í hættu stödd og engin úrræði til að forða henni frá ógöngum... virtust tiltæk nema harðstjórn." Hinir fátæku fóru að ráðgera uppreisn, af því að þeir sáu stöðu sína versna með hverju árinu sem leið – yfirstéttin hafði töglin og hagldirnar í þjóðfélaginu og spilltir dómstólar dæmdu fátæklingunum öll mál í óhag. Hinir ríku brugðust ókvæða við er þeir sáu hagsmuni sína í hættu og bjuggust til að verja hendur sínar. Heilbrigð skynsemi fékk að ráða; hófsemdaröfl í þjóðfélaginu tryggðu kosningu Sólons, kaupsýslumanns af höfðingjaættum, og var hann kjörinn arkon. Hann felldi gengi gjaldmiðilsins og létti þannig byrðar allra sem skuldugir voru (þótt sjálfur væri hann lánardrottinn). Hann lækkaði

allar einkaskuldir og batt enda á fangelsun vegna skulda. Hann lét strika út vangoldna skatta og vexti af veðlánum og kom á stighækkandi tekjuskatti er gerði hinum auðugu að greiða tólf sinnum hærri skatt en hinir fátæku. Hann endurskipulagði dómkerfið á skaplegri hátt og gerði ráðstafanir til þess að synir þeirra sem fallið höfðu í stríði fyrir Aþenu yrðu aldir upp og fræddir á kostnað stjórnarinnar. Hinir ríku mögluðu og töldu aðgerðir hans blábera eignaupptöku; hinir róttæku kvörtuðu yfir því að hann hefði ekki skipt jarðeignum upp að nýju, en áður en mannsaldur var liðinn voru flestir á einu máli um það að endurbætur hans hefðu forðað Aþenu frá byltingu."

Einar Magnússon kenndi okkur vísu um Sólon og Krösos kóng hinn auðuga, hún er einhvern veginn svona:

Við Krösos unga sagði Sólon
er sá hann allt hans veldi:
Ævi manns er eins og ryk
allt til loka. -

Ágætt til íhugunar!

Kannski er þessi vísa hið eina sem ég lærði utanbókar í MR! Hún á líklega rætur í frásögn Herodótusar um samtal Sólons og Krösosar, en það átti sér áreiðanlega aldrei stað, því að Krösos var eins árs þegar Sólon lézt áttræður að aldri, 559 f.Kr. Sagnfræðilegur sannleiki hangir oft á þjóðsögulegum bláþræði.

Í listasafninu í Sevilla

1 Kristsmynd Zurbaráns
á veggnum
sjálflýsandi kross
í umhverfisvænu
myrkri,
garðurinn
finkaður til
undir flæðandi
geislum.

2 Hvað væri að sjá
ef Kristur hefði

ekki fæðzt
engar kirkjur
engin málverk
ekkert nema andlitslausa
mergð
í gruggugum spegli
tímans.

3 Blaðgrænir skuggar
vatnsins
gárast
við appelsínurauða
ugga.

4 Trén breyta
jörðinni
í sítrónugular
sólir.

5 Þjófurinn hvarf
með tösku hollenzku
konunnar,
grátandi sagði hún,
Gleraugun
voru í töskunni
hann hefur stolið frá mér
sjóninni!

6 Trén
hafa ekkert
takmark,
vaxa þó upp fyrir
húsin
þar sem fuglarnir
skríkja
fyrir guðina.

7 Finkan
baðar sig

í gosbrunni,
það er þvottdagur.

8 Þögnin
veðraður
finkugrár steinn
dómkirkjunnar.

9 Hugsa
til hennar
sem sagði, Ég
er aldrei einmana
hugurinn
er félagi minn.

30. apríl, sunnudagur

Komum til Cordóba síðdegis í dag. Búum á framúrskarandi hóteli í gamla gyðingahverfinu, Hótel Amistad. Hverfið er frá 10. öld. Hanna minntist afmælis Bjarna Benediktssonar, með honum og Sigríði vorum við á Ítalíu sællar minningar. Það var sumarið 1962. Þá var hann dóms- og kirkjumálaráðherra. Við gengum á fund páfa, Jóhannesar 23., og skoðuðum marga bæi og þá ekki sízt Róm. Ókum frá Genf, gistum í Nissa á leiðinni, komum við í Assisi, einnig Perugía. Í Assisi voru allir litlu munkarnir að sópa og fægja því að von var á páfanum í heimsókn, ég held vegna þessa fræga kirkjuárs. Tókum þátt í hátíðarhöldunum í tilefni af kirkjuárinu í Róm. Okkur var boðið í Vatikanið vegna þess að Bjarni var á ráðstefnu dóms- og kirkjumálaráðherra Evrópu. Páfi heilsaði öllum, en okkur Norðurlandabúum lauslega. Hann var lítið fyrir mótmælendur. Hann var á inniskóm og ávarpaði okkur stuttlega. Þegar hann heilsaði okkur sá ég að hann náði mér í geirvörtur. Þetta var eftirminnileg ferð, raunar ógleymanleg og ég hef skrifað um hana annars staðar.

Og nú erum við komin til Cordóba í Andalúsíu, þangað höfum við aldrei komið áður. Hún stendur einnig, eins og Sevilla, við Gvadalkívír-ána:

Borgin er blóm
með djúpar rætur
og skolpið vökvar ræturnar.

Hér í Cordóba er safn um sögu nautaats, einkum til minningar um frægasta nautabana Spánar, Manolete. Hann varð fórnardýr nautsins Isleros, 1947. Húðin af nautinu er geymd í safninu, ásamt ýmsum munum Manoletes – semsagt, safn dauðans.

Á Íslandi hafa nautaötin farið fram í þjóðsögulegum bókmenntum: Boli, boli bankar á dyr/ með bandinu sínu langa...

1. maí, mánudagur

Gengum um Cordóba, rigning. Skoðuðum kastalann með útsýni yfir fljótið. Það er raunar líkara skolpi en íslenzkum ám. Ferdinand konungur af Aragon og Ísabella drottning af Kastilíu, þ.e. konungshjón þessara ríkja beggja eftir sameininguna, tóku á móti Kólumbusi í þessum kastala, áður en hann hélt vestur um haf. Síðar varð kastalinn höfuðstöðvar spænska rannsóknarréttarins. Þá hefur ríkt hér sama andrúmsloft og í Lúbjanka-fangelsi KGB-manna í Moskvu.

Gengum um göturnar, sem eru frá 10. öld. Garðarnir inni í húsunum ævintýri, skreyttir blómum og keramik.

Moskan ótrúlega stór og tilkomumikil, einkum þegar inn er komið. Í henni eru á níunda hundrað bogar sem halda uppi þakinu. Súlurnar að sjálfsögðu úr marmara. Allt arfur frá márískum tíma. Síðar hefur kaþólsk kirkja verið byggð inn í moskuna. Þannig stendur maður á vegamótum margra alda og hlustar á nið tímans. Upplifir andstæður fyrri alda eins og samhljóm eða niðurstöður í daglegu lífi nútímans. Engu líkara en allt hafi þetta gengið fyrir sig átakalaust, en það var nú eitthvað annað! Arabísk eða márísk skreytilist er ákaflega fíngerð, minnir á arabískt letur. Ólæs á þetta letur getum við tileinkað okkur þá sögu sem naktir veggir þessarar gömlu húsagerðarlistar segja án orða; þessir þögulu veggir sem eru mælskari en endalaust skvaldrið í túristunum í kringum okkur.

Stytti upp síðdegis. Fallegt veður og við sátum í moskugarðinum.

Kvöldið

Þeir sem hafa stjórnað trúarbrögðunum í þessu landi hafa svo sannarlega ekki verið sömu skoðunar og Nietzsche en hann komst að orði eitthvað á þessa leið: Það er nauðsynlegt að setja á sig vettlinga áður en maður les Nýja testamentið – og eina persónan í Nýja testamentinu sem ástæða er til að bera nokkra virðingu fyrir er Pílatus! Mér er þetta að vísu óskiljanlegt en kannski eru þessar skoðanir arfur úr heimahúsum, þrátt fyrir allt. Faðir

Nietzsche og móðurafi voru báðir prestar. Nietzsche elskaði föður sinn, að vísu, en fyrirleit augsýnilega lífsstarf hans. Kristni hefur verið honum einhvers konar hömlur í æsku og útrás síðar því nauðsynleg. Þannig sprengdi hann stífluna. En hafði það eitthvað uppá sig? Mér er það til efs.

Sá sem getur ekki notið ljóðlistar Krists hlýtur að vera heyrnarlaus, a.m.k. á öðru eyra. Ég sagði ljóðlistar, því að hún stendur ein og sér hvað sem öllum guðdómi líður.

Í moskugarðinum, Cordóba

Sitjum í garðinum
horfum á tvo
fílþunga karla
taka myndir
af moskuveggjunum,
veðruðum í skuggsælli
þögn
þúsund ára,
sitjum við gosbrunninn,
köstum mylsnu
af nýbökuðu
horni
til hvítrar dúfu
sem nálgast okkur
betra að hafa
vaðið fyrir neðan sig,
ef hún skyldi vera
heilagur andi
í eftirlitsferð,
en þá kemur snaggaraleg
finka að gosbrunninum,
skríkir,
þrífur brauðmola
við nefið á dúfunni,
en eftir sitjum við
jafnundrandi
og postularnir á hvítasunnu.

4. maí, fimmtudagur

Komum til Granada í gær eftir 2ja tíma ökuferð frá Cordóba. Allt landið þrælræktað, mest plantað trjám.

Gistum á einu sérstæðasta hóteli sem við höfum kynnzt, Alhambra Palace Hotel. Það er skammt frá Alhambra-höllinni sem márarnir reistu á sínum tíma, en Karl V bætti við á 16. öld. Alhambra merkir hið rauðsteinótta hús. Samt sýnist mér höllin fremur rauðbrún en rauðleit, en að innan eru móttökusalur soldánsins, svefnherbergi hans, svefnherbergi aðalkonunnar, einstæðar gersemar. Einnig garðarnir og allt sem þarna blasir við augum. Í næsta nágrenni við hallirnar virkið og þaðan ótrúleg útsýn yfir borgina og til Sierra Nevada-fjalla. Gamla íbúðarhverfið utan við hallarvirkið er rústir einar því að hersveitir Napóleons sprengdu þær í loft upp, að fyrirmælum hans sjálfs. Napóleon var að sjálfsögðu hvorki gáfumaður né stórmenni, heldur venjulegur herforingi sem óð eins og hundingi yfir allt og alla, en Frakkar tóku í dýrlingatölu af misgáningi. Ástæðan til þess að Alhambra-höllin var ekki einnig sprengd í loft upp var sú að einhent hetja, spænsk, tók sig til og hjó á alla sprengiþræðina, áður en Frakkarnir áttuðu sig. Þannig bjargaði hann þessum menningarsögulega dýrgrip. Ég tel þennan einhenta mann, José Garcia, miklu merkilegra framlag til mannkynssögunnar og menningarsögunnar en fyrirbrigðið Naflajón.

Garðarnir í Medina, sem merkir bær, hafa verið græddir upp og þar eru hin fegurstu trjágöng. Þar eru gömlu gosbrunnarnir notaðir enn, þeir eru eitt af furðuverkum veraldarsögunnar, en arabarnir leiddu vatnið úr fjöllunum, komu fyrir gosbrunnum á víð og dreif og allt án þess notaðar væru neinar tæknilegar eða verkfræðilegar formúlur. Vatnið rennur einfaldlega af einum hjalla á annan og spýtist upp úr gosbrunnunum þar sem því er ætlað – og allt er þetta með ólíkindum; rétt eins og annað í tengslum við þetta virki, ekki sízt varðturninn þaðan sem blasir við útsýn yfir allt héraðið.

Granada er gríðarlega vel staðsett í fjalllendi sem er einskonar framhald af Sierra Nevada-fjöllum; eitt fegursta bæjarstæði sem ég hef séð. Margt gamalt og gróið í þessu umhverfi sem er ævintýri líkast. En mesta ævintýrið er af manna völdum, þ.e.a.s. Alhambra sjálf. Þar eru skreytingarnar með svipuðum hætti og í stóru moskunni í Cordóba, arabíska skriftin víða, blasir við á veggjum og er partur af skreytingunni; af henni má sjá hver byggði þessi húsakynni, hvenær þau voru byggð og ýmislegt fleira sem heyrir sögunni til. Þetta fólk skildi ekki eftir sig aðrar heimildir en þessi húsakynni, hvorki bækur né annað. Af þeim sökum verða menn að lesa

þessa sögu af veggjum þessarar einstæðu húsagerðarlistar. Þar eru einnig áminningar eins og þessi sem mér datt í hug að fella í svofelldan ljóðrænan búning:

Enginn er guð
nema Allah,
en í garðinum
blómlegt júdasartré
kristið fólk
getur hengt sig í því
ef það selur sig
fyrir silfurpeninga.

Við horfðum á þetta fallega tré sem leiðsögumaðurinn sagði að héti júdasar-tré hér um slóðir, en annars staðar ástartré.

Einkennilegar andstæður, nema því aðeins að Júdas hafi svikið Krist vegna ástar á honum. Það er til svo margvísleg ást – eina þá vinsælustu nú um stundir og þá sem einna helzt er í tízku mætti kalla peningaást!

Í gær var 26 stiga hiti, í dag svalara og þægilegra. Í gær fékk ég slæman verk í öxlina, sjúkraþjálfun langt undan, en Ingólfur náði í lyf handa mér og nú er ég fínn og til alls vís.

Í gær var kirkjuleg hátíð um allar götur Granada. Það var eftirminnilegt að fylgjast með henni. Þúsundir manna á götunum, konurnar í fallegum spænskum flamenco-kjólum, margir karlar með hatta, sumir á hestum eins og í gamla daga. Einnig í einhverjum búningum sem minntu á Yerma eftir Lorca eða Blóðbrullaup. Ég dái Spánverjana fyrir það hvað þeir halda arfleifð sinni vel við; unga fólkið ekki sízt. Öll tónlistin á götunum spænsk, allt sungið á spænsku. Það heyrðist ekki enskt orð, enginn vestrænn dans – allt spænskt og samkvæmt uppskrift arfleifðarinnar. Ég öfunda Spánverja af þessu þrekvirki, að varðveita sérkenni sín með þessum einstæða hætti. Það er hægt að lifa í nútímasamfélagi án þess láta ameríkaníséringuna gleypa sig með húð og hári – en getum við það?

Kvöldið

Hef verið að hugsa um hvað kaþólskar þjóðir Evrópu eiga gott að hafa varðveitt arfleifð sína jafnvel og jafnlengi og raun ber vitni. Hátíðin hér í Granada í gær var í raun fagnaðar- og trúarhátíð. Hún heitir Hátíð krossins. Fólkið upplifir trú sína með öðrum hætti en við, það upplifir

hana eins og andblæ frá liðnum öldum. Konurnar eru í síðum og alla vega litum flamenco-kjólum sem eru einhvers konar listaverk út af fyrir sig og karlarnir punta sig með sama hætti og þeir hafa gert í gegnum aldirnar.

Fórum í Dómkirkjuna í dag. Hún er mikil og skrautleg, líklega barokk-kirkja frá 17. öld gæti ég trúað. Mjög skrautleg að innan, en skrautið er þunglamalegt. Sáum einnig grafhýsi Ísabellu og Ferdinands konungs sem er við hliðina á kirkjunni. Það er mjög áhrifamikið. Þar ræður dauðinn ríkjum. Þar sér maður kisturnar undir miklum minnismerkjum. Auk þeirra liggur þar eitthvert fleira kóngafólk, mig minnir Filippus I og einhver drottning. Skiptir ekki máli. Það er enginn þarna hvort eð er. En minningin er rækilega ræktuð. Á torgi skammt frá Dómkirkjunni er mikið minnismerki sem sýnir Kólumbus á tali við Ísabellu. Þegar við vorum í Alhambra í morgun sagði leiðsögumaðurinn að Kólumbus hefði átt síðasta samtal sitt við Ísabellu og Ferdinand fyrir Ameríkuförina í einu af hallarherbergjunum skrautlegu. Þar afhenti Ísabella Kólumbusi skartgripi sína, svo að hann gæti fjármagnað ferðina. Okkur var sögð svipuð saga í kastalanum í Cordóba. Þetta er nokkurn veginn eins og þegar maður ferðast um Bandaríkin og rekst á hvert húsið á fætur öðru þar sem Washington á að hafa gist – og þá helzt á tveimur, þremur eða fjórum stöðum í einu! En allir vildu víst Lilju kveðið hafa.

Hitt þykir mér athyglisverðara hvað mikið af skólakrökkum sækir söguleg minnismerki ásamt kennurum sínum og leiðsögumönnum. Spánverjar tala helzt ekkert annað en spænsku og rækta arfleifð sína með einstökum hætti. Hér er allt spænskt, þ.e.a.s. það sem er ekki arfleifð frá mörg hundruð ára yfirráðum máranna hér um slóðir, en þeir voru þá einnig orðnir nokkurs konar Spánverjar, þegar yfir lauk. Ég var að velta fyrir mér hvers vegna íslenzkir skólakrakkar eru ekki látnir rækta arfleifð okkar betur en raun ber vitni. En hvaða arfleifð? Það er þá einkum tungan og bókmenningin, við eigum nánast engin hús. Náttúran er það sem dregur ferðamenn að landinu; ekki hús, kastalar eða hallir; ekki kóngafólk eða stórviðburðir. Ekki íslenzkan heldur, því hún er fyrir okkur. Hvað er þá eftir? Ekki geta krakkarnir farið endalaust til Skálholts, að Hólum eða skroppið til Þingvalla.

Við værum í raun og veru öreigar sem þjóð ef við ættum ekki bókmenninguna og tunguna; ef við ættum ekki náttúru landsins; sjálfa umgjörðina.

P.s. (Það var ekki fyrr en máraríkið á Spáni hafði leyst upp í 36 smáveldi sem Ferdinand og Ísabella sigruðu þau og sameinuðu Spán. Síðasti soldáninn fékk fararleyfi til Afríku, sbr. kristilega kærleiksblómin spretta/ í kringum hitt og þetta...).

Alhambra

Ómaðksmoginn sedrusviður
í lofti
ilmur af sígrænni myrtu
í garðinum
júdasartré
göngum
inn í 13. öldina
fylgjum finkuléttri
hugsun
inn í andrúm
ólíkra tíma,
mælskir eru veggirnir,
enginn er guð
nema Allah
w* er mestur
w* talar
úr þögulum veggjum
hér talar Allah
úr sjöunda himni
þaðan sem vatnið rennur
að rótum tímans,
hvílum eyru
við vatnsmjúka tónlist
gosbrunnanna
fjalltært er vatnið
í brunnunum
fjalltært er vatnið
af sjöunda himni
þar sem fuglarnir baða sig
í vængmjúkri hugsun guðs.

* Arabískt tákn fyrir Allah.

5. maí, föstudagur

Þrumur og eldingar í nótt. Gekk á með ausandi rigningu síðdegis, en við létum það ekki á okkur fá. Regnhlífarnar komu í góðar þarfir. Í svona úrhelli taka svartir sölumenn regnhlífa við af þeim sem selja sólgleraugu og setja sinn svip á götusöluna.

Þegar upp stytti gengum við niður í Lorca-garðinn syðst í borginni, en þar stóð heimili fjölskyldunnar og er nú orðið að safni, Huerta de San Vicenta, Casa-Museo Federico Garcia Lorca. Það hefur verið talsvert utan við borgina á sínum tíma, en nú stendur það í miðjum garðinum í námunda við einhver fegurstu rósabeð sem ég hef séð. Það er við hæfi.

Í safninu er svefnherbergi Lorca á efri hæð, eldhús, stofa og önnur herbergi á neðri hæð. Mörg handrit í glerskápum, bækur með ljóðum skáldsins og leikritum, auk fjölda teikninga eftir skáldið og nokkurra stórra málverka á veggjum. Í þessu húsi upplifðum við, þrátt fyrir allt, kransakökuna á þessu ferðalagi. Allt var þó á spænsku, leiðsögumaðurinn talaði enga ensku, en ég náði þó í enska bók um líf Lorca, teikningar og skáldskap. Í henni eru margar skemmtilegar myndir, ekki sízt af Lorca og Dali sem voru miklir vinir upp úr 1920, en svo slettist upp á vinskapinn þegar Lorca gaf út sígauna-ballöðurnar; þá skrifaði Dali vini sínum langt gagnrýnisbréf þar sem hann setur út á tengsl hans við hefðina og segir að ljóðin fullnægi ekki hinum nýju þörfum módernismans. „Ljóð þín eru bundin á höndum og fótum við fortíðina," sagði Dali. En Lorca sagði að athugasemdin væri „skynsamleg og fordómafull" – eða eitthvað í þá áttina.

Í fyrrnefndri bók er ljóðið um Cordóba sem Lorca samdi á árunum 1921-24 undir fyrirsögninni Söngur riddarans eða Söngur hestamannsins. Þar er fjallað um aðra Cordóba en við upplifðum, borg sorgar og fjarlægðar. Nú er þar annað andrúm en Lorca lýsir:

Cordóba

Fjarlæg og ein.
Svartur hestur, stórt tungl
og ólívur í hnakktöskunni.
Þó að ég þekki leiðina
kemst ég aldrei til Cordóba.
Yfir sléttuna, gegn vindinum,
svartur hestur, rautt tungl.
Dauðinn fylgist með mér
úr turnum Cordóba.

Ó, hversu leiðin er löng!
Ó, minn hugrakki klár!
Ó, dauðinn bíður mín
áður en ég kemst til Cordóba.
Cordóba.
Fjarlæg og einmana.

Ingólfur segir að teikningar Lorca geti alveg eins verið eftir Miro, þeir séu svo líkir. Þær eru náttúrulega uppfullar af súrrealisma. Lorca hafði hann í blóðinu og þess vegna átti hann erfitt fyrir heima á Spáni þó að sígauna-ballöðurnar hafi orðið einhver vinsælasta ljóðabók sem um getur. En súrrealisminn hefur ekki verið auðmeltur og kannski er Lorca betur þekktur með bókmenntafólki í öðrum löndum en alþýðu manna á Spáni, eða eigum við að segja: andalúsíu. En til hennar sækir hann hina andalúsísku arfleifð sem hann breytir í klassíska nýlist.

Það voru engar hópferðir í þetta safn eins og í Alhambra, þar voru einungis hljóðir einstaklingar sem íhuguðu hverja mynd, sérhvert handrit og báru saman við prentað mál. Skrift Lorca er heldur barnaleg þegar hann notar penna og blek, en mun þroskaðri þegar hann skrifar með blýanti. Það er hnýsilegt að sjá hvernig hann strikar út, breytir og lagfærir; hann hikar ekki við útstrikanir frekar en önnur góðskáld. Það eru einungis meðalskáldin og þaðan af verri sem tíma ekki að breyta neinu, en telja allt fullkomið sem lendir á pappírnum í fyrstu atrennu. Hún er venjulega einnig síðasta gerðin í handritum vondra skálda. Þau skortir vandfýsnina, tilfinninguna, smekkinn. Þau gleypa allan innblástur eins og kýr sem kunna ekki að jórtra. Þær þrífast ekki og hefðu betur orðið hestar!

6. maí, laugardagur

Alhambra Palace-hótel stendur á hæðinni og rís eins og kastali yfir borgina. Það er rauðbrúnt með grænum gluggum. Það er ævintýri líkast. Það minnir einna helzt á skemmtiferðaskip, matsalurinn ekki opnaður fyrr en klukkan hálfníu á kvöldin. Kvöldverðurinn og allir þjónarnir eins og á Queen Elisabeth. Frá hótelinu að Alhambra-virki er steinsnar. Hótelið var byggt 1910.

Það var í þessu hóteli sem tekin var mynd af Lorca 5. maí 1929, ásamt fjölda gesta sem viðstaddir voru í tilefni af því að þá hafði leikrit hans, Mariana Pineda, verið frumsýnt. Á miðri myndinni, sitjandi, eru Margarita Xirgu, sem setti upp flest leikrit hans, og Federico Garcia Rodrigues,

faðir hans. Allt prúðbúið fólk, mest karlar. Ég sé ekki nema þrjár konur á myndinni, t.a.m. vantar móður hans, en að henni var hann mjög hændur. Hún hét Vicanta Lorca Romero. Til er mjög skemmtileg mynd af henni og heimili fjölskyldunnar þar sem skáldið birtist í speglinum bak við hana. Táknræn mynd á margan hátt. Lorca átti bæði bróður sem virðist vera mjög áþekkur honum og systur.

Fyrsta leikrit Lorca féll eftir fjórar sýningar í Madrid 1922 og ljóðasafn sem foreldrar hans kostuðu og út kom í Madrid 1921 vakti enga athygli. Á þessum árum var Lorca í vinfengi við Dali og Buñuel. Hann heimsótti Dali þar sem hann bjó í litlum fiskibæ í Katalóníu, Cadaqués; bæði 1925 og 1927 en þá stóð vinátta þeirra í blóma. Hann orti lítið, fallegt ljóð til vinar síns þar sem hann lýsir bænum.

Eftir fræga ferð til Ameríku, einkum Kúbu, þar sem Lorca var tekið með kostum og kynjum, kom hann aftur heim til Madrid og gerðist aðili að leikflokki sem fór um landið til að sýna verk gamalla meistara eins og Lope de Vega og Calderónes. Þegar lýðveldið var stofnað 1931 varð einn helzti mentor Lorca menntamálaráðherra. Leikflokkurinn var því styrktur af hinni nýju vinstristjórn lýðveldissinna, nefndist Barraca og fór víða um landið. Þá byrjuðu tengsl Lorca við vinstri stjórnina, en þau leiddu til harmsögulegra endaloka.

Lorca hafði upplifað verðbréfahrunið í New York 1929 og þar fannst honum fátt minna á þá kristilegu siðmenningu sem hann var alinn upp við. Alls staðar er fólk öskrandi og grenjandi eins og dýr, skrifaði hann heim. Einnig konurnar. „Þegar ég komst út úr þessu helvíti," heldur hann áfram, „var öll umferð bönnuð um Sixth Avenue. Bankastarfsmaður hafði kastað sér út um glugga á 16. hæð í Hótel Astor." Hann kom að þegar verið var að lyfta manninum af götunni. „Hann var mjög stór, rauðhærður, og ég gleymi ekki stórum hvítum höndum hans á sementsgrárri götunni. Við þessa sjón fékk ég nýja hugmynd um bandaríska menningu, ...það var eins og skip væri að sökkva og allt kristið andrúm horfið."

Nú fylgdu harmleikir Lorca, Blóðbrullaup var sett upp í Barcelona 1933 og síðan flutt til Buenos Aires þar sem það var sýnt meira en 100 sinnum. Yerma fylgdi í kjölfarið árið eftir og Margarita Xriga í höfuðhlutverkinu. Það var sýnt yfir hundrað sinnum í Madrid og síðan farið með það til Barcelona og Valencia. Þriðja leikritið Hús Bernarda Alba, skrifað 1936 eða sama ár og Lorca var myrtur, en ekki sýnt fyrr en 1945. Þá voru Margarita Xriga og leikflokkur hennar komin í útlegð til Buenos Aires og þar var Bernarda Alba ekki sýnt fyrr en 1945.

Spænski herinn gerði uppreisn gegn lýðveldisstjórninni í júlí 1936. Þá var Lorca í Madrid, en fór til Granada skömmu síðar, eða 13. júlí. Nokkru síðar gerði herliðið í Granada uppreisn og náði borginni 23. júlí. Mágur Lorca, Monte Sinos, nýkjörinn borgarstjóri, var handtekinn og drepinn 16. ágúst, eða sama dag og Lorca var handtekinn í Granada.

Margt er á huldu um dauða Lorca en talið að hann hafi verið drepinn í bænum Viznar. Mér skilst að enginn hafi rannsakað dauða hans jafn vandlega og ævisöguritari hans, Ian Gibson, sem skrifaði bókina The Assassination of Federico Garcia Lorca, en ég hef ekki lesið hana. Hún bíður betri tíma, þegar minningar úr þessari ferð ryðjast fram og kalla á nýjan farveg eins og gamalt fljót.

Hið mikla skáld Spánverja, Antonio Machado, sem sumir telja eitt helzta skáld þessarar aldar og lézt u.þ.b. sem lýðveldið hrundi, orti bitur eftirmæli um Lorca þegar hann frétti lát hans:

Hann sást á gangi...
vinir, reisið minnismerki
úr steini og draumum Alhambra,
yfir gosbrunn þar sem vatnið syrgir
og segir að eilífu:
glæpurinn var framinn í Granada,
í hans Granada.
Sjálfur hafði Lorca ort:
Ef ég dey hafið svalirnar opnar
barnið borðar appelsínur
(ég sé það af svölunum).
Uppskeran hafin og kornið þreskt
(ég heyri það af svölunum);
ef ég dey hafið opið út á svalirnar!

6. maí, laugardagur
Kvöldið

Lorca varð píslarvottur og sem slíkur mun hann lifa; ekki sízt. Hann var einnig brautryðjandi í skáldskap, bæði ljóðlist og leikritagerð. Hann var fínt skáld, að sjálfsögðu, en mér þykja ljóð hans ekki öll jafn góð; í sumum newyork-ljóðanna er mælskan ekki borin upp af nógu þéttu myndmáli og skírskotanir of súrrealískar fyrir minn smekk; að vísu eftirminnileg flugeldasýning sundraðra mynda, sumar hafa ratað inní íslenzka ljóðlist; t.a.m.

rándýrsþófar. En fínustu kvæðin eru sérstæð, ljóðræn reynsla, svo persónuleg að ekki verður betur gert. Í þessum ljóðum er skáldið einn á ferð, einn með arfleifð sinni og því sem enginn á nema hann; einn með þeirri óskýranlegu tilfinningu sem gerir skáld að skáldi, en ekki fagmanni eingöngu. Lorca er beztur þegar hann er á heimaslóðum og eys af þeirri auðlegð sem Dali gagnrýndi einna helzt, þegar sígaunakvæðin birtust á prenti.

En allt er þetta falleg músík á frummálinu. Og ekki nauðsynlegt að skilja hana nema með tilfinningunni; rétt eins og gamlan dróttkvæðan skáldskap, kenningar hans, heiti og marggleymt myndmál. Ljóðgátur Lorca standa myndgátum Dalis auðvitað nær en fornri íslenzkri skreytilist.

7. maí, sunnudagur Sevilla

Þegar við komum hingað aftur eftir þriggja tíma bílferð frá Granada gerði úrhellisrigningu með þrumum og eldingum, náttúrlega. Það getur rignt víðar en í Reykjavík og miðað við spænska rigningu er íslenzka regnið einskonar vasabókarútgáfa af sólarlandarigningu, ef svo ber undir. Í svona úrfelli er engu líkara en opnað sé fyrir allar flóðgáttir á himnum og samkvæmt islam situr Allah þarna uppi í sjöunda himni og skrúfar frá, það höfum við a.m.k. lært hér í Al-Andalus, en það er hið máríska nafn hins múslimska heimsveldis á Spáni. Arfleifð þessa ríkis er ótrúlega frjó og áhrifamikil. Það gátum við m.a. séð á tveimur sýningum sem við rákumst á hér í miðborg Sevilla í dag, en nú hefur glaðnað yfir veðrinu svo við ráfuðum um rétt eins og túristar gera. Önnur sýningin var í Casa de la Memoria de Al-Andalus og þar eru sýndir keramikvasar frá dögum máranna, sumir mannhæða háir, aðrir minni. En það er einhver paradísarþrá í þeim öllum, svo fallega skreyttir sem þeir eru – en á þessari sýningu voru einnig aldagömul málverk af Alhambra-fólki, einkum konum. Minna á sumar mannamyndir Errós eins og þær eru málaðar af nákvæmni og stakri tillitssemi við fyrirmyndirnar, þ. á m. málverk af fallegri konu sem les í bók, mér skilst hún hafi verið skáld þar um slóðir á sínum tíma. Orðið skáld í forngrísku merkir sá sem skapar, sköpuður. Þá var ljóðlist í heiðri höfð í þessu fyrirheitna ríki landvinningamanna og soldána. En þeir héldu upp á fleira en falleg kvæði og kóraninn, einkum töluna fjóra sem er undirstaða alls mynsturs í dýrlegri skrautlist þeirra. Það er mikið til af fallegum kvæðum á arabísku; mikið af fallegum kvæðum sem eiga rætur í paradísarþrá múslima, en þessi ljóðlist er einatt á næstu grösum við ástina sem Omar Kajam hefur öðrum fremur lofsungið í ferhendum sínum.

En það eru fleiri en Erró sem hafa sótt í spánska arfleifð máranna, það var augljóst þegar við fórum á hina sýninguna í Caja San Fernandó, einnig í miðborg Sevilla. Þar voru sýnd keramikverk eftir Picasso, sum einnig með rætur í afrískri listhefð. Þar voru margir eftirminnilegir vasar og þá ekki síður plattar eða diskar, margir svo persónulegir að maður hefði þekkt þá úr mílu fjarlægð. Nautabanaserían á vart sinn líka og ýmis verk önnur, t.a.m. Tónlistartúlkunin frá 1957 og þá ekki síður Ballettdansarinn.

Það skyldi þó ekki vera að Picassos verði einna helzt minnzt fyrir þennan þátt listar sinnar.

Fórum í messu í dómkirkjunni, einnig til altaris. Minnti mig á þegar við gengum til altaris í Vatikaninu fyrr á árum, kannski maður hafi mjakazt eitthvað að Gullna hliðinu fyrir bragðið! Það fer líklega eftir því hvort Lyklapétur er kaþólskur eða lútherskur. Ég held hann hafi verið hvorugt. En samkvæmt Gullna hliði Davíðs Stefánssonar var hann helzt ósköp breyskur eins og við hin. Ef það er svo, má segja að hann sé réttur maður á réttum stað eins og hrúðurkarlar synda og freistinga hlaðast á mann í tímans rás!

En hvað um það, móðurkirkjan í Sevilla tók heldur hlýlegar á móti okkur nú en áður, þegar við komum hingað til Sevilla frá Portúgal, en þá vorum við á vegum gömlu Útsýnar í frábærri ferð sem endaði með hákarlaveiðum suðaustur af Carvoeiró, ásamt Einari Erni og Ástu Ragnheiði sem hafnaði að lokum í því eina sólarlandi sem margir Íslendingar sækjast einna helzt eftir; sólarlandinu við Austurvöll!

En efnið í skáldsögunni Sól á heimsenda á rætur í þessu ævintýri, svo og ein eða tvær smásögur, ef ég man rétt.

Þá fengum við ekki að koma inní dómkirkjuna í Sevilla á stuttbuxum svo við urðum að leigja okkur síðbuxur en höfðum nú vaðið fyrir neðan okkur og vorum í gallabuxum. Það er vissara að vera vel buxaður, þegar kóssinn verður að lokum tekinn á hið eina sanna gullna hlið!

Kvöldið

Sáum í sjónvarpinu þegar Putin tók við forsetaembætti í Rússlandi. Það hlýtur að vera einn sögulegasti atburður þessarar aldar, a.m.k. í augum okkar sem höfum sóað ævinni í kalda stríðið og allt hnoðið í kringum það.

Hvað sem segja má um Jeltsín hefur hann tryggt lýðræði í Rússlandi og nú hefur arftaki hans og lærisveinn tekið við, samkvæmt heilræðinu sem hann fékk í veganesti, Hugsaðu vel um Rússland! Lýðræðislegt Rússland

er í deiglunni og ef vel tekst til hlýtur það að standa okkur nærri hvað uppruna, söguleg tengsl og trúarbrögð snertir. Það væri því tímaskekkja að vera í einhverjum bandalögum gegn Rússlandi. Slíkt heyrir fortíðinni til.

Hef verið að hugsa um Lorca. Skáld um allar trissur hafa verið að leika Lorca, en það fer þeim illa. Allir þessir smálorcar verða einhvers konar tímaskekkja. Lorca sjálfur er einstakur. En íslenzkur lorca væri eins og nautabani í kántrýbæ eða leikriti eftir Dario Fo. En það er því miður svo margt hér heima sem er fáránlegra en svo að Dario Fo gæti dottið það í hug; jafnvel honum! Stundum er t.a.m. engu líkara en við höldum að Ísland hafi orðið konungsríki 1944, en ekki lýðveldi; hégóminn, stellingarnar. Og snobbið!

Og nú er ferðinni aftur heitið til Madrid.

8. maí, mánudagur

Fórum í Nýlistasafnið í Madrid, sáum fastasýninguna sem er bæði yfirgripsmikil og eftirminnileg; þó misjöfn. Ég hygg Miro séu gerð bezt skil, bæði hvað snertir spanskgrænar járnmyndir hans og málverk. Höggmyndirnar eru einskonar hálfmyndir úr veruleikanum; túlka afskræmingu síðustu aldar með sama hætti og ógnlegar myndir Saura sem var fæddur á Spáni 1930 og vann afskræmingu sína með hliðsjón af súrrealisma; svo að ekki sé talað um þá afskræmingu sem einatt birtist í myndum Picassos en hann var margir málarar og gat allt sem hann vildi, en hann vildi bara sumt. Dali-safnið er nokkuð gott, ekki sízt fyrir þá sök að maður kemst að raun um það sem maður ætti að vita, að það var ekki til neinn einn Dali. Þeir eru margir á ferðinni í eldri myndum hans og þar bregður einnig fyrir eldri málurum. Það var einnig eftirminnilegt að standa andspænis óhugnaði Francis Bacons og skoða það liggjandi mannhrak sem bar fyrir augu, en andspænis því litaupplyfting Asgers Jorns, frægasta málara Dana og þekktasta cóbra-málarans en þar áttu þeir Svavar Guðnason samfylgd, eins og kunnugt er – en Henry Moore á næstu grösum. Litagleði Jorns með örvæntingarfullum andlitum stakk í stúf við flest eða nánast allt sem þarna var að sjá. En kannski voru tvær eða þrjár myndir eftir Juan Gris (1887–1927) hvað áhrifamestar – og þá helzt gítarmyndirnar; sterkar í formi og mjúkar í lit. Það er eitthvað af Braque á næstu grösum í sumum myndanna – og kemur ekki á óvart.

Lítið að gerast í popplistinni og nýlistina skortir leiðsögn, held ég; nýjan meistara sem getur vísað veginn inní meiri veizlu en uppá er boðið; sumt minnir á brotajárn, annað byggir allt á hugmynd sem ekki er útfærð. Fáar

þessara mynda hrifu mig, því miður, og ég velti því fyrir mér þegar ég kom að hönnunarlistinni hvort nýlistin eigi ekki miklu skæðari keppinaut í henni en menn gera sér almennt grein fyrir. Henni eru gerð mjög góð skil í Nýlistasafninu í Madrid, þar er sýnd alls kyns hönnun og felld skipulega inní hvern áratug. Maður getur þannig séð sögu okkar og áhugaefni með því að ganga um þessa 20. öld, engu líkara en þessi þáttur hafi tekið við af gömlum höllum og kirkjum. Þarna eru einnig tölvumyndir, alls kyns sjónvarpslist og annað í þeim stíl. Sérstök sýningardeild fjallar um kvikmyndir Buñúels og þar eru sýndar kvikmyndir eftir hann og Dali. Það er afar hnýsilegt og ég sá að áhugi fólks var meiri á þessari deild en nýlistinni. Þarna sá ég forsíðuna á El Pais sem þýzkur hönnuður, Gäde, gerði 1976 og breytti þannig afstöðu Spánverja til útlitshönnunar dagblaða; öll stafagerð t.a.m. í samræmi við efni og umgjörð. Ég þarf að tala um þetta við Árna vin minn Jörgensen, þegar heim kemur. Það var áreiðanlega mikið spor í hönnunarlist þegar Tryggvi Magnússon teiknaði Morgunblaðshausinn og útlit Morgunblaðsins ber Árna og listrænu handbragði hans fagurt vitni.

Á sínum tíma talaði ég oft við Dieter Roth um uppsetningu og stafagerð en hann hafði einhver áhrif í þeim efnum, meðan hann dvaldist heima. Hugmyndir hans voru samt of róttækar fyrir borgaralega fastheldni Morgunblaðsins.

Og þá er komið að Guernica, þekktasta málverki aldarinnar. Listasafn sem býður upp á slíkt verk er ekki á flæðiskeri statt. Hvað á maður að segja þegar staðið er fyrir framan slíkt verk? Ekkert! Maður horfir bara þegjandi og reynir að lesa í myndmálið. En hvað? Um hvað fjallar þessi mynd? Örvæntingu og grimmd, að sjálfsögðu. Grimmdaræði styrjaldar, örvæntingu fórnarlambanna. Af andlitum þeirra má sjá að örvæntingin beinist að himninum. Það er táknrænt; gegn þeim sem létu sprengjurnar rigna yfir litla spánska bæinn Guernica og þá líklega einnig einhvers konar von um líkn frá þessum sama himni. Myndin er að mestu máluð í gráu, hjálmgráum lit nazismans. Stríðshestur og baslandi blóm við hóftungu hans, naut – er furða þótt nautinu blöskri? hefði Kjarval spurt.

Picasso lauk við Guernica 1937 en hún átti sér langan aðdraganda og mörg uppköst. Hann hafði alla tíð verið hugfanginn af baráttu manns og dýrs, hafði teiknað hálfmenni í hestsmynd, eða mínótára sem hægt er að sjá í listasafninu í Genf og nautaatið var honum í blóð borið. Guernica fjallar a.m.k. öðrum þræði um baráttu manns og skepnu.

En hvað sagði hann sjálfur um myndina? Þegar hann 1947 var orðinn þreyttur á vangaveltum sérfræðinga um inntak myndarinnar, lýsti hann

þessu yfir: En þetta naut er naut og þessi hestur er hestur, þarna er einhvers konar fugl einnig, kjúklingur eða dúfa, ég man ekki nákvæmlega hvort er þarna á borðinu. Og þessi kjúklingur er kjúklingur, að sjálfsögðu eru þetta táknmyndir. Síðan segir Picasso að táknin séu ekki hlutverk listamannsins. Það væri þá alveg eins gott fyrir hann að skrifa þau niður eins og að mála þau: áhorfendur sjá í hestinum og nautinu táknmyndir sem þeir skíra eins og þeir skilja þær. Þarna eru nokkur dýr, já, hann segir að þarna séu fórnardýr, hann hafi ekkert um þetta annað að segja. Fólkið sjálft verður að sjá það sem það vill sjá.

Þetta er skýring höfundarins á frægasta málverki samtímans!

Á leiðinni að hótelinu gengum við fram á fjöldafund við ráðhústorgið, þar var margt manna og ég hef sjaldan eða aldrei séð jafn marga vopnaða lögreglumenn samankomna á einum stað. Á mótmælaspjöldunum stóð ETA-NO, þ.e. nei við hryðjuverkamönnum Baska sem myrtu blaðamann við El Mundo í gær, því blaðið hefur skrifað af hörku gegn þessum terror.

Og í dag eru öll blöð full af þessu morði; myndir, frásagnir; grátandi kona; syrgjandi fólk.

Sem sagt: maí 2000; Guernica í samtímalífi Spánverja. Þannig fylgir Guernica manninum á þessari löngu ferð hans úr einum helli í annan. Ástæðan er sú að honum hefur aldrei tekizt að hemja skepnuna í sjálfum sér. Baráttan milli manns og skepnu heldur því áfram og engu líkara en himnarnir hafi ekkert um það að segja.

Barátta milli manns og skepnu – í manninum sjálfum.

8. maí, síðdegis

Dálítil hvíld, siesta, er ágæt í mollunni. Hef hlustað á hljóðbók með efni eftir Bertrand Russell um afstæðiskenningu Einsteins. Hef alltaf átt auðvelt með að skilja Russell, ég veit ekki af hverju. Hef jafnvel gagn og ánægju af þessari bók.

Annars eru ferðalög sérstakt líf utan við allt líf. Maður losnar einhvern veginn úr tengslum við umhverfið á svona flækingi, nema umhverfið sé því kunnuglegra. Og svo þarf maður að vera nokkurn tíma á sama stað. Þá hefur mér fundizt auðvelt að ná jarðsambandi en þó ekki eins hastarlega og Konráð Gíslason lýsir í ferðabréfum sínum því það er engu líkara en hann eigi heima á baðstöðum Þýzkalands þar sem hann er sér til heilsubótar, svo rækilega sem hann lýsir körlum, en þó einkum konum, sem verða á vegi hans. Karlinn virðist ekki hafa látið neina konu fram hjá sér fara. Hann var áreiðanlega ekki allur þar sem hann var séður í þeim efnum. Stundum er

gáskinn svo mikill að hann fer með himinskautum í lýsingum sínum. Hann hefði áreiðanlega ekki látið Pay TV-Channel á sjónvörpum ****-hótelanna nú á dögum fram hjá sér fara. Það hefðu orðið lýsingar sem segðu sex!

En hvað er ég að hugsa um Konráð Gíslason hér í Madrid? Ég hef afgreitt ferðabréf hans í bók minni Við Kárahnjúka og önnur kennileiti, 1999, bls. 278-280. Jú, hann var andinn á bak við Jónas og það er hægt að læra af honum að ferðast. Og ef íslenzkir skáldsagnahöfundar hefðu tekið mið af ferðabréfum hans og tileinkað sér eitthvað af ferskum og sérstæðum stílbrögðum hans, ættum við nú miklu sérstæðari skáldsagnabókmenntir en raun ber vitni; sérstæðari, frumlegri og veðurmeiri í stíl.

Rigning með köflum. Höfum samt gengið mikið. Orðinn sérfræðingur í regnhlífum. Þegar við sátum í kaffihúsi sagði Ingólfur við mig: Það er vinna að ferðast. Já, sagði ég, hörkuvinna! Svo fórum við að tala um lífið og tilveruna, samskipti fólks og vandamál. Hann sagði að höfnun eða afneitun gæti verið meira virði en vandræðaleg samskipti. Ég hugsaði um þetta en held það sé einstaklingsbundið. Allt er einstaklingsbundið. Ekkert á við um allt fólk. Allt horfir öðruvísi við hverjum einstökum sem betur fer. Það er hlutverk okkar að velja og hafna. Sumir velja erfiðleika sem geta leitt til hamingju, aðrir auðveldustu leiðina sem getur leitt til óhamingju. Allt er þetta afstætt.

Dreymdi Svein Einarsson í nótt. Það er ekkert skrítið, einungis áminning um að ég á að flytja ljóð við opnun ljóðlistarsýningar í Þjóðmenningarhúsinu daginn eftir að ég kem heim. Það er á vegum Sveins Einarssonar og listahátíðar. Hafði lofað þessu og við það verð ég að standa. Og þá kemur Sveinn í heimsókn að næturþeli hingað í Madrid til að minna mig á þessi ósköp og raskar ró minni. En það er áreiðanlega gott að dreyma Svein. Bezt þykir mér samt að dreyma Sigurð; einhvern Sigurð, ekki sízt Sigurð A. Magnússon. Það er skrýtið! Og þó. Draumar eru einhvers konar tákn og Sigurður er tákn um eitthvað jákvætt, kemur persónunni ekkert við.

Einn er sá staður þar sem maður skilur tungumálið jafnvel og innfæddir; það er safnið, ekki sízt málverkasafnið. Skoðuðum eftirminnilega sýningu í Thyssen-Bornemisza-safninu. Þar eru margar eftirminnilegar myndir, m.a. eftir bandaríska málara sem eru ekki á hverju strái í Evrópu og ótrúlega fallegt safn ítalskra mynda fyrir renissansinn; það eftirminnilegasta sem ég hef séð af því tagi. Þarna sá ég í fyrsta sinn mynd eftir Hans Hofmann, kennara Louisu Matthíasdóttur í New York. Mikið er hún annars ólík þessum kennara sínum sem hefur verið afar venjulegur afstraktmálari af þessari mynd að dæma. Mynd eftir Watteau frá 1712, smámynd sem lætur lítið yfir sér, hefði glatt auga Gunnlaugs Schevings sem dáði þennan 18. aldar

málara öðrum fremur. En þarna voru einnig myndir eftir aðra meistara sem stóðu hjarta hans nær, Zubarán, Magritt. Einnig ágæt eintök af stórmeisturunum, Picasso, Miro og hvað þeir nú heita. Augljóst að Picasso og Braque hafa málað í svipuðum stíl framan af enda jafngamlir, fæddir upp úr 1880. Þarna eru impressionistar, expressionistar, popplistamenn og hvaðeina. Góður Kandinsky, slappur Munch, óskemmtilegur Matisse, samt er hann einhver mesti málari sögunnar, þokkalegur Cézanne og andlitslaus Bacon; auðvitað! Einkennileg árátta þessa listamanns að þola ekki andlit fólks óafskræmd. Hefur líklega stafað af einhverjum duldum sjálfstortímingarþáttum í honum sjálfum. Sjálfsmynd hans var þó alveg í lagi – og meira en það ef því var að skipta – og hefði vel getað átt við hann það sem Auden segir í bókmenntasögulegu yfirliti sínu A Certain Thing – og fullyrðir að sé íslenzkur málsháttur: Allir elska eigin fret! Ég hafði að vísu aldrei heyrt þetta orðtak og hvergi séð það á prenti nema í þessu fína yfirlitsriti Audens en þar er m.a. að finna úrval úr eddukvæðum.

En eftirminnilegasta myndin á þessari sýningu var kannski bátsmynd eftir van Gogh, máluð í Arles 1888. Það er einhver sérstök tilfinning í litefni þessa hollenzka málara. Það eru ekki einasta litirnir sem hrífa, heldur áferðin; tilfinningin í efninu. Hún er mjög áþreifanleg þegar maður stendur andspænis myndum van Goghs.

10. maí, miðvikudagur

Þeir sem koma til Madrid þyrftu helzt að skoða fallegt og óvenjulegt safn sem er kannski ekki í alfaraleið, þótt það sé í útjaðri miðborgarinnar; sérstætt menningarsögulegt safn og lumar á ýmsu. Það heitir Fundación Lázaro Galdiano Museum. Stendur við eina helztu götu borgarinnar, Calle Serrano.

Auk ýmissa gersema og muna úr daglegu lífi fyrri alda er þar einnig slatti af málverkum, m.a. dýrlegar smámyndir eftir Goya og eftirminnileg málverk eftir El Greco eða grikkjann frá Krít sem settist að í Toledo og tók upp þetta spænska nafn um uppruna sinn og svo ein af þessum fallegu guðsmóðurmyndum Murillos. En þessar gersemar eru í raun aukaatriði í safninu því hér birtist menningarsagan eins og hún leggur sig í margvíslegum munum öðrum sem lýsa siðmenningarlegri þróun betur en mörg orð. Hér eru svo fallega skreytt úr að engu tali tekur, litlar málaðar mannamyndir sem hafa verið notaðar eins og fjölskyldumyndir nú á dögum, þ. á m. lítil mynd af Rousseau sem sýnir þennan litríka persónuleika eins og hann hefur að öllum líkindum litið út, hér eru alls kyns men og

skrautmunir, hálsfestar frá ýmsum tímum, hringar og annað daglegt tízkudót – en það sem vakti kannski mesta athygli mína, fjölbreytt lyklasafn af ýmsum gerðum og frá öllum tímum, líklega mest útidyralyklar af öllum stærðum, stórir lyklar að kirkjudyrum og ég sá ekki betur en þarna væri hinn eini sanni lykill að sjálfu Gullna hliðinu! Það hefði ekki verið ónýtt að taka hann með sér ef illa stendur í bólið hans Lykla-Péturs þegar þar að kemur. Ekki trúi ég því að ritstjóri Morgunblaðsins til margra ára komist klakklaust inn fyrir það gullna port en vel má vera að það sé gamall komplex eftir 40 ára basl við kröfuhart umhverfi!

Og kalt stríð!

Ég er hræddur um að samanburður þessara skrautmuna við okkar tíma verði okkur heldur óhagstæður þegar fólk fer að skoða þá eftir nokkur hundruð ár – ef Norður-Evrópa verður þá ekki komin undir jökulóða frostvinda nýrrar ísaldar.

Rakst á það sem National Geographic hefur eftir þýzkum klerki frá 11. öld í víkingaeintaki sínu, þ.e. að Íslendingar hafi engan konung haft, lögin séu þeirra konungur. En þó held ég tungan sé kóróna okkar og stolt, landið og tungan, en lögin hafa því miður sett niður eftir ólögin sem skipta okkur nú í tvær þjóðir, kvótaþjóðina sem allt á – og svo hina.

11. maí, fimmtudagur

Lestarferðin frá Madríd til Zaragossa tekur rúma þrjá tíma. Þegar fjær dregur Madríd tekur við fjalllendi og þónokkuð glannaleg ferð, enda finnur maður að lestarstjórinn er önnum kafinn við að stjórna hraðanum. Zaragossa – höfuðborg Aragon. Þaðan var Ferdinand konungur, eiginmaður Ísabellu drottningar, ættaður. Ég varð mér á sínum tíma úti um grafíska mynd eftir Salvador Dali sem heitir Konungur af Aragon og skírði eitt smásagnasafna minna eftir þessari mynd hans. Um þetta var ég að hugsa á leiðinni til Aragon, en okkur var ráðlagt að staldra þar ekkert við; þar væri ekkert að sjá. Við létum það gott heita og héldum ferðinni áfram – Barcelona framundan. Þangað hafa allir Íslendingar komið og þeir sem hafa ekki farið þangað eru á leiðinni! Það var gott að slappa af í lestinni og lesa nokkur blöð sem voru ágætt veganesti eins og á stóð. Ég sá að Spánverjarnir sperrtu eyrun þegar við töluðum íslenzku og veltu því fyrir sér hvaða furðufuglar væru þarna á ferðinni. En þeir voru kurteisir og létu okkur afskiptalaus.

Ég blaðaði í spænskum dagblöðum. Það er hvíld að skilja ekki orð. Spænsk dagblöð fara ágætlega við landslagið á svona ferð. Svo tók ég til

við ensku blöðin, fletti Newsweek og Time og lét það gott heita. Það er sjaldnast neitt upplífgandi í þessum vikuritum og dugar að fletta þeim. Fletti einnig Life. Þar voru eintómar verðlaunamyndir eftir blaðaljósmyndara. Mér finnst ljósmyndarar Morgunblaðsins hafa tekið miklu betri myndir á árinu sem leið. En heimurinn er ekki á Íslandi, hann er annars staðar. Það er líklega þess vegna sem íslenzkir listamenn eru svo ákafir í að fá viðurkenningu að utan; það er líklega einnig þess vegna sem stjórnmálamenn eru jafn æstir í að hitta erlenda kollega sína og raun ber vitni. Og það er líklega þess vegna sem útlendingar eru jafn miklir aufúsugestir á Bessastöðum og raun ber vitni; ég tala nú ekki um kóngafólk.

Ég las sérblað Times um menningu og listir. Áður hafði ég lesið athyglisverða grein í þessu sama blaði eftir Martin Amis, rithöfund, son Kingsleys sem allt bókmenntafólk þekkir. Martin kom til Íslands í fyrra eða hittiðfyrra á bókmenntahátíð, við höfum fengið marga ágæta rithöfunda á slíkar hátíðir. Þær hafa verið mikilvægar. Martin skrifar skemmtilega um líf sitt og umhverfi og þá ekki sízt föður sinn sem var yfirgengilegt ólíkindatól, en fínn höfundur þegar bezt lætur. Kingsley var mikill vinur eins helzta ljóðskálds Breta á þessari öld, Philips Larkins, en líklega þoldu þeir ekki hvor annan! Hann var orðinn leiður á lífinu, þegar allir vinir hans voru dauðir. Hann skildi við fyrri konu sína og sá alltaf eftir því. Það voru einkennileg tengsl milli þeirra hjóna. Síðustu árin bjó Kingsley í kjallaranum hjá henni, en þá var hún gift öðrum barnsföður sínum. Þetta virðist hafa verið ágæt nýting! Þegar flestir vinir Kingsleys Amis voru dauðir kynntist hann Eric Jacops, sérkennilegum manni og ágætlega skemmtilegum. Þeir Martin lentu upp á kant. Nú er Eric að svara Martin í þessu tölublaði Times. Hann gerir það varfærnislega og kann sitt fag. Kingsley Amis valdi hann að ævisöguritara sínum og fór vel á því. Hann segir að Kingsley Amis hafi ekki verið alltof hrifinn af skáldverkum sonar síns, en látið gott heita. Maður er ekki að agnúast út í vini sína, þótt þeir skrifi ekki eins og maður helzt óskar. Hvað þá afkvæmi! Eric Jacops segir að það hafi alltaf farið í taugarnar á Kingsley Amis að sonur hans skyldi hafa orðið rithöfundur. Hann hefði miklu frekar viljað að hann hefði orðið lífefnafræðingur eða kvikmyndastjóri. Einhverju sinni sagði hann: „Af hverju getur hann aldrei skrifað einfalda setningu eins og „hann lauk úr glasinu, gekk út úr bjórkránni og fór heim““!!

Þetta er skemmtileg grein eftir Eric Jacops. Framhaldið verður á morgun. Ég sé til.

Tvær greinar vöktu sérstaka athygli mína; önnur úr New York Times og fjallar um virkjanir sem Tyrkir eru að reisa með þeim afleiðingum að einhverjar dýrlegustu fornminjar þeirra fara undir vatn. Þær eru í tiltölulega nýfundinni borg sem var hin blómlegasta fyrir 2000 árum og minnir að ýmsu leyti á Pompeij. Í húsunum eru einhverjar fegurstu mósaikmyndir úr goðsögnum Grikkja sem til eru. Fornleifafræðingar vinna baki brotnu við uppgröft og hreinsun, en stjórnvöldum liggur svo á að fá rafmagnið sitt að vel getur farið svo, að gersemar fari undir vatn, áður en fornleifafræðingar hafa lokið störfum sínum.

Það er að sjálfsögðu sanngjarnt að Tyrkir fái rafmagnið sitt, en það gæti orðið of dýru verði keypt. New York Times undrast mjög þetta óðagot og engin furða.

Þetta dæmi gæti verið dálítil lexía fyrir okkur, eða hvað? Og þá ekki síður það sem um getur í annarri grein, en hún fjallar um tilraun indversku skáldkonunnar Arunhati Roy til að vekja á kvikmyndahátíðinni í Cannes athygli á virkjunarframkvæmdum í Mið-Indlandi, þar sem bændur í Narmada-dalnum eru handteknir fyrir að mótmæla fyrirhuguðum virkjunarframkvæmdum þar um slóðir. Skáldkonan heldur því fram að með þessum framkvæmdum verði líf milljóna manna lagt í rúst. Þessi frægi (er annars einhver frægur nú um stundir?) Booker-verðlaunahafi sagði að það væri tímanna tákn að hún hefði verið gagnrýnd fyrir skemmdarverk vegna þessarar afstöðu sinnar. Hún segir að geysimikið af fegursta og frjósamasta héraði Indlands fari í kaf við þessar framkvæmdir.

Sem sagt, þessi merka skáldkona notaði Cannes-hátíðina sem annars er einhvers konar athyglissýning fyrir fræga leikara til að vekja heiminn til umhugsunar um yfirvofandi voðaverk; já frægir leikarar, oftast eru þeir frægir fyrir að leika sjálfa sig.

Roy er þekktust fyrir skáldsögu sína The God of Small Things. Mér finnst það góð saga, en það er nú orðið sjaldgæft að maður rekist á reglulega góða sögu. Þess vegna las ég fagnandi síðustu sögu Thors Vilhjálmssonar um Sturlu Sighvatsson, en hún er sannfærandi smíð, sterkleg og ljóðræn. Gunnar Gunnarsson skrifaði snilldarverk eins og Brimhendu kominn undir sjötugt. Aldurinn skiptir semsagt engu máli, þegar skáld eiga í hlut. Líklega væri heimurinn betri ef náttúran hefði látið okkur fæðast gömul. Þá hefðum við getað elzt afturábak eins og Þórbergur sagði, þegar hann varð hálfáttræður.

Og Barcelona framundan.

12. maí, föstudagur

Barcelona – hvað kallar þetta orð fram, þetta kunnuglega orð? Sólarlandaferð? Vasaþjóf?

Nei, ekki endilega.

Þó að gamla hverfið sé við fyrstu sýn heldur skuggalegt að kvöldlagi leynir borgin á sér í gagnsærri birtu Miðjarðarhafsins og undir yfirborði ferðaiðnaðarins eru margar gersemar ef að er gáð.

Hverjar?

Picasso, Miro, Gaudi sem hannaði bæði hús og garð fyrir auðmanninn Güell, vin sinn, en þó einkum handa huldufólkinu. Kirkja Gaudis er enn í smíðum; kirkja Hinnar heilögu fjölskyldu, þar er Gaudi sjálfur grafinn undir væntanlegum kór þessa hálfkaraða snilldarverks. Hann fórst í sporvagnsslysi 1926, hálfáttræður, en kirkjusmíðin hófst 1882. Þá var Gaudi ungur maður og, nei – ekki upprennandi, heldur frægur. Kirkjan hefur þannig verið 118 ár í smíðum.

Þar sem við búum á hóteli sem heitir eftir þessum frægasta arkitekt Spánverja, Hotel Gaudi, hef ég bundið sérstakt trúss við minningu hans því að hótelið er gott fyrir sinn þriggja stjörnu snúð og engin ástæða til að vera að snobbast í hóteli í svona hafnarborg. Andspænis hótelinu stendur hallarhús Güells sem Gaudi hannaði fyrir vin sinn og er nú varðveitt safn. Það stendur við Rambla 3–5. Öðruvísi bygging en allar aðrar eins og allt sem Gaudi kom nálægt, eins konar ævintýri úr hulduheimum.

Og svo náttúrlega þessi óviðjafnanlega gersemi, dómkirkja Hins heilaga kross. Á bak við hana er elzta torg borgarinnar sem er 2000 ára gömul. Hún á rætur að rekja til rómverska heimsveldisins og hét áður Barsinó. Rómverjar hafa víða skilið eftir sig spor.

Það var gaman að fara með heldur gömlum leiðsögumanni í Gaudigarðinn því að hann er – hvað á ég að segja, ekki eins og Þórbergur heldur svo eftirminnileg afsteypa af honum að mér datt í hug að Þórbergur hefði verið klónaður hér í Barsinó; sama hæð, sama höfuðlag, sömu útlínur, sama göngulag; og lágmæltur. En ef þetta hefði verið sjálfur meistarinn hefði hann áreiðanlega ekki talað þau fjögur tungumál sem þessi spænski leiðsögumaður þurfti að hafa á takteinum heldur hefði hann látið sér nægja esperantó sem hann var sannfærður um að yrði einn góðan veðurdag það alþjóðamál sem allir gætu unað við, einnig heimsveldissinnar. Og þá hefði hann gert þær kröfur til ferðamannanna að þeir skildu þennan rökfasta samsetning.

Gaudi-garðurinn er engu líkur; hús úr ævintýrum, gerð úr grjóti og

mósaik, híbýli eins og blómavasar; hellar úr grjóti og hlaðnar steinsúlur sem minna á fílsfætur; eða pálmatré; engar beinar línur því Gaudi notar þær helzt ekki. Hann hafði illan bifur á beinum línum eins og Buckminster Fuller sem fann upp kúluhúsið, mig minnir eitt slíkt sé í Hafnarfirði. Það er byggt upp eins og jörðin sjálf og þess vegna þrælsterkt; kúla úr þríhyrningum.

Þegar ísöld leggst yfir norðurhjarann, sagði Buckminster Fuller við mig, þá byggjum við geodesiskt þak yfir Reykjavík og þá verður hún eins og gróðurhús! Og þar verður hlýrra loftslag en í dag! Fólkið sællegt og rjótt eins og tómatar!

Gaudi sótti fyrirmyndir sínar í náttúruna, sagði: Sá sem ætlar að vera frumlegur verður að sækja í frumleikann; náttúruna. Og það eru engar beinar línur í náttúrunni!

Í hálfkaraðri kirkju Hinnar heilögu fjölskyldu upplifði ég Köln á þeim tímum þegar dómkirkjan þar var í smíðum á miðöldum, þýzka töluð allt í kringum okkur og eitt mesta listaverk samtímans í burðarliðnum. Hér eiga milljónir vélmenna framtíðarinnar eftir að undrast andspænis þessu furðuverki. Nú einungis útlínur og nokkurn veginn fullgerð for- og bakhlið, auk turnanna sem eru komnir vel á veg en innan dyra ekkert nema vinnupallar, kranar, efni og verkfæri. Og svo jarðneskar leifar meistarans sjálfs í gólfinu.

Þegar við stóðum í miðju Mirosafninu komu fóstrur með krakkana sína sem öll voru eins klædd í rauðbleikum fötum og tengd saman með grænum reipum og börnin kunnu vel við sig innan um myndir þessa barnslega röksnillings myndlistarinnar; sungu og voru kurteis. Allt við hæfi í þessu musteri hinnar barnslegu listar sem er svo einstæð og persónuleg að hún minnir ekki á neitt nema sjálfa sig. Mest hafði ég þó gaman af myndum úr bronzi og járni, rækilega máluðum í mirólitum. Þessi verk standa úti og njóta sín vel. Teppin inni einnig mjög áleitin innan um öll stórmálverkin sem maður hefur séð ótal sinnum í bókum, sum þeirra a.m.k., og voru því kunnugleg. En mesta listaverk staðarins var ef til vill staðurinn sjálfur; útsýnið. Miro-safnið stendur skáhallt við gamla ólympíuleikvanginn og horfir yfir hæðina, borgin framundan, hafið, himinninn.

Eilífðin.

Allt framundan, hugsanir mannsins, sköpunarverk hans; allt nema maðurinn sjálfur, hann sem öllu þykist ráða liggur annaðhvort í kórgólfinu eða jörðinni; stundum einungis duft í keri, allt – nema það sem er framundan.

Af þeim sökum, ekki sízt, er listin jafnmikilvæg og raun ber vitni.

Við horfðum yfir turnspírur dómkirkjunnar, þær gnæfa uppúr götum og húsaþyrpingum og við sjáum yfir þetta leiksvið eins og guð sjálfur, horfum af himnum; enginn bíll, engin mannvera, borgin eins og mauraþúfa og maurarnir ósýnilegir, annaðhvort undir þessum gömlu veðruðu þökum eða að heiman. En það skiptir ekki máli; það eitt er mikilvægt sem augað sér og sagt er að auga guðs sé alltsjáandi. Og það er mikið að sjá í miðborg Barsínó þegar maurarnir eru komnir á stjá undir kvöld og göturnar fyllast af fólki, alls konar fólki, rassstóru fólki, innskeifu fólki, feitu fólki og mjóu, hálsstuttu fólki, fólki sem leiðist og fólki sem kyssist eins og dúfur, fólki sem er svo ljótt að það er yfirtak og fólki sem er svo fallegt að það á hvergi heima nema í hulduhúsum Gaudis; alls ekki í tízkuhúsum fegrunariðnaðarins. Þar eru beinu línurnar sem Gaudi þoldi ekki; uppgerðin; tómið.

Og þarna bak við kirkjuna er elzta torg borgarinnar þar sem Kólumbus stóð að Ameríkuförinni lokinni og sagði Ísabellu drottningu og Ferdinand konungi frá landafundum sínum; hann hefði fundið Indland. Hann hafði komið með fyrstu sex indíánana frá Suður-Ameríku og látið skíra þá í dómkirkjunni sjálfri og honum var fagnað eftir landafundinn, en þó að sjálfsögðu einkum fyrir gullið og silfrið sem var í vændum. Baráttan við márana ynnist ekki án þessara málma. Og þarna á torginu Kólumbus með hýrri há og nokkurn tíma á eftir, en síðan skrikaði honum fótur og dýrðin breyttist í venjulega jarðneska eymd. Nú er vegur hans minni en oft áður og margir sem telja að Kólumbus hafi verið illmenni eða þrælahaldari. Hann á undir högg að sækja en Leifur The Norseman á uppleið, jafnvel vígóður faðir hans, Eiríkur rauði, að sækja í sig veðrið, ef marka má tízkustellingar.

En Kólumbus kvaddi þennan heim án þess að vita nokkurn tíma að hann hefði fundið Ameríku. Hann fór með Indland inn í eilífðina. Það minnir á Lúther sem ætlaði aldrei að verða lútherskur heldur flikka upp á sannfæringu sinnar dýrlegu kaþólsku móðurkirkju.

En hvað þá um safn Picassos í gamla bænum í Barsínó? Það stendur við einhverja eftirminnilegustu götu borgarinnar, en þar hefur mörgum gömlum húsum verið breytt í söfn og þau standa svo sannarlega fyrir sínu, rétt eins og nýja listasafnið í Hafnarhúsinu.

Í Picasso-safninu eru myndir frá öllum tímabilum í list hans, ekki sízt bláa tímabilinu og hinu kúbíska frá 3. áratugnum – eða um sama leyti og Kandinsky var að breyta hefðinni í afstraktnútíma, enda lágu allar þessar breytingar í loftinu og í raun eru ótrúlega margir meistarar að vinna svipaðar myndir, Picasso, Braque, Gris og svo mætti áfram telja.

Eitthvað varð að gera.

Samt voru þetta meistarar sem allt kunnu. Picasso málaði svo meistaralegar myndir um fermingu að margir aðrir sem hafa fengizt við myndlist hafa ekki á gamals aldri náð jafn langt. Þarna eru ekki sízt margar myndir frá því Picasso stundaði nám við listháskólann í Barcelona, en þar bjó hann ásamt fjölskyldu sinni í níu ár, eða eftir að hann hvarf frá Malaga. Þessar myndir sýna að Picasso var ekki einungis meistari í grein sinni, heldur fæddur meistari. Hann var einungis sextán ára þegar hann málaði Vísindi og kærleika. Hvað skyldu margir listamenn hafa málað aðra eins mynd á löngum starfsferli? Áhyggjurnar í andlitum fólksins, kærleikann, vonina persónugerða í lækninum, barnið og nunnuna.

Það voru einungis slíkir snillingar sem gátu umskapað myndlistina. Enginn hefur, að ég held, málað jafn góðar afstraktmyndir og frumkvöðullinn sjálfur, Kandinsky. Afstrakt hans hefur ekki verið slegið út, sumar myndir hans eru þær eftirminnilegustu sem gerðar hafa verið í þessum stíl.

Þessir menn höfðu hefðina í blóðinu. Þeir kunnu allt. Þeir eru eins og píanóleikari sem getur spilað erfiðustu verk Rachmaninoffs nótnalaust. Það eru einungis slíkir menn sem geta umskapað listina; einnig bókmenntirnar.

Og þá ekki sízt ljóðlistina.

Fólk sem kann til fullnustu það sem ætlunin er að breyta.

Eins og Debussy.

14. maí, sunnudagur

Mig dreymdi Þórberg í nótt, kannski er það vegna þess hann hefur að öllum líkindum verið klónaður hér í Barcelona. Og þó. Líklega er orsök þessa draums fremur sú að Pétur Pétursson hefur lesið allt Kompaníið fyrir Ríkisútvarpið og mér skilst það verði flutt á þessu afmælisári. Ég hef ekki heyrt upplestur Péturs, en hlakka til þess. Hann er frábær upplesari og það er mikil list í frásögnum hans, eins og ég hef heyrt þær milliliðalaust, af vörum hans. Pétur las séra Árna í útvarp og gerði það með afbrigðum vel. Ég var eiginlega aðalhvatamaður þess að Pétur læsi Kompaníið. Hann kann að meta það. Birna, kona hans, segir það sé vanmetin bók. Það skiptir ekki máli. Það eitt skiptir máli að eitthvað sé sæmilega gert; að eitthvað sé gert eins og náttúran; að eitthvað sé tilraun til fullkomnunar; að eitthvað sé sprottið af fullkomnunarárátt. En full-

komnun er víst ekki til, ekki einu sinni í náttúrunni. Og þó kannski einna helzt þar.

En hvort sem Þórbergur hefur verið klónaður hér í Barcelona eða ekki, er hann eitthvað að velkjast í huga mínum eftir að ég hitti leiðsögumanninn sem fór með okkur í dómkirkjuna. Og það er svo sem ekkert að því að dreyma Þórberg. Hann trúði á drauma. Trúði á allt yfirnáttúrulegt. Trúði á allt sem er ekki af þessum heimi. Trúði meira að segja á paradís á jörð. Mikil var trú hans! Hann hefði haft gaman af því að fara í ævintýragarðinn sem Gaudi hannaði hér í Barsínó. Og huldufólkshúsin. Hann hefði verið fljótur að upplifa þetta ævintýri.

En sem sagt, nú ætlar Pétur að vera í Kompaníi okkar Þórbergs um stund. Ég efast ekki um það geti orðið bærileg veizla.

Margir listamenn eru eins og hvítir hrafnar. Þeir falla ekki inní þjóðfélagið, ekki alveg. Ef þeir ætla að gera það, verða þeir að bæla ákveðinn þátt síns listræna eðlis. Það gerði Hannes Hafstein og hætti að yrkja, að mestu.

Einn þessara hvítu hrafna var brezki rithöfundurinn Lawrence Durrell. Ég hef haft gaman af að lesa skáldsögur hans héðan frá Miðjarðarhafinu. Þær koma úr annarri átt. Þær eru byggðar á lífi hans sjálfs, ævintýrum hans sjálfs. Hann var einskonar diplómat eða jafnvel njósnari og talinn kynferðisleg alæta. Mér dettur hann í hug vegna þess ég var að lesa í einhverju dagblaðanna að ein af söguhetjum hans, Sabri Takir, hefði verið skotinn á Kýpur í vikunni; hann var kýpurtyrki en þótti ævintýralegur braskari – og hefði tekið sig vel út á kvóta- og verðbréfamarkaðnum hér! Var vinur Durrells sem studdist við persónu hans í einni af skáldsögum sínum. Mér fannst þessi frétt lýsa lífi hans vel. Nú er verið að drepa eina af söguhetjum hans, löngu eftir að hann er sjálfur dauður. Það er svo sem eftir öðru og ætti ekki að koma neinum á óvart sem hefur fylgzt með þessum frjóa og sagnaglaða sídrykkjumanni.

Sabri Takir átti víst sókótt við einhverja krimma eins og í nútímamaetsölubók. Hann var drepinn á hóteli sem hann átti sjálfur í Lefkosa, helztu borginni á Norður-Kýpur. Hann er persóna í sögunni Bitter Lemons.

Durrell segir að Takir hafi lifað lífinu áreynslulaust. Hann var betur vakandi en flestir aðrir, ekki sízt þegar hann seldi fasteignir! Samt var hann með syfjuleg augu, bætir Durrell við. Sem sagt, austurlenzk og dreymin. Sá – án þess að horfa!

Það hefur verið fallegt veður í Barcelona, tunglið siglir fyrir fullum

seglum og flikkar upp á borgina eins og hvítu skemmtiferðaskipin í höfninni.

Það er morgunn. Ég sit úti á svölum. Dómkirkjan blasir við í þessu fagra miðjarðarhafsveðri. Stór þota flýgur yfir Ólympíuhæðina og hverfur bak við tré og kastala. Hún er líklega að lenda. En þarna blasir Ólympíuhæðin við, hvíti fjarskiptaturninn við leikvanginn sem rís eins og minnismerki og engu minna listaverk en þessi skúlptúr sem blasir við hér og þar. Stóri glitrandi fiskurinn við höfnina, höggmynd sjálfs Lichtensteins, í skræpóttum popplitum; austur af turninum höllin mikla sem nú er safn – og svo, þarna á milli trjánna, hið hvíta hús Miros.

Ég virði borgina fyrir mér. Hverfin eru byggð upp eins og ferningar, ekki sízt gamla hverfið sem breytist í glaðvært samfélag á daginn og svo Rambla, gatan sem dregur að sér fólk á kvöldin eins og skreið dregur að sér fiskiflugur. Þar er mikið um að vera, samt gerist ekkert og þetta ekkert er ævintýri ferðamanna. Þarna er svart fólk með hvíta samvizku og hvítt fólk með svarta samvizku, fólk af öllum stærðum, gerðum og litum. Fólk í leit að einhverju sem er inni í því sjálfu án þess það viti. Þarna eru stultustrákar að skemmta fólkinu, fínustu brúðuleikhús sem ég hef séð, konur á öllum aldri sem spá í Tarot en þau fjalla aðallega um flækjur og dauða og þarna er karl sem er svo léttur á fæti að hann minnir á Jón Hreggviðsson í sparifötunum. Þarna er öll tízka heimsins saman komin, allt sem hugsazt getur – nema sauðskinnsskórnir og peysufötin. Við erum sem sagt fulltrúar þessarar deyjandi tízku. Hvernig væri að taka hana upp aftur og láta á sér bera?! Einu sinni var það tízka á Eyrarbakka að bretta sokkinn yfir aðra skálmina, nú er sú tízka einnig fyrir bí. En hún var alls ráðandi, þegar Páll Ísólfsson var ungur. Það sem mér finnst skemmtilegast við að ramba um la Rambla eru sýningar fólks sem er eins og myndastyttur, hreyfingarlaust og dregur að sér athygli með þögninni. Það er þó munur! Deplar ekki auga nema einhver láti sjóða í pottinum. Þá þakkar það fyrir með fallegum hreyfingum. Þarna er maður í kofforti með krítarhvítt andlit og ekkert stendur uppúr nema höfuðið. Hann hreyfir sig ekki, deplar ekki auga. Hann dregur að sér athygli allra, margir fleygja til hans smáaurum, en hann hreyfir sig ekki. Það er með ólíkindum hvernig hann komst niður í þetta litla koffort. Konsentrasjón, segja gamlir þýzkir ferðamenn fullir aðdáunar. Aðrir segja eitthvað sem við skiljum ekki. Hér eru töluð öll tungumál sem hægt er að hugsa sér – og það er gott að skilja ekki allt. Í skilningsleysi er hvíld.

Að skilja, hvað er að skilja? Er það ekki í aðra röndina að afsala sér venjubundinni hugsun, gamalgrónu umhverfi? Er það ekki í aðra röndina

að uppgötva nýja viðmiðun, nýja heimsmynd? Og afsala sér einum þætti síns hefðbundna eðlis.

Það er góður þurrkur í dag, mundu bændur segja. Og nú er ferðinni heitið til Figueres sem er um 20 kílómetra suður af landamærum Spánar og Frakklands. Þar bjó Dali. Ég man ekki hvort hann var þar, þegar Erró hitti hann. Lýsing á því er, ef ég man rétt, í Erró-bók Aðalsteins Ingólfssonar. Hún er furðuleg. Dali var líka furðulegur. Og Erró er ekki eins og allir aðrir. Guði sé lof fyrir það. Hvítur hrafn.

En í Figueres bíður okkar ævintýraheimur Dalis, safnið sem hann skildi eftir handa eilífðinni.

Kvöldið

Las samtal við Martin Amis í bílnum á leiðinni til Figueres. Það er í Daily Telegraph. Þar hefur einnig birzt útdráttur úr nýútkominni sjálfsævisögu hans, Experience. Bretar eru svo ánægðir með hana að þeir halda vart vatni. Af hverju? Jú, þeir hafa uppgötvað að þessi óstýriláti sonur Kingsleys Amis er mannlegur eftir allt. Loksins! Í samtalinu fjallar Martin Amis um föður sinn af hlýju og raunsæi. Það hafa augsýnilega oft verið átök milli þeirra feðga, nú einungis kærleiksrík minning. Martin Amis er ekki trúaður, en neitar því samt að hann sé trúleysingi. Hann segir: „Það er leið okkar, þegar við deyjum: inní hjarta þeirra sem muna okkur.“ Þetta er ekki kristin afstaða, ekki endilega. Það er hvorki upprisa né endurlausn að lifa í minningu annarra, þótt það sé ágæt hedónísk lausn – í bili. En ég hef tekið eftir því að margt kristið fólk heima lítur á það eins og eitthvert takmark að hinn látni lifi áfram í minningu vina og vandamanna. En Kristur boðaði annað líf – og meira. Það var fyrirheitið. Markmiðið var ekki að taka sér bólfestu í hjörtum einhverra sem lifa í nokkur ár eða áratugi eftir dauða látins vinar. Þá er haldbetra að skrifa sjálfsævisögu eða láta mála af sér mynd eins og forstjórar og bankastjórar gera, svo andi þeirra svífi eilíflega yfir vötnunum! En þetta eru heldur leiðinleg vötn og koma einlægt upp um fyrirmyndina; t.a.m. kóngafólk, drepleiðinlegt.

Martin Amis talar af skynsemi um hjónabönd (einkamál viðkomandi) og skilnað (skilnaðarbörn eiga erfitt með að losna við þessa reynslu). Hann segist hafa heitið sjálfum sér því að leggja aldrei slíka byrði á börn sín, en hann gat ekki staðið við það. Annar sona hans af fyrra hjónabandi sagði þessa athyglisverðu setningu við föður sinn: „Pabbi, ég ætla að verða rithöfundur. Og ég ætla að skrifa hrollvekjur fyrir börn.“ Það varð Martin Amis nóg áminning.

Það er skrítið sem Martin Amis segir um föður sinn, þennan sérstæða og óstýriláta höfund borgaralegs umhverfis og brezkrar fyndni, eins og lýst er í Lucky Jim, en þar gerir hann m.a. grín að tengdafólki sínu; sonurinn segir að þessi óforbetranlegi aðdáandi Thatchers hafi verið kommúnisti! Samt var hann kommúnistum alla tíð þyrnir í augum eins og einkavinir hans, ljóðskáldið Philip Larkin (sem hafði áhrif á Fugla og annað fólk) og kremlarfræðingurinn mikli, Robert Conquest, sem hingað kom eins og kallaður í hita kalda stríðsins. Báðir harðir andkommúnistar. Og afstaða Kingsleys Amis í Víetnam-stríðinu var hin sama og Steinbecks; að hann studdi kanann og bar blak af honum af óvenjulegri ákveðni, þykist ég muna, vinstri mönnum til mikillar hrellingar. Martin Amis segir líka að brezka ljóðskáldið James Fenton, vinur föður hans, sé mikill kommúnisti. Hann var í Víetnam á sínum tíma, orti fín kvæði um ferð sína þangað og er eitt bezta ljóðskáld Breta nú um stundir, hvað sem allri pólitík líður. Hann kennir bókmenntir, annað hvort í Cambridge eða Oxford, ég man það ekki. Pamela Brement benti mér á Fenton fyrir margt löngu. „Þú ættir að kynna þér hann," sagði hún þegar við hittumst í Garmisch, „hann er afbragð." Og það er rétt.

Ingólfur hlustaði á tónlistina í bílnum og við vorum í þessu alþjóðlega dægurlagaflóði alla leið frá Figueres til Sitges og þaðan til Barcelona. Þá allt í einu kom ofboðslegt málæði, þulurinn stóð á öndinni. Augljóst hvað um var að vera. Það var verið að lýsa einhverjum knattspyrnuleik. Í hvert sinn sem knattspyrnuleik er lýst – og á hvaða tungumáli sem er – þá er eins og þulirnir séu í einhverju yfirgengilegu kapphlaupi við tímann – eða dauðann. Þótt maður skilji ekki orð veit maður alltaf, hvenær er verið að lýsa knattspyrnuleik. Allt ætlar af göflunum að ganga. Og rétt í sama mund má búast við heimsendi.

Þegar við sátum utan við Dali-safnið fór ég að hugsa um það enn einu sinni, að lífið og tilveran eru ráðgáta. Tvær dúfur, önnur stærri en hin, vöppuðu um torgið og hin stærri elti þá minni á röndum, sneri sér stundum í hringi, hneigði höfuð og gerði sig líklega. En kerlingin lét sér fátt um finnast, viðraði sig og spókaði í sólinni rétt eins og við. Ég var farinn að vorkenna karranum og hann hefur áreiðanlega verið farinn að hugsa hið sama og ég, að lífið sé ráðgáta.

Dali sagði að list hans legði gátur fyrir fólk. Og allt er þetta safn ein allsherjar ráðgáta. Efst er kúluhús a la Fuller, byggt upp á þríhyrningum, að sjálfsögðu, en hugsunin er ekki sótt í kenningar Fullers, heldur er fyrirmyndin fíngert netið í auga skordýrs.

Dali sækir fyrirmyndir sínar annað en við, venjulegt fólk. Og hvert þá? Inní hugarheim sjálfs sín, auðvitað; þessa súrrealísku draumaveröld sem á rætur í rotnandi heilabúi hans þarna í grafhýsinu.

Listasafnið er veröld út af fyrir sig. Það er sérhannað fyrir list Dalis þótt grundvöllurinn sé gamalt leikhús sem eyðilagðist í borgarastyrjöldinni. Dali hannaði húsið sjálfur, kom öllu fyrir eins og hann vildi og þannig tókst honum að búa til allskyns hönnunarverk inni í húsinu, sumt svo skrýtið að minnir helzt á hallir Lúðvíks Bæjarakonungs sem var hjálparhella Wagners og ráðgáta út af fyrir sig. Annað úr veröld barnsins. Þarna er t.a.m. rauður sófi en þegar nánar er að gætt og skoðað í gegnum stækkunargler á sjónauka þar efra, eru þetta varirnar á stóru andliti og herbergið heitir eftir May West sem var með hvítt gervihár og kynbombuvarir, ef marka má Dali.

Nú stendur listasafnið fullbúið með rauða útveggi og gult skraut sem minnir að sjálfsögðu á krúsidúllur meistara síns. Í garðinum er regnbíll, auðvitað kádiljákur, einnig bátur á dekkjasúlu og maður sér þetta allt í æ nýju ljósi eftir því sem ofar dregur í húsinu, því að útsýnið úr hverjum glugga er listaverk út af fyrir sig.

Þrátt fyrir snemmborna yfirburði og yndislegar litlar myndir sem Dali málaði kornungur þurfti hann að fikra sig áfram að súrrealísku markmiði sínu, þ.e.a.s. að innsta kjarnanum í sjálfum sér. Ég sé engan Max Ernst á næstu grösum, fremur Pissarró á stórri mynd, Matisse að sjálfsögðu, en Dali glímir við dansmynd hans fræga rétt eins og Picasso á fyrra hluta ævi sinnar. Og báðir dást þeir að átrúnaðargoðinu Velazques öðrum fremur, einkum málverki hans af konungsfjölskyldunni þar sem listamaðurinn sjálfur er ein af persónum myndarinnar. Á einu málverkanna sést Dali sjálfur í spegli þar sem hann er að mála Gölu, konu sína og lífsförunaut, en hún er helzta fyrirmyndin í fjölda verka.

Ef við tökum biblíusögulega (þ.e. smekklausa) líkingu og segjum að hænan sé lífið sjálft, getum við sagt að unginn í einu egginu hafi verið Salvador Dali; og á listasafninu sjáum við hvernig hann brýtur skurnina hægt og sígandi; þessi frelsari myndlistarinnar, þegar allt stefndi í kúbisma og flatarmál. Það er þessi veröld sem varðveitt er í safninu, bæði í málverkum, teikningum, skúlptúr og skartgripum sem ég kann sízt að meta. Það var í þessa veröld sem Flóki sótti silfurþráðinn í list sína, þar á einn þáttur Errós rætur og svo náttúrulega popplistin eins og hún leggur sig, framhaldið af Dali og Híeronymusi Bosch, trúarmálaranum mikla sem var einskonar poppskelfir á miðöldum, samt talinn til meistaranna.

15. maí, mánudagur

Montserrat er klettafjall sem rís úr grónum dölunum norður af Barcelona. Hamrar þess eins og myndhöggvari hafi slétt þá og hoggið og hægt að lesa margskonar myndir úr þessu veðraða listaverki náttúrunnar. Fjallið glæfralega bratt. Og þegar upp er komið blasa dalirnir við í öllum áttum, trén hætta að vera tré og breytast í græn pensilför sem þessi sami listamaður hefur leikið sér að gegnum ár og aldir.

Montserrat er vinsælt af fjallgöngumönnum sem æfa sig í snarbröttum hlíðum og ógnlegum hömrum, þverhníptum langleiðina niður á láglendi. Nú hefur malbikaður vegur verið lagður upp fjallið og er hin mesta listasmíð, því að úr fjarlægð að sjá dettur engum í hug að hægt sé að leggja slíkan veg til himins. En það hefur verið gert og ástæðan er einföld. Í efstu hlíðum þessa foldgnáa fjalls og fast að þessum miklu björgum var á öldum áður reist klaustur því að Benedikts-múnkarnir sem stofnuðu klaustrið á 9. öld leituðu þangað undan ágangi veraldarinnar að tigna guð eins nálægt ríki hans og unnt var. Þá höfðu kristnir menn nýrekið mára af höndum sér og ástæða til að taka sig saman í andlitinu og endurnýja kirkju í rústum. Þá komu til sögunnar kraftaverk hinnar heilögu, svörtu guðsmóður, en mynd hennar blasir yfir altarinu og þykir hin mesta gersemi.

Það er með ólíkindum að múnkarnir skyldu hafa haft bolmagn til að reisa klaustur í svo miklum hæðum og raunar kraftaverk hversu haglega öllu er fyrir komið þarna í fjallinu. Það hefur áreiðanlega verið erfitt um aðföng fyrr á tímum og þótt margir pílagrímar hafi komið við í Montserrat má fullyrða að þangað fór enginn ellihrumur, hjartveikur eða haldinn öðrum kvillum, þvílík raun sem það hefur verið að komast að efstu klettunum. Nú liggur þangað vegur í þúsund beygjum og bugðum og snarbratt hyldýpið fyrir neðan og því ógnlegra sem ofar dregur.

Þennan veg fórum við í dag og á leiðinni upp fann ég til lofthræðslu, en var góður á niðurleið. Þá hafði ég vanizt lofthæðinni við klaustrið og því ægifagra útsýni sem þar blasir við í öllum áttum. Þar stendur klaustrið og hallar sér að kirkjunni sem er einhver sú tilkomumesta sem ég hef séð og eru þær þó orðnar æðimargar. En á þessum stað hefur trúarleg auðmýkt meiri áhrif en víðast hvar annars, svo mikið sem múnkar og kristið fólk hefur lagt á sig til að lofa guð við þessar erfiðu aðstæður.

Benedikts-múnkarnir tóku alfarið við staðnum á 11. öld og voru þekktir að því að boða þann sannleika meistara síns, sem kallaður hefur verið Faðir Evrópu, að betra sé að stjórna með elskusemi en ógnarvaldi. Samt

hefur klaustrið einatt orðið fyrir barðinu á ógnarvaldi – og þá einkum í styrjöldum, en verst varð það þó úti, þegar hersveitir Napóleons lögðu staðinn nánast í rúst að fyrirskipan þessa korsíska villimanns sem fór eyðandi eldi eða eins og engisprettuplága alls staðar þar sem spor hans lágu í löndum annars fólks.

En ekki skil ég hvaða erindi þessar hersveitir áttu þarna upp á fjallið og við þær erfiðu aðstæður sem raun ber vitni.

En maðurinn kann allar tiltækar djöfullegar kúnstir, ef hann ætlar að eyða og drepa, á sama hátt og hann getur framkallað kraftaverk, ef því er að skipta.

Montserrat-klaustrið er ekkert minna en kraftaverk. Það á að sjálfsögðu rætur að rekja til Maríu guðsmóður, verndara Katalóníu. Hún er þekkt um víða veröld sem slík og tignuð sem hin heilaga guðsmóðir kraftaverkanna; fór með Kólumbusi vestur um haf og er víða þekkt þar um slóðir. Og þá ekki síður í Evrópu þar sem átrúnaður á hana hefur borizt víða um lönd.

Og þá er heilagur Benedikt ekki síður í miklum metum víða og klaustur hans mikils metin fyrir góðvild og hlýju. Þar ríkir ofar hverri kröfu að stjórnað skuli með kærleika, en ekki valdi.

Það er til marks um álit Montserrat að Karl V og Filippus II af Spáni dóu báðir við ljós af kertum sem steypt voru í Montserrat-klaustri. Þá kom Jóhannes páfi 23. í heimsókn þangað, meðan hann stjórnaði heimsveldi kaþólsku kirkjunnar, og vonandi var hann ekki í sömu inniskónum og þegar við hittum hann í Vatikaninu sællar minningar.

Það eru nokkur hús eftir Gaudi hér í Barcelona, öll með blæ og yfirbragði meistara síns sem gerði garðinn fræga fyrir Güell. Við skoðuðum hann um daginn. Nú skoðuðum við hús sem Gaudi hannaði fyrir þennan góðvin sinn og stendur hérna á móti hótelinu. Güell var auðugur iðnrekandi og bað Gaudi um að teikna eða hanna handa sér þessa höll. Hún er á mörgum hæðum og ber nafn með rentu; allt í gaudi-stíl og þess vegna er þetta einhvers konar ævintýrahöll. Skrautið er m.a. úr tré og járni, annars er húsið að mestu úr steini og marmara. Á þakinu eru mósaik-strompar, harla skrautlegir og í katalóníu-stíl, þeim er ætlað að stjórna birtu og loftræstingu. Á annarri hæðinni er gat í gólfið, þar gat heimilisfólkið séð hver stóð við útidyrnar; einnig var hægt að henda niður um þetta gat smáölmusu handa betlurum og fátæku fólki. Á þriðju hæð gat Güell iðnrekandi skoðað gesti sem biðu hans á

næstu hæð fyrir neðan. Sem sagt, hið fullkomna umhverfi spænsks sægreifa.

Güell-fjölskyldan flýði úr húsinu, þegar borgarastyrjöldin hófst 1936. Þá lögðu stjórnleysingjar húsið undir sig og höfðu þar bækistöð. Þeir skemmdu húsið lítið sem ekkert.

Þessi höll Güell-fjölskyldunnar er dæmigerð fyrir góðborgara sem vilja lifa og hrærast í umhverfi fyrirfólks, einkum aðalsmanna – og hafa efni á því. Við þekkjum þetta að heiman; einhvers konar bessastaðadekur.

16. maí, þriðjudagur

Frétti í gær að sr. Heimir Steinsson, þjóðgarðsvörður, sé látinn. Það er mikið áfall því að sr. Heimir var sérstæður maður. Það var sagt á sínum tíma ég hefði átt þátt í því að hann varð útvarpsstjóri, en það er rangt. Ólafur G. Einarsson, þá menntamálaráðherra, sagði mér frá því að hann ætlaði að skipa mikinn menningarmann útvarpsstjóra og það mundi gleðja mig. Ég fékk svo að vita nafnið klukkutíma áður en Ólafur skrifaði undir þessa ákvörðun sína. Þá sat ég niðri á Nausti og var að borða hádegismat með einhverjum vinum mínum. Þá hringdi Ólafur. Honum var mikið niðri fyrir og kvaðst vilja ég vissi nafn hins nýja útvarpsstjóra. Vildi af einhverjum ástæðum að ég frétti þetta frá honum sjálfum, en ekki á skotspónum. Það var fallega hugsað hjá Ólafi, því ég hef alltaf talið útvarpið afarmikilvægt og engin ástæða til að breyta því í einhverjar einkauppákomur, menningarsnauðar, mállausar; ömurlegar. Nóg af þeim, alls staðar suðandi í kringum okkur. Ríkisútvarpið hefur staðið vel í ístaðinu, það er enn mikil menningarstofnun eins og Þjóðleikhúsið, Sinfónían svo að dæmi séu nefnd. Þessar stofnanir á ekki að eyðileggja, heldur rækta. Sr. Heimir gerði sitt bezta, en það kom í ljós, að hann undi sér betur á Þingvöllum. Kunni ekki að meta sjónvarpssuðið sem skyldi. Það var gott fyrir Þingvelli og þangað fór hann aftur reynslunni ríkari. Hann hugsaði stórt. Hann hafði áhuga á skáldskap og orti sjálfur. Það eru kannski engin meðmæli með neinum nú á dögum, en það fór sr. Heimi vel. Hann kunni bragfræði, það er meira en sagt verður um mörg skáld önnur. Þeir sem kunna bragfræði geta gert alls kyns formbyltingar, rétt eins og meistararnir í málaralist eða tónskáld eins og Debussy og Stravinsky, hinir geta ekki gert neinar byltingar því að byltingamenn þurfa að vita, hvað þeir vilja og ekki síður hvað þeir vilja ekki! En nú þykir það víst hvorki fínt né nauðsynlegt að kunna bragfræði. Ég er gamalt atómskáld og margir munu áreiðanlega telja slíkar bollaleggingar merki þess, að

formbyltingarskáldið sé farið að upplitast. Það má vel vera. En maður hefur líka leyfi til að þroskast, jafnvel nú á dögum!

Við erum því miður að glata brageyranu. Það var eins og niður hafsins í kuðungi. Það er mikið heimdallareyra og viðkvæmt. Nú heyrum við helzt ekkert fyrir fjölmiðlaskvaldri og útlendingadekri; helzt ekkert sem skiptir sköpum fyrir þjóðareinkenni okkar og þá arfleifð sem okkur hefur verið trúað fyrir. Ef við glötum henni, glötum við sjálfum okkur. En arfleifð og atómskáldskapur geta átt fallega samleið inní framtíðina.

Enn eru þeir að skrifa um Kingsley Amis í Daily Telegraph, svo ég tók blaðið með mér í flugvélina til London. Nú eru þeir að tala við síðari konu hans, Elizabeth Jane Howard, sem er einn helzti kvenrithöfundur Breta um þessar mundir. Martin Amis telur hana jafningja Iris Murdoch í ævisögu sinni. En hún réð ekkert við syni Kingsleys af fyrra hjónabandi, allra sízt Martin sem var óstýrilátur unglingur og las aldrei nokkra bók fyrr en hún tók af skarið, tróð í hann Jane Austin og sendi hann í Oxford. Kingsley sjálfur hafði engan áhuga á þessum sonum sínum og stóð að því er mér sýnist algerlega á sama um það, hvort þeir lærðu eitthvað eða menntuðust. Hann vildi bara fá frið! Hann er víst ekki einn um það. Það eru víst margir sem vilja frið fyrir börnum sínum nú á dögum.

Jane Howard, sem er komin undir áttrætt, segist aldrei hafa kynnzt neinum listamanni sem hafi verið auðvelt að tjónka við; hvað þá búa með. Þeir eru að vísu ekki leiðinlegir, en ævinlega erfiðir; ég held þeir hafi miklu minna kvíðaþol en annað fólk, segir hún. Kingsley leið af alls kyns fælni, hann var hræddur við myrkur, hræddur að vera einn, hræddur í neðanjarðarlestum, hræddur í járnbrautarlestum og flugvélum. Þannig óx hann inn í sína litlu bjórkrárveröld og bjó síðustu árin í sama húsi og fyrri kona hans og maður hennar. Það var eina leiðin til að eignast fjölskyldulíf!

Þegar við vorum á leiðinni frá Barcelona til London með Boeing 767-þotu British Airways, sem er framúrskarandi flugfélag, sá ég að flugstjórinn fór fram og það var opið inn í flugstjórnarklefann þar sem aðstoðarflugmaðurinn sat. Ég leit upp úr blaðinu og fór að hugsa um ég væri í 767-þotu eins og þeir sem hurfu með egypzku farþegaþotunni á leið yfir Atlantshaf í fyrra, en aðdragandi þess var víst sá, að flugstjórinn skrapp fram og skildi aðstoðarflugmanninn einan eftir við stýrið.

Þannig eru það fleiri en Kingsley Amis og hans líkar sem eiga við alls kyns hugaróra að etja, eða hvað eigum við að segja – ofnæmi. En hvað um það, þetta var góð ferð með Frakkland undir vængjum lengst af og loks Lundúnaborg sem á ekki sinn líka eins og allir vita.

Og nú fer þessari ferð að ljúka. Öllum ferðum lýkur en þær eru misjafnlega fróðlegar eða skemmtilegar eða uppbyggjandi eins og lífið sjálft. Það er ekkert eins leiðinlegt og skemmta sér, er haft eftir Halldóri Laxness og ég vil bæta við: það er ekkert eins skemmtilegt og fróðleikur.

Kvöldið

Keypti geisladisk með grískum og latneskum ástarkvæðum og annan með 101 sonnettu eftir 101 skáld á enska tungu. Sonnettan eldist ekki og kvæði fornra góðskálda eru ekki síður nútímaskáldskapur en það bezta sem nú er ort.

En það bezta kemst ekki alltaf til skila, því miður. Froðan flýtur ofan á, hún gutlar í fjörukambinum og dregur að sér athyglina.

17. maí,
miðvikudagur

Sáum óperu Tchaikovskys Eugene Onegin, í ensku þjóðaróperunni. Hafði ekki séð hana áður, en fannst tónlistin sterk og falleg og svo náttúrulega rómantísk a la Tchaikovsky. Óperan er gerð eftir frægasta kvæði Pushkins sem hann orti með hliðsjón af Don Juan Byrons, að ég held. Þetta er mikið sagnakvæði og ekki sízt merkilegt fyrir þær sakir að örlög Pushkins sjálfs urðu hin sömu og skáldsins Lenskys sem féll fyrir hendi Onegins í einvígi. Ástæðan: ást og afbrýðisemi. Það á ekki af blessaðri ástinni að ganga. Hún fær aldrei frið fyrir afbrýðiseminni. En svo er guði fyrir að þakka að einvígi eru ekki lengur í tízku og þess vegna eru margir lifandi nú sem annars væru dauðir.

Gremin prins syngur óviðjafnanlega aríu um ástina í næstsíðasta þætti. Ég sagði einhvern tíma í greinarkorni frá Ameríku, af fullkomnu ábyrgðarleysi auðvitað, að mér fyndist sumt í tónlist Tchaikovskys benda fram til söngleikja nú á dögum; minna stundum á það bezta í þeim. Fyrrnefnd aría vakti með mér svipaðar hugrenningar og minni ég á það aftur, án ábyrgðar að sjálfsögðu. Meiri óperusérfræðingar en ég mundu áreiðanlega fúlsa við slíkri einföldun. En það skiptir mig engu máli. Mín viðbrögð eru fyrir mig, en ekki aðra. En hitt er nokkurn veginn víst að kjarnanum í þessu meistaraverki Tchaikovskys mætti vel lýsa með línu úr Endymion Keats, annarri bók: Kossinn er hunangsdögg frá liðnum dögum. Keats segir að vísu gröfnum dögum, en það er ótækt á íslenzku.

Pushkin orti kvæði 1826 sem ég þekkti ekki áður, það heitir Játning. Það er einhvern veginn svona:

Ég elska þig – þó að það ýfi skap mitt,
þó það sé erfitt og skammarlega tilgangslaust;
ég legg þessa vonlausu heimsku
að fótum þér!
Það fer mér illa og ég er of gamall!
Það er kominn tími til ég nái áttum!
Samt viðurkenni ég öll einkenni
þessa veiklyndis í sál minni:
án þín leiðist mér – ég geispa;
með þér er ég leiður – en þoli það:
það óþolanlega!
Það sem ég er að reyna að segja
ástin mín er... ég elska þig!
Þegar ég heyri þitt létta fótatak
á leið úr setustofunni, eða skrjáfið
í kjólnum þínum
eða þína saklausu stúlkurödd,
verð ég allt í einu eins og einfeldningur.
Þú brosir – það er mér gleði;
þú snýrð þér frá mér – það er mér sorg;
þín föla hönd er mér uppbót
fyrir heilan dag af þjáningu.
Þegar þú situr með hálfan huga
yfir útsauminum,
horfir niður og hárið bylgjast,
þá horfi ég á þig, ánægður og þögull,
blíðlega eins og barn!
Ætti ég að segja þér frá óhamingju minni,
minni afbrýðisömu sorg,
jafnvel stundum þegar þú ferð í langa göngu
í vondu veðri – alein?
Og tárin þín í einverunni
og tal þitt í horninu
og ferðirnar til Opochka
og píanóið á kvöldin?
Alina! Aumkaðu mig.
Kannski er ég ekki verðugur
ástar þinnar vegna synda minna.

En reyndu að látast! Tillit þitt
getur verið svo yndislegt!
Æ, það er ekki erfitt að blekkja mig!
Ég vil láta blekkjast!

Þetta er hrá endursögn, mælt af munni fram og þýdd úr enska prógramminu sem við keyptum á sýningunni. Það er margt merkilegt um Pushkin sem upplifði örlög sín í þessu mikla sagnakvæði, Onegin.

18. maí, fimmtudagur

Í dag var haglél í London. Það gekk á með ausandi rigningu, þrumum og eldingum. Göturnar urðu líflegra fljót en þau sem við höfum séð fram að þessu; öll fljót í Evrópu eru svo menguð að þau hníga varla; jafnvel stórfljót eins og Gvadalkívír þar sem það rennur í gegnum Granada. Það er skárra í Sevilla.

Það er gott að venja sig við troðninginn í neðanjarðarlestunum. Þannig verður það líklega þegar maður fer yfirum. Þá verður einn stiginn upp og annar niður, enginn þekkir annan og einn treðst á öðrum. Þetta er góð æfing fyrir framhaldslífið, að hlaupa undan rigningunni í London og bíða eftir neðanjarðarlestum.

Í göngunum er allt fullt af plakötum og auglýsingum. Þar eru margar auglýsingar frá flugfélaginu *go* og Lundúnabúar hvattir til að fara til Reykjavíkur, nú sé það hægt vegna lágra fargjalda. Sem sagt, Reykjavík er komin á kortið. Og hverjum skyldi það vera að þakka. Ætli það sé ekki einna helzt ungu konunni sem nú er í Nizza að bíða eftir úrskurði sem fellur á sunnudag um mynd sem hún lék í fyrir danska kvikmyndastjórann von Trier; Björk, auðvitað. Hún kom Íslandi á blað um allan heim. Trier segir hún sé engin leikkona, hún upplifi öll atriði með tilfinningunum. En hvað er að því? Eru ekki tilfinningarnar grundvöllur allrar góðrar listar? Hann segir hún sé barn. Hvað er á móti því að vera barn? Sá listamaður sem hefur ekki varðveitt sitt barnslega eðli er eins og fíll í postulínsverzlun. The Times segir að þau von Trier og Björk talist ekki við lengur. Ennfremur að Björk hafi gert Trier svo reiðan að hann hafi mölbrotið tvö sjónvarpstæki, en Björk hafi í uppnáminu étið kjólinn sinn! Eitthvað gengur nú á þarna í Nizza. Eða kannski bara í fjölmiðlunum!

Björk lék í leikritinu Glerbrot sem Kristín Jóhannesdóttir gerði uppúr Fjaðrafoki sem ég skrifaði á sínum tíma, þá við litlar vinsældir menningarvitanna. Aðrir tóku því vel. Björk lék sitt hlutverk með tilfinningunum og mér hugnaðist það vel. Ég veit ekki betur en Glerbrot hafi spjarað sig ágætlega í

sjónvarpinu, það var m.a. sýnt í Finnlandi, áfallalaust. Enginn braut sjónvarpstækin sín svo að sögur fari af og enginn át utan af sér fötin, sem betur fer!

En allt er þetta leikur að markaði; leikur að athygli. Leikur að frægð. En mér skilst á ungu fólki að Björk hafi rótfest sig á markaðnum vegna vinsælda. Hún geti notað frægð sína eins og henni hentar og vonandi gerir hún það með þeim hætti, að hún eldist vel og verði hamingjusöm gömul kona eins og Hallbjörg. Frægðin kallar stundum fram í lélegum karakterum það versta í eðli þeirra, en ég spái því að hún eigi eftir að kalla fram í Björk það bezta sem hún á; barnið. Ekta tilfinningar eru bezta veganesti sem nokkur listamaður á í fórum sínum.

Fórum á Tate-nýlistasafnið milli skúranna. Það var mikið ævintýri og einskonar punktur yfir i-ið í þessari ferð. Bretar hafa breytt gömlu orkuveri við Thames í eitt fullkomnasta nýlistasafn heims. Það er ævintýri líkast að koma þar við. Frakkarnir breyttu járnbrautarstöð í listasafn og einhver Frakklandsforsetinn beitti sér fyrir því, að sláturhúsi var breytt í tæknilistasafn. Þar eru stórar myndir eftir Erró sem hann sýndi okkur á sínum tíma, frábærar myndir og taka sig vel út í þessu safni. En í Tate fór ég að hugsa um það hvers vegna Íslendingar nýta ekki betur myndlistarmenn sína; trúa þeim fyrir mikilvægum verkefnum til að flikka upp á umhverfið. Við eigum ekki önnur verðmæti meiri en kraftmikla listamenn. Nú ætlum við að byggja tónlistarhús fyrir músíkantana og hefði mátt gera fyrir löngu. Og því þá ekki að eignast stórvirki á almannafæri eftir þá listamenn okkar sem ráða við slík verkefni? Af hverju þarf Erró að vera að gleðja Frakka endalaust? Hvers vegna eru honum ekki fengin verkefni hér heima? Og öðrum listamönnum íslenzkum, ekki sízt þeim sem erlendis búa – og hafa náð sannfærandi árangri með verkum sínum.

Um allt þetta hlýtur maður að hugsa þegar gengið er um annað eins musteri og Nýlistasafn Tates við Thames. Húsið er upplögð umgjörð um nýlistina, því þetta gamla orkuver er sjálft orðið einhvers konar nýlistarverk. Þegar maður stendur við gluggana og horfir yfir Thames blasir við einhver tilkomumesta sjón sem ég hef séð úr safnhúsi, sannkallaður nýlistaleikur við náttúruna. Bandaríski málarinn Pollock, sem á þarna stórt og mikið verk (og kallar Kristján Davíðsson fram í hugann), sagði á sínum tíma: Ég er náttúran. Samt sér enginn neina náttúru sem fyrirmynd í verkum hans. Þýzki listamaðurinn Beuys, sem á þarna heilan sal (en hann var einn af stofnendum Græningja í Þýzkalandi), sagði: Allir eru listamenn!

Bæði súrrealistarnir og nýraunsæisskólinn drógu ályktanir af náttúr-

unni, þótt þess sjáist ekki endilega mikil merki, en hugmyndafræðin er náttúrulega sú, að maðurinn sé hluti af umhverfi sínu.

Þarna var örtröð af fólki og þeir sem telja að nútíminn sé ekki listvænn, ef svo mætti segja, þekkja ekki þennan sama nútíma; öll leikhús viðstöðulaust full hér í London, allar bókabúðir troðfullar af fólki sem er að lesa og kaupa bækur, einnig hljóðbækur. Mér er til efs það hafi nokkurn tíma verið jafn margt fólk í bókabúðum og maður sér í þessum fínu bókaverzlunum hér í London, en þær eiga vart sinn líka.

Á þessari nýlistarsýningu kennir auðvitað margra grasa og ástæðulaust að velta fyrir sér hverju einasta strái. Sum munu líka sölna fyrr en varir, önnur munu lifa eitthvað áfram – og þá helzt fyrir forvitni sakir – enn önnur eiga eftir að verða partur af heimslistinni. Hér eru allir þessir karlar samankomnir sem við höfum séð í söfnum annars staðar, frumherjinn Matisse, sem allir virðast hafa lært eitthvað af, enda einskonar vegvísir á sínum tíma, hér eru myndir eftir Dali og Picasso, þ. á m. Dansararnir þrír, en þó einkum Konan grátandi frá 1937, skírskotandi mynd í harmleik borgarastyrjaldarinnar á Spáni; hér eru Cézanne, Derain af einhverjum ástæðum og auðvitað Braque, Max Ernst, og ég var víst búinn að nefna Dali, en eftir hann er mjög sérkennileg mynd af síma; humar virðist vera símtólið, en hann var víst einskonar kyntákn í myndum Dalis; hér eru höggmyndir eftir Giacometti, sem Sartre hafði mikið dálæti á vegna þess að fígúrur hans sýndu ömurleika mannsins, málverk eftir Kandinsky að sjálfsögðu og Lichtenstein, Léger, sem Gunnlaugur Scheving hafði mætur á, Magritte, Miro, Modigliani og Mondrian, Moore og Munch, Warhol (Monroe-myndin, sem mörgum finnst sniðug) og svo allir þessir nýlistarmenn sem maður þekkir ekki og hefur raunar aldrei heyrt getið. Hér eru skemmtilegar myndir og leiðinlegar, jafnvel drepleiðinlegar, frumlegar myndir og aðrar sem eru svo ófrumlegar að maður spyr sjálfan sig, hvers vegna maður eigi enga mynd á þessari yfirgripsmiklu sýningu! Hér eru sjónvarpshönnunarmyndir, kannski listaverk út af fyrir sig, ég veit það ekki, en að minnsta kosti vitnisburður um samtímann, alls kyns ljósmyndir, myndir úr margvíslegu efni, grjóti, járni og hvað eina. Hér er mynd eftir Duchamp, m.a. Berrassaða brúðurin frá 1915–23, og í miðju glerinu þríhyrningar, en á þá safnaði listamaðurinn rykinu í New York. Á einum þríhyrning er ryk eftir tvo mánuði, á öðrum ryk eftir fjóra mánuði og að lokum er ryk eftir tvö ár, eða jafn langan tíma og hann var með myndina í smíðum.

Ég hafði ekki sízt gaman af vatnaliljumynd eftir Monet á sýningunni í

nýlistasafninu í London, en Erró sýndi okkur safn hans í París, ógleymanlegt. Og þarna er nektarmynd eftir Bonnard, ófögur finnst mér, en sérstakt herbergi fjallar einungis um nakið fólk. Svo eru auðvitað kvikmyndir eins og í nýlistasafninu í Madrid, sumar klúrar. Þegar við gengum um herbergi Francis Bacon heyrði ég að karl fyrir aftan mig sagði við konu sína: It's sick! Þrjár myndanna af einhvers konar skrímslum, en aðrar þrjár af andlitslausum körlum sem boruðu sig inní huga minn eins og martröð – og mátti ekki á milli sjá hver var mesta skrímslið.

Enn gæti ég nefnt fræg nöfn og ófræg og áhrif af einstökum myndum, en hver hefur áhuga á því? Sjálfur hafði ég mestan áhuga á heildaráhrifunum; safninu sjálfu; safninu sem umbúðum utan um þessa óvæntu uppákomu; safninu sem umhverfi hugsana og hugmynda; umhverfi fólks sem sér alltaf eitthvað nýtt með sínum gömlu augum; fólks sem er að reyna að feta okkur inn í nýjan sannleika, nýjan veruleika – en við erum misjafnlega móttækileg og sumt fer fyrir ofan garð og neðan. Við skiljum ekki og þegar við skiljum ekki fer það í taugarnar á okkur, en það breytir engu. Við höldum áfram að skilja ekki! En skilningsleysið veldur engu uppnámi eins og í gamla daga, það fer bara fyrir ofan garð og neðan – og búinn heilagur! Í gamla daga bjuggum við um skeið í Oberammergau, Bæjern. Þegar við fórum til München þurftum við að skipta um lest í Murnau. Þar höfðu Kandinsky og félagar hans búið á sínum tíma. Þess vegna leyfði ég mér að segja í Lesbókargrein að heimslistin hefði skipt um lest í Murnau. Það var nokkuð til í því.

Margir sem fylgdust með þessum umskiptum urðu sárir, reiðir, hneykslaðir. Nú er fólk bara forvitið, hefur sínar skoðanir, en fylgist með. Nú er lestarstöðin ekki lengur í Murnau. Nú er hún ekki sízt í nýlistasafninu í London. Það hefur stækkað borgina. Það hefur gert hana hnýsilegri.

London væri einnar messu virði, þótt ekkert væri hér annað en þetta nýja safn.

Kvöldið

Talaði við Þorstein Pálsson, sendiherra. Það var gott samtal eins og ævinlega. Sagði honum frá því við hefðum farið að sjá Onegin. Hann minnti mig á að Kristinn Sigmundsson hefði sungið hlutverk sitt í þessari óperu í Ástralíu og hitt konu þar syðra sem hélt verkið héti Einn gin! Við töluðum um auglýsingarnar frá *go*. Þorsteinn segir það hafi aldrei verið talað eins mikið um Ísland í Bretlandi og nú, ekki einu sinni í þorska-

stríðunum. Ég varð undrandi, spurði hvers vegna. Hafði upplifað þorskastríðin í Bretlandi sem blaðamaður og þá var Ísland í tízku sem einhvers konar vandræðabarn. Þá átti ég samtal við Hare, sjávarútvegsráðherra Breta, um þorskastríðið. Það var birt fimm dálka á forsíðu Morgunblaðsins. Chanter vinur minn, þá aðalsérfræðingur Daily Telegraph í Íslandsmálum, frétti af samtalinu og sagði þeir á Daily Telegraph vildu kaupa það til birtingar. Ég sagði honum það væri ekki hægt, ég hefði skrifað samtalið fyrir Morgunblaðið og þar mundi það birtast. Annað væri svik, bæði við blaðið og ráðherrann. Þeir féllust á það en við Chanter fórum á krána í Fleet-street, þá sem dr. Johnson stundaði sem ákafast, og fórum ekki fyrr en við vorum a.m.k. orðnir jafn góðglaðir og þeir Boswell.

Þorsteinn Pálsson sagði að á því væri enginn vafi að Björk væri undirrót þess, hvað Ísland væri mikið á dagskrá í Bretlandi, en þar kæmi margt fleira til, Ísland væri einfaldlega í tízku. Og nú er það ekki í tízku sem vandræðabarn, heldur ævintýralandið mikla, landið sem er öðruvísi; jöklalandið, eldgosalandið; land skemmtilegrar borgar, Reykjavíkur, þar sem næturlífið virkar eins og segull á ungt fólk; hvalaskoðunarlandið, ekki sízt.

Ég sagði Þorsteini frá heimsókn okkar í Tate-nýlistasafnið og heyrði á honum að hann er á leiðinni þangað, þegar tími gefst. Áður en við kvöddumst hétum við á okkur að skreppa á pöbb, en það verður að bíða betri tíma. Og þá verð ég líklega að drekka bjór fyrir okkur báða, því að Þorsteinn hefur alltaf verið heldur slakur í þeim efnum. En hann er því betri á öðrum sviðum. Ég get ekki hætt að hugsa um mynd hins þýzka frumkvöðuls súrrealismans, Max Ernst (1891–1976), sem heitir Næturbylting og var eins og einhvers konar hugmyndafræðileg yfirlýsing á sínum tíma: Hann er sjálfur sofandi í fangi föður síns. Hann er sjálfur eins og marmari með ósjáandi augu, samt hefur myndlistin verið kölluð tungumál augans, faðir hans í brúnum lit eins og veggurinn að baki, hendurnar gegnsæjar. Á veggnum útlínur skáldgagnrýnandans Apollinaire, en samt eins og hann sé að ganga niður stigann.

Og hvernig á svo að skilja þetta, á hvaða viðbrögð er listamaðurinn að kalla? Hver veit það – enginn nema hann sjálfur. Og nú er hann löngu dauður. Og enginn til frásagnar um merkingu þessara hugaróra.

En það var eins og Dali sagði: Myndirnar mínar eru gáta; ráðgáta.

Svarið fer auðvitað eftir hverjum einum. Minnir á náttúruna sjálfa og ævintýri hennar. Skiljum við hana? Skiljum við fuglasöng, skiljum við súluna þegar hún steypir sér í hafið eins og eldflaug? Skiljum við sálarlíf

Bacons? Nei, en við horfum. Og reynum að skilja og erum forvitin, það skiptir mestu máli. En mér er til efs veröldin eigi nokkurn tímann eftir að verða eins og Beuys sá hana fyrir sér: Eitt allsherjar listaverk!

Náttúran er slíkt listaverk, að vísu, nei, hún er miklu meira: hún er kraftaverk. Og ef einhver er í vafa um, hver gerði þetta kraftaverk, ætti hann að leita til Jónasar Hallgrímssonar; hann var aldrei í neinum vafa um hver væri höfundur sköpunarverksins.

Morgunblaðið, 2000

Edinborg, á haustdögum

Allar ferðir enda einhvers staðar og með einhverjum hætti. Og þá einnig lífið sjálft. Myndi ekki vera við hæfi að ljúka þessari ferðarispu í þeirri stórborg erlendri sem ég kom fyrst til ungur messagutti á gamla Brúarfossi, 1946. Þá var eilífðin framundan. Nú er hún að baki. Eitt af því sem tengir Edinborg við Spánarferðina er Dali og verk hans sem hafa komið mjög við sögu í þessari rispu. Sem sagt, snillingurinn sem sækir myndefni sitt í freudiska draumaveröld undirvitundarinnar og þurfti af þeim sökum að gefa út þessa óhjákvæmilegu yfirlýsingu: Munurinn á mér og vitfirringi er einungis sá, að ég er ekki geðveikur!

Stórmerk sýning hefur verið á verkum Dalis í þessari Aþenu norðursins, eins og Edinborg hefur verið nefnd, og má fullyrða að þessi haustsýning skilji eftir frábært yfirlitsrit þar sem hverri einustu mynd sýningarinnar eru gerð góð skil, lýst af nærfærni og faglegri nákvæmni. Það er einnig gert á annarri sýningu í Edinborg sem er ekki síður hnýsileg, en hún er í Listasafni Skotlands og fjallar um annan myndsnilling á þessari öld, Paul Klee og verk hans. Sú sýning hefur opnað augu mín fyrir mikilvægi hans og sérstöðu, þótt ég hafi áður minnzt á hann í grein um Bláu riddarana fyrir margt löngu (Lesbók, 1973). Klee gekk í félagsskap þessara brautryðjenda nýlistar en þó sem einskonar sérfyrirbrigði, enda var hann einstæður alla tíð og af þeim sökum nokkuð til hliðar við meginstraum afstraktlistar á sínum tíma. Forystumenn Bláu riddaranna voru engir aðrir en Kandinsky, August Macke, Jawlensky og Franz Marc sem var drepinn á vígvöllum Vestur-Evrópu 1916, en þeir sem hafa komið í grafreitinn mikla við Verdun gleyma aldrei þeirri sóun mannslífa sem þar blasir við. Þessi ógnargrafreitur er einskonar minnismerki um þjóðernissinnaða páfugla stórvelda sem stundum eru kallaðir þjóðarleiðtogar en ganga einatt fyrir brengluðum metnaðar-elimentum hundadagakónga!

Allir voru þessir meistarar hver með sínum hætti og kannski mætti segja að þeir hafi verið einskonar expressionistisk vísbending um afstraktlist á næstu grösum; það sem lá í loftinu eins og sagt er. Hið sama

gildir um alla þessa listmálara – og þá einnig að sjálfsögðu Paul Klee – að þeir höfðu full tök á þeirri gamalgrónu hefð sem öll nýlist er sprottin úr. Það eru einungis skussarnir sem skýla sér á bak við tízkustellingar einar saman, einnig í bókmenntum.

Paul Klee var fæddur í Bern 1879. Hann lézt 1940 í Locarno úr ólæknandi sjálfsofnæmissjúkdómi, var þá rétt hálfsjötugur. En síðustu árin gekk hann á hólm við endalokin og sigraði dauðann í ódauðlegum og stórbrotnum listaverkum. Það er hin hefðbundna aðferð mikilla listamanna til að sigrast á dauða og tortímingu. Þá hafði honum verið útskúfað í Þýzkalandi þar sem hann bjó áratugum saman áður en Hitler komst til valda, en nazistar tóku hundrað og tvö verka hans úr umferð í listasöfnum landsins og grófu þau í kjallaramyrkri safnhúsanna; kölluðu hann andfélagslegan siðblindingja. Þeir höfðu þá einnig efnt til sýningar í München á svokallaðri entartete kunst, 1937, eða úrkynjaðri list og átti Klee sautján myndir á þeirri sýningu. Þá þótti þetta vafasamur heiður, en nú eftirsóknarverð minning um kjark og frumleika. Enn eitt dæmi um að listin á að vera þroskaður ávöxtur sem fellur af laufguðum aski tímans, en enginn tízkugrænjaxl.

Á sýningu Klees í Edinborg fór ég að hugsa um vegi listarinnar, hversu óvissir þeir eru í raun. Fyrstu ljóðabækur rússneska skáldsins Osips Mandelstams voru gefnar út, bæði heima og í Berlín, ef ég man rétt, áður en – eða um svipað leyti – bolsévikar náðu völdum í Rússlandi. Síðar féll hann í ónáð hjá Stalín sem þekkti sjálfan sig í einu ljóða hans og var hann þá útlægur ger til Gúlagsins, þar sem hann hvarf í freðmýrar Síberíu. Ætla hefði mátt að óbirt ljóð þessa skáldjöfurs færu sömu leið og höfundurinn, en þau voru varðveitt, annars vegar í eftirritum eins og íslenzku handritin, hins vegar í minni eiginkonu hans stórmerkrar, Nadezhda Mandelstams, sem skrifaði eina eftirminnilegustu sjálfsævisögu aldarinnar, Von gegn von og Brostin von.

Þannig getur mikil list lifað af, bæði ryð, möl og grimmdaræði einvalda. Sjálfir rotna þeir í fúahelvíti grafhýsanna.

Um þetta var ég að hugsa unz ég staðnæmdist fyrir framan dálitla mynd þar sem punktar og beina línan eru allsráðandi, en Klee var gagntekinn af línunni út af fyrir sig, ekki endilega hinni bognu línu, eins og Gaudi, heldur öllum línum; beinum línum og óbeinum, brotnum línum og heilum, stuttum línum og löngum, breiðum línum og grönnum. Nulla dies sine linea voru einkunnarorð hans. Dálæti hans á þessari undirstöðu allrar myndlistar, línunni, birtist í eftirfarandi orðum: Ég fer í göngutúr með

línunni! Hljómar reyndar eins og ástarævintýri.

En svo tóku litirnir við, freistingar skugga og ljóss.

Birtan.

Klee ritaði dagbækur og var sískrifandi með myndum sínum, lýsti afstöðu sinni, hugleiddi; leitaði. Hann gaf út Sköpunarjátningar sínar 1920. Fyrsta hálfan annan áratuginn, eða fram að fyrri heimsstyrjöld, gaf hann sig eingöngu að teikningum, og þá ekki sízt táknrænum myndum, m.a. úr goðafræði, en nokkru síðar uppgötvaði hann birtuna og þá tóku olíumálverkin við. Í táknrænum myndum sínum minnir Klee fremur en nokkur annar stórmeistari á ýmis myndverk Dalis, enda voru þeir samtímamenn og samleitendur í listinni. En myndir hans minna þó aldrei á þær fjarstæðukenndu, dalísku myndblekkingar sem Dali sjálfur kallaði ráðgátur.

Klee gerði sér áreiðanlega fulla grein fyrir því að innan hauskúpu sérhvers manns er einhvers konar leikhús þar sem fjarstæðukenndur súrrealismi draumvökunnar tengist því frjóa barnslega ímyndunarflæði sem hann lagði sjálfur svo mikla áherzlu á, sagði jafnvel að ekki væri unnt að finna nýlistarþróuninni stað án þess hafa til hliðsjónar myndlist barna og jafnvel vangefins fólks. Þar væri ekki sízt hægt að komast að rótunum. Sjálfur rakst hann á eigin myndir frá blautu barnsbeini og taldi þær þá merkustu verk sín, þótt hann hefði lokið listnámi og starfað að myndlist um þónokkurt skeið. Þessi barnslegi heimur birtist honum m.a. í sirkusnum sem hann hafði mikið dálæti á, ekki síður en Picasso. Og það var auðvelt að skilja hvers vegna, þegar við sáum gamla Moskvusirkusinn um kvöldið, en hann var á ferðalagi til að lífga upp á tilveruna og kom sem betur fór við í Edinborg. Klee sagði um sirkusinn sem hann teiknaði og málaði og hugleiddi ekki síður en það fjarstæðuleikhús sem býr í sérhvers manns huga, Sirkusinn bergmálar veröldina utan dyra.

Úr þessari hugarveröld barnsins spretta mörg verka Klees, ekki sízt englamyndir hans; ein þeirra heitir Englar drekka stjörnur – og Klee bætir við: Eða hvað skyldu þeir drekka annað!

Þess má þá einnig geta að Klee teiknaði 1938 mynd af harmsögulegri fígúru sem hann kallar Trúður; annað auga opið og bjart, en hitt einungis tvö strik. Á víst að merkja geðklofann í okkur öllum. Áður hafði hann gert tvær litógrafíur um línudansara, eða Seiltänzer 1923, önnur í rauðum lit en hin svargráum, og sagði hann að þetta fyrirbrigði sirkussins sem gengi á streng yfir hyldýpið mikla minnti á lífið sjálft og baslnáttúru mannsins við erfiðar aðstæður.

En það er fleira inni í höfðinu á manninum en fjarstæðuleikhús drauma og tákna því á einni myndinni, sem einnig er litógrafía frá 1923, er höfuð mannsins teiknað eins og jörð með visnuðum fótum og allt snýst um það sem er í höfði mannsins: konan sem hann elskar og þau saman. Þannig lýsir Klee sömu reynslu og Þórbergur, þegar hugur hans hafði ekki stundlegan frið fyrir elskunni og allt þurfti að víkja fyrir henni. Þessi mynd Klees heitir Ástfanginn maður.

Klee var undir áhrifum náttúru og umhverfis eins og allir listamenn, einkum fyrst framan af, en síðan rofna þessi tengsl að einhverju leyti og myndirnar fljóta frjálsar og fyrirmyndarlausar eins og ský á himni. Þegar á leið hafði Klee þörf fyrir að losa sig við næsta nágrenni og sneri sér þá að englunum. Þeir lyftu huganum frá brennandi jörð stríðsglæpamanna eins og hann lýsir í myndum frá 1938, Feuer, Quelle og Armer Engel frá 1939: Engill á svörtum fleti, útlínurnar hvítar og tryggja að hið svarta nái ekki yfirhöndinni. Og frá sama ári er einnig Englamyndin Wachsamer Engel.

Það var 1914 sem Klee fór til Túnis, ásamt August Macke, en þá kvaðst hann hafa skynjað birtuna á nýjan hátt og lýsir því í lítilli eftirminnilegri mynd frá höfninni í Hamamed. Hún minnir sterklega á litla vatnslitamynd frá Lækjartorgi eftir Nínu Tryggvadóttur; sama birta, sömu litir. Ég veit þó ekki hvort hún sá þessa hafnarmynd Klees, tel það afar ósennilegt vegna þess að allar þær myndir sem ég hef minnzt á eru í Bürgi-einkasafninu og ekki endilega aðgengilegar öðrum en eigendum þess. Upp úr þessari reynslu breytast myndir Klees og hann notar minna blek og penna, en snýr sér að olíunni, þótt teikningin fylgi verkum hans enn sem áður. Þessa þróun má sjá í fallegri mynd sem heitir Svartur hálfmáni frá 1917, þar er línan í ýmsum myndum, rauð indversk sól; skip. Tveir heimar fljóta saman, himinn og jörð; eða eigum við heldur að segja hugmynd að himni og jörð.

Í annarri mynd frá svipuðum tíma, Eyðilegging og von, sem máluð er sama árið og Franz Marc féll á vígstöðvunum blasir við okkur hrynjandi veröld í eins konar hálfkúbískum stíl, en þó er von í óspilltum fyrirheitum tungls, sólar og stjarna. Þetta er hin klofna veröld sem fylgir myndskáldinu lengst af; og helzt aldrei án vonar.

Það var eftir Túnisreynsluna og uppgötvun birtunnar sem Paul Klee sagði, Litur hefur náð tökum á mér… ég og liturinn, við erum eitt. Ég er listmálari!

Það er með ýmsum hætti sem listamenn uppgötva sjálfa sig; sjálfa sig

og umhverfi sitt. En umhverfið er afstætt eins og allt annað. Þess vegna er ástæða til að staldra við þessa frægustu setningu í Sköpunarjátningum Klees, List endurtekur ekki það sem er sýnilegt, en gerir það sýnilegt.

Það er margt með öðrum hætti í Skotlandi en annars staðar á Bretlandseyjum. Skotar hafa uppá mikla sérstöðu að bjóða, bæði í listum og á öðrum vettvangi og eru raunar harla ólíkir Englendingum. Þeir hafa fengið hálendið inní sinn enska framburð og margt það sérstæðasta í tungu þeirra er raunar illskiljanlegt, ekki sízt mállýzkan í ljóðum skáldanna, en þau hafa lagt rækt við þessa arfleifð, ekki sízt Robert Burns, en þeir Robert Louis Stevenson, sem var fæddur átján árum eftir dauða Burns (1850), voru báðir mjög með hugann við fyrirrennarann Robert Ferguson sem hafði vísað leiðina, en lézt einungis tuttugu og fjögurra ára gamall (1774). Sagt hefur verið að hann hafi verið Edinborg það sama og Joyce Dyflinni og Dickens London. Hann býr í mér, sagði Stevenson einhverju sinni.

Ekkert skáld á enska tungu yrkir nær talmálinu en Stevenson, bæði í barnakvæðunum, A Childs Garden of Verses, og öðrum ljóðrænum skáldskap. Og samtölin í sögum hans eru fullkomið og sannfærandi talmál.

Hér eru nokkur kvæði, ort með hliðsjón af skáldskap Stevensons:

Minning

Undir stórum stjörnugeim
stendur mín gröf, ég er kominn heim,
glaður úr ferðum og frjáls að þeim,
feigðin er logn á sjó.
Séu eftirmælin um mig
megi hann liggja og hugsa um þig
kominn af hafi, sáttur við sig
sigldi í höfn og dó.
(Requiem)

Vinir

Beztu vinirnir eru ekki
aðeins nýir vinir manns,
heldur þeir sem eldri eru
og eiga langan trúnað hans.
Veit ég samt að margir muna

mikla vini sem hurfu á braut
og margir vildarvinir eru
aðeins væntingar sem enginn naut.
En beztu vinir einatt eru
ellidauðir og farnir burt
og engan grunar ástæðuna
og engan grunar hvurt.
(Til dr. John Brown)

Heimsókn af sjónum

Langt frá strönd og stormum
stefnir hann hingað og svífur
hátt yfir grasi og görðum
gamall sem híeróglýfur
mávurinn okkar sem eltist
alltaf við trosið í sjónum,
af hverju leitar hann löngum
að lífsbjörg í fallega grónum
görðum með trjám og grasi
og glaðhlakkalegum rósum,
leitar þar einhvers sem aðeins
er ætlað vængjaljósum
litlum fuglum sem flögra
frjálsir við blóm og greinar
mávurinn gamli sem grefur
til gulls við bylgjurnar einar.
Segjum honum að hafið
sé hvítur vængur á mávi,
það fari honum illa að fljúga
sem fluga á gulnuðu strái.
(A visit from the Sea)

Andlitsmynd

Að lokum þegar úti er allt
og ekkert nema myrkrið svart
og sálin deyr og sólin frýs,
þá skal ég þakka þúsundfalt,
ég þakka, guð minn, nauman part

af verki þínu, fús ég fer
í ferðalag um paradís
og ekkert skal þá ama að mér,
ég hanga mun sem api efst
í ótal trjám ef færi gefst.
(A Portrait)

Enn eftir Stevenson:

Ferðalag

Októberlaufið þyrlast við þreytta fætur
þögult er myrkrið við greinar og djúpar rætur.
Stjörnurnar luktir og lifna á dimmumótum,
Ljáðu mér vængi og fljúgum af visnandi rótum.
Fljúgum með skógarins fuglum til tungls og sólar
og eltum ei ólar við myrkrið.
(Travels with a Donkey)

Áning

Við förum enn um gamlan vígavöll
og viti menn, hér græðir tíminn svörð
og kallar fram sinn kærleik eins og fyrr
og kornið vex og litar blóðga jörð.
Og þar sem áður engdist sviðið land
við örkuml þess sem barðist hér og dó
vex gras á ný og sárbeitt sverðið varð
að sigurtákni um jörð sem grær við plóg.
(Travels with a Donkey)

Stevenson skrifaði athugasemd sem einskonar formála fyrir ljóðunum í Underwoods (lággróður eða lágskógar) og fjallar þar m.a. um skozkuna og viðkvæma stöðu hennar. Orð hans eru íhugunarefni fyrir okkur. Hann segir:

„Ég tek einnig eftir því að hinir nýju mállýzkufræðingar okkar binda heimkynni sérhverrar mállýzku við tilteknar fermílur. Ég gæti ekki uppfyllt svo þægilega nálgun jafnvel þótt ég svo kysi; um mig var því þannig farið að ég ritaði aðeins mína skozku eins vel og mér var gerlegt, kærði mig kollóttan um hvort hún var runnin frá Lauderdale eða Angus, frá

Mearns eða Galloway; heyrði ég gott orð notaði ég það blygðunarlaust; og þegar skozkan dugði ekki til eða rímið rann stirðlega fram, leitaði ég án hiks (eins og mér betri menn) til ensku. Það get ég þakkað vinsamlegri afstöðu til tungu þeirra Fergusons og Sir Walters, sem báðir voru Edinborgar-búar; og ég játa að í eyrum mér hefur Burns ávallt hljómað hálfvegis framandi. Og raunar er ég sjálfur frá Lothian; þar heyrði ég tungu æsku minnar talaða; og ég rifja hana upp fyrir mér með hinum drafandi seimi Lothian-búa. Dýrkendum nákvæmninnar leyfist því að kenna tungu mína við Lothian. Og reynist hún ekki hrein, því miður! hverju skiptir það? Sá dagur nálgast þegar þessi framúrskarandi og eftirláta tunga verður öldungis gleymd; og ayrshire-ísku Burns og aberdeen-ísku Dr. McDonalds bíða einnig þau örlög að verða draugar tungunnar. Þar til sá dagur rennur myndi ég njóta þess að vera um stund í hlutverki hins innfædda skapara og vera lesinn af mínu fólki, á minni eigin tungu: sá metnaður tilheyrir vísast fremur hjartanu en höfðinu, væntingar um lífdaga hennar eru takmarkaðar, notkun hennar bundin svo afmörkuðu rými.“

Það eru engir aukvisar sem eiga rætur í þessu sérstæða og fagra landi og höfuðborg þess, Edinborg; Sir Walter Scott, Boswell, Hume. Og enginn annar en Conan Doyle sem bjó í næstu götu hér fyrir ofan okkur; Carlyle og James Watt, höfundur hestaflanna og nútímagufuvélarinnar. En hvað sem því líður eigum við að leggja meiri áherzlu á sérstöðu þessara nágranna okkar en við höfum gert. Enginn vafi er á því að undir niðri ætlast Skotar til þess, enda komnir með þing og heimastjórn. En hver veit nema þeir eigi eftir að öðlast fullt sjálfstæði og hið skozka ríki geti þá með tíð og tíma lagt undir sig leifarnar af brezka heimsveldinu! Krúnan er að vísu að reyna að setja undir þann leka að Skotar gleypi Englendinga, það hefur hún nú síðast gert með því að senda Vilhjálm prins, framtíðarkonung Bretlands, í elzta háskóla Skotlands í Saint Andrews fyrir norðan, eða norðvestan Edinborg.

Og krúnan lék annan sterkan leik: drottningin aðlaði Sean O’Connery, þekktasta þjóðernissinna Skota; sjálfan James Bond. Hann hefur verið eins og hvert annað eitrað peð á þessu taflborði brezkra stjórnmála. Nú er peðið orðið riddari hennar hátignar.

En sem sagt, hér er margt að gerast. Fyrir skömmu sáum við beztu ballettsýningu sem ég hef augum litið, Rómeó og Júlía, hún var í Festival Theatre í Edinborg, jafn eftirminnileg og tónlist Prokofievs.

Og þá mætti einnig nefna einhverja ótrúlegustu sýningu sem ég hef

séð, hún hefur verið í Konunglega safninu og fjallar um dauðann, nei, ekki dauðann sem sorglegt eða óhugnanlegt viðfangsefni, heldur dauðann sem hnýsilega staðreynd í lífi mannsins á jörðinni. Þarna upplifðum við dauðann með ýmsum hætti og í ólíkum löndum, lásum um þetta sögulega fyrirbrigði og hvernig það birtist á ýmsum tímum og við ólíkar aðstæður á harla upplýsandi sýningu. Af þessari fræðslu má draga margvíslegan lærdóm; af vasalausum líkklæðum kristinna manna og gyðinga má sjá að ekki er gert ráð fyrir því að við förum með neitt með okkur yfirum, en þó má einnig sjá að ýmsir hafa vaðið fyrir neðan sig; í Singapore fara sumir með Visa-kort í ferðina síðustu, farseðla og vegabréf, svo að þeir ílendist ekki í Neðra! Annars staðar er gert ráð fyrir því að menn þurfi á nesti að halda og nýjum skóm í þessa hinztu för og margvíslegu smádóti sem gæti komið sér vel fyrir hinn látna. Það mætti þannig vel ímynda sér að stækir neftóbaksmenn gætu haft af því gagn og ánægju ef dósunum þeirra væri stungið undir kistukoddann.

En helvíti, hvað er það? Mundi það ekki vera sálarástand okkar hérna megin grafar, eða kannski áningarstaður á ferðinni löngu, þar sem við gætum hreinsað okkur af blóði drifinni reynslu jarðarinnar.

Eða – kannski er það bara annað fólk eins og Sartre sagði og við erum minnt á þarna á sýningunni.

Glasgow hefur ekki síður en Edinborg upp á margt að bjóða, ekki sízt í leiklist og þar er ein eftirminnilegasta bókaverzlun sem ég hef séð. Hún ein útaf fyrir sig er einnar messu virði, þótt veðurfarið sé harla líkt því sem hér gerist; lægðirnar enda annað hvort þar eða hér heima!

En hvað sem því líður, voru skáldin sem minnzt var á og ýmis önnur sem enn lifa, rótfastir Skotar og minning þeirra, reynsla og upplifun fyrst og síðast skozk reynsla með sama hætti og sama rétti og reynsla okkar er íslenzk. Þannig segir Stevenson á einum stað að fallegustu stjörnur sem hann hafi augum litið séu götuljósin í Edinborg. Og hvort sem hann er í Frakklandi, Ameríku eða á Samoa-eyjum þar sem hann barði nestið undir lokin, vellur og sýður Skotland í blóði hans, þangað sækir hann fyrirmyndir ekki síður en Scott og Burns og aðrir sem koma við sögu þessa sérstæða lands. Ferðalög voru ástríða hans og ævintýri, en það breytti engu um afstöðuna til ættjarðarinnar. Hann var alla ævi á flótta undan berklunum sem tærðu lungu hans og hélt að kyrrahafssólin gæti orðið beittasta vopnið í vonlítilli baráttu. En svo var ekki. Skotland var í ferðatöskunni, ekki síður en verkum hans. Sir Walter Scott átti einnig þessa sömu reynslu og samt sótti hann frægð sína fyrst og síðast í sögulega

skáldsagnagerð, en ekki endilega nánasta reynslusvið. Þeir Robert Burns voru að sjálfsögðu fín skáld, en þó hef ég einkum haft ánægju af hinum mjúku, ljóðrænu og einföldu kvæðum Stevensons, þótt hans sé helzt minnzt fyrir óvenjulegar skáldsögur eins og hrollvekjuna um Dr. Jekyll og Mr. Hyde, auk smásagna í svipuðum stíl. Mér er til efs að Borges hafi haft meiri mætur á öðrum höfundi. Alltaf þegar hann minntist á Stevenson vörpuðu augu hans glampa úr myrkri blindunnar. Og þessi glampi lýsti upp umhverfið eins og sól í hádegisstað.

Ég rakst óvart á tvær fréttir í skozka sjónvarpinu sem segja meira um mannkynið svonefnda en flest annað: annars vegar frásögn af fyrsta forsætisráðherra heimastjórnar Skota, Donald Dewar, sem lézt 63 ára gamall. Hann hefur verið forystumaður krata í Skotlandi og af sumum nefndur „faðir þjóðarinnar“, þótt hann hafi lagt áherzlu á heimastjórn, en ekki sjálfstæði eins og þjóðernissinnar. Lýsingarorðin hástemmd (varkár risi, sagði Hague) og auðvitað öllum gleymd að nokkrum tíma liðnum, eins og gengur; díanskur dauði! Í hinni fréttinni var sagt frá útför bófaforingjans Reggies Krays sem fór fram í London með miklum glæsibrag. Hann var, ásamt tvíburabróður sínum, glæpaforingi sjöunda og áttunda áratugarins í London, alþekktur glæpon og morðingi. Útförin fór fram með mikilli viðhöfn; kirkjan troðfull, svartir hestar fyrir líkvagninum og þúsundir manna utan við kirkjuna og á nærliggjandi götum til að votta hinum látna virðingu sína. Sem sagt, hetjan í East End!

Dauðinn fer ekki manngreinarálit í þessu kraðaki sem við nefnum mannlíf. Við munum líka hina guðlegu skurðgoðadýrkun á þjóðarleiðtoganum Adolf Hitler. Saga Klees er eins og smáneðanmálsgrein í glæpasögu aldarinnar miðað við ævi þessa hraðmælska gasprara og lýðskrumara.

En hvað sem dauðanum líður og hvernig sem hann horfir við skammtímaminni hjarðarinnar ber öllum saman um að „faðir“ skozku þjóðarinnar, Donald Dewar, hafi verið heiðarlegur maður, traustur lýðræðissinni sem bar virðingu fyrir umhverfi sínu og umhyggju fyrir fólkinu í landinu, ekki sízt þeim sem áttu undir högg að sækja. En það sem réð úrslitum um vinsældir hans í Skotlandi var menningarleg yfirsýn og ræktun skozkra sérkenna. Í minningarorðum um hann var lögð áherzla á hversu sterkar taugar hann hafði til skozkrar arfleifðar og að sögn kunni enginn betri skil á Robert Burns en þessi sérstæði þjóðarleiðtogi Skota sem við vissum lítil sem engin deili á. Ást hans á arfleifðinni var ekki sízt vegabréfið að vinsældum hans í Skotlandi. Mig minnir það hafi verið fyrrum Skotlandsmálaráðherra Íhaldsflokksins sem lagði áherzlu á þennan mikil-

væga þátt í skozku samtímalífi, hvort sem þeir hallast að sjálfsstjórn með heimastjórn eða því sjálfstæði sem nú er á dagskrá, þótt það sé engan veginn í augsýn. Skotar og Færeyingar, þessar nágrannaþjóðir okkar, standa að því er virðist í sömu sporum, hvað þetta varðar. Og þá mætti einnig bæta Grænlendingum við.

Sem sagt, þeir tvístíga.

Donalds Dewars var minnzt á forsíðu allra skozku blaðanna og raunar ensku stórblaðanna einnig, sum blöðin höfðu engar fréttir aðrar á forsíðu en andlát hans og risastórar myndir af þessum „föður“ skozku þjóðarinnar. Þó að við höfum þekkt lítið til Dewars og pólitískrar baráttu hans, er enginn vafi á því, að hann hefur verið virtasti stjórnmálamaður Skota um langt árabil. Og eftir að hann varð fyrsti forsætisráðherra landsins hefur hann haft svipaða stöðu og Hannes Hafstein á sínum tíma. Hannes var að vísu ekki höfundur þingræðis á Íslandi, en Dewar var helzti hönnuður hins nýja skozka þings. Þeir voru báðir fyrstu ráðherrar eða forsætisráðherrar þingbundinnar heimastjórnar og þannig leiðtogar þjóða sinna – án þess þær væru sjálfstæðar. Það skyldi þó ekki vera að þróunin í Skotlandi yrði með svipuðum hætti og hér heima.

Dewar var fæddur og uppalinn í Glasgow. Hann var af millistéttarfólki, en gerðist leiðtogi þeirra sem börðust fyrir félagslegum umbótum og var ekki sízt dáður af þeim sökum, en þó einkum fyrir sín skozku sérkenni og trúna á skozka ævintýrið, ef svo mætti segja. Hann var líka lifandi eftirmynd annars ævintýraskálds, H.C. Andersens. Þeir hafa, að mér sýnist, verið mjög áþekkir í útliti.

Glasgow er skozkari borg en höfuðborgin, Edinborg. Þegar við sátum á McDonalds handan Clyde-árinnar og fengum okkur snarl fyrir leiksýningu í Tramway-leikhúsinu vatt ungur maður sér að okkur og spurði, hvaðan við værum. Við sögðum honum það. Hann fór strax að tala um Dewar og vinsældir hans, hann væri héðan frá Glasgow, sagði hann. Við erum Íslendingar, sögðum við, komum frá Edinborg. Jæja, sagði hann, Edinborg. Okkur sem búum í Glasgow líkar engan veginn við þá sem búa í Edinborg. Svo bætti hann við, hugsi: Og það er líklega gagnkvæmt.

Mér sýnist fólkið í Glasgow opnara og vinsamlegra í viðmóti en þeir sem hafa hlotið „enska“ uppeldið í Edinborg. Þar er yfirbragðið „aristókratískara“ en í Glasgow. Glasgow er sem sagt skozkari en Edinborg. Samt voru þeir allir ættaðir þaðan, Connan Doyle, Stevenson og Hume.

Ég spurði dr. Fanneyju Kristmundsdóttur, dósent í líffærafræði við Edinborgarháskóla, hvað hún segði um fólkið í Edinborg og Glasgow-búa.

Hún sagði að þetta fólk væri mjög ólíkt. Edinborgarbúar væru lokaðri, þeir styddust við lengri hefð, t.a.m. hvað snerti menntun. Og þá væntanlega einnig tengsl við krúnuna. Þeir væru þannig væntanlega stærri uppá sig; hégómalegri. Án þess hún segði það beinlínis. Í Edinborg byggju margir menntamenn, lögfræðingar, læknar. Það væri erfiðara að komast í samband við fólkið í Edinborg en Glasgow. Afstaða Edinborgarbúans til Glasgow væri þessi: Það bezta sem kemur frá Glasgow er hraðlestin!

Dr. Fanney hefur hlotið mikinn frama á Bretlandseyjum og er nú einn af varaforsetum læknadeildar Edinborgarháskóla sem styðst við langa hefð og mikinn orðstír.

Ég spurði hana um kynþáttahatur á Bretlandseyjum, einkum Skotlandi. Hún sagðist helzt verða vör við einhvers konar kynþáttahatur hjá ungum Skotum sem létu þessa þjóðernisafstöðu sína bitna á Englendingum. Að öðru leyti væri allt með kyrrum kjörum í kynþáttamálum, enda þótt um tuttugu þúsund nemendur hvaðanæva úr heiminum sæktu Edinborgarháskóla ár hvert. Á fyrrnefndri afstöðu ungra Skota hefði einkum borið, þegar kvikmyndin Braveheart var sýnd, en slík verk geta ýtt undir allskyns taugaspennu og tilfinningaflæði; og ekki sízt þjóðernishroka.

Maður þarf ekki annað en fara í fyrrnefnt Tramway-leikhús í Glasgow til að finna þetta skozka andrúm sem ég hef verið að minnast á. Við sáum nýja gerð af Medeu eftir Evrípídes, frábæra sýningu þar sem Medea og Jason og Kreon töluðu ensku, en fóstran og þjónustufólkið skozku! Kórinn var aftur á móti allur upp á enskuna. Ég veit ekki hver Liz Lochhead er, höfundur þessarar nýju leikgerðar; eða endurvinnslu, ef svo mætti segja. Minnti að sumu leyti á nýstárlega skírskotun bandamanna í Skírnismál og Eddu, þar sem skáldleg leikgerð Sveins Einarssonar og góð uppfærsla dregur fram arfleifðina.

Þetta nýja Tramway-leikhús er til húsa í gamla sporvagnaskýlinu í Glasgow þar sem vagnarnir voru geymdir í gamla daga. Nú hefur því verið breytt í eftirminnilegt umhverfi nýrrar leiklistar.

Medea minnir dálítið á Títus Shakespeares. Harmleikurinn með þeim eindæmum að engum dettur í hug að þvílíkt og annað eins geti gerzt í lífi okkar; að kona drepi börn sín til að sanna ást sína á eiginmanni sem hún hatar. Títus er blóðugasta leikrit Shakespeares og er þá mikið sagt. Verkið er ógnlegt og utan allrar skynsemi. Nú hefur verið gerð eftir því stórmynd samnefnd með Anthony Hopkins og Jessicu Lang í aðalhlutverkum. Hopkins er óborganlegur eins og ævinlega, en engu er líkara en efnið sé samið af sadista. Kannski Shakespeare hafi verið sadisti í aðra

röndina, hver veit? Í þessari kvikmynd eru súrrealistísk áhrif og engu líkara en ráðgátur Dalis og tígrisdýr hans séu notuð þar eins og bindiefni til að halda söguþræðinum í réttu horfi.

Medea er með öðrum hætti. Hún er stutt leikrit, einskonar einþáttungur og minnir á að leikhúsið er ekki raunverulegt, því að allt gerist þetta innan hauskúpunnar. Það er þar sem leikhúsið fer fram, en ekki endilega á sviðinu. Enginn upplifir leikverk eins og annar. Við getum hugsað hvað sem er, án þess framkvæma það. Á þeim forsendum getum við horft á leikrit sem fjallar um fjöldamorð móður á börnum sínum vegna ástar, haturs og afbrýði. Að öðrum kosti væri allt slíkt svo fáránlegt að engu tali tæki. Það myrðir engin kona þrjú börn sín til að ná sér niðri á eiginmanni sínum. En það er hægt að ímynda sér það og allt annað innan þess sem við gætum kallað leikhús hugans. Þannig er einnig hægt að hugsa sér goðsögulegan fjarstæðuheim þeirra ævintýra sem fjallað er um í ásatrúarkvæðum Eddu.

Ímyndunaraflið er með ýmsum hætti og ólíkt frá einum heila til annars. Gagnrýnandi skrifar það sem honum finnst, en ekki endilega það sem er. Gagnrýni er þannig persónuleg upplifun og kemur raunar engum við nema gagnrýnandanum. Samt bíða allir eftir henni með andagt! Það heitir markaðslögmál! Ef gagnrýnandinn er sjálfur mikill listamaður eða hugsuður getur verið hnýsilegt að vita afstöðu hans og álit. Að öðrum kosti er gagnrýnin einskonar dægurfluga sem veltist um í gluggakistu fjölmiðlanna og reynir að draga að sér athyglina með suðinu einu. Útgefendur, leikhús og listamenn elska þetta suð – ef það er gott suð. En vont suð getur líka orðið eins og loftbor í eyrum samtímans. Sem sagt, óþægilegt. En samt er það betra en síbyljan í ljósvökunum að öðru leyti.

Fagleg umfjöllun getur að sjálfsögðu verið gagnleg, ef hún á rætur í góðum smekk. En honum fer hrakandi. Senn verður enginn smekkur, engar fagurfræðilegar pælingar, ef fram fer sem horfir; aðeins eitthvert þjóðfélagsgutl. Það er svo sem ágætt því að öld vélmennanna er að renna upp!

Samtíminn er harla holur, það er tómahljóð í honum. Svo hefur alltaf verið, og líklega óhjákvæmilegt; eða þangað til tíminn hefur valið úr honum það sem við köllum arfleifð. Kannski verður hún spennandi, arfleifð vélmennanna – hver veit? En allir samtímar eru glámskyggnir, einnig okkar; ekki sízt.

Í leikhúsinu innan hauskúpunnar getur allt gerzt. Og þar gerast öll leikverk – í raun. Þess vegna getum við horft á Títus og Medeu, að

öðrum kosti kæmi slíkt ekki til greina. Ef við elskuðum konu náungans, gætum við hugsað okkur að drepa hann til að eignast konuna. En við gerðum það ekki. Ef við gerðum það, værum við morðingjar. Ef við hugsum glæpinn í leikhúsi hugans, gerist ekkert. Og enginn vissi að við hefðum tilhneigingu morðingjans. Hefðum framið glæpinn í huganum!

Af þessum sökum er hægt að semja fjarstæðuverk eins og Títus og Medeu, óhugsandi að öðrum kosti.

Títus Shakespeares er ljótt leikrit. Þegar ég bar það saman við kvikmyndina sá ég að efni myndarinnar fylgir leikritinu að mestu. Í báðum verkunum eru börn pínd og drepin, Títus drepur jafnvel dóttur sína. Efnið vekur manni viðbjóð og í huganum hneykslaðist ég á þessu framúrstefnubrölti Shakespeares. Hann svífst einskis, var sagt við mig. Hann reynir á allt. Hann reynir á þolrif mannlífsins til hins ýtrasta. Fyrirmyndirnar skortir ekki, líttu bara á grísku harmleikina! Já, einmitt, ég hafði þá í huga – og ekki sízt Medeu. Hún drepur börn þeirra Jasonar til að hefna svika hans. Öllu fórnað fyrir hefndina. En í Títusi sem á augsýnilega rætur í Medeu er gengið lengra. Títus drepur syni Tamóru gotadrottningar og matreiðir þá handa fyrirfólkinu! Þegar það hefur étið sinn skerf segir „kokkurinn“ að nú sé konan búin að leggja sér til munns sín eigin afkvæmi. Þá verður uppnám og endanlegt blóðbað. Þegar yfir lýkur hefur enginn lífið – nema höfundurinn!! En hann skemmtir sér konunglega, að vísu!

Einhverju sinni kom ég uppí Gljúfrastein uppúr nýári og sá það lá vel á skáldinu. Hann lék á als oddi, eða: hann lék við hvurn sinn fingur eins og kýrnar í kvæðunum hans. Ég spurði af hverju hann væri svona kátur. Jú, sagði hann, ég hef skemmt mér svo vel yfir hátíðirnar því ég hef verið að skrifa svo skemmtilegt leikrit! Ég tók að sjálfsögðu þátt í gleði skáldsins og finnst hún eftir á að hyggja talsvert meiri upplyfting en „skemmtun“ Shakespeares! Ég man ekki gjörla hvaða verk þetta var sem Halldór var að skrifa yfir jólin, gæti trúað það hafi verið Silfurtunglið; eða Strompleikurinn. En það skiptir ekki máli. Svona á að skrifa leikrit. Höfundurinn á helzt að hafa af því mesta ánægju sjálfur. Og kannski hefur Shakespeare þrátt fyrir allt haft það, hvur veit?

Eftir að ég sá kvikmyndina um Títus fannst mér hún því ókræsilegri sem ég hugsaði meira um það. En þá þvældist Medea fyrir mér. Og ekki nóg með það, heldur var ég minntur á að í hetjukvæðum Eddu væri um svipaðan óhugnað að ræða. Ég hafði satt að segja gleymt því; mundi ekki eftir barnamorðunum í Atlakviðu og Atlamálum. Þar er sagt frá því, hvernig

Atli konungur Húna drepur niflunga-bræðurna, Högna og Gunnar, bræður Guðrúnar, konu sinnar. Þar liggur hið ylfska yfirbragð harmleiksins eins og úlfshamur yfir grimmdarhug germanskra þjóða. Og „gullið mikla“ sem Sigurður fáfnisbani sótti á Gnitaheiði, í bakgrunni. Að Högna dauðum slær Gunnar hörpu til að sefa ormana í gryfjunni. En að þeim bræðrum liðnum lætur Guðrún til skarar skríða, drepur syni þeirra Atla og matreiðir þá handa kónginum í hefndarskyni. Og kveikir í konungsgarði.

Sona hefir þinna
sverðdeilir (konungur)
hjörtu hrædreyrug (stokkin blóði úr dauðum ná)
við hunang um tuggin.
Melta knáttu, móðugur (í æsingi)
manna valbráðir, (kjöt af föllnum mönnum)
eta að ölkrásum
og í öndugi að senda,

eins og segir í 38. erindi Atlakviðu.

Í Atlamálum hinum grænlenzku er einnig að þessu vikið, þegar um það er talað í 77. erindi, að Guðrún hafi drepið syni þeirra Atla til að hefna niflunga-bræðranna. Hún lokkaði drengina í faðm sér og hugðist „spilla“ báðum, eins og hún kveður sjálf í næsta erindi, þ.e. lyfja ykkur elli sem merkir eftir orðanna hljóðan: lækna ykkur af elli; sem sagt, drepa ykkur. Og í þarnæsta erindi, eða 79. vísu, er þessari lýsingu haldið áfram:

Brá þá barnæsku (gerði enda á)
bræðra in kappsvinna,
skipti-t skaplega,
skar hún á háls báða.
Enn frétti Atli
hvert farnir væri
sveinar hans leika,
er hann sá þá hvergi.

Og enn fremur í 82. erindi:

Maga (þ.e. sona) hefir þú þinna
misst, sem þú sízt skyldir,

hausa veizt þú þeirra
hafða að ölskálum,
drýgða eg þér svo drykkju,
dreyra blett eg þeirra

sem merkir að hún blandaði vínið blóði þeirra og hann drakk það úr hauskúpum þeirra.

Þá segir í næsta erindi:

Tók eg þeirra hjörtu,
og á teini steiktag,

gaf síðan kóngi sínum og eiginmanni að eta og sagði að kálfshjörtu væru. Þá segir hún, Nú veiztu hvað varð af börnum þínum, en ég hælist þó ekki af mínum verkum.

Þá á sér stað dálítið samtal milli þeirra, áður en Atli hnígur í valinn. Hann segir í 85. erindi:

Grimm vartu Guðrún,
er þú gera svo máttir,
barna þinna blóði
að blanda mér drykkju;
snýtt (drepa) hefir þú sifjungum (ættmennum),
sem þú sízt skyldir
mér lætur þú og sjálfum
millum ills lítið.

Guðrún talar þá um að hún vilji fara í ljós annað, þ.e. deyja, og virðast þetta einhver kristin áhrif í þessu heiðna kvæði. En henni verður ekki að ósk sinni.

Shakespeare hefur margvíslegar afsakanir fyrir uppátækjum sínum og við sitjum uppi með okkar Títusa í eddukvæðum. Það er með ólíkindum hvernig fornum höfundum hefur þótt nærtækt og eðlilegt að fjalla um mannlega grimmd. En við því er ekkert að gera. Líf mannsins á jörðinni hefur ekki verið dans á rósum og enn er það djöfullegt í aðra röndina.

Barnamorðin eru augsýnilega gömul arfsögn, sem Evrípídes og höfundur Atlakviða styðjast við. En Evrípídes gætir þess að leggjast ekki í

mannát, þótt slíkt efni hafi verið Shakespeare ærin freisting. En hvað sem því líður, móðurástin verður að víkja fyrir hefndarskyldunni.

Svo er guði fyrir að þakka að innan um þennan harmsögulega fjarstæðuleik eru glitrandi perlur sem minna á göfgi mannsins, en þó einkum snilld þeirra sem ortu; lýsingarorðanotkun í fyrrnefndum eddukvæðum minnir á orðsmíð Jónasar og Sveinbjarnar Egilssonar (vandstyggir, blakkfjallir, gullroðnir).

Hörpu tók Gunnar,
hrærði ilkvistum,
slá hann svo kunni
að snótir grétu,
klukku þeir karlar,
er kunnu gerst heyra;
ríkri ráð sagði;
raftar sundur brustu,

þ.e. Gunnar sló hörpu sína með tánum, svo snilldarlega að konur grétu og karlar klökknuðu (klukku). Hann talaði þannig við Guðrúnu (ríkri ráð sagði) systur sína, að raftar brustu.

Hvorki meira né minna!

Svona skáldskapartök eru sjaldgæf í samtímabókmenntum.

Í bók sem heitir Hugleiðingar og viðtöl er vikið að hamförum Shakespeares og nokkurra annarra rithöfunda sem koma við heimsbókmenntasöguna undir fyrirsögninni Tilfinningar og skáldskapur. Ég leyfi mér að vitna til þess í tengslum við það efni sem ég hef fjallað um í þessum rispum, þ.e.a.s. mannfórnirnar í Medeu og Títusi, auk barnamorðanna í hetjukvæðum Eddu. Ég sé af þessari gömlu tilvitnun í bókina að mér hefur ungum blöskrað ýmislegt af því sem heimsbókmenntirnar hafa haft upp á að bjóða, því að alltaf hefur einhver Hannibal Lecter verið þar á ferð og stjórnað þeim hryðjuverkum sem fylgt hafa manninum frá örófi alda. Í þessum XI kafla Hugleiðinganna segir m.a. svo (líklega bæði skrifað sem gamanmál og alvara!):

„Egon Friedell hefur varpað fram þeirri spurningu, hvort stórskáld eins og Dante, Strindberg, Poe, Nietzsche og Dostojevski hafi verið annað að eðli og upplagi en óbótamenn, sem skrifuðu frá sér glæpinn. Fleiri hafa imprað á ekki ósvipuðum „kenningum“, Hebbel segir t.d., að Shakespeare hafi einungis komizt hjá því að fremja morð vegna þess hann hafi

sjálfur skapað morðingja, stjórnað orðum þeirra og æði í leikritum sínum, og þannig hafi morðfýsn hans fengið útrás í Hamlet og Ríkharði III. Jafnvel Goethe segir á einum stað: „Ég hef aldrei heyrt um nokkurn glæp, sem ég hefði ekki getað framið.““

Hér er hraustlega til orða tekið og ekki af nærgætni við skáldskapinn. Líklega eiga þessi orð rætur að rekja til þess, að mörg skáld eiga við að stríða umbrotasamari og sterkari tilfinningar en annað fólk. Þau þurfa að glíma við hættulegri hugsanir, margvíslegri freistingar. Án sífelldrar togstreitu milli ólíkustu afla yrði enginn skáldskapur til. Eins og eldsumbrot fæða af sér ný lönd, þannig verða skáldverk til í eldi og átökum. Listaverk geta vafalaust vaxið úr normal tilfinningu, en slík tilfinning er síður en svo einhlít forsenda góðrar listar, eins og margir halda.

Margir glæpir hafa verið framdir af misgáningi. Öryggisventillinn brást hlutverki sínu á örlagastundu. Hraunflóð hættulegra tilfinninga streymdi upp á yfirborðið á óheppilegum tíma og afleiðingarnar urðu afdrifaríkari en efni stóðu til. Ef sumir þessara ógæfumanna hefðu, þegar andinn kom yfir þá, setið við skrifborðið sitt með sæmilegan penna og hvítan pappír fyrir framan sig hefði glæpurinn kannski ekki orðið alvarlegri en lítið ljóð um ástina og afbrýðisemina! Eftir þessu að dæma hefði Egill Skallagrímsson líklega ort meira og betur, ef hann hefði drepið færri af þeim mönnum, sem voru svo ógæfusamir að verða á vegi hans, þegar eldgígurinn í brjósti skáldsins gaus og hann komst ekki undan því að yrkja; þá var stundum gripið til þeirra stuðla sem hljómuðu svo fagurlega í eyrum, þegar sverð og skjöldur mættust og skáldinu þótti allt til vinnandi „að höggva mann og annan“. Líklega hefur það verið mikil ógæfa, ekki síður fyrir íslenzkar bókmenntir en samtíðarmenn Egils, hve hann var lítt hneigður til skrifborðsvinnu. Hvílíkt ljóð hefði hann ekki ort, ef hraunflóð þessara tilfinninga hefðu t.d. beinzt í annan farveg:

„Gætið þér til Önundar, húsbónda yðvars, ok þeira félaga, at eigi slíti dýr eða fuglar hræ þeira,“ sagði hann við aðkomusveina, þegar hann með sverði sínu hafði ort eftirmælin um Berg-Önund.

Það er kannski ekki smekklegt frekar en ýmislegt annað í þessari bók, að varpa fram þeirri hættulegu spurningu, hvað hefði gerzt í Akrahreppi, ef Bólu-Hjálmar hefði haldið meira upp á sverðið en pennann. Mundi það ekki hafa orðið „félagsbræðrunum“ í hreppnum til happs, að hann lýsti geðshræringum sínum og tilfinningum í orðum en ekki athöfnum? Þessi vísa í Hjaðningarímum er t.d. ekki árennileg:

Á Gresía og Spanía
upp með gnýinn járna rann,
benja hlýjar blóði spýja,
bragnar flýja óvin þann.“

Mundi ekki fara vel á því að ljúka þessu ferðalagi öllu þar sem upp var lagt, þ.e. í bók sem öðrum þræði á rætur í Morgunblaðinu, Hugleiðingum og viðtölum, en hún kom út á forlagi Ragnars í Smára, Helgafelli, 1963 og var tileinkuð Valtý Stefánssyni „með þakklæti og virðingu“.

RITASKRÁ

Matthíasar Johannessens

Sigurjón Björnsson tók saman.

I Ljóðabækur

1. (1958) Borgin hló. Helgafell, 47 bls. Önnur útgáfa (1998) gefin út á 40 ára höfundarafmæli. Vaka-Helgafell, 63 bls.
2. (1960) Hólmgönguljóð. Louísa Matthíasdóttir gerði myndirnar. 7. febrúar. Helgafell, 69 bls. Önnur útgáfa (1985) með nokkrum skýringum. Almenna bókafélagið, 94 bls.
3. (1961) Jörð úr ægi. Myndir eftir Gunnlaug Scheving. Helgafell, 70 bls.
4. (1963) Vor úr vetri. Gunnlaugur Scheving gerði myndir og kápu. Helgafell, 61 bls.
5. (1966) Fagur er dalur. Almenna bókafélagið, 150 bls.
6. (1971) Vísur um vötn. Teiknari Áslaug Sverrisdóttir. Gefin út í tilefni 50 ára afmælis bókaútgáfu Guðjóns Ó. Guðjónssonar í 500 tölusettum og árituðum eintökum. Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar, 59 bls.
7. (1972) Mörg eru dags augu. Kápa eftir Eirík Smith. September 1972. Almenna bókafélagið, 192 bls.
8. (1975) Dagur ei meir. Myndir eftir Erró. Almenna bókafélagið, 82 bls.
9. (1978) Morgunn í maí. Myndir eftir Erró. Almenna bókafélagið, 85 bls.
10. (1981) Tveggja bakka veður. 150 tölusett og árituð eintök. Almenna bókafélagið, 198 bls.
11. (1981) Veður ræður akri. Gefið út í tilefni 60 ára afmælis bókaútgáfu Guðjóns Ó. Guðjónssonar í 150 tölusettum eintökum undirrituð af höfundi og útgefanda. Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar, 94 bls.
12. (1988) Dagur af degi. Almenna bókafélagið, 133 bls.
13. (1991) Fuglar og annað fólk. Iðunn, 143 bls.
14. (1991) Sálmar á atómöld. Inngangur eftir dr. Gunnar Kristjánsson. Almenna bókafélagið, 21 bls. + 70 ótölusettar bls.
15. (1992) Árstíðaferð um innri mann. Iðunn, 70 bls.
16. (1994) Land mitt og jörð. Kápumynd eftir Gylfa Gíslason. Bókmenntafélagið Hringskuggar, 46 bls.
17. (1999) Ættjarðarljóð á atómöld. Vaka-Helgafell, 125 bls.

II. Leikrit

1. (1962) Sólmyrkvi. Helgafell, 168 bls.
2. (1975) Fjaðrafok og önnur leikrit [Jón gamli, Eins og þér sáið, Sólborg, Fjaðrafok, Lungnaæfing, Húskveðja, Ofelía, Sókrates. Í bókarlok er ritgerðin Viðskilnaður]. Bókaútgáfa GuðjónsÓ, 295 bls. Sum leikritanna hafa verið sýnd í Þjóðleikhúsinu og Ríkissjónvarpinu, Sjóarinn, spákonan, blómasalinn, skóarinn, málarinn og Sveinn var sýnt í sjónvarpinu 1. desember 1991, þar var einnig sýnd sjónvarpsmyndin Glerbrot í leikgerð Kristínar Jóhannesdóttur, unnin upp úr Fjaðrafoki. Framhaldsleikritið Guðs reiði var flutt í ríkisútvarpinu undir leikstjórn Sveins Einarssonar.

III. Sögur

1. (1981) Nítján smáþættir. Gefið út til að minnast 25 ára útgáfustarfsemi Þjóðsögu. Tölusett og árituð eintök [Frásöguþættir]. Þjóðsaga, 149 bls.

2. (1986) Konungur af Aragon og aðrar sögur. Almenna bókafélagið, 182 bls.
3. (1987) Sól á heimsenda. Saga. Almenna bókafélagið, 135 bls.
4. (1995) Hvíldarlaus ferð inn í drauminn. Smásögur. Hörpuútgáfan, 189 bls.
5. (1998) Flugnasuð í farangrinum. Sögur. Vaka-Helgafell, 190 bls.

IV. Samtöl

1. (1959) Í kompaníi við allífið. Matthías Johannessen talar við Þórberg Þórðarson. 12. marz. Helgafell, 254 bls.
2. (1960) Svo kvað Tómas. Matthías Johannessen ræddi við skáldið. Almenna bókafélagið, 144 bls.
3. (1961) Hundaþúfan og hafið. Matthías Johannessen ræðir við Pál Ísólfsson. Bókfellsútgáfan, 231 bls.
4. (1963) Hugleiðingar og viðtöl [Samtöl og ritgerðir]. Helgafell, 263 bls.
5. (1964) Í dag skein sól. Matthías Johannessen ræðir við Pál Ísólfsson. Bókfellsútgáfan, 195 bls.
6. (1968) Kjarvalskver. Ljósmyndir: Ólafur K. Magnússon. Kápumynd: Guðmundur S. Alfreðsson. Kápa: Erna Ragnarsdóttir. Helgafell, 97 bls.
7. (1971) Bókin um Ásmund. Ljósmyndir tók Ólafur K. Magnússon. Kápa: Erna Ragnarsdóttir. Helgafell, 56 bls.
8. (1972) Skeggræður gegnum tíðina. Halldór Laxness og Matthías Johannessen. Teikningar gerði Hans Bendix. Helgafell, 87 bls.
9. (1974) Gunnlaugur Scheving. Helgafell, 262 bls.
10. (1977) Sverrir Haraldsson. Texti á íslensku og ensku. Þýtt af May og Hallberg Hallmundssyni. Með fjölda af ljósmyndum af verkum Sverris Haraldssonar. Ljósmyndun (málverk og teikningar): Leifur Þorsteinsson. Útg.: Páll Vígkonarson og Gunnar Þorleifsson, 160 bls.
11. (1977) M Samtöl I. Almenna bókafélagið, 256 bls.
12. (1978) M Samtöl II. Almenna bókafélagið. 272 bls.
13. (1979) M. Samtöl III. Almenna bókafélagið, 271 bls.
14. (1982) M Samtöl IV. Almenna bókafélagið, 231 bls.
15. (1985) M Samtöl V. Almenna bókafélagið, 236 bls.
16. (1989) Í kompaníi við Þórberg. Almenna bókafélagið, 390 bls.
17. (1990) Vökunótt fuglsins [Tómas Guðmundsson og Jóhannes Kjarval. Samtöl og ritgerðir]. Almenna bókafélagið, 236 bls.
18. (1995) Kjarvalskver. Ný útgáfa. Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalssafn, 112 bls.

V. Ævisögur

1. (1981) Ólafur Thors. Ævi og störf. I. bindi, 439 bls., II. bindi, 464 bls. Almenna bókafélagið.

VI . Fræðirit og ritgerðasöfn

1. (1958) Njála í íslenzkum skáldskap. Hið íslenzka bókmenntafélag, 203 bls.
2. (1971) Klofningur Sjálfstæðisflokksins gamla 1915 undanfari og afleiðing. Sérprent úr Lesbók Morgunblaðsins 19. og 20. tbl. 45. árg. Ljósprentað sem handrit í 200 tölusettum eintökum. 91 bls.
3. (1985) Bókmenntaþættir. Almenna bókafélagið, 378 bls.
4. (1990) Ævisaga hugmynda. Helgispjall [Ritgerðir]. Iðunn, 174 bls.
5. (1992) Þjóðfélagið. Helgispjall [Ritgerðir og ljóð]. Iðunn, 245 bls.
6. (1993) Um Jónas [Hallgrímsson], Bókmenntafélagið Hringskuggar, 205 bls.
7. (1995) Spunnið um Stalín. Helgispjall. Gefið út í 200 tölusettum eintökum [Ritgerðir]. Árvakur hf., 210 bls.

8. (1995) Fjötrar okkar og takmörk. Helgispjall. Gefið út í 200 tölusettum eintökum [Ritgerðir og ljóð]. Árvakur hf., 244 bls.
9. (1996) Eintal á alneti. Helgispjall. Gefið út í 200 tölusettum eintökum [Ritgerðir]. Árvakur hf., 213 bls.
10. (1997) Sagnir og sögupersónur. Helgispjall. Gefið út í 200 tölusettum eintökum [Ritgerðir]. Árvakur hf., 141 bls.
11. (1998) Gríma gamals húss. Helgispjall. Gefið út í 200 eintökum [Ritgerðir og ljóðaþýðingar. Atriðisorða- og nafnaskrá fyrir sex fyrstu bindi Helgispjalls, Ævisögu hugmynda, Þjóðfélagið, Spunnið um Stalín, Fjötra okkar og takmörk, Eintal á alneti og Sagnir og sögupersónur tekin saman af Eiríki Hreini Finnbogasyni]. Árvakur hf., 261 bls.
12. (1999) Við Kárahnjúka og önnur kennileiti. Helgispjall. Árvakur HF., 318 bls.

VII. Ferðarit
1. (1983) Ferðarispur. Eiríkur Hreinn Finnbogason annaðist útgáfuna [Úrval úr ferðaþáttum og ferðaljóðum]. Almenna bókafélagið, 235 bls.

VIII. Blandað efni.
1. (1982) Félagi orð. Greinar, samtöl og ljóð. Bókaútgáfan Þjóðsaga, 508 bls.

IX. Ljóðaþýðingar
1. Sjá Gríma gamals húss.

X. Efni í öðrum bókum, m.a.
1. (1959) 6 ljóðskáld.
2. (1962) Með Valtý Stefánssyni.
3. (1965) Steinar og sterkir litir.
4. (1967) Nútímaljóð.
5. (1967) Séra Bjarni
6. (1972) Íslensk ljóð.
7. (1974) Til landsins, ljóð.
8. (1976) Íslensk ljóð.
9. (1997, 1978) Íslenzkt ljóðasafn.
10. (1978) Bókin um Jón á Akri.
11. (1978) Erró (einnig á ensku).
12. (1981) Afmæliskveðja til Tómasar Guðmundssonar, prósaljóð.
13. (1981) Íslenzk list, ljóð.

XI. Útgáfur og formálar.
1. (1973) Kristrún í Hamravík.
2. (1975) Syrpa úr verkum Halldórs Laxness.
3. (1978) Á meðal skáldfugla (úrval úr ljóðum Tómasar Guðmundssonar).

XII. Á erlendum málum (þýðingar o.fl.), m.a.
1. (1959) New World Writing. Ljóð á ensku.
2. (1961) Fra Hav til Jökel. Ljóð á dönsku.
3. (1968) Klagen i Jorden. Ljóð á dönsku í þýðingu Poul P.M. Pedersen.
4. (1971) Poems of Today.
5. (1972) Republika. Ljóð á serbnesku.
6. (1973) I store linjers riss (Claes Gill).
7. (1974) Moderne erzähler der Welt. Smásögur á þýzku.
8. (1974) Sculptor Ásmundur Sveinsson. An Edda in Shapes and Symbols. Þýðendur: May and Hallberg Hallmundsson. Iceland Review, 96 bls.
9. (1975) Islandske dikt. Ljóð á norsku.
10. (1976) Varen kjem ridand. Ljóð á norsku.
11. (1977) Ja tunturin takaa kuulet. Ljóð á finnsku.
12. (1977) Micromegas. Ljóð á ensku.
13. (1978) Erró.
14. (1980) Land aus dem Meer. Ljóð
15. (1980) Ask veit eg standa. Islandsk dikt fra vare dagar av Matthías Johannessen. Norsk omdikting ve Ivar Orgland. Fonna Forlag, 252 bls.

16. (1981) Harpkol är din vinge. Ljóð á sænsku í flokknum Dikt i Norden í þýðingu Christer Eriksson og Jóhanns Hjálmarssonar.
17. (1981) Kjarval. A Painter of Iceland. Ásamt Aðalsteini Ingólfssyni. Ljósmyndir af mörgum verka Kjarvals. Iceland Review, 96 bls.
18. (1982) Strejftog i Islandsk poesi.
19. (1982) The Postwar Poetry of Iceland. Ljóð.
20. (1988) The Naked Machine. Selected Poems. Translated from the Icelandic by Marshall Brement. Illustrated by Manfred Fischer. With photographs by Katrin Meinert. Almenna bókafélagið og Forest Books, 72 bls.
21. (1985) Three Modern Icelandic Poets. Steinn Steinarr, Jón úr Vör, Matthías Johannessen. Translated and introduced by Marshall Brement. Icelandic Review, 126 bls.
22. (1985) Ultima Thule
23. (1992) Ich hörte die Farbe blau. Poesie aus Island. Hrsg.: Gregor Lashen / Wolfgang Schiffer. Ljóð eftir sex íslensk skáld. Die Horen, 192 bls.
24. (1994) Om vindheim vide. Gjendiktning ved Knut Ödegard. Forord ved Lars Roar Langslet. J. W. Cappelens Forlag A.A., 54 bls.
25. (1996) Sálmar á atómöld. Psalmen im Atomzeitalter. Isländisch und deutsch. Auswahl, Überserzung und Nachwort von Wilhelm Friese. Seltmann & Hein, 104 bls.
26. (1997) Voices from across the Water. Ljóð eftir Matthías Johannessen og Kristján Karlsson. Festival Books, 93 bls.
27. (1997) Freundschaft der Dichter. Ein Lesebuch des Künstlerhauses Edenkoben. Herausgegeben von Werner Söllner [Þrjú ljóð eftir M. J.] Amman Verlag, 151 bls

ATRIÐISORÐ OG NAFNASKRÁ

fyrir þrjú síðustu bindi Helgispjalls.

Gríma gamals húss merkt **VII**,
Við Kárahnjúka og önnur kennileiti merkt **VIII**,
Undir afstæðum himni merkt **IX**

Eiríkur Hreinn Finnbogason tók saman.

NAFNASKRÁ

Absalon, í Gamla testamentinu, **IX** 160
Acheson, Dean, **VII** 74; **IX** 71
Adam, hinn fyrsti maður, **VII** 56
Addison, Joseph, **VIII** 165-7
Adenauer, Konrad, **IX** 29
Aðalgeir Kristjánsson, **VIII** 278
Aðalsteinn Aðalsteinsson, **VIII** 70, 72-4
Aðalsteinn Ingólfsson, **VII** 62, 66-7; **IX** 227
Aðalsteinn Jónsson í Vaðbrekku, **VIII** 73
Agamemnon Atreifsson, persóna í Illionskviðu, **VII** 7, 9-10
Agnar Þórðarson, **IX** 173
Agnes Jóhannsdóttir, **VII** 100
Ajax, persóna í Illionskviðu, **VII** 8
Akkilles, persóna í Illionskviðu, **VII** 6- 7, 11
Albert Guðmundsson, **IX** 85-6, 116
Alexander Jóhannesson, **IX** 143
Alfon Spánarkonungur, persóna í skáldverki, **VIII** 209, 211, 213
Alfreð Flóki, **IX** 229
Amis, Kingsley, rithöfundur, **IX** 219, 227, 233
Amis, Martin, rithöfundur, **IX** 219, 227-8, 233
Andersen, H.C., **VIII** 309-10, 314, **IX** 252
Andrés Björnsson, **IX** 56
Andrópof, Yuri, **VII** 56
Anna Jóhannesdóttir Johannessen, móðir M.J., **IX** 77-8, 80-82, 87, 148
Apollinaire, Guillaume, skáld, **IX** 240
Areboe Clausen, **IX** 85
Ari Gísli Bragason, **IX** 192
Ari fróði Þorgilsson, **VIII** 10
Aristófanes, gamanleikaskáld, **VII** l0
Aristóteles, heimspekingur, **VII** 9; **VIII** 12
Armstrong, Louis, **IX** 43, 75
Arnbjörn Kristinsson í Setbergi, **IX** 187
Ashkenazy, Vladimir, **VII** 56
Atli Húnakonungur, **IX** 256-7
Atli Steinarsson, **VII** 81
Attenborough, David, **IX** 149
Auden, W.H., skáld, **IX** 75, 217
Auðbjörg Björnsdóttir, **VII** 199
Austin, Jane, **IX** 233
Aþena, grísk gyðja, **VII** l0
Ágúst Arnbjörnsson, **IX** 187
Árni Bergmann, **VII** 42
Árni gullskeggur, **VIII** 36
Árni Helgason, stiftpófastur, **VIII** 130, 157,160-61, 194, 196, 204, 276
Árni Johnsen, **VII** 199
Árni Jónsson frá Múla, **VII** 40; 77; 85
Árni Jörgensen, **IX** 214
Árni Magnússon, **VIII** 43
Árni Óla, **VII** 81; **IX** 27
Árni Pálsson, prófessor, **VII** 22-3, 67; **IX** 20

Árni Sigurðsson, fríkirkjuprestur, **VII** 69; **IX** 99
Árni Þorláksson (Staða-Árni), **VIII** 32
Árný Filippusdóttir, **VII** 101
Ása-Þór, **VII** 43
Ásberg Sigurðsson, sýslumaður, **VII** 47
Ásdís Þorgrímsdóttir, **VII** 47
Ásgeir Ásgeirsson, **IX** 72, 74
Ásgeir Jakobsson, **VII** 93
Ásgrímur Jónsson, **IX** 11-12
Ásgrímur Þorsteinsson, **VIII** 20
Áslaug Sverrisdóttir, **IX** 170
Ásmundur Sveinsson, **IX** 13
Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, **IX** 211
Ásta Sóllilja, persóna í skáldverki, **VIII** 240, 246-50, 253-4
Baague, verzlunarmaður á Húsavík, **VIII** 128, 299
Bach, Johan Sebastian, **IX** 190
Bacon, Francis, listmálari, **VIII** 167; **IX** 213, 217, 239
Baggesen, Jens, **VIII** 167, 198
Baker, Russell, fréttamaður, **VIII** 45
Baldur, goðið, **VIII** 280-81
Baldvin Einarsson, **VIII** 171-4, 177, 287
Baltasar Kormákur, **IX** 187
Barði Guðmundsson, **VIII** 24, 27, 72
Baudelaire, Charles, **IX** 155
Beethoven Ludwig van, **IX** 42, 166
Bellini, Vicente, **IX** 192
Ben Gurion, David, **IX** 29, 31
Benedikt, heilagur, **IX** 231
Benedikt Gröndal, **VIII** 184-5, 236, 254, 274-5
Benedikt Jónsson (Fjalla-Bensi), **VII** 97; **IX** 89-90
Bennett, Alan, **IX** 188
Bera, persóna í skáldverki, **VIII** 252
Berg-Önundur Þorgeirsson, **IX** 259
Bergljót Sigurðardóttir, **VIII** 229
Bergsveinn Ólafsson, VII 98; IX 81
Bergur G. Gíslason, **VII** 65
Bergþóra Skarphéðinsdóttir, **VII** 8; **VIII** 26
Berlin, **VIII** 5,7-8, 10
Berta Johannessen, föðursystir M.J., **IX** 132
Bertha Johannessen, langamma M.J., **IX** 79
Bessi Bjarnason, **IX** 187
Beuys, Joseph, listamaður, **IX** 237, 241
Birna Jónsdóttir, **IX** 224
Bítlarnir, **IX** 155
Bjarni Benediktsson frá Hofteigi, **VII** 56
Bjarni Benediktsson, **VII** 31, 44-5, 49, 53, 70-72, 74, 78, 82; **VIII** 23, 65-6, 68; **IX** 13, 27-8, 65, 68-74, 94, 96, 103, 125-6, 132, 174, 200
Bjarni Jónsson, **VIII** 180
Bjarni Jónsson frá Vogi, **IX** 56
Bjarni Jónsson, læknir, **IX** 17
Bjarni Jónsson, séra, **VIII** 58, 318; **IX** 22, 29, 33
Bjarni Sigurðsson, bóndi í Vigur, **VII** 39
Bjarni Sæmundsson, **IX** 12, 83, 170
Bjarni Thorarensen, skáld, **VII** 36-7; **VIII** 44, 143, 147, 159, 171-72, 185-6, 205, 214-17, 267-9, 276, 287, 289, 297; **IX** 138
Bjartur í Sumarhúsum, persóna í skáldsögu, **VII** 93; **VIII** 240, 246-8, 250, 252
Björk Guðmundsdóttir, söngkona, **IX** 236-7, 239
Björn í Brekkukoti, persóna í skáldsögu, **VII** 88
Björn Bjarnason, **VII** 82, 199
Björn Blöndal, **IX** 80
Björn Egilsson, Sveinsstöðum, **IX** 40
Björn Gunnlaugsson, **VIII** 309
Björn Jóhannsson, **VII** 199
Björn M. Olsen, **VIII** 17, 139, 141, 145
Björn Ólafsson, **VII** 52
Björn Thors, **VII** 83
Björnson, Björnstjerne,**VII** 90; **VIII** 252
Björnvig, Thorkild, **IX** 63
Bogi Ólafsson, **VII** 76
Bond, James, kvikmyndapersóna, **IX** 249
Bonnard, Pierre, listmálari, **IX** 239
Bore, Thor Bjarne, ritstjóri Stavanger Aftenblad, **VII** 16-18, 25; **VIII** 46-8
Borges, Jorge Luis, skáld, **VIII** 53; **IX** 54, 122, 154, 163, 251
Bosch, Híeronymus, **IX** 229
Boswell, James, **IX** 240, 249
Botticelli, Sandro, **IX** 191

Bragi Ásgeirsson, listmálari, **VII** 46, 51
Brandes, George, **VIII** 291; **IX** 35, 168
Brandur Arnþrúðarson, **VII** 11
Brandur Guðmundarson, **VIII** 36
Brandur Jónsson ábóti, **VIII** 15, 27-32, 34-5, 37-8; **IX** 165
Brandur Sæmundsson byskup, **VIII** 16
Braque, Georges, **IX** 213, 217, 223, 238
Brecht, Bertolt, **VII** 199
Brement, Pamela, **IX** 228
Brown, dr. John, **IX** 247
Brynjólfur Pétursson, **VIII** 131, 142-7, 170, 255-6, 279-80, 283, 317
Buñuel, Luis, **IX** 209
Burns, Robert, **VIII** 228-9 **IX** 246, 249-51
Burton, Richard, **IX** 42
Búi Jónsson, prófastur, **VIII** 278
Byron lávarður, skáld, **VIII** 291; **IX** 234
Böðvar Þórðarson, **VIII** 20
Bögeskog, danskur bóndi í Reykjavík, **IX** 9
Börkur Þorsteinsson digri, **VII** 9
Calderón de la Barca, skáld, **IX** 209
Callaghan, James ráðherra, **VIII** 60, 62
Campbell, Joseph, **IX** 165
Capote, Truman, **VIII** 51
Carlyle, Thomas, **VIII** 167 **IX** , 249
Castrén, M.A., þýðandi Kalevala á sænsku, **VIII** 300
Cézanne, Paul, **IX** 217, 238
Chamisso, Aðalbert, **VIII** 142, 291
Ch-'ang O, **VII** 201
Chanter, blaðamaður, **IX** 240
Chiang Kai-shek, **VII** 201
Chopin, Frederich Francois,**VII** 104
Chu Te, **VII** 200
Cicero, **VII** 95
Clausen-bræður, **IX** 83, 85
Conquest, Robert, **IX** 228
Cookes, Janet, **VIII** 49
Craigie, Sir William E., **VIII** 236
Dagur Austan (Vernharður Eggertsson), **IX** 22
Dagur Sigurðarson, **IX** 43, 140, 173
Dali, Gala, **IX** 229
Dali, Salvador, **IX** 207, 209, 213, 218, 227, 228-9, 238, 240, 242, 244, 254
Dante, Alighieri, **IX** 258
Dario Fo, **IX** 213
Davíð, í Gamla testamentinu, **IX** 46
Davíð Oddsson, **VII** 15, 47, 199; **IX** 109-111, 117, 120-21, 125
Davíð Stefánsson frá Fagraskógi, **VIII** 259, 262 ; **IX** 43, 52, 87, 140, 212
Davíð Stefánsson, sjúklingur, **IX** 95
DeBotton, Alain, **IX** 189
Debussy, Claude, tónskáld, **IX** 224, 232
De Gaulle, Charles, **VIII** 46
Delibes, Leo, tónskáld, **IX** 188
Dennings, lávarður, **VII** 15
De Quincey, rithöfundur, **VIII** 167
Derain, André, listmálari, **IX** 238
Dewar, Donald, forsætisráðherra, **IX** 251-2
Dickens, Charles, **IX** 246
Dickinson, Emily, **IX** 157
Díana prinsessa, **VIII** 46
Don Kíkóti, **IX** 117, 195
Dostojevskí, Fjodor, **IX** 258
Doyle, Athur Connan, **IX** 249, 252
Duchamp, listmálari, **IX** 238
Durant-hjónin, **IX** 197
Durrell, Lawrence, **IX** 225
Eastwood, Clint, leikari, **IX** 114
Eggert Ólafsson, **VIII** 127, 134-9, 159, 169-70, 186, 205 , 214, 256, 291; **IX** 161
Eggert Stefánsson, **VIII** 24; **IX** 37
Egill Skallagrímsson, **VII** 8, 99-100; **VIII** 256; **IX** 35, 61, 94, 98, 128, 259
Egill Vilhjálmsson, **IX** 9
Einar Arnórsson, **VII** 74-5
Einar Ágústsson, **VIII** 57
Einar Ásmundsson,**VII** 44; **IX** 103, 132
Einar Benediktsson, **VII** 31-32, 34-5, 41, 86, 101; **VIII** 24, 200-201, 224, 235, 254; **IX** 56-7, 74, 87
Einar Eyjólfsson Þveræingur, **VIII** 184
Einar Helgason skálaglamm, **IX** 197
Einar Hjörleifsson Kvaran, **VII** 85; **VIII** 215
Einar Magnússon, **IX** 198
Einar Pálsson, **VIII** 27; **IX** 165
Einar Sigurðsson, útgerðarmaður, **IX** 42
Einar Örn Stefánsson, **IX** 212
Einar Ólafur Sveinsson, **IX** 165
Einar Þorbjörnsson, **VIII** 37-40

Einar, nafn í lausavísu, **VIII** 231
Einstein, Albert, **IX** 215
Eiríkur Bjarnason, prestur, **VIII** 132
Eiríkur Guðmundsson,**VIII** 170-71
Eiríkur Haraldsson blóðöx, **IX** 61
Eiríkur Þorvaldsson rauði, **VIII** 10; **IX** 223
Eisenhower, Dwight David, **IX** 31
Ekelöf, Gunnar, **IX** 38
Elektra, dóttir Agamemnons, **VII** l0
Elena, persóna í leikriti, **VIII** 15
El Greco, listmálari, **IX** 191, 193, 217
Eliot, T. S., **IX** 39
Elías (Elli) Hólm, **VIII** 25; **IX** 22
Elín Hafstein, langamma M.J., **IX** 80
Elín Jóhannesdóttir, móðursystir M.J., **IX** 81
Elín Pálmadóttir, **VII** 199
Emerson, R. W.,**VIII** 167
Enzensberger, Hans Magnus, **VII** 199
Epíkúrus, **IX** 189
Ernst, Max, listmálari, **IX** 229, 238, 240
Erró, **IX** 52, 153, 170-71, 211, 227, 229, 239
Eva, fyrsta konan, **VII** 56
Evrípides (Euripides), grískt leikskáld, **VII** l0 **IX** 253, 257
Evtushenko, Ievgueni Aleksandrovich, **IX** 42
Eyjólfur Jónasson, bóndi í Húnaþingi, **VII** 35
Eyjólfur Konráð Jónsson (Eykon), **VII** 30-37, 45, 49-50, 82; **IX** 13, 74, 103-4, 109
Eyjólfur Þorsteinsson ofsi, **VIII** 26, 37
Eysteinn Jónsson, **IX** 110
Eyvindur Bjarnason, **VIII** 38-9, 41, 70
Fanney Kristmundsdóttir, **IX** 252-3
Fástína, persóna í ævintýri, **VIII** 248
Fenton, James, **IX** 228
Ferdinand II, konungur af Aragon, **IX** 194, 201, 205-6, 218, 223
Ferdínand hringjari í Landakotskirkju, **IX** 14
Ferguson, Robert, skáld, **IX** 246, 249
Feuerbach, Ludwig, heimspekingur, **VIII** 316
Filippus I Spánarkonungur, **IX** 205
Filippus II Spánarkonungur, **IX** 193-5, 231
Finnbjörn Þorvaldsson, íþróttakempa, **IX** 83
Finnbogi Rútur Valdimarsson, **VII** 78
Finnur Jónsson, listmálari, **VII** 67
Finnur Jónsson, prófessor, **VIII** 34, 214-17
Finnur Magnússon, **VIII** 282
Flosi Þórðarson, **VIII** 26, 33, 184
Frankó, Fransisco, **IX** 193-5
Franzisca Gunnarsson, **VIII** 71-2
Freud, Sigmund, **IX** 8-9
Freyfaxi, **VIII** 41
Freyja, ástargyðja, **VII** l0
Freyr, frjósemisguð, **VIII** 27
Friðrik Eggerz, **IX** 91
Friðrik Friðriksson, **VII** 62, 71, 83
Friðrik Hallgrímsson, **IX** 85
Friðrik Sófusson, **IX** 110
Friedell, Egon, fræðimaður, **IX** 258
Friese, Wilhelms, prófessor, **VII** 20
Frigg, gyðja, **VII** l0
Friman, Claus, **VIII** 218
Fuller, Buckminster, **IX** 222, 228
Fúrtseva, **IX** 29
Gäde, þýzkur hönnuður, **IX** 214
Gagarín, Yuri Alexeyevich, **IX** 29
Gamli Nói, **VII** 102
García, José, **IX** 203
García Lorca, Federico, skáld, **IX** 154, 204, 207-11, 213
García Rodrígues, Federico, **IX** 208
Garðar Gíslason, **VII** 64 -5
Gaudi, Antonio, arkitekt, **IX** 221-2, 225, 231, 243
Gauguin, Paul, **VIII** 24
Gálmeí, persóna í skáldverki, **VIII** 271
Geir Haarde, **VII** 199; **IX** 110
Geir Hallgrímsson, **VII** 34, 82; **VIII** 55-68; **IX** 70, 72-3, 106
Geir Vídalín, byskup, **VIII** 283
Georg Ólafsson, **VII** 75
Gerlach, Werner, sendiherra, **IX** 20
Gestur Pálsson, **VIII** 264
Giacometti, Albert, listamaður, **IX** 238
Gibson, Ian, sagnfræðingur, **IX** 210
Gielgud, Sir John, leikari, **VII** 48
Gilmore, Ed, fréttamaður, **VII** 104
Giotto, di Bondone, **IX** 193

Gizur Þorvaldsson, **VIII** 15, 17-18, 25-6
Gísli J. Ástþórsson, **VII** 199
Gísli Brynjólfsson, **VIII** 184, 270
Gísli Ísleifsson, **VIII** 181, 218, 298
Gísli Jónsson, alþingismaður, **VII** 46
Gísli Konráðsson, fræðimaður, **VII** 35; **VIII** 280-81
Gísli Thorarensen, **VIII** 184, 277
Gísli B. Thorlacius, **VIII** 143
Goðmundur á Glæsivöllum, persóna í skáldskap, **VII** 48; **VIII** 211; **IX** 6
Goethe, Johan Wolfgang, **VIII** 150-52, 192; **IX** 139, 259
Gorbasjef (Gorbatsjov), Mikael, **VII** 39-40
Goya, Fransisco de, **IX** 191, 217
Grass, Günter, **IX** 85, 185
Gremin prins, persóna í *Eugene Onegin*, **IX** 234
Grettir Ásmundarson, **IX** 63, 184-6
Gris, Juan, listmálari, **IX** 213, 223
Grímur Thomsen, **VIII** 143-5, 156, 211,254-6, 258, 280; **IX** 103, 131, 134
Gróa Álfsdóttir, **VIII** 26
Grómýkó, Andrei, **IX** 29-30
Guðbergur Bergsson, **VII** 42; **IX** 76, 163
Guðbjörg Benediktsdóttir, **VII** 37
Guðbrandur Magnússon, **IX** 34
Guðbrandur Vigfússon, **VIII** 17
Guðbrandur Þorláksson, **VIII** 136
Guðfinna frá Hömrum, **IX** 91
Guðjón H. Helgason, Laxnesi, **VII** 91-2
Guðjón Lárusson, **IX** 78
Guðmundur, leigjandi Árnýjar Filippusdóttur, **VII** 100-01
Guðmundur Angantýsson (Lási kokkur), **IX** 123
Guðmundur byskup góði Arason, **VIII** 14
Guðmundur Ásbjörnsson, **VII** 77, 83
Guðmundur Böðvarsson, **IX** 46
Guðmundur Daníelsson, **VIII** 24; **IX** 65, 94
Guðmundur Finnbogason, **VII** 67
Guðmundur Guðmundsson, skáld, **VIII** 140, 236, 258
Guðmundur G. Hagalín, **VII** 39; **VIII** 25; **IX** 96-7
Guðmundur í Sumarhúsum, persóna í skáldverki, **VIII** 249
Guðmundur Jörundsson, **IX** 108
Guðmundur Ormsson, **VIII** 34, 36, 38
Guðmundur Sigurðsson, **IX** 23, 85
Guðmundur Sæmundsson, **VII** 52
Guðmundur Þorbjörnsson, **VIII** 71
Guðný frá Klömbrum, **VIII** 219-21
Guðný Einarsdóttir, formóðir H.K. Laxness, **VII** 87
Guðrún Björnsdóttir frá Kornsá, **VII** 35
Guðrún Blöndal, **IX** 80-81
Guðrún Gjúkadóttir, **VIII** 207. **IX** 256-8,
Guðrún Jónsdóttir, persóna í Innansveitarkróniku, **VII** 89
Guðrún Klængsdóttir, **VII** 88
Guðrún Stephensen, **VIII** 171, 292-4
Guðrún Vilmundardóttir, **VIII** 45
Güell, Eusebio, **IX** 221, 231-2
Gunna, nafn í lausavísu, **VIII** 231
Gunnar Benediktsson, **IX** 18
Gunnar Dal, **IX** 135
Gunnar Eyjólfsson, **IX** 187-8
Gunnar Gíslason, **VII** 34
Gunnar Gjúkason, **IX** 256, 258
Gunnar Gunnarsson, listmálari, **VIII** 71
Gunnar Gunnarsson, skáld, **VII** 97; **VIII** 71-2; **IX** 220
Gunnar Hansson, **VII** 83; **IX** 105
Gunnar Hámundarson, **VII** 9; **VIII** 17, 26, 72, 127
Gunnar Huseby, **IX** 83
Gunnar Norland, **IX** 83, 87
Gunnar G. Schram, **VII** 81; **IX** 103, 172
Gunnar Sigurjónsson, **IX** 89
Gunnar Thoroddsen, **VII** 49; **IX** 74
Gunnhildur Özurardóttir kóngamóðir, **IX** 61
Gunnlaugur Briem, **VIII** 144
Gunnlaugur Illugason ormstunga, **VIII** 16, 27
Gunnlaugur Scheving, **VII** 67, 75; **IX** 44, 47, 57, 163, 170-71, 191, 216, 238
Gunnlaugur Þórðarson, **VII** 39
Gylfi Þ. Gíslason, **VII** 53; **VIII** 45; **IX** 66, 68-9, 106
Göbbels, **VII** 43

H. Guðjónsson, sjá Halldór Laxness, **VII** 88
Hacking, séra, kaþólskur prestur, **IX** 90
Hafliði Jónsson, Mýrarholti, **VII** 76
Hafsteinn Björnsson, miðill, **VIII** 59; **IX** 98
Hafsteinn Guðmundsson, **VII** 52
Hague, William, **IX** 251
Halla Ólafsdóttir, **VII** 199
Hallbjörg Bjarnadóttir, söngkona, **IX** 235
Halldór Ásgrímsson, **IX** 109
Halldór Blöndal, **VII** 199
Halldór Laxness, **VII** 14, 23-4, 39, 47, 86-94, 96; **VIII** 24, 209, 249, 251; **IX** 31, 36, 55, 87, 126, 186, 234, 255
Hallfreður Óttarsson vandræðaskáld, **VIII** 16
Hallgerður Höskuldsdóttir langbrók, **VII** 9; **VIII** 20
Hallgrímur Benediktsson, **VII** 83; **VIII** 66
Hallgrímur Geirsson, **VII** 83, 101; **IX** 106
Hallgrímur Jónsson, skólastjóri, **IX** 10
Hallgrímur Kristinsson, **VII** 58
Hallgrímur Pétursson, **VIII** 159; **IX** 18, 26, 39, 147-8
Hallgrímur Scheving, kennari, **VIII** 276, 278
Hallgrímur Tómasson, **VIII** 284
Hallgrímur Þorsteinsson, **VIII** 172-3, 176, 287-8
Hallur Gizurarson, **VIII** 20, 26
Hamsun, Knut, **VII** 80, 86, 90; **IX** 154, 166
Hannes Hólmsteinn Gissurarson, **IX** 117, 177, 182
Hannes Hafstein, **VII** 41, 49, 64; **VIII** 258; **IX** 56, 145, 225, 252
Hannes Pétursson, skáld, **VIII** 267-9, 313; **IX** 96-7, 135, 137, 145, 147, 173
Hannes Þorsteinsson, **VII** 53
Hannibal Valdimarsson, **VII** 39; **IX** 70
Hans G. Andersen, sendiherra, **VII** 36
Hans Wium, **VIII** 71
Haraldur á Mbl., **VII 27**
Haraldur Guðmundsson, ráðherra, **IX** 84
Haraldur Guðmundsson, sendiherra, **IX** 33
Haraldur Hálfdanarson hinn hárfagri, **VIII** 184
Haraldur Johannessen, faðir M.J., **IX** 17-18, 27, 77-8, 80-83, 87, 95
Haraldur Johannessen, yngri, **IX** 82, 130, 133, 150
Haraldur Níelsson, **VII** 101
Haraldur Sigurðsson, bókavörður, **VII** 75; **IX** 43
Haraldur Sveinsson, **VII 50,** 80, 82, 99-102; **IX** 104
Hare, John, fiskimálaráðherra, **IX** 30-31, 240
Harrison, Austin, **VII** 44
Harwood, Richard, blaðamaður, **VIII** 49-51
Haukur Haraldsson, **IX** 84
Hákon Bjarnason, **VII** 65
Hákon Hákonarson hinn gamli, **VIII** 11, 15, 30, 270
Hebbel, Friedrich, leikskáld, **IX** 258
Hegel, G.W.F., **VIII** 6, 13 , 316
Heidegger, Martin, **VIII** 12
Heilög Teresa frá Avila, **IX** 196
Heimir Steinsson, séra, **IX** 232
Heine, Heinrich, **VIII** 5, 148, 256, 277-9; **IX** 164
Hektor, persóna í Illionskviðu, **VII** 6- 7
Helena fagra, persóna í Illionskviðu, **VII** 6, 8
Helga Gunnarsdóttir, arkitekt, **VII** 83; **IX** 105
Helga Magnea Norðfjörð, **IX** 8, 79, 132
Helga Valtýsdóttir, **VII** 63, 83
Helgi Gíslason, **VIII** 71
Helgi Hallgrímsson, **VIII** 69
Helgi Hundingsbani, **VIII** 180
Helgi keis, **VIII** 20
Helgi Konráðsson, **VII** 35
Hemingway, Ernest, **IX** 189
Hera, grísk gyðja, **VII** 8
Herakles, grísk goðsagnapersóna, **VII** 8
Herder, Johann Gottfried, **VIII** 6-8
Herdís Þorvaldsdóttir, **IX** 187
Hermann Jónasson, **VII** 77; **IX** 84
Hermann Pálsson, **VIII** 22, 24, 27-9, 31-3, 35-42; **IX** 165
Hermundur Hermundarson, **VIII** 14
Herodótus, **IX** 198
Heydrich, Reinhardt, **IX** 17

Hezíód, grískt skáld, **VII** 11
Héðinn Valdimarsson, **VII** 40
Hildur Helga Sigurðardóttir, **VII** 5l
Hinrik konungur V, persóna í leikriti, **VIII** 22
Hitler, Adolf, **VIII** 7, 12, 22; **IX** 6, 15, 17, 24, 166, 243, 251
Hjalti Skeggjason, **VII** 7
Hjálmar Jónsson (Bólu-Hjálmar), **VIII** 195, 234-6, 268, **IX** 259
Ho Chien, hershöfðingi, **VII** 200
Hofmann, Hans, **IX** 216
Holberg, Ludvig, rithöfundur, **IX** 37
Holt, Tim, **IX** 114
Hopkins, Anthony, **IX** 253
Hoppe, stiftamtmaður, **VIII** 182
Howard, Elizabeth Jane, rithöfundur, **IX** 233
Hómer, **VII** 6-7, 11; **VIII** 275
Hóras (Horatius), **VIII** 164, 180-81, 186, 218, 287, 291
Hrafn Oddsson, **VIII** 18-20, 26, 37
Hrafnkell Freysgoði, **VIII** 30, 37-41, 70
Hrafnkell Jónsson, **VIII** 70-71
Hulda Valtýsdóttir, **VII** 27, 80, 83-4, 94-9; **IX** 105
Hume, David, **IX** 249, 252
Hvamm-Sturla Þórðarson, **VIII** 13
Höger, þýskur arkitekt, **VIII** 71
Högni Gjúkason, **IX** 256
Hörður Ágústsson, **IX** 47
Ibsen, Hendrik, **VII** 17; **IX** 135
Indíana, persóna í skáldverki, **VIII** 204, 206- 9, 211-13, 271
Indriði G. Þorsteinsson, **VIII** 300; **IX** 173, 184-6
Inga Jóna Þórðardóttir, **VII** 199
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, **IX** 109
Ingibjörg Indriðadóttir Thors, **IX** 52
Ingibjörg Sturludóttir, **VIII** 20, 26
Ingimar Erlendur Sigurðsson, **VIII** 23; **IX** 59, 65-6, 69
Ingjaldur Höskuldsson á Keldum, **VIII** 26
Ingólfur Arnarson, **IX** 195
Ingólfur Johannessen, sonur M.J., **IX** 82, 90, 130, 133, 187, 196, 204, 208, 216, 228
Ingólfur Jónsson frá Hellu, **VII** 38; **IX** 73, 109-110
Ingólfur Kristjánsson, **IX** 89-90
Irving, Washington, **VIII** 167
Isaacs, Norman, gagnrýnandi, **VIII** 51
Ísabella, Spánardrottning, **IX** 193-5, 201, 205-6, 218, 223
Ísak Jónsson, **IX** 44
Ísleifur Einarsson, etazráð Brekku, **VII** 87-8 ; **VIII** 181, 280, 298
Ísodd, persóna í skáldverki, **VIII** 272-4
Ísold. persóna í skáldverki, **VIII** 204
Ísönd, persóna í skáldverki, **VIII** 273-4
Ívar Guðmundsson, **VII** 80
Jacops, Eric, blaðamaður, **IX** 219
Jakob Möller, **VII** 77
Jakob Thorarensen, **IX** 173
James, Henry, rithöfundur, **VII** 5
Jason, persóna í leikriti, **IX** 253, 255
Jawlensky, **IX** 242
Jeltsín, Boris **IX** 212
Jens Jóhannesson, læknir, **IX** 79
Jessen, jómfrú frá Slagelse **VIII** 280
Job, í Gamla testamentinu, **IX** 159
John Fenger, **VII** 63-4
Johnson, Lyndon B., **IX** 29
Johnson, Samuel, rithöfundur, **IX** 240
Jorn, Asger, **IX** 213
Joyce, James, **IX** 165, 246
Jóel, íþróttakempa, **IX** 83
Jóhann, bílstjóri hjá K.H., **VIII** 72
Jóhann, séra, persóna í skáldsögu, **VII** 87
Jóhann Árnason,**VIII** 171
Jóhann Kristján Briem, **VIII** 144
Jóhann Hafstein, **VII** 34; **IX** 73-4
Jóhann Hjálmarsson, **IX** 36, 186
Jóhann Gunnar Ólafsson, **VIII** 200
Jóhann Sigurjónsson, **VIII** 189, 258; **IX** 95
Jóhann Þorkelsson dómkirkjuprestur, **VIII** 25
Jóhanna K. Gísladóttir, **IX** 199
Jóhanna K. Ingólfsdóttir (Hanna), **VIII** 43;, **IX** 28, 47, 52, 64, 70, 82, 89-92, 96, 102, 114, 130, 133, 139, 144, 149, 187, 196, 200
Jóhanna Sigurðardóttir, **IX** 117
Jóhannes Helgi, **IX** 65

Jóhannes Jóhannesson, móðurafi M.J., **VII** 69; **VIII** 71; **IX** 5–7, 11, 13, 27, 80-81, 95, 103
Jóhannes Kjarval, **IX** 47, 56, 60, 128, 192
Jóhannes Líndal, kennari, **IX** 12, 83
Jóhannes Nordal, **IX** 103
Jóhannes páfi 23., **IX** 200, 231
Jóhannes úr Kötlum, **IX** 135, 145, 147, 151, 168
Jón, bryti á Dettifossi, **IX** 23
Jón Hnefill Aðalsteinsson, **VIII** 73
Jón Borgfirðingur, **VIII** 275
Jón Dan, **IX** 173
Jón Eiríksson, konferensráð, **VIII** 296
Jón frá Pálmholti, **IX** 43
Jón Guðmundsson, bóndi, **VII** 49
Jón Guðnason, **IX** 11
Jón Baldvin Hannibalsson, **IX** 112, 117
Jón Helgason, prófessor, **VII** 39; **VIII** 42-5; **IX** 24
Jón hrak, **VIII** 71
Jón Hreggviðsson, **IX** 226
Jón Jóhannesson, **VIII** 35
Jón Jónsson, lektor, **VIII** 276
Jón Kjartansson, ritstjóri, **VII** 27, 37, 43,57-9, 62-4, 66, 68, 71, 75, 77-8, 80, 84-5; **IX** 119
Jón Leifs, **VII** 101; **IX** 33
Jón Magnússon seglasaumari, **VIII** 25
Jón Magnússon, forsætisráðherra, **IX** 73
Jón Ólafsson, **VIII** 199
Jón Pálmason á Akri, **IX** 49
Jón Prímus, persóna í skáldsögu, **VII** 92
Jón Sighvatsson bóndi í Njarðvík, **VIII** 173, 278, 306, 308
Jón Sigurðsson frá Kaldaðarnesi **VII** 23
Jón Sigurðsson, forseti, **VII** 11, 21, 81; **VIII** 128-9, 143, 176, 183-5, 187-8, 276, 278, 281, 287, 296, 310; **IX** 8, 114, 116, 182
Jón Stefánsson, **VII** 67
Jón úr Vör, **VII** 65; **IX** 41, 145, 167, 185
Jón Þorkelsson, skáld, **VIII** 274, 296
Jón Þorláksson á Bægisá, **VIII** 159, 167, 171, 186, 197, 214 -16 **,** 267 , 287-9, 296
Jón Þorláksson, forsætisráðherra, **VII** 63-4, 79**; VIII** 57, 67
Jón Ögmundarson karl, **VIII** 36
Jónas Árnason, **VII** 40-41, 43-4
Jónas Hallgímsson , **VII** 5, 61-2, 83, 98; **VIII** 5, 126-8, 131, 134, 136-7, 139-41, 150-7, 165-90, 192-3, 195, 198-9, 202-216, 218. 220, 222, 229, 233, 235-6, 238-40, 243, 251-57, 262-4, 268-9, 271, 274-80, 281, 283-7, 289-92, 294-300, 305-18; **IX** 40, 72, 122, 135, 146, 148-9, 153, 161, 163, 165-6, 216, 241, 258
Jónas Haralz, **IX** 121
Jónas Jónsson frá Hriflu, **VII** 34, 40, 53, 67-9, 79, 99; **IX** 5, 29, 44, 80
Jónas langi, **VIII** 275
Jónas Magnússon í Stardal, **IX** 18
Jónas Svafár, **IX** 55
Jónas Tómasson, **VIII** 172, 298
Jósef og María, **IX** 12
Jórunn Melsteð, **VII** 88
Jósef Björnsson, **IX** 160
Jósefína Johannessen, systir M.J., **IX** 78
Jósefína Lárusdóttir Blöndal, **IX** 80
Jósep heitinn, persóna í skáldverki, **VIII** 241-3
Jósep, persóna í skáldverki, **VIII** 151
Júlíus skóari, **IX** 160
Júpíter, grískur guð, **VII** 8
Jökull Jakobsson, **IX** 173
kafteinn Vom, teiknimyndapersóna, **IX** 81
Kain, **VIII** 291
Kajam, Omar, **IX** 211
Kandhal, ritstjóri Aftenposten, **VII** 16; **VIII** 48
Kandinsky, Wassilij, listmálari, **IX** 217, 223, 238-9, 242
Kardín, persóna í skáldverki, **VIII** 272-3
Karl Pétur Hauksson, **VII** 199
Karl Ísfeld, **VIII** 300, 304
Karl Spánarkonungur (Jóhann Karl I), **IX** 194
Karl V Spánarkonungur, **IX** 194, 203, 231
Kastró, Fidel, **IX** 121
Kári, dulnefni Jóns Kjartanssonar, **VII** 63
Kári Sölmundarson, **VIII** 25
Keats, John, skáld, **VIII** 9, 291; **IX** 234
Kekkónen, Urho Kaleva, Finnlandsforseti, **IX** 29, 63

Kierkegaard, Sören, **VII** 55 ; **VIII** 309-17
Kjartan, íþróttakempa, **IX** 83
Klee, **IX** 242-6, 251
Klein, danskur kaupmaður, **IX** 26-27
Kleos, persóna í Illionskviðu,**VII** 7
Klytemnestra, kona Agamemnons, **VII** 10
Knoll og Tott, teiknimyndapersónur, **IX** 81
Knud Zimsen, **VIII** 67
Kolbeinn Arnórsson ungi, **VIII** 18-19, 33
Konráð Gíslason, **VIII** 131, 139-148, 170-71, 176-7, 196, 254-6, 270, 272, 281, 284-5, 278,-81, 286, 299-300; **IX** 215-6
Kosciuszko, lithaugsk frelsishetja, **VIII** 145, 168-70
Kosygin, Alexei, **IX** 70
Kólumbus, Kristófer, **IX** 34, 201, 205, 223, 231
Kray, Reggie, **IX** 251
Kreon, persóna í leikriti, **IX** 253
Krieger, Lorents Angel, stiftamtmaður, **VIII** 182
Kristinn E. Andrésson, **VII** 67; **IX** 16
Kristinn Sigmundsson, **IX** 239
Kristín Jóhannesdóttir, leikstjóri, **IX** 236
Kristín Jónsdóttir, **VII** 63, 66-8, 70, 76, 81-2; **IX** 27, 103
Kristjana Knudsen, **VIII** 182
Kristján Albertsson, **IX** 56
Kristján Davíðsson, **IX** 47, 237
Kristján Eldjárn, **IX** 74
Kristján Johannessen, sonarsonur M.J., **IX** 115
Kristján Jónsson Fjallaskáld, **IX** 96, 145
Kristján Karlsson, **VIII** 42; **IX** 46, 52, 54, 56, 62-3
Kristján konungur tíundi, **IX** 5
Kristján Kristjánsson, **VIII** 276, 283, 286
Kristján Ragnarsson, **IX** 109
Kristmann Guðmundsson, **VII** 42; **IX** 173
Kristur, **VII** l0; **VIII** 241; **IX** 46, 66, 98-100, 162, 164, 227
Krútsjeff, Nikita, **IX** 17-18, 26, 31
Krösos konungur, **IX** 198
Kunze, Reiner, **VII** 57
Kusnetzov, fulltrúi Rússa hjá S.Þ., **IX** 30
La Cour, Poul, **IX** 34-5
Lamb, Charles, **VIII** 167
Lambkár Þorgilsson ábóti, **VIII** 17
Lang, Jessica, **IX** 253
Lao Tse, **IX** 65
Larkin, Philip, skáld, **IX** 158, 219, 228
Laugi, sjúklingur, **IX** 95
Lawrence, D.H., **VIII** 24
Lárus Blöndal, **VIII** 230; **IX** 81
Lárus Einarsson, prófessor, **VII** 82
Lárus Jóhannesson, **IX** 78
Lárus Sigurðsson frá Geitareyjum, **VIII** 172, 174-80,182, 256, 283, 290
Lárus Thorarensen, sýslumaður, **IX** 80
Lecter, Hannibal, persóna í kvikmyndinni *Lömbin þagna,* **IX** 258
Leifur Eiríksson hinn
heppni, **VIII** 10; **IX** 223
Lennon, John, **IX** 154-5
Lensky, persóna í *Eugene Onegin*, **IX** 234
Levin, Bernard, **VII** 55
Léger, Fernand, listmálari, **IX** 238
Li Shu-yi, **VII** 200
Lichtenstein, listamaður, **IX**, 224, 237
Lie, Jonas, **VII** 90
Liu, **VII** 200
Liu Chihnsün,**VII** 200
Liu Ya-tzu, **VII** 201
Lochhead, Liz, **IX** 253
Lope de Vega, skáld, **IX** 209
Lorca Romero, Vicenta, **IX** 209
Louisa Matthíasdóttir, **IX** 79, 170, 216
Luns, Joseph, **VIII** 61-2
Lúðvík Bæjarakonungur, **IX** 229
Lúther, Marteinn, **IX** 223
Machado, Antonio, skáld, **IX** 210
Macke , August **IX** 242, 245
Macmillan, Harold, **IX** 29
Madonna, söngkona, **VIII** 9
Magnús Ásgeirsson, **IX** 85, 146
Magnús Einarsson, **VII** 75, 82
Magnús Eiríksson, **VIII** 176
Magnús Finnsson, **VII** 75
Magnús Jónsson frá Mel, **VII** 34; **IX** 73
Magnús Jónsson, prófessor, **VII** 45
Magnús Kjartansson, **VII** 51-55, 57; **IX** 29-30, 76
Magnús Magnússon frá Magnússkógum, **VIII** 247-8

Magnús Torfi Ólafsson, **VII** 56; **IX** 66
Magnús Stephensen, **VIII** 170-1, 173, 198, 203, 275, 292-3, 295
Magritte, René, listmálari, **IX** 217, 238
Mahler, Gustav, **VIII** 8
Mailer, Norman, **VIII** 51
Mallarmé, Stéphane, **IX** 166
Mandelstam, Ossip, **IX** 243
Mandestam, Nadezhda, **IX** 242
Mann, Thomas, **IX** 80, 165, 176
Manolete, nautabani, **IX** 201
Mao Tse Tung (Mao Zedung), **VII** 200-201; **VIII** 46, 52
Marc, Franz, **IX** 242, 245
Margrét Jónsdóttir, kona Þórbergs Þórðarsonar, **IX** 32, 128
María Magdalena, **VIII** 273
María mey, **VIII** 273; **IX** 14, 231
Markús Örn Antonsson, **VII** 199
Marx, Karl, **IX** 16, 20
Masters, Edgar Lee, **IX** 46
Matisse, Henri, **IX** 217, 229, 238
Matthías Bjarnason, **IX** 68
Matthías Einarsson, læknir, **IX** 79
Matthías Jochumsson, **VIII** 228, 233, 257, 308; **IX** 8, 26, 195
Matthías Johannessen, föðurafi M.J., **VII** 53, **IX** 7, 79-80
Matthías Viðar Sæmundsson, **IX** 133
Matthías Þórðarson, **VIII** 173, 299
Matti, persóna í sögu, **VII** 99
Maugham, Somerset, **VIII** 24
Mazsak, bandarískur prófessor, **VII** 11
McDonald, dr., **IX** 249
Medea, persóna í leikriti, **IX** 253-5
Mekenes (Maecenas), **VIII** 181
Menuhin, Yehudi, **IX** 75
Meulenberg, kaþólskur biskup í Reykjavík, **IX** 14, 79
Mhor, Adrian, **IX** 56
Mikojan, Anastas Ivanovich, **IX** 29, 31
Miller, Arthur, leikskáld, **IX** 29
Miller Friðriksdóttir, frú, **IX** 85
Miró, Joan, **IX** 208, 214, 217, 221, 226, 238
Mishima Yukio, **IX** 154
Mídas konungur, **IX** 192
Modigliani, Amadeo, listmálari, **IX** 238
Mondrian, Piet, listmálari, **IX** 237
Monet, Claude, listmálari, **IX** 237
Monsarrat, **VII** 5
Montaigne, M. E., **IX** 189-90
Montesinos, Manuel Fernández, **IX** 210
Moore, Henry, listamaður, **IX** 213, 238
Mountbatten, lávarður, **IX** 20
Mozart, Wolfgang Amadeus, **IX** 166
Munch, Edvard, **IX** 191, 217, 238
Murdoch, Iris, **IX** 233
Murillo, Bartolomé Esteban, **IX** 217
Múhameð, spámaður, **IX** 20
Mússólíní, Benito, **IX** 5, 44
Mynster, J.P., byskup, **VIII** 130, 311-15
Mörður Valgarðsson, **VII** 41; **VIII** 17
Napóleon Bónaparte, **IX** 203, 231
Neró, keisari, **IX** 189, 191
Nestor, persóna í Illionskviðu, **VII** 6
Nietzsche, Friedrich, **VII** 38; **VIII** 316; **IX** 118, 189, 191, 202, 258
Nixon, Richard, **VIII** 49
Níels Dungal, **IX** 25-26, 92
Nína Tryggvadóttir, **IX** 47, 245
Njáll Þorgeirsson, **VII** 8, 49; **VIII** 26, 256; **IX** 186
Northcliff, lávarður, **VII** 44
O'Conell, Daniel, **VIII** 143
O'Connery, Sean, leikari, **IX** 249
Oddur Þorvaldsson, **VIII** 18
Oddur Þórarinsson, **VIII** 17, 26-7, 37, 39-40, 72
Oehlensläger, Adam, **VIII** 167, 197-8
Olivier, Laurence, leikari, **VII** 48
Onegin, Eugene, persóna í samnefndri óperu, **IX** 234
Orestes, persóna í þríleiknum Orestes, **VII** l0
Orgaz, greifi, **IX** 193
Ormssynir, **VIII** 37-8,40
Ormur Jónsson Svínfellingur, **VIII** 35
Ossian, fornskáld, **VIII** 291
Ódysseifur, **VII** 6, 9, 11
Óðinn, goðið, **VIII** 31; **IX** 83, 142
Ólafur á Oddhóli, **IX** 56
Ólafur á Söndum, **VIII** 159
Ólafur Björnsson ritstjóri, **VII** 66, 75
Ólafur Davíðsson, **VII** 62, 70

Ólafur G. Einarsson, **IX** 232
Ólafur Engilbert, fósturbróðir móður M.J., **IX** 148
Ólafur Guðmundsson, **IX** 82
Ólafur Hjaltason, byskup, **VII** 29
Ólafur Indriðason, **VIII** 219
Ólafur Jóhannesson, **VIII** 57-8, 61
Ólafur Jónsson, **IX** 145
Ólafur Kárason Ljósvíkingur, persóna í skáldverki, **VIII** 240-45, 249, 251-2
Ólafur K. Magnússon, **VII** 27, 81, 102-4
Ólafur Stephensen Magnússon, **VIII** 292-3
Ólafur Thors, **VII** 59, 74, 76-8, 82; **VIII** 68; **IX** 52, 70-71, 74, 96, 125-6
Ólafur Tryggvason, **VIII** 10
Ólafur Þorsteinsson, læknir, **IX** 27
Ólafur Þórðarson, **IX** 114
Ólöf Pálsdóttir, myndlistarmaður, **VII** 38, 45, 51; **VIII** 42
Ólöf Sigurðardóttir frá Hlöðum, **VII** 62
Órækja Snorrason, **VIII** 15
Óskar, íþróttakempa, **IX** 83
Óskar Guðmundsson, **VII** 44
Óskar Halldórsson, **VII** 93; **VIII** 25
Óvídus (Ovid), **VIII** 186, 290; **IX** 192
Paludan-Müller, Frederik, skáld, **VIII** 147, 222, 290-91
París, persóna í Illionskviðu, **VII** 8
Pascal, Blas, **VII** 19-20
Pasternak, Boris, **IX** 18, 39
Páll frá Tarsos, postuli, **VIII** 190
Páll Gíslason, **VIII** 72-3
Páll Ísólfsson, **VII** 23, 102; **IX** 8, 26, 33, 39, 88, 100, 226
Páll Jónsson, biskup, **IX** 21
Páll Melsteð, **VII** 88; **VIII** 176-8, 198-9, 276-8
Páll Ólafsson, **VIII** 73, 224, 229-31, 233; **IX** 87
Páll Sölvason, **VIII** 31
Páll Vigfússon, **VIII** 72
Pálmi Hannesson, rektor, **VII** 67; **IX** 88
Penelópa, persóna í Ódysseifskviðu, **VII** 8
Penti, persóna í sögu, **VII** 99
Períkles, stjórnmálamaður, **VII** 11
Pétur Benediktsson, **IX** 74
Pétur Halldórsson, borgarstjóri, **VIII** 67
Pétur Hoffmann, **IX** 24
Pétur Ólafsson, **VII** 75
Pétur Pétursson, **IX** 224
Pétur Sigurðsson, **VIII** 17
Picasso, Pablo, **IX** 212, 214-15, 217, 221, 223, 229. 238, 244
Pissarró, Camille, listmálari, **IX** 229
Pílatus, Pontíus, **IX** 201
Plutarkos (Plútark), rithöfundur, **VIII** 22; **IX** 197
Poe, Edgar Allan, **IX** 258
Pollock, Jackson, listmálari, **IX** 237
Pope, Alexander, **VIII** 186, 197, 290
Postman, Neil, **VIII** 51
Pound, Ezra, **IX** 34, 39, 63-4
Powers, Steve, **VIII** 51
Presley, Elvis, **IX** 61, 155
Price, Vincent, **IX** 42
Prímus, persóna í Illionskviðu, **VII** 7
Prokofiev, Sergio, **IX** 249
Pronin, rússneskur sendiráðsmaður, **IX** 30
Proust, Marcel, **VIII** 9
Pushkin, Alexander, rithöfundur, **IX** 234, 236
Pútin, Vladímír, **IX** 212
Rachmaninoff, Sergio Vasilievich, tónskáld, **IX** 224
Ragna Magnúsdóttir, **VII** 199
Ragnar bryti, mágur Vilhjálms í Skáholti, **IX** 85
Ragnar Jónsson í Smára, **IX** 25, 36, 76, 146, 159, 260
Rannveig Hallgrímsdóttir, **VIII** 172, 283-4
Rannveig Jónasdóttir, **VIII** 176
Rask, Rasmus Christian, **VIII** 140, 282
Rauðrekur, **VIII** 271
Resítov, Júrí, sendiherra, **IX** 119
Resítov, sendiherrafrú, **IX** 120
Ribeira, José Antonio de, **IX** 194
Ridder, Tony, **IX** 112
Rilke, Reiner Maria, **IX** 33, 166
Rorty, Richard, **VIII** 9
Roth, Dieter, **IX** 212
Rousseau, J. J., **IX** 217
Roy, Arunhati, rithöfundur, **IX** 220
Roy Rogers, **IX** 114
Róbert Arnfinnsson, **IX** 187

Róbert munkur, **VIII** 270
Rósa, persóna í skáldskap Sigurðar Breiðfjörðs, **VIII** 201, 209, 211, 253-4
Rósenberg, hótelhaldari, **VII** 22
Russell, Bertrand, **IX** 215
Sandelin, Börge, **IX** 42
Sartre, Jean Paul, rithöfundur, **IX** 238, 250
Saura, Carlos, kvikmyndaleikstjóri, **IX** 213
Sál konungur, **IX** 46
Sámur Bjarnason, **VIII** 34, 37-8, 40, 70
Sánkti-Pétur (Lykla-Pétur), **IX** 11, 22, 218
Schach, Paul, **VIII** 270
Schiller, J. C. F., **VIII** 146-7, 150, 152-7, 164. 291-2
Schmidt, Helmut, kanslari, **VII** 15; **IX** 109
Schneider, Jungfrau, **VIII** 280
Schopenhauer, Arthur, **VII** 93; **IX** 189-92
Schwach, Conrad Nicolai, **VIII** 164, 174
Schönberg, Arnold, tónskáld, **VIII** 8
Scott, sir Walter, **VIII** 221,**IX** 249-50
Seferis, Giorgos, **IX** 32
Seneca, **IX** 189-90
Shakespeare, William, **VIII** 22; **IX** 183, 253, 255, 257-8
Shaw, Bernard, **VII** 44, 55
Shelley, P.B., **VIII** 291
Shepherd, ungfrú, fyrirmynd að Konunni í vagninum, **IX** 189
Shute, Nevil, rithöfundur, **VII** 5
Sigfús Jónsson, **VII** 27, 50, 58-9, 80-82, 99
Sigga Púrtner, **IX** 88
Sighvatur Sturluson, **VIII** 21
Sighvatur Þórðarson, skáld, **VIII** 10
Sigríður Björnsdóttir, **VIII** 90, **IX** 70-71, 199
Sigríður Gísladóttir, **VIII** 181
Sigríður Guðmundsóttir, á Mbl., **VII** 27, 81
Sigurbjörn Einarsson, **VIII** 191
Sigurður Bjarnason frá Vigur, **VII** 32-3, 37-51, 80, 82-3; **VIII** 42; **IX** 103, 132
Sigurður Blöndal, **VIII** 70-72
Sigurður Breiðfjörð, **VIII** 128, 158-9, 169, 192-4, 196-200, 202-4, 206-7, 209-11, 214-16, 218-19, 221, 224, 228-31, 233-5, 237-44, 248-54, 260, 267-8, 272, 275, 277, 285, 294-5
Sigurður Einarsson í Holti, **IX** 36
Sigurður Fáfnisbani, **VIII** 207, 270,**IX** 256
Sigurður Guðmundsson, skólameistari, **VII** 87
Sigurður Kristjánsson, **VII** 77
Sigurður A. Magnússon, **IX** 32, 175, 216
Sigurður Nordal, **VII** 29, 79, 85-6; **VIII** 29, 35, 41-2, 167, 187, 306, 308; **IX** 35, 90, 162, 165, 169
Sigurður Pálsson í Hraungerði, prestur, **IX** 12
Sigurður Stefánsson í Vigur, prestur og alþingismaður, **VII** 39
Sigurþór Sigurðsson, á Mbl., **VII** 27, 199
Simenon, Georges, **IX** 122
Simpson, O.J., **VIII** 46
Sivertsson, Sylvester, **VIII** 173-74
Símon Dalaskáld, **IX** 56
Skapti Tímóteus Stefánsson, **VIII** 172, 174, 176-180, 185, 256, 286-7
Skarphéðinn Njálsson, **VIII** 17
Skúli Bárðarson hertogi, **VIII** 15
Skúli Björn Gunnarsson, **VIII** 70, 72
Skúli Skúlason, **VII** 75
Skúli Thorarensen, **VIII** 197
Skúli Thorlacius, **VIII** 148
Skúli Thoroddsen, **VII** 49
Smith, Adam, **IX** 106
Smith, Maggie, **IX** 188
Snorra Benediktsdóttir, **VIII** 66
Snorri á Húsafelli, **VIII** 241, 250
Snorri Hjartarson,**VIII** 266; **IX** 146
Snorri Sturluson, **VIII** 13, 15, 18, 22; **IX** 165
Snorri Þorgrímson goði, **VIII** 14, 20
Snorri Þorvaldsson Vatnsfirðingur, **VIII** 14, 17-18
Solveig Sæmundardóttir, kona Sturlu Sighvatssonar, **VII** 9, l0; **VIII** 14,252; **IX** 91
Solzhenitsyn, A., **VII** 56
Sófókles, harmleikaskáld, **VII** l0, 11
Sókrates, heimspekingur, **IX** 100, 189, 197
Sólon, lögspekingur í Aþenu, **IX** 197
St. Helena, persóna í skáldskap, **VIII** 211, 271
Stahl, Lesley, sjónvarpsfréttamaður, **VIII** 46, 49

Stalín, Jósef, **VII** 39-40 ; **VIII** 7, 22; **IX** 15, 17-19, 31, 154, 243
Steenstrup, Japetus, **VIII** 172, 309
Stefán Hörður Grímsson, **IX** 36
Stefán Jónsson, **IX** 94
Stefán Pálsson, **VIII** 172, 277
Stefán Sigurðsson frá Hvítadal, **IX** 91, 140
Stefán Stefánsson, skólameistari, **VII** 57, 61-2, 69-70, 73, 76; **IX** 27, 95, 103
Stefán Þorsteinsson, **VIII** 176
Steinbeck, John, **IX** 228
Steingrímur Hermannsson (Denni), **VII** 37; **IX** 11, 84, 114
Steingrímur Sigurðsson, **IX** 173
Steingrímur Thorsteinsson, **VIII** 184, 187, 216 225, 267-9; **IX** 56-7
Steingrímur J. Þorsteinsson, **IX** 131
Steinn Steinarr, **VII** 95; **IX** 22-4, 39, 43, 56, 71, 85, 87, 94, 116, 128, 135, 137-8, 146, 162, 167, 173
Steinunn Frímannsdóttir, **VII** 57-8
Steinunn Jónsdóttir í Kirkjubæ, **VIII** 35, 38
Stephan G. Stephansson, **VIII** 71, 195
Stevenson, Robert Louis, rithöfundur, **VIII** 167; **IX** 246, 248, 252
Stóra-Gunna, persóna í skáldsögu, **VII** 87
„Stóri“, kvikmyndapersóna, **IX** 9
Stravinski, Igor, tónskáld, **IX** 232
Strindberg, August, **IX** 258
Sturla Sighvatsson, **VII** 9, l0 ; **VIII** 14-19, 21; **VIII** 252; **IX** 220
Sturla Þórðarson, **VII** l0; **VIII** 13, 15-16, 18-21, 25-7, 37, 39, 72, 252; **IX** 91, 93, 165
Sturlusynir, **VIII** 33
Styrmir Gunnarson, **VII** 27, 45, 50, 82; **VIII** 63, 65; **IX** 51, 70, 101, 104, 107
Styrmir Kárason hinn fróði, **VIII** 28
Svanhvít, kaupmannsdóttir, persóna í skáldsögu, **VIII** 247
Svavar Gestsson, **IX** 176
Svavar Guðnason, listmálari, **IX** 47, 213
Sveik, góði dátinn, **IX** 18
Sveinbjörn Beinteinsson, **VIII** 205
Sveinbjörn Egilsson, **VIII** 139-40, 174-5, 265, 268, 276, 278, 281-2, 287, 290, 292, 294-6, 306, **IX** 258
Sveinn Björnsson, **VII** 64
Sveinn Einarsson, **IX** 188, 216, 253
Sveinn Jónsson í Völundi, **VII** 99
Sveinn Óskarsson , **VII** 199
Sveinn Pálsson, **VIII** 69
Sveinn Skúlason, **VIII** 230
Sveinn Sveinsson, **VII** 83
Sveinn Andri Sveinsson, **VII** 199
Svend-Aage Malmberg, **VII** 36
Sverrir Haraldsson, **IX** 52
Sverrir Kristjánsson, **VII** 53
Sverrir Sigurðsson konungur, **VIII** 22
Sverrir Þórðarson, **VII** 27, 81
Svínfellingar, **VIII** 33
Sæmundur Magnússon Hólm, **VII** 36-7
Sæmundur Ormsson, **VIII** 34, 36, 38, 40
Sæmundur Ögmundsson, **VIII** 282, 286
Takir, Sabri, **IX** 225
Talbitzer, gróðurfræðingur, **VII** 69
Talmon, Jacob, **VIII** 10
Tamóra gotadrottning, persóna í leikriti, **IX** 255
Tandy, Jessica, leikkona **VII** 48
Tchaikovsky, Piotr Ilich, tónskáld, **IX** 234
Tebbit, Norman, formælandi Íhaldsflokksins brezka, **VIII** 12
Tertz (Terz), Abram (Sinjavsky, Andre), rithöfundur, **IX** 40
Thatcher, Margaret, **VII** 15; **IX** 228
Thomas, Dylan, **IX** 138
Thomsen, kaupmaður í Vestmannaeyjum, **VIII** 182
Thor Jensen, **VII** 70
Thor Vilhjálmsson, **IX** 220
Tieck, J. L., **VIII** 134, 221, 256
Tinteretto, listmálari, **IX** 191
Tizian, listmálari, **IX** 191
Tístran (Tristram), persóna í skáldverki, **VIII** 204, 206-9, 211-13, 260, 270-4
Títus, persóna í samnefndu leikriti eftir Shakespeare, **IX** 253-5, 257-8
Torfi Eggertz, **VIII** 172, 180
Tómas erkibyskup af Kantaraborg, **VIII** 19
Tómas Ásmundsson á Steinsstöðum, **VIII** 172, 284, 286
Tómas Guðmundsson, skáld, **VII** 22-3, 76;

VIII 251, 259, 262, 264, 306; **IX** 34, 43-4, 51, 54, 56, 61, 82, 87, 92, 137, 146
Tómas Sæmundsson, **VIII** 128, 130, 134, 136, 139-42, 158, 162, 170, 177, 182, 196, 255-6, 276-9, 281-3, 285-7, 291, 295, 299
Tómas Tómasson, **IX** 192
Trier, Lars von, leikstjóri, **IX** 236
Tryggvi Magnússon, **IX** 214
Turner, Tina, **VIII** 9
Túlinius Jensen, persóna í skáldsögu, **VIII** 247, 250
Umbi, persóna í skáldsögu, **VII** 92
Unamuno, Miguel de, **IX** 163
Undset, Sigrid, **VII** 17
Úlfar Þormóðsson, **VII** 32; **IX** 74
Úlstrúp, Regner Chr., landfógeti, **VIII** 283, 286
Vainamöinen, nafn úr Kalevalakvæðum, **VIII** 299-300, 303
Valéry, Paul, **IX** 166
Valtýr Guðmundsson, **VII** 41, 61, 69-70, 76
Valtýr Pétursson, **IX** 47
Valtýr Stefánsson, ritstjóri, **VII** 12, 26-7, 40, 57-86, 94-5, 199; **IX** 27, 29, 31, 77, 95, 99, 102-3, 113, 132, 260
van Gogh, Vincent, **IX** 217
Velázquez, Diego Rodríquez de Silva y, **IX** 228
Vésteinn Lúðvíksson, **VII** 42, 52-3
Vico, Giambattista, heimspekingur, **VIII** 6
Vigdís Gíslsdóttir, frilla Sturlu Sighvatssonar, **VII** 9, l0
Vigdís Steingrímsdóttir, **IX** 84
Vigfús Guttormsson í Geitagerði, **VIII** 71, 98
Viktor Eremita (dulnefni Kierkegaards), **VIII** 310
Vilhjálmur prins í Bretlandi, **IX** 249
Vilhjálmur Finsen, **VII** 12, 74-5; **IX** 105
Vilhjálmur frá Skáholti, **IX** 21-22, 27, 85, 87, 160
Vilhjálmur Þ. Gíslason,**VII** 67
Vilhjálmur Hjálmarsson, **IX** 66
Vilhjálmur Þór, **VII** 52; **IX** 15
Vilmundur Jónsson landlæknir, **IX** 56
Voltaire, **IX** 65, 119
Wagner, Richard,**VII** 200; **IX** 229
Warhol, Andrew, listamaður, **IX** 238
Watt, James, **IX** 249
Watteau, Antoine, **IX** 216
Waugh, Evelyn, **VII** 55
Wegener, Alfred, **VII** 84
West, May, leikkona, **IX** 229
Whitman, Walt, **IX** 137-8, 140, 155, 157
Wilde, Óskar, **IX** 45
Wilson, Harold, **VIII** 60-61
Wittgenstein, Ludwig, **VIII** 8
Wolfe, Tom, **VIII** 51
Wolfitt, Donald , leikari, **VII** 48
Wu Kang, **VII** 200
Xerxes, Persakonungur, **VII** 11
Xirgu, Margarita, **IX** 208-9
Yang K'ai-hui,**VII** 200
Yeats, William Butler, **VIII** 167; **IX** 44
Yen Kuang, **VII** 200
Zurbarán, Fransisco de, **IX** 191, 196-7, 217
Zweig, Stefan, **VIII** 8
Þangbrandur kristniboði, **IX** 34
Þorbjörg Bjarnardóttir, **VIII** 31
Þorbjörn Guðmundsson, **VII** 26-30; 80; **VIII** 71
Þorgeir Guðmundsson, **VIII** 286-7, 298, 311
Þorgeir Sveinbjarnarson, **IX** 41
Þorgeir Ljósvetningagoði Tjörvason, **VIII** 14
Þorgerður Glúmsdóttir, persóna í Njálu, **VII** 9
Þorgils Böðvarsson skarði, **VIII** 17-20, 22, 32, 72
Þorkell leppur í Hrafnkötlu, **VIII** 37
Þorkell Sakaríasson, **IX** 11
Þorkell Þjóstarsson, **VIII** 27, 38,40-41
Þorlákur Hallgrímsson í Skriðu, **VIII** 128, 284, 299
Þorlákur helgi Þórhallsson, **IX** 88
Þormóður Eyjólfsson, **VII** 34
Þorsteinn Erlingsson, **VIII** 224, 229, 231-33, 238-9, 254; **IX** 132
Þorsteinn Gíslason, **VII** 63, 74-5; **VIII** 259; **IX** 105
Þorsteinn frá Hamri, **IX** 173

Þorsteinn Helgason, prestur, **VIII** 148, 173, 278, 295-7
Þorsteinn Pálsson, **VII** 32, 47, 199; **IX** 74, 110, 125 , 239-40
Þorsteinn Skeggjason, **VIII** 36
Þorsteinn Thorarensen, **VII** 81; **IX** 172
Þorvaldur víðförli Konráðsson, trúboði, **IX** 34
Þorvaldur Ósvífursson **VIII** 20
Þorvaldur Skúlason, **VII** 67
Þorvaldur Thoroddsen, **VIII** 69
Þorvarður Þórarinsson, **VIII** 19, 22, 72
Þórarinn Hálfdanarson (Afi á Knerri), **VIII** 71
Þórarinn Þórarinsson, ritstjóri, **VII** 98
Þórbergur Þórðarson, **IX** 15-17, 20, 22, 32, 38, 59, 64, 67, 76, 81, 126, 128, 130, 145, 147, 192, 220-21, 224, 245
Þórdís, ljósmóðir, **IX** 81
Þórdís Súrsdóttir, **VII** 9
Þórður Andrésson, **VIII** 15
Þórður Hítnesingur, **VIII** 18, 20
Þórður Kolbeinsson, skáld, **VII** 38
Þórður kakali Sighvatsson, **VIII** 14-18-19, 37, 40
Þórður Sturluson, **VII** 47; **VIII** 20
Þórður Valdason, **VIII** 15
Þórður Þorvaldsson Vatnsfirðingur, **VIII** 14, 16-17-18
Þórhallur Bjarnarson, byskup, **IX** 9
Þórhallur Vilmundarson, **VIII** 28
Þórhallur Þorsteinsson, **VIII** 70, 73-4
Þórir Þorsteinsson, **VII** 199
Þórunn, lestrarkennari M.J., **IX** 9
Þráinn Höskuldsson, **IX** 187
Þráinn Sigfússon, **VII** 9
Þrándur Thoroddsen, **IX** 88
Ægisþus, persóna í þríleiknum Orestes, **VII** 10
Æskilos, grískt harmleikaskáld, **VII** 9, 10
Ödegård, Knut, **IX** 161
Ögmundur Helgason í Kirkjubæ, **VIII** 34-40
Örlygur Sigurðsson, **IX** 8
Örn Arnarson (Magnús Stefánsson), **VIII** 236
Örn Jóhannsson, á Mbl., **VII** 27, 199
Örn Úlfar, persóna í skáldverki, **VIII** 251
Össur Skarphéðinsson, **VII** 4

ATRIÐISORÐASKRÁ

A Child's Garden of Verses, eftir R.L. Stevenson, **IX** 246
ABC of Reading, **IX** 34
Abels Død (Uppi stóð Kain), **VIII** 291
abstrakt myndlist – atómljóð, **IX** 43
Ad amicum, **VIII** 180-1, 218, 291, 294, 297-8
Adam Homo, **VIII** 147
að sjá sjálfan sig í réttu ljósi, **IX** 56
Að vökunnar mildandi ljósi, eftir M.J., **IX** 161
Aðventa, eftir Gunnar Gunnarsson, **VII** 97; **VIII** 37
Alexanders saga, **VIII** 28, 40
Alheimsvíðáttan (Die Grösse der Welt) , eftir Schiller, **VIII** 141, 147, 150-1, 153-5, 277, 307
allegoria (dæmisaga) kristin, **VIII** 29
Almanaksvísur, **VIII** 229
Alpaskyttan, eftir Schiller, **VIII** 141, 156
Alsnjóa, **VIII** 189-91, 312, 317
alvöruskáldskapur, **VIII** 9
Alþingi hið nýja, **VIII** 141, 147, 277
Alþýðulag, eftir Robert Burns, **VIII** 228
Andsvar til Fjölnis, **VIII** 192
Andvökusálmur, **VIII** 141, 148, 314
Annes og eyjar, eftir Jónas Hallgrímsson, **VIII** 310, 313; **IX** 148
Arngerðarljóð, **VIII** 291
Arons saga Hjörleifssonar, **VIII** 14-16, 19, 21
Atlakviða, **IX** 255-8
Atlamál hin grænlenzku, **IX** 255-8
atómskáld, **IX** 38
Á ferð um landið, eftir M.J., **IX** 153
Á nýársdag, **VIII** 312-13
Á sumardagsmorguninn fyrsta 1842, **VIII** 141, 148, 314
Álfareiðin, **VIII** 148, 277
Árna saga byskups, **VIII** 15-16, 18
Árstíðaferð um innri mann, **IX** 156, 161
Ása í Aradölum, VIII, 233
Ást, eftir M.J., **IX** 140
Ásta, **VIII** 141, 148
ástin í íslenzkum fornbókmenntum, **VII** 10
Bitter Lemons, **IX** 225
Bjarnar saga Hítdælakappa, **VIII** 31
blaðamannaskírteinið, **VII** 18
blaðamennska, **VII** 21,24-5; **VIII** 48;
forheimskunarblaðamennska, **VII** 17-18; rannsóknarblaðamennska, **VII** 16
Blánótt, verðlaunabók Listahátíðar, **IX** 169
Bláu riddararnir, **IX** 242
Blikktromman eftir Günther Grass, **IX** 185
Blóðbrullaup, **IX** 209
Borgarlíf, eftir Ingimar Erlend Sigurðsson, **VIII** 23; **IX** 65-6
Borgin hló, **IX** 53, 56, 94-5, 127, 132, 135, 137, 138, 140-41, 146, 157
bókmenntahefð íslenzk, **VII** 19
Bókmenntaþættir, eftir M.J., **VIII** 20
Bóndinn í Kreml, eftir Gunnar Benediktsson, **IX** 18
Brekkukotsannáll, eftir Halldór Laxness, VII, 88; **VIII** 24
Bréf frá Íslandi, eftir Tómas Sæmundsson, **VIII** 128-30
Brostin von, ævisaga Nadezhdu Mandelstam, **IX** 243
Buddenbrooks, eftir Thomas Mann, **IX** 80, 176
Coppelía, ballett, **IX** 188
Cordóba, eftir García Lorca, **IX** 207
Dagrúnarharmur, eftir Schiller, **VIII** 141, 147, 150-2, 277-8
Dagur af degi, **IX** 156-7
Dagur ei meir, **IX** 54, 57, 151-3, 170
Dalvísa, **VIII** 203, 310
dauðinn, **IX** 24-5
dauðinn, sýning í Konunglega safninu í Edinborg, **IX** 250-1
Dichtung und Wahrheit, **IX** 139
Die Kindesmörderin, eftir Schiller, **VIII** 146-7, 150-2
Don Juan, **IX** 234
Dr. Jekyll og Mr. Hyde, eftir R.L. Stevenson, **IX** 251

Droplaugarsona saga, **VIII** 29
dulræn reynsla, **IX** 92, 98-9
dyggð forsenda hamingju (Aristoteles). Dyggð að varðveita sérkenni sín, **VIII** 12
Eddukvæði, **IX** 254, 257, 259, 260
Eggert glói, **VIII** 132-4, 192, 221-2
Egill Skallagrímsson, eftir Einar Benediktsson, **VII** 99
Egils saga, **VIII** 31
Einbúinn, **VIII** 312-13
Einlyndi og marglyndi, eftir Sigurð Nordal, **VII** 85; **VIII** 167
El Escorial, **IX** 193-4
Endymion, **IX** 234
Enginn grætur Íslending, **VIII** 310
Enten-Eller, eftir Kierkegaard, **VIII** 309-17
Essay on Criticism, eftir Pope, **VIII** 290
Eugene Onegin, ópera, **IX** 234
Evrópubandalagið, **VII** 15; óvissa hvernig því reiðir af, **VIII** 8
Experience, **IX** 227
Eyrbyggja, **VIII** 20
Ég bið að heilsa, **VIII** 141-2, 310
Ég vil kyssa, eftir Chamisso, **VIII** 142
Fagur er dalur, **IX** 145-7, 149, 152, 155, 171
Fákar, eftir Einar Benediktsson, **VII** 102
Ferðalok, **VIII** 141, 151, 168-9, 171-2, 297
Ferðarispur, eftir M.J., VIII, 71; **IX** 149
Festingin víða, hrein og há (Hymn), eftir Addison, **VIII** 165-8
Félagi orð, eftir M.J., **VII** 52, 54, 56-7
fiskkvóti, **VII** 15
Fífill og hunangsfluga, **VIII** 141
Fjaðrafok, leikrit eftir M.J., **VII** 53; **IX** 59, 159, 185
Fjallið Skjaldbreiður, **VIII** 141, 298
fjölmiðlar, afturför þeirra, **VII** 18; fréttamenn, **VIII** 46, 49-50
fjölmiðlun íslenzk, **VII** 12-14
Fjölnir, **VIII** 125, 128-49, 185, 192-201
Fjölnismenn, **VII** 21
Fjölnisrjómi, **VIII** 203
Fljótsdals grund, eftir Helga Hallgrímsson, **VIII** 69
Flugumýrarbrenna, **VIII** 25
Flýgur örn yfir, **IX** 155-7, 161
Fóstbræðra saga, **VIII** 15
Fragmenter av en Dagbog, **IX** 34
Frelsið, tímarit um þjóðfélagsmál, **VIII** 5
Freyjukettirnir, eftir Bjarna Thorarensen, **VIII** 141
Freysdýrkun, **VIII** 27
Freysgyðlingar, **VIII** 27, 33
fréttamenn, ábyrgð þeirra, **VII** 16
Froskarnir, eftir Aristófanes, **VII** 10
frægð, **IX** 47-8
Fuglar og annað fólk, **IX** 158-9, 229
gagnrýni, **IX** 254
Gamla testamentið, **VII** 11; **VIII** 33
Gefðu mér veröldina aftur, eftir Eirík Guðmundsson, **VIII** 170
Gerpla, **VII** 93
gistivinátta 6-7
Gísla saga Súrssonar, **VIII** 15, 20, 31
Glerbrot, **IX** 236 „glitrandi perlur sem minna á göfgi mannsins“, **IX** 258
Grasaferð, **VIII** 141, 156, 297
Grátittlingurinn, **VIII** 141, 148
Grettis saga, **VIII** 15, 29; **IX** 63-4
Guðmundar saga dýra, **VIII** 14, 19
Guðsgjafaþula, eftir Halldór Laxness, **VII** 92-3; **VIII** 23, 25
gullin augnablik, **IX** 91-2
Gullregn, úr verkum Sigurðar Breiðfjörðs, **VIII** 200
Gunnarshólmi, **VIII** 126-8, 140, 299; **IX** 36
Gunnlaugs saga ormstungu, **VIII** 15-16, 30-1
Gömul klukka, grein eftir Halldór Laxness, **VII** 87
Göngu-Hrólfs rímur, **VIII** 236, 275
Hafmeyjan, **VIII** 148
Hallgrímur Þorsteinsson, eftir Jón Þorláksson, **VIII** 288
Hamlet, eftir Shakespeare, **IX** 259
Hákonar saga, **VIII** 14, 33
Hárið, **VIII** 198-9
háttvísi, **VII** 23-4
Heiðaharmur, eftir Gunnar Gunnarsson, **VIII** 72
Heiðlóar-vísur, eftir Jónas Hallgrímsson, **VIII** 140

Heilræði til Fjölnis, **VIII** 192-5, 200
Heim til þín Ísland, eftir Tómas Guðmundsson, **IX** 92
Heimsljós. **VIII** 240, 242-5, 253
heimsstyrjöldin síðari, **IX** 20-21, 53-4
hellenskt andrúm í Sturlungu, **VII** 11
hetjan a) í Hómerskviðum; b) í íslenzkum fornbókmenntum , **VII** 6-7
Hið eilífa þroskar djúþin sín, eftir M.J., **IX** 163
Hið gullna augnablik, eftir Guðfinnu frá Hömrum, **IX** 91
Hinrik V., eftir Shakespeare, **VIII** 22-3
hjónaskilnaður a) meðal Forn-Grikkja; b)á Íslandi á þjóðveldisöld, **VII** 9
Hjaðningarímur, eftir Bólu-Hjálmar, **IX** 259
Horft um öxl, eftir M.J., **IX** 159
Hólmgönguljóð, **IX** 41, 79, 134, 141-3, 147, 157, 170
hómersk dyggð og dyggð Íslendinga sagna, **VII** 7
Hómerskviður, **VII** 6-11
Hrafnkels saga, **VIII** 23, 27-42
Hrafns saga Sveinbjarnarsonar, **VIII** 14
Hugleiðingar og viðtöl, **IX** 71
Hugleiðingar, eftir Mynster Sjálandsbyskup, **VIII** 311
Hugleiðingar og viðtöl, eftir M.J:, **IX** 71, 258-9
Hugmynd, eftir M.J., **IX** 156
Hugtök og heiti í bókmenntafræði, **VIII**, 23-4
Huldulljóð, eftir Jónas Hallgrímsson, **VII** 98; **VIII** 312
Hús Bernarda Alba, **IX** 209
Hús við Hávallagötu, eftir Stein Steinarr, **IX** 23
Hversdagsljóð, eftir M.J., **IX** 144, 149-50
Hvíldarlaus ferð inn í drauminn, smásaga í samnefndri bók, **IX** 134, 160
Hörpusláttur, í *Borgin hló*, **IX** 47
Idjótinn, **IX** 65
Illur lækur, **VIII** 142, 310
Innansveitarkrónika, **VII** 87, 91-3; **VIII** 24-5, 37; **IX** 65, 106
Í kompaníi við Þórberg, **IX** 64, 224
Í ljósi sögunnar, **IX** 197
Ísland kvatt, eftir M.J., **VIII** 13
Ísland, eftir Eggert Ólafsson, **VIII** 135-9
Ísland, ljóð eftir Jónas Hallgrímsson, **VIII** 126, 128, 140, 282
Íslandsklukkan, **VIII** 21
Íslendinga saga Sturlu Þórðarsonar, **VIII** 14-19, 32, 39
Íslendinga sögur, ritun þeirra og höfundar, **VIII** 13-21; sagðar norskar, **VIII** 11
Íslendingar, sérstæðir gagnvart bókmenntum, páfadómi o.fl., **VIII** 5-6
íslenzk tunga, **VII** 21; **VIII** 10; framburður **VIII** 44
íslenzkir listamenn, **IX** 61
Játning, kvæði eftir Pushkin, **IX** 234
Jómsvíkinga-rímur, **VIII** 203
Jón gamli, leikrit eftir M.J., **VIII** 25
Jónas Hallgrímsson, eftir Snorra Hjartarson, **VIII** 266
Jörð úr ægi, **IX** 10, 89, 143-4, 153, 161, 170-71
Kalevala, **VIII** 299-304
Kirkegaarden, **VIII** 197
Klagen I jorden, **IX** 127, 168
Konráð Gíslason, ritgerð eftir Björn M. Olsen, **VIII** 139
Konungur af Aragon, **IX** 154, 218
konur í fornsögum okkar og hellenskum bókmenntum, **VII** 8-9
konur og hestar, **VIII** 41
Kossavísa, **VIII** 310
Kólossubréfið, **VIII** 190-1
Kórvilla á Vestfjörðum, eftir Halldór Laxness, **VII** 96
Kristni saga, **VIII** 14
Kristnihald undir jökli, **VII** 92
Kristrún í Hamravík, eftir Guðmund G. Hagalín, **VIII** 25
kvæði ort með hliðsjón af skáldskap R.L. Stevensons, **IX** 246-8
Kysstu mig aftur, eftir Bjarna Thorarensen, **VIII** 141, 159
Land mitt og jörð, **IX** 161
Landshornamenn, eftir Guðmund Daníelsson, **VIII** 24; **IX** 65, 94
Landsýn, eftir Stein Steinarr, **IX** 173

Laxdæla, **VIII** 20, 31
Lágnætti, **VIII** 231
Lárus Sigurðsson, eftir Skapta Stefánsson, **VIII** 176-80
Leaves of Grass, **IX** 137
Leggur og skel, **VIII** 141
Leiðarljóð til Jóns Sigurðssonar, **VIII** 187-8, 310
leikhús hugans, **IX** 254
Leníngrad, **IX** 19
list, úrkynjuð list (að mati nazista), **IX** 243
listsýningar í Edinborg sumarið 2000, **IX** 242
Lífsklukkan tifar, eftir Skúla Björn Gunnarsson, **VIII** 70
Ljóð fyrir börn, eftir M.J:, **IX** 150
ljóð, boðskapur í ljóði, **IX** 44; greinarmunur á kvæði og ljóði, **IX** 46; hagmælska, **IX** 48-9; hvað er ljóð, **IX** 45; opið ljóð, **IX** 57; hlutverk, **IX** 98
Ljóðasmámunir. **VIII** 277
ljóðlist með rætur í goðsagnaheimi heiðninnar, **VIII** 28; og stjórnmál, **IX** 44
Ljósvetninga saga, **VIII** 40
Lucky Jim, **IX** 228
lykilsaga, skáldsaga þar sem raunverulegar samtímapersónur koma fram með öðrum nöfnum og að einhverju leyti dulbúnar, **VIII** 21
lög Fjölnismanna hinna yngri, **VIII** 142-3
Madonna, vilji fólk hana fremur en Keats eða Proust, látið það afskiptalaust (Rorty), **VIII** 9
Magnúsarkviða, **VIII** 292-4
Mater Dolorosa, eftir Jóhannes úr Kötlum, **IX** 147
Medea, eftir Evrípides, **IX** 253-5, 258
Menningarríkið, leiðari í Morgunblaðinu, **IX** 45
Meyjargrátur (Des Mädchens Klage), eftir Schiller, **VIII** 141, 147, 155-6, 277
Meyjarhjarta, **VIII** 198
Minning um Valhúsahæð, eftir M.J., **IX** 162
Morgunblaðið, eigendur, upplag, stefna **VII** 12-15; og Sjálfstæðisflokkurinn, **IX** 67-75, 105-6, 109-11
Morgunn í maí, **IX** 52, 54, 77, 152, 160, 170
Móðurást (Betlersken paa Hittersøen), **VIII** 141, 157, 159-64
Myndir í hjarta mínu, eftir M.J., **IX** 149
Mörg eru dags augu, **IX** 149-50, 153, 156
nazistar, boðendur þúsund ára ríkis sem aldrei varð til, **VIII** 8
Njála í íslenskum skáldskap, ritgerð eftir M.J., **IX** 131
Njáls saga, **VII** 7-9; **VIII** 14-15, 18-21, 25-6, 31-2, 35, 40-41, 217; **IX** 25-6, 35, 186
Nokkur smákvæði, eftir Heine, **VIII** 278
Norðurfjöll, eftir Hannes Hafstein, **VIII** 258
„Nulla dies sine linea“, einkunnarorð Gaudis, **IX** 243
Nú er vetur úr bæ . . ., ***VIII*** *287*
Núma-rímur, **VIII** 198, 200, 203, 225-7, 233, 235, 237, 241-2, 267, 294-5
Ný kvæðabók, eftir Davíð Stefánsson, **VIII** 259-62
Nýja testamentið, **IX** 201
nýyrði Bjarna Thorarensens, **VIII** 217
Næturkyrrð, **VIII** 148
Ofvitinn, **IX** 65
Om vindheim vide, **IX** 161
On the Beach, skáldsaga eftir Nevil Shute, **VII** 5
Opinberunarbók Jóhannesar, **VIII** 190
Orðabók Chambers, **VIII** 11
Oresteia, þríleikur eftir Æskilos, **VII** 9
Óhræsið, **VIII** 141
Ólafs ríma Grænlendings, **VIII** 236
Óljóð, eftir Jóhannes úr Kötlum, **IX** 151
Óljóð um 1. maí, eftir M.J., **IX** 151
Paradísarheimt, **VIII** 24
Paradísarmissir, **VIII** 197, 289-90
Passíusálmarnir, **IX** 39
Prests saga Guðmundar góða, **VIII** 14, 19
Pundið, eftir Einar Ben., **VII** 86
Ríkharður III, eftir Shakespeare, **IX** 259
Róbinson Crúsó, skáldsaga, **IX** 9
Rómeó og Júlía, ballett, **IX** 249
Saknaðarljóð, eftir Jónas Hallgrímsson, **VIII** 140, 171-4, 176, 180, 297-8
Salka Valka, **VII** 90

Samferðamenn, **VIII** 256
samtöl, **IX** 128
sá sem er einhvers virði hreykir sér ekki, **IX** 65
Sálmar á atómöld, eftir M.J., **VII** 20; **IX** 48, 54, 87, 147-50, 157
Sálmurinn um blómið, **IX** 147
Sálumessa, eftir Gunnar Gunnarsson, **VIII** 72
Sáuð þið hana systur mína . . ., **VIII** 306
Siðfræði Hrafnkels sögu, eftir Hermann Pálsson, **VIII** 41
Silfurtunglið, eftir Halldór Laxness, **IX** 255
Sigrúnarljóð, eftir Bjarna Thorarensen, **VIII** 267
sjálfselskan, **VII** 20
Sjálfstætt fólk, **VII** 92; **VIII** 240, 245-54
Sjóarinn, spákonan, blómasalinn, skóarinn, málarinn og Sveinn, leikrit eftir M.J., **IX** 159-60
Sjömeistarasaga, **VII** 87, 91-2
Skáldamanna-hlutur, eftir Schiller, **VIII** 291-2
Skáldatími, eftir Halldór Laxness, **VII** 92
skáldið og ritstjórinn, **IX** 58-60, 127
skáldskapur, mannleg grimmd í skáldskap, **IX** 254-8;
Skeggræður gegnum tíðina, **VII** 91-2; **VIII** 29
Skilnaður Hektors og Andrómökku, **VIII** 291
Skipakoma, **VIII** 174-5
Skotar, **IX** 246, 252-3
skozka, **IX** 249
Skýin, eftir Aristófanes, **VII** 10
Skønne pige, eftir Jónas Hallgrímsson, **VIII** 182-3
Sköpunarjátningar, eftir Paul Klee, **IX** 244-5
Sláttuvísa, **VIII** 142, 310
smæð Íslands, **IX** 63-4
Snorrungar, **VIII** 21
Sonatorrek, **IX** 98
Sons and Lovers, eftir D.H. Lawrence, **VIII** 24
Sortanum birtan bregður frí, **VIII** 215
Sovétmaðurinn, varð aldrei til, **VIII** 7
Sólborg, leikrit, **IX** 159
Sólmyrkvi, leikrit, **IX** 159
Sólsetursljóð, **VIII** 265, 278, 297
Spunnið um Stalín, **IX** 154
Steingrímur Thorsteinsson, eftir Hannes Pétursson, **VIII** 267-9
Stjórnmál, eftir Aristóteles, **VII** 25
Stjörnufræði Ursins, **VIII** 165
Stop the bloody war, eftir M.J., **IX** 149
Stór-Þýzkaland meginlandsins, varð aldrei til, **VIII** 7
Strandseta, **VIII** 148
Strit, eftir Heine, **VIII** 307-8
Stríð og söngur, eftir Matthías Viðar Sæmundsson, **IX** 133
Strompleikurinn, eftir Halldór Laxness, **IX** 255
Sturlu saga, **VIII** 13-14, 19, 21
Sturlunga, **VIII** 16-18, 26, 37
Sturlungar, **VIII** 19
Svefngengillinn, ópera, **IX** 192
Sveitasaga, eftir Björnson, **VII** 90
Sverris saga, **VIII** 22
Svínfellinga saga, **VIII** 14, 19, 21, 32-8, 42
Svínfellingar, **VIII** 27
Svo kvað Tómas, **VIII** 264; **IX** 146
Svoldar-rímur, **VII** 158; **VIII** 198, 203-4, 235
Svört messa, eftir Jóhannes Helga, **IX** 65-6
Syrpa úr verkum Halldórs Laxness, **VII** 89
sýndarveruleiki, VIII, 52-54
Sýnisbók íslenzkra rímna, **VIII** 236
Söknuður (Nähe des Geliebten), **VIII** 141, 151, 168-9, 171, 294
Sölumaður deyr, **IX** 29
Söngurinn um sjálfan mig, eftir Walt Whitman, **IX** 137
The Crooked Timber of Humanity, ritgerðasafn eftir Berlin, **VIII** 5
The Cruel Sea, skáldsaga eftir Monsarrat, **VII** 5
The Europeans, eftir Henry James, **VII** 5
The God of Small Things, **IX** 220
The Lady in the Van, **IX** 186
The Moon and Sixpence, eftir Somerset Maugham, **VIII** 24

Til móður minnar, eftir Bjarna Thorarensen, **VIII** 141
Tíminn og vatnið, eftir Stein Steinarr, **IX** 156
Tístrans-rímur, eftir Sigurð Breiðfjörð, **VIII** 158, 196-216, 219, 229, 236, 256, 262, 269-70
Tístranssaga, **VIII** 270-4
tjáningarfrelsi, **VII** 18
Títus, eftir Shakespeare, **IX** 253-255, 257
Tómas Sæmundsson, eftir Guðmund skólaskáld, **VIII** 140
trú, **IX** 48, 99-100, 164; guðleg forsjón Krists, **IX** 67; guð, **IX** 46; guðstrú, **IX** 42
Tveggja bakka veður, **IX** 153-5, 157
Um bókmenntirnar íslenzku, eftir Tómas Sæmundsson, **VIII** 287
Um fóksfjölgunina á Íslandi, **VIII** 223
Um Jónas, eftir M.J., **VIII** 150, 158; **IX** 164
Underwoods, ljóðabók eftir R.L. Stevenson, **IX** 248
Undir októberlaufi, eftir M.J., **IX** 164
Unnustan (Nähe des Geliebten), **VIII** 151
Uppdrættir Íslands, eftir Björn Gunnlaugsson, **VIII** 309
Úrvals rit Sigurðar Breiðfjörð, **VIII** 200, 224, 236
Vanja frændi, leikrit eftir Tjekhof, **VIII** 15
Veður ræður akri, **IX** 155
Veðurvísur, **VIII** 299
Vellekla, **IX** 197
Við dauða frú Guðrúnar Stephensens, **VIII** 292-4
Við jarðarför Jóns Sighvatssonar, **VIII** 173
Við Kárahnjúka og önnur kennileiti, **IX** 216
vinátta í fornbókmenntum, **VII** 7
Vídalínspostilla, **VIII** 287
víkingar, **VIII** 10
Vísur um vötn, **IX** 148, 170
Von gegn von, ævisaga Nadezhdu Mandelstam, **IX** 243
Vor í skafli, eftir M.J., **IX** 123
Vor úr vetri, eftir M.J. **IX** 71, 144
Völuspá, **IX** 34
Vötn þín og vængur, **IX** 124, 162-3
Yerma, **IX** 209
Þiðriks saga,**VIII** 18
þjóðernishreyfingar eftir fall kommúnismans, **VIII** 5
þjóðernishyggja, **VIII** 6
þjóðleg menning, **IX** 11
Þjóðskáld Íslendinga, **VIII** 186
Þorgils saga og Hafliða, **VIII** 14
Þorgils saga skarða, **VIII** 14, 19-23, 34
Þórðar saga kakala, **VIII** 14, 17-19, 21, 34
Þú svaraðir, eftir M.J., **IX** 140
Þögnin var eina svarið, eftir M.J., **IX** 138